■ **46. gr.** Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.

■ **47. gr.** Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni, þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.

■ **48. gr.** Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

1944 Nr. 33 17. júní

□ Embættismenn þeir, sem kosnir verða til Alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir ríkissjóð, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.[1)]

[1)] *L. 75/1980; l. 46/1965, sbr. l. 73/1982.*

■ **49. gr.** Meðan Alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, né heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sé staðinn að glæp.

□ Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

■ **50. gr.** Nú glatar alþingismaður kjörgengi, og missir hann þá rétt þann, er þingkosningin hafði veitt honum.

■ **51. gr.** Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi, og eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó því aðeins, að þeir séu jafnframt alþingismenn.

■ **52. gr.** Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kýs sjálft forseta sinn.

■ **53. gr.** Hvorug þingdeildin getur gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

■ **54. gr.** Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert almennt mál í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, ef hún leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra.

■ **55. gr.** Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna flytji það.

■ **56. gr.** Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.

■ **57. gr.** Fundir beggja þingdeilda og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og sker þá þingfundur úr, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum.

■ **58. gr.** Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.[1)]

[1)] *L. 115/1936.*

V.

■ **59. gr.** Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

■ **60. gr.** Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

■ **61. gr.** Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

1944 Nr. 33 17. júní

VI.

■ **62. gr.** Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

□ Breyta má þessu með lögum.

■ **63. gr.** Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.[1)]

[1)] *L. 18/1975.*

■ **64. gr.** Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

□ Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

□ Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau, er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkenndur sé í landinu.

□ Breyta má þessu með lögum.

VII.

■ **65. gr.** Hvern þann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður en sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan gegn veði, þá skal ákveða í úrskurði, hvert og hversu mikið það skuli vera.

□ Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðri dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.

□ Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er aðeins varðar fésekt eða einföldu fangelsi.

■ **66. gr.** Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild.

■ **67. gr.** Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir.

■ **68. gr.** Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.[1)] Um heimild útlendinga til þess að eiga fasteignaréttindi hér á landi skal skipað með lögum.[2)]

[1)] *L. 100/1952.* [2)] *L. 19/1966.*

■ **69. gr.** Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.

■ **70. gr.** Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja.[1)]

[1)] *L. 80/1947.*

■ **71. gr.** Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé.

■ **72. gr.** Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

1944 Nr. 33 17. júní

■ **73. gr.** Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að sækja þurfi um leyfi til þess. Ekkert félag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félag um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess að það verði leyst upp.

■ **74. gr.** Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

■ **75. gr.** Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt með lögum.

■ **76. gr.** Rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lögum.[1)]

[1)] *L. 58/1961.*

■ **77. gr.** Skattamálum skal skipa með lögum.

■ **78. gr.** Sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, má eigi taka í lög.

■ **79. gr.** Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki beggja þingdeilda, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki báðar deildir ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.

□ Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkv. 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

■ **80. gr.** ...

■ **81. gr.** Stjórnskipunarlög þessi öðlast gildi, þegar Alþingi gerir um það ályktun, enda hafi meiri hluti allra kosningarbærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt þau.[1)]

[1)] *Sbr. þingsályktun um gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 16. júní 1944 og yfirlýsingu forseta sameinaðs Alþingis um gildistöku stjórnarskrárinnar nr. 33 17 júní 1944. Sbr. og þingsályktun um niðurfelling dansk—íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918, nr. 32 16. júní 1944.*

■ **Ákvæði um stundarsakir.** Er stjórnarskrá þessi hefur öðlazt gildi, kýs sameinað Alþingi forseta Íslands fyrsta sinni eftir reglum um kjör forseta sameinaðs Alþingis, og nær kjörtímabil hans til 31. júlí 1945.

□ Þeir erlendir ríkisborgarar, sem öðlazt hafa kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis eða embættisgengi, áður en stjórnskipunarlög þessi koma til framkvæmda, skulu halda þeim réttindum. Danskir ríkisborgarar, sem téð réttindi hefðu öðlazt samkvæmt 75. gr. stjórnarskrár 18. maí 1920, að óbreyttum lögum, frá gildistökudegi stjórnarskipunarlaga þessara og þar til 6 mánuðum eftir að samningar um rétt danskra ríkisborgara á Íslandi geta hafizt, skulu og fá þessi réttindi og halda þeim.

Lög um þjóðfána Íslendinga.

1944 Nr. 34 17. júní

■ **1. gr.** Hinn almenni þjóðfáni Íslendinga er heiðblár með mjallhvítum krossi og eldrauðum krossi innan í hvíta krossinum. Armar krossanna ná alveg út í jaðra fánans, og er breidd þeirra 2/9, en rauða krossins 1/9 af fánabreiddinni. Bláu reitirnir eru rétthyrndir ferhyrningar: stangarreitirnir jafnhliða og ytri reitirnir jafn-

1944 Nr. 34 17. júní

breiðir þeim, en helmingi lengri. Hlutfallið milli breiddar fánans og lengdar er 18:25.

■ **2. gr.** Ríkisstjórn, Alþingi og aðrar opinberar stofnanir svo og fulltrúar utanríkisráðuneytis Íslands erlendis skulu nota þjóðfánann klofinn að framan: tjúgufána.

□ Tjúgufáninn er að því leyti frábrugðinn hinum almenna þjóðfána, að ytri reitir hans eru þrefalt lengri en stangarreitirnir og klauf upp í hann að framan, skorin eftir beinum línum, dregnum frá ytri hornum fánans inn að miðlínu hans. Línur þessar skera innjaðra ytri reitanna, þar sem saman koma 4/7 ytri og 3/7 innri hlutar lengdar þeirra. Þar, sem línur þessar nema við arm rauða krossins, er hann þverskorinn.

□ Póst- og símafáni svo og tollgæzlufáni eru tjúgufánar með merki í efra stangarreit miðjum: póst- og símafáninn með póstlúðri hringuðum utan um stjörnu og út frá stjörnunni eldingarleiftur, en tollfáninn með upphafstéi (T). Merki þessi eru silfurlit.

■ **3. gr.** Fáni hafnsögumanns er hinn almenni þjóðfáni með hvítum jöðrum á alla vegu, jafnbreiðum krossunum, þ. e. 4/7 af breidd bláu reitanna.

■ **4. gr.** Engin önnur merki en þau, er greinir í 2. og 3. gr., má nota í þjóðfánanum.

■ **5. gr.** Tjúgufánann má aðeins nota á húsum og við hús, sem notuð eru að öllu eða mestu leyti í þágu ríkis eða ríkisstofnana, nema um sé að ræða heimili eða embættisskrifstofu fulltrúa utanríkisráðuneytis Íslands erlendis. Þótt hús sé eign ríkis eða ríkisstofnana, má ekki nota tjúgufánann á því, ef leigt er að mestu eða öllu einstökum mönnum eða einkastofnunum. Hins vegar má nota tjúgufánann á húsi, sem er í eign einstakra manna eða einkastofnana, ef ríkið eða ríkisstofnanir hafa húsið á leigu og nota það að öllu eða mestu leyti til sinna þarfa.

□ Tjúgufánann má aðeins nota á skipum, sem eru í eign ríkis eða ríkisstofnana og notuð í þeirra þarfir, með þeim undantekningum, sem hér segir:

□ Ef ríkið tekur skip á leigu til embættisþarfa (strandgæzlu, tollgæzlu, póstflutnings, vitaeftirlits, hafnsögu o. s. frv.), má það nota tjúgufánann af þeirri gerð, sem við á samkvæmt 2. gr.

□ Skip, sem annast póstflutning eftir samkomulagi eða samningi við ríkisstjórnina, mega nota póstfánann á umsömdum póstleiðum, enda hafi þau rétt til að sigla undir íslenzkum fána.

■ **6. gr.** Þjóðfánann skal draga að hún á þar til gerðri stöng. Á húsum getur stöngin verið annaðhvort beint upp af þaki hússins eða gengið út frá hlið þess, enda sé stönginni í báðum tilfellum komið fyrir á smekklegan hátt. Enn fremur má nota stöng, sem reist er á jörðu. Á skipum skal stönginni komið fyrir í skut eða á ásenda aftur af því siglutré, sem aftast er. Ef um smáskip eða báta er að ræða, má draga fánann að hún á siglutré, eða aftasta siglutré, ef fleiri eru en eitt.

■ **7. gr.** Með forsetaúrskurði skal kveða á um fánadaga og hve lengi dags fánanum megi halda við hún.[1)]

[1)] *Forsetaúrsk. 44/1944.*

■ **8. gr.** Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðfánans, og sker þá dómsmálaráðuneytið úr.

■ **9. gr.** Sýnishorn af réttum litum og hlutföllum þjóðfánans skal vera til á vissum stöðum, sem dómsmálaráðuneytið ákveður og auglýsir, svo og hjá öllum lögreglustjórum. Bannað er að hafa á boðstólum, selja eða leigja aðra fána en þá, sem gerðir eru með réttum litum og réttum hlutföllum reita og krossa. **1944** Nr. 34 17. júní

■ **10. gr.** Lögreglan skal hafa eftirlit með því, að enginn noti þjóðfána, sem er ekki í samræmi við sýnishorn þau, er greinir í 9. gr., eða svo upplitaður eða slitinn, að verulega frábrugðinn sé réttum fána um lit og stærðarhlutföll reita. Má gera slíka fána upptæka, ef notaðir eru á stöng eða sýndir úti eða inni, þar sem almenningur getur séð þá.

■ **11. gr.** Lög þessi ná til allra þjóðfána, sem notaðir eru á venjulegan hátt, svo að almenningur eigi kost á að sjá þá úti eða inni, en ekki til skrautfána, borðfána eða því um líkra fána, sem þó skulu jafnan vera gerðir þannig, að réttir séu litir og stærðarhlutföll reita og krossa.

■ **12. gr.** Enginn má óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki.

□ Óheimilt er að nota þjóðfánann sem einkamerki einstaklinga, félaga eða stofnana eða auðkennismerki á aðgöngumiðum, samskotamerkjum eða öðru þess háttar.

□ Óheimilt er einstökum stjórnmálaflokkum að nota þjóðfánann í áróðursskyni við kosningaundirbúning eða kosningar.

□ Óheimilt er að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vörum.

□ Nú hefur verið skrásett af misgáningi vörumerki, þar sem notaður er þjóðfáninn án heimildar, og skal þá afmá það úr vörumerkjaskrá samkvæmt kröfu dómsmálaráðuneytisins.

□ Nú setur maður þjóðfánann á söluvarning eða umbúðir hans, og skal þá fenginn dómsúrskurður um, að honum sé óheimilt að nota fánamerkið eða hafa vörur til sölu, sem auðkenndar eru með því. Auk þess má skylda hann til þess, ef nauðsyn krefur, að ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra, svo framarlega sem þær eru þá í vörzlum hans eða hann á annan hátt hefur umráð yfir þeim.

■ **13. gr.** Dómsmálaráðuneytið getur, ef þörf þykir, sett með reglugerð sérstök ákvæði til skýringar ákvæðum laga þessara.[1)]

[1)] *Leiðbeiningar 222/1966.*

■ **14. gr.** Brot gegn 4. og 5. gr. og 1. málsgr. 12. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári.

□ Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og gegn forsetaúrskurðum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum.

□ Mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

Forsetaúrskurður um fánadaga o. fl.

1944 Nr. 44 17. ágúst

■ **1. gr.** Draga skal fána á stöng á húsum opinberra stofnana, sem eru í umsjá valdsmanna eða sérstakra forstöðumanna ríkisins, eftirgreinda daga:

1. Fæðingardag forseta Íslands.
2. Nýársdag.
3. Föstudaginn langa.
4. Páskadag.
5. Sumardaginn fyrsta.

1944 Nr. 44 17. ágúst

6. 1. maí.
7. Hvítasunnudag.
8. 17. júní.
9. 1. desember.
10. Jóladag.

□ Alla ofangreinda daga skal draga fána að hún, nema föstudaginn langa, þá í hálfa stöng.

■ **2. gr.** Hverja daga aðra en í 1. gr. segir og við hvaða tækifæri flagga skal á landi, fer eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

■ **3. gr.** Á tímabilinu 1. marz—31. október skal eigi draga fána á stöng á landi fyrr en kl. 8 árdegis, en á tímabilinu 1. nóvember til febrúarloka eigi fyrr en kl. 9 árdegis.

■ **4. gr.** Fáni skal eigi uppi vera lengur en til sólarlags og aldrei lengur en til kl. 8 síðdegis, nema flaggað sé á stað við útisamkomur, þá má láta fána vera uppi meðan samkoman varir og bjart er, þó eigi lengur en til miðnættis.

1944 Nr. 35 17. júní

Forsetaúrskurður um skjaldarmerki Íslands.

Skjaldarmerki Íslands er silfurlitur kross í heiðbláum feldi með eldrauðum krossi innan í silfurlita krossinum. Armar krossanna skulu ná alveg út í rendur skjaldarins á alla fjóra vegu. Breidd krossmarksins skal vera 2/9 af breidd skjaldarins, en rauði krossinn helmingi mjórri, 1/9 af breidd skjaldarins. Efri reitirnir skulu vera rétthyrndir, jafnhliða ferhyrningar og neðri reitirnir jafnbreiðir efri reitunum, en þriðjungi lengri.

□ Skjaldberar eru hinar fjórar landvættir, sem getur í Heimskringlu: Griðungur, hægra megin skjaldarins, bergrisi, vinstra megin, gammur, hægra megin ofan við griðunginn, og dreki, vinstra megin, ofan við bergrisann.

□ Skjöldurinn hvílir á stuðlabergshellu.

1983 Nr. 7 8. mars

Lög um þjóðsöng Íslendinga.

■ **1. gr.** Þjóðsöngur Íslendinga er „Ó Guð vors lands", ljóð eftir Matthías Jochumsson og lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.

■ **2. gr.** Þjóðsöngurinn er eign íslensku þjóðarinnar, og fer forsætisráðuneytið með umráð yfir útgáfurétti á honum.

■ **3. gr.** Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upprunalegu gerð. Ekki er heimilt að nota þjóðsönginn á nokkurn hátt í viðskipta- eða auglýsingaskyni.

■ **4. gr.** Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðsöngsins og sker þá forsætisráðherra úr.

■ **5. gr.** Með forsetaúrskurði skal setja nánari ákvæði um notkun þjóðsöngsins, ef þörf þykir.

■ **6. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða varðhaldi. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

1945 Nr. 36 12. febr.

Lög um framboð og kjör forseta Íslands.

■ **1. gr.** [Um kjörskrár til afnota við kjör forseta Íslands fer á sama hátt og við alþingiskosningar.][1)]

[1)] *L. 39/1963, 1. gr. Sjá og l. 52/1959.*

■ **2. gr.** Undirkjörstjórnir og yfirkjörstjórnir eru hinar sömu og við alþingiskosningar, en auk þessara kjörstjórna hefur hæstiréttur þau störf með höndum, sem segir í lögum þessum.

■ **3. gr.** Forsetakjör skal fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði fjórða hvert ár, sbr. þó 2. mgr. Forsætisráðherra auglýsir kosninguna í útvarpi og Lögbirtingablaði eigi síðar en þrem mánuðum fyrir kjördag og tiltekur hámarks- og lágmarkstölu meðmælenda forsetaefnis úr landsfjórðungi hverjum í réttu hlutfalli við kjósendatölu þar.[1)]

□ Nú deyr forseti eða lætur af störfum, áður en kjörtíma hans er lokið, og skal þá innan árs kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá þeirri kosningu. Ákveður forsætisráðherra þá kjördag, en að öðru leyti fer eftir fyrirmælum laga þessara.

[1)] *Augl. 116/1980.*

■ **4. gr.** Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um, að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en 5 vikum fyrir kjördag, og auglýsir dómsmálaráðuneytið með sama hætti og segir í 3. gr. innan viku, hverjir séu í kjöri til forsetaembættisins, en afgreiðir til hæstaréttar öll áðurnefnd skjöl.

■ **5. gr.** Dómsmálaráðuneytið sér um gerð og prentun kjörseðla og sendingu þeirra til yfirkjörstjórna, sem síðan annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla til alþingiskosninga. Á kjörseðla skal prenta skýru letri nöfn forsetaefna í stafrófsröð.

■ **6. gr.** Um kosningaathöfnina sjálfa sem og undirbúning hennar, atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

■ **7. gr.** Nú deyr forsetaefni, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, og má þá annað forsetaefni gefa kost á sér í stað hins, ef fullur helmingur meðmælenda hins látna er meðal meðmælenda hans.

□ Annars úrskurðar hæstiréttur um það, hvort fresta þarf kosningu vegna andláts forsetaefnis og undirbúa kosningu af nýju.

■ **8. gr.** Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar, en hæstiréttur notar sérstaka gerðabók um þessi efni.

■ **9. gr.** Að lokinni kosningu senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum, er segir í lögum um alþingiskosningar. Á áður auglýstum stað og stund opnar yfirkjörstjórn atkvæðakassana, og fer síðan talning atkvæða fram með sama hætti og segir í lögum um kosningar til Alþingis, svo og um það, hvort kjörseðill telst gildur eða ekki, og um meðferð ágreiningsseðla.

■ **10. gr.** Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn hæstarétti eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum, sem ágreiningur hefur verið um.

■ **11. gr.** Þegar hæstiréttur hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla, boðar hann forsetaefni eða umboðsmenn þeirra til fundar, þar sem hann úrskurðar um gildi ágreiningsseðlanna, lýsir úrslitum kosninganna og gefur út kjörbréf handa því forsetaefni, sem hæstri atkvæðatölu hefur náð.

□ Nú er ágreiningur um kjörgengi forsetaefnis, og sker þá hæstiréttur úr.

1945 Nr. 36 12. febr.

■ **12. gr.** Nú hefur aðeins einn maður verið í kjöri til forsetaembættisins, og er hann þá rétt kjörinn forseti Íslands án atkvæðagreiðslu, enda fullnægi hann kjörgengisskilyrðum. Gefur hæstiréttur út kjörbréf handa honum þegar að liðnum framboðsfresti.

■ **13. gr.** Staðfest eftirrit af kjörbréfi forseta sendir hæstiréttur forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis.

■ **14. gr.** Ákvæði [128. gr.][1] og XVII., XXI. og XXII. kafla laga um kosningar til Alþingis[2] gilda um kosningar samkv. lögum þessum að svo miklu leyti sem við getur átt.

□ Kærur um ólögmæti forsetakjörs, aðrar en refsikærur, skulu sendar hæstarétti eigi síðar en 5 dögum fyrir fund þann, er í 11. gr. getur.

[1] *L. 39/1963, 2. gr.* [2] *L. 52/1959.*

1964 Nr. 3 6. marz Lög um laun forseta Íslands.

■ **1. gr.** [Launakjör forseta Íslands skulu ákveðin af Kjaradómi.][1]

[1] *L. 58/1971, 1. gr.*

■ **2. gr.** Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

■ **3. gr.** Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða úr ríkissjóði sérstaklega.

■ **4. gr.** Þeir, er fara með forsetavald um stundarsakir, sbr. 8. gr. stjórnarskrárinnar, skulu samanlagt, meðan þeir gegna starfanum, njóta jafnra launa, miðað við mánaðarstarfstíma, og mánaðarlaun forsetans eru. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra.

□ Auk þess skulu þeir fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

1969 Nr. 26 2. maí Lög um eftirlaun forseta Íslands.

■ **1. gr.** Sá, sem kjörinn hefur verið til og gegnt hefur embætti forseta Íslands, á rétt til launa eins og þau eru ákveðin í 1. gr. laga um laun forseta Íslands frá 6. marz 1964[1] — í fyrstu 6 mánuði eftir að hann lætur af embætti. Nú tekur hann stöðu í þjónustu ríkisins og fellur þá niður þessi launagreiðsla, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans.

□ Þegar sá, er gegnt hefur embætti forseta Íslands samkvæmt framansögðu, hefur náð 65 ára aldri eða er öryrki og hefur látið af embætti, á hann að sex mánaða tímanum liðnum rétt til eftirlauna.

□ Eftirlaunin skulu nema 60 hundraðshlutum af launum forseta Íslands eins og þau eru ákveðin í 1. gr. laga um laun forseta Íslands frá 6. marz 1964.[1] Ef hann hefur gegnt embættinu í meir en eitt kjörtímabil, skulu eftirlaunin vera 70 hundraðshlutar launa forseta Íslands og 80 hundraðshlutar, hafi hann gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil.

□ Nú andast maður, er eftirlaun tekur samkvæmt þessari grein, og skal þá greiða ekkju hans 60 hundraðshluta þeirra eftirlauna, sem hann naut. Sömu eftirlaun skal hún fá eftir lát manns síns, enda þótt hann hafi ekki náð 65 ára aldri, er hann lézt.

□ Undanþágа samkvæmt 2. gr. laga um laun forseta Íslands nær ekki til eftirlaunanna.

[1] *L. 3/1964.*

Forsetaúrskurður um fána forseta Íslands. 1944 Nr. 40 8. júlí

Fáni forseta Íslands er hinn íslenzki tjúgufáni, en í honum, þar sem armar krossmarksins mætast, skjaldarmerki Íslands og skjaldberar í hvítum, ferhyrndum reit.

Forsetaúrskurður um merki forseta Íslands. 1944 Nr. 39 8. júlí

Merki forseta Íslands er skjöldur, að lögun og lit sem skjöldurinn í skjaldarmerki Íslands, en þar sem armar krossmarksins mætast er hvítur, ferhyrndur reitur og í honum skjaldarmerki Íslands og skjaldberar.

Tilskipun um starfsreglur ríkisráðs. 1943 Nr. 82 16. des.

■ **1. gr.** Ráðherrarnir allir skipa ríkisráð. Ríkisstjóri[1] er forseti ríkisráðsins. Auk þess er ríkisráðsritari á fundum ríkisráðsins.

[1] *Nú forseti Íslands, skv. stjskr. 33/1944, 16. gr.*

■ **2. gr.** Ríkisstjóri kveður ríkisráð til fundar á þeim stað og stundu, sem hann ákveður eftir tillögu forsætisráðherra. Ríkisstjóri getur einnig kvatt ríkisráð til funda án þess að fyrir liggi tillaga frá forsætisráðherra, ef hann telur það óhjákvæmilega nauðsynlegt. Fundir skulu að jafnaði haldnir í skrifstofu ríkisstjóra í Reykjavík eða nágrenni. Skulu allir ráðherrar sækja fundi ríkisráðs, nema fjarvera eða veikindaforföll hamli.

■ **3. gr.** Fundur ríkisráðs er lögmætur, ef meiri hluti ráðherranna er á fundi. Ef alveg sérstaklega stendur á og brýna nauðsyn ber til að halda ríkisráðsfund tafarlaust, telst þó fundur lögmætur, ef auk forseta eru tveir ráðherrar á fundi, enda sé fullvíst, að ekki geti fleiri komið á fundinn.

■ **4. gr.** Það, sem gerist á fundum ríkisráðs skal bókað í sérstaka, löggilta gerðabók ríkisráðs. Ríkisráðsritari annast bókunina.

□ Forseti og ráðherrar geta, ef þeir óska þess, krafizt, að bókaðar séu athugasemdir eða ágreiningsálit þeirra um eitthvert eða einhver mál.

□ Að loknum hverjum fundi skal gerðabókin lesin upp og undirrituð af öllum þeim, sem viðstaddir voru á fundinum.

■ **5. gr.** Bera skal upp fyrir ríkisstjóra í ríkisráði öll lög, þar á meðal bráðabirgðalög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Sem mikilvægar stjórnarráðstafanir, er bornar skulu upp í ríkisráði, skal jafnan telja:

1. Lagafrumvörp, sem ráðherra vill leggja fyrir Alþingi.

2. Tillögur um að kveðja saman Alþingi, slíta því, fresta fundum þess eða rjúfa það.

3. Samninga við erlend ríki sem eru mikilvægir eða þurfa staðfestingar ríkisstjóra annaðhvort samkvæmt stjórnarskránni eða samkvæmt ákvæðum samningsins.

4. Tillögur um veitingu á, lausn eða frávikningu frá embætti, eða flutning úr einu embætti í annað, sem ríkisstjóri veitir.

5. Tillögur um, að saksókn fyrir afbrot skuli falla niður, um náðun og um almenna uppgjöf saka.

6. Ríkisstjóraúrskurði, tilskipanir, opin bréf og aðrar mikilvægar stjórnarráðstafanir, sem hafa ekki þegar verið taldar hér á undan.

■ **6. gr.** Nú er ríkisstjóri fjarverandi eða forfallaður sökum veikinda, og er forsætisráðherra þá forseti ríkisráðs, eða ef forsætisráðherra er einnig fjarverandi eða

1943 Nr. 82 16. des.

forfallaður sökum veikinda, sá ráðherrann, sem gegnir störfum forsætisráðherra.

■ **7. gr.** Forseti stjórnar fundum ríkisráðs og umræðum á fundunum. Hann ákveður í hverri röð ráðherrarnir bera upp tillögur sínar og hver þeirra tekur til máls.

□ Nú kemur fram á ráðherrafundi, að ágreiningur er milli ráðherranna, eða um það er vitað á annan hátt, um mál, sem ætlað er að bera upp í ríkisráði, og skal þá ríkisstjóra gefin skýrsla um málið og ágreininginn eigi síðar en sólarhring áður en bera skal málið upp í ríkisráði. Nú kemur það fram, þegar málið kemur fyrir ríkisráð, að mikill ágreiningur er enn milli ráðherranna, og forseti telur málið mikilsvert, og getur hann þá ákveðið að fresta afgreiðslu þess til síðari fundar, sem þó skal haldinn eigi síðar en viku seinna.

■ **8. gr.** Ríkisráðsritari skal skipaður af ríkisráði, eftir tillögu forsætisráðherra, til eins árs í senn frá 17. júní til jafnlengdar næsta ár.[1] Þóknun fyrir störf hans ákveður ráðuneytið eftir tillögu forsætisráðherra.

□ Auk þess að annast bókun fundargerða samkvæmt 4. gr., skal ríkisráðsritari annast kvaðningu til funda, sjá um, að fyrir liggi í réttu formi tillögur þær er bera skal upp á fundinum, sjá um afgreiðslu mála þeirra, sem afgreidd hafa verið í ríkisráði, í hendur hlutaðeigandi ráðuneyta eða annarra; sjá um afgreiðslu eftirrita af tillögum, sem afgreiddar hafa verið í ríkisráði, til skrifstofu ríkisstjóra; geyma gerðabók og skjalasafn ríkisráðs og sjá um, að það sé jafnan í góðu lagi.

[1] *Sjá nú l. 73/1969, 10. gr.*

■ **9. gr.** Nú er ríkisráðsritari fjarverandi eða forfallaður sökum veikinda, og setur þá forsætisráðherra annan til að gegna störfum hans.

1969 Nr. 73 28. maí

Lög um Stjórnarráð Íslands.

I. kafli.

■ **1. gr.** Forseti lýðveldisins skipar ráðherra, ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

□ Ráðherrar fara með stjórnarmálefni í Stjórnarráði Íslands, sem hefur aðsetur í Reykjavík.

■ **2. gr.** Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafund halda, ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál.

□ Málefni, sem bera á upp fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar, skulu áður tekin til meðferðar á ráðherrafundi.

□ Forsætisráðherra stjórnar ráðherrafundum.

■ **3. gr.** Forsætisráðherra skipar starfsmann forsætisráðuneytis ritara ráðherrafunda.

□ Ritari skráir fundargerð ráðherrafundar í gerðabók, er ráðherrar hafa staðfest fundargerðina.

■ **4. gr.** Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti, og skulu þau vera þessi: Forsætisráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Hagstofa Íslands, heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, menntamálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, utanríkisráðuneyti og viðskiptaráðuneyti.

□ Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum.

■ **5. gr.** Þegar skipt er störfum með ráðherrum, skal hvert ráðuneyti óskipt lagt til eins og sama ráðherra.

■ **6. gr.** Fjárlaga- og hagsýslustofnun og ríkisendurskoðun, er lúta fjármálaráðherra, eru sjálfstæðar stjórnardeildir innan fjármálaráðuneytis.

□ Ákvæði laga þessara um ráðuneyti gilda jöfnum höndum um fjárlaga- og hagsýslustofnun og ríkisendurskoðun, eftir því sem við á.

■ **7. gr.** Ráðherra kveður á um skiptingu ráðuneytis í starfsdeildir eftir verkefnum.[1]

[1] *Augl. 79/1971, sbr. 193/1974 og 182/1978 (um verkefni, skipulag og starfsreglur menntamálaráðuneytisins). Rg. 409/1977, sbr. augl.3/1980 (starfsreglur fyrir fangelsismáladeild dóms- og kirkjumálaráðuneytisins).*

■ **8. gr.** Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar,[1] er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra, enda sé þess jafnan gætt, að ráðuneyti lúti málefni, sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima, sbr. 4. gr.

□ Nú þykir vafi á leika, undir hvert ráðuneyti málefni heyri, og sker forsætisráðherra þá úr.

[1] *Augl. 96/1969.*

■ **9. gr.** Ráðuneyti hefur eftirlit með starfrækslu stofnana, sem undir það ber, og eignum á vegum þeirra stofnana.

II. kafli.

■ **10. gr.** Ráðuneytisstjórar og hagstofustjóri stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra.

□ Ríkisendurskoðandi stýrir ríkisendurskoðun og hagsýslustjóri fjárlaga- og hagsýslustofnun undir yfirstjórn fjármálaráðherra, sbr. 6. gr.

□ Ríkisendurskoðandi og hagsýslustjóri hafa lögkjör ráðuneytisstjóra, og taka ákvæði laga þessara um ráðuneytisstjóra jöfnum höndum til þeirra, eftir því sem við á.

□ Ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis skal jafnframt því embætti sínu gegna störfum ritara ríkisráðs Íslands.

□ Heimilt er forsætisráðherra að kveða á um, að ráðuneytisstjóri veiti fleiri en einu ráðuneyti forstöðu og að fleiri en eitt ráðuneyti hafi, eftir því sem við verður komið, sameiginlegt starfslið og húsnæði.

□ Slíka skipan sem í 5. mgr. greinir getur forsætisráðherra afnumið, er nauðsyn krefur, og þá jafnframt ákveðið, hverju þeirra ráðuneyta, sem um er að tefla, ráðuneytisstjóri skuli áfram stýra.

■ **11. gr.** Starfsdeild ráðuneytisins, sbr. 7. gr., stýrir deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.

□ Heimilt er að skipa deildarstjóra ráðuneytis skrifstofustjóra þess ráðuneytis, og tekur hann þá sjálfkrafa við störfum ráðuneytisstjóra í forföllum hans.

□ Nú er starfsmaður ráðuneytis skipaður deildarstjóri eða skrifstofustjóri þess ráðuneytis, og þarf þá eigi að gæta ákvæða 5. gr. laga nr. 38/1954.

□ Ráðherra setur deildarstjórum og skrifstofustjórum erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur.

■ **12. gr.** Auk ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra eru starfsmenn ráðuneyta fulltrúar, bókarar og ritarar eftir ákvörðun ráðherra.

■ **13. gr.** Forseti Íslands veitir embætti ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra.

□ Ráðherra skipar aðra starfsmenn ráðuneytis.

■ **14. gr.** Ráðherra er heimilt að kveðja sér til aðstoðar, meðan hann gegnir embætti, mann utan ráðuneytis, sem starfi þar sem deildarstjóri, enda hverfi

1969 Nr. 73 28. maí

hann úr starfi jafnskjótt sem ráðherra, en njóti þá launa þrjá mánuði, hafi hann ekki áður verið ríkisstarfsmaður, en ella eigi hann rétt á að hverfa til fyrra starfs síns eða annars starfs eigi lakara að föstum launum í þjónustu ríkisins.

■ **15. gr.** Með úrskurði forseta Íslands má samkvæmt tillögum forsætisráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

1969 Nr. 96 31. des.

Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

■ **1. gr.** Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar þessarar.

■ **2. gr. Forsætisráðuneyti** fer með mál, er varða:

1. Stjórnskipan lýðveldisins og stjórnarfar almennt.
2. Embætti forseta Íslands og embættisbústað.
3. Ríkisráð Íslands.
4. Alþingi.
5. Skipun ráðherra og lausn.
6. Skiptingu starfa milli ráðherra og ráðuneyta.
7. Ríkisstjórn og Stjórnarráð Íslands í heild, þar á meðal ráðstöfun skrifstofuhúsa og gestahúsa ríkisstjórnarinnar.
8. Fána Íslands og ríkisskjaldarmerki.
9. Hina íslenzku fálkaorðu og önnur heiðursmerki.
10. Þingvelli og Þingvallaþjóðgarð.
11. Embætti húsameistara ríkisins.
12. Embætti blaðafulltrúa ríkisstjórnarinnar.
13. Efnahagsstofnun og verkefni hennar, sbr. II. kafla laga nr. 66/1966.[1]

[1] *Framkvæmdastofnun og Þjóðhagsstofnun hafa nú tekið við hlutverki Efnahagsstofnunar, sjá l. 97/1976, 37. og 38. gr., og l. 54/1974, 4. gr.*

■ **3. gr. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti** fer með mál, er varða:

1. Lögsagnarumdæmi, dómaskipan, dómstóla, aðra en Félagsdóm, réttarfar og málflutningsmenn.
2. Meðferð ákæruvalds, er það ber undir dómsmálaráðherra að lögum, og eftirlit með framkvæmd ákæruvalds annars.
3. Framkvæmd refsingar, fangahús og vinnuhæli, reynslulausn refsifanga, náðun og uppgjöf sakar, uppreist æru, fangahjálp og framsal sakamanna.
4. Lögreglu og löggæzlu.
5. Bifreiðaeftirlit og umferð.
6. Gæzlu landhelgi og fiskimiða, sjómælingar og sjókortagerð.
7. Eftirlit með innflutningi, framleiðslu, sölu og meðferð skotvopna, skotfæra og sprengja.
8. Framkvæmd áfengislöggjafar, sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
9. Skipströnd og vogrek.
10. Eftirlit með útlendingum.
11. Öryggisgæzlu á vinnustöðum og Öryggiseftirlit ríkisins.[1]
12. Vegabréf, önnur en diplomatisk vegabréf.
13. Sifjarétt, erfðarétt, persónurétt, yfirfjárráð og eignarréttindi.
14. Eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sbr. lög nr. 19, 6. apríl 1966.
15. Ríkisborgararétt.
16. Prentfrelsi og prentrétt.
17. Mannréttindi.
18. Kjör forseta Íslands, kosningar til Alþingis, þjóðaratkvæði og aðrar almannakosningar, sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
19. Útgáfu Stjórnartíðinda, Lagasafns og Lögbirtingablaðs.
20. Staðfestingu á skipulagsskrám sjóða og stofnana, eins og tíðkazt hefur.
21. Happdrætti, veðmálastarfsemi, hlutaveltur, getraunir og almennar fjársafnanir.
22. Mælitæki og vogaráhöld.
23. Niðurjöfnunarmenn sjótjóns, fasteignasölu, dómtúlka og skjalaþýðendur.
24. Almannavarnir.
25. Kirkjumál og safnaða, þar á meðal embætti biskups og skipan prestakalla.
26. Grafreiti og útfararstofnanir, þar á meðal bálstofur.

[1] *Nú félagsmálaráðuneytið, sbr. l. 46 1980, 73. gr.*

■ **4. gr. Félagsmálaráðuneyti** fer með mál, er varða:

A. *Stjórn sveitarfélaga og sýslna, þar á meðal:*

1. Sveitarstjórnarkosningar og sýslunefnda, mörk sveitarfélaga, tekjustofna sveitarfélaga, Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, Lánasjóð sveitarfélaga, aðstoð við landakaup sveitarfélaga og Bjargráðasjóð Íslands.
2. Framfærslu og sveitfesti.
3. Brunavarnir og Brunamálastofnun ríkisins.
4. Skipulag, skipulagsstjórn ríkisins og embætti skipulagsstjóra.
5. Samband íslenzkra sveitarfélaga.

B. *Íbúðarhúsnæði, þar á meðal:*

1. Húsnæðismálastofnun ríkisins,[1] framkvæmdanefndir byggingaáætlana, byggingasjóð ríkisins, lán húsnæðismálastjórnar, vísitölulán veðdeildar Landsbanka Íslands, launaskatt og sparnað til íbúðabygginga í þéttbýli, Byggingasjóð aldraðs fólks og útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.
2. Verkamannabústaði, byggingasjóð og byggingafélög verkamanna og byggingasamvinnufélög.
3. Byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, Öryrkjabandalags Íslands og elliheimila.
4. Sambýli í fjölbýlishúsum.

C. *Vinnu, þar á meðal:*

1. Stéttarfélög launþega og atvinnurekenda, kjararannsóknir, vinnudeilur, sáttasemjara og sáttastörf í vinnudeilum og Félagsdóm.
2. Skráning atvinnulausra, vinnumiðlun, atvinnujöfnun, hagræðing á vinnumarkaði, Atvinnujöfnunarsjóð[2] og atvinnubætur.
3. Endurhæfingu læknisfræðilega og starfslega, vegna skertrar starfshæfni, endurhæfingarstöðvar, styrktarsjóði vangefinna, fatlaðra og blindra svo og erfðafjársjóð.
4. Orlof, heimilishjálp og orlofssjóð húsmæðra.
5. Atvinnuleyfi útlendinga.

[1] *Nú Húsnæðisstofnun ríkisins.* [2] *Nú Byggðasjóður, sbr. l. 97/1976, 26. gr.*

■ **5. gr. Fjármálaráðuneyti** fer með mál, er varða:

I. Hið almenna ráðuneyti.

1. Fjármál ríkisins, að því leyti sem þau eru ekki fengin öðrum aðiljum.
2. Eignir ríkisins, þar á meðal verðbréf og hlutabréf, svo og fyrirsvar þeirra vegna, meðal annars að því er tekur til stjórnar fyrirtækja í eigu ríkisins að öllu leyti eða nokkru, nema lagt sé til annars ráðuneytis.

1969 Nr. 96 31. des.

3. Framkvæmdasjóð ríkisins og Jöfnunarsjóð ríkisins.
4. Skatta og tolla, tollgæzlu og tollvörugeymslur.
5. Rekstur verzlunar á vegum ríkissjóðs, þar á meðal Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Innkaupastofnun ríkisins.
6. Ríkislán og hvers konar lántökur ríkisstofnana, er A-hluti ríkisreiknings tekur til, sbr. lög nr. 22/1966.[1)]
7. Ríkisskuldabréf og ríkisábyrgðir.
8. Launamál starfsmanna ríkisins, þar á meðal eftirlaun ríkisstarfsmanna og ekkna þeirra.
9. Réttindi ríkisstarfsmanna og skyldur.
10. Lífeyrissjóði.
11. Fasteignaskráning og fasteignamat.
12. Ríkisféhirzlu og ríkisbókhald.
13. Eftirlit með innheimtumönnum ríkissjóðs.
14. Endurskoðendur og framkvæmd bókhaldslaga.

II. Ríkisendurskoðun.

1. Endurskoðun reikningsskila embætta, ríkisstofnana og sjóða í vörzlu ríkisins.
2. Umsjón og eftirlit með endurskoðun á reikningsskilum ríkisstofnana, er endurskoðendur þeirra eru skipaðir eða kosnir samkvæmt sérstökum lögum.
3. Eftirlit með opinberum sjóðum samkvæmt lögum nr. 20/1964.
4. Eftirlit með rekstri ríkisstofnana lögum samkvæmt, sbr. II. kafla laga nr. 61/1931 og 82. gr. laga nr. 52/1966.

III. Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

1. Undirbúning og samning fjárlaga.
2. Greiðslur umfram fjárlagaheimildir.
3. Framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir ríkisins.
4. Húsaleigu- og bifreiðamál ríkisins.[2)]
5. Almennar umbætur í ríkisrekstri.

[1)] *Á væntanlega að vera l. 52/1966.* [2)] *Rg. 6/1970 og rg. 203/1970.*

■ **6. gr. Hagstofa Íslands** fer með mál, er varða:

1. Almenna tilhögun og framkvæmd opinberrar hagsýslugerðar.
2. Söfnun gagna um landshagi, úrvinnslu þeirra og útgáfu hagskýrslna, sbr. lög nr. 24/1913.
3. Vísitölu- og verðlagsuppbótarmál.
4. Kauplagsnefnd.
5. Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar.
6. Þjóðskrá og almannaskráning, fyrirtækjaskráning og hliðstæð verkefni.
7. Skýrslur og úrskurði í þágu opinberra aðilja, svo sem verið hefur.
8. Álitsgerðir og útreikninga til undirbúnings efnahagsráðstöfunum eftir nánari ákvörðun ráðherra.
9. Almenna upplýsingaþjónustu, svo sem tíðkazt hefur.

■ **7. gr. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti** fer með mál, er varða:

1. Almenn heilbrigðismál, heilsugæzlu og heilsuvernd.
2. Læknaskipan.
3. Embætti landlæknis og Læknaráð Íslands.
4. Sjúkrahús og heilsuhæli.
5. Hjúkrunar- og elliheimili.
6. Lyf og lyfsala.
7. Eiturefni og hættuleg efni.
8. Áfengisvarnir og bindindisstarfsemi.
9. Hvers konar tryggingar og vátryggingarstarfsemi.
10. Tryggingastofnun ríkisins.

■ **8. gr. Iðnaðarráðuneyti** fer með mál, er varða:

1. Iðju, iðnað og iðnþróun, Iðnþróunarráð, Iðnaðarmálastofnun Íslands, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
2. Orku, orkuvirkjun, orkuvirki, Orkustofnun og Orkusjóð, sbr. orkulög nr. 58/1967, lög nr. 59/1965 um Landsvirkjun og lög nr. 60/1965 um Laxárvirkjun.[1)]
3. Námur og námarekstur.
4. Niðursuðu og niðurlagningu sjávarafurða.
5. Réttindi á sviði iðnaðar, sbr. lög nr. 102/1961, einkaleyfi, vörumerki og mynstur.
6. Sementsverksmiðju ríkisins, Landssmiðju, Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins og Kísiliðjuna h/f.
7. Iðnlánasjóð og Iðnaðarbanka Íslands h/f.
8. Hinn norræna iðnþróunarsjóð fyrir Ísland.

[1)] *L. 42/1983 um Landsvirkjun hafa nú komið í stað l. 59/1965 og l. 60/1965.*

■ **9. gr. Landbúnaðarráðuneyti** fer með mál, er varða:

1. Landbúnað og ræktun, þar með talin skógrækt.
2. Landnám ríkisins og landgræðslu.
3. Fræöflun og fóðurs.
4. Veiði í ám og vötnum svo og önnur veiðimál, er eigi ber undir annað ráðuneyti.
5. Áveitur og fyrirhleðslur.
6. Loðdýrarækt.
7. Eyðingu refa og minka.
8. Dýralækna og varnir gegn búfjársjúkdómum.
9. Búfjártryggingar.
10. Þjóðjarðir og kirkjujarðir.
11. Mat, verðskráningu, sölu og dreifingu landbúnaðarafurða svo og útflutningsbætur landbúnaðarafurða.
12. Framleiðsluráð landbúnaðarins.
13. Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
14. Mjólkurbú.
15. Grænmetisverzlun landbúnaðarins.
16. Bændaskóla og Garðyrkjuskóla ríkisins.
17. Búnaðarfélag Íslands og búnaðarfélög.
18. Búreikningaskrifstofu ríkisins.
19. Áburðarverksmiðju ríkisins og Áburðarsölu ríkisins.
20. Vélasjóð.[1)]
21. Búnaðarbanka Íslands.
22. Jarðeignasjóð ríkisins, Framleiðnisjóð svo og fjárfestingar- og lánasjóði landbúnaðarins.

[1)] *Lagður niður með l. 79/1972 (Jarðræktarlögum), ákv. til bráðabirgða.*

■ **10. gr. Menntamálaráðuneyti** fer með mál, er varða:

1. **Kennslu og skóla,** þ. á m. Háskóla Íslands, menntaskóla, gagnfræðastigsskóla[1)] og barnaskóla.[1)] Enn fremur kennaraskóla, tækniskóla, sjómannaskóla, vélskóla, matsveina- og veitingaþjónaskóla, iðnfræðsluskóla, húsmæðraskóla, verzlunarskóla, tónlistarskóla, myndlistarskóla, leiklistar- og listdansskóla, heyrnleysingjaskóla, blindraskóla, svo og aðra skóla og námsstofnanir, sem ekki eru sérstaklega falin öðru ráðuneyti. Almenna fræðslustarfsemi þ. á m. námsflokka og bréfaskóla. Lánasjóð íslenzkra námsmanna og námsstyrki, þ. á m. styrki til erlendra námsmanna. Ríkisút-

1969 Nr. 96 31. des.

gáfu námsbóka. Fræðslumyndasafn ríkisins.

2. **Vísindastarfsemi, fræðistörf og rannsóknastofnanir,** sem ekki ber undir önnur ráðuneyti, þ. á m. Náttúrufræðistofnun Íslands, Tilraunastöð háskólans í meinafræði, Handritastofnun Íslands,[2] Rannsóknaráð ríkisins og Vísindasjóð.

3. **Söfn,** þ. á m. Landsbókasafn, Háskólabókasafn, almenningsbókasöfn, lestrarfélög, Þjóðminjasafn, byggðasöfn, Þjóðskjalasafn, héraðsskjalasöfn, náttúrugripasöfn, Listasafn Íslands, Listasafn Einars Jónssonar, Ásgrímssafn og önnur listasöfn.

4. **Listir.** Þjóðleikhús, leikfélög og aðra leiklistarstarfsemi, Sinfóníuhljómsveit Íslands og aðra tónlistarstarfsemi. Listsýningar og aðra listkynningu innan lands og utan. Listamannalaun. Menntamálaráð Íslands. Rithöfundasjóð Íslands. Stuðning við bókmenntir og útgáfustarfsemi. Kvikmyndir.

5. Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp).

6. Höfundarétt.

7. Mannanöfn, bæjarnöfn, örnefni, Íslenzka málnefnd.

8. Félagsheimili og félagsheimilasjóð.

9. Æskulýðsstarfsemi, Æskulýðssamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, íþróttir, Íþróttasamband Íslands, Íþróttasjóð. Aðra félagsstarfsemi á sviði menningarmála, þ. á m. Kvenfélagasamband Íslands.

10. Vernd barna og ungmenna, Barnaverndarráð Íslands og barnaverndarnefndir.

11. Náttúruvernd, minjar og þjóðgarða, aðra en Þingvelli.

12. Fuglafriðun og fuglaveiðar. Dýravernd. Friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

13. Skemmtanaskatt, annað en innheimtu.

[1] *Nú grunnskóli, sbr. l. 63/1974.* [2] *Stofnun Árna Magnússonar hefur nú tekið við hlutverki Handritastofnunarinnar.*

■ **11. gr. Samgönguráðuneyti** fer með mál, er varða:

1. Vegi og vegagerð.
2. Vita, hafnir, Hafnabótasjóð og sjóvarnargarða.
3. Flug og flugvelli.
4. Siglingar.
5. Skipulag samgangna á landi, í lofti og á sjó.
6. Rekstur flutningatækja á vegum ríkisins.
7. Eftirlit með skipum, Skipaskoðun ríkisins, skipamælingar, skráning skipa, lögskráning sjómanna og atvinnuréttindi þeirra.
8. Veðurstofur.
9. Ferðalög, veitingahús, ferðaskrifstofur, umferðarmiðstöðvar og Ferðamálasjóð.
10. Landmælingar.
11. Póst og síma svo og önnur fjarskipti.

■ **12. gr. Sjávarútvegsráðuneyti** fer með mál, er varða:

1. Sjávarútveg.
2. Friðun og nýtingu fiskimiða.
3. Hafrannsóknastofnunina og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
4. Mat sjávarafurða.
5. Fiskifélag Íslands, Fiskimálaráð,[1] Síldarútvegsnefnd og Verðlagsráð sjávarútvegsins.
6. Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, Fiskimálasjóð, Fiskveiðasjóð Íslands, Styrktar- og lánasjóð fiskiskipa, Stofnfjársjóð fiskiskipa, Tryggingasjóð fiskiskipa og Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.
7. Síldarverksmiðjur ríkisins og Tunnuverksmiðjur ríkisins.

[1] *L. 35/1968 um Fiskimálaráð felld úr gildi með l. 11/1978.*

1969 Nr. 96 31. des.

■ **13. gr. Utanríkisráðuneyti** fer með mál, er varða:

1. Skipti forseta Íslands og annarra þjóðhöfðingja.
2. Sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands erlendis.
3. Sendiráð og ræðismannsskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi.
4. Skipti við erlend ríki.
5. Réttindi Íslendinga og íslenzka hagsmuni erlendis.
6. Samninga við önnur ríki og gerð þeirra.
7. Aðild Íslands að alþjóðlegum samtökum, stofnunum, ráðstefnum og fundum, er varða opinbera hagsmuni og eigi ber undir annað ráðuneyti, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar eða eðli máls.
8. Diplomatisk vegabréf, þjónustuvegabréf og áritun vegabréfa.
9. Kynningu Íslands og íslenzkra efna með öðrum þjóðum, nema slík mál séu lögð til annars ráðuneytis.
10. Framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, þar á meðal innan marka varnarsvæðanna, lögreglumál, dómsmál, tollamál, póst- og símamál, flugmál, radarstöðvamál, heilbrigðismál, félagsmál og önnur þau mál, er leiðir af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu, sbr. lög nr. 106 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl.

■ **14. gr. Viðskiptaráðuneyti** fer með mál, er varða:

1. Verzlun og viðskipti, þar á meðal útflutningsverzlun og innflutningsverzlun.
2. Undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga.
3. Skipti Íslands við alþjóðleg efnahags- og viðskiptasamtök og fjármálastofnanir.
4. Gjaldeyri.
5. Seðlabanka Íslands, aðra banka og sparisjóði, sem eigi ber undir annað ráðuneyti.
6. Gjaldmiðil og myntsláttu.
7. Verðskráningu og verðlag, nema lögð séu til annars ráðuneytis.
8. Hlutafélög, samvinnufélög og önnur félög um verzlun eða annan atvinnurekstur.
9. Verzlunarskrár og firmu.
10. Vörusýningar erlendis.

■ **15. gr.** Málefni, sem eigi er getið í 2.—14. gr., skulu lögð til ráðuneytis, þar sem þau eðli sínu samkvæmt eiga heima, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 73/1969.

■ **16. gr.** Nú leikur vafi á, hvaða ráðuneyti skuli með mál fara, og sker forsætisráðherra þá úr.

Auglýsing um skiptingu starfa ráðherra.

1983 Nr. 53 26. maí

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrunum:

Steingrímur Hermannsson fer með forsætisráðuneytið.
Geir Hallgrímsson fer með utanríkisráðuneytið.
Albert Guðmundsson fer með fjármálaráðuneytið.
Alexander Stefánsson fer með félagsmálaráðuneytið.
Halldór Ásgrímsson fer með sjávarútvegsráðuneytið.
Jón Helgason fer með landbúnaðar-, dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

1983 Nr. 53 26. maí **Matthías Bjarnason** fer með heilbrigðis-, tryggingamála- og samgönguráðuneytið.
Matthías Á. Mathiesen fer með viðskiptaráðuneytið og Hagstofu Íslands.
Ragnhildur Helgadóttir fer með menntamálaráðuneytið.
Sverrir Hermannsson fer með iðnaðarráðuneytið.
Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skiptingu starfa ráðherra.

1965 Nr. 47 14. maí **Lög um eftirlaun ráðherra.**

■ **1. gr.** Ráðherrar skulu greiða í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 4% — fjóra af hundraði — af ráðherralaunum sínum, eins og þau eru á hverjum tíma. Skal upphæðin dragast frá launum mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt mótframlagi er greiðist úr ríkissjóði, að upphæð 6% — sex af hundraði — af mánaðarlega greiddum ráðherralaunum. Ráðherrar skulu vera í sérstakri deild innan lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Þátttaka í ráðherradeild sjóðsins hefur ekki áhrif á rétt né skyldu ráðherra til að vera í öðrum deildum sjóðsins. Ráðherrar njóta að öðru leyti sömu réttinda og bera sömu skyldur og aðrir sjóðfélagar, meðan þeir gegna ráðherraembættum, nema annars sé getið í lögum þessum.

■ **2. gr.** [Þegar maður hefur látið af ráðherraembætti og er 65 ára eða eldri eða er öryrki á hann rétt á eftirlaunum úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem fyrir er mælt í 3. gr. þessara laga. Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum er átt við 75% örorku eða meiri. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli fyrrverandi ráðherra, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%. Skal í slíkum tilvikum farið eftir meginreglum 13. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.][1]

[1] *L. 73/1982, 7. gr.*

■ **3. gr.** [Fyrrverandi ráðherra, sem gegnt hefur embætti a. m. k. eitt ár og uppfyllir ákvæði 2. gr. laga þessara, á eftirlaunarétt, er nemur 6% fyrir hvert ár og samsvarandi hlutfallslega fyrir hvern byrjaðan mánuð í ráðherraembætti, þó aldrei meira en 50%.

□ Eftirlaunin skulu fylgja ráðherralaununum, eins og þau eru á hverjum tíma, og vera sá hundraðshluti þeirra sem eftirlaunarétturinn samkvæmt 1. mgr. segir til um.

□ Eftirlaunin greiðast ekki meðan hinn fyrrverandi ráðherra fær greidd biðlaun samkvæmt 29. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, og ekki heldur meðan hann fær greitt þingfararkaup eða biðlaun samkvæmt lögum nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna.][1]

[1] *L. 73/1982, 8. gr.*

■ **[4. gr.]**[1] [Eftirlifandi maki ráðherra eða fyrrverandi ráðherra á rétt á eftirlaunum að honum látnum. Eftirlaunaréttur maka skal vera 20% að viðbættum 50% af þeim hundraðshluta sem hinn látni ráðherra hafði áunnið sér sem eftirlaunarétt skv. 3. gr.

□ Eftirlaun maka skulu fylgja ráðherralaunum eins og þau eru á hverjum tíma og vera sá hundraðshluti þeirra sem eftirlaunarétturinn samkv. 1. mgr. segir til um.][2]

[1] *L. 73/1982, 9. gr.* [2] *S. l. 10. gr.*

■ **[5. gr.]**[1] [Nú andast ráðherra eða fyrrverandi ráðherra, sem öðlast hefur eftirlaunarétt samkvæmt 3. gr. laga þessara áður en hann náði 65 ára aldri, og á þá maki hans, ef á lífi er, rétt til eftirlauna samkvæmt 5. gr.[2] laga þessara. Ákvæði 2. mgr. 5. gr.[2] eiga einnig við í þessu tilviki.][3]

[1] *L. 73/1982, 9. gr.* [2] *Nú 4. gr.* [3] *L. 73/1982, 11. gr.*

■ **[6. gr.]**[1] Lífeyrir samkvæmt lögum þessum greiðist án tillits til lífeyris, sem sjóðfélagi á rétt á úr öðrum deildum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum, og hefur ekki áhrif á slík lífeyrisréttindi.

[1] *L. 73/1982, 9. gr.*

■ **[7. gr.]**[1] Halli, sem verða kann á lífeyrissjóði ráðherra, ef iðgjöld í sjóðinn endast ekki til greiðslu eftirlauna samkvæmt lögum þessum, greiðist úr ríkissjóði.

[1] *L. 73/1982, 9. gr.*

■ **[Ákvæði til bráðabirgða.** Nú hefur maður þegar öðlast betri rétt samkvæmt þeim reglum, sem settar voru með lögum nr. 47 14. maí 1965, og fer þá um rétt hans til eftirlauna samkvæmt þeim reglum.][1]

[1] *L. 73/1982.*

Lög um ráðherraábyrgð. **1963** Nr. 4 19. febr.

■ **1. gr.** Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum eftir því sem fyrir er mælt í stjórnarskrá og lögum þessum.

□ Ákvæði almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi taka einnig til ráðherra eftir því, sem við getur átt.

■ **2. gr.** Ráðherra má krefja ábyrgðar samkvæmt því, sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefur orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, önnur landslög eða að öðru leyti stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu.

■ **3. gr.** Sá ráðherra, sem ritar undir lög eða stjórnarerindi með forseta, ber ábyrgð á þeirri athöfn. Annar ráðherra verður því aðeins sóttur til ábyrgðar vegna þeirrar embættisathafnar forseta, að hann hafi ráðið til hennar, átt þátt í framkvæmd hennar eða látið framkvæmdir samkvæmt henni viðgangast, ef hún lýtur að málefnum, sem undir hann heyra.

■ **4. gr.** Séu embættisathafnir, sem atbeina forseta þarf til, vanræktar, hvílir ábyrgð vegna þeirrar vanrækslu á ráðherra þeim, sem málefnið heyrir undir. Enn fremur hvílir ábyrgð á hverjum þeim ráðherra, sem stuðlað hefur að þeirri vanrækslu.

■ **5. gr.** Sé um að ræða embættisathöfn í ríkisráði eða á ráðherrafundi, sbr. 16. og 17. gr. stjórnarskrárinnar, bera allir viðstaddir ráðherrar, sem með ráðum, fortölum, atkvæði eða á annan hátt hafa stuðlað að þeirri athöfn, ábyrgð á henni.

■ **6. gr.** Hver ráðherra ber ábyrgð á stjórnarerindum þeim, sem út eru gefin í hans nafni, nema ákvörðun sé án hans atbeina tekin af undirmanni, sem til þess hefur heimild samkvæmt venju, eða eðli máls, eða starfsmaður hafi vanrækt að leggja erindi fyrir ráðherra. Ráðherra verður þó einnig sóttur til ábyrgðar fyrir þvílíkar ákvarðanir, ef honum hefur verið um þær kunnugt og hann hefur látið þær viðgangast án þess að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þær.

1963 Nr. 4 19. febr.

■ **7. gr.** Ráðherra sá, er ábyrgð ber á embættisathöfn samkvæmt greinunum hér á undan, verður einnig sóttur til ábyrgðar fyrir athafnir undirmanna sinna, er byggjast á téðri embættisathöfn eða lúta að framkvæmd hennar, enda hafi þær verið fyrirskipaðar af ráðherra eða megi, eins og á stendur, teljast eðlilegar eða nauðsynlegar til framkvæmdar henni.

■ **8. gr.** Í samræmi við ákvæðin hér á undan, varðar það ráðherra ábyrgð eftir lögum þessum:

a. ef hann sjálfur gefur út fyrirmæli eða veitir atbeina sinn til, að út séu gefin fyrirmæli forseta um málefni, sem eftir stjórnarskránni verður aðeins skipað með lögum eða heyrir undir dómstóla;

b. ef hann leitar eigi samþykkis Alþingis, þegar skylt er samkvæmt stjórnarskránni;

c. ef hann annars framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því, að framkvæmd þess farist fyrir;

d. ef hann verður þess valdandi, að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins.

■ **9. gr.** Það varðar einnig ráðherra ábyrgð eftir lögum þessum, ef hann veldur því, að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnskipunarlögum þess:

a. með því að leggja fyrir forseta til undirskriftar ályktanir, tilskipanir eða erindi, er fara í bága við lögin, eða með því að láta farast fyrir að útvega forsetaundirskrift undir ályktun, tilskipun eða erindi, þar sem hún er lögmælt;

b. með því annars að framkvæma eða valda því, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við fyrirmæli laganna, eða með því að láta nokkuð ógert, sem heimtað er í lögum, eða verða þess valdur, að slík framkvæmd farist fyrir.

■ **10. gr.** Loks verður ráðherra sekur eftir lögum þessum:

a. ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín;

b. ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir.

■ **11. gr.** Brot gegn lögum þessum varða, eftir málavöxtum, embættismissi, sektum, ...[1] varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

□ Við ákvörðun refsingar skal höfð hliðsjón af 70. gr. almennra hegningarlaga.

□ Hafi ráðherra jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, skal hegning sú, sem hann hefur til unnið, tiltekin í einu lagi samkvæmt reglum 77. gr. almennra hegningarlaga.

[1] *L. 75/1982, 2. gr.*

■ **12. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð. Sé sekt eigi greidd, kemur varðhald í hennar stað og skal ákveða í dóminum, eftir öllum málavöxtum, hve langt það skuli vera.

■ **13. gr.** Hafi ráðherra bakað almenningi eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu, sem refsiverð er eftir lögum þessum, skal og þegar þess er krafizt, jafnframt hegningunni dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum. 1963 Nr. 4 19. febr.

□ Skaðabótaábyrgð ráðherra gagnvart ríkissjóði fellur niður, samþykki Alþingi ríkisreikning án fyrirvara, nema ráðherra hafi beitt svikum.

■ **14. gr.** Málshöfðun eftir lögum þessum getur eigi átt sér stað, ef 3 ár líða frá því, er brot var framið, án þess að Alþingi hafi samþykkt ályktun um málshöfðunina. Sök fyrnist þó aldrei fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá því, að næstu reglulegu alþingiskosningar, eftir að brot var framið, fóru fram.

□ Nú samþykkir Alþingi, áður en málshöfðunarfrestur er liðinn, að kjósa rannsóknarnefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til athugunar á störfum ráðherra, og getur Alþingi þá jafnan samþykkt málshöfðun innan árs frá kosningu rannsóknarnefndar.

Lög um landsdóm.

1963 Nr. 3 19. febr.

■ **1. gr.** Landsdómur fer með og dæmir mál þau, er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra.

■ **2. gr.** Í landsdómi eiga sæti 15 dómendur, og eru þeir þessir:

a. hæstaréttardómarar, fimm að tölu,[1] yfirsakadómarinn í Reykjavík og prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Hæstiréttur kveður til varadómendur hæstaréttardómara úr hópi lagakennara háskólans, hæstaréttarlögmanna eða héraðsdómara, sem fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir dómarar í hæstarétti. Varamaður yfirsakadómara er elzti sakadómarinn í Reykjavík. Lagadeild háskólans kýs varamann prófessorsins í stjórnskipunarrétti;

b. átta menn kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu til 6 ára í senn.

□ Samtímis og með sama hætti skulu kosnir jafnmargir varamenn.

[1] *Nú skipa Hæstarétt 8 dómarar, l. 67/1982, 1. gr.*

■ **3. gr.** Enginn er kjörgengur í landsdóm samkv. b-lið 2. gr., nema hann fullnægi eftirgreindum skilyrðum:

1. Sé eigi yngri en 30 ára og eigi eldri en sjötugur.
2. Sé lögráða og hafi forræði fjár síns.
3. Hafi óflekkað mannorð.
4. Hafi íslenzkan ríkisborgararétt.
5. Eigi heimili á Íslandi.
6. Sé eigi alþingismaður eða starfsmaður í stjórnarráðinu.

□ Skylt er bæði konum og körlum sem kjörgeng eru, að taka kjöri í landsdóm.

□ Enginn, sem ekki fullnægir framangreindum skilyrðum, má sitja í landsdómi.

□ Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn eða skyldir eða mægðir að fyrsta eða öðrum lið til hliðar mega ekki sitja samtímis í landsdómi.

■ **4. gr.** Ef einhver hinna kjörnu dómenda fellur frá, flytur af landi brott eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti hans þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu.

■ **5. gr.** Jafnskjótt og kjör landsdómsmanna samkvæmt b-lið 2. gr. hefur farið fram, tilkynnir forseti sameinaðs Alþingis hæstaréttarforseta hverjir hafi hlotið kosningu sem dómendur og varamenn, en hann tilkynnir þeim það aftur hverjum fyrir sig.

■ **6. gr.** Hæstaréttarforseti er sjálfkjörinn forseti landsdóms. Varaforseti hæstaréttar er varaforseti landsdóms. Nú forfallast þeir báðir, forseti og varaforseti, og kýs þá dómurinn forseta, er vera skal einn hinna löglærðu dómara.

■ **7. gr.** Dómari í landsdómi skal, áður en hann tekur fyrsta sinn til starfa í dómnum, undirrita drengskaparheit um það, að hann skuli rækja starfann af samvizkusemi og óhlutdrægni í hvívetna og svo sem hann veit helzt að lögum. Skal dómsforseti gæta þess, að heitvinning fari fram lögum samkvæmt.

■ **8. gr.** Aldrei má setja landsdóm með færri dómendum en 10, enda séu meðal þeirra að minnsta kosti 4 hinna löglærðu dómara samkvæmt a-lið 2. gr.

■ **9. gr.** Ríkissjóður leggur landsdómi til dómbók, er vera skal tölusett, gegnumdregin og innsigluð. Skal hún löggilt af forseta sameinaðs Alþingis.

■ **10. gr.** Hæstaréttarritari er dómritari við landsdóm. Sé hann forfallaður, setur dómsforseti mann utan dómsins til að gegna ritarastarfi. Dómsforseti ræður og dómritara aðstoðarmann, ef þurfa þykir.

■ **11. gr.** Landsdómur skal að jafnaði koma saman í Reykjavík. Þó getur landsdómur ákveðið að koma saman og heyja dómþing annars staðar, ef ástæða þykir til.

■ **12. gr.** Dómþing landsdóms skulu háð í heyranda hljóði. Landsdómi er þó rétt að kveða á um þinghald fyrir luktum dyrum, ef hann telur til þess sérstakar ástæður, svo sem horf tiltekinna málsatvika við erlendum ríkjum eða hagsmuni ríkisins. Ef landsdómur ákveður þinghald fyrir luktum dyrum, kveður hann upp um það sérstakan úrskurð.

■ **13. gr.** Ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skal gerð með þingsályktun í sameinuðu þingi, og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda sé sókn málsins bundin við þau. Jafnframt kýs Alþingi mann til að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara, ef hinn kynni að forfallast. Enn fremur kýs sameinað Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar.

■ **14. gr.** Forseti sameinaðs Alþingis sendir hæstaréttarforseta tafarlaust tilkynningu um málshöfðunarákvörðun Alþingis, en hann tilkynnir síðan, svo fljótt sem tök eru á, ákærðum málshöfðun og sendir honum eftirrit af þingsályktun Alþingis.

■ **15. gr.** Forseti Landsdóms skipar ákærðum svo fljótt sem verða má verjanda úr hópi hæstaréttarlögmanna, og skal við val á verjanda farið eftir ósk ákærða, ef ekkert mælir henni í móti. Rétt er, að ákærður haldi sjálfur uppi vörn fyrir sig ásamt verjanda. Skipun verjanda skal tafarlaust tilkynnt saksóknara Alþingis.

■ **16. gr.** Það er skylda saksóknara Alþingis að leita allra fáanlegra sannana fyrir kæruatriðum, hann undirbýr gagnasöfnun og rannsókn í málinu og gerir tillögur til landsdóms um viðeigandi ráðstafanir til að leiða hið sanna í ljós. Hann hefur um starf sitt samráð við saksóknarnefnd Alþingis.

□ Það er hlutverk verjanda að draga fram allt, er verða má ákærðum til sýknu eða hagsbóta, og að gæta hagsmuna ákærðs í hvívetna.

1963 Nr. 3 19. febr.

■ **17. gr.** Verjandi skal hafa aðstöðu til að fylgjast með öllu, er fram kemur í málinu, og á hann rétt á að vera viðstaddur öll dómþing í málinu, hvar sem þingað er og hvort sem dómþing er háð í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum, en í síðast nefndu tilviki getur dómur bannað verjanda að skýra opinberlega frá því, sem fram hefur komið á dómþingi.

■ **18. gr.** Þegar er dómsforseti hefur fengið tilkynningu samkvæmt 14. gr., skal hann kveðja dómendur saman með hæfilegum fyrirvara.

■ **19. gr.** Dómsforseti gefur út stefnu á hendur ákærðum og ákveður stefnufrest, er aldrei skal vera skemmri en 3 vikur. Stefna skal gefin út í nafni landsdóms. Saksóknari Alþingis lætur síðan birta stefnu með venjulegum hætti. Ákærðum eða þeim, sem stefna er birt fyrir hans hönd, skal jafnan afhent afrit stefnunnar. Um leið skal og afhent eftirrit af ályktun Alþingis, nema hún hafi verið tekin orðrétt upp í stefnu.

■ **20. gr.** Nú er óvíst um dvalarstað ákærðs, og skal þá birta stefnu og ályktun Alþingis í Lögbirtingablaði með hæfilegum fyrirvara, er dómsforseti ákveður.

■ **21. gr.** Dómsforseti ákveður í samráði við saksóknara og verjanda stað og stund fyrsta þinghalds landsdóms.

■ **22. gr.** Samkv. tilmælum saksóknara, verjanda eða ákærðs getur dómsforseti — eða landsdómur eftir að hann er kominn saman — ákveðið, ef hentugt eða nauðsynlegt þykir, að rannsókn ákveðinna atriða eða öflun tiltekinna gagna skuli fara fram fyrir héraðsdómi. Málsaðilar snúa sér þá til viðkomandi héraðsdómara með beiðni um rannsókn eða gagnaöflun og leggja fram ákvörðun dómsforseta eða landsdóms. Úrskurði héraðsdómara, er að slíkri rannsókn lúta, má kæra til landsdóms.

■ **23. gr.** Samkvæmt tilmælum saksóknara Alþingis og að fullnægðum skilyrðum laga um meðferð opinberra mála, samanber VI., VII., VIII. og IX. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961,[1] getur landsdómur úrskurðað, að lagt skuli hald á muni, sem ætla má, að hafi sönnunargildi í málinu, að húsleit skuli gerð og að ákærður skuli tekinn í gæzlu.

□ Nú telur saksóknari brýna þörf slíkra aðgerða, áður en landsdómur kemur saman og getur þá dómsforseti tekið um þær ákvörðun til bráðabirgða, en úrskurður hans skal borinn undir landsdóm svo fljótt sem verða má.

[1] *Nú l. 74/1974.*

■ **24. gr.** Að liðnum fresti þeim, sem til er tekinn samkvæmt 18. og 19. gr., kemur landsdómur saman á tilgreindum stað og tíma, og er þá settur af dómsforseta. Þingfestir saksóknari þá málið, leggur fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, málshöfðunarályktun Alþingis, ákæruskjal, eftirrit af dómprófum þeim, sem þegar kunna að hafa farið fram, og önnur þau sakargögn, sem fyrir hendi eru og unnt er að leggja fram á dómþingi. Enn fremur leggur hann fram nafnaskrá þeirra manna, sem óskað er eftir að skýrsla sé af tekin fyrir landsdómi. Ákæruskjal skal eftir því sem við á fullnægja fyrirmælum 115. gr. laga nr. 82 frá 21.

ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.[1)]

[1)] *Nú l. 74/1974, sbr. l. 107/1976, 19. gr.*

■ **25. gr.** Af skjölum þeim, er greinir í 24. gr., skal verjanda fengið endurrit, og á hann rétt á hæfilegum fresti til að kynna sér þau og til að leggja fram sín gögn og greinargerð. Landsdómur ákveður á þessu dómþingi, hvenær næsta þinghald skuli vera.

■ **26. gr.** Dómsforseti gætir þess, að dómþing sé háð eftir réttum reglum. Honum er rétt að áminna þá, sem á þingi eru, ef framkoma þeirra er óviðeigandi. Getur hann vísað mönnum úr dómsal, ef nærvera þeirra horfir til truflunar á þingfriði eða þeir koma ósæmilega fram við dómendur eða aðra.

■ **27. gr.** Í fyrsta þinghaldi skorar dómsforseti á málsaðila að segja til þess, ef þeir telja nokkurn dómenda vanhæfan til meðferðar málsins. Komi fram krafa um, að einhver dómari víki sæti, kveður landsdómur upp úrskurð um þá kröfu. Um skyldu dómenda í landsdómi til að víkja sæti gilda sömu reglur og um hæstaréttardómendur.

□ Nú víkur dómari sæti og kemur þá varamaður í hans stað, ef til er. Eigi er landsdómur bær að fara með mál og dæma, nema að minnsta kosti 10 dómendur, hinir sömu, hlýði á alla sókn og vörn í málinu og taki þátt í að dæma það, og skulu þar af vera 4 hinna sjálfkjörnu dómara hið fæsta.

■ **28. gr.** Að liðnum fresti þeim, sem til er tekinn af landsdómi, skal verjandi leggja fram greinargerð af ákærðs hálfu og gögn þau, er hann hyggst bera fyrir sig í málflutningi skjólstæðingi sínum til varnar, svo og nafnaskrá yfir menn þá, sem hann óskar, að yfirheyrðir séu, enda séu þeir ekki á skrá saksóknara.

□ Nú óska málsaðilar, annar hvor eða báðir, eftir frekari fresti til gagnasöfnunar til undirbúnings málflutningi, og skal þá enn veittur hæfilegur frestur, er aðilar skulu nota sameiginlega.

■ **29. gr.** Nú óskar annar hvor málsaðili síðar að bera fyrir sig önnur sakargögn en þau, sem hann hefur lagt fram eða getið er á skrá hans eða í greinargerð, eða hann óskar að afla einhvers sönnunargagns á annan hátt en þar er til tekið, og er það þá því aðeins hægt, að gagnaðili samþykki eða dómurinn leyfi.

■ **30. gr.** Forseti á, er þess er krafizt af öðrum hvorum málsaðila, að gefa út stefnu til vitna þeirra, er leiða á fyrir landsdómnum. Um stefnufrest og stefnubirtingu gilda almennar reglur.

■ **31. gr.** Um vitni og vitnaskyldu fyrir landsdómi fer, eftir því sem við getur átt, eftir almennum reglum um vitni í refsimálum, samanber XII. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.[1)]

[1)] *Nú l. 74/1974.*

■ **32. gr.** Að loknum málatilbúnaði samkv. 28. gr. hefst sókn máls og vörn fyrir landsdómi. Gerir saksóknari fyrst stutta grein fyrir málsatvikum og sakargögnum þeim, er hann hyggst styðja ákæru við. Því næst spyr hann ákærðan um sakaratriði. Verjandi, dómsforseti og aðrir dómendur geta síðan lagt spurningar fyrir ákærðan.

□ Sé mál höfðað gegn tveim mönnum eða fleiri, ákveður dómsforseti í hvaða röð þeir skuli prófaðir, hvort þeir skuli hlýða á framburð hver annars og hvort þeir skuli samprófaðir.

□ Hvenær sem vætti, framlögð gögn eða önnur atvik gefa tilefni til, skal ákærður yfirheyrður að nýju.

□ Engum þvingunaraðgerðum má beita við ákærðan til þess að fá hann til að svara. Mál verður jafnt tekið til meðferðar og dæmt, þó að ákærður mæti ekki eða neiti alveg að gefa skýrslu.

■ **33. gr.** Nú er fengin skýlaus játning ákærðs, og ákveður þá landsdómur að hverju leyti þörf sé frekari sönnunargagna.

■ **34. gr.** Þegar lokið er prófun ákærðs, flytur saksóknari fram sakargögn og leiðir vitni. Spyr hann þau sjálfur, en verjanda og ákærðum er heimilt að leggja fyrir þau gagnspurningar. Auk þess getur dómsforseti og einstakir dómendur beint spurningum til vitnis. Síðan flytur saksóknari sókn sína munnlega. Gerir hann þar grein fyrir ályktunum þeim, sem dregnar verða af gögnum málsins, lagaatriðum og endanlegum kröfum. Því næst færir verjandi fram sín gögn og leiðir vitni. Fer sú vitnaleiðsla fram með sama hætti og sagt var um vitni, sem leidd eru af saksóknara. Að því búnu flytur verjandi munnlega vörn svo og ákærður sjálfur, ef hann vill. Í vörn skal gerð grein fyrir ályktunum, sem dregnar verða af sönnunargögnum, lagaatriðum, sem máli skipta, og kröfur rökstuddar. Landsdómur ákveður, hvort málflytjendur megi tala oftar, en ákærður og verjandi hans skulu ætíð hafa tækifæri til að taka eins oft til máls og saksóknari og að taka til máls síðast, áður en málið er tekið til dóms.

□ Landsdómur sker úr öllum vafa og ágreiningsefnum, sem upp kunna að koma í sambandi við vitnaleiðslu.

■ **35. gr.** Neiti vitni án lögmætra ástæðna að svara, getur landsdómur dæmt það í sekt eða varðhald allt að 6 mánuðum.

■ **36. gr.** Reglum um vitni skal beitt um matsmenn og skoðunarmenn eftir því sem við á.

■ **37. gr.** Verði nauðsynlegt, eftir að sókn máls og vörn fyrir landsdómi er byrjuð, að fresta málsmeðferð, ákveður dómurinn, hvort eða að hve miklu leyti þurfi að endurtaka það, sem þegar hefur fram farið, er málið er á ný tekið fyrir.

■ **38. gr.** Vitnaskýrslur skulu stuttlega bókaðar í dómbók. Þegar yfirheyrslu er lokið, skal bókunin lesin upp og staðfest, að rétt sé bókað. Dómsforseti getur ákveðið, að skýrslur vitna og kunnáttumanna skuli hraðritaðar eða teknar á talvél. Kröfur og mótmæli skulu nákvæmlega bókuð. Ræður saksóknara og verjanda þarf eigi að bóka, nema dómsforseti mæli svo fyrir, að einstök atriði úr þeim skuli bókuð. Dómsforseti getur ákveðið, að ræður málflytjenda skuli teknar á talvél.

■ **39. gr.** Að málflutningi loknum skal málið þegar tekið til dóms. Ganga dómendur þá á ráðstefnu. Að loknum umræðum dómenda fer fram atkvæðagreiðsla. Dómsforseti stjórnar umræðum og atkvæðagreiðslu, ákveður í hvaða röð dómendur greiði atkvæði, og sker úr ágreiningi, sem rísa kann við atkvæðagreiðsluna.

□ Afl atkvæða ræður úrslitum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði forseta. Ráðstefna og atkvæðagreiðsla fer fram fyrir luktum dyrum.

■ **40. gr.** Ákærður verður aðeins dæmdur fyrir þær sakir, sem tilgreindar eru í ályktun Alþingis. Hins vegar er dómurinn ekki bundinn við refsikröfur saksóknara.

1963 Nr. 3 19. febr.

■ **41. gr.** Dóm landsdóms skal semja skriflega. Skal hann byggður á forsendum, þar sem meðal annars skal greina kröfur málsaðila og mótmæli, málsatvik og málsástæður, er máli skipta, sönnunargögn og mat á þeim, að því leyti sem þau geta skipt máli, lagaákvæði, sem máli varða, hugleiðingar dómsins og niðurstöðu. Aðalniðurstaða dómsins skal, svo sem venja er, dregin saman í dómsorð.

■ **42. gr.** Dómur skal skráður í dómbók. Dóm skal jafnan kveða upp svo fljótt sem við verður komið.

■ **43. gr.** Dómsforseti les dóminn upp í heyranda hljóði á dómþingi. Sé ákærður eigi viðstaddur dómsuppsögu, skal saksóknari sjá um, að honum sé birtur dómurinn með sama hætti og stefna. Dómseftirrit skulu send forseta sameinaðs Alþingis og dómsmálaráðherra. Landsdómur getur ákveðið, að dómur skuli prentaður og gefinn út.

■ **44. gr.** Sératkvæði dómenda í landsdómi skulu samin, skráð og lesin á dómþingi með sama hætti og dómur. Sé dómur prentaður, skulu þau einnig prentuð.

■ **45. gr.** Dómsmálaráðherra annast um, að dómi sé fullnægt á þann hátt, sem venjulegt er.

■ **46. gr.** Málskostnaður allur greiðist úr ríkissjóði, nema að því leyti sem ákærður kann að verða dæmdur til að greiða hann. Landsdómur metur það eftir grundvallarreglum réttarfarslaga, hvort og að hve miklu leyti málskostnaður skuli lagður á ákærðan. Þegar ákærður er dæmdur til að greiða málskostnað, skal tekið tillit til þess, hversu sök hans er mikil, svo og til efnahags hans.

■ **47. gr.** Saksóknara og verjanda skal í dómi ákveðin hæfileg þóknun fyrir starfa sinn. Þeir eiga og rétt á að fá endurgoldinn útlagðan nauðsynlegan kostnað.

■ **48. gr.** Um þóknun til vitna og matsmanna fer eftir sömu reglum og í öðrum dómsmálum.

■ **49. gr.** Dómendur í landsdómi og dómritarar eiga rétt á ferða- og dvalarkostnaði eftir sömu reglum og gilda um alþingismenn. Landsdómur ákveður þóknun til dómenda og dómritara fyrir hvert einstakt mál.

□ Allur dómskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

■ **50. gr.** Samkvæmt beiðni dómfellds manns getur landsdómur leyft, að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði tekið til meðferðar að nýju, ef fram eru komin ný gögn, sem ljóst eða líklegt gera, að dómfelldi hefði verið sýkn dæmdur, eða dæmdur fyrir mun minna brot, ef þau gögn hefðu komið fyrir dómendur, áður en dómur gekk, eða ef ætla má, að falsgögn hafi valdið refsidómi að einhverju eða öllu leyti.

□ Beiðni um endurupptöku skal senda forseta landsdóms, er kveður dóminn saman til þess að taka ákvörðun um, hvort endurupptaka skuli leyfð.

□ Nú ákveður landsdómur endurupptöku máls, og fer þá um meðferð og flutning málsins samkvæmt ákvæðum laga þessara.

■ **51. gr.** Að því leyti, sem eigi er á annan veg mælt í lögum þessum, skal, eftir því sem við getur átt, beita ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði um meðferð máls fyrir landsdómi.

1971 Nr. 39 16. apríl

Lög um utanríkisþjónustu Íslands.

■ **1. gr.** Utanríkisþjónustan fer með utanríkismál og gætir í hvívetna hagsmuna Íslands gagnvart öðrum ríkjum. Hún skal einkum gæta hagsmuna Íslands að því er snertir: **1971** Nr. 39 16. apríl

1. stjórnmál og öryggismál,
2. utanríkisviðskipti, og
3. menningarmál.

□ Utanríkisþjónustan annast í umboði forseta samningagerðir við önnur ríki, nema þar frá sé gerð undantekning í lögum eða forsetaúrskurði.

□ Þá skal utanríkisþjónustan einnig veita ríkisborgurum vernd og aðstoð gagnvart erlendum stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.

■ **2. gr.** Utanríkisþjónustan greinist í utanríkisráðuneytið, sendiráð Íslands, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur.

■ **3. gr.** Yfirstjórn utanríkisþjónustunnar er hjá utanríkisráðuneytinu, og hefur það eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd utanríkismála sé framfylgt.

□ Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sér um daglegan rekstur þess ásamt öðrum starfsmönnum, sem til þess eru skipaðir.

■ **4. gr.** Hafa skal sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur á þeim stöðum erlendis, þar sem slíkt er álitið nauðsynlegt til gæzlu hagsmuna Íslands.

□ Ákveða skal með forsetaúrskurði, á hvaða stöðum skuli hafa sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur (sbr. 7. gr.).[1)]

□ Um ákvarðanir samkvæmt þessari grein skal hafa samráð við utanríkismálanefnd.

[1)] *Forsetaúrsk. 17/1980.*

■ **5. gr.** Heimilt er utanríkisráðherra að fela forstöðumanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu eða vera jafnframt fastafulltrúi hjá alþjóðastofnunum.

□ Fela má forstöðumanni sendiráðs og öðrum sendiráðsmönnum að annast ræðisstörf jafnframt öðrum störfum.

■ **6. gr.** Forstöðumenn sendiráða eru sendiherrar eða sendifulltrúar. Forstöðumenn fastanefnda hjá alþjóðastofnunum eru fastafulltrúar og getur utanríkisráðherra veitt þeim sendiherranafnbót, meðan þeir gegna því starfi, séu þeir eigi skipaðir sendiherrar.

■ **7. gr.** Ræðismenn eru ýmist úr hópi fastra embættismanna utanríkisþjónustunnar, sendiræðismenn, eða valdir til starfa fyrir utanríkisþjónustuna, kjörræðismenn. Hinir síðar nefndu þurfa eigi að vera íslenzkir ríkisborgarar. Þeir taka eigi laun, en heimilt er, ef ástæða þykir til, að greiða þeim skrifstofufé að einhverju leyti.

□ Aðalræðismenn veita aðalræðisskrifstofum forstöðu, ræðismenn veita ræðisskrifstofum forstöðu og vararæðismenn veita vararæðisskrifstofum forstöðu.

■ **8. gr.** Starfsmenn utanríkisþjónustunnar aðrir en kjörræðismenn skiptast í þessa flokka heima og erlendis:

1. flokkur: Ráðuneytisstjóri. Sendiherrar.
2. flokkur: Skrifstofustjóri. Sendifulltrúar. Aðalræðismenn.
3. flokkur: Deildarstjórar. Sendiráðunautar. Ræðismenn.
4. flokkur: Fulltrúar A-flokks. Sendiráðsritarar. Vararæðismenn.

1971 Nr. 39 16. apríl

5. flokkur: Fulltrúar B-flokks. Aðstoðarmenn.

□ Auk þess starfa í utanríkisþjónustunni skjalavörður utanríkisráðuneytisins, bókarar, ritarar og annað starfsfólk eftir nánari ákvörðun utanríkisráðuneytisins.

■ **9. gr.** Forseti Íslands skipar þá starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem taldir eru í 1.—3. flokki samkvæmt 8. grein, en utanríkisráðherra þá, sem taldir eru í 4.—5. flokki sömu greinar. Kjörræðismenn eru skipaðir af utanríkisráðherra, nema aðalræðismenn, er forseti Íslands skipar. Aðrir starfsmenn eru ráðnir.

■ **10. gr.** Starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru skyldir til að starfa sem fulltrúar utanríkisþjónustunnar erlendis eða í utanríkisráðuneytinu samkvæmt ákvörðun utanríkisráðherra. Eigi þarf nýja skipun, þótt starfsmaður sé fluttur milli staða eða starfa innan sama flokks samkvæmt 8. grein þessara laga.

■ **11. gr.** Auk þeirra starfsmanna, sem taldir eru í 8. gr., er heimilt að ráða menn í utanríkisþjónustuna um tiltekinn tíma til að gegna sérstökum störfum, t.d. sem viðskiptafulltrúar, fiskifulltrúar, blaðafulltrúar eða menningarfulltrúar. Viðskiptafulltrúar skulu vinna að markaðsleit fyrir íslenzkar afurðir og greiða á annan hátt fyrir viðskiptum við aðrar þjóðir.

□ Þann tíma, er menn gegna störfum í utanríkisþjónustunni samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, skulu þeir, eftir því sem við á, hlíta sömu reglum og fastir embættismenn utanríkisþjónustunnar í samsvarandi störfum.

■ **12. gr.** Í utanríkisráðuneytinu skal vera bókasafn um þjóðarétt og alþjóðamál.

□ Utanríkisráðuneytið sér um skrásetningu allra samninga Íslands við önnur ríki og útgáfu þeirra.

□ Auk annarra starfa hefur skjalavörður ráðuneytisins að jafnaði með höndum umsjá bókasafnsins og skrásetningu og útgáfu samninga.

□ Heimilt er að veita fræðimönnum afnot af bókasafni ráðuneytisins að fengnu leyfi ráðherra.

■ **13. gr.** Starfsmenn utanríkisþjónustunnar taka laun samkvæmt almennum reglum um laun starfsmanna ríkisins. Auk þess skulu starfsmenn erlendis fá greiddar staðaruppbætur, sem miðast við kostnað á nauðsynjum (fæði, húsnæði o. fl.) og aðrar sérstakar aðstæður á hverjum stað. Þá skulu starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem dveljast langdvölum erlendis, fá greiddan hluta af kostnaði við að senda börn sín í skóla á Íslandi. Þessar staðaruppbætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum er utanríkisráðherra setur að höfðu samráði við utanríkismálanefnd. Reglur skulu settar á sama hátt um greiðslur sjúkrakostnaðar starfsmanna utanríkisþjónustunnar erlendis.

■ **14. gr.** Óheimilt er starfsmönnum utanríkisþjónustunnar að vinna störf utan hennar, nema sérstaklega standi á og samþykki utanríkisráðherra komi til.

□ Að öðru leyti gilda um starfsmenn utanríkisþjónustunnar lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við á.

□ Ákvæði þessarar greinar taka ekki til kjörræðismanna.

■ **15. gr.** Starfsmönnum utanríkisþjónustunnar, sem veita sendiráðum forstöðu, og sendiræðismönnum er heimilt að fara með þau störf í umdæmum sínum, sem notarius publicus fer með á Íslandi og varða löggerninga íslenzkra borgara, og einnig, ef annar aðili er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem þannig eru gefin út á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem þar eru gefin út.

1971 Nr. 39 16. apríl

□ Ef ástæða er til, getur utanríkisráðherra veitt kjörræðismönnum sömu heimild og ræðir um í fyrri málsgrein þessarar greinar.

■ **16. gr.** Kostnaður samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

■ **17. gr.** Fyrir embættisverk starfsmanna utanríkisþjónustunnar skal innheimta gjald eftir nánari fyrirmælum, er utanríkisráðherra setur með reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 15/1981.*

■ **18. gr.** Utanríkisráðherra setur almennar starfsreglur fyrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar og ákveður starfssvið þeirra.[1)]

[1)] *Rg. 134/1943 og rg. 126/1979, sbr. 574/1981 (um vegabréf utanríkisráðuneytisins).*

Forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur.

1980 Nr. 17 8. febr.

Samkvæmt fyrirmælum 4. gr. laga nr. 39 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskva, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Genf og New York, og sendiræðisskrifstofa (aðalræðisskrifstofa) í New York.

2. Umdæmi stofnana þeirra sem nefndar eru í 1. lið hér að framan skulu vera sem hér segir:

a. Kaupmannahöfn. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Tyrkland og Ísrael.

b. Osló. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Pólland og Alþýðulýðveldið Tékkóslóvakía.

c. Stokkhólmur. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Finnland, Sambandslýðveldið Júgóslavía og Albanía.

d. London. Auk Stóra-Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Lýðveldið Írland, Holland og Nígería.

e. París. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Cabo Verde, Spánn og Portúgal. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni í París (OECD) og hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

f. Moskva. Auk Sovétríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Búlgaría, Alþýðulýðveldið Rúmenía, Alþýðulýðveldið Ungverjaland, Lýðræðislýðveldið Þýskaland og Alþýðulýðveldið Mongólía.

g. Bonn. Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Austurríki og Sviss.

h. Brussel. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Grikkland og Luxemburg. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra hjá stjórn Efnahagsbandalags Evrópu og fastafulltrúi hjá Norður-Atlantshafsráðinu.

i. Washington. Auk Bandaríkja Ameríku skal umdæmi sendiráðsins vera Kanada, Mexíkó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Bahamaeyjar og Kúba.

1980 Nr. 17 8. febr.

j. Genf. Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf skal vera fastafulltrúi hjá Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna sem aðsetur hafa í Genf, svo sem: Alþjóðavinnumálastofnuninni (ILO), Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO), Alþjóðaveðurmálastofnuninni (WMO), Alþjóðafjarskiptastofnuninni (ITU), Alþjóðatollamálastofnuninni (GATT), Alþjóðaþróunarmálastofnuninni (UNCTAD) og Efnahagsmálanefnd Evrópu (ECE). Forstöðumaður fastanefndarinnar skal einnig vera fastafulltrúi hjá stjórn Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og auk þess sendiherra í Kenýa, Tanzaníu, Egyptalandi og Eþíópíu.

k. New York. Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York skal vera fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Annar maður veiti aðalræðisskrifstofunni forstöðu.

3. Einn starfsmaður utanríkisþjónustunnar með búsetu í Reykjavík, skal vera sendiherra í fjarlægum löndum, sem Ísland hefir stjórnmálasamband við, í öðrum heimsálfum en Evrópu, fyrst og fremst Asíu og Afríku, eftir því sem nauðsyn kann að krefja.

4. Einn starfsmaður utanríkisþjónustunnar með búsetu í Reykjavík skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu og sendiherra í Vatikanríkinu.

5. Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 15 22. mars 1976.

1971 Nr. 56 16. apríl

Lög um sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokka.

■ **1. gr.** Greiða skal þingflokki tiltekna lágmarksfjárhæð og að auki ákveðna upphæð fyrir hvern þingmann til að kosta sérfræðilega aðstoð fyrir þingflokkinn og þingmenn hans við þingstörf. Utanflokkaþingmaður fær sömu upphæð og greidd er á hvern þingmann þingflokks.

■ **2. gr.** Á fjárlögum skal hverju sinni ákveða, hve miklu fé skuli varið til aðstoðar þingflokkum samkv. lögum þessum.

■ **3. gr.** Þingflokkur er samtök tveggja eða fleiri þingmanna, sem eru fulltrúar stjórnmálaflokks, er hefur komið á fót landssamtökum.

■ **4. gr.** Greiðslur til þingflokks skulu inntar af hendi ársfjórðungslega, þ. e. 1. febr., 1. maí o. s. frv., og skulu miðaðar við skipan Alþingis í byrjun ársfjórðungs, þ. e. 1. jan., og 1. apríl o. s. frv.

□ Þingflokkur ræður sjálfur ráðstöfun þess fjár, er í hans hlut kemur.

■ **5. gr.** Forsetar Alþingis setja í samráði við formenn þingflokka reglur um skiptingu þess fjár, sem hverju sinni er veitt til aðstoðar þingflokkum.

■ **6. gr.** Formenn þingflokka skulu árlega senda forsetum Alþingis greinargerð um ráðstöfun þess fjár, er þeir veita móttöku samkvæmt lögum þessum, eftir nánari reglum, er forsetar setja. Sama gildir um þingmann utanflokka.

1978 Nr. 62 20. maí

Lög um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi.

■ **1. gr.** Íslenskum stjórnmálaflokkum er óheimilt að taka við gjafafé eða öðrum fjárhagslegum stuðningi til starfsemi sinnar hérlendis frá erlendum aðilum. Þá er erlendum sendiráðum á Íslandi óheimilt að kosta eða styrkja blaðaútgáfu í landinu.

1978 Nr. 62 20. maí

■ **2. gr.** Lög þessi taka til stjórnmálaflokka og félagasamtaka þeirra, svo og til hvers konar stofnana, sem starfa á þeirra vegum, beint eða óbeint, þ. á m. blaða, og einnig til blaða og tímarita, sem út eru gefin á vegum einstaklinga eða félagasamtaka.

■ **3. gr.** Bann það, sem felst í 1. gr. þessara laga, nær til hvers konar stuðnings, sem metinn verður til fjár, þ. á m. til greiðslu launa starfsmanna eða gjafa í formi vörusendinga.

■ **4. gr.** Erlendir aðilar teljast í lögum þessum sérhverjar stofnanir eða einstaklingar, sem hafa erlent ríkisfang, hvort sem þeir eru búsettir hér á landi eða ekki.

■ **5. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum ...[1]

□ Fjármagn, sem af hendi er látið í trássi við lög þessi, skal gert upptækt og rennur til ríkissjóðs.

[1] *L. 10/1983, 74. gr.*

1959 Nr. 52 14. ágúst

Lög um kosningar til Alþingis.

I. kafli. Kosningarréttur og kjörgengi.

■ **1. gr.** [Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem:

1. eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram;
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi;
3. eiga lögheimili hér á landi;
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru eigi sviptir lögræði.][1]

[1] *L. 48/1968, 1. gr.*

■ **2. gr.** Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

□ [Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri, er hann framdi brotið og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæzla sé dæmd.][1]

[1] *L. 45/1961, 1. gr.*

■ **3. gr.** Maður telst fjárráður, þó að bú hans sé undir gjaldþrotaskiptum.

■ **4. gr.** Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá, karl eða kona, sem kosningarrétt á samkvæmt 1. gr., nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi.

II. kafli. Kjördæmi.

■ **5. gr.** Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja, og er landinu skipt í kjördæmi, sem hér segir:

A. Kjördæmi, þar sem kosnir eru hlutbundinni kosningu fimm alþingismenn og varamenn þeirra í hverju kjördæmi:

1. Vesturlandskjördæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.

2. Vestfjarðakjördæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla.

3. Norðurlandskjördæmi vestra: Vestur-Húnavatns-

sýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.

4. Austurlandskjördæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.

5. Reykjaneskjördæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.

B. Kjördæmi, þar sem kosnir eru hlutbundinni kosningu sex alþingismenn og varamenn þeirra í hvoru kjördæmi:

1. Norðurlandskjördæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.

2. Suðurlandskjördæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.

C. Reykjavíkurkaupstaður er sérstakt kjördæmi, þar sem kosnir eru hlutbundinni kosningu tólf alþingismenn og varamenn þeirra.

III. kafli. Kjördeildir.

■ **6. gr.** Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir og er hver hreppur eða kaupstaður ein kjördeild, nema honum hafi verið skipt í fleiri kjördeildir.

□ Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd með samþykki yfirkjörstjórnar að skipta kaupstað eða hreppi í kjördeildir. Hreppum má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar.

□ Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 15 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess, áður en kjörskrá hefur verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að áliti yfirkjörstjórnar.

□ Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstaði í sveitum, en tölusetja þær til aðgreiningar í kaupstöðum.

IV. kafli. Kjörstjórnir og kjörstjórar utan kjörfunda.

■ **7. gr.** Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrennar:

1. Landskjörstjórn.
2. Yfirkjörstjórnir.
3. Undirkjörstjórnir.

■ **8. gr.** Sameinað Alþingi kýs eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm manna landskjörstjórn hlutbundnum kosningum og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

■ **9. gr.** Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, og eru þeir kosnir af sameinuðu Alþingi á sama hátt og landskjörstjórn. Kýs hún sér sjálf formann. Yfirkjörstjórnarmenn skulu allir vera búsettir í hlutaðeigandi kjördæmi. Nú forfallast landskjörstjórnar- eða yfirkjörstjórnarmaður, eða yfirkjörstjórnarmaður flyzt búferlum úr kjördæmi og varamaður er ekki tiltækur, og skipar ráðherra menn í þeirra stað eftir tillögu þess flokks, sem kaus þá á Alþingi.

□ Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt, þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst, meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar vera eins miðsvæðis í kjördæminu og kostur er, enda liggi það vel við samgöngum.

■ **10. gr.** Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kýs til eins árs úr hópi kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins og jafnmarga til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess. Hreppstjóri skal þó jafnan vera formaður kjörstjórnar þess hrepps eða kjördeildar, sem hann er búsettur í. Annars velur kjörstjórn sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

□ Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kýs bæjarstjórn 3 manna kjörstjórn til þess að hafa með höndum stjórn undirkjörstjórna á hverjum kjörstað. Yfirkjörstjórnir skulu jafnan vera reiðubúnar til þess að mæta fyrivaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða i sambandi við kosninguna, ef með þarf.

■ **11. gr.** Sá, sem á sæti í yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis. Sá, sem á sæti í landskjörstjórn, skal víkja sæti, þegar úthlutað er uppbótarþingsætum, ef hann getur sjálfur komið til greina við skipun í uppbótarþingsæti.

■ **12. gr.** Varamenn taka sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í forföllum aðalmanna eftir venjulegum reglum, þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð, kveður hún sjálf til þann eða þá, sem þarf til þess, að talan sé fyllt.

□ Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

■ **13. gr.** [Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar samkvæmt lögum þessum eru:

a. sýslumenn og bæjarfógetar, yfirborgarfógetinn í Reykjavík og lögreglustjórar utan Reykjavíkur. Enn fremur annast atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í umboði framangreindra embættismanna og eftir ákvörðun þeirra dómarar og löggiltir fulltrúar við embætti þeirra, svo og aðrir fulltrúar þeirra eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins,

b. hreppstjórar. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri,

c. skipstjórar á íslenskum skipum í millilandasiglingum og á fjarlægum miðum,

d. forstöðumenn sendiráða og fastanefnda hjá alþjóðastofnunum og sendiræðismenn. [Aðrir sendierindrekar annast og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eftir ákvörðun viðkomandi forstöðumanns, svo og aðrir starfsmenn sendiráða, fastanefnda og sendiræðisskrifstofa eftir ákvörðun utanríkisráðuneytisins.][1] Enn fremur fara kjörræðismenn með atkvæðagreiðslu utan kjörfundar samkvæmt ákvörðun utanríkisráðuneytisins, og skal utanríkisráðuneytið auglýsa fyrir hverjar kosningar, hverjir kjörræðismenn verða kjörstjórar.

□ Ef kjörstjórar eru í framboði, skulu þeir víkja sæti og varamenn gegna störfum þeirra. Fulltrúar sýslumanna og bæjarfógeta, yfirborgarfógeta í Reykjavík og lögreglustjóra utan Reykjavíkur skulu vera varamenn þeirra, en sýslumenn skipa varamenn hreppstjóra. Fyrsti stýrimaður skal vera varamaður skipstjóra. Ekki

má utan kjörfundaratkvæðagreiðsla fara fram á heimili frambjóðanda.][2)]

[1)]*L. 4/1983, 1. gr.* [2)]*L. 15/1974, 1. gr.*

V. kafli. Kjörskrár.[1)]

[1)]*Ath. l. 34/1978, ákvæði til bráðabirgða.*

■ **14. gr.** Sveitarstjórnir annast um, að gerðar séu kjörskrár til alþingiskosninga, er fram eiga að fara, og skal samningu skráa vera lokið svo tímanlega, að þær verði lagðar fram svo sem fyrir er mælt í 19. gr.

■ **15. gr.** Á kjörskrá skal taka:

1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 1. gr. laga þessara og voru heimilisfastir í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma, er kjörskrár skulu fram lagðar samkvæmt 1. málsgr. 19. gr.

[2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar málsgreinar, að þeir hafi ekki fyllt 20 ára aldur, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum fyrir lok þess árs, er kosningar fara fram.][1)]

[3. Námsmenn búsettir á Norðurlöndum skulu færðir á kjörskrá þar sem þeir voru síðast heimilisfastir hérlendis, nema gild ástæða sé til annars.][2)]

□ [Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefur ekki fullnægt aldursskilyrðinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans í kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefur náð að fullnægja því, og skal rita framan við mánaðardaginn: **Fær atkvæðisrétt**.][3)]

□ Nöfn þeirra, sem standa á kjörskrá með slíkum athugasemdum, skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

[1)]*L. 48/1968, 2. gr.* [2)]*L. 90/1981, 1. gr.* [3)]*S. l. 3. gr.*

■ **16. gr.** Kjörskrá skal rita á eyðublöð, er dómsmálaráðuneytið lætur í té, og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur skrá á þau.

□ Þegar kjörskrá hefur verið samin, skal oddviti í hreppnum undirrita hana og að minnsta kosti einn maður annar úr hreppsnefndinni með honum, en í kaupstöðum borgarstjóri eða bæjarstjóri.

■ **17. gr.** Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti), jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það, sem skort hefur á, að færi lögum samkvæmt.

■ **18. gr.** Frá því að kjörskrá hefur verið samin og þangað til hún hefur verið lögð fram samkvæmt 19. gr., skal almenningur eiga aðgang að staðfestu eftirriti af henni hjá oddvita hreppsnefndar eða í skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra. Skriflegar aðfinnslur við kjörskrána, sem koma fram á þessum tíma, skal taka til meðferðar, er kjörskrá hefur legið frammi samkvæmt 19. gr., og á þann hátt, sem fyrir er mælt um aðrar kjörskrárkærur í 20. og 21. gr.

■ **19. gr.** Tveimur mánuðum fyrir kjördag skal leggja kjörskrá fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hverri kjördeild utan kaupstaða. Kjörskrá skal jafnan liggja frammi að minnsta kosti á einum stað í hverjum kaupstað eða kauptúni.

□ Fjórtán dögum áður en kjörskrá er lögð fram, skal auglýsa, hvar það verður gert, og á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Þegar auglýst er í blöðum um þetta innan kaupstaða, nægir þó þriggja daga frestur. Heimilt er ráðherra að stytta frest þennan eða fella hann alveg niður.

□ Kjörskrá skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu fjórar vikur, eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

■ **20. gr.** [Þegar tvær vikur eru til kjördags,][1)] skal hver sá, sem kæra vill, að einhvern vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða borgar- eða bæjarstjóra kæru sína með þeim rökum og gögnum, sem hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem ekki hafi rétt til að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða borgarstjóri eða bæjarstjóri innan 3 daga gagngert senda þeim, sem yfir er kært, eftirrit af kærunni.

[1)]*L. 90/1981, 2. gr.*

■ **21. gr.** Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, sbr. 18. og 20. gr., skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr á opinberum [fundi, sem haldinn sé eigi síðar en einni viku fyrir kjördag][1)]. Til þess fundar skulu með 3 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinnslurnar, og þeir, sem mælt er á móti, eða umboðsmenn þeirra. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fáum orðum í gerðabók hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.

□ Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir hana. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

□ [Nú er maður dæmdur eða kærður inn á kjörskrá og skulu þá viðkomandi dómarar eða sveitarstjórn tilkynna strax yfirkjörstjórn og sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem aðilinn hlaut rétt til þess að vera á kjörskrá, og einnig þess umdæmis, þar sem hann var strikaður út, nafn og heimilisfang viðkomandi, enda þótt útskrift af dómi verði send síðar.][1)]

[1)]*L. 90/1981, 3. gr.*

■ **22. gr.** Kjörskrá skal samin í tveim eintökum, og skal annað eintakið sent oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á, jafnskjótt sem kjörskráin er endanlega undirrituð, en 2 mánuðum fyrir kjördag skal tilkynna honum tölu þeirra, sem á kjörskrá verða, eftir því sem næst verður komizt.

■ **23. gr.** Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem hér er gert ráð fyrir, og má þá stytta þetta allt hlutfallslega eftir nánari fyrirmælum ráðherra í auglýsingu um kosningar.

□ Ráðherra er og heimilt að stytta alla fresti, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera, þegar gera þarf ráðstafanir út af vanrækslu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um samning kjörskrár, sbr. 17. gr.

■ **24. gr.** Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypis og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarvistar eða af öðrum ástæð-

um hefur ekki átt kost á að koma fram með kæru út af kjörskrá, áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, hvort sem málið varðar hann sjálfan eða ekki. Máli út af þessu skal dómara skylt að hraða svo, að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Skal dómari skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum, og frestar áfrýjun ekki fullnægingu dómsins.

□ Dómsgjöld skal engin greiða í málum þessum.

■ **25. gr.** Allar kosningar til Alþingis skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einu kjördæmi eða einni kjördeild við sömu kosningu til Alþingis. Ef maður er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu eða fleiri kjördeildum en einni, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.

□ Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 15. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefur öðlazt atkvæðisrétt á kjördegi, en annars ekki.

VI. kafli. Framboð.

■ **26. gr.** Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram, skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri, sem í hlut á, eigi síðar en 4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag.

□ Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í kjöri eru.

■ **27. gr.** Framboðslista í kjördæmi skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum í Reykjavík og eigi færri en 50 og eigi fleiri en 100 í öðrum kjördæmum.

□ Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk listinn sé boðinn fram. Ef yfirlýsingu þessa vantar, telst listi utan flokka.

□ [Ef sá aðili, sem samkvæmt reglum flokks er ætlað að ákveða framboðslista, eða staðfesta framboðslista endanlega, ber fram mótmæli gegn því, að listi sé í framboði fyrir flokkinn, skal yfirkjörstjórn úrskurða slíkan lista utan flokka og landskjörstjórn úthluta uppbótarþingsætum í samræmi við það.][1)]

[1)] *L. 48/1968, 4. gr.*

■ **28. gr.** Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.

■ **29. gr.** Nú berst yfirkjörstjórn listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum.

■ **30. gr.** Á framboðslista í kjördæmi skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleiri nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burt af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

■ **31. gr.** Það er ekki nauðsynlegt, að kjörgengi frambjóðenda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru, jafnframt því sem það úrskurðar um, hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

■ **32. gr.** Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum, áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá innan viku, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess, setja annan mann í stað hins látna á listann, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið.

VII. kafli. Umboðsmenn.

■ **33. gr.** Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans um það, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni, eru frambjóðendur í aðalsætum hver um sig réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra, sem þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þær upplýsingar um listana, er yfirkjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum og talningu atkvæða. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnir setja.

■ **34. gr.** Stjórnmálaflokkur, sem þátt tekur í alþingiskosningum, á rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er úthlutun uppbótarþingsæta fer fram, til þess að gæta þar réttar flokksins.

VIII. kafli. Kosningaundirbúningur.

■ **35. gr.** Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

□ Landskjörstjórn bókar um viðtöku kjörgagna, samtölu atkvæða hinna einstöku stjórnmálaflokka og úthlutun uppbótarþingsæta o. s. frv., yfirkjörstjórnir um viðtöku framboða, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar, undirkjörstjórnir um allt sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

□ Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar og yfirkjörstjórna, en yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórna.

□ Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnum í té embættisinnsigli.

■ **36. gr.** Dómsmálaráðuneytið heldur bók yfir utankjörfundarkjörgögn og bókar, hve mörg kjörblöð með umslögum það sendir hverjum kjörstjóra utan kjörfunda, sbr. 13. gr., og tölusetningu þeirra (sbr. 44. gr.).

□ Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) halda sams konar bækur og færa til bókar á sama hátt utankjörfundargögn þau, er þeir láta frá sér til hreppstjóra og skipstjóra.

■ **37. gr.** Yfirkjörstjórn skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu væntanlega tölu kjósenda í kjördæmi sínu, jafnskjótt sem henni hefur borizt áætlun um það (sbr. 22. gr.), og eigi síðar en 6 vikum fyrir kjördag.

■ **38. gr.** Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð, heldur yfirkjörstjórn fund á næsta virkum degi, og skal umboðsmönnum framboðslista veittur kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn

kostur á að leiðrétta þá, og má veita frest í því skyni, eftir því sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, sem yfirkjörstjórn hefur bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan yfirkjörstjórnar um úrskurð, ræður afl atkvæða úrslitum.

■ **39. gr.** Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur, og skal eftirrit af úrskurði þá þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af lista þeim, sem rækur er ger.

■ **40. gr.** Er yfirkjörstjórn hefur lagt úrskurð á framboðslista, merkir hún lista hinna eldri stjórnmálaflokka sama bókstaf og þeir höfðu síðast og lista nýrra stjórnmálaflokka í áframhaldandi stafrófsröð eftir röð, er heiti þeirra stjórnmálaflokka verður í, er þeim er raðað í stafrófsröð. Þó er stjórnmálaflokki heimilt að velja sér bókstaf, sem eigi er notaður af þingflokki, en tilkynna skal hann landskjörstjórn slíkt val samstundis. Sé ágreiningur um slíkt val milli flokka, sker landskjörstjórn úr.

□ Landskjörstjórn skal sjá um, að samræmi sé í merkingu framboðslista milli kjördæma, þannig að sami stjórnmálaflokkur hafi alls staðar sama listabókstaf.

■ **41. gr.** Nú eru fleiri en einn listi boðnir fram fyrir sama stjórnmálaflokk í kjördæmi, og skal þá merkja þá: A, AA...., B, BB...., C, CC...., o. s. frv. Listi, sem boðinn er fram utan flokka, er merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum.

■ **42. gr.** Yfirkjörstjórn gerir þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi og Lögbirtingablaði og auk þess í dagblöðum eða vikublöðum í viðkomandi kjördæmi á þann hátt, að greindur sé bókstafur hvers lista, fyrir hvaða stjórnmálaflokk hann er í kjöri, að hann sé utan flokka, ef því er að skipta, og svo nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

■ **43. gr.** Ef frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það dómsmálaráðuneytinu, sem birtir listann þannig breyttan í útvarpinu og tilkynnir það öllum yfirkjörstjórnum, svo og öllum kjörstjórum utan kjörfunda.

■ **44. gr.** Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörseðla þá ásamt fylgibréfum og umslögum, er þar til heyra og notuð verða við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda.

□ Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörfunda 4 vikum fyrir kjördag.

■ **45. gr.** Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda skulu vera þannig gerð: Kjörseðill, fylgibréf og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflínum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skrift verði ekki greind í gegnum hann, þó að borið sé upp við birtu. Stofn og fylgibréf sama kjörblaðs skulu auðkennd sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land allt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 10 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbréfi. Jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflínum, svo að auðvelt sé að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibréfinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjóra. Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr. .....

.....
(Nafn og föðurnafn kjósanda.)

.....
(Staða, heimili, hreppsnafn og kaupstaður.)

kaus .....
(Staður, dagsetning og ár.)

hjá .....
(Staða.)

Nr. .....

Ég undirritaður, sem á heima

.....
(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaður.)

og vegna fjarveru get ekki sótt kjörfund á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að ég þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi séð, hef útfyllt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi ég því yfir, að ég hef engan annan kjörseðil frá mér sent og hef ekki kosið annars staðar.

.....
(Staður, dagsetning og ár.)

.....
(Undirskrift kjósanda.)

Að .....
(Fullt nafn kjósanda.)


.....
(Heimili kjósanda.)

hafi undirskrifað fylgibréfið, sem er rétt dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sé útfylltur aðstoðarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.

.....
(Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili.)

Vitundarvottar
(Embættisstimpill nægir ekki.)

.....
(Nafn.)



Umslögin skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír, hæfilega stór utan um fylgibréfið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefur verið lokað og fylgibréfið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin, og hverju 10 blaða hefti fylgja 10 umslög með sömu tölum. [Nafnnúmer skal fylgja nafni kjósanda utan á umslagi.][1)]

[1)] *L. 97/1982, 1. gr.*

■ **46. gr.** Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) senda nægilegar birgðir utankjörfundarkjörgagna til annarra kjörstjóra, hver í sínu umdæmi, og færa hverja sendingu til bókar samkvæmt 36. gr.

□ Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

■ **47. gr.** Skipstjórar þeir, sem eru kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkvæmt 13. gr., skulu gæta þess, að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

□ Í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera að minnsta kosti 1 eintak af bók þeirri er í 61. gr. getur.

□ Enn fremur er skylda skipstjóra á íslenzkum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn, jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

■ **48. gr.** Þá er skipstjóri veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti) taka af honum drengskaparyfirlýsingu um, að kosning í skipi hans skuli fara fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.

■ **49. gr.** Dómsmálaráðuneytið lætur í tæka tíð yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir kjörseðla þá, sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

■ **50. gr.** Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

■ **51. gr.** Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skal gera þannig, að hægt sé að prenta listana á það, hvern við annars hlið, og skal ætla um 6 cm breidd hverjum lista, en lengd skal miðuð við fulla löglega tölu frambjóðenda.

■ **52. gr.** Að liðnum framboðsfresti skulu yfirkjörstjórnir, hver fyrir sitt kjördæmi, láta fullgera kjörseðla þá, sem notaðir verða á kjörfundi, ef kosning á að fara fram í kjördæminu. Við almennar kosningar svo og uppkosningar í sambandi við þær fellur kosning ekki niður, þó að einungis einn listi sé í kjöri.

■ **53. gr.** Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi, skal fullgera á þennan hátt: Prenta skal listana á eyðublaðið, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti ½ cm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

□ Þess skal getið um hvern lista, fyrir hvern stjórnmálaflokk hann er í kjöri, á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn, en ofan við nöfnin á listanum: **Listi ..... flokksins.** Ef listi er boðinn fram utan flokka, skal á sama hátt prenta neðan við listabókstafinn: **Listi utan flokka.**

■ **54. gr.** Kjörseðlana skal brjóta þannig, að óprentaða hliðin snúi út.

□ Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá, sem sendir eru undirkjörstjórnum, og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá frá sér.

■ **55. gr.** Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin eins fljótt og verða má afhenda til flutnings á næstu póststöð sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

□ Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórn innsiglar með embættisinnsigli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið.

□ Seðlum, sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórnar, gerir yfirkjörstjórn grein fyrir, þegar atkvæði eru talin.

■ **56. gr.** Jafnframt og yfirkjörstjórn sendir undirkjörstjórnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 6 umslög, og skal á neðra framhorn vera prentað á tvö þeirra: **Ónýtir seðlar,** á tvö **Ágreiningsseðlar** og á tvö **Afgangsseðlar.**

□ Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt umslag með áprentaðri utanáskrift sinni og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafnframt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefur hana ekki fyrir, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

IX. kafli. Kjördagur.

■ **57. gr.** Þá er almennar, reglulegar alþingiskosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, síðasti [laugardagur][1)] í júnímánuði.

□ Bæði er þetta á sér stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki fram farið á þeim degi.

□ Kjörtímabilið er 4 ár.

[1)] *L. 90/1981, 4. gr.*

X. kafli. Kjörstaðir. Atkvæðakassar. Handbók kosningalaga.

■ **58. gr.** Kjörstað í hverri kjördeild ákveða hreppsnefndir eða bæjarstjórnir.

□ Sé þingstaður innan kjördeildar, skal hann að jafnaði vera kjörstaður.

□ [Hreppsnefnd er heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins.][1)]

□ Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur.

[1)] *L. 48/1968, 5. gr.*

■ **59. gr.** Þar sem kosning fer fram, skal vera herbergi áfast kjörfundarstofunni og svo um búið, að ekki verði í

það gengið né séð utan frá, og er herbergið kjörklefi. Sé eigi á slíku völ, má í þess stað tjalda fyrir eitt hornið í kjörfundarstofunni, svo að ekki sjáist þangað inn.

☐ Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á kjörklefanum, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að ekki sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli undirkjörstjórnar.

☐ Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

☐ [Þar skal einnig vera spjald jafnstórt kjörseðli með upphleyptum listabókstöfum og blindraletri, með glugga framan við hvern staf og vasa á bakhlið þannig að blindir geti gegnum gluggann sett kross framan við þann lista, er þeir gefa atkvæði sitt, og á þann hátt kosið í einrúmi og án aðstoðar.][1)]

[1)] *L. 37/1979, 1. gr.*

■ **60. gr.** Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti) atkvæðakassana og poka, sem þeim fylgja, milli kosninga og sér um, að þeir séu til taks í tæka tíð þar, sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm að lengd, 21 cm að breidd og 15,7 cm á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 15,7 cm löng að minnsta kosti en 6,5 mm víð að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir strigapokar, saumlausir, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana. Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðakassa og poka.

☐ Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á, að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum til afnota í kjördæminu.

■ **61. gr.** Dómsmálaráðuneytið lætur hverri kjördeild í té tvö eintök af lögum þessum, sem það lætur gefa út ásamt stjórnarskránni í handhægri útgáfu með skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir.

☐ Formenn undirkjörstjórna geyma eintök þessi, og skulu þau jafnan vera við höndina á kjörstað, meðan kjörfundur stendur yfir.

XI. kafli. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

■ **62. gr.** Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörfundar eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

☐ Sömu heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar hafa þeir, sem samkv. læknisvottorði er ráðgert að dveljast muni í sjúkrahúsi á kjördegi, einnig barnshafandi konur, sem ætla má að muni verða hindraðar í að sækja kjörfund á kjördegi, [svo og þeir, sem af trúarástæðum geta ekki sótt kjörfund á kjördegi][1)].

[1)] *L. 4/1983, 2. gr.*

■ **63. gr.** [Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosning fari fram:

a. í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, borgarfógeta í Reykjavík eða lögreglustjóra utan Reykjavíkur,

b. í skrifstofu eða á heimili hreppstjóra,

c. um borð í íslensku skipi, þar sem skipstjóri hefur fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu,

d. í skrifstofu sendiráðs, fastanefndar eða sendiræðisskrifstofu, svo og í skrifstofu kjörræðismanns, sem er kjörstjóri samkvæmt 13. gr.

☐ Kjörstjóra samkvæmt a- og b-lið 1. málsgr. 13. gr. er enn fremur heimilt að láta kosningu fara fram á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, enda sé kjósandi sjúklingur eða vistmaður á stofnuninni.

☐ Kjörstjóri samkvæmt a- og b-lið 1. málsgr. 13. gr. auglýsir á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar, hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram. Atkvæðagreiðsla í sjúkrahúsum og dvalarheimilum aldraðra skal fara fram á þeim tíma, sem kjörstjóri ákveður, að höfðu samráði við stjórn viðkomandi stofnunar, samkvæmt nánari reglum,[1)] sem dómsmálaráðuneytið setur. Utanríkisráðuneytið auglýsir, hvenær atkvæðagreiðsla getur farið fram hjá kjörræðismönnum, sem eru kjörstjórar samkvæmt 13. gr.][2)]

[1)] *Leiðbeiningar 252/1980.* [2)] *L. 15/1974, 2. gr.*

■ **64. gr.** Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar, eiga rétt á að greiða atkvæði, úr því að 4 vikur eða styttri tími er til kjördags, en fari kosning fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

☐ Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Þegar svo stendur á, að frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., má þó kjósandi, sem þegar hefur greitt atkvæði utan kjörfundar, endurtaka kosninguna, og eins þó að hann eigi ekki kost á að heimta þá þegar aftur hið fyrra atkvæði sitt (sbr. 72. gr.) annaðhvort af því, að það sé í fjarlægð eða varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa.

■ **65. gr.** [Kosning utan kjörfundar fer svo fram að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vill hafa röðina á listanum.][1)]

[1)] *L. 4/1983, 3. gr.*

■ **66. gr.** Áður en kjósanda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá ástæðum til þess, að hann óskar að neyta atkvæðisréttar síns fyrir kjördag, og gera sem nákvæmasta grein fyrir því, hvar hann muni verða staddur á kjördegi. Skal kjörstjóri færa upplýsingar þessar í bók, sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni. [Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og hjálpargögn, sé hann blindur (sjá 59. gr.), og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir, loka honum síðan þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðil sinn, og líma hann vandlega aftur.][1)]

☐ Kjörstjóri útfyllir því næst vottorð á fylgibréfinu, og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt né losa hann frá fylgibréfinu.

☐ [Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um að kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi

og án aðstoðar. Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé höndin ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Heimilt er kjörstjórnarmanni að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjórnar. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina og á fylgibréfið, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar skv. grein þessari. Kjörstjóri ritar á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.][2)]

☐ Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibréfið og eins þó að kosið sé hjá sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík borgarfógeta).

☐ Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra, og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

[1)] *L. 37/1979, 2. gr.* [2)] *S. l. 3. gr.*

■ **67. gr.** Umboðsmenn framboðslista skulu hafa aðgang að bók þeirri, sem um getur í 1. mgr. 66. gr.

■ **68. gr.** Þegar gengið hefur verið frá fylgibréfinu samkvæmt ákvæðum 66. gr., skal kjósandinn láta það með kjörseðlinum áföstum í tilheyrandi umslag og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík borgarfógeta) eða kjörstjórnarinnar í þeirri kjördeild, þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Síðan innsiglar kjörstjóri umslagið með lakki og þar til gerðu innsigli. Þó gildir sú meðferð ekki um þá atkvæðaseðla, er getur í 2. mgr. 71. gr. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjördæmi. [Þar skal og greina nafnnúmer kjósanda.][1)]

☐ Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

[1)] *L. 4/1983, 4. gr.*

■ **69. gr.** Nú ónýtist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins.

☐ Ónýtta seðilinn ásamt fylgibréfinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýttur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórnar ásamt hinum gildu atkvæðum.

☐ Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýtzt.

■ **70. gr.** Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

■ **71. gr.** Hreppstjórar og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) innfæra á sérstaka skrá atkvæðabréf þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert bréf, frá hvaða kjósanda það sé, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu bréf þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigluðum af kjörstjóra ásamt undirkjörstjórn, og er umboðsmönnum lista heimilt að setja á hann innsigli sín.

☐ Þeir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta (borgarfógeta) í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir bréf með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta bréfin í atkvæðakassann.

☐ Skrá þessa ásamt kassanum með bréfunum sendir hreppstjóri eða bæjarfógeti (borgarfógeti) síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sé komin henni í hendur, áður en kjörfundur er settur.

☐ Þau bréf, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu tölusett með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

☐ Nægjanlegt er að koma bréfi með utankjörfundaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis, þar sem hlutaðeigandi kjósandi er á kjörskrá, en þegar svo stendur á, að bréfi er komið í aðra kjördeild en þá, þar sem hlutaðeigandi kjósanda hefur borið að kjósa, skal undirkjörstjórn geta þess sérstaklega í kjörbókinni og senda slík bréf aðskilin til yfirkjörstjórnar.

☐ [Yfirkjörstjórn á hverju kjörsvæði skal strax að morgni kjördags bera þau utankjörstaðaratkvæði, er borist hafa, saman við kjörskrá viðkomandi staðar og það, sem ekki finnst þar, skal borið saman við þjóðskrá og atkvæðunum komið á réttan ákvörðunarstað.][1)]

[1)] *L. 37/1979, 4. gr.*

■ **72. gr.** Kjósandi getur jafnan krafizt þess af hverjum þeim, er varðveitir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefur verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

XII. kafli. Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

■ **73. gr.** Kjörfund skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegi, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis. Yfirkjörstjórn í kaupstöðum getur þó ákveðið, að kjörfundur skuli hefjast kl. 9 árdegis. Fullskipuð kjörstjórn skal viðstödd, er kjörfundur er settur. Sé hún ekki öll viðstödd, taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, unz hinir koma.

☐ Sé kjörfundur settur fyrr en kl. 12 á hádegi, skal það auglýst með þeim fyrirvara og á þann hátt, sem segir í 19. gr. 2. málsgr.

■ **74. gr.** Á meðan á kosningarathöfninni stendur, má aldrei nema einn úr kjörstjórn ganga út í senn, og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

■ **75. gr.** Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk umboðsmanna lista (sbr. 33. gr.) má enginn vera inni í kjörfundarstofunni, nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

☐ Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefur fengið frá yfirkjörstjórn, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni og riti kjörstjórn og umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggulinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og umboðsmenn telja líka. Skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem

tilgreind er í bréfi því, sem yfirkjörstjórn skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og umboðsmenn þar undir.

■ **76. gr.** Nú hefur kjörstjórn borizt atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar, og skal þá athuga á sama hátt og að framan segir, hvort innsigli kassans séu heil og ósköddud. Oddviti opnar síðan kassann, og telur kjörstjórnin bréfin og ber þau saman við skrána sem fylgir (sbr. 71. gr.). Bréfin leggur hún til hliðar og varðveitir þau, meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar, er henni kunna að hafa borizt eða berast, meðan á atkvæðagreiðslunni stendur.

■ **77. gr.** Kjörstjórn athugar, hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni í því skyni að greiða atkvæði í annarri kjördeild (sbr. 82. gr.), og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni, sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

■ **78. gr.** Í kjörfundarstofu svo og annars staðar á kjörstað skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar, er dómsmálaráðuneytið gefur út í því skyni.

■ **79. gr.** Dómsmálaráðuneytið sendir yfirkjörstjórnum í tæka tíð nægilega mörg eintök leiðbeininga þeirra, er getur í 78. gr., en yfirkjörstjórnir senda þær aftur undirkjörstjórnum.

■ **80. gr.** Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörzlu 1 mann eða fleiri, sem skiptast á.

□ Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að atkvæðagreiðsla hefjist, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

□ Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyrr inn, sem framar stendur á kjörskrá af þeim, sem gefa sig fram.

■ **81. gr.** Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna, gengur hann fyrir oddvita, sem fær honum einn kjörseðil, ef hann á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.

□ [Áður en kjósandi fær afhentan kjörseðil, skal hann, ef kjörstjórn óskar þess, sanna, hver hann er, með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt.][1)]

[1)] *L. 6/1966, 1. gr.*

■ **82. gr.** Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, nema hann skv. athugasemd við nafn hans hafi annaðhvort ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi eða þá að hann hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annars staðar.

□ Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði, nema hann sanni með vottorði, að nafn hans standi á kjörskrá í annarri kjördeild innan sama kjördæmis og hafi afsalað sér þar kosningarrétti og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í kjörbók undirkjörstjórnar, og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar kjörbók þeirrar kjördeildar, þar sem það er lagt fram og notað, enda einnig getið um það í kjörbókinni og nafn og heimili kjósanda tilgreint. Vottorð er einnig gilt, sé það undirritað af hreppsnefnd í þeim hreppi, þar sem kjósandi er á kjörskrá, eða oddvita fyrir hennar hönd. Ber oddvita að tilkynna undirkjörstjórn kjördeildar fyrir kjördag, hvaða kjósendum í kjördeildinni hreppsnefnd hafi gefið vottorð.

■ **83. gr.** Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann og að borði því, er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en 2 venjuleg dökk ritblý, er kjörstjórn lætur í té og sér um, að jafnan séu nægilega vel ydd.

■ **84. gr.** Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt, að hann markar með ritblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

□ Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim, er hann kýs, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja o. s. frv., að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

□ Sé frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim lista, er hann kýs, sem hann vill hafna, strikar hann yfir nafnið eða nöfnin.

■ **85. gr.** Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kýs, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það, sem segir í lögum þessum.

■ **86. gr.** Kjósandi má ekki hagga neitt við listum, sem hann kýs ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

■ **87. gr.** Þegar kjósandi hefur gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu, brýtur hann seðilinn í sama brot, er hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr klefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður, jafnvel þótt hann skili auðum seðli.

■ **88. gr.** Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar samkvæmt grein þessari.

■ **89. gr.** Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar, en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefur neytt kosningarréttar síns.

■ **90. gr.** Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur, og síðan læsa honum.

■ **91. gr.** Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ónýtur, og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá, á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil.

□ Þá er kjósandi hefur látið seðilinn í atkvæðakassann, víkur hann út úr kjörfundarstofunni.

■ **92. gr.** Nú er kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar og skilið eftir atkvæði sitt hjá kjörstjóra, eða sent það til hans eða komið því á annan hátt til undirkjörstjórnar, staddur á kjörstaðnum á þeim tíma, er kjörfundur stendur yfir, þ. e. innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar, og er hann þá skyldur að tilkynna nærveru sína, áður en atkvæðagreiðslu er lokið. Getur hann þá greitt atkvæði á kjörfundinum, en utankjörfundarseðill hans kemur þá ekki til greina við kosninguna. Sama gildir, ef ráðgerð forföll samkv. 2. málsgr. 62. gr. reynast ekki fyrir hendi á kjördegi.

■ **93. gr.** Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar, frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin, frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði, og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram.

□ Kjörfundi skal þó eigi slíta síðar en kl. 23 á kjördag. Þeir kjósendur, sem hafa gefið sig fram fyrir þann tíma, eiga þó rétt á að greiða atkvæði.

■ **94. gr.** Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiðir kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur.

■ **95. gr.** Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa, sem kjörstjórninni hafa borizt með utankjörfundaratkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

□ Kjörstjórn og umboðsmenn lista athuga fylgibréfin, bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsaka, hvort sá, sem bréfið er frá stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefur greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo reynist, að sá, sem bréfið er frá, standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

□ Komi fram umslag með ónýttum seðli (sbr. 69. gr.), skal kjörstjórn athuga fylgibréf og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ónýtta seðla, er hún sendir yfirkjörstjórn.

■ **96. gr.** Komi það í ljós að sá, er sent hefur utankjörfundaratkvæði, standi ekki á kjörskrá, eða hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði, eða sé búinn að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild (sbr. 82. gr.), eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 92. gr.), eða hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin fylgibréfið með kjörseðlinum áföstum aftur í umslagið og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf með áföstum kjörseðli, eða umslag og fylgibréf er ekki tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er dómsmálaráðuneytið hefur látið gera, eða ekki hefur verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna, sem settar eru í þessum lögum.

□ Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjósanda (sbr. 32. og 64. gr.), og skal þá aðeins hið síðast greidda atkvæði koma til greina.

■ **97. gr.** Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og umboðsmanns lista um það, hvort utankjörfundaratkvæði sé gilt eða ógilt, og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina, í hverju ágreiningurinn er fólginn, og leggja atkvæðið, þ. e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum, aftur í umslagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

■ **98. gr.** Þá utankjörfundarkjörseðla, sem enginn ágreiningur er um, að gildir séu, rífur kjörstjórn frá fylgibréfunum, gætir þess vandlega, að þeir opnist ekki né skaddist og lætur þá í atkvæðakassann.

■ **99. gr.** Umboðsmenn lista eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

□ Nú þykir umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitið bókað þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

□ Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir umboðsmann áhrærandi kosningargerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur, og riti hann nafn sitt undir.

■ **100. gr.** Þá er atkvæðagreiðslu er slitið og utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látnir í atkvæðakassann, skal oddviti jafnskjótt ganga frá í umslagi sér öllum þeim seðlum, sem ónýttir hafa verið (sbr. 69. og 91. gr.), í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um (sbr. 97. gr.), og í hinu þriðja öllum þeim seðlum, sem afgangs eru ónotaðir. Þegar umslögunum hefur verið lokað, skal ganga frá þeim öllum þremur ásamt lyklinum að atkvæðakassanum í aðalumslaginu og loka því. Til þess skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórn hefur sent í þessu skyni. Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefur verið undirrituð af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók eða afriti úr kjörbók, sem undirritað er af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef þeir hafa verið viðstaddir, í strigapoka þeim, er atkvæðakassanum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið sem næst hnútnum. Umboðsmenn eiga rétt á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins. Þokann skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað í pósti, ef ferð fellur þá þegar, en annars með áreiðanlegum sendimanni. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

□ Eftir að kjörstjórn hefur gengið frá kjörgögnum samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, mega hin innsigluðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar eigi vera í vörzlu sama manns.

■ **101. gr.** Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis, má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan að viðstöddum umboðsmönnum lista.

□ Um leið og kosningu er lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni, sendir hún kjörskráreintök þau, sem notuð voru við kosninguna, í

innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar. Að lokinni atkvæðatalningu býr yfirkjörstjórn um kjörskrárnar í innsigluðum umbúðum og sendir þær dómsmálaráðuneytinu.

XIII. kafli. Kosningaúrslit í kjördæmum.

■ **102. gr.** Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnum er skylt að sjá um, að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má, að dómi yfirkjörstjórnar.

□ Sé kosningu frestað samkvæmt 128. gr., má talning atkvæða aldrei fara fram, fyrr en kosningu er hvarvetna lokið.

■ **103. gr.** Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

□ Nú eru umboðsmenn lista eigi viðstaddir talningu, og skal yfirkjörstjórn þá kveðja valinkunna menn úr sama stjórnmálaflokki, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans.

■ **104. gr.** Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsigli séu ósködduð. Hafi yfirkjörstjórn borizt bréf með utankjörfundaratkvæði samkv. 71. gr. 5. mgr., skal fara með það eins og segir í 95. gr. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir og þannig haldið áfram, unz allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjördeildum blandist vel saman.

□ Því næst skulu kjörseðlar teknir úr ílátinu, og les oddviti upp listabókstafinn, sem við er merkt á hverjum seðli, og réttir hann jafnóðum umboðsmönnum lista til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við bókstaf hvers lista.

■ **105. gr.** Atkvæði skal meta ógilt:

1. Ef kjörseðill er auður.

2. Ef ekki verður séð, við hvern lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli, getur átt við nokkurn af listum, sem í kjöri eru.

3. Ef merkt er við fleiri listabókstafi en einn, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum eða skrifaður fleiri en einn listabókstafur á utankjörfundarseðil.

4. Ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni.

5. Ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent.

■ **106. gr.** Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að ekki sé merkt framan við listabókstafinn, en t. d. aftan við hann, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli orðið listi fylgi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmálaflokks o. s. frv.

□ Lista í kjördæmi telst atkvæði, þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

■ **107. gr.** Utankjörfundaratkvæði, greitt lista fyrir breytingu á honum samkvæmt 32. gr., skal teljast greitt listanum þannig breyttum.

■ **108. gr.** Nú kemur yfirkjörstjórn og umboðsmönnum lista saman um, að einhver kjörseðill sé ógildur, og skal hann þá ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum.

□ Úrskurða skal ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða, unz úrskurður er felldur.

□ Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn hefur úrskurðað gilda, og í hitt þá seðla, sem hún hefur úrskurðað ógilda.

□ Þá er allir kjörseðlar eru upplesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórn atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti umboðsmanna, og skal þess gætt, að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra, sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna, og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

□ Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst loka með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga umboðsmenn lista rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni ásamt ágreiningsseðlunum, sem dómsmálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

■ **109. gr.** Í kjördæmi skal telja saman, hve margir hafi kosið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna hvers um sig.

□ Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa atkvæðatölur listanna hverja fyrir neðan sinn bókstaf, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnazt, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna sem hann á af tölum þessum.

□ Standi ekki svo mörg nöfn á lista sem honum ber fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

■ **110. gr.** Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi, skal reikna frambjóðendunum atkvæðatölu á eftirfarandi hátt:

□ Yfirkjörstjórn telur fyrst saman alla kjörseðla hvers lista, eins og engin breyting hafi verið gerð á listanum, og á efsti frambjóðandi hvers lista tvo þriðju atkvæðanna, en hver hinna frambjóðendanna það brot af þessari atkvæðatölu, að í teljara sé tala þeirra þing-

manna og varaþingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem framar standa á listanum, og í nefnara tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á.

□ Síðan telur yfirkjörstjórn saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listanum, og á efsti frambjóðandi þriðjung atkvæðanna og aðrir frambjóðendur brot af þeirri atkvæðatölu eftir sömu reglu og í næstu málsgrein hér á undan.

□ Að lokum tekur yfirkjörstjórn alla þá kjörseðla hvers lista þar sem kjósendur hafa gert meiri eða minni breytingar við röð frambjóðendanna á listanum, og reiknar atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum eftir næstu málsgrein hér á undan. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkuð af þeim eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna. Sé strikað yfir nafn frambjóðanda á kjörseðli, telst honum ekki hluti úr atkvæði á þeim seðli.

□ Yfirkjörstjórn leggur saman framangreindar tölur hvers frambjóðanda, og er þá fundin atkvæðatala sú, sem segir til um, í hvaða röð frambjóðendur á listanum ná kosningu, fyrstur sá, sem hefur hæsta tölu þannig reiknaða, annar sá, sem hefur næsthæsta tölu o. s. frv., og svo margir, sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans. Ef tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafnháa tölu, sker hlutkesti úr á milli þeirra eftir reglum 113. gr.

■ **111. gr.** Framboðslisti í kjördæmi, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn, hefur rétt til varaþingmanna svo margra, sem til endist á listanum, en sá listi, sem ekki hefur hlotið þingmann, hefur ekki rétt til varamanns, þó að hann hefði atkvæðatölu til.

□ Varamenn á hverjum lista taka sæti aðalmanna eftir atkvæðamagni, fyrst sá, sem flest atkvæði hefur hlotið, því næst sá, er fengið hefur næstflest atkvæði o. s. frv. Nú hefur kjörbréf verið veitt varamanni á lista í kjördæmi, en hann hlýtur síðar uppbótarþingsæti, og skal þá yfirkjörstjórn sú, er í hlut á, koma saman af nýju og gefa næsta frambjóðanda á þeim lista, ef til er, kjörbréf sem varaþingmanni.

■ **112. gr.** Hafi ekki við almennar kosningar eða uppkosningar í sambandi við þær fleiri en einn listi verið í kjöri í kjördæmi, skal yfirkjörstjórn lýsa frambjóðendur listans kjörna sem þingmenn og varaþingmenn eftir reglum 110. og 111. gr., án tillits til þess, hver atkvæði honum hafa verið greidd, og eins, þó að enginn hafi greitt honum atkvæði.

■ **113. gr.** Hafi tveir frambjóðendur eða fleiri jöfn atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri sem þingmenn, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra frambjóðenda, sem jöfn hafa atkvæði á sams konar seðla hvert um sig, lætur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir og kveður til einhvern af óviðkomandi áhorfendum að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum til, hver sé kosinn.

■ **114. gr.** Þegar búið er að telja atkvæðin að fullu, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörnu þingmönnum, og að svo stöddu jafnmörgum varaþingmönnum kjörbréf, samið samkvæmt fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda dómsmálaráðuneytinu tilkynningu um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

■ **115. gr.** Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 102. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en aðeins eigi lýsa neinn þingmann kosinn, fyrr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal umboðsmönnum lista, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

■ **116. gr.** Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslur um atkvæðatölurnar hver úr sínu kjördæmi. Í skýrslunum skal tilgreina, hvaða atkvæðatala hafi fallið á hvern lista fyrir sig, og atkvæðatölu hvers frambjóðendanna samkvæmt 110. gr.

□ Skýrslunum skulu fylgja skilríki listanna um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk þeir hafi verið í kjöri, þau er fylgdu framboðum þeirra.

□ Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

■ **117. gr.** Yfirkjörstjórnir senda Hagstofunni, hver úr sínu kjördæmi, skýrslu um kosninguna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

XIV. kafli. Úthlutun uppbótarþingsæta.

■ **118. gr.** Þegar landskjörstjórn hafa borizt skýrslur allar um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 116. gr.), skal hún koma saman til að úthluta 11 uppbótarþingsætum til jöfnunar milli þingflokka þannig, að hver þeirra fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við kosningarnar. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara stað og stund, er hún kemur saman í þessu skyni, svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 34. gr.).

■ **119. gr.** Landskjörstjórn tekur til meðferðar og úrskurðar, að öllum skilríkjum athuguðum, hverjum stjórnmálaflokkum skuli telja þá framboðslista, er í kjöri hafa verið við kosningarnar, og hverja utan flokka, einnig hverjir stjórnmálaflokkar hafi náð þingsæti og teljist því þingflokkar, en aðrir flokkar koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta.

□ Atkvæði, sem fallið hafa á lista utan flokka, koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta.

■ **120. gr.** Landskjörstjórn telur nú saman atkvæðatölur hvers þingflokks og fjölda þingmanna þeirra hvers um sig, kosinna í kjördæmum.

□ Hverjum þingflokki teljast samanlögð atkvæði, greidd framboðslistum flokksins í kjördæmum.

■ **121. gr.** Til þess að finna, hvernig uppbótarþingsætum ber að skipta milli þingflokka, skal fara þannig að: Skrifa skal atkvæðatölur þingflokka hverja aftur undan annarri í sömu línu og deila í þær hverja um sig tölu þingmanna hlutaðeigandi þingflokks, kosinna í kjördæmum, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o. s. frv. Útkomurnar skal skrifa í röð niður undan atkvæðatölunum. Uppbótarþingsætum skal úthluta til þingflokka

eftir tölum þessum þannig, að fyrsta uppbótarþingsætið fellur til þess flokks, sem hæsta á útkomuna, annað til þess, sem á hana næsthæsta, og síðan áfram eftir hæð talnanna, unz 11 uppbótarþingsætum hefur verið úthlutað.

☐ Nú eru úthlutunartölur þingflokka jafnar, og skal þá varpa hlutkesti eftir reglum 113. gr. um það, hver eða hverjir þingflokka skuli hljóta þingsæti og (eða) í hvaða röð þeir skuli hljóta þingsæti, eftir því sem við á.

■ **122. gr.** Til þess að finna, hverjir frambjóðendur þingflokks hafa hlotið uppbótarþingsæti sem aðalmenn, skal fara þannig að: Fyrst skal gera flokknum landskjörslista, þannig að rita skal á lista í stafrófsröð nöfn allra frambjóðenda flokksins, er eigi hafa náð kosningu í kjördæmum. Því næst skal skrá við nafn hvers frambjóðanda þann atkvæðafjölda, er sæti því, sem hann skipar á framboðslistanum að kosningu lokinni, ber samkvæmt 109. gr. Ef þá eru á listanum tveir eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, skal að svo stöddu nema þá alla burt, nema þann einn fyrir hvert kjördæmi, sem hæsta hefur atkvæðatölu. Því næst skal raða þeim frambjóðendum, sem eftir eru á listanum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefur, verði efstur, sá, sem að honum frágengnum hefur atkvæðatölu, er nemur hæstri hundraðstölu gildra kjörseðla í kjördæmi sínu, næstefstur o. s. frv. á víxl.

☐ Nú fær þingflokkur ekki með þessari aðferð þau uppbótarþingsæti, sem honum ber, og skal þá raða á landskjörslista flokksins á nýjan leik, þannig að þeir frambjóðendanna, er næsthæsta hlutu atkvæðatölu af þeim, sem ekki náðu kosningu í kjördæmum, komi á listann og hljóti þeir síðan uppbótarsæti eftir sömu reglu sem greinir í 1. mgr.

☐ Þeir, sem nú standa efstir á landskjörslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landskjörslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnazt uppbótarþingsæti.

■ **123. gr.** Þeir frambjóðendur á landskjörslista, er eigi hljóta uppbótarþingsæti samkvæmt ákvæðum 122. gr., eru eins og til endist varaþingmenn landskjörinna þingmanna af þeim lista, og fer um skipun frambjóðenda í sæti varamanna eftir reglum nefndrar greinar um aðalmenn.

■ **124. gr.** Þegar úthlutað hefur verið uppbótarþingsætum samkvæmt 122. og 123. gr., skal landskjörstjórn tafarlaust gefa þeim, sem kosningu hafa náð í uppbótarþingsæti, og að svo stöddu jafnmörgum varamönnum, kjörbréf sem 1., 2., 3. o. s. frv. landskjörnum þingmönnum eða varaþingmönnum, eftir þeirri röð, sem þeir hafa náð kosningu. Kjörbréfin skulu gerð eftir fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um.

☐ Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu tilkynningu um úthlutun uppbótarþingsætanna, og skal birta nöfn hinna landskjörnu í B-deild Stjórnartíðindanna.

■ **125. gr.** Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um atkvæðatölur flokkanna og úthlutun uppbótarþingsætanna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

■ **126. gr.** Nú er ágreiningur milli umboðsmanna stjórnmálaflokks, sem þátt hefur tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um úthlutun uppbótarþingsæta svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnum, sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

■ **127. gr.** Nú hefur Alþingi úrskurðað ógilda kosningu lista þingflokks eftir almennar alþingiskosningar, og uppkosning hefur farið fram (sbr. 136. og 137. gr.), og skal þá landskjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmannatala þeirra gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótarþingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þingmaður missi við það umboð sitt.

☐ Þó að framboðslisti flokks fjölgi við sig atkvæðum við uppkosningu, miðast uppbót flokksins aldrei við hærri atkvæðatölu en honum var reiknuð eftir aðalkosninguna. Flokkur, sem við aðalkosninguna hefur ekki náð þingsæti í kjördæmi, en nær því við uppkosningu, fær ekki við það rétt til uppbótarþingsætis.

XV. kafli. Kosningum frestað, uppkosningar og kosningar eftir þingrof.

■ **128. gr.** Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Í kaupstöðum og kauptúnum skal birta fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar, en í sveitum skal senda það gagngert á hvert heimili.

☐ Farist kosning fyrir, af því að kjörseðlasending kemur eigi til skila, skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem fyrir er mælt í 1. málsgr. þessarar greinar.

☐ Undirkjörstjórn getur frestað kosningu í kjördeild, eftir að hún er hafin, ef hún telur óviðráðanlegar ástæður eins og óveður hindra það, að kosning geti fram haldið, og allir kjörstjórnarmenn eru sammála um frestunina, enda komi til samþykki yfirkjörstjórnar. Yfirkjörstjórn í Reykjavík tekur ákvörðun um frestun kosninga þar. Hafi kosningu verið frestað, ber að kveðja til kjörfundar að nýju með sama hætti og segir í 1. málsgr. þessarar greinar.

☐ Þegar kosningu hefur verið frestað, skal í öllu svo að farið sem fyrir er mælt í 100. gr., eftir því sem við á, að því viðbættu, að kjörskráin og þau eftirrit hennar, sem kjörstjórnin hefur haft til afnota, skulu lögð með öðrum kjörgögnum í poka þann, sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag, opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans, kveður hún til valinkunnan mann að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði, má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu, þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XII. kafla laganna, eftir því sem við á.

☐ Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til

yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórnin nýja kosningu fara fram í kjördeildinni, og fer um hana að öllu á sama hátt og fyrr segir.

■ **129. gr.** Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild samkvæmt 46. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 136. og 137. gr. þessara laga, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga í kjördæmi og ákveða kjördag, svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en innan mánaðar.

□ Kosningu og kjördag skal tilkynna yfirkjörstjórn í tæka tíð, svo að hún geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn.

□ Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

■ **130. gr.** Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður forseti þá kjördag, sem skal tilkynna yfirkjörstjórnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

XVI. kafli. Skil á utankjörfundarkjörgögnum.

■ **131. gr.** Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni (í Reykjavík borgarfógeta), sem þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatazt, skal þess getið sérstaklega og umslag eða kjörblað, tölusett sömu tölu, sent með. Skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík borgarfógeti) ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörfunda séu svo greinileg, að séð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hefur verið notað.

□ Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) senda síðan dómsmálaráðuneytinu afrit bóka þeirra, sem þeir halda yfir kjörgögnin (sbr. 46. gr.), ásamt skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við uppkosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefur verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna (í Reykjavík borgarfógeta).

□ Sendiráð og ræðismannsskrifstofur skulu strax að afstöðnum hverjum kosningum senda dómsmálaráðuneytinu fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins skilagrein yfir notuð kjörgögn ásamt skýrslu um það, sem ónotað er. Hin ónotuðu kjörgögn skulu fylgja skýrslunni.

■ **132. gr.** Yfirkjörstjórnir skulu þegar að lokinni atkvæðatalningu taka alla utankjörfundarseðla, aðra en þá, sem ágreiningur kann að vera um og teknir hafa verið frá samkvæmt ákvæðum 108. gr., búa um þá í sterku umslagi eða umbúðapappír, innsigla bréfið eða böggulinn vandlega og senda til sýslumanna þeirra eða bæjarfógeta, sem úthlutuðu utankjörstaðagögnum í kjördæminu (í Reykjavík borgarfógeta). Geta skal þess með greinilegri áritun, að í bréfinu eða bögglinum séu notaðir utankjörfundarseðlar og frá hvaða kosningu.

□ Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár, og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafizt af rannsóknardómara í sakamáli út af grun um atkvæðafölsun, skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.

XVII. kafli. Óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll.

■ **133. gr.** Það er óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll:

1. Að safna undirskriftum undir áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi svo og að undirskrifa slíkar áskoranir fram yfir það, sem tekið er fram um meðmælendur með framboðslistum í 27. gr. Þó er stjórnmálafélagi, sem gert hefur ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku innan héraðs, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.

2. Að safna undirskriftum um stuðning eða andstöðu við ákveðin málefni, sem heyra eða heyrt geta undir valdsvið Alþingis, eftir að almennar alþingiskosningar hafa verið ákveðnar.

3. Að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum, ef kosning fari svo eða svo, að torvelda hjúi sínu eða öðrum, sem menn hafa yfir að segja, sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar.

4. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum, með því að bera eða hafa uppi flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.

5. Að hafa flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum, meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma.

6. Að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess, að maður verði settur á kjörskrá, sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá, sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns, er stendur á kjörskrá, eða fyrr en manni ber samkvæmt kjörskránni.

Hér undir heyrir sérstaklega, ef maður telur sig til málamynda heimilisfastan í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá.

7. Að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar.

8. Að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði, sem greitt hefur verið, eða á annan hátt.

XVIII. kafli. Kosningakærur.

■ **134. gr.** Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði eða að framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn, svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan 4 vikna, frá því að kosningaúrslit

voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kæru í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað umboðsmönnum framboðslistans annað samritið, en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

■ **135. gr.** Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð hreppsnefnda og bæjarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til dómsmálaráðuneytisins, og fer um málareksturinn að hætti opinberra mála með þeirri undantekningu, er getur í 24. gr.

□ Enginn kjósandi, sem greitt hefur atkvæði við kosningar til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefur greitt atkvæði.

XIX. kafli. Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

■ **136. gr.** Ef Alþingi berst kæra um, að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn, rannsakar það kæruna og fellir úrskurð um hana, jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim, er Alþingi berast frá yfirkjörstjórn viðvíkjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

□ Ef þingmaður er ekki kjörgengur, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

□ Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns, sem ætla má, að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda, og einnig án þess, ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísvitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann, ef misfellurnar varða listann í heild.

□ Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum eða fyrir fleiri stjórnmálaflokka en einn eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt utan flokka við hinar sömu alþingiskosningar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

□ Eigi varðar það ógildingu kosningar, þó að gilt hafi verið metið atkvæði kjósanda utan kjörfundar, sem síðar hefur verið upplýst um, að hafi verið staddur á kjörstað á kjördegi (sbr. 92. og 96. gr.).

■ **137. gr.** Nú hefur Alþingi úrskurðað kosningu heils lista í kjördæmi ógilda, og skal þá uppkosning fara þar fram.

XX. kafli. Hvernig varamenn taka þingsæti.

■ **138. gr.** Varamenn þingmanna í kjördæmi taka þingsæti eftir reglum þeim, er greinir í 111. gr., þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Segi varamaður af sér, missi kjörgengi eða falli frá, tekur sá varamannssæti, sem næstur er á listanum og ekki var áður varamaður. Varamenn landskjörinna þingmanna taka sæti eftir hliðstæðri reglu.

□ Ef þingmaður í kjördæmi eða landskjörinn þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

□ Ef þingmaður í kjördæmi eða landskjörinn þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamenn taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefur ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau muni vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns, skal hann ekki sitja skemur en 2 vikur, nema Alþingi hafi verið rofið eða því slitið eða frestað áður.

□ Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan Alþingis, er sá þingmaður sat í, er þeir taka sæti hans.

XXI. kafli. Kostnaður.

■ **139. gr.** Um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda á lögum þessum fer sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.

2. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er yfirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði, þar sem talning atkvæða fer fram.

3. Hreppssjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum fyrir húsnæði til kjörfunda, svo og fyrir viðhald og endurnýjun atkvæðakassa með tilheyrandi pokum.

XXII. kafli. Refsiákvæði.

■ **140. gr.** Það varðar sektum ...[1] ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækja hana.

[1] *L. 75/1982, 3. gr. A.*

■ **141. gr.** Það varðar sektum ...[1] :

1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur.

2. Ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum eða fyrir fleiri en einn stjórnmálaflokk eða fyrir stjórnmálaflokk og jafnframt sem utanflokkamaður.

3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þessum. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð.

4. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjórn (sbr. 69. og 91. gr.).

5. Ef kjósandi sýnir af ásettu ráði, hvernig hann kýs eða hefur kosið (sbr. þó 88. gr.).

6. Ef maður njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið.

7. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til að fá aðstoð við kosningu.

8. ...[2]

9. Ef kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar og komið atkvæðinu til undirkjörstjórnar, er staddur innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar á þeim tíma, sem atkvæðagreiðslan fer fram, vanrækir að tilkynna undirkjörstjórn nærveru sína (sbr. 92. gr.).

1959 Nr. 52 14. ágúst

10. Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefur verið trúað fyrir, eða tefur vísvitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna.

11. Ef maður sendir frá sér tvo eða fleiri kjörseðla með atkvæðum greiddum utan kjörfundar við hinar sömu alþingiskosningar (sbr. þó 64. gr.).

12. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 133. gr. 6. tölulið, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum.

13. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

[1] *L. 75/1982, 3. gr. B.* [2] *L. 37/1979, 5. gr.*

■ **142. gr.** Það varðar ...[1] sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um, hvernig kjósandi kýs eða hefur kosið, eða gefur vísvitandi villandi kosningaleiðbeiningar.

2. Ef kjörstjórnarmaður segir frá, hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði.

3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá, sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna samkvæmt 55. gr. eða atkvæðakassa samkvæmt 100. gr., tefur fyrir að það komist til skila.

4. Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

5. Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

[1] *L. 75/1982, 3. gr. C.*

■ **143. gr.** Það varðar ...[1] sekt, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum:

1. Ef maður ber fé eða fríðindi á mann eða heitir manni fé eða fríðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni.

2. Ef maður tekur fé, eða fríðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

[1] *L. 75/1982, 3. gr. D.*

■ **144. gr.** Það varðar varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum:

1. Ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill.

2. Ef maður vísvitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim, sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér, til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talningar atkvæða eða á annan hátt.

■ **145. gr.** Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

1967 Nr. 3 14. febr.

Lög um samkomudag reglulegs Alþingis.

■ **1. gr.** Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert 10. október eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti Íslands ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

Lög um þingsköp Alþingis.

1936 Nr. 115 19. nóv.

I. Þingskipun.

■ **1. gr.** Þegar Alþingi kemur saman við þingsetningu, skal elzti þingmaðurinn stjórna umræðum, þangað til forseti sameinaðs þings er kosinn, og standa fyrir kosningu hans.

□ [Til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkosinna þingmanna og varaþingmanna eftir hverjar almennar kosningar til Alþingis ganga þingmenn eftir hlutkesti í 3 jafnar deildir, meðan til vinnst.][1] Fyrsta deild fær annarri deild, önnur deild þriðju deild og þriðja deild fyrstu deild kjörbréf þess eða þeirra þingmanna, sem eru í hverri þeirra fyrir sig. Hver deild rannsakar kjörbréf þau, er hún tekur við, og kosningu þingmanna og kjörgengi, kýs sér framsögumann og gerir tillögu til þingsins um, hvort kosning og kjörgengi þingmanns skuli talið gilt. Tillögurnar má bera upp munnlega, án nokkurs fyrirvara, og ræður afl atkvæða um gildi kosninga og kjörgengi, svo og hvort fresta skuli úrskurði þar um (stjskr. 41. gr.).[2]

□ Umræður á þingsetningarfundum fara fram eftir fyrirmælum 35. og 37. gr.[3]

[1] *L. 54/1972, 1. gr.* [2] *Nú 46. gr.* [3] *Nú 36. og 38. gr.*

■ **2. gr.** Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni undir eins og búið er að viðurkenna, að kosning hans sé gild (stjskr. 42. gr.).[1]

[1] *Nú 47. gr.*

■ **3. gr.** Þá skal kjósa forseta sameinaðs þings, og gengst hann fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars og tveggja skrifara.

□ Rétt kjörinn forseti er sá, er hefur meira en helming greiddra atkvæða, þeirra er á fundi eru. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð við fyrstu kosningu, skal kosið af nýju óbundnum kosningum. Fái þá heldur enginn nógu mörg atkvæði, skal kjósa um þá tvo þingmenn, er flest fengu atkvæði við síðari óbundnu kosninguna; en hafi við þá kosningu fleiri fengið jafnmörg atkvæði ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir fá báðir jafnmörg atkvæði við bundnu kosninguna, ræður hlutkesti, hvor þeirra verði forseti.

□ Sömu reglu skal fylgt við kosningu varaforseta. En við kosningu skrifara ræður atkvæðafjöldi. Hlutbundinni kosningu má beita við kosningu skrifara, ef 9 þingmenn krefjast þess (48. gr.).[1]

[1] *Nú 49. gr.*

■ **4. gr.** Þá skal kjósa nefnd til þess að prófa kjörbréf, er síðar koma fram en svo, að þau verði prófuð eftir 1. gr., svo og til þess að rannsaka kosningar og kjörgengi, er þingið hefur frestað að taka gilt, og kærur yfir kosningum eða kjörgengi, er þegar eru teknar gildar. [Í þessa nefnd kýs þingið 7 menn, eftir reglum um nefndarkosningar.][1] (17. og 48. gr.).[2]

□ Ef nefnd þessi lætur uppi skriflega tillögu, eða ef hún leggur til, að kosning skuli teljast ógild, skulu tillögur hennar ræddar eftir reglunum um 2. umr. lagafrumvarpa (22. gr.).[3] Ella fer um tillögur hennar eftir því, sem ákveðið er um tillögur kjörbréfadeildanna í 1. gr.

[1] *L. 70/1964, 1. gr.* [2] *Nú 16. og 49. gr.* [3] *Nú 21. gr.*

■ **5. gr.** Þingið getur við rannsókn þá, er ræðir um í 1. gr., úrskurðað kosningu ógilda, þótt eigi hafi hún kærð verið, og einnig frestað að taka kosningu gilda, til þess

að fá skýrslur. Svo er og um kosningu þingmanns, er eigi er kominn, eða kjörbréf hans, þá er þing er sett.

□ Sama er um kjörgengi.

□ Að öðru leyti tekur þingið eigi upp hjá sjálfu sér að rannsaka kosningar eða kjörgengi, en gerir það því aðeins, að kært sé yfir þeim.

□ Kæru yfir kosningu þingmanns eða kjörgengi skal því aðeins taka til greina, að hún sé komin til Alþingis í byrjun þings næst á eftir kosningu, eða áður en kosning þingmanns er tekin gild á Alþingi.

□ Við prófun kosninga og kjörgengis hefur sérhver þingmaður fullan þingmannsrétt. En fresti þingið úrskurði um það, þá tekur hann engan þátt í störfum þingsins, unz það mál er útkljáð og kosning hans og kjörgengi viðurkennt.

■ **6. gr.** Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal velja til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti. Skal hverjum þingflokki skylt að tilnefna á lista þá tölu þingmanna sinna, er honum ber í hlutfalli við atkvæðamagn hans í sameinuðu þingi. Ef tveir eða fleiri þingflokkar hafa með sér bandalag um kjör til efri deildar, eða þingflokkur (eða flokkar) og menn utan flokka, skal talan á listanum miðuð við samanlagt atkvæðamagn bandalagsins.

□ Ef atkvæðamagn tveggja eða fleiri kjöraðila er jafnt við kosningu síðasta manns til efri deildar, skal hvor (hver) þeirra tilnefna mann í vafasætið, en hlutkesti ráða úrslitum.

□ Nú skýtur einhver kjöraðili sér undan skyldu um tilnefningu til efri deildar, og tilnefnir forseti þá þingmann eða þingmenn úr þeim flokki eða bandalagi, í réttu hlutfalli við atkvæðamagn. Ef þá er vafi um eitt sæti, skal hlutkesti ráða. Forseti tilkynnir síðan, hverjir þingmenn þannig hafa verið tilnefndir, og teljast þeir rétt kjörnir eða skipaðir til efri deildar (stjskr. 27. gr.).[1]

[1] *Nú 32. gr.*

■ **7. gr.** Síðan setjast þingdeildirnar niður, efri og neðri. Í hvorri deild gengst elzti þingmaðurinn fyrir kosningu forseta deildarinnar, en forseti síðan fyrir kosningu tveggja varaforseta, fyrsta og annars, og 2 skrifara. Um þessar kosningar fer eftir ákvæðum 3. gr. um sams konar kosningu í sameinuðu þingi.

□ Þegar þessum kosningum er lokið, skal hluta um sæti þingmanna, annarra en forseta og skrifara, nema þingflokkar hafi komið sér saman um að skipa sér í sæti eftir flokkum.

■ **8. gr.** Kosning forseta, varaforseta og skrifara, bæði í sameinuðu þingi og báðum deildum, er fyrir allt það þing. [En kosning til efri deildar er fyrir allt kjörtímabilið. Svo er og um kosningu kjörbréfanefndar samkv. 4. gr.][1]

□ Þó er hverjum embættismanni þingsins heimilt að leggja niður starf sitt, ef meiri hluti leyfir, í þingdeild eða sameinuðu þingi; svo getur og þingdeild eða sameinað Alþingi vikið hverjum embættismanni sínum frá, en þó þarf til þess samatkvæði ⅔ þingmanna eða deildarmanna.

[1] *L. 54/1972, 2. gr.*

■ **9. gr.** Nú losnar sæti efri deildar þingmanns, og annar maður er kosinn í hans stað, og tilnefnir þá þingflokkur sá, er skipa á sætið eftir reglu 6. gr., einn mann úr sínum flokki til efri deildar.

■ **10. gr.** Aldursforseti, bæði í sameinuðu þingi (1. gr.) og í þingdeildunum (7. gr.), hefur, meðan hann skipar forsetasæti, allan sama rétt og skyldur sem forseti.

■ **11. gr.** Forsetar stjórna umræðum og sjá um, að allt fari fram með góðri reglu. Forseti hvorrar deildar tekur við öllum erindum til deildarinnar og annast um afgreiðslu þeirra mála, er frá deildinni eiga að fara. Hann skýrir á fundi frá hverju því, er sent er deildinni eða útbýtt er í henni. Nú vill forseti, hvort heldur deildar eða sameinaðs þings, taka þátt í umræðum, frekar en forsetastaða hans krefur, og víki þá á þingmannabekk, en varaforseti tekur forsetasæti á meðan.

□ Forsetar Alþingis skipa í sameiningu skrifstofustjóra þingsins, ...[1]. Hann skal aðstoða forseta, er þeir ráða þingskrifara og aðra starfsmenn, og gera tillögur um það. Hann skal standa fyrir öllum reikningum Alþingis og útgáfu og útsendingu Alþingistíðindanna, lesa prófarkir af þeim, ráða útsölumann þeirra og annast geymslu á þeim og skjalasafni Alþingis og bókasafni, hafa umsjón með alþingishúsinu, munum þess og alþingisgarðinum, jafnt milli þinga sem um sjálfan þingtímann, og sjá um, að allt sé í lagi í þinghúsinu, þegar þing kemur saman (við þingsetningu). Í öllum þessum störfum sínum skal skrifstofustjóri háður eftirliti forsetanna, og skulu þeir semja og setja erindisbréf handa honum og öðrum starfsmönnum þingsins.

[1] *L. 54/1972, 3. gr.*

■ **12. gr.** Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í þeirra stað.

■ **[13. gr.]**[1] Skrifararnir halda gerðabók undir umsjón forsetans, og geta í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum, og úrslita þeirra.

□ Í byrjun fundar skal gerðabók frá síðasta fundi samþykkt og undirskrifuð af forseta og öðrum skrifaranna. Þingmenn skulu eiga kost á að kynna sér gerðabókina í skrifstofunni, að minnsta kosti tveim tímum áður en næsti fundur byrjar.

□ Skrifararnir telja saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Sömuleiðis sjá þeir með forseta um, að ályktanir séu skrásettar, og ritar forsetinn og annar skrifarinn undir þær. Störfum skipta skrifarar milli sín, eftir samkomulagi við forseta.

[1] *L. 54/1972, 4. gr.*

■ **[14. gr.]**[1] Ákvæði 12. og 14. gr.[2] eiga jafnt við um forseta, varaforseta og skrifara í sameinuðu þingi sem í deildunum.

[1] *L. 54/1972, 4. gr.* [2] *Nú 13. gr.*

II. Nefndir.

■ **[15. gr.]**[1] [Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

[1. fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,][2]

2. utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,

3. atvinnumálanefnd, skipuð 7 mönnum,

4. allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

□ Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísa utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga og er ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkis-

mál, enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt milli þinga sem á þingtíma. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í nefndinni, ef formaður eða ráðherra kveður svo á. Til atvinnumálanefndar skal vísa þeim málum, sem landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarnefndir í deildum mundu fjalla um, ef borin væru fram í frumvarpsformi. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem þingið ákveður.

□ Hvor þingdeild skal og kjósa fastanefndir til að fjalla um ákveðnar tegundir mála, og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar. Fastanefndir skulu í hvorri deild vera sem hér segir, skipaðar allt að 7 mönnum hver nefnd:

1. fjárhags- og viðskiptanefnd,
2. samgöngunefnd,
3. landbúnaðarnefnd,
4. sjávarútvegsnefnd,
5. iðnaðarnefnd,
6. félagsmálanefnd,
7. heilbrigðis- og trygginganefnd,
8. menntamálanefnd,
9. allsherjarnefnd.

□ Hver fastanefnd þingsins og deilda þess kýs sér formann, varaformann og fundaskrifara.

□ Formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti skulu skipa eina nefnd, vinnunefnd, og er forseti formaður hennar. Hún skal skipa fyrir um fundatíma og fundastaði nefndanna og sjá um, að þeir rekist ekki á.

□ Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um, að mannaskiptin komist á, þó svo, að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

□ Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir deildina eru lögð og þörf þykir, að nefnd íhugi, og skal þá að jafnaði vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman að athugun mála, sem vísað hefur verið til annarrar nefndarinnar.

□ Heimilt er þó hvorri deild eða sameinuðu þingi að kjósa lausanefndir til að íhuga einstök mál. Hver lausanefnd kýs sér formann og ritara. Einnig er sameinuðu þingi eða hvorri deild heimilt að ákveða, að fastanefnd vinni að athugun máls milli þinga.

□ Nefndir kjósa sér framsögumann fyrir hvert mál, sem þær fjalla um. Engum fastanefndarmanni er skylt að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

□ Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað.][3]

[1] *L. 54/1972, 4. gr.* [2] *L. 101/1978, 1. gr.* [3] *L. 54/1972, 5. gr.*

■ **[16. gr.]**[1] Rétt kosinn í nefnd við óhlutbundna kosningu — þ. e. við aðra kosningu en hlutfallskosningu — er sá, er hlotið hefur þriðjung greiddra atkvæða, og aðeins hér telst auður seðill greitt atkvæði. Fáist nefnd eigi fullskipuð við ítrekaða kosningu á þann hátt, skal kjósa bundnum kosningum um þá, er flest höfðu atkvæði, þannig, að vanti einn mann í nefndina, er kosið um 2, vanti 2, er kosið um 3, þá er flest höfðu atkvæði, o. s. frv. Ræður að öðru leyti hlutkesti (sbr. 48. gr.).[2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr.* [2] *Nú 49. gr.*

■ **[17. gr.]**[1] Sá, er flest fær atkvæði í nefnd við óhlutbundna kosningu, kveður nefndina saman í fyrsta sinn og lætur kjósa formann og skrifara. Fái fleiri jafnmörg atkvæði í nefndina, ræður stafrófsröð. Við hlutfallskosningu kveður sá nefndina saman í fyrsta sinn, er fyrst var kosinn.

□ Nefndin lætur uppi álit sitt, og skal prenta það og útbýta því meðal þingmanna á fundi. [Eigi má taka málið af nýju til umræðu fyrr en að minnsta kosti einni nóttu síðar en nefndarálitinu var útbýtt.][2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr.* [2] *L. 99/1952, 2. gr.*

III. Þingmál.

■ **[18. gr.]**[1] [Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði, og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja stutt greinargerð fyrir tilgangi þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum. Eigi má taka frumvarp til umræðu fyrr en liðin er að minnsta kosti ein nótt frá því, er því var útbýtt.][2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr.* [2] *S. l. 6. gr.*

■ **[19. gr.]**[1] Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar, fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild eða þrisvar sinnum í sameinuðu þingi, þegar um er að ræða frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga (stjskr. 39. og 40. gr.).[2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr.* [2] *Nú 44. og 45. gr.*

■ **[20. gr.]**[1] Við *fyrstu* umræðu skal ræða frumvarpið í heild sinni. Þá er þeirri umræðu er lokið, er leitað atkvæða um, hvort það eigi að ganga til annarrar umræðu.

[1] *L. 54/1972, 4. gr.*

■ **[21. gr.]**[1] *Önnur* umræða fer eigi fram fyrr en [einni nóttu][2] eftir fyrstu umræðu, og skal þá ræða greinar frumvarpsins, hverja fyrir sig, og breytingartillögur við þær. Ræða má frumvarpið í köflum, eftir nánari ákvæðum forseta. Þegar búið er að ræða hvern kafla, skulu atkvæði greidd um hverja grein í honum með breytingartillögum, er við eiga. Að síðustu skal greiða atkvæði um það, hvort frumvarpið, þannig lagað eigi að ganga til þriðju umræðu.

[1] *L. 54/1972, 4. gr.* [2] *L. 99/1952, 4. gr.*

■ **[22. gr.]**[1] *Þriðja* umræða má eigi fara fram fyrr en [einni nóttu][2] eftir aðra umræðu. Þá skal ræða breytingartillögur og greinar, er þær eiga við, svo og frumvarpið allt í heild. Þá er umræðum er lokið, skal leita atkvæða um breytingartillögurnar og síðan frumvarpið í heild sinni, eins og það þá er orðið.

[1] *L. 54/1972, 4. gr.* [2] *L. 99/1952, 5. gr.*

■ **[23. gr.]**[1] Þá er frumvarp hefur þannig verið samþykkt við þrjár umræður í deild, sendir forseti hennar það forseta hinnar deildarinnar, með tilmælum um, að hann leggi það fyrir þá deild (stjskr. 40. gr.),[2] og sætir það síðan sömu meðferð þar sem í deild þeirri, er það kom frá.

□ Ef frumvarpið er samþykkt óbreytt í þessari deild sendir forseti hennar ráðherra það.

[1] *L. 54/1972, 4. gr.* [2] *Nú 45. gr.*

■ **[24. gr.]**[1] Ef deildin breytir aftur á móti frum-

varpinu í smáu eða stóru, sendir forseti hennar það til baka forseta hinnar deildarinnar (stjskr. 40. gr.).[2] Hafi nefnd fjallað um það þar, sendir forseti henni það þegar. Hún lætur uppi álit sitt um það, ...[3] Þá er [liðin er að minnsta kosti ein nótt][4] frá því, er frumvarpinu, eins og það kom frá hinni deildinni, var útbýtt meðal þingmanna á fundi, eða ef um nefndarálit um það er að ræða, þá frá því, er því var útbýtt, skal frumvarpið tekið til umræðu í deildinni á sama hátt og áður við þriðju umræðu (23. gr.).[5]

□ Ef deildin samþykkir frumvarpið óbreytt, eins og það kom frá hinni deildinni, sendir forseti ráðherra það. En sé því breytt, sendir forseti það, eins og það þá er orðið, hinni deildinni (stjskr. 40. gr.),[2] og skal þar enn fara með það eftir ákvæðum 23. gr.[5] Fallist deildin á frumvarpið óbreytt, sendir forseti ráðherra það. Nú breytir deildin því, og sendir þá forseti það forseta sameinaðs þings og mælist til, að það verði lagt fyrir sameinað þing.

[1] *L. 54/1972, 4. gr.* [2] *Nú 45. gr.* [3] *L. 54/1972, 7. gr.* [4] *L. 99/1952, 6. gr.* [5] *Nú 22. gr.*

■ **[25. gr.]**[1] Frumvarpinu, í þeirri mynd, sem það hafði síðast fengið, er nú útbýtt meðal allra þingmanna og skal lagt fyrir sameinað Alþingi til einnar umræðu, minnst [einni nóttu][2] síðar. Við umræðurnar skal fara eftir því, sem fyrir er mælt í 23. gr.,[3] og er þeim lýkur, skal greiða atkvæði um breytingartillögurnar og síðan um frumvarpið í heild sinni.

□ Þá er Alþingi, sem nú segir, skipar eina málstofu, þarf, til þess að gerð verði fullnaðarályktun um mál, meira en helmingur þingmanna úr hvorri deild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði við nafnakall, án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Ræður þá afl atkvæða um einstök málsatriði. En til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, verða aftur á móti að minnsta kosti tveir þriðjungar atkvæða, sem greidd eru, að vera með frumvarpinu (stjskr. 40. gr.).[4]

□ Ef frumvarp er samþykkt í sameinuðu þingi, sendir forseti það ráðherra. Ella fellur það niður.

[1] *L. 54/1972, 4. gr.* [2] *L. 99/1952, 7. gr.* [3] *Nú 22. gr.* [4] *Nú 45. gr.*

■ **[26. gr.]**[1] Lagafrumvarp, er felur í sér tillögur um breytingu á *stjórnarskránni* eða viðauka við hana, skal í fyrirsögninni nefnt frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Hafi það eigi þá fyrirsögn, vísar forseti því frá.

□ Breytingartillögu, sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni eða viðauka við hana, má aðeins gera við frumvarp til stjórnarskipunarlaga. Sé hún gerð við annað frumvarp, vísar forseti henni frá.

[1] *L. 54/1972, 4. gr.*

■ **[27. gr.]**[1] Lagafrumvarp, er önnur hvor deildin hefur fellt, má eigi bera upp aftur á sama þingi.

[1] *L. 54/1972, 4. gr.*

■ **[28. gr.]**[1] *Tillögur til þingsályktunar* skulu vera í ályktunarformi. Slíka tillögu má ræða einu sinni eða tvisvar. Nú er tillaga til þingsályktunar borin upp í deild eða sameinuðu þingi, og skal þá prenta hana og útbýta meðal þingmanna á fundi. Á fundi, að minnsta kosti 1 nóttu síðar, ályktar deildin eða þingið, eftir uppástungu forseta, hvort hún skuli rædd í einni eða tveimur umræðum. Umræða má eigi fram fara fyrr en í fyrsta lagi daginn eftir.

□ [Ef ein umræða er ákveðin, skal henni og atkvæðagreiðslu hagað eftir fyrirmælum um 2. umræðu lagafrumvarpa (22. gr.).[2] Fyrri umræða, ef tvær eru, fer fram eins og 1. umræða lagafrumvarpa (21. gr.),[3] en síðari umræða á sama hátt og 2. umræða (22. gr.).[2]][4]

□ Þingsályktunartillögu, er samþykkt hefur verið í annarri þingdeildinni, [skal][5] senda hinni deildinni og láta hana þar sæta sömu meðferð sem nú er sagt hér á undan í grein þessari. Sé henni breytt þar, skal hún endursend hinni deildinni og tekin þar til einnar umræðu. Ef tillögunni er þá aftur breytt, skal hún lögð fyrir hina deildina af nýju, og um hana viðhöfð ein umræða. Sé henni þar enn breytt, skal hún lögð fyrir sameinað þing og útkljáð þar með einni umræðu. Þingsályktunartillögur, er fara fram á útgjöld úr ríkissjóði, skal jafnan bera upp í sameinuðu þingi og hafa tvær umræður um þær.

[1] *L. 54/1972, 4. gr.* [2] *Nú 21. gr.* [3] *Nú 20. gr.* [4] *L. 99/1952, 8. gr.* [5] *L. 54/1972, 8. gr.*

■ **[29. gr.]**[1] [Ávarp má hvor þingdeild eða sameinað Alþingi senda forseta lýðveldisins, og skal][2] fara með það sem þingsályktunartillögu, að því fráskildu, að ávarp verður ekki sent frá einni deild til annarrar.

[1] *L. 54/1972, 4. gr.* [2] *L. 99/1952, 9. gr.*

■ **[30. gr.** Ef ráðherra óskar að gera grein fyrir opinberu málefni, gerir hann það með skýrslu til Alþingis, er skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

□ Ef ráðherra óskar, skal skýrslan tekin til umræðu. Sama gildir, ef níu þingmenn óska þess. Ráðherrann gerir grein fyrir skýrslunni, og er þingmönnum þá rétt að taka þátt í umræðunni. Þingmenn, aðrir en ráðherrar, mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

□ Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.][1]

[1] *L. 54/1972, 9. gr.*

■ **[31. gr.** Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta, og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta fundi í sameinuðu þingi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust, hvort beiðnin skuli leyfð eða ekki. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu, sem leyfð hefur verið.

□ Er ráðherra hefur lokið skýrslugerðinni, skal skýrslan prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

□ Ef ráðherra eða skýrslubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess, skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir grein fyrir henni. Þingmenn mega taka þátt í umræðunni, en aðrir en ráðherra mega þó ekki tala oftar en tvisvar.

□ Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.][1]

[1] *L. 54/1972, 9. gr.*

■ **[32. gr.]**[1] [Vilji alþingismaður óska upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fyrirspurn í sameinuðu Alþingi, er afhent sé forseta. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðherra ber ábyrgð á, og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþingismaður segir til um það, hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt greinargerð

má fylgja fyrirspurn, ef óskað er skriflegs svars.

☐ Forseti ákveður samdægurs, hvort fyrirspurn skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er, getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkvæði á næsta fundi í sameinuðu þingi. Skal það einnig gert, ef fyrirspyrjandi óskar þess, er forseti synjar fyrirspurn.

☐ Fyrirspurn skal prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Fyrirspurn, sem leyfð hefur verið, skal send hlutaðeigandi ráðherra eða ráðherrum.

☐ Á sérstökum fundi í sameinuðu þingi skal forseti taka á dagskrá munnlegar fyrirspurnir, er leyfðar hafa verið í síðasta lagi fjórum virkum dögum fyrir fundinn. Fyrirspurn skal þó ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að hún var leyfð.

☐ Fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda mælir fyrir fyrirspurn. Ráðherra, eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara síðan fyrirspurn. Ráðherra má að jafnaði ekki tala oftar en tvisvar og þingmenn ekki nema tvisvar. Ráðherra má eigi tala lengur en 10 mínútur í senn og fyrirspyrjandi eða framsögumaður fyrirspyrjenda 5 mínútur í senn, en aðrir þingmenn eða ráðherrar 2 mínútur í senn.

☐ Ef óskað er skriflegs svars, sendir ráðherra forseta það eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fyrirspurn og svar í Alþingistíðindum.][2]

☐ [Rétt er alþingismönnum einnig að nota sér heimild 54. gr. stjórnarskrárinnar um að beiðast skýrslu ráðherra í þingdeildum.

☐ Við umræður um fyrirspurnir má engar ályktanir gera.][3]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *S. l. 10. gr.* [3] *L. 22/1947, 1. gr.*

■ **[33. gr.]**[1] *Breytingartillögur* við lagafrumvörp og þingsályktunartillögur skulu vera prentaðar og þeim útbýtt daginn áður en þær koma til umræðu. Ráðherra og hver þingdeildarmaður, eða í sameinuðu þingi hver þingmaður, má koma fram með breytingartillögur við hverja umræðu sem er.

☐ Breytingartillögu við breytingartillögu má þingmaður bera upp við byrjun þess fundar, er hún skal tekin til umræðu. Þó skal þá vera búið að útbýta henni. Nefnd getur einnig borið upp breytingartillögu með jafnstuttum fresti, en aðrir því aðeins að deildin samþykki það.

☐ Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi, en heimilt er að bera hana upp í hinni deildinni og sameinuðu þingi, ef tækifæri er til þess eftir þingsköpum. [Forseti úrskurðar, hvort það er sama atriði, sem liggur fyrir, og atriði, er áður hefur verið fellt í sömu þingdeild, og er þingdeildarmönnum skylt að hlíta þeim úrskurði. Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing frá annarri hvorri þingdeildinni, má þó eigi gera breytingartillögur um önnur atriði en þau, er sú deildin, er síðast hafði frumvarpið til meðferðar, breytti við þá umræðu. Forseti sameinaðs þings sker til fullnustu úr ágreiningi í þessu efni.][2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *L. 99/1952, 10. gr.*

IV. Fundarsköp.

■ **[34. gr.]**[1] Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi, nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta, svo fljótt sem unnt er, og metur hann nauðsynina.

☐ Heimilt er forseta að veita þingmanni brottveruleyfi, þó eigi lengur en tvær nætur að nauðsynjalausu, nema deildin samþykki.

☐ Þegar fundur er settur, skal samþykkja fundarbók frá síðasta fundi (14. gr.).[2] Þar næst skýrir forseti frá erindum þeim, sem honum hafa borizt eða útbýtt hefur verið. Þá er gengið til dagskrár.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *Nú 13. gr.*

■ **[35. gr.]**[1] [Þingmaður, sem hefur óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal ávallt mæla úr ræðustól. Sama gildir um ráðherra. Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa nokkurn einstakan þingmann, og kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða kosningu. Við útvarpsumræður skulu þó þingmenn jafnan nefndir fullu nafni.][2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *L. 99/1952, 11. gr.*

■ **[36. gr.]**[1] Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar, svo og flutningsmaður máls, en eigi nema einn, þótt fleiri flytji, mega við hverja umræðu um mál tala þrisvar. Ef tveir eða fleiri eru flutningsmenn, skal sá, er fyrstur stendur á skjalinu, teljast framsögumaður, nema annar sé tilnefndur. Aðrir mega ekki tala oftar en tvisvar. Þó er jafnan heimilt að gera stutta athugasemd um atkvæðagreiðslu, um gæzlu þingskapa og til þess að bera af sér sakir.

☐ Ráðherrar mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa, [sbr. þó næstu málsgr. hér á eftir og niðurlagsákvæði 37. gr.[2]].[3]

☐ Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skal farið eftir reglum V. kafla.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *Nú 38. gr.* [3] *L. 99/1952, 12. gr.*

■ **[37. gr.]**[1] Forseti gefur þingmönnum venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðherra og framsögumann, svo og til þess, að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess að þingmaður geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snertir sjálfan hann.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.*

■ **[38. gr.]**[1] Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti úrskurðað, að ræðutími hvers þingmanns skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, og einnig getur forseti stungið upp á, að umræðum sé hætt. Svo getur og forseti lagt til, hvort heldur í byrjun umræðu eða síðar, að umræðum um mál skuli lokið að liðnum ákveðnum tíma. Eigi má þó, meðan nokkur þingmaður kveður sér hljóðs, takmarka ræðutíma við nokkra umræðu svo, að hún standi skemur en 3 klukkustundir alls. Tillögur forseta skulu umræðulaust bornar undir atkvæði í þingdeild þeirri, sem hlut á að máli, eða sameinuðu þingi, og ræður afl atkvæða úrslitum. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að greidd séu atkvæði um það umræðulaust, hvort umræðu skuli lokið, umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns takmarkaður. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og rituð í gerðabókina. Eftir ákvæðum þessarar greinar og 35. gr.,[2] að því er varðar sameinað þing, skal einnig fara á þingsetningarfundum.

☐ Nú hefur verið samþykktur takmarkaður umræðutími eða ákveðinn ræðutími hvers þingsmanns, og skal þá forseti skipta umræðutímanum í heild sem jafnast á milli fylgismanna og andstæðinga máls þess, sem er til

umræðu, án þess að hann sé bundinn við, í hvaða röð þingmenn hafa kvatt sér hljóðs, eða milli flokka, ef hentara þykir.

□ Ákvæði þessarar greinar ná einnig til ræðutíma ráðherra.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *Nú 36. gr.*

■ **[39. gr.]**[1] Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.*

■ **[40. gr.]**[1] Skylt er þingmanni að lúta valdi forseta í hvívetna, er að því lýtur, að gætt sé góðrar reglu. Skyldi almenn óregla koma upp, er það skylda forseta að gera hlé á fundinum um stundarsakir, eða ef nauðsyn er til, slíta fundinum alveg.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.*

■ **[41. gr.]**[1] Frumvörp, hvort heldur eru frá stjórninni eða þingmönnum, svo og tillögur til þingsályktunar og breytingartillögur, má kalla aftur á hverju stigi umræðu sem vill. En heimilt er hverjum þingmanni að taka það jafnskjótt upp aftur á sama fundi. Fyrirspurn má og afturkalla.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.*

■ **[42. gr.]**[1] Þyki þingdeild eigi ástæða til að gera ályktun um eitthvert málefni, getur hún vísað því til ráðherra (stjskr. 51. gr.).[2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *Nú 56. gr.*

■ **[43. gr.]**[1] Heimilt er þingmanni að krefjast þess, að gengið sé til atkvæða um eitthvert þingmál umræðulaust, en það skal því aðeins gert, [að ⅔ fundarmanna séu][2] því samþykkir.

□ Meðan á umræðum stendur má gera tillögu, er byggð sé á ástæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá afhenda forseta tillöguna um það skrifaða. Slíka tillögu má og gera í prentuðu nefndaráliti.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *L. 99/1952, 13. gr.*

■ **[44. gr.]**[1] [Forseti ákveður dagskrá hvers fundar. Þó má ákveða dagskrá næsta fundar deildar eftir ályktun hennar, er 3 þingmenn í efri deild og 6 í neðri deild krefjast þess skriflega og gera tillögu um ákveðna dagskrá. Sama regla gildir um ákvörðun dagskrár næsta fundar í sameinuðu þingi, er 9 þingmenn krefjast þess.][2]

□ [Ef farið er][2] fram á, að mál sé látið ganga út af dagskránni, skal afhenda forseta kröfuna um það samdægurs og dagskráin er ákveðin. En sé farið fram á, að mál sé tekið á dagskrá, skal tilkynna deildinni það í lok þess fundar, er krafan um það kom fram á. Um þessa tillögu skal í byrjun næsta fundar greiða atkvæði umræðulaust. Sé hún felld, er með því samþykkt dagskrá forseta.

□ Þegar dagskrá er eigi ákveðin eftir ályktun deildarinnar, getur forseti breytt röðinni á þeim málum, sem eru á dagskrá, og einnig tekið mál út af dagskrá. Mál, sem eigi er á dagskrá, verður því aðeins tekið fyrir, að til þess fáist samþykki ¾ þeirra, sem á fundi eru, ...[3] sbr. 64. gr.[4]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *L. 99/1952, 14. gr.* [3] *L. 54/1972, 11. gr.* [4] *Nú 70. gr.*

■ **[45. gr.]**[1] Hvorug þingdeildin má gera nokkra ályktun, nema meira en helmingur [þingdeildarmanna][2] sé á fundi og greiði þar atkvæði (stjskr. 48. gr.).[3] Þingmaður, sem er á fundi, en greiðir ekki atkvæði við nafnakall án lögmætra ástæðna, telst taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

□ Engin ályktun er lögmæt, nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.

□ Skylt er þingmanni, hvort heldur í deild eða sameinuðu þingi, að vera viðstaddur og greiða atkvæði, nema hann hafi lögmæt forföll eða fararleyfi.

□ ...[2]

□ Enginn þingmaður má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *L. 99/1952, 15. gr.* [3] *Nú 53. gr.*

■ **[46. gr.]**[1] Forseti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skipt og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur þingdeild eða sameinað þing, ef 3 í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krefjast þess, breytt ákvörðun forseta.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.*

■ **[47. gr.]**[1] Þá er forseti hefur ástæðu til að ætla, að allir séu á einu máli, má hann lýsa því yfir, að gert sé út um atriði án atkvæðagreiðslu, ef enginn krefst þess, að hún fari fram, og skal þá sú yfirlýsing forseta koma í stað atkvæðagreiðslu. Um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur verður hann þó jafnan að hafa atkvæðagreiðslu við allar umræður (sbr. 21.—26. og 29. gr.).[2]

□ Atkvæðagreiðslan fer fram á þann hátt, að hver þingmaður réttir upp hægri hönd sína, hvort sem hann greiðir atkvæði með eða móti máli. Skrifararnir telja atkvæðin, en forseti skýrir frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar, eftir að atkvæða hefur verið leitað með og móti. Hafi atkvæðagreiðslan fallið þannig, að málið sé hvorki samþykkt né fellt, lætur forseti nafnakall fara fram. Sömuleiðis er forseta heimilt að láta atkvæðagreiðslu fara fram með nafnakalli, annaðhvort þegar í stað eða ef atkvæðagreiðsla hefur áður fram farið, en verið óglögg. Sömuleiðis geta 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt nafnakalls við atkvæðagreiðslu um tiltekið atriði. Skrifleg krafa um það skal afhent forseta áður en atkvæðagreiðsla byrjar. Nöfn þeirra þingmanna skulu lesin upp og bókuð.

□ Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð og hluta um í hvert sinn, á hverri raðtölunni skuli byrja nafnakallið.

□ Forseti skal jafnan greiða atkvæði síðastur.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *Nú 20.—25. og 28. gr.*

■ **[48. gr.]**[1] Afl atkvæða ræður um úrslit mála og málsatriða, nema öðruvísi sé ákveðið í stjórnarskránni eða þingsköpunum (sbr. 26. gr.).[2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *Nú 25. gr.*

■ **[49. gr.]**[1] Um kosningar fer eftir því, sem fyrir er mælt í 3. og 17. gr.,[2] að því viðbættu, að þegar kjósa á um 2 menn eða fleiri í þingdeild eða sameinuðu þingi, hvort heldur er til starfa innan þings eða utan, [er forseta heimilt að beita hlutfallskosningu með aðferð þeirri, er kennd er við de Hondt (listakosning). Sama aðferð skal viðhöfð,][3] ef 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri og 9 í sameinuðu þingi æskja þess.

□ Aðferðin er þessi:

Þeir þingmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta, þegar til

kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefur tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf A, B, C o. s. frv., eftir því sem sjálfur hann ákveður, eða ákveðið hefur verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann þingtíma. Síðan les forseti upphátt stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa þingmenn þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A, B o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifararnir rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð hver niður undan annarri, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

□ Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næsthæsta hlutatölu, o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hvor listinn skuli koma að manni.

□ Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.

□ [Ef kjósa skal einnig varamenn, skal listi, sem hlotið hefur mann eða menn, eiga rétt til jafnmargra varamanna í þeirri röð, sem þeir standa á listanum.][3]

□ Kjörmiði við óhlutbundnar kosningar er ógildur, ef á honum standa fleiri eða færri nöfn en samsvarar tölu nefndarmanna, eða nafn er ógreinilegt eða á eigi við.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *Nú 16. gr.* [3] *L. 54/1972, 12. gr.*

■ **[50. gr.]**[1] Fundir, bæði þingdeilda og sameinaðs þings, skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða 3 þingmenn í efri deild, 6 í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi krafizt þess, að öllum utanþingsmönnum sé vísað á braut, og sker þá þingið úr því, hvort svo skuli gert og umræður fara fram í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum (stjskr. 52. gr.).[2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *Nú 57. gr.*

■ **[51. gr.]**[1] Forseti skipar fyrir um, hvernig mönnum skuli gefinn kostur á að vera við fundi þá, er haldnir eru í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir. Brjóti nokkur móti því, getur forseti látið vísa honum á braut, og ef þörf er á, öllum áheyrendum.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.*

V. Útvarp umræðu.

■ **[52. gr.]**[1] Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum.

□ [Þá skal og útvarpa innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsætisráðherra og umræðu um hana, en eftirrit af ræðunni skal afhent þingmönnum sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en hún er flutt. Umferðir skulu vera tvær. Í fyrri umferð hefur forsætisráðherra til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsætisráðherrans 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða.][2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *S. l. 13. gr.*

■ **[53. gr.]**[1] Þegar útvarpað er umræðum um þingmál, skulu þingflokkar hafa rétt til jafnlangs ræðutíma og forsetar gefa þingmönnum færi á að taka til máls þannig, að flokkarnir skiptist á. Við útvarpsumræðu gilda ekki ákvæði 35. gr.[2] um málfrelsi ráðherra. Rétt skal þingmönnum utan flokka að eiga þátt í útvarpsumræðum, þó þannig, að enginn þeirra fái lengri tíma en helming þess, er hver þingflokkur hefur til umráða, og ekki skulu þingmenn utan flokka, ef fleiri eru en tveir, fá lengri tíma samanlagt við útvarpsumræðu, en hver einstakur þingflokkur.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *Nú 36. gr.*

■ **[54. gr.]**[1] [Á síðari hluta þings skal útvarpa almennum stjórnmálaumræðum. Hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund.][2]

□ Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingflokka hafa tekið til máls og þeir þingmenn utan flokka, sem þátt taka í umræðum.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. gr.* [2] *S. l. 14. gr.*

■ **[55. gr.]**[1] [Útvarpa skal umræðu um vantraust, ef 9 þingmenn krefjast þess.][2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. og 15. gr.* [2] *S. l. 15. gr.*

■ **[56. gr.]**[1] [Þegar útvarpað er umræðu um önnur mál en þau, er í (51. og 53. gr.)[2] segir, fær hver þingflokkur til umráða þrjátíu mínútur.

□ Þegar útvarpi umræðu samkvæmt þessari grein er lokið, getur umræða haldið áfram eftir venjulegum reglum.][3]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9. og 15. gr.* [2] *Nú 52. og 54. gr.* [3] *S. l. 16. gr.*

■ **[57. gr.]**[1] [Forseti getur, með samþykki allra þingflokka, ákveðið, að ræðutími í einstökum umferðum skuli vera annar en til er tekið í öðrum greinum þessa kafla.][2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9., 15. og 17. gr.* [2] *S. l. 17. gr.*

■ **[58. gr.]**[1] Nú óskar þingflokkur, að umræðu verði útvarpað, og snýr þá formaður flokksins tilmælum sínum til forseta. Skal forseti þegar tilkynna það formönnum annarra þingflokka, en þeir leita samþykkis flokks síns svo fljótt sem auðið er. Útvarpa skal umræðu, þegar samþykki allra flokka kemur til.

□ [Sama gildir, ef þingflokkur óskar, að útvarpað verði umræðum á þingfundi eða hluta af þingfundi.][2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9., 15. og 17. gr.* [2] *S. l. 18. gr.*

■ **[59. gr.]**[1] Nú næst ekki samkomulag milli þingflokka um útvarp umræðu, og skal forseti þá tilkynna það þeim, sem kröfuna átti. Ef þingflokkur ítrekar kröfu sína, skal umræðunni útvarpað. Réttur til útvarps án samþykkis annarra þingflokka gildir þó aðeins um tvær umræður umfram þann flokk, sem sjaldnast hefur neytt þessa réttar.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9., 15. og 17. gr.*

■ **[60. gr.]**[1] [Ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umræðu eða hluta af umræðu, beinir það tilmælum sínum til hlutaðeigandi forseta. Forseti tekur þau tilmæli á dagskrá og ákveður þingið eða þingdeild, að lokinni umræðu, hvort leyfð skuli. Þegar útvarpað er umræðu á þennan hátt, skal þess gætt, að ræðutími skiptist sem jafnast milli flokka eða mismunandi sjónarmiða.][2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9., 15., 17. og 19. gr.* [2] *S. l. 19. gr.*

■ **[61. gr.]**[1] Dag og stund útvarpsumræðu skal tilkynna í útvarpi og á þingfundi svo fljótt sem unnt er.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9., 15., 17. og 19. gr.*

■ **[62. gr.]**[1] Umræðum skal útvarpa í sömu röð og

1936 Nr. 115 19. nóv.

1936 Nr. 115 19. nóv.

kröfur um útvarp bárust forseta, enda sé að öðru leyti fullnægt ákvæðum þingskapa. Forseti getur þó vikið frá þessari röð, ef sérstakar ástæður liggja til.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9., 15., 17. og 19. gr.*

■ **[63. gr.]**[1] Formenn þingflokka eru réttir aðilar gagnvart forseta og þingmönnum flokksins um allt það, er að útvarpi umræðu lýtur.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., 9., 15., 17. og 19. gr.*

■ **[64. gr.]**[1] Forseti sker úr ágreiningi, sem verður um skilning á reglum þessum eða framkvæmd þeirra.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9., 15., 17. og 19. gr.*

■ **[65. gr.]**[1] [Í þessum kafla er orðið útvarp notað um hljóðvarp og enn fremur um sjónvarp, eftir því sem við á.][2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9., 15., 17., 19. og 20. gr.* [2] *S. l. 20. gr.*

VI. Ýmisleg ákvæði.

■ **[66. gr.]**[1] Hvorug þingdeildin má taka við nokkru málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings (stjskr. 50. gr.).[2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9., 15., 17., 19. og 20. gr.* [2] *Nú 55. gr.*

■ **[67. gr.]**[1] Umræður þingdeildanna og sameinaðs Alþingis, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum um þau, skulu prentaðar í Alþingistíðindunum.

□ Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella, það er þar á að standa og fram hefur komið í þinginu og gerðabækur þingsins og handrit af umræðum í þinginu bera með sér. Engar breytingar má gera á hvorugu þessu, nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur. Engu má bæta inn í Alþingistíðindin, hvort sem það varðar menn eða málefni, nema þess sé óhjákvæmilega þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrétting.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9., 15., 17., 19. og 20. gr.*

■ **[68. gr.]**[1] [Umræður þingdeildanna og sameinaðs þings, ásamt þingskjölum og atkvæðagreiðslum, skal prenta jafnóðum og gefa síðan út í Alþingistíðindum.][2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9., 15., 17., 19., 20. og 21. gr.* [2] *S. l. 21. gr.*

■ **[69. gr.]**[1] Ef þingmaður talar óviðulega um [forseta Íslands][2] eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigzlyrðum, eða víkur með öllu frá umtalsefninu, þá skal forseti kalla til hans: „Þetta er vítavert" og nefna þau ummæli sem hann vítir. Nú er þingmaður víttur tvisvar á sama fundi og má þá forseti, með samþykki fundarins, svipta þingmanninn málfrelsi á þeim fundi.

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9., 15., 17., 19., 20. og 21. gr.* [2] *L. 99/1952, 16. gr.*

■ **[70. gr.]**[1] Eftir uppástungu forseta eða skriflegri uppástungu frá 3 þingmönnum í efri deild, 6 þingmönnum í neðri deild og 9 í sameinuðu þingi má bregða út af þingsköpum þessum, ef ...[2] ¾ þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja. Um stjórnarfrumvörp eða frumvörp, sem flutt eru fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ræður þó einfaldur meiri hluti. ...[2]

[1] *L. 54/1972, 4. gr., sbr. 9., 15., 17., 19., 20. og 21. gr.* [2] *S. l. 22. gr.*

1980 Nr. 75 2. des.

Lög um þingfararkaup alþingismanna.

■ **1. gr.** Alþingismaður nýtur þingfararkaups úr ríkissjóði. Þingfararkaup greiðist frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir kjördag eða eftir að þingseta hefst og til síðasta dags þess mánaðar, er kjörtímabili eða þingsetu lýkur. Kaupið greiðist fyrsta hvers mánaðar fyrir fram að 1/12 hluta hvert sinn.

■ **2. gr.** Alþingismaður, sem á lögheimili utan Reykjavíkur, en verður að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd vegna fjarlægðar frá heimili sínu, á rétt á að fá greiddan húsnæðiskostnað vegna þingstarfa, enn fremur dvalarkostnað um þingtímann.

□ Alþingismaður, sem gegnir þingmennsku í kjördæmi utan Reykjavíkur og Reykjaness og nýtur ekki greiðslu skv. 1. mgr., á rétt á að fá greiddan kostnað vegna dvalar í kjördæmi sínu. Landskjörinn þingmaður fær sama dvalarkostnað og þingmaður í því kjördæmi þar sem hann var í framboði.

■ **3. gr.** Alþingismaður, sem er ekki búsettur í Reykjavík eða grennd, á rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað milli heimilis síns og vinnustaðar.

□ Enn fremur á alþingismaður rétt á að fá endurgreiddan kostnað við þær ferðir aðrar er hann þarf að fara innanlands vegna starfs síns, nema um sé að ræða ferðalög innan kjördæmis hans, sem greitt er fyrir skv. 4. gr.

■ **4. gr.** Alþingismaður fær á ári hverju fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög í kjördæmi sínu. Heimilt er að hafa upphæðina misháa eftir kjördæmum. Landskjörinn þingmaður fær sama ferðakostnað og þingmaður í því kjördæmi þar sem hann var í framboði.

□ Ákvæði í 1. málsgr. taka ekki til ráðherra.

■ **5. gr.** Alþingismaður á rétt á að fá endurgreiddan póst- og símakostnað vegna þingstarfa.

■ **6. gr.** Varaþingmaður fær greitt þingfararkaup skv. 1. gr., húsnæðiskostnað samkvæmt reikningi og dvalarkostnað þann tíma sem hann situr á þingi, svo og endurgreiddan ferða-, póst- og símakostnað skv. 3. og 5. gr.

■ **7. gr.** Nú getur alþingismaður ekki gegnt þingstörfum um stundarsakir vegna starfa á vegum ríkisstjórnarinnar eða sem fulltrúi Alþingis, og skal honum þá eigi að síður greitt þingfararkaup skv. 1. gr., húsnæðiskostnaður skv. 1. mgr. 2. gr. og ferðakostnaður samkv. 4. gr.

□ Hverfi þingmaður af þingi um sinn vegna slyss eða veikinda fær hann þingfararkaup eigi að síður allt að einu ári. Húsnæðiskostnaður, dvalarkostnaður og ferðakostnaður greiðist þó í lengsta lagi til loka þess þings sem þingmaðurinn hefur verið kvaddur til.

□ Nú er þingmaður forfallaður af öðrum ástæðum en getur í 1. og 2. málsgr. og varamaður tekur sæti hans á þingi, og missir hann þá þingfararkaups og annarra kjara þann tíma sem hann er fjarverandi.

■ **8. gr.** Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi eitt kjörtímabil eða lengur, á rétt á biðlaunum, er hann hættir þingmennsku. Biðlaun jafnhá þingfararkaupi skv. 1. gr. skal greiða í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu, en í sex mánuði eftir þingsetu í 10 ár eða lengur.

■ **9. gr.** Reglum um eftirlaun þingmanna skal skipað með sérstökum lögum.

■ **10. gr.** Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á þingfararkaupi.

■ **11. gr.** Nú gegnir alþingismaður starfi hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku. Skal hann þá njóta launa hjá ríki eða ríkisstofnun samkvæmt mati viðkomandi ráðuneytis, þó aldrei hærri en 50%.

■ **12. gr.** Kjaradómur skal ákveða þingfararkaup skv. 1. gr., húsnæðis- og dvalarkostnað skv. 2. gr. og ferðakostnað skv. 4. gr.

1980 Nr. 75 2. des.

1980 Nr. 75 2. des.

□ Ákvörðun Kjaradóms skal gilda frá 1. október ár hvert til 30. september næsta ár.

□ Verði verulegar og almennar breytingar á launum, húsaleigu eða dvalarkostnaði opinberra starfsmanna á gildistíma ákvörðunar Kjaradóms skal Kjaradómur taka ákvörðun sína til endurskoðunar.

■ **13. gr.** Skrifstofustjóri Alþingis skal úrskurða um reikninga þá sem alþingismanni skulu endurgreiddir skv. 3. og 5. gr.

□ Vilji alþingismaður ekki una úrskurði skrifstofustjóra getur hann skotið honum til úrskurðar forseta Alþingis sem fella endanlegan úrskurð.

1965 Nr. 46 14. maí

Lög um eftirlaun alþingismanna.

■ **1. gr.** Alþingismenn skulu greiða í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 4% — fjóra af hundraði — af þingfararkaupi sínu, eins og það er á hverjum tíma. Skal upphæðin dragast frá kaupinu mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt mótframlagi, er greiðist af alþingiskostnaði, að upphæð 6% — sex af hundraði — af mánaðarlega greiddu þingfararkaupi. Alþingismenn skulu vera í sérstakri deild innan lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Þátttaka í alþingismannadeild sjóðsins hefur ekki áhrif á rétt né skyldur alþingismanna til að vera í öðrum deildum sjóðsins. Alþingismenn njóta að öðru leyti sömu réttinda og bera sömu skyldur og aðrir sjóðfélagar, meðan þeir eiga sæti á Alþingi, nema annars sé getið í lögum þessum.

■ **2. gr.** [Fyrrverandi alþingismaður á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum þegar svo stendur á að:

1. Hann verður 65 ára.
2. Hann lætur af þingmennsku, enda verði hann 65 ára innan 4 ára frá því þingmennsku hans lýkur.
3. Samanlagður aldur hans og tvöfaldur sá tími, sem hann hefur setið samtals á þingi, nær 95 árum, enda hafi hann náð 60 ára aldri.
4. Hann verður öryrki. Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum er átt við 75% örorku eða meira. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli fyrrverandi alþingismanni, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%. Í slíkum tilvikum skal farið eftir meginreglum 13. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.][1)]

[1)] *L. 73/1982, 1. gr.*

■ **3. gr.** [Fyrrverandi alþingismaður, sem uppfyllir ákvæði 2. gr. laga þessara, á eftirlaunarétt sem hér segir:

1. Fyrir þingsetu í samtals 5 ár eða skemur: 2% fyrir hvert heilt ár og samsvarandi fyrir hluta úr ári.
2. Fyrir þingsetu í samtals allt að 9 ár: 30%.
3. Fyrir þingsetu í samtals allt að 12 ár: 40%.
4. Fyrir þingsetu í samtals allt að 15 ár: 50%.
5. Fyrir þingsetu í samtals allt að 18 ár: 55%.
6. Fyrir þingsetu í samtals allt að 21 ár: 60%.
7. Fyrir þingsetu í samtals 21 ár eða lengur: 62% að viðbættum 2% fyrir hvert heilt ár, og samsvarandi fyrir hluta úr ári, sem þingseta er samtals lengri en 21 ár. Eftirlaunarétturinn verður þó aldrei meiri en 70%.

□ Fyrir þingsetu umfram 5 ár skv. töluliðum 2 til 6 skal lífeyrisréttur breytast hlutfallslega fyrir hvert ár innan hinna tilgreindu tímabila.

1965 Nr. 46 14. maí

□ Eftirlaunin skulu fylgja þingfararkaupi alþingismanns eins og það er á hverjum tíma og vera sá hundraðshluti þess, sem eftirlaunarétturinn samkvæmt 1. mgr. segir til um.

□ Eftirlaun greiðast ekki meðan hinn fyrrverandi alþingismaður fær greidd biðlaun samkvæmt 8. gr. laga nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna.][1)]

[1)] *L. 73/1982, 2. gr.*

■ **4. gr.**[1)]

□ [Eftirlifandi maki alþingismanns eða fyrrverandi alþingismanns á rétt á eftirlaunum að honum látnum. Eftirlaunaréttur maka skal vera 20% að viðbættum helmingnum af þeim hundraðshluta sem hinn látni alþingismaður hafði áunnið sér sem eftirlaunarétt skv. 3. gr.

□ Eftirlaun maka skulu fylgja þingfararkaupi alþingismanns eins og það er á hverjum tíma og vera sá hundraðshluti þess sem eftirlaunarétturinn samkvæmt 1. mgr. segir til um.][2)]

[1)] *L. 73/1982, 3. gr.* [2)] *S. l. 4. gr.*

■ [**5. gr.** Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist. Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga. Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri. Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóti sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.][1)]

[1)] *L. 73/1982, 5. gr.*

■ **6. gr.** Nú andast alþingismaður eða fyrrverandi alþingismaður, sem öðlazt hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 3. gr. laga þessara, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá maki hans, ef á lífi er, rétt til þess hundraðshluta af eftirlaunum hins látna, sem 5. gr. laga þessara segir til um.

■ **7. gr.** [Lífeyrir samkvæmt lögum þessum greiðist án tillits til lífeyris, er sjóðfélagi á rétt á úr öðrum deildum Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum og hefur ekki áhrif á slík réttindi að öðru leyti en um getur í 2. mgr.

□ Nú hefur fyrrverandi alþingismaður áunnið sér eftirlaunarétt í hinni almennu deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins samtímis því að hann ávann sér rétt í alþingismannadeild sjóðsins, án þess þó að launaskerðing samkvæmt 11. gr. laga nr. 75/1980, um þingfararkaup alþingismanna, eða ákvæði eldri þingfararkaupslaga hafi skert eftirlaunaréttinn í almennu deildinni og skulu þá eftirlaunin úr alþingismannadeildinni lækka

1965 Nr. 46 14. maí

um sömu upphæð og því nemur sem eftirlaunin úr almennu deildinni hefðu lækkað ef eftirlaunarétturinn þar hefði skerst í samræmi við launaskerðingu þingfararkaupslaga eins og þau voru á hverjum tíma.][1)]

[1)] *L. 73/1982, 6. gr.*

■ **8. gr.** Halli, sem verða kann á lífeyrissjóði alþingismanna, ef iðgjöld í sjóðinn endast ekki til greiðslu eftirlauna til fyrrverandi alþingismanna, eða lífeyris til maka þeirra, greiðist af alþingiskostnaði.

■ [**Ákvæði til bráðabirgða.** Nú hefur maður þegar eða við lok yfirstandandi kjörtímabils öðlast betri rétt samkvæmt þeim reglum, sem settar voru með lögum nr. 46 14. maí 1965, og heldur hann þá rétti til eftirlauna samkvæmt þeim reglum.][1)]

[1)] *L. 73/1982.*

1943 Nr. 64 16. des.

Lög um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

■ **1. gr.** Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, tilskipanir, opin bréf, auglýsingar ...[1)] og aðrar tilkynningar almenns efnis, sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur, sem sameinað Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.

[1)] *L. 22/1962, 1. gr.*

■ **2. gr.** Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, erindisbréf, samþykktir og auglýsingar, sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, umburðarbréf, ákvarðanir og úrlausnir ráðuneyta, sem almenna þýðingu hafa, veitingar opinberra starfa og lausn frá þeim, er handhafi æðsta framkvæmdarvalds eða ráðherra fer með, reikninga sjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga, skrá yfir félög, firmu og vörumerki, sem tilkynnt hafa verið á árinu, heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun, sem ríkisstjórnin veitir.

□ [Í C-deild Stjórnartíðinda skal birta samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra.][1)]

[1)] *L. 22/1962, 2. gr.*

■ **3. gr.** Í Lögbirtingablaði skal birta dómsmálaauglýsingar, svo sem opinberar stefnur til dóms, úrskurði um töku búa til opinberra skipta og áskoranir um kröfulýsingar, auglýsingar um skiptafundi og skiptalok þrotabúa, nauðungaruppboð og uppboð á fasteignum búa, sem skiptaréttur fer með, auglýsingar um vogrek, óskilafé og fundið fé, auglýsingar um kaupmála hjóna, lögræðissviptingu og brottfall hennar, lögboðnar auglýsingar um félög, firmu og vörumerki, sérleyfi, er stjórnvöld veita, opinber verðlagsákvæði og annað það, er stjórnvöldum þykir rétt að birta almenningi. Einnig skal heimilt vera að birta í Lögbirtingablaði auglýsingar og tilkynningar einstakra manna.

■ **4. gr.** Vafamál um það, hvar birta skuli atriði þau, er í 1.—3. gr. segir, eða hvort erindi skuli birt eða eigi, úrskurðar dómsmálaráðherra.

■ **5. gr.** Dómsmálaráðuneytið gefur Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað út. Ræður dómsmálaráðherra mann eða menn til útgáfunnar og segir fyrir um tilhögun hennar. Skylt er skrifstofustjórum hvers ráðuneytis að fá útgefanda þegar handrit af hverju því, sem afgreitt hefur verið í því ráðuneyti og birta ber í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði.

■ **6. gr.** Kostnaður af útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs telst til skrifstofukostnaðar dómsmálaráðuneytisins, enda kveður dómsmálaráðherra á um gjöld fyrir auglýsingar, er aðilar eiga að greiða.[1)] Einnig getur dómsmálaráðherra sett fyrirmæli um annað, er að útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs lýtur.

[1)] *Augl. B 607/1982.*

1943 Nr. 64 16. des.

■ **7. gr.** Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita, fyrr en birting samkvæmt 1. og 2. gr. laga þessara hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um það, að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með 1. degi þess mánaðar, er liðnir eru 3 almanaksmánuðir hið skemmsta frá útgáfudegi þess blaðs Stjórnartíðinda, er fyrirmælin voru birt, nema þau geymi aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

1929 Nr. 48 14. júní

Lög um laganefnd.

■ **1. gr.** Forsætisráðherra er heimilt að skipa þriggja manna nefnd, er nefnist laganefnd. Nefndarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera heimilisfastir í Reykjavík og tveir þeirra hið fæsta hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

■ **2. gr.** Laganefnd skal skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa, samræmd laga og annan undirbúning löggjafarmála.

■ **3. gr.** Laganefnd skal gefa út safn af gildandi lögum landsins, í útgáfu, sem handhæg er fyrir almenning. Skal leggja áherzlu á að láta sem fullkomnastar og handhægastar efnisskrár fylgja útgáfunni.

□ Lagasafn þetta skal gefið út að nýju að minnsta kosti á 10 ára fresti, og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjöfinni.

■ **4. gr.** Kostnaður við störf laganefndar og útgáfu lagasafns þess, er ræðir um í 3. gr., greiðist úr ríkissjóði. Tekjur af sölu lagasafnsins renna í ríkissjóð.

1952 Nr. 100 23. des.

Lög um íslenzkan ríkisborgararétt.

■ **1. gr.** [Barn öðlast íslenskt ríkisfang við fæðingu:

1. ef það er skilgetið og faðir þess eða móðir er íslenskur ríkisborgari,

2. ef það er óskilgetið og móðir þess er íslenskur ríkisborgari.][1)]

□ Barn, sem fundizt hefur hér á landi, telst, þar til annað reynist sannara, vera íslenzkur ríkisborgari.

[1)] *L. 49/1982, 1. gr. Sjá og 10. gr. s. l.: „Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1982. Barn, sem er fætt 1. júlí 1964 eða síðar, og hefði öðlast íslenskt ríkisfang, ef ákvæði 1. greinar 1. málsgr. 1. tölul. hefðu verið í gildi við fæðingu barnsins, fær íslenskt ríkisfang er móðir þess gefur um það skriflega yfirlýsingu til dómsmálaráðuneytisins eigi síðar en 30. júní 1985, og þó því aðeins að móðirin sé íslenskur ríkisborgari, þegar yfirlýsingin er gefin, og barnið þá innan 18 ára aldurs. Til 31. desember 1982 má þó gefa slíka yfirlýsingu, þó að barn, sem fætt er á tímabilinu 1. júlí—31. desember 1964 sé orðið 18 ára, þá er yfirlýsingin er gefin. Barn, sem orðið er 15 ára þegar yfirlýsingin er gefin, þarf að lýsa samþykki sínu, svo að hún sé gild.“*

■ **2. gr.** Nú eiga íslenzkur karlmaður og erlend kona börn saman áður en þau ganga í hjónaband, og öðlast börnin þá íslenzkt ríkisfang við giftingu foreldranna, ef þau hafa eigi gengið í hjónaband og eru eigi fullra 18 ára.

■ [**2. gr. a.** Erlent barn, sem með leyfi íslenskra

stjórnvalda hefur verið ættleitt af hjónum, sem bæði eru íslenskir ríkisborgarar, eða af einstaklingi, sem er íslenskur ríkisborgari, og sem ásamt ættleiðendum (ættleiðanda) á lögheimili hér á landi, öðlast íslenskt ríkisfang ef ættleiðendur (ættleiðandi) tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, áður en barnið nær 7 ára aldri. Öflun ríkisfangs samkvæmt þessari grein fær gildi er staðfesting á því er gefin út.][1)]

[1)] *L. 49/1982, 2. gr.*

■ **3. gr.** [Útlendingur, sem átt hefur lögheimili hér á landi samfleytt frá því að hann náði 16 ára aldri og að auki hefur búið hér áður eigi skemur en 5 ár samanlagt, öðlast íslenskt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, eftir að hann hefur náð 21 árs aldri, en innan fullnaðs 23 ára aldurs. Eigi hann hvergi ríkisfang eða sanni, að hann muni missa erlends ríkisfangs síns er hann öðlast íslenskt ríkisfang, getur hann gefið yfirlýsingu þessa, þegar hann er fullra 18 ára, enda hafi hann, þegar yfirlýsingin er gefin, átt lögheimili hér á landi síðustu 5 árin og að auki búið hér áður eigi skemur en 5 ár samanlagt.][1)]

□ Eigi ríkið í ófriði, getur borgari í óvinaríki ekki öðlazt íslenzkt ríkisfang samkvæmt þessari grein. Sama á við um þann, sem ekki á ríkisborgararétt í neinu ríki, en hefur síðast átt ríkisborgararétt í óvinaríki.

[1)] *L. 49/1982, 3. gr.*

■ **4. gr.** Nú hefur einhver, sem öðlazt hefur íslenzkt ríkisfang við fæðingu og átt hefur hér lögheimili til fullnaðs 18 ára aldurs, misst íslenzks ríkisfangs síns, og fær hann þá ríkisfangið að nýju, hafi hann átt hér lögheimili síðustu 2 árin, með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. Sé hann ríkisborgari í öðru landi, stoðar slík yfirlýsing þó því aðeins, að hann sanni, að hann við þetta missi hins erlenda ríkisborgararéttar.

■ **5. gr.** [Fái einhver ríkisfang, samkvæmt 3. og 4. gr., og öðlast þá jafnframt skilgetin ógift börn hans undir 18 ára aldri, sem eiga lögheimili hér á landi, ríkisfangið. Þetta nær þó eigi til barna, sem eftir hjúskaparslit foreldranna eða skilnað þeirra að borði og sæng eru falin forráðum hins foreldrisins.

□ Ákvæði 1. málsliðs 1. málsgreinar gildir með sama hætti um samband óskilgetins barns og móður þess, nema faðir þess sé útlendingur og hann hafi forráð barnsins.][1)]

[1)] *L. 49/1982, 4. gr.*

■ **6. gr.** Ríkisborgararétt má veita með lögum samkvæmt stjórnarskránni.

□ Áður en umsóknir um ríkisborgararétt eru lagðar fyrir Alþingi, skal dómsmálaráðuneytið fá um þær umsagnir lögreglustjóra og sveitarstjórna á dvalarstöðum umsækjenda. Eigi sá börn, sem ríkisborgararétt fær með lögum, fer um þau eftir ákvæðum 5. greinar, nema lögin láti öðruvísi um mælt.

■ **7. gr.** Íslenzks ríkisfangs missir

1. sá, sem hlýtur erlent ríkisfang samkvæmt umsókn sinni eða skýlausu samþykki,

2. sá, sem hlýtur erlent ríkisfang með því að ganga í opinbera þjónustu í öðru ríki,

3. ógift barn undir 18 ára aldri, sem verður erlendur ríkisborgari með þeim hætti, að foreldrar þess, sem hafa forráð þess, fá erlent ríkisfang samkvæmt 1. eða 2. tölulið greinarinnar, eða foreldri, sem hefur eitt forráð barnsins eða ásamt hinu, sem ekki er íslenzkur ríkisborgari, fær erlent ríkisfang með fyrrnefndum hætti, ...][1)]

[1)] *L. 49/1982, 5. gr.*

■ **8. gr.** Íslenzkur ríkisborgari, sem fæddur er erlendis og aldrei hefur átt lögheimili hér á landi né hefur dvalizt hér í einhverju skyni, er af megi ráða að hann vilji íslenzkur ríkisborgari vera, missir íslenzks ríkisfangs þá er hann verður 22 ára. Þó getur forseti leyft, að hann haldi ríkisfangi sínu, ef um það er sótt innan þess tíma.

□ [Nú missir einhver íslensks ríkisfangs samkvæmt þessari grein og missa þá einnig börn hans íslensks ríkisfangs, sem þau hafa öðlast á grundvelli ríkisfangs hans, nema þau við það verði ríkisfangslaus.][1)]

[1)] *L. 49/1982, 6. gr.*

■ **9. gr.** Forsetinn getur leyst þann, sem orðinn er eða óskar að verða erlendur ríkisborgari, undan þegnskyldu á Íslandi, enda sanni aðili, að hann verði innan ákveðins tíma erlendur ríkisborgari, ef hann er ekki þá þegar orðinn það.

□ [Eigi verður þeim neitað um að verða leystur undan þegnskyldu, sem er erlendur ríkisborgari og á lögheimili erlendis.][1)]

[1)] *L. 49/1982, 7. gr.*

■ [**9. gr. a.** Ákveða má með samningi við önnur ríki, að ákvæði 2. og 3. málsgreinar komi til framkvæmda. Orðið samningsríki í þessari grein á við það eða þau ríki, sem slíkur samningur er gerður við.

□ Íslenskur ríkisborgari, sem við fæðingu hefur einnig orðið ríkisborgari í samningsríki, missir íslensks ríkisfangs er hann nær aldursmarki, sem ákveðið er í samningnum, og má ekki vera lægra en 19 ár og ekki hærra en 22 ár, hafi hann síðustu 5 árin átt lögheimili í því samningsríki.

□ Missi einhver ríkisfangs samkvæmt 2. málsgrein missa einnig börn hans ríkisfangsins, ef þau leiða það af ríkisfangi hans, nema þau verði við það ríkisfangslaus.

□ Sá sem misst hefur íslensks ríkisfangs samkvæmt þessari grein og hefur æ síðan verið ríkisborgari í samningsríki, öðlast ríkisfang að nýju, ef hann tilkynnir dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, enda hafi hann þá fengið að nýju lögheimili hér á landi. Ákvæðin í 2. málsl. 4. greinar og í 5. grein eiga hér við með samsvarandi hætti.][1)]

[1)] *L. 49/1982, 8. gr.*

■ [**9. gr. b.** Ákveða má, með samningi við Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð, að eitt eða fleiri ákvæðanna í A– C hér á eftir, skuli fá gildi. Orðin norrænt samningsríki í greininni eiga við það eða þau ríki, sem gerður er við slíkur samningur.

A. Þegar beitt er 3. grein skal meta lögheimili í norrænu samningsríki til 16 ára aldurs til jafns við lögheimili hér á landi. Þó skal sá, sem hlut á að máli, hafa átt lögheimili hér á landi síðustu 5 árin, þegar yfirlýsing er gefin.

Þegar beitt er 4. grein skal meta lögheimili í norrænu samningsríki til 12 ára aldurs til jafns við lögheimili hér á landi.

Þegar beitt er 8. grein skal meta lögheimili í norrænu samningsríki í minnst 7 ár til jafns við lögheimili hér á landi.

B. Ríkisborgari í norrænu samningsríki, sem

1952 Nr. 100 23. des.

1. hefur öðlast ríkisborgararétt þar með öðrum hætti en með lögum eða samsvarandi hætti,
2. hefur náð 18 ára aldri,
3. hefur átt lögheimili hér á landi síðustu 7 árin, og
4. hefur ekki á því tímabili verið dæmdur til refsivistar eða til að sæta öryggisgæslu eða hælisvist samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, öðlast íslenskt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðherra skriflega þá ósk sína. Ákvæði 5. greinar eiga hér við.

C. Sá sem misst hefur íslensks ríkisfangs, og hefur síðan óslitið verið ríkisborgari í norrænu samningsríki, öðlast ríkisfang að nýju með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, enda hafi hann þá fengið lögheimili hér á landi. Ákvæði 5. greinar eiga hér við.][1)]

[1)] *L. 49/1982, 9. gr.*

■ **10. gr.** Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvort maður hafi öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt við setningu laga þessara eða fullnægi skilyrðum til að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með því að lýsa ósk sinni þar um. Skjóta má úrskurði um þetta efni undir úrlausn dómstóla.

□ Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

□ Yfirlýsingu samkvæmt lögum þessum, um að maður óski að verða íslenzkur ríkisborgari, getur aðeins aðili sjálfur gefið, en ekki forráðamaður eða handhafi foreldravalds.

□ Þar sem eigi er annað ákveðið aldursmark í lögum þessum, skal þeim, sem náð hefur 18 ára aldri, heimilt að gefa yfirlýsingu um ríkisborgararétt samkvæmt lögum þessum, án tillits til þess, að hann er háður forráðum annars manns.

■ **11. gr.** Barn undir 18 ára aldri, sem mundi hafa átt íslenzkan ríkisborgararétt, ef ákvæði 1. gr. 1. málsgr. 2. töluliðs hefðu verið í gildi fyrir gildistöku þessara laga, og ekki er eða hefur verið ríkisborgari í öðru landi, öðlast íslenzkt ríkisfang við gildistöku laganna.

□ Kona, sem samkvæmt áður gildandi löggjöf hefur misst íslenzks ríkisfangs við það að giftast erlendum ríkisborgara eða við það að öðlast erlendan ríkisborgararétt, annaðhvort við hjónaband eða vegna þess að eiginmaður hennar hefur öðlazt erlendan ríkisborgararétt, en mundi hafa haldið íslenzku ríkisfangi sínu, ef ákvæði þessara laga hefðu áður verið í gildi, getur endurheimt ríkisborgararétt sinn með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. Slíka tilkynningu skal þó bera fram fyrir 31. des. 1957.

□ Kona, sem nær 22 ára aldri fyrir 1. jan. 1956 og hefur verið eða er gift er hún nær þeim aldri, missir ekki íslenzks ríkisfangs samkvæmt 8. gr. 1. málsgr. fyrr en í árslok 1956.

□ Nú flyzt maður búferlum af landi héðan, sem orðinn er ríkisborgari í öðru landi, en hefur haldið íslenzku ríkisfangi samkvæmt ákvæði 2. málsliðs 5. gr. laga nr. 64 28. jan. 1935, og missir hann þá ekki íslenzks ríkisfangs, nema hann eigi enn ríkisborgararétt í öðru landi og mundi missa eða hafa misst íslenzks ríkisfangs samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga, ef þau hefðu áður haft gildi.

□ Nú verða þær aðstæður fyrir hendi eftir gildistöku laga þessara, er nægja til þess að öðlast ríkisborgararétt eða varða missi hans, og skal þá fara eftir ákvæðum laga þessara eins og þau hefðu áður gilt.

1952 Nr. 100 23. des.

Lög um réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi.

1944 Nr. 18 24. marz

■ **1. gr.** [Þeir, er danskan ríkisborgararétt hafa öðlazt samkvæmt þeim reglum, er giltu fyrir 9. apríl 1940, eða öðlast hann síðar eftir sömu reglum og búsettir voru á Íslandi 6. marz 1946 eða hafa verið þar búsettir einhvern tíma á síðustu 10 árunum fyrir þann tíma, skulu, þegar þeir dvelja hér á landi, njóta þess jafnréttis við íslenzka ríkisborgara, er þeim var áskilið í 6. gr. sambandslaga Íslands og Danmerkur 30. nóv. 1918.][1)]

[1)] *L. 85/1946, 1. gr.*

Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband.

1978 Nr. 4 24. febr.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um ræðissamband sem gerður var í Vínarborg 24. apríl 1963 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, svo og að viðbótarbókunum varðandi ríkisborgararétt og skyldubundna lausn deilumála.

□ Ákvæði samningsins skulu hafa lagagildi á Íslandi.

■ **2. gr.** Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

■ **3. gr.**[1)] Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi konungsúrskurður um réttindi ræðismanna annarra ríkja frá 25. apríl 1821 og konungsúrskurður um réttindi útlendra ræðismanna frá 5. ágúst 1834.

[1)] *Um fylgiskjal, sjá Stjtíð. A 1978, bls. 7—49.*

Forsetabréf um hina íslenzku fálkaorðu.

1944 Nr. 42 11. júlí

■ **1. gr.** [Orðunni má sæma innlenda menn eða erlenda fyrir vel unnin störf í þágu íslensku þjóðarinnar eða á alþjóðavettvangi.][1)]

[1)] *Forsbr. 98/1978, 1. tl.*

■ **2. gr.** Forseti Íslands er stórmeistari orðunnar.

■ **3. gr.** Nefnd fimm manna ræður málefnum orðunnar. Eftir tillögu forsætisráðherra kveður forseti Íslands 4 menn, sem sæmdir eru og bera heiðursmerki orðunnar, til setu í nefndinni til sex ára í senn, og tilnefnir formann nefndarinnar svo og einn mann til vara til þriggja ára í senn. Úr nefndinni ganga þriðja hvert ár tveir aðalmanna, en í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Þá er úr ganga, má kveðja til setu í nefndinni á ný. Ráðherra má ekki eiga sæti í nefndinni. Ritari forseta Íslands er orðuritari og skipar fimmta sætið í nefndinni. Nefndarstarfið er heiðursstarf án launa, og setur nefndin sér sjálf starfsreglur, sem hún leggur fyrir forseta til staðfestingar.

■ **4. gr.** Orðunefndin gerir tillögur til stórmeistarans um veitingu orðunnar.

□ [Við hátíðleg tækifæri getur stórmeistari þó, er honum þykir hlýða, veitt orðuna án tillagna orðunefndar.][1)]

□ Þegar íslenzkur ríkisborgari er sæmdur orðunni, skal ávallt skýra opinberlega frá því, hverjir sérstakir verðleikar hafa gert hann verðan sæmdarinnar.

[1)] *Forsbr. 115/1945.*

■ **5. gr.** Stig orðunnar eru þessi: Stórkrossriddari, stórriddari með stjörnu, stórriddari, riddari.

■ **6. gr.** Við hátíðleg tækifæri ber stórmeistarinn, auk stórkrossstjörnunnar, merkið í gullnri keðju um háls-

1944 Nr. 42 11. júlí

inn. Keðjan liðast í blásteinda skildi með [silfruðum][1] fálka og skjaldarmerki lýðveldisins í litum þess til skiptis.

□ [Keðjan, ásamt stórkrossstjörnunni, er jafnframt æðsta stig orðunnar, og ber stórmeistari það einn íslenzkra manna. Stórmeistari getur sæmt þjóðhöfðingja annarra ríkja þessu stigi orðunnar.][2]

[1] *Forsbr. 98/1978, 2. tl.* [2] *Forsbr. 103/1949.*

■ **7. gr.** Sameiginlegt merki orðunnar er gullrenndur, innskorinn, hvítsteindur kross og álmuhornin stýfð af inn á við. Framan á krossinum miðjum er gullrenndur, blásteindur skjöldur og á honum silfurfálki, er lyftir vængjum til flugs. Aftan á krossinum miðjum er blásteind, sporöskjulöguð, gullrennd rönd, og á hana letrað með gullnum stöfum: Seytjándi júní 1944.

□ Krossar stórkrossriddara og stórriddara eru jafnstórir. Riddarakrossar minni. Band orðunnar er heiðblátt, en jaðrar hvítir með hárauðri rönd; band stórkrossriddara er breiðast, en riddara mjóst.

□ Stórkrossriddarar bera krossinn á hægri mjöðm í bandinu um vinstri öxl. Stórriddarar bera hann í bandinu um hálsinn, en riddarar á brjóstinu vinstra megin.

□ Stórkrossriddarar bera enn fremur á brjóstinu, vinstra megin, átthyrnda silfurstjörnu með krossmarkinu á.

□ Embættismenn kirkjunnar og vígðir kennarar í guðfræðideild Háskólans, sem eru stórkrossriddarar, bera krossinn, þegar þeir eru í embættisbúningi kirkjunnar, í bandi um hálsinn.

□ Stjarna stórriddara er átthyrnd silfurstjarna og á henni miðri blásteindi silfurskjöldurinn með silfurfálkanum, og bera þeir hann á brjóstinu vinstra megin. Öll merki orðunnar og bönd skulu gerð samkvæmt teikningum, sem stórmeistarinn hefur samþykkt.

■ **8. gr.** Formaður orðunefndar ber, stöðu sinnar vegna, hægra megin á brjóstinu stórkrossstjörnuna.

■ **9. gr.** [Stórmeistarinn undirritar útnefningarbréfið og einnig formaður orðunefndar.][1]

[1] *Forsbr. 98/1978, 3. tl.*

■ **10. gr.** Innsigli orðunnar er stórkrossstjarnan og áletrun: Sigillum ordinis falconis Islandiæ. Á bandi fyrir ofan stjörnuna standa einkunnarorð Jóns Sigurðssonar: Eigi víkja. Fyrir neðan stjörnuna: 17. júní 1944.

■ **11. gr.** Stórmeistari getur, að ráði orðunefndar, svipt mann, sem hlotið hefur orðuna, en síðar gerzt sekur um misferli, rétti til að bera hana.

■ **12. gr.** Við andlát þess, er orðunni hefur verið sæmdur, ber tafarlaust að skila aftur til orðuritara orðunni eða orðunum. Í útlöndum má fá [sendiráðum][1] og ræðismönnum orðurnar til frekari fyrirgreiðslu. Stórkrossriddara ber við útnefningu að skila stórriddarastjörnunni, hafi hann verið sæmdur henni áður, svo og stórriddarakrossinum, hafi hann haft hann áður.

[1] *Forsbr. 98/1978, 4. tl.*

■ **13. gr.** Íslenzkur ríkisborgari, sem sæmdur er orðunni, skal við útnefningu og aftur, ef honum hlotnast æðra stig orðunnar, senda orðuritara stutta æviskýrslu sína. Að manninum látnum afhendir orðuritari skýrsluna Þjóðskjalasafninu til geymslu.

■ [**14. gr.** Þegar erlendur ríkisborgari er sæmdur stórriddarakrossi fálkaorðunnar með stjörnu, skal, eftir atvikum hverju sinni, afhenda honum stjörnuna og krossinn eða einungis stjörnuna.

□ Erlendur ríkisborgari, er hlotið hefur stórriddarakross, skal að jafnaði skila krossinum aftur, verði hann sæmdur stjörnu stórriddara.

□ Ákvæði þessi gilda gagnvart borgurum ríkja, er búa við svipaðar reglur.][1]

[1] *Forsbr. 5/1948.*

■ **15. gr.** Allur kostnaður orðunnar greiðist úr ríkissjóði.

1944 Nr. 42 11. júlí

Forsetabréf um starfsháttu orðunefndar.

1945 Nr. 114 31. des.

I. kafli. Veiting orðunnar.

■ **1. gr.** Stórmeistari hinnar íslenzku fálkaorðu sæmir innlenda menn og erlenda heiðursmerkinu samkvæmt tillögu orðunefndar. Við hátíðleg tækifæri getur stórmeistari þó, er honum þykir hlýða, veitt orðuna án tillagna nefndarinnar.

■ **2. gr.** Nefndarmaður hver getur borið fram tillögu á fundi um veiting orðunnar. Samþykki a. m. k. fjögurra nefndarmanna þarf til þess að tillaga um orðuveiting verði borin upp fyrir stórmeistara.

□ Geti nefndarmaður eigi fjallað um mál sakir fjarvista eða annarra ástæðna, skal varamaður til kvaddur.

■ **3. gr.** Heimilt er nefndinni að bera upp fyrir stórmeistara tillögur um orðuveitingar, án þess að málið hafi verið tekið til meðferðar á fundi, enda hafi orðuritari að boði formanns aflað tillögunni samþykkis nefndarmanna, sbr. 2. gr.

□ Staðfesta skal slíkar tillögur á næsta nefndarfundi.

□ Berist nefndinni tillaga um orðuveitingar, skal orðuritari afla þeirrar vitneskju í málinu, er nefndarmenn telja nauðsynlega til þess að tillagan hljóti afgreiðslu.

■ **4. gr.**[1] Um allar orðuveitingar til erlendra ríkisborgara ber að leita umsagnar [utanríkisráðuneytis][2] Íslands. Tekur þetta ákvæði einnig til þeirra orðuveitinga, er stórmeistari framkvæmir án atbeina orðunefndar, sbr. 2. mgr. 1. gr. hér að framan.

[1] *Forsbr. 99/1978, 1. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr.* [2] *Sama br. 2. tl. 1. mgr.*

■ [**5. gr.**][1] Sá, sem sæmdur er fálkaorðunni í fyrsta sinn, skal að jafnaði hljóta lægsta stig hennar. Þó má frá þessu víkja, ef sérstakar aðstæður mæla með því.

□ Ef þjóðhöfðingjum eða forsætisráðherrum er veitt fálkaorðan, skulu þeir jafnan hljóta æðsta stig hennar — stórkrossinn.

□ Sé orðan veitt Íslendingum, sem hlotið hafa erlend heiðursmerki, skal eigi að jafnaði taka tillit til þess þótt hið erlenda orðustig sé hærra en það stig fálkaorðunnar, er veita á.

□ Ef orðan er veitt erlendum mönnum, sem bera heiðursmerki heimalands síns, skal sæma þá samsvarandi stigi fálkaorðunnar.

□ Þegar stig hinnar erlendu orðu eru fleiri en fjögur, samsvarar stórkrossstigið aðeins hæsta stiginu, en stig stórriddara með stjörnu því næst hæsta. Séu stigin fleiri en tíu, samsvarar stórriddarakross með stjörnu tveimur hinum næst hæstu, en stigin þar fyrir neðan skiptast sem næst að jöfnu, og samsvarar stig stórriddara æðri stigunum, en stig riddara hinum lægri.

[1] *Forsbr. 99/1978, 2. mgr.*

1945 Nr. 114 31. des.

■ **[6. gr.]**[1] Eigi má veita þeim, er sæmdur hefur verið fálkaorðunni, æðri stig hennar en hið næsta fyrir ofan það, er hann áður hlaut. Riddara má því eigi sæma æðra stigi en stórriddarakrossi o. s. frv.

□ Þrjú ár skulu líða hið skemmsta frá því að sá, er hlotið hefur riddarakross, hlýtur stórriddarakross. Stórriddara má eigi sæma stjörnu fyrr en að liðnum sex árum frá því að hann hlaut stórriddarakrossinn, og stórriddara með stjörnu má eigi sæma stórkrossi fyrr en að liðnum tólf árum frá því að hann hlaut stjörnu.

□ Stórmeistari getur þó vikið frá þessu, ef honum þykir hlýða, sbr. 1. gr.

[1] *Forsbr. 99/1978, 2. mgr.*

II. kafli. Afhending heiðursmerkja og birting orðuveitinga.

■ **[7. gr.]**[1] Stórmeistari afhendir sjálfur stórkross, ef því verður við komið. Formaður orðunefndar afhendir að jafnaði önnur stig orðunnar, en varaformaður eða orðuritari, ef formaður er forfallaður. Þó má haga afhendingunni á annan hátt eftir samkomulagi nefndarmanna.

□ Afhending heiðursmerkja til manna, sem búsettir eru erlendis, skal falin [sendiráðum][2] Íslands. Innanlands, þar sem hvorki formaður né aðrir nefndarmenn geta annazt afhendinguna, skal hún falin hlutaðeigandi lögreglustjóra. Þó er heimilt að gera um þetta aðrar ráðstafanir.

□ Ef stórmeistari æskir, afhendir hann sjálfur heiðursmerkin, hvaða stigs sem þau eru.

[1] *Forsbr. 99/1978, 2. mgr.* [2] *Sama br. 3. tl. 1. mgr.*

■ **[8. gr.]**[1] [Frá orðuveitingum skal skýra í Stjórnartíðindum. Einnig skal senda fregnir til ríkisútvarpsins og dagblaða um orðuveitingar til íslenskra ríkisborgara.][2]

[1] *Forsbr. 99/1978, 2. mgr.* [2] *Sama br. 4. tl. 1. mgr.*

III. kafli. Fundahöld o. fl.

■ **[9. gr.]**[1] Orðunefnd heldur fundi er þurfa þykir. Formaður nefndarinnar stýrir þeim, en varaformaður í forföllum hans. Sá, er lengst hefur átt sæti í orðunefnd, er sjálfkjörinn varaformaður.

□ Um áramót hver skal orðuritari leggja fram ársreikning orðunnar og skýrslu um birgðir heiðursmerkja. Þegar nefndarmenn hafa athugað reikninginn og samþykkt, skal orðuritari senda hann fjármálaráðuneytinu til endurskoðunar, ásamt fylgiskjölum, en forsætisráðuneytinu skal senda samrit reikningsins.

□ Orðuritari veitir viðtöku öllum tillögum um orðuveitingar, sér um að þær komi undir atkvæði nefndarmanna og leggur tillögur nefndarinnar fyrir stórmeistara.

□ Orðuritari varðveitir heiðursmerki orðunnar, innsigli hennar, bækur og skjöl. Orðuritari annast fundarboðanir að fyrirlagi formanns.

[1] *Forsbr. 99/1978, 2. mgr.*

IV. kafli....[1]

[1] *Forsbr. 99/1978, 5. tl. 1. mgr.*

1950 Nr. 85 9. okt.

Forsetabréf um afreksmerki hins íslenzka lýðveldis.

■ **1. gr.** Heiðurspeningurinn nefnist: Afreksmerki hins íslenzka lýðveldis. Afreksmerkið er í tveimur stigum. Fyrra stig er peningur úr gulli, 3 cm að þvermáli og 2 mm á þykkt. Á framhlið peningsins skal mótuð mynd Fjallkonunnar og umhverfis letrað í boga: Afreksmerki hins íslenzka lýðveldis. Á bakhlið peningsins er skjaldarmerki Íslands. Á rönd peningsins skal letra nafn þess, er peninginn hlýtur, og hvaða dag og ár afrek það var unnið, er gerði hann merkisins verðan.

□ Annað stig merkisins er eins og hið fyrra, nema silfur í stað gulls.

■ **2. gr.** Afreksmerkið skal bera á brjóstinu vinstra megin í bláu silkibandi.

■ **3. gr.** Afreksmerkinu má sæma innlenda menn og erlenda, er hætt hafa lífi sínu eða heilsu við björgun íslenzkra manna úr lífsháska, enda sé upplýst með lögregluranns ókn, eða á annan fullgildan hátt, um öll atvik björgunarinnar.

■ **4. gr.** Afreksmerkið er eign þess, er hlýtur það, og erfingja hans að honum látnum.

■ **5. gr.** Forseti Íslands veitir afreksmerkið.

■ **6. gr.** Forsetinn skipar þriggja manna nefnd, er gerir tillögur um veiting afreksmerkisins. Einn skal skipa að ráði forsætisráðherra og sé hann jafnframt formaður nefndarinnar, annar sé forseti Slysavarnafélags Íslands, en hinn þriðji formaður orðunefndar hinnar íslenzku fálkaorðu.

□ Nefndin skal halda gerðabók um störf sín.

■ **7. gr.** Engan má sæma afreksmerkinu, nema nefndarmenn séu sammála um að leggja það til. Ef um erlendan ríkisborgara er að ræða, skal leita umsagnar utanríkisráðherra Íslands áður en ákvörðun er tekin um veitingu merkisins.

■ **8. gr.** Veiting afreksmerkisins skal að jafnaði fram fara 1. desember.

□ Merkinu skal fylgja skjal, undirritað af forseta og nefndarmönnum, þar sem greint sé, fyrir hvaða afrek merkið er veitt.

■ **9. gr.** Birta skal í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum, hverjir afreksmerkið hljóta og fyrir hvað.

■ **10. gr.** Kostnaður við afreksmerkið greiðist úr ríkissjóði.

1950 Nr. 85 9. okt.

1947 Nr. 15 12. marz

Forsetabréf um heimild íslenzkra ríkisborgara til að bera erlend heiðursmerki.

■ **1. gr.** Íslenzkir ríkisborgarar, sem hér eftir kunna að verða sæmdir erlendum heiðursmerkjum, skulu áður en eða jafnframt því að þeim berst heiðursmerkið í hendur, leita leyfis forseta Íslands til að veita því viðtöku og bera það.

■ **2. gr.** Umsóknir um slík leyfi skulu stílaðar til forsetans og sendar forsetaritara, sem annast fyrirgreiðslu þeirra.

1946 Nr. 91 9. des.

Auglýsing um að Ísland hafi gengið að sáttmála hinna sameinuðu þjóða.[1]

[1] *Um sáttmálann vísast til Lagasafns 1965, d. 98—120, svo og til auglýsinga í Stjtíð. C 9/1965, 10/1966, 7/1973 og 22/1973.*

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis, hinn 25. júlí 1946, gekk Ísland hinn 19. nóvember 1946 að sáttmála hinna sameinuðu þjóða.

1946 Nr. 91 9. des.

Samþykktir milliríkjadómsins.[1]

[1] *Samþykktirnar eru prentaðar í Lagasafni 1965, d. 120—131.*

1948 Nr. 13 1. marz

Lög um heimild til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning um réttindi Sameinuðu þjóðanna.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta[1)] fyrir Íslands hönd samning þann um réttindi Sameinuðu þjóðanna (Convention on the Privileges and Immunities of the United Nations), sem samþykktur var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 13. febrúar 1946 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

[1)] *Augl. Stjtíð. A 55/1948.*

■ **2. gr.** Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfestur, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

Fylgiskjal.

Alþjóðasamningur um réttindi Sameinuðu þjóðanna (Convention on the Privileges and Immunities of the United Nations).

I. kafli. Aðildarhæfi.

■ **1. gr.** Sameinuðu þjóðirnar skulu taldar persóna að lögum.

□ Þær skulu til þess bærar:

a. að vera aðilar að samningum;

b. að eignast og afsala fasteignum eða lausafé;

c. að sækja mál fyrir rétti.

II. kafli. Fasteignir, sjóðir og aðrar eignir.

■ **2. gr.** Sameinuðu þjóðirnar, eignir þeirra og eigur, skulu, hvar sem þær eru, undanþegnar hvers konar lögsókn, nema því aðeins, að stofnunin hafi í ákveðnu tilviki afsalað sér undanþágu þessari. Þar er þó áskilið, að slíkt afsal undanþágu feli eigi í sér heimild til aðfarar að lögum.

■ **3. gr.** Bækistöðvar hinna Sameinuðu þjóða skulu friðhelgar. Eignir og eigur Sameinuðu þjóðanna, hvar sem þær kunna að geymast, skulu undanþegnar rannsókn, eignaupptöku, eignarnámi og hvers konar öðrum afskiptum af hálfu framkvæmdar-, dóms- eða löggjafarvalds.

■ **4. gr.** Skjalasafn Sameinuðu þjóðanna og hvers konar plögg, sem í þess eign eða vörzlu eru, skulu friðhelg, hvar sem þau eru.

■ **5. gr.** Án tillits til fjárhagshamla eða gjaldfrests skal Sameinuðu þjóðunum heimilt:

a. að eiga fjármagn í gulli eða hvers konar gjaldeyri og hafa bankareikninga í hvers konar gjaldmiðli;

b. að yfirfæra sjóði sína, gull eða gjaldeyri frá einu ríki til annars, eða innan sérhvers ríkis, og hafa skipti á gjaldeyri eftir vild.

■ **6. gr.** Í framkvæmdum samkvæmt 5. gr. að framan skulu Sameinuðu þjóðirnar taka til greina hvers konar tillögur frá ríkisstjórnum hinna ýmsu meðlima, eftir því sem samrýmanlegt er hagsmunum stofnunarinnar.

■ **7. gr.** Sameinuðu þjóðirnar, eigur þeirra, tekjur og eignir skulu vera:

a. undanþegnar öllum beinum sköttum; það er þó áskilið, að Sameinuðu þjóðirnar fari ekki fram á undanþágu frá sköttum, sem í eðli sínu eru endurgjald fyrir tiltekin hlunnindi;

b. undanþegnar tollum og hvers konar hömlum og banni á inn- og útflutningi, að því er snertir muni, sem Sameinuðu þjóðirnar flytja til lands eða frá til eigin notkunar. Það er þó áskilið, að eigi skuli munir, sem þannig eru fluttir inn, seldir í því landi, án þess að fylgt sé þeim skilyrðum, sem ríkisstjórn þess lands kann að setja;

c. undanþegnar tollum, inn- og útflutningshömlum og banni í sambandi við rit og aðrar útgáfur sínar.

■ **8. gr.** Enda þótt Sameinuðu þjóðirnar muni almennt ekki fara fram á undanþágu frá leyfisgjöldum og sköttum vegna sölu fasteigna eða lausafjár, þar sem slík gjöld eru innifalin í söluverði, munu aðilar Sameinuðu þjóðanna þó, þegar unnt er, gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að slík gjöld séu endurgreidd, þar sem um er að ræða þýðingarmikil kaup á eignum til afnota fyrir stofnunina.

III. kafli. Hlunnindi varðandi samgöngumál.

■ **9. gr.** Sameinuðu þjóðirnar skulu innan meðlimsríkjanna eigi njóta verri kjara en fulltrúar erlendra ríkja að því er snertir forgangsleyfi og gjöld fyrir póstsendingar, símskeyti og önnur fjarskipti; þá skulu þær og í sambandi við fréttaflutning og upplýsingar til blaða og útvarps eiga rétt á sama gjaldtaxta og notaður er við fréttasendingar blaða. Ritskoðun skal eigi beita að því er snertir opinber bréfaviðskipti Sameinuðu þjóðanna.

■ **10. gr.** Sameinuðu þjóðunum skal heimilt að nota dulmál og senda og taka á móti pósti með sérstökum sendiboðum eða í póstpokum, sem háðir séu sömu reglum og gilda um slíkar sendingar fulltrúa erlendra ríkja.

IV. kafli. Fulltrúar meðlimsríkja.

■ **11. gr.** Fulltrúar aðila hjá aðal- og aukastofnunum Sameinuðu þjóðanna svo og á alþjóðafundum, sem kvaddir eru saman á vegum Sameinuðu þjóðanna, skulu njóta eftirtalinna sérréttinda, meðan þeir rækja skyldustörf sín eða eru á ferðalagi til fundar eða frá:

a. undanþágu frá handtökum og gæzluvarðhaldi, löghaldi á farangri svo og frá lögsókn vegna ummæla í ræðu eða riti, meðan þeir gæta starfa sinna;

b. friðhelgi varðandi skjöl öll og plögg;

c. réttar til að nota dulmál og taka á móti póstsendingum með sendiboðum eða í innsigluðum póstpokum;

d. undanþágu fyrir sjálfa sig og maka sína frá innflytjendahömlum, skráningu útlendinga eða þegnskyldu í því ríki, sem þau dvelja í eða ferðast gegnum við skyldustörf sín;

e. sömu réttinda og fulltrúar erlendra ríkja, sem í landinu dvelja um stundarsakir, að því er snertir gjaldeyris- eða yfirfærsluhömlur;

f. sömu sérréttinda varðandi farangur og fulltrúar erlendra ríkja njóta;

g. annarra þeirra sérréttinda, sem ekki eru ósamrýmanleg því, er að ofan segir og fulltrúar erlendra ríkja njóta, þó þannig, að embættismenn þessir skulu ekki eiga rétt á undanþágu frá tollgreiðslum á innfluttum vörum (öðrum en persónulegum farangri) eða frá leyfisgjöldum og söluskatti.

■ **12. gr.** Til þess að tryggja fulltrúum meðlimsríkja hjá aðal- og aukastofnunum Sameinuðu þjóðanna og á alþjóðafundum, sem kvaddir eru saman á vegum Sameinuðu þjóðanna, fullkomið málfrelsi og óháða framkvæmd skyldustarfa, skal undanþága þeirra frá lögsókn vegna ummæla þeirra í ræðu eða riti og hvers konar verknaðar við framkvæmd skyldustarfa haldast óbreytt, enda þótt aðilar þessir séu eigi lengur fulltrúar meðlimsríkja.

■ **13. gr.** Þar sem skattgreiðslan er bundin lögheimili,

1948 Nr. 13 1. marz

skal dvöl fulltrúa aðila hjá aðal- eða aukastofnunum Sameinuðu þjóðanna og á alþjóðafundum, sem kvaddir eru saman á þeirra vegum, eigi talin til lögheimilis.

■ **14. gr.** Eigi eru sérréttindi veitt fulltrúum aðila þeirra sjálfra vegna, heldur til þess að tryggja óháða framkvæmd skyldustarfa þeirra í þágu Sameinuðu þjóðanna. Meðlimsríki er því eigi einungis heimilt, heldur ber því skylda til að falla frá undanþágu fulltrúa síns, hvenær sem það ríki telur, að undanþága mundi hefta réttan gang máls og brottfall hennar sé samrýmanlegt því sjónarmiði, sem til grundvallar undanþágunni liggur.

■ **15. gr.** Ákvæði 11., 12. og 13. gr. eiga ekki við, þegar um er að ræða samband fulltrúa við yfirvöld ríkis þess, sem hann er ríkisborgari í eða er eða hefur verið fulltrúi fyrir.

■ **16. gr.** Í kafla þessum skal hugtakið „fulltrúi" talið ná yfir alla aðalfulltrúa, varafulltrúa, ráðunauta, sérfræðinga og ritara sendinefnda.

V. kafli. Embættismenn.

■ **17. gr.** Aðalritari mun ákveða flokka þeirra embættismanna, sem fyrirmæli þessa kafla og VII. kafla skuli ná til. Skal hann leggja flokkun þessa fyrir allsherjarþingið. Síðan skal flokkunin tilkynnt ríkisstjórnum allra meðlimsríkja Sameinuðu þjóðanna. Nöfn embættismanna þeirra, sem til hinna ýmsu flokka teljast, skal jafnan tilkynna ríkisstjórnum meðlimsríkja.

■ **18. gr.** Embættismenn Sameinuðu þjóðanna skulu:

a. undanþegnir lögsókn vegna ummæla sinna í ræðu eða riti svo og vegna allra embættisverka sinna;

b. undanþegnir sköttum af launum sínum og tekjum frá Sameinuðu þjóðunum;

c. undanþegnir þegnskyldu;

d. undanþegnir ásamt mökum sínum og skyldmennum á framfæri þeirra innflytjendahömlum og skráningu útlendinga;

e. njóta sömu sérréttinda varðandi gjaldeyrisyfirfærslu og veitt eru hliðstæðum embættismönnum, sem eru fulltrúar erlendra ríkja í hlutaðeigandi landi;

f. eiga, þegar ófriður vofir yfir, kost á fyrir sjálfa sig, maka og skyldmenni á þeirra framfæri sömu hlunnindum varðandi heimflutning og fulltrúar erlendra ríkja;

g. eiga rétt á að flytja inn án tollgreiðslu húsgögn sín og búsmuni, þegar þeir í fyrsta sinn flytjast til embættisstarfa í hlutaðeigandi landi.

■ **19. gr.** Auk þeirra sérréttinda, sem til eru tekin í 18. gr., skulu aðalritari og allir aðstoðaraðalritarar njóta, að því er sjálfa þá varðar, maka þeirra og ófjárráða börn þeirra, sömu sérréttinda, sem veitt eru fulltrúum erlendra ríkja samkvæmt þjóðarétti.

■ **20. gr.** Sérréttindi eru veitt embættismönnum vegna hagsmuna Sameinuðu þjóðanna, en eigi sjálfra þeirra vegna. Aðalritara skal heimilt og skylt að falla frá sérréttindum embættismanna, þegar þau að hans áliti mundu hefta réttan gang máls og brottfall undanþágunnar er samrýmanlegt sjónarmiðum þeim, sem til grundvallar undanþágunni liggja. Öryggisráði skal heimilt að falla frá sérréttindum aðalritara.

■ **21. gr.** Sameinuðu þjóðirnar skulu hafa samvinnu við hlutaðeigandi yfirvöld meðlimsríkjanna til þess að auðvelda réttan gang mála, tryggja framkvæmd lögreglusamþykkta og koma í veg fyrir sérhverja misnotkun í sambandi við sérréttindi þau, er um ræðir í þessum kafla.

VI. kafli. Sérfræðingar á vegum Sameinuðu þjóðanna.

■ **22. gr.** Sérfræðingar (aðrir en embættismenn, sbr. V. kafla), sem í sendiförum eru fyrir Sameinuðu þjóðirnar, skulu, meðan á slíku ferðalagi stendur eða í sambandi við það, njóta þeirra sérréttinda, sem nauðsynleg eru til þess að þeir fái óháðir rækt skyldustörf sín.

□ Sérstaklega skal þeim veitt:

a. undanþága frá handtöku, gæzluvarðhaldi og löghaldi á farangri;

b. undanþága frá lögsókn varðandi ummæli sín í ræðu eða riti svo og hvers konar verk, sem unnin eru í sambandi við sendiförina.

Undanþága þessi skal haldast einnig eftir að sendiförinni er lokið;

c. friðhelgi fyrir hvers konar skjöl og plögg;

d. réttindi til að nota dulmál gagnvart Sameinuðu þjóðunum og taka á móti pósti og skjölum frá sérstökum sendiboðum eða í innsigluðum póstpokum;

e. sömu hlunnindi og fulltrúar erlendra ríkja í sérstökum sendiförum njóta, að því er snertir gjaldeyrisyfirfærslu og gjaldeyrishömlur;

f. sömu réttindi og fulltrúum erlendra ríkja eru veitt varðandi persónulegan farangur.

■ **23. gr.** Sérréttindi eru veitt sérfræðingum vegna hagsmuna Sameinuðu þjóðanna, en ekki vegna persónulegra hagsmuna sérfræðinganna. Aðalritara skal heimilt og ber skylda til að falla frá undanþáguheimild sérfræðings, ef slík undanþága mundi að hans áliti hefta réttan gang máls og brottfall hennar er samrýmanlegt hagsmunum Sameinuðu þjóðanna.

VII. kafli. Ferðabréf Sameinuðu þjóðanna (laissez-passer).

■ **24. gr.** Sameinuðu þjóðunum skal heimilt að gefa út ferðabréf (laissez-passer) fyrir embættismenn sína. Ferðabréf þessi skulu viðurkennd og virt sem löggild ferðaskírteini af yfirvöldum meðlimsríkja, sbr. 25. gr.

■ **25. gr.** Umsóknir um áritanir á ferðabréf Sameinuðu þjóðanna (þar sem þeirra er krafizt), skulu afgreiddar svo fljótt sem auðið er, enda fylgi þeim yfirlýsing um, að handhafar þeirra séu á ferðalagi á vegum Sameinuðu þjóðanna. Auk þess skal greitt fyrir tafarlausu ferðalagi handhafa ferðabréfa þessara.

■ **26. gr.** Sams konar hlunnindi og veitt eru skv. 25. gr. skulu einnig veitt sérfræðingum og öðrum aðilum, sem í stað ofangreindra ferðabréfa sýna skírteini um það, að þeir ferðist á vegum Sameinuðu þjóðanna.

■ **27. gr.** Aðalritari, aðstoðar-aðalritarar og forstjórar, sem ferðast með ferðabréf Sameinuðu þjóðanna og á vegum þeirra, skulu njóta sömu hlunninda og fulltrúar erlendra ríkja njóta.

■ **28. gr.** Ákvæðum þessa kafla má einnig fylgja að því er snertir hliðstæða embættismenn sérstofnana Sameinuðu þjóðanna, enda séu ákvæði þessa efnis í samningum við þær stofnanir, sbr. 63. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

VIII. kafli. Lausn deilumála.

■ **29. gr.** Sameinuðu þjóðirnar skulu kveða á um viðeigandi lausn:

a. ágreiningsatriða, sem rísa kunna í sambandi við samninga, eða annarra deilumála á einkamálaréttarsviðinu, sem Sameinuðu þjóðirnar eru aðilar að;

b. deilumála, sem snerta embættismann Sameinuðu þjóðanna, sem vegna embættis síns nýtur sérréttinda, enda hafi aðalritari eigi fallið frá þeim sérréttindum.

1948 Nr. 13 1. marz

■ **30. gr.** Hvers konar ágreiningi um skýringu eða framkvæmd samnings þessa skal skotið til milliríkjadómsins, nema því aðeins, að samkomulag verði með aðilum um að notfæra[1] aðra leið til úrskurðar. Ef ágreiningur rís milli Sameinuðu þjóðanna annars vegar og meðlimsríkis hins vegar, skal óskað álitsgerðar um lögfræðileg atriði, sem um er deilt, í samræmi við 96. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og 65. gr. samþykktar milliríkjadómsins. Álitsgerð dómsins skal talin bindandi fyrir aðila.

[1] *Svo í Stjtíð., en líklega hefur „sér" fallið brott.*

Lokakafli.

■ **31. gr.** Samningur þessi skal lagður fyrir öll meðlimsríki Sameinuðu þjóðanna til staðfestingar.

■ **32. gr.** Staðfesting fer fram með afhendingu staðfestingarskjals til aðalritara Sameinuðu þjóðanna. Samningurinn gengur í gildi fyrir hvern aðila þann dag, sem staðfestingarskjal þess aðila er afhent.

■ **33. gr.** Aðalritari skal tilkynna öllum meðlimsríkjum Sameinuðu þjóðanna afhendingu hinna ýmsu staðfestingarskjala.

■ **34. gr.** Afhending staðfestingarskjals skal skilin svo, að hlutaðeigandi ríki hafi samrýmt löggjöf sína ákvæðum samnings þessa.

■ **35. gr.** Samningur þessi skal halda gildi sínu milli Sameinuðu þjóðanna og hvers þess ríkis, sem afhent hefur staðfestingarskjal sitt, meðan það ríki er meðlimur hinna Sameinuðu þjóða, eða þangað til allsherjarþingið hefur fallizt á endurskoðun samnings þessa og það ríki hefur gerzt aðili að hinum endurskoðaða samningi.

■ **36. gr.** Aðalritara skal heimilt að gera viðbótarsamninga við meðlimsríki um breytingar á samningi þessum að því er snertir það ríki. Slíkir viðbótarsamningar skulu háðir samþykki allsherjarþingsins.

1969 Nr. 5 27. febr. Lög um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

■ **1. gr.** Með lögum þessum heimilar Alþingi ríkisstjórninni að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að framfylgja ákvörðunum, sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna tekur, samkvæmt 41. gr. sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, sbr. og 39. gr. sáttmálans, og Íslandi kann að vera skylt að hlíta vegna aðildar sinnar að Sameinuðu þjóðunum.

■ **2. gr.** Hver sá, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, eða fyrirmæla, sem sett eru eftir þeim, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

■ **3. gr.** Ríkisstjórnin ákveður með auglýsingu, hvort og hvenær ákvæðum heimildarlaga þessara skuli beitt.

1954 Nr. 11 9. febr. Auglýsing um fullgildingu Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis.[1]

[1] *Samningurinn er prentaður í Lagasafni 1965, d. 137—150. Ath. og augl. C 2/1980 og augl. C 17/1967.*

Hinn 19. júní 1953 undirritaði forseti Íslands fullgildingarskjal varðandi Evrópusamning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem undirritaður var fyrir Íslands hönd í Róm 4. nóvember 1950, og að viðbótarsamningi við hann, sem undirritaður var í París 20. marz 1952.

1954 Nr. 11 9. febr.

☐ Fullgildingarskjal Íslands var afhent í aðalskrifstofu Evrópuráðsins hinn 29. júní 1953, og gengu téðir samningar í gildi frá þeim degi.

1955 Nr. 99 31. des. Auglýsing um aðild Íslands að samningum um réttindi Evrópuráðsins.

Hinn 11. marz 1955 var framkvæmdastjórn Evrópuráðsins afhent aðildarskjal Íslands að samningi, gerðum í París 2. september 1949, um réttindi Evrópuráðsins, ásamt viðbótarsamningi við hann gerðum í Strassborg 6. nóvember 1952.

1956 Nr. 26 14. marz Auglýsing um fullgildingu menningarsáttmála Evrópuráðsins frá 19. des. 1954.

Hinn 1. marz 1956 var forstjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands að menningarsáttmála Evrópuráðsins, er undirritaður var fyrir Íslands hönd í París hinn 19. desember 1954.

1958 Nr. 58 11. sept. Auglýsing um viðurkenningu Íslands á lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu.[1]

[1] *Sbr. augl. C 2/1980.*

Hinn 3. september 1958 var aðalritara Evrópuráðsins afhent yfirlýsing þess efnis, að Ísland skuldbindi sig til þess að viðurkenna lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu.

☐ Yfirlýsing þessi er gefin samkvæmt 46. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis (sbr. Stjtíð. 11/1954) og gildir til þriggja ára.

1967 Nr. 17 29. des. Auglýsing um fullgildingu fjögurra viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu.[1]

[1] *Samningurinn er ekki birtur hér, sbr. Stjtíð. 1967 C, bls. 111—121, sbr. og augl. C 7/1968 (um gildistöku).*

Hinn 16. nóvember 1967 undirritaði fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu viðauka nr. 2 og 3 frá 6. maí 1963, nr. 4 frá 16. september 1963 og nr. 5 frá janúar 1966 við Sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem gerður var hinn 4. nóvember 1950. Fullgildingarskjal Íslands að viðaukunum var afhent við sama tækifæri.

1971 Nr. 16 31. marz Lög um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um stjórnmálasamband, sem gerður var í Vínarborg hinn 18. apríl 1961 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, svo og viðbótarbókunum með samningnum. Ákvæði samningsins skulu hafa lagagildi á Íslandi.

■ **2. gr.** Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Fylgiskjal I.

Vínarsamningurinn um stjórnmálasamband.

Ríki þau, sem aðilar eru að samningi þessum, minna á, að allar þjóðir hafa frá fornu fari viðurkennt sérstöðu

sendierindreka, **hafa í huga** markmið og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna varðandi fullveldis-jafnrétti ríkja, varðveizlu alþjóða friðar og öryggis og eflingu vinsamlegra samskipta þjóða, **treysta því,** að alþjóðlegur samningur um forréttindi og friðhelgi í samskiptum ríkja muni stuðla að aukinni vinsemd í sambúð þjóða, hvert sem stjórnskipulag eða þjóðfélagskerfi þeirra er, **eru þeirrar skoðunar,** að markmið slíkra forréttinda og friðhelgi sé ekki að vera einstaklingum í hag, heldur að tryggja árangursríkan sendierindrekstur á vegum ríkja, **staðfesta,** að venjureglur þjóðaréttarins skuli gilda áfram um þau atriði, er ákvæði þessa samnings taka ekki tvímælalaust til, **gera samkomulag** um það sem hér fer á eftir:

■ **1. gr.** Í samningi þessum skulu eftirfarandi orðasambönd hafa þessa merkingu:

a. „forstöðumaður sendiráðs" er maður, sem sendiríkið hefur falið að gegna slíkri stöðu;

b. „sendiráðsmenn" eru forstöðumaður sendiráðs og starfsmenn þess;

c. „starfsmenn sendiráðs" eru stjórnarsendimenn, skrifstofu- og tæknistarfsmenn og þjónustustarfsmenn sendiráðs;

d. „stjórnarsendimenn" eru starfsmenn sendiráðs, sem hafa réttindi stjórnarsendimanna;

e. „sendierindrekar" eru forstöðumenn sendiráðs og stjórnarsendimenn;

f. „skrifstofu- og tæknistarfsmenn" eru þeir starfsmenn sendiráðs, sem vinna að skrifstofu- og tæknistörfum sendiráðsins;

g. „þjónustustarfsmenn" eru starfsmenn sendiráðs, er starfa að heimilisstörfum hjá sendiráði;

h. „einka-þjónustustarfsmaður" er starfsmaður, sem vinnur að heimilisstörfum hjá sendiráðsmanni, en er ekki í þjónustu sendiríkisins;

i. „sendiráðssvæði" er byggingar eða hluti bygginga og tilheyrandi lóð, hver sem eigandinn er, sem nýtt er af sendiráði, þar á meðal íbúð forstöðumanns sendiráðs.

■ **2. gr.** Stofnun stjórnmálasambands milli ríkja og stofnun fastra sendiráða fer fram með gagnkvæmu samkomulagi.

■ **3. gr.** 1. Viðfangsefni sendiráða eru einkum þessi:

a. að vera fulltrúi sendiríkisins í móttökuríkinu;

b. að vernda hagsmuni sendiríkisins og ríkisborgara þess í móttökuríkinu, innan þeirra takmarka sem þjóðaréttur setur;

c. að annast samningagerð við ríkisstjórn móttökuríkisins;

d. að afla á löglegan hátt upplýsinga um ástand og þróun mála í móttökuríkinu og gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslur um það;

e. að efla vinsamleg samskipti milli sendiríkisins og móttökuríkisins og auka efnahagsleg, menningarleg og vísindaleg samskipti þeirra.

□ 2. Ekki skal túlka nein ákvæði samnings þessa á þann hátt að þau hindri sendiráð í því að annast ræðismannsstörf.

■ **4. gr.** 1. Sendiríkið verður að ganga úr skugga um að móttökuríkið hafi veitt **agrément** vegna þess manns, sem það hyggst veita umboð sem forstöðumanni sendiráðs í því ríki.

□ 2. Móttökuríkið er ekki skyldugt til að skýra sendiríkinu frá ástæðu, ef það neitar um **agrément.**

■ 5. gr. 1. Sendiríkið má skipa forstöðumann sendiráðs eða, eftir atvikum stjórnarsendimann, til þjónustu í fleiri ríkjum en einu, ef eigi koma til ótvíræð mótmæli einhvers móttökuríkisins, enda verður á undan skipun að gefa þeim móttökuríkjum sem hlut eiga að máli upplýsingar um hana.

□ 2. Ef sendiríkið skipar forstöðumann sendiráðs til að gegna því starfi í einu eða fleiri ríkjum öðrum, getur það stofnað sendiráð sem **chargé dàffaires ad interim** veitir forstöðu í hverju þessara ríkja sem forstöðumaður sendiráðsins hefur ekki fasta búsetu í.

□ 3. Forstöðumaður sendiráðs, eða hver annar stjórnarsendimaður sendiráðs, getur starfað sem fulltrúi sendiríkisins hjá hvaða alþjóðastofnun sem er.

■ **6. gr.** Tvö ríki eða fleiri geta skipað sama manninn forstöðumann sendiráðs í öðru ríki, enda beri móttökuríkið eigi fram mótmæli gegn því.

■ **7. gr.** Með þeim takmörkunum, sem felast í ákvæðum 5., 8., 9. og 11. greina, getur sendiríkið skipað starfsmenn sendiráðs að eigin vali. Að því er varðar skipun hermála-, flota- eða flugmálafulltrúa getur móttökuríkið óskað eftir að nöfn þeirra séu tilkynnt fyrirfram til samþykktar.

■ **8. gr.** 1. Það skal vera meginregla, að stjórnarsendimenn sendiráðs hafi ríkisfang sendiríkisins.

□ 2. Þá er hafa ríkisfang móttökuríkisins má eigi skipa stjórnarsendimenn sendiráðs, nema til komi samþykki þess ríkis, en slíkt samþykki má afturkalla hvenær sem er.

□ 3. Móttökuríkið getur áskilið sér sama rétt að því er varðar ríkisborgara þriðja ríkis, sem hafa ekki jafnframt ríkisfang sendiríkisins.

■ **9. gr.** 1. Móttökuríkið getur hvenær sem er, og án þess að þurfa að gefa skýringar á ákvörðun sinni, tilkynnt sendiríkinu að forstöðumaður sendiráðs eða annar stjórnarsendimaður sé **persona non grata** eða einhver annar úr hópi starfsmanna sendiráðs sé ekki viðtökuhæfur. Í öllum slíkum tilvikum skal sendiríki, eftir því sem við á, annaðhvort kalla hlutaðeigandi mann heim eða binda endi á starf hans í sendiráðinu. Lýsa má yfir að maður sé **persona non grata,** eða ekki viðtökuhæfur, áður en hann kemur í land móttökuríkisins.

□ 2. Ef sendiríkið neitar eða lætur undir höfuð leggjast að framkvæma skyldur sínar samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar innan hæfilegs frests, getur móttökuríkið neitað að viðurkenna hlutaðeigandi mann sem sendiráðsmann.

■ **10. gr.** 1. Tilkynna skal utanríkisráðuneyti móttökuríkisins, eða öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, eftirfarandi:

a. skipun sendiráðsmanna, komu þeirra og endanlega brottför, eða lok starfa þeirra í sendiráðinu;

b. komu og endanlega brottför manns, sem er í fjölskyldu sendiráðsmanns, og þar sem við á, þegar maður bætist í eða fer úr fjölskyldu sendiráðsmanns;

c. komu og endanlega brottför einkaþjónustustarfsmanna í þjónustu manna, sem nefndir eru í a-lið þessarar málsgreinar, og þar sem við á, að þeir séu á förum úr þjónustu þeirra;

d. ráðningu og lausn manna, sem búsettir eru í móttökuríkinu, sem sendiráðsmanna eða einkaþjónustu-

starfsmanna, er njóta forréttinda og friðhelgi.

□ 2. Einnig skal tilkynna fyrirfram, þegar unnt er, um komu og endanlega brottför.

■ **11. gr.** 1. Þegar ekki er gerður sérstakur samningur um stærð sendiráðs, getur móttökuríkið krafizt þess, að stærð sendiráðs verði sett takmörk, er það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs.

□ 2. Einnig getur móttökuríkið, innan sömu takmarka og þannig að eigi sé um mismunun að ræða, neitað að taka við starfsmönnum í tilteknum starfsflokki.

■ **12. gr.** Sendiríkinu er ekki heimilt, nema að fengnu ótvíræðu samþykki móttökuríkisins, að setja á stofn skrifstofur, sem eru hluti af sendiráðinu, annars staðar en þar sem sendiráðið er sjálft.

■ **13. gr.** 1. Forstöðumaður sendiráðs er talinn hafa tekið við starfi sínu í móttökuríkinu, annaðhvort þegar hann hefur afhent trúnaðarbréf sitt eða þegar hann hefur tilkynnt komu sína og rétt eftirrit af trúnaðarbréfi hans hefur verið afhent utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, samkv. þeim venjum, sem í móttökuríkinu gilda og jafnan skal framfylgja á sama hátt.

□ 2. Í hvaða röð trúnaðarbréf er afhent eða rétt eftirrit af því, ákvarðast af komudegi og komustund forstöðumanns sendiráðs.

■ **14. gr.** 1. Forstöðumenn sendiráða skiptast í þessi þrjú stig:

a. sendiherrar er hafa **ambassador, nuncio** eða annað samsvarandi stig, og hafa umboð gagnvart þjóðhöfðingja;

b. sendiherrar er hafa **envoy minister** eða **internuncio** stig, og hafa umboð gagnvart þjóðhöfðingja;

c. sendifulltrúar **(chargé dàffaires),** sem hafa umboð gagnvart utanríkisráðherra.

□ 2. Engan greinarmun skal gera á forstöðumönnum sendiráða eftir stigum, nema að því er snertir metorðaröð og siðareglur.

■ **15. gr.** Ríki gera um það samkomulag sín á milli hvaða stig forstöðumenn sendiráða þeirra skuli hafa.

■ **16. gr.** 1. Metorðaröð forstöðumanna sendiráða, er sama stig hafa, skal miða við dag og stund, þegar þeir tóku við starfi samkvæmt 13. grein.

□ 2. Breytingar sem gerðar eru á trúnaðarbréfi forstöðumanns sendiráðs og eigi fela í sér breytingu á stigi hans, skulu eigi hafa áhrif á sæti hans í metorðaröðinni.

□ 3. Grein þessi skal ekki hafa áhrif á neinar viðurkenndar venjur í móttökuríkinu, sem varða sæti fulltrúa Páfagarðs í metorðaröðinni.

■ **17. gr.** Forstöðumaður sendiráðs skal tilkynna utanríkisráðuneytinu eða því öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, sæti stjórnarsendimanna sendiráðsins í metorðaröðinni.

■ **18. gr.** Í hverju ríki skal hafa sama hátt á varðandi móttöku forstöðumanna sendiráða, er hafa sama stig.

■ **19. gr.** 1. Ef staða forstöðumanns sendiráðs er óskipuð, eða forstöðumanni sendiráðs er eigi unnt að gegna störfum sínum, skal **chargé dàffaires ad interim** veita sendiráðinu forstöðu um stundarsakir. Nafn **chargé dàffaires ad interim** skal tilkynnt utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða því öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, annaðhvort af forstöðumanni sendiráðsins eða, ef honum er það ókleift, af utanríkisráðuneyti sendiríkisins.

1971 Nr. 16 31. marz

□ 2. Þegar svo ber við, að enginn stjórnarsendimaður er staddur í móttökuríkinu, getur sendiríkið að fengnu samþykki móttökuríkisins útnefnt einhvern úr liði skrifstofu- og tæknistarfsmanna til að stjórna nauðsynlegum skrifstofurekstri sendiráðsins.

■ **20. gr.** Sendiráðið og forstöðumaður þess skulu eiga rétt á að nota fána og skjaldarmerki sendiríkisins á sendiráðssvæðinu, þar á meðal bústað forstöðumanns sendiráðsins, og á ökutækjum hans.

■ **21. gr.** 1. Móttökuríkið skal auðvelda sendiríkinu að afla sér í landi þess, í samræmi við þau lög er þar gilda, húsakynna, sem nauðsynleg eru fyrir sendiráð, eða aðstoða það við öflun húsnæðis á annan hátt.

□ 2. Móttökuríkið skal einnig liðsinna sendiráðum við öflun hæfilegs húsnæðis fyrir sendiráðsmenn, þegar þörf krefur.

■ **22. gr.** 1. Sendiráðssvæðið skal njóta friðhelgi. Fulltrúar móttökuríkisins hafa ekki heimild til að koma inn á svæðið nema með leyfi forstöðumanns sendiráðsins.

□ 2. Sérstök skylda hvílir á móttökuríkinu til að gera allar þær ráðstafanir, sem viðeigandi eru, til að vernda sendiráðssvæðið fyrir öllum árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess.

□ 3. Sendiráðssvæðið, innbú og annað lausafé þar og ökutæki sendiráðsins, skulu undanþegin leit, upptöku, haldi eða aðför.

■ **23. gr.** 1. Sendiríkið og forstöðumaður sendiráðsins skulu undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, sveitarfélaga og annarra umdæma að því er tekur til sendiráðssvæðisins, hvort sem það er eign sendiríkisins eða tekið á leigu, nema að því er varðar greiðslu fyrir tiltekna veitta þjónustu.

□ 2. Sú skattundanþága, sem nefnd er í þessari grein, skal eigi taka til þeirra gjalda eða skatta, er samkvæmt lögum móttökuríkisins skulu greiðast af aðilum, sem eiga lögskipti við sendiríkið eða forstöðumann sendiráðsins.

■ **24. gr.** Skjalasafn og skjöl sendiráðsins skulu ætíð vera friðhelg, hvar sem þau eru niður komin.

■ **25. gr.** Móttökuríkið skal veita þá aðstöðu, sem nauðsynleg er til að sendiráðið megi rækja hlutverk sitt.

■ **26. gr.** Að undanteknum takmörkunum í lögum og reglum móttökuríkisins varðandi landssvæði, þar sem aðgangur er bannaður eða takmarkaður vegna öryggis þjóðarinnar, skal það tryggja öllum sendiráðsmönnum frjálsa umferð og ferðafrelsi í landi sínu.

■ **27. gr.** 1. Móttökuríkið skal heimila og tryggja sendiráðinu samgöngu- og fjarskiptafrelsi í öllum opinberum erindisrekstri sínum. Til að hafa samband við ríkisstjórn, önnur sendiráð og ræðisskrifstofur sendiríkisins, hvar sem þær eru, getur sendiráðið notað allar eðlilegar samskiptaleiðir, þar á meðal stjórnarpóstbera og skilaboð á merkjamáli eða dulmáli. Þó má sendiráðið því aðeins setja upp og nota fjarsenditækið að móttökuríkið veiti leyfi til þess.

□ 2. Opinber bréfaskipti sendiráðsins skulu vera friðhelg. Með opinberum bréfaskiptum er átt við öll bréfaskipti, sem varða sendiráðið og starfsemi þess.

□ 3. Hvorki má opna né leggja hald á stjórnarpóst.

□ 4. Bögglar þeir sem teljast til stjórnarpósts verða að bera þess skýrt auðkenni og mega aðeins vera í þeim stjórnarskjöl eða munir sem ætlaðir eru eingöngu til opinberra nota.

□ 5. Stjórnarpóstberinn, er hafa skal í fórum sínum opinbert skjal sem greinir stöðu hans og bögglafjölda stjórnarpóstsins, skal njóta verndar móttökuríkisins við framkvæmd starfa sinna. Hann skal njóta persónulegrar friðhelgi og má eigi handtaka hann né kyrrsetja.

□ 6. Sendiríkinu eða sendiráðinu er heimilt að tilnefna **ad hoc** stjórnarpóstbera. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði 5. málsgreinar þessarar greinar einnig gilda; en þeirri friðhelgi sem þar er getið, skal lokið þegar slíkur póstberi hefur afhent réttum viðtakanda þann stjórnarpóst, sem honum var falinn á hendur.

□ 7. Stjórnarpóst má fela í umsjá flugstjóra atvinnuloftfars, sem áætlun hefur til viðurkennds lendingarstaðar. Honum skal fengið í hendur opinbert skjal, sem greinir bögglafjölda stjórnarpóstsins, en hann skal ekki vera talinn stjórnarpóstberi. Sendiráðið getur sent einn af starfsmönnum sínum til þess að taka stjórnarpóstinn beint og óhindrað í sína vörzlu frá flugstjóra loftfarsins.

■ **28. gr.** Þau gjöld, sem sendiráðið krefur fyrir opinber störf sín, skulu vera undanþegin öllum sköttum og öðrum álögum.

■ **29. gr.** Sendierindreki skal njóta persónulegrar friðhelgi. Hann má eigi á neinn hátt handtaka né kyrrsetja. Móttökuríkið skal sýna honum tilhlýðilega virðingu og gera allar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir hvers konar tilræði við persónu hans, frelsi eða sæmd.

■ **30. gr.** 1. Einkaheimili sendierindreka skal njóta sömu friðhelgi og verndar sem sendiráðssvæðið.

□ 2. Eignir hans, með þeim undantekningum sem er að finna í 3. málsgrein 31. greinar, skjöl hans og bréfaskipti, skulu einnig njóta friðhelgi.

■ **31. gr.** 1. Sendierindreki skal njóta friðhelgi að því er varðar refsiréttarlögsögu móttökuríkisins. Hann skal einnig njóta friðhelgi að því er varðar einkamála- og framkvæmdavaldslögsögu þess, nema þegar um er að ræða:

a. mál varðandi eigin fasteign í landi móttökuríkisins, nema hann hafi vörzlu hennar á vegum sendiríkisins til nota fyrir sendiráðið,

b. mál varðandi erfðir, þar sem sendierindrekinn er skiptaforstjóri, búskilastjóri, erfingi eða gjafþegi sem einstaklingur, en ekki sem fulltrúi fyrir sendiríkið,

c. mál varðandi hvers konar atvinnu eða verzlunarviðskipti sendierindrekans í móttökuríkinu, sem óviðkomandi eru opinberum störfum hans.

□ 2. Sendierindreki er ekki skyldur til að gefa skýrslu sem vitni.

□ 3. Ekki má framkvæma neina aðfarargjörð gagnvart sendierindreka, nema í þeim tilvikum sem falla undir liði a, b og c í 1. málsgrein þessarar greinar, og með því skilyrði að unnt sé að framkvæma þær aðgerðir, sem um er að ræða, án þess að skerða persónulega friðhelgi hans eða heimilishelgi.

□ 4. Friðhelgi sendierindreka gagnvart lögsögu móttökuríkisins leysir hann ekki undan lögsögu sendiríkisins.

■ **32. gr.** 1. Sendiríkið getur afsalað friðhelgi sendierindreka og þeirra, sem njóta friðhelgi samkvæmt 37. grein.

□ 2. Afsal skal ávallt vera gefið berum orðum.

□ 3. Ef sendierindreki, eða sá sem nýtur friðhelgi samkvæmt 37. grein hefur málssókn er hann firrtur rétti til að krefjast friðhelgi, að því er varðar sérhverja gagnkröfu, er stendur í beinum tengslum við aðalkröfuna.

□ 4. Afsal friðhelgi í einkamálum eða framkvæmdavaldsmálum felur ekki í sér afsal friðhelgi að því er tekur til fullnustu dómsins; þá þarf sérstakt afsal að koma til.

■ **33. gr.** 1. Að undanteknum tilvikum sem 3. málsgrein þessarar greinar tekur til, skal sendierindreki í starfi sínu fyrir sendiríkið vera undanþeginn almannatryggingaákvæðum, sem gilda kunna í móttökuríkinu.

□ 2. Undanþága sú, sem getið er í 1. málsgrein þessarar greinar, skal einnig ná til einkaþjónustumanna, er eingöngu starfa í þjónustu sendierindreka, að því tilskildu:

a. að þeir séu ekki ríkisborgarar móttökuríkisins, né hafi fasta búsetu þar; og

b. að þeir njóti almannatryggingaréttinda þeirra, sem kunna að gilda í sendiríkinu eða í þriðja ríki.

□ 3. Sendierindreki sem hefur í þjónustu sinni menn, er undanþágurnar samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar taka ekki til, skal bundinn þeim skyldum, sem almannatryggingaákvæði móttökuríkisins leggja vinnuveitendum á herðar.

□ 4. Undanþágur þær sem getið er í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar, skulu ekki koma í veg fyrir sjálfviljuga aðild að almannatryggingum móttökuríkisins, svo fremi að slík aðild sé heimiluð af hálfu þess ríkis.

□ 5. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á tvíhliða eða marghliða samninga sem áður eru gerðir um almannatryggingar, né hindra gerð slíkra samninga í framtíðinni.

■ **34. gr.** Sendierindreki skal vera undanþeginn öllum gjöldum og sköttum á einstaklinga og eignir, hvort sem um er að ræða álögur til ríkis, sveitarfélaga eða annarra umdæma, nema:

a. þeim óbeinu sköttum, sem eru yfirleitt innifaldir í verði vara eða þjónustu;

b. gjöldum eða sköttum á fasteignum í einkaeign í landi móttökuríkisins, nema hann hafi vörzlu þeirra á vegum sendiríkisins til nota fyrir sendiráðið;

c. dánarbús- og erfðafjársköttum, sem móttökuríkið leggur á, með þeim fyrirvara sem felst í ákvæðum 4. málsgreinar 39. greinar;

d. gjöldum og sköttum af einkatekjum, sem eiga upphaf sitt í móttökuríkinu, og eignasköttum af fjárfestingu í atvinnufyrirtækjum í móttökuríkinu;

e. gjöldum, sem lögð eru á fyrir tilgreinda veitta þjónustu,

f. þinglýsinga- og réttargjöldum og veð- og stimpilgjöldum vegna fasteigna, með þeim fyrirvara sem felst í ákvæðum 23. greinar.

■ **35. gr.** Móttökuríkið skal undanþiggja sendierindreka allri persónubundinni þjónustu, hvers konar opinberri þjónustu og hernaðarskyldu svo sem þeim sem tengdar eru upptöku, hernaðarframlögum og vistun herliðs.

1971 Nr. 16 31. marz

1971 Nr. 16 31. marz

■ **36. gr.** 1. Móttökuríkið skal heimila, í samræmi við lög og reglur sem það kann að setja, innflutning á og undanþágur frá öllum tollum, sköttum og svipuðum gjöldum, öðrum en geymslugjöldum, akstursgjöldum og líkum gjöldum að því er snertir:

a. muni sem ætlaðir eru til opinberra nota sendiráðsins;

b. muni sem ætlaðir eru til persónulegra nota sendierindreka eða venzlamanna hans er teljast til heimilisfólks hans, þar á meðal muni sem ætlaðir eru til bústofnunar hans í móttökuríkinu.

□ 2. Persónulegur farangur sendierindreka skal vera undanþeginn skoðun, nema gildar ástæður séu til þess að ætla, að í honum séu munir sem undanþágurnar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar taka ekki til, eða munir, sem er bannað með lögum að flytja inn eða út, eða lúta sóttvarnarreglum móttökuríkisins. Slík skoðun má einungis fara fram í návist sendierindrekans eða umboðsmanns hans.

■ **37. gr.** 1. Þeir venzlamenn sendierindreka, sem teljast til heimilisfólks hans, skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi, sem 29.—36. grein taka til, ef þeir eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins.

□ 2. Skrifstofu- og tæknistarfsmenn sendiráðsins, ásamt venzlamönnum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra, skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi, sem getið er í 29.—35. grein, ef þeir eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa fast heimilisfang þar, en þó með þeirri undantekningu að friðhelgi að því er snertir einkamálaréttar- og framkvæmdavaldslögsögu móttökuríkisins sem greind er í 1. málsgrein 31. greinar, skal ekki taka til athafna, sem framdar eru utan skyldustarfa þeirra. Þeir skulu einnig njóta þeirra forréttinda, sem greind eru í 1. málsgrein 36. greinar, að því er varðar muni, sem fluttir eru inn, þegar þeir fyrst stofna bú í móttökuríkinu.

□ 3. Þjónustustarfsmenn sendiráðsins, sem ekki eru ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa þar fast heimilisfang, skulu njóta friðhelgi, að því er tekur til athafna, sem þeir framkvæma innan skyldustarfa sinna, og jafnframt njóta undanþágu frá gjöldum og sköttum af launum, sem þeir fá fyrir störf sín, svo og njóta þeirrar undanþágu, sem getið er í 33. grein.

□ 4. Ef einkaþjónustustarfsmenn sendiráðsmanna eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa þar fast heimilisfang, skulu þeir vera undanþegnir gjöldum og sköttum af launum, sem þeir fá fyrir störf sín. Að öðru leyti njóta þeir aðeins þeirra forréttinda og friðhelgi, sem móttökuríkið heimilar. Móttökuríkið verður þó að fara svo með lögsögu sína yfir mönnum þessum, að ekki valdi óeðlilegum truflunum á störfum sendiráðsins.

■ **38. gr.** 1. Sendierindreki sem er ríkisborgari móttökuríkisins eða hefur fast heimilisfang þar, skal einungis njóta undanþágu frá lögsögu og friðhelgi að því er varðar opinber störf, sem innt eru af hendi innan takmarka skyldustarfa hans, nema móttökuríkið veiti frekari forréttindi og friðhelgi.

□ 2. Aðrir starfsmenn sendiráðs, og einkaþjónustustarfsmenn sem eru ríkisborgarar móttökuríkisins eða hafa þar fast heimilisfang, skulu aðeins njóta þeirra forréttinda og friðhelgi sem móttökuríkið heimilar. Móttökuríkið verður þó að fara svo með lögsögu sína yfir mönnum þessum að ekki valdi óeðlilegum truflunum á störfum sendiráðsins.

1971 Nr. 16 31. marz

■ **39. gr.** 1. Sérhver maður sem á rétt á forréttindum og friðhelgi, skal njóta þeirra frá þeirri stundu er hann kemur í land móttökuríkisins til þess að taka við stöðu sinni, eða, ef hann er þegar kominn í land móttökuríkisins, frá þeirri stundu sem skipun hans er tilkynnt utanríkisráðuneytinu eða öðru ráðuneyti sem samkomulag verður um.

□ 2. Þegar störfum manns sem notið hefur forréttinda og friðhelgi er lokið, skal slíkum forréttindum og friðhelgi að jafnaði lokið á þeirri stundu, er hann hverfur úr landi, eða eftir að liðinn er hæfilegur frestur til brottfarar, en halda gildi til þeirrar stundar, jafnvel þótt hernaðarástand ríki. Friðhelgin skal samt haldast að því er tekur til athafna, sem framkvæmdar eru af slíkum manni sem þáttur í skyldustörfum hans sem sendiráðsmanns.

□ 3. Í því tilviki að dauða sendiráðsmanns beri að höndum, skal fjölskylda hans halda áfram að njóta forréttinda og friðhelgi þeirrar sem hún á rétt á, þar til liðinn er hæfilegur frestur til þess að halda úr landi.

□ 4. Í því tilviki að sendiráðsmaður sem hvorki er ríkisborgari móttökuríkisins né hefur fast heimilisfang þar eða heimilisfastur venzlamaður hans andist, skal móttökuríkið heimila brottflutning lausafjár hins látna, að undantekinni hverri þeirri eign sem aflað var í því landi og bannað var að flytja út þegar andlátið bar að höndum. Ekki skal leggja skiptagjöld né erfðafjárskatt á lausafé, sem var í móttökuríkinu einungis vegna þess að hinn látni var þar sem sendiráðsmaður eða einn af fjölskyldu sendiráðsmanns.

■ **40. gr.** 1. Ef sendierindreki er á ferð eða dvelst í landi þriðja ríkis, sem hefur veitt honum vegabréfsáritun, ef áskilin er, þeirra erinda að taka við eða hverfa aftur til starfs síns eða er á leið til heimalands síns, skal þriðja ríkið veita honum friðhelgi og önnur forréttindi, sem nauðsynleg eru vegna ferðalags hans eða heimferðar. Hið sama á við um sérhvern venzlamann sendierindrekans sem nýtur forréttinda og friðhelgi og er í för með honum, eða á leið til hans eða heimalands síns, þótt ekki sé hann honum samferða.

□ 2. Þegar svo stendur á, sem greint er í 1. málsgrein þessarar greinar, skulu þriðju ríki ekki hindra för skrifstofu- og tæknistarfsmanna eða þjónustustarfsmanna sendiráðs né venzlamanna þeirra, um lönd sín.

□ 3. Þriðju ríki skulu veita embættisbréfum og öðrum opinberum skilaboðum sem um lönd þeirra eru send, þ. á m. tilkynningum á dulmáli eða merkjamál, sama frjálsræði og vernd og móttökuríkið veitir. Þau skulu veita stjórnarpóstberum sem hafa hlotið vegabréfsáritun, ef slík áritun er áskilin og stjórnarpósti á leið til áfangastaðar, sömu friðhelgi og vernd sem móttökuríkinu ber skylda til að veita.

□ 4. Þær skuldbindingar sem á þriðju ríkjum hvíla samkvæmt 1., 2. og 3. málsgrein þessarar greinar, skulu einnig taka til þeirra manna sem þar eru greindir, svo og stjórnarpósts og opinberra skilaboða, sem komin eru í land þriðja ríkisins af **force majeure** ástæðum.

■ **41. gr.** 1. Það er skylda allra þeirra, sem njóta forréttinda og friðhelgi, að virða lög og reglur móttökuríkisins, en þó þannig að forréttindi þeirra eða friðhelgi

skerðist eigi. Á þeim hvílir einnig sú skylda að skipta sér ekki af innanlandsmálum þess ríkis.

□ 2. Öll opinber erindi, sem móttökuríkið varða og falin eru sendiráðinu af sendiríkinu, skulu rekin hjá utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða hjá öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, eða fyrir milligöngu þeirra.

□ 3. Ekki má nota sendiráðssvæðið á nokkurn þann hátt sem ósamrýmanlegur er störfum sendiráðsins svo sem þau eru skilgreind í þessum samningi eða í öðrum reglum hins almenna þjóðaréttar eða sérsamningum milli sendiríkisins og móttökuríkisins.

■ **42. gr.** Sendierindreka er ekki heimilt að stunda í eigin ágóðaskyni neina atvinnu eða viðskiptastarfsemi í móttökuríkinu.

■ **43. gr.** Störfum sendierindreka lýkur meðal annars:

a. þegar sendiríkið tilkynnir móttökuríkinu að störfum sendierindrekans sé lokið;

b. þegar móttökuríkið tilkynnir sendiríkinu að það neiti að viðurkenna sendierindrekann sem sendiráðsmann samkvæmt 2. málsgr. 9. greinar.

■ **44. gr.** Móttökuríkið verður, jafnvel á hernaðartímum, að auðvelda þeim, sem njóta forréttinda og friðhelgi og ekki eru ríkisborgarar móttökuríkisins, og venzlamönnum þeirra, án tillits til ríkisfangs þeirra, að hverfa úr landi svo fljótt sem unnt er. Sérstaklega verður móttökuríkið að útvega þeim nauðsynleg samgöngutæki til nota fyrir þá sjálfa og eigur þeirra, sé þess þörf.

■ **45. gr.** Ef stjórnmálasamband er rofið milli tveggja ríkja, eða ef sendiráði er lokað fyrir fullt og allt, eða til bráðabirgða:

a. verður móttökuríkið, jafnvel á hernaðartímum, að virða og vernda sendiráðssvæðið, ásamt eignum þess og skjalasafni;

b. getur sendiríkið falið þriðja ríki, sem móttökuríkið samþykkir, umsjá með sendiráðssvæðinu, eignum sendiráðsins og skjalasafni;

c. getur sendiríkið falið þriðja ríki, sem móttökuríkið samþykkir, að gæta hagsmuna sinna og hagsmuna ríkisborgara sinna.

■ **46. gr.** Sendiríki getur að fengnu samþykki móttökuríkisins og samkvæmt tilmælum þriðja ríkis, sem ekki hefur fulltrúa í móttökuríkinu, tekið að sér að gæta til bráðabirgða hagsmuna þriðja ríkisins og ríkisborgara þess.

■ **47. gr.** 1. Við framkvæmd ákvæða samnings þessa skal móttökuríkið ekki mismuna ríkjum.

□ 2. Þó skal mismunun ekki vera talin eiga sér stað:

a. þegar móttökuríkið beitir þröngri túlkun við framkvæmd einhvers ákvæðis samnings þessa sökum þess að hlutaðeigandi ákvæði er túlkað þröngt í framkvæmd gagnvart sendiráði þess í sendiríkinu;

b. þegar ríki á grundvelli venju eða samnings, veita hvort öðru betri kjör en mælt er fyrir í ákvæðum þessa samnings.

■ **48. gr.** Samningur þessi skal liggja frammi til undirskrifta af hálfu allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana þeirra, aðildarríkja samþykkta Alþjóðadómstólsins og allra annarra ríkja sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna býður að gerast aðili að samningnum, á þann hátt sem hér segir:

til 31. október 1961 í utanríkisráðuneyti Austurríkis, og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. marz 1962.

■ **49. gr.** Fullgilda þarf samning þennan. Fullgildingarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

■ **50. gr.** Sérhverju ríki í einhverjum hinna fjögurra flokka, sem taldir eru í 48. grein, skal heimilt að gerast aðili að samningi þessum. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

■ **51. gr.** 1. Samningur þessi skal taka gildi á þrítugasta degi eftir að tuttugasta og annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

□ 2. Að því er varðar hvert ríki sem fullgildir samninginn eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta og annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent til varðveizlu, skal samningurinn taka gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjal sitt til varðveizlu.

■ **52. gr.** Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum, sem eru í einhverjum hinna fjögurra flokka, sem greindir eru í 48. grein:

a. undirskriftir undir samning þennan og að fullgildingar- eða aðildarskjöl hafi verið afhent til varðveizlu í samræmi við 48., 49. og 50. grein;

b. dag þann sem samningur þessi tekur gildi í samræmi við 51. grein.

■ **53. gr.** Frumrit samnings þessa, sem gerður er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra þeirra ríkja, sem eru í einhverjum þeirra fjögurra flokka, sem nefndir eru í 48. grein.

□ Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnum sínum, undirskrifað samning þennan.

□ Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag aprílmánaðar 1961.

Fylgiskjal II.

Kjörfrjáls bókun varðandi öflun ríkisborgararéttar.

Þau ríki, sem aðilar eru að þessari bókun og að Vínarsamningnum um stjórnmálasamband, — sem hér á eftir verður nefndur „samningurinn" —, er samþykktur var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Vínarborg 2. marz til 14. apríl 1961, **láta í ljós þá ósk** að setja reglur sín á milli um öflun ríkisborgararéttar að því er snertir sendiráðsmenn og venzlamenn þeirra, sem teljast til heimilisfólks þeirra, og **gera samkomulag** um það sem hér fer á eftir:

■ **1. gr.** Í bókun þessari skal orðið „sendiráðsmenn" hafa þá merkingu, sem skilgreind er í lið b í 1. grein samningsins, þ. e. a. s. „forstöðumaður sendiráðs og starfsmenn þess".

■ **2. gr.** Sendiráðsmenn, sem eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins, og venzlamenn sem teljast til heimilisfólks þeirra, skulu ekki öðlast ríkisborgararétt móttökuríkisins eingöngu á grundvelli laga sem þar gilda.

■ **3. gr.** Bókun þessi skal liggja frammi til undirskrifta af hálfu allra ríkja, sem gerast aðilar að samningnum, eins og hér segir:

til 31. október 1961 í utanríkisráðuneyti Austurríkis,

og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. marz 1962.

■ **4. gr.** Bókun þessa þarf að fullgilda. Fullgildingarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

■ **5. gr.** Öllum ríkjum, sem gerast aðilar að samningnum, er heimilt að gerast aðilar að bókun þessari. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

■ **6. gr.** 1. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, er hið síðara af þessu tvennu verður:

gildistaka samningsins eða þrítugasti dagur eftir að annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

□ 2. Að því er varðar hvert ríki um sig sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir að hún tekur gildi samkvæmt 1. lið þessarar greinar, skal bókun taka gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjal sitt til varðveizlu.

■ **7. gr.** Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum, sem verða aðilar að samningnum:

a. undirskriftir undir bókun þessa og að fullgildingar eða aðildarskjöl hafi verið afhent til varðveizlu samkvæmt 3., 4. og 5. grein;

b. dag þann er bókun þessi tekur gildi samkvæmt 6. grein.

■ **8. gr.** Frumrit bókunar þessarar, sem gerð er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra ríkja, sem tilgreind eru í 3. grein.

□ Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnum sínum, undirskrifað bókun þessa.

□ Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag aprílmánaðar 1961.

Fylgiskjal III.

Kjörfrjáls bókun varðandi skyldubundna lausn deilumála.

Þau ríki, sem aðilar eru að þessari bókun og að Vínarsamningnum um stjórnmálasamband, — sem hér á eftir verður nefndur „samningurinn“ —, er samþykktur var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Vínarborg 2. marz til 14. apríl 1961, **láta í ljós þá ósk** að hlíta hinni skyldubundnu lögsögu Alþjóðadómstólsins í öllum málum er þau varða í sambandi við sérhverja deilu um túlkun eða framkvæmd samningsins, nema aðilar hafi komið sér saman um einhverja aðra aðferð til lausnar deilunni innan hæfilegs frests, og **gera samkomulag** um það sem hér fer á eftir:

■ **1. gr.** Deilur sem rísa um túlkun og framkvæmd samningsins skulu falla undir hina skyldubundnu lögsögu Alþjóðadómstólsins, og má því skjóta þeim til dómstólsins samkvæmt kröfu hvers þess deiluaðila, sem hlut á að þessari bókun.

■ **2. gr.** Áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að annar aðilinn hefur tilkynnt hinum þá skoðun sína að um deilu sé að ræða, geta aðilarnir samið um að leggja málið til gerðardóms og ekki til Alþjóðadómstólsins. Að þeim fresti liðnum getur hvor aðilinn um sig krafizt þess, að deilan sé lögð til dómstólsins.

■ **3. gr.** 1. Áður en sama tveggja mánaða tímabil er liðið geta aðilarnir samið um að taka upp sáttaumleitanir.

□ 2. Sáttanefndin skal leggja fram tillögur sínar áður en fimm mánuðir eru liðnir frá því að hún var tilnefnd. Ef aðilar samþykkja ekki tillögur hennar innan tveggja mánaða tímabils frá því að þær koma fram, getur hvor aðila um sig krafizt þess að deilan sé lögð til dómstólsins.

■ **4. gr.** Ríki sem eru aðilar að samningnum, að hinni kjörfrjálsu bókun varðandi öflun ríkisborgararéttar og að þessari bókun, geta hvenær sem er lýst yfir því, að þau vilji rýmka ákvæði þessarar bókunar svo, að þau taki til deilna út af túlkun eða framkvæmd kjörfrjálsu bókunarinnar varðandi öflun ríkisborgararéttar. Slíkum yfirlýsingum skal beint til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

■ **5. gr.** Bókun þessi skal liggja frammi til undirskrifta af hálfu allra ríkja sem gerast aðilar að samningnum, eins og hér segir:

til 31. október 1961 í utanríkisráðuneyti Austurríkis, og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. marz 1962.

■ **6. gr.** Bókun þessa þarf að fullgilda. Fullgildingarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

■ **7. gr.** Öllum ríkjum sem gerast aðilar að samningnum er heimilt að gerast aðilar að bókun þessari. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

■ **8. gr.** 1. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, er hið síðara af þessu tvennu verður:

gildistaka samningsins eða þrítugasti dagur eftir að annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu.

□ 2. Að því er varðar hvert ríki um sig sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir að hún tekur gildi samkvæmt 1. lið þessarar greinar, skal bókunin taka gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjal sitt til varðveizlu.

■ **9. gr.** Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum, sem verða aðilar að samningnum:

a. undirskriftir undir bókun þessa og að fullgildingar- og aðildarskjöl hafi verið afhent til varðveizlu samkvæmt 5., 6. og 7. grein;

b. yfirlýsingar sem gefnar eru samkvæmt 4. grein í bókun þessari;

c. dag þann er bókun þessi tekur gildi samkvæmt 8. grein.

■ **10. gr.** Frumrit bókunar þessarar, sem gerð er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra ríkja, sem tilgreind eru í 5. grein.

□ Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnum sínum, undirskrifað bókun þessa.

□ Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag aprílmánaðar 1961.

1973 Nr. 92 10. des.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, ásamt viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, sem undirritaður var í Osló hinn 12. apríl 1973, ásamt viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar, sem undirrituð var í Osló hinn 15. maí 1973, en samningurinn og viðbótarbókunin eru prentuð sem fylgiskjöl með lögum þessum.

■ **2. gr.** Þegar samningur sá og viðbótarbókun, sem um er rætt í 1. gr., hafa verið fullgild, skulu ákvæði þeirra hafa lagagildi hér á landi.[1)]

[1)] *Augl. C 25/1973, sbr. I/1974.*

Fylgiskjal.

Samningur um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, **sem eru sammála** um að efla norrænt samstarf, **sem hafa í því augnamiði ákveðið** að koma á fót skrifstofu fyrir norræn samstarfsmál með aðsetri í Osló og hafa áður stofnsett skrifstofu fyrir norrænt menningarmálasamstarf í Kaupmannahöfn í þeim tilgangi að aðstoða Ráðherranefnd Norðurlanda, **sem æskja þess að ákveða** réttarstöðu þessara skrifstofa ásamt skyldum málefnum, **hafa orðið sammála** um eftirfarandi:

Gildissvið samningsins.

■ **1. gr.** Samningurinn gildir fyrir áðurnefndar skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda.

Réttarstaða skrifstofanna.

■ **2. gr.** Skrifstofurnar eru sjálfstæðir réttaraðilar með sömu lögaðild og aðrir lögaðilar í viðkomandi landi. Einkum geta þær eignast og látið af hendi fasteignir og lausafjármuni og verið málsaðilar fyrir dómstólum. Framkvæmdastjórinn eða sá eða þeir, sem hann tilnefnir, skal koma fram fyrir hönd skrifstofunnar í Osló, og fyrir hönd skrifstofu fyrir norrænt menningarmálasamstarf í Kaupmannahöfn forstjórinn eða sá eða þeir, sem hann tilnefnir.

Friðhelgi og sérréttindi.

■ **3. gr.** Fasteignir skrifstofanna og aðrar eignir eru undanþegnar hvers kyns aðför stjórnvalda og dómstóla, nema með beinu leyfi Ráðherranefndarinnar hverju sinni.

■ **4. gr.** Húsnæði skrifstofanna, skjalageymslur og öll skjöl í þeirra eigu eða vörslu skulu vera friðhelg, hvar sem þau eru.

□ Varðandi birtingu slíkra skjala gilda þær reglur, sem Ráðherranefndin setur.

■ **5. gr.** Bréfaskriftir skrifstofanna og aðrar opinberar tilkynningar má ekki ritskoða og um meðferð þeirra skulu þau jafnsett pósti sendiráða.

■ **6. gr.** Skrifstofurnar, tekjur þeirra og eignir, sem notaðar eru við starfsemina, skulu vera undanþegnar allri beinni skattheimtu.

□ Skrifstofurnar skulu einnig vera undanþegnar öllum tollgjöldum og öðrum slíkum gjöldum af hlutum, sem eru fluttir inn eða út vegna starfseminnar.

□ Ákvæðin í áðurnefndum liðum eiga ekki við um skatta eða gjöld, sem aðeins varða greiðslu fyrir veitta þjónustu.

□ Að öðru leyti gilda fyrir skrifstofurnar sömu skatta- og gjaldareglur og fyrir sendiráð í viðkomandi landi.

■ **7. gr.** Ekki er hægt að krefjast skatta af launum og öðrum hlunnindum, sem skrifstofurnar greiða föstu starfsliði sínu.

□ Skrifstofunum ber skylda til að senda stjórnvöldum samningslandanna skrá yfir það starfslið, sem heyrir undir þennan lið.

□ Ráðherranefndin setur reglur um skyldur fastráðins starfsliðs til þess að greiða gjald til skrifstofanna í staðinn fyrir skatt.

□ Ráðherranefndin ákveður gjaldið.

□ Stjórnvöldum samningslandanna er heimilt að hafa hliðsjón af launum og öðrum hlunnindum fastráðins starfsliðs við útreikning á skatti, sem samkvæmt landslögum eða gildandi tvísköttunarsamningum er lagður á tekjur frá öðrum aðilum en skrifstofunum.

■ **8. gr.** Starfsfólk skrifstofanna og fjölskyldur þess skulu í starfslandinu vera undanþegin tollum og gjöldum af eignum, þar á meðal ökutækjum, sem ætlaðar eru til persónulegra nota og það hefur með sér vegna starfsins í skrifstofunum.

■ **9. gr.** Aðeins er hægt að framselja eignir, sem fluttar eru inn samkvæmt 6. eða 8. grein, með þeim skilyrðum, sem viðurkennd eru af stjórnvöldum þess lands, sem tollfríðindin hefur veitt.

Réttarstaða starfsfólksins.

■ **10. gr.** Ráðherranefndin ákveður starfsreglur og launastiga fyrir skrifstofurnar.

■ **11. gr.** Hver samningsaðili skuldbindur sig til að veita fastráðnum ríkisstarfsmanni sínum leyfi frá störfum fjögur ár til að starfa í skrifstofunum og að reikna starfstímann þar eins og starf innt af hendi í heimalandinu.

■ **12. gr.** Hvert starfsland skuldbindur sig til að láta starfsfólk skrifstofanna njóta góðs af lífeyrissjóði ríkisins í starfslandinu samkvæmt sömu skilyrðum og gilda fyrir samsvarandi stöður í ríkisþjónustu í starfslandinu, svo fremi sem annað er ekki ákveðið með samningi við einstaka starfsmenn.

□ Samningur, sem er eða kann að verða gerður milli Norðurlanda um samræmingu réttinda, sem ríkisstarfsmenn hafa aflað sér í lífeyrissjóði ríkjanna, skal einnig gilda fyrir starfsfólk skrifstofanna, sem hefur lífeyrissjóðsréttindi í þeim Norðurlandanna, sem hafa gerst aðilar að samningnum.

□ Um réttindi starfsfólksins til tryggingagreiðslna fer samkvæmt samningnum frá 15. september 1955, ásamt síðari breytingum, milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi.

■ **13. gr.** Um réttindi starfsfólksins gildir að öðru leyti það, sem í ráðningarsamningi segir eða Ráðherranefndin ákveður.

■ **14. gr.** Til að fjalla um deilur um túlkun eða notkun ráðningarsamnings skal stofna sáttanefnd fimm manna,

1973 Nr. 92 10. des.

1973 Nr. 92 10. des.

þar sem hvert land tilnefnir einn. Ráðherranefndin ákveður þóknun nefndarmanna. Sáttanefndin ákveður sjálf starfsreglur sínar.

Lokaákvæði.

■ **15. gr.** Þennan samning skal fullgilda og skulu fullgildingarskjölin svo skjótt sem við verður komið afhent norska utanríkisráðuneytinu til varðveislu.

□ Samningur þessi skal varðveittur í norska utanríkisráðuneytinu, sem sendir hverjum samningsaðila staðfest afrit.

□ Samningurinn tekur gildi á þeirri stundu, sem Ráðherranefndin ákveður.

■ **16. gr.** Æski einhver samningsaðila að segja samningnum upp, skal skrifleg tilkynning um það send ríkisstjórn Noregs, er tafarlaust skal skýra hinum samningsaðilunum frá því, svo og hvenær tilkynningin hafi borist.

□ Uppsögnin gildir einvörðungu fyrir viðkomandi land og tekur gildi frá og með fyrsta degi þess mánaðar, þegar liðnir eru sex mánuðir frá því að ríkisstjórn Noregs tók við tilkynningu um uppsögn.

□ Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar landanna, sem til þess hafa umboð, undirritað samning þennan.

□ Gjört í Osló hinn 12. apríl 1973, í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu þeir textar allir jafngildir.

Viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóð **sem hafa sannreynt**, að stjórnarnefnd Norðurlandaráðs hefur í samræmi við 49. grein samstarfssamningsins frá 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sett á stofn skrifstofu með aðsetri í Stokkhólmi, **sem æskja þess að ákveða** réttarstöðu þessarar skrifstofu ásamt skyldum málefnum, **sem gert hafa með sér samning** hinn 12. apríl 1973 um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, **hafa orðið sammála** um eftirfarandi:

■ **1. gr.** Ákvæði samningsins frá 12. apríl 1973, 1. til 14. grein, um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, taka einnig til skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi, með hliðsjón af 2. og 3. grein í þessari bókun.

■ **2. gr.** Ritari stjórnarnefndarinnar eða sá eða þeir, sem hann tilnefnir, skal koma fram fyrir hönd skrifstofu stjórnarnefndarinnar.

■ **3. gr.** Ákvörðunarréttur sá, sem samkvæmt 4., 7., 10. og 13. grein er í höndum Ráðherranefndar Norðurlanda, fellur undir stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í málum, sem varða skrifstofu stjórnarnefndarinnar.

■ **4. gr.** Þessa viðbótarbókun skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin svo skjótt sem við verður komið afhent norska utanríkisráðuneytinu til varðveislu.

□ Bókun þessi skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu, og skal það senda ríkisstjórnum aðildarlandanna staðfest afrit.

□ Bókun þessi tekur gildi á þeirri stundu, sem Ráðherranefndin í samráði við stjórnarnefnd Norðurlandaráðs ákveður, þó ekki fyrr en samningurinn um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra tekur gildi.

■ **5. gr.** Þessari viðbótarbókun er hægt að segja upp í samræmi við 16. grein samningsins um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra. Ef samningnum er sagt upp, fellur viðbótarbókunin sjálfkrafa úr gildi um leið og hann.

1973 Nr. 92 10. des.

□ Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar landanna, sem til þess hafa umboð, undirritað þessa bókun.

□ Gjört í Osló hinn 15. maí 1973 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu þeir textar allir jafngildir.

Lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

1981 Nr. 43 26. maí

■ **1. gr.** Starfa skal opinber stofnun, er nefnist Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Stofnunin heyrir undir utanríkisráðuneytið og starfar í tengslum við það.

■ **2. gr.** Stofnunin skal vinna að samstarfi Íslands við þróunarlöndin. Markmið þess samstarfs skal vera að styðja viðleitni stjórnvalda í löndum þessum til að bæta efnahag þeirra og á þann veg eiga þátt í að tryggja félagslegar framfarir og stjórnmálalegt sjálfstæði þeirra á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Enn fremur skal að því stefnt með auknum samskiptum, m. a. á sviði menningar og viðskipta, að efla gagnkvæman skilning og samstöðu Íslands og þróunarlandanna.

■ **3. gr.** Til þess að ná þeim markmiðum, sem kveðið er á um í 2. gr., skal starfsemi stofnunarinnar einkum beinast að eftirtöldum atriðum:

a. Að gera tillögur til utanríkisráðherra um samstarfsverkefni í þróunarlöndunum, sem fjármögnuð yrðu af íslenska ríkinu skv. fjárlagaheimild, annaðhvort eingöngu eða í samvinnu við aðra. Verkefni þessi skulu einkum beinast að því að miðla til umræddra landa reynslu og sérþekkingu, sem Íslendingar búa yfir og þau hafa áhuga á að afla sér.

b. Að skipuleggja, annast framkvæmd og/eða yfirstjórn á og hafa eftirlit með þeim samstarfsverkefnum, sem um ræðir í staflið a þessarar greinar.

c. Að sjá á sama hátt um samstarfsverkefni í þróunarlöndunum, sem Íslandi kynnu að vera falin af Sameinuðu þjóðunum, sérstofnunum þeirra eða öðrum ríkjasamtökum.

d. Að kanna möguleika á auknum viðskiptatengslum við þróunarlöndin og koma upplýsingum þar að lútandi á framfæri við aðila hérlendis.

e. Að vinna að auknum menningartengslum, m. a. að því að Ísland taki þátt í menntun fólks frá þróunarlöndunum, bæði veiti því aðgang að hérlendum menntastofnunum og fái hæfa íslenska menn til að annast kennslu við menntastofnanir í þróunarlöndunum eða sem reknar eru í þágu þróunarlandanna.

f. Að veita aðilum, er hafa með höndum hjálparstarfsemi í þróunarlöndunum, þær upplýsingar og leiðbeiningar, sem þeir kunna að óska.

g. Að vinna að kynningu á þróunarlöndunum og málefnum þeirra með það fyrir augum að efla áhuga almennings, hagsmunasamtaka og hvers konar félaga á auknu samstarfi og aðstoð við þau.

h. Að gangast fyrir samráðum aðila hérlendis, sem láta þróunarsamstarf til sín taka, þ. á m. efna til ráðstefna og funda með þeim, eftir því sem þurfa þykir,

1981 Nr. 43 26. maí

til þess að tryggja að þróunarsamstarfið verði sem árangursríkast.

i. Að vinna á annan hátt að því að framlög Íslendinga til aðstoðar við þróunarlöndin nái sem fyrst því marki, sem samþykkt hefur verið á þingi Sameinuðu þjóðanna, að þau nemi 1% af þjóðartekjum.

■ **4. gr.** Stofnuninni er við framkvæmd samstarfsverkefna skv. stafliðum a og b í 3. gr. heimilt að gera samninga við stofnanir hins opinbera eða aðra aðila hérlendis, sem hafa í fastri þjónustu sinni sérfræðinga og reynda kunnáttumenn á sviði viðkomandi verkefnis, um að taka að sér framkvæmdir einstakra verkefna. Yfirstjórn verkefna skal þó ætíð vera hjá stofnuninni. Opinberir aðilar skulu veita stofnuninni sérfræðilega aðstoð, eftir því sem við verður komið.

■ **5. gr.** Stofnuninni er heimilt að stofna til samskota meðal almennings í þágu ákveðinna verkefna í þróunarlöndunum, þó því aðeins að slík verkefni falli ekki undir starfssvið annarra hérlendra aðila, sem að slíkum málum starfa.

■ **6. gr.** Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 7 mönnum. Skulu 6 kjörnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi en 1 skipaður af utanríkisráðherra. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera 4 ár. Utanríkisráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Varamenn skulu valdir á sama hátt.

■ **7. gr.** Íslenskir ríkisborgarar, sem stofnunin ræður til starfa í þróunarlöndunum að framkvæmd samstarfsverkefna á hennar vegum, skulu njóta sömu kjara í skattamálum og íslenskir ríkisborgarar, er vinna hjá alþjóðlegum stofnunum.

■ **8. gr.** Kostnaður við stofnunina og framkvæmdir á hennar vegum í þróunarlöndunum greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlagaheimild hverju sinni.

■ **9. gr.** Utanríkisráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð nánar um framkvæmdaatriði laga þessara.

■ **10. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1981 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 20 frá 5. apríl 1971.

1980 Nr. 102 31. des.

Lög um Grænlandssjóð.

■ **1. gr.** Stofna skal sjóð, er nefnist Grænlandssjóður, til að stuðla að nánari samskiptum Íslendinga og Grænlendinga.

■ **2. gr.** Grænlandssjóður skal veita styrk til kynnisferða, námsdvalar, listsýninga, íþróttasýninga og annarra málefna á sviði lista, vísinda og tæknimála, er geta stuðlað að eflingu samskipta Grænlendinga og Íslendinga.

■ **3. gr.** Ríkissjóður skal leggja í Grænlandssjóð árin 1981 og 1982 125 milljónir kr. hvort ár. Verði breyting á gengi danskrar krónu frá því að lög þessi taka gildi skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins breytast í samræmi við það. Auk þess skal sjóðsstjórnin leita eftir framlögum í sjóðinn frá fyrirtækjum, stofnunum, félagssamtökum og einstaklingum.

■ **4. gr.** Seðlabanki Íslands skal annast fjárreiður Grænlandssjóðs og ávaxta fé hans. Framlögum og öðrum tekjum sjóðsins má jafnóðum breyta í grænlenskan gjaldeyri.

■ **5. gr.** Til styrkveitinga skal verja allt að 9/10 hlutum vaxtatekna sjóðsins. Eigi skal skerða stofnfé sjóðsins. Gjafir til sjóðsins skulu að jafnaði leggjast við stofn hans, nema stjórn sjóðsins sé sammála um að verja ákveðnum gjöfum eða framlagi til einstaks verkefnis, sem hún telur að sé sérstaklega þörf fyrir.

1980 Nr. 102 31. des.

■ **6. gr.** Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum. Alþingi kýs þá hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Forsætisráðherra skipar formann stjórnarinnar. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera til þriggja ára. Stjórn sjóðsins skal vera ólaunuð.

■ **7. gr.** Formaður sjóðsstjórnar ákveður hvenær stjórnin kemur saman til fundar, en auk þess geta tveir stjórnarmenn krafist fundar.

□ Forsætisráðherra setur reglugerð um starfsemi sjóðsins, ef sjóðsstjórnin óskar þess.

1979 Nr. 41 1. júní

Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

I. Landhelgi.

■ **1. gr.** Landhelgi Íslands skal afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá grunnlínu sem dregin er milli eftirtalinna staða:

1.	Horn	66°27′4	n.br.,	22°24′3	v.lg.
2.	Ásbúðarrif	66°08′1	–	20°11′0	–
3.	Siglunes	66°11′9	–	18°49′9	–
4.	Flatey	66°10′3	–	17°50′3	–
5.	Lágey	66°17′8	–	17°06′8	–
6.	Rauðinúpur	66°30′7	–	16°32′4	–
7.	Rifstangi	66°32′3	–	16°11′8	–
8.	Hraunhafnartangi	66°32′2	–	16°01′5	–
9.	Langanes	66°22′7	–	14°31′9	–
10.	Glettinganes	65°30′5	–	13°36′3	–
11.	Norðfjarðarhorn	65°10′0	–	13°30′8	–
12.	Gerpir	65°04′7	–	13°29′6	–
13.	Hólmur	64°58′9	–	13°30′6	–
14.	Setusker	64°57′7	–	13°31′5	–
15.	Þursasker	64°54′1	–	13°36′8	–
16.	Ystiboði	64°35′2	–	14°01′5	–
17.	Selsker	64°32′8	–	14°07′0	–
18.	Hvítingar	64°23′9	–	14°28′0	–
19.	Stokksnes	64°14′1	–	14°58′4	–
20.	Hrolllaugseyjar	64°01′7	–	15°58′7	–
21.	Tvísker	63°55′7	–	16°11′3	–
22.	Ingólfshöfði	63°47′8	–	16°38′5	–
23.	Hvalsíki	63°44′1	–	17°33′5	–
24.	Meðallandssandur I	63°32′4	–	17°55′6	–
25.	Meðallandssandur II	63°30′6	–	17°59′9	–
26.	Mýrnatangi	63°27′4	–	18°11′8	–
27.	Kötlutangi	63°23′4	–	18°42′8	–
28.	Lundadrangur	63°23′5	–	19°07′5	–
29.	Surtsey	63°17′7	–	20°36′2	–
30.	Eldeyjardrangur	63°43′8	–	22°59′4	–
31.	Geirfugladrangur	63°40′7	–	23°17′1	–
32.	Skálasnagi	64°51′3	–	24°02′5	–
33.	Bjargtangar	65°30′2	–	24°32′1	–
34.	Kópanes	65°48′4	–	24°06′0	–
35.	Barði	66°03′7	–	23°47′4	–
36.	Straumnes	66°25′7	–	23°08′4	–
37.	Kögur	66°28′3	–	22°55′5	–
38.	Horn	66°27′9	–	22°28′2	–

Landhelgin skal auk þess afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá stórstraumsfjöruborði Kolbeinseyjar (67°08′9 n.br., 18°41′3 v.lg.), Hvalbaks

(64°35'8 n.br., 13°16'6 v.lg.) og ystu annesja og skerja Grímseyjar.

□ Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

■ **2. gr.** Fullveldisréttur Íslands nær til landhelginnar, hafsbotnsins innan hennar og loftrýmisins yfir henni.

□ Framkvæmd fullveldisréttarins fer eftir íslenskum lögum og ákvæðum alþjóðalaga.

II. Efnahagslögsaga.

■ **3. gr.** Efnahagslögsaga Íslands er svæði utan landhelgi sem afmarkast af línu sem alls staðar er 200 sjómílur frá grunnlínum landhelginnar, sbr. þó 7. gr.

■ **4. gr.** Innan efnahagslögsögunnar hefur Ísland:

a. fullveldisrétt að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á hafsbotni og í honum, í hafinu yfir honum svo og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu og rannsóknir innan svæðisins, svo sem framleiðslu orku frá sjávarföllum, straumum og vindi,

b. lögsögu að því er varðar:

i. byggingu mannvirkja og afnot af þeim,

ii. vísindalegar rannsóknir,

iii. verndun hafsins,

c. önnur réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðalögum.

□ Framkvæmd réttinda og skyldna innan efnahagslögsögunnar skal vera samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að.

III. Landgrunn.

■ **5. gr.** Landgrunn Íslands nær til hafsbotnsins og neðansjávarsvæða utan landhelgi, sem eru framlenging landssvæðisins, allt að ytri mörkum landgrunnssvæðisins, þó að 200 sjómílna fjarlægð frá grunnlínum landhelginnar þar sem ytri mörk landgrunnssvæðisins ná ekki þeirri fjarlægð, sbr. þó 7. gr.

■ **6. gr.** Fullveldisréttur Íslands yfir landgrunninu tekur til rannsóknar og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum, sem þar eru, svo og á lífverum, sem á nýtingarstigi eru annaðhvort hreyfingarlausar á hafsbotni eða í honum eða geta ekki hreyft sig án snertingar við hafsbotninn.

□ Stjórnvöld setja reglur um rannsóknir og hagnýtingu auðlinda landgrunnsins.

IV. Afmörkun svæða milli landa.

■ **7. gr.** Afmörkun efnahagslögsögu og landgrunns milli Íslands og annarra landa skal eftir atvikum ákveðin með samningum við hlutaðeigandi ríki og skulu slíkir samningar háðir samþykki Alþingis.

□ Þar til annað verður ákveðið skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands miðuð við 200 sjómílur frá grunnlínum landhelginnar að því undanskildu þó að þar sem skemmra er en 400 sjómílur milli grunnlína Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar skulu efnahagslögsaga og landgrunn Íslands afmarkast af miðlínu.

1979 Nr. 41 1. júní

V. Ráðstafanir gegn mengun.

■ **8. gr.** Skylt er að forðast allt það sem getur mengað eða á annan hátt spillt hafinu.

□ Íslensk stjórnvöld skulu samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að gera ráðstafanir til að vernda hafið gegn mengun og öðrum spjöllum.

VI. Vísindalegar rannsóknir.

■ **9. gr.** Vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands skulu háðar samþykki íslenskra stjórnvalda.

□ Að því er varðar rannsóknir innan efnahagslögsögunnar eða á landgrunninu skal slíkt samþykki að jafnaði veitt, ef umsókn kemur frá erlendu ríki eða hlutaðeigandi milliríkjastofnun, enda sé um að ræða friðsamlega viðleitni til að efla þekkingu á umhverfi sjávar. Hafna má beiðni, meðal annars, ef hún:

a. stendur í beinu sambandi við rannsókn eða hagnýtingu á lífrænum eða ólífrænum auðlindum,

b. hefur í för með sér boranir á landgrunninu, notkun sprengiefna eða skaðlegra efna fyrir umhverfið,

c. leiðir til byggingar, starfrækslu eða notkunar mannvirkja.

■ **10. gr.** Umsókn um leyfi til rannsókna skv. 9. gr. skal lögð fram eigi síðar en sex mánuðum áður en rannsókn hefst og skulu henni fylgja nákvæmar upplýsingar varðandi:

a. eðli og markmið rannsókna,

b. rannsóknaraðferð, þ. á m. nafn, stærð, tegund og gerð skipa og lýsingu á rannsóknartækjum,

c. nákvæma staðsetningu svæða, sem rannsaka á,

d. upphaf og lok rannsóknatímabils,

e. nafn stofnunar, sem að rannsóknum stendur, nafn forstjóra hennar og framkvæmdastjóra rannsóknaleiðangurs.

f. fyrirhugaða þátttöku íslenskra stjórnvalda í rannsóknum.

□ Íslensk stjórnvöld skulu tilkynna afstöðu sína til umsóknarinnar innan fjögurra mánaða, ef umsókn er hafnað.

VII. Ýmis ákvæði.

■ **11. gr.** Brot á lögum þessum varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

■ **12. gr.** Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 17 1. apríl 1969, um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland. Svo eru og úr gildi numin önnur þau lagafyrirmæli er koma í bág við lög þessi.

II. STJÓRNARFAR.

II. a. Embættismenn og yfirvöld.

1954 Nr. 38 14. apríl

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.[1)]

[1)] *Sjá og l. 46/1973 og l. 29/1976.*

I. kafli. Til hverra lög þessi taka.

■ **1. gr.** Lög þessi taka til hvers manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf. Ákvæði í lögum, sem öðruvísi mæla um einstaka flokka starfsmanna, skulu haldast. Rétt er og að setja í ráðningarsamninga forstjóra atvinnufyrirtækja, er ríkið rekur, ákvæði um uppsögn og annað, er kann að vera nauðsynlegt eða heppilegt starfans vegna.

□ Nú verður ágreiningur um það, hvort starfsmaður skal sæta ákvæðum laga þessara, og sker þá fjármálaráðherra úr. Ef starfsmaður vill eigi hlíta úrskurði ráðherra, getur hann borið málið undir dómstóla, og skal þá höfða mál á hendur fjármálaráðherra.

II. kafli. Um veitingu starfa.

■ **2. gr.** Það fer eftir ákvæðum laga um hverja starfsgrein, hver veita skuli, setja í eða ráða í stöður. Nú er eigi um það mælt í lögum, og skal þá svo meta sem sá ráðherra, er starfinn lýtur, geri þá ráðstöfun, en geti þó veitt forstjóra viðkomandi starfsgreinar heimild til að gera það, ef ráðstafa skal hinum vandaminni og ábyrgðarminni stöðum í grein hans.

■ **3. gr.** Almenn skilyrði til þess að fá skipun, setningu eða ráðningu í stöðu eru þessi:

1. 21 árs aldur. Þó má víkja frá þessu aldurslágmarki um vélritunar-, afgreiðslu- og sendilsstörf eða önnur svipuð störf.

Einstök ákvæði í lögum, þar sem annað aldurstakmark er sett, skulu haldast.

2. Lögræði. Þó gildir lögræðiskrafan ekki, þegar undanþága er gerð samkvæmt 1. tölulið.

3. Nauðsynleg heilbrigði, andleg og líkamleg, til þess að gegna þeim starfa, sem hverju sinni er um að ræða.

4. Íslenzkur ríkisborgararéttur. Víkja má þó frá þessu ákvæði, ef telja má sérstaklega eftirsóknarvert að fá erlendan ríkisborgara til að gegna starfa til bráðabirgða, en eigi má skipa hann fyrr en hann hefur öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt.

5. Almenn menntun og þar að auki sú sérmenntun, sem lögum samkvæmt er krafizt eða eðli málsins samkvæmt verður að heimta til óaðfinnanlegrar rækslu starfans.

6. Fjárforræði, ef stöðu fylgja fjárreiður, svo sem gjaldkera- eða innheimtustörf, eða ef svo er fyrir mælt í lögum eða sérstök ástæða þykir til að gera þá kröfu.

□ [Nú hefur umsækjandi um starf hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. málsgrein 68. gr. almennra hegningarlaga, og telst hann þá ekki fullnægja starfsskilyrðum.][1)]

□ Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.

[1)] *L. 44/1961, 1. gr. Ath. 5. tl. 3. gr. l. 38/1954 var afnuminn með l. 44/1961, 1. gr. a, og 6. og 7. tl. verða nú 5. og 6. tl., svo sem greint er í texta.*

■ **4. gr.** Nú er maður skipaður í stöðu, og ber þá að líta svo á, að hann skuli gegna stöðunni, þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:

1. að hann brýtur af sér í starfinu, svo að honum beri að víkja úr því;
2. að hann fullnægir ekki skilyrðum 3. gr. laga þessara;
3. að hann fær lausn samkv. eigin beiðni;
4. að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 13. gr.;
5. að hann flyzt í aðra stöðu hjá ríkinu;
6. að skipunartími hans samkv. tímabundnu skipunarbréfi er runninn út;
7. að staðan er lögð niður, sbr. 14. gr.

■ **5. gr.** Lausa stöðu skal auglýsa í Lögbirtingablaði, venjulega með 4 vikna fyrirvara. Heimilt er að taka til greina umsóknir, sem berast eftir að liðinn er umsóknarfrestur, enda hafi staðan ekki þegar verið veitt eða í hana sett eða maður í hana ráðinn, eftir að frestur var liðinn.

□ Veita skal umsækjendum og viðurkenndum félögum opinberra starfsmanna kost á að fá vitneskju um það, hverjir sótt hafa.

□ Nú hefur staða verið auglýst, en eigi þykir rétt að skipa nokkurn umsækjanda í hana, og má þá setja þann umsækjanda, er næst þykir standa til þess að fá skipun. Veita má slíkum manni stöðu án auglýsingar að nýju, eftir að hann hefur gegnt henni óaðfinnanlega eitt ár eða lengur, enda á hann þá rétt á að fá úr því skorið, hvort hann eigi að fá veitingu.

□ Ákvæði þessarar greinar taka ekki til starfa í þágu utanríkisþjónustunnar.

■ **6. gr.** Hver sá, er stöðu ráðstafar, getur sett starfsmanni erindisbréf, enda skal að jafnaði setja starfsmanni slík fyrirmæli, ef hann óskar þess, hvort sem það varðar starf hans almennt eða einstaka grein þess eða greinar.

III. kafli. Um lausn úr stöðu.

■ **7. gr.** Það stjórnvald, er veitir stöðu, veitir og lausn frá henni um stundarsakir. Forstjóri starfsgreinar getur þó veitt starfsmanni í þeirri grein lausn um stundarsakir, þótt hann hafi ekki veitt þá stöðu, ef bið þykir hættuleg, en tilkynna skal þá þeim, er stöðu veitir, tafarlaust þá ráðstöfun með skýringu á málavöxtum, enda tekur hann fullnaðarákvörðun um lausnarveitinguna.

□ Rétt er að veita starfsmanni lausn um stundarsakir, ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns

1954 Nr. 38 14. apríl

síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi sínu, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykir að öðru leyti ósæmileg, óhæfileg eða ósamrýmanleg því starfi. Þó skal veita starfsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en honum er veitt lausn um stundarsakir samkvæmt þessari málsgrein.

☐ Nú hefur starfsmaður fjárreiður eða bókhald með höndum, og má þá veita honum lausn um stundarsakir án áminningar, ef ætla má eða víst þykir, að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga. Sama er, ef starfsmaður er grunaður eða sannur orðinn að háttsemi, er varða kynni sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, eða heilsu hans er svo farið, að eigi þyki gerlegt að láta hann gegna starfa lengur.

☐ Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum.

■ **8. gr.** Nú hefur starfsmanni ríkisins verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi, og skal þá þegar mál hans rannsakað af kunnáttumönnum eða fyrir dómi að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til, svo að upplýst verði, hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann aftur taka við starfi sínu.

☐ Úrslit um stöðuna skulu ráðin strax og lokaniðurstöður rannsóknar eru kunnar.

■ **9. gr.** Meðan lausn um stundarsakir stendur, nýtur starfsmaður hálfra fastra launa þeirra, sem stöðu hans fylgja. Embættishúsnæði og jarðnæði, ef um er að ræða, heldur hann, enda komi þau fríðindi til reiknings samkvæmt mati í þeim launum, er hann fær.

☐ Nú fellur niður lausn um stundarsakir, og skal starfsmaður þá fá greiddan þann helming hinna föstu launa, er hann hefur verið sviptur.

☐ Nú tekur sá, sem lausn hefur fengið um stundarsakir, aftur við starfa sínum, og skal þá líta svo á um starfsaldur sem hann hafi gegnt starfanum óslitið.

■ **10. gr.** Hver sá, er skipar starfsmann í stöðu, veitir og lausn úr henni, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Lausn skal veita skriflega og jafnan greindar orsakir, svo sem vegna umsóknar, heilsubrests, tiltekinna ávirðinga o. s. frv.

☐ Í lausnarbréfi skal jafnan kveðið á um það, frá hvaða degi starfsmaður skuli lausn taka og með hvaða kjörum, svo sem um eftirlaun, sé um þau að ræða, lífeyri, hvenær starfsmaðurinn skuli sleppa íbúð, jarðnæði o. s. frv., eftir því sem við á.

■ **11. gr.** Jafnan skal starfsmanni, sem víkja skal úr stöðu, veittur kostur á að tala máli sínu, áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur.

☐ Rétt er þeim, er vikið er úr stöðu, að bera málið undir úrlausn dómstóla, enda fari rannsókn slíks máls að hætti opinberra mála. Stefna skal fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

☐ Nú er stöðumissir úrskurðaður óréttmætur, og fer þá um bætur til aðila eftir úrskurði dómstóla, nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað. Þegar bætur eru metnar, skal hafa til hliðsjónar ástæður starfsmanns, svo sem aldur og atvinnumöguleika, svo og fram komnar málsbætur stöðuveitanda.

■ **12. gr.** Starfsmanni skal víkja úr stöðu að fullu, ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna stöðu þeirri. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um það, hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því, þar til ráðið verður, hvort honum skuli skjóta til æðra dóms, eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

■ **13. gr.** Starfsmanni skal veita lausn, þegar hann er fullra 70 ára að aldri.

☐ Heimilt er þó starfsmanni að láta af störfum með rétti til eftirlauna og/eða lífeyris, hvenær sem er, eftir að hann er orðinn 65 ára, eða fyrr, ef hann hefur unnið sér þann rétt samkvæmt öðrum lögum.

☐ Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar ná ekki til ráðherra og opinberra fulltrúa í þjónustu ríkisins, sem kosnir eru almennri kosningu.

☐ Ef embættismaður, sem hlotið hefur embætti sitt með almennri kosningu, fer frá samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal honum heimilt að sækja um embættið af nýju. Hljóti hann kosningu, skal hann fá veitingu fyrir embættinu um 5 ár.

☐ Halda skulu gildi sínu sérákvæði þau um dómara, er um ræðir í lögum nr. 32 1. apríl 1948.

■ **14. gr.** Nú er staða lögð niður, og skal þá starfsmaður jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur, enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins.

☐ Ef sama staða er aftur stofnuð innan 5 ára, á starfsmaður að öðru jöfnu rétt til hennar.

☐ Nú hefur maður verið leystur frá starfi vegna þeirra orsaka, sem um getur í grein þessari, eða annarra atvika, sem honum verður ekki sök á gefin, og skal hann þá í 5 næstu ár að öðru jöfnu sitja fyrir um starf í þjónustu ríkisins, er losna kann, ef hann sækir um það.

☐ Starfsaldur hans áður og eftir skal þá saman lagður og veitir þá sömu réttindi sem óslitin þjónusta.

☐ Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur samkvæmt 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins, áður en liðinn er 6 eða 12 mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður, ef laun þau, er nýja starfinu fylgja, eru jöfn eða hærri en þau, er hann naut í fyrri stöðunni. Ef launin í nýju stöðunni eru lægri, skal greiða starfsmanni launamismuninn til loka 6 eða 12 mánaða tímabilsins.

■ **15. gr.** Nú vill starfsmaður beiðast lausnar, og skal hann þá gera það skriflega og með þriggja mánaða fyrirvara, nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert starfsmann ófæran til að gegna stöðu sinni eða viðkomandi stjórnvöld samþykki skemmri frest. Skylt er að veita lausn, ef hennar er löglega beiðzt. Þó er óskylt að veita starfsmönnum lausn frá þeim tíma, sem beiðzt er, ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein, að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa, ef beiðni hvers um sig væri veitt. Getur stjórnvald þá áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum.

☐ Ákvæði ráðningarsamnings, sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, eða sérákvæði í lögum, er öðruvísi kveða á, skulu standa.

IV. kafli. Um orlof og veikindaleyfi.

■ **16. gr.** [Starfsmenn skulu árlega fá orlof í 21 virkan dag og einskis í missa af föstum launum. Þeir starfsmenn sem verið hafa í þjónustu ríkisins í 10 ár, skulu fá orlof í 24 virka daga. Starfsmönnum, sem eiga að baki lengri þjónustualdur en 15 ár, má veita orlof allt að 27 virkum dögum. Nánari reglur um orlof skal setja með reglugerð.][1)]

□ Forstjóri hverrar starfsgreinar eða skrifstofu ákveður, í samráði við starfsmenn, í hverri röð þeir fái orlof.

□ Nú tekur starfsmaður ekki orlof tiltekið ár, og er honum þá rétt, með samþykki yfirmanns, að leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið.

□ Nú tekur starfsmaður ekki orlof samkv. beiðni yfirmanns síns, og ber honum þá aukagreiðsla fyrir starf sitt þann tíma. Annars er starfsmönnum óheimilt að taka vinnu í stað orlofs í starfsgrein sinni fyrir endurgjald.

□ Skylt er starfsmanni að taka orlof, ef yfirmaður hans skipar svo.

□ Haldast skulu sérreglur í lögum og ráðningarsamningum um orlof starfsmanna í tilteknum greinum eða tilteknum störfum, sbr. 15. gr. Þó sé það aldrei skemmra en lágmark það, sem ákveðið er í 1. mgr. þessarar greinar.

[1)] *L. 27/1965.*

■ **17. gr.** Ákveða skal með reglugerð,[1)] hvernig fari um launagreiðslur til starfsmanna í veikindaforföllum svo og til kvenna í fjarvistum vegna barnsburðar.

[1)] *Rg. 86/1983. Rg. 227 og 228/1958.*

V. kafli. Um launagreiðslur og hlunnindi.

■ **18. gr.** Starfsmenn taka laun samkvæmt lögum eða ráðningarsamningum.

□ Starfsmönnum er skylt að hlíta breytingum á launakjörum sínum samkvæmt lögum eða reglugerðum, staðfestum af hlutaðeigandi ráðherra, þar sem heimild er til slíks að lögum, enda standi ráðningarsamningur því eigi í gegn.

■ **19. gr.** Þegar laun fara stighækkandi eftir starfsaldri, skal svo fara sem hér segir:

□ Nú fær starfsmaður launahærri stöðu en hann hafði áður, og tekur hann þá lægstu laun í hinni nýju stöðu, ef þau eru hærri en hæstu laun í hinni fyrri. En ef byrjunarlaun í nýju stöðunni eru jöfn eða lægri en þau, er hann hafði þá í hinni fyrri, tekur hann næstu laun fyrir ofan þau, er hann hafði þar. Starfsaldur til launahækkunar í nýju stöðunni telst frá því, er hann fékk skipun eða setningu í hana.

□ Nú tekur starfsmaður við sams konar stöðu og hann hafði áður, og telst starfsaldur hans þá frá skipun eða setningu í hina eldri stöðuna.

□ Nú tekur maður verr launaða stöðu í sömu starfsgrein en hann hafði áður, og fær hann þá laun í nýju stöðunni, sem næst eru þeim launum eða hærri en þau laun, er hann hafði í fyrri stöðunni. Ef hann tekur stöðu í annarri starfsgrein, þá fær hann hæstu laun þar, ef þau eru lægri eða jafnhá þeim, er hann hafði. En ef þau eru hærri, þá tekur hann þau, er hann hafði í eldri stöðunni.

□ Nú tekur starfsmaður við stöðu aftur, sem hann hafði farið úr, og er þá rétt að telja saman allan starfstímann.

■ **20. gr.** Föst laun greiðast fyrir fram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Greidd laun eru óafturkræf, þótt starfsmaður andist eða verði leystur frá starfa, áður en mánuður er liðinn.

□ Nú tekur maður við starfa eftir fyrsta dag mánaðar, og fær hann þá laun í réttu hlutfalli við tölu þeirra daga, sem eftir eru af þeim mánuði.

■ **21. gr.** Nú er starfsmaður leystur frá starfa vegna vanheilsu eða slysa, sem honum verður ekki með skynsamlegu mati gefin sök á, og ber þá að greiða honum þau föstu laun, er stöðu hans fylgja, í þrjá mánuði.

□ Nú tekur maður, sem látið hefur af starfi vegna vanheilsu, aftur við starfi í starfsgrein sinni, og skal þá starfsaldur hans áður og eftir lagður saman og veitir þá sama rétt og óslitin þjónusta.

□ Um greiðslu til maka látins starfsmanns fer eftir ákvæðum 1. mgr.

■ **22. gr.** Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem starfsmaður er búsettur í, og matsverðið dregið frá heildarlaununum.

□ Ákvörðun yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Húsnæði ráðherra og risnufé, sem ákveðið er í fjárlögum, telst ekki til embættislauna.

■ **23. gr.** Óheimilt er starfsmanni að gefa út ávísanir á laun, sem ekki eru í gjalddaga komin, nema fjármálaráðuneytið veiti til þess samþykki sitt hverju sinni. Sú heimild má þó ekki fara fram úr fjórðungi árslauna. Enginn vinnur rétt samkvæmt slíkri ávísun, nema samþykki sé fengið.

■ **24. gr.** Nú þykir hlýða, að dómi ráðherra, að starfsmaður beri einkennisbúning eða einkennismerki önnur í starfi sínu, og ber ríkissjóði að leggja hann eða þau merki til starfsmanni að kostnaðarlausu eftir þeim reglum,[1)] er ráðherra setur.

[1)] *Rg. 255/1980. Rg. 188/1983.*

■ **25. gr.** Konur, er veita heimili forstöðu, eiga rétt til þess að vinna tvo þriðju hluta ákveðins vinnutíma gegn samsvarandi frádrætti í launum, enda megi slíkt verða að skaðlausu.

□ Samsvarandi ívilnun má og öðrum veita, er sérstaklega er farið, svo sem vegna heilsuveilu.

■ **26. gr.** Nú gegnir starfsmaður samkvæmt ákvörðun stjórnvalds jafnhliða sínum starfa öðrum starfa, og fær hann þá hálf þau föstu byrjunarlaun, er þeim starfa fylgja, og aukatekjur allar. Ef slíkum starfa er skipt milli tveggja eða fleiri starfsmanna, kveður ráðherra á um þóknun hvers þeirra með hliðsjón af vinnu og aðstöðu að öðru leyti.

■ **27. gr.** Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð[1)] daglegan vinnutíma starfsmanna svo og þóknun fyrir verk, sem unnin eru utan þess tíma.

[1)] *Sjá nú l. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.*

VI. kafli. Skyldur starfsmanna.

■ **28. gr.** Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess, sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein, er hann vinnur við.

■ **29. gr.** Skylt er starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

□ [Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja[1] er starfsmönnum, er skipa eftirtalin störf, óheimilt að gera verkfall:

1. Héraðsdómarar, hæstaréttarritari og starfsmenn Hæstaréttar, lögreglustjórar, fulltrúar lögreglustjórans í Reykjavík, tollstjórar, tollgæslustjórar og fulltrúar saksóknara.

2. Ráðuneytisstjórar, skrifstofustjórar og deildarstjórar í ráðuneytum, sendiherrar, starfsmenn íslenskra sendiráða erlendis, skrifstofustjóri og deildarstjórar á skrifstofu Alþingis og starfsfólk skrifstofu forseta Íslands.

3. Starfsmenn sáttasemjara ríkisins.

4. Starfsmenn Alþingis, forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis og launadeildar fjármálaráðuneytisins er eigi falla undir 2. tl.

5. Forstöðumenn stjórnsýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra.

6. Forstöðumenn atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og staðgenglar þeirra, nema þeir séu ráðnir sérstakri ráðningu.

7. Aðrir þeir er gegna embættum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.—6. tl.

□ Fyrir 15. janúar ár hvert skal fjármálaráðherra birta skrá um nöfn og störf þeirra manna, sem falla undir ákvæði 1.—7. tl.

□ Rísi mál um hvort maður falli undir ákvæði 1.—7. tl. 1. mgr. skal það mál lagt fyrir Félagsdóm sem sker úr því til fullnustu.][2]

[1] *L. 29/1976.* [2] *L. 31/1976, 1. gr.*

■ **30. gr.** Starfsmenn skulu koma stundvíslega til starfa, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Skrifstofustjórar og aðrir yfirmenn skulu fylgjast með stundvísi starfsmanna. Hafa skal stimpilklukkur í skrifstofum og vinnustofum, þar sem því verður við komið, og halda skrá um, hvernig starfsmenn koma til vinnu.

□ Starfsmanni er skylt að vinna án endurgjalds yfirvinnu allt að tvöföldum þeim tíma, er hann hefur verið frá starfi án gildra forfalla, eða hlíta því, að dregið sé af launum, sem því nemur.

□ Nú sýnir starfsmaður óstundvísi og vanrækslu í starfi sínu og lætur ekki skipast við áminningu yfirboðara, og varðar það brottvikningu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru.

■ **31. gr.** Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim, er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.

■ **32. gr.** Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkv. lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helzt, þótt látið sé af starfi.

■ **33. gr.** Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum hans og verkahring frá því, er hann tók við starfi, enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum. Sama er um breytingar, er yfirmaður ákveður, en þeirri ákvörðun má skjóta til ráðherra.

VII. kafli. Um aukastörf.

■ **34. gr.** Heimilt er að fela starfsmanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum, er stöðu hans fylgja.

□ Áður en starfsmaður stofnar til atvinnurekstrar, hyggst að taka við starfi í þjónustu annars aðila en ríkisins, gegn varanlegu kaupi eða ganga í stjórn atvinnufyrirtækis, ber honum að skýra því stjórnvaldi, er veitti stöðuna, frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því, ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg stöðu hans, og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir ráðherra.

□ Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 2. málsgrein segir, ef það er síðar leitt í ljós, að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

VIII. kafli. Starfsmenn Alþingis.

■ **35. gr.** Forsetar Alþingis hafa aðild og úrskurðarvald um réttindi og skyldur starfsmanna þingsins samkvæmt lögum þessum.

IX. kafli. Um félagsskap starfsmanna.

■ **36. gr.** Við samning reglugerða samkvæmt lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

Lög um forgangsrétt kandídata frá háskóla Íslands til embætta.

■ **1. gr.** Eftir að háskóli Íslands er tekinn til starfa hafa þeir einir rétt til embætta hér á landi, er tekið hafa embættispróf við háskólann. Þó á þetta aðeins við þær fræðigreinar, sem þar eru kenndar og próf er haldið í. [Þeir, sem lokið hafa meistara- eða kandídatsprófi í íslenzkum fræðum við heimspekideild háskólans, skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til kennslu í íslenzkri tungu, íslenzkum bókmenntum og Íslandssögu við alla framhaldsskóla, sem kostaðir eru eða styrktir af ríkisfé eða sveitarfé, nema kennsla á unglingastiginu sé í framkvæmdinni í höndum barnaskóla, og þó því aðeins, að kennsla í þessum greinum nemi a. m. k. hálfu kennarastarfi eða sérstakur kennari sé ráðinn til starfsins, enda skulu þeir að öðru leyti fullnægja þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræða- og menntaskóla, sem gerðar eru í lögum.

□ Þeir, sem lokið hafa B.A.-prófi við heimspekideild háskólans, skulu með hliðstæðum hætti njóta forgangsréttar til kennslu við skóla gagnfræðastigsins og við sérskóla í þeim greinum, er próf hvers þeirra um sig tekur til, enda fullnægi þeir að öðru leyti þeim kröfum um menntun kennara við gagnfræðaskóla eða menntaskóla, sem gerðar eru í lögum. Þeir standa þó að baki þeim mönnum, er fyrri málsgrein getur, um kennslu i íslenzkum fræðum, og eigi framar þeim, er lokið hafa við háskóla fullnaðarprófi með kennsluréttindum í þeim greinum, er B.A.-prófið lýtur að. Þá standa B.A.-prófsmenn eigi framar þeim kennurum, er lokið hafa fullnaðarprófi frá erlendum kennaraháskólum.][1]

[1] *L. 19/1952, 1. gr. sbr. 4. gr.*

1911 Nr. 36 11. júlí

■ **2. gr.** [Sé um að ræða kennarastöðu í tveimur eða fleiri kennslugreinum, skal sá hljóta starfið, sem hefur forgangsréttindi samkv. 1. gr. að meiri hluta kennslustunda í umræddum greinum.][1)]

[1)] *L. 19/1952, 2. gr. sbr. 4. gr.*

■ **3. gr.** Undanþágu frá fyrirmælum 1. gr. má landsstjórnin eftir tillögum háskólaráðsins veita, sé um kennaraembætti við háskólann að ræða.

■ **4. gr.** Læknisfræðingum, er sanna, að þeir hafi aflað sér nægrar þekkingar í læknisfræði á erlendum háskólum eða öðrum slíkum menntastofnunum, má og landsstjórnin veita leyfi til þess að stunda hér á landi lækningar, en leitað skal tillagna læknadeildar háskólans í hvert skipti áður en slíkt leyfi sé veitt.[1)]

[1)] *Sbr. l. 80/1969, 2. gr.*

■ **5. gr.** Þeir, er lokið hafa embættisprófi við Kaupmannahafnarháskóla í fræðigreinum þeim, sem hér eru kenndar á háskólanum, innan 5 ára eftir að háskólinn tekur til starfa, skulu hér embættisgengir eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt. Þó má engum lögfræðikandídat frá Kaupmannahafnarháskóla veita hér embætti, er lagapróf þarf til, nema hann hafi lokið þar prófi innan 6 ára eftir að lagaskólinn tók til starfa.

1911 Nr. 37 11. júlí

Lög um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta.

■ **1. gr.** Konur eiga sama rétt eins og karlar til að njóta kennslu og ljúka fullnaðarprófi í öllum menntastofnunum landsins.

■ **2. gr.** Konur eiga sama rétt eins og karlar til hlutdeildar í styrktarfé því, sem veitt er af opinberum sjóðum námsmönnum við æðri og óæðri menntastofnanir landsins. ...[1)]

[1)] *L. 38/1954, 37. gr.*

1973 Nr. 46 25. apríl

Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna.[1)]

[1)] *Rg. 195/1973, sbr. 102/1976, um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga.*

I. kafli.

■ **1. gr.** [Lög þessi taka til allra starfsmanna, sem eru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

☐ Ákvæði laganna taka þó ekki til:

[1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, biskups Íslands né ráðuneytisstjóra;][1)]

2. ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, en um laun þeirra og starfskjör fer samkvæmt sérstökum lögum;

3. starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins;

4. iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938.

☐ Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.][2)]

[1)] *L. 22/1981, 1. gr.* [2)] *L. 61/1977, 1. gr.*

■ **2. gr.** Fjármálaráðherra fer með fyrirsvar ríkissjóðs, að því er varðar kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi ríkisvalds samkvæmt lögum þessum. Hann getur skipað nefnd þriggja til fimm manna til að annast samninga af sinni hendi.

1973 Nr. 46 25. apríl

■ **3. gr.** Heildarsamtök starfsmanna ríkisins, sem fjármálaráðherra hefur veitt viðurkenningu, fara með fyrirsvar ríkisstarfsmanna um gerð aðalkjarasamninga og aðrar ákvarðanir í því sambandi. Heildarsamtök þessi skulu velja sér samninganefnd, sem fer með umboð þeirra til samningagerðar. Samtökin skulu tilkynna fjármálaráðherra formann og varaformann samninganefnda, eigi síðar en við uppsögn samninga, sbr. 2. mgr. 8. gr.

☐ Stjórnir einstakra félaga innan viðurkenndra heildarsamtaka eða til þess kjörnar nefndir fara með fyrirsvar þeirra, að því er varðar þann þátt samninga, sem um ræðir í 6. gr. Stjórnir viðurkenndra heildarsamtaka skulu tilkynna fjármálaráðherra eigi síðar en við uppsögn kjarasamnings, hvaða félög hafi á hendi þennan samningsrétt.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. mgr. er fjármálaráðherra heimilt að veita Læknafélagi Íslands, að beiðni hlutaðeigandi heildarsamtaka, rétt til að fara með kjarasamninga fyrir þá félagsmenn sína, sem ráðnir eru með skemmri uppsagnarfresti en þriggja mánaða. Tekur þetta bæði til aðalkjarasamninga og sérkjarasamninga.

☐ Ríkisstarfsmaður, sem lög þessi taka til, sbr. 1. gr., á rétt til að vera félagsmaður viðurkenndra samtaka, sbr. 1. mgr., eða félags innan vébanda þeirra, eftir nánari reglum í samþykktum samtakanna. Ríkisstarfsmaður má eigi vera félagi eða aðili að félagi innan nema eins hinna viðurkenndu heildarsamtaka.

☐ Ríkisstarfsmaður, sem eigi er innan vébanda heildarsamtaka þeirra, sem viðurkenningu hafa hlotið, sbr. 1. mgr., skal greiða til þeirra heildarsamtaka og aðildarfélags, sbr. 3. mgr., sem hann ætti að tilheyra, gjald, sem er jafnt og það, er mönnum í sambærilegri stöðu er gert að greiða, séu þeir innan heildarsamtaka.

II. kafli.

■ **4. gr.** Launakjör ríkisstarfsmanna, sbr. 1. gr., skulu ákveðin með kjarasamningum aðila þeirra, sem um ræðir í 2. og 3. gr.

☐ Launakjör ríkisstarfsmanna, sem eigi eru innan vébanda heildarsamtaka þeirra, sem viðurkenningu hafa hlotið, sbr. 3. mgr. 3. gr., skulu ákveðin af fjármálaráðherra án samninga. Slíkar ákvarðanir skulu tilkynntar stjórnum viðurkenndra heildarsamtaka.

☐ [Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara, biskups Íslands og ráðuneytisstjóra skulu ákveðin af Kjaradómi.][1)]

[1)] *L. 22/1981, 2. gr.*

■ **5. gr.** Í aðalkjarasamningi, sbr. 1. og 2. mgr. 3. gr., skal kveðið á um fjölda launaflokka, meginreglur til viðmiðunar um skipan í launaflokka, föst laun, vinnutíma, laun fyrir yfirvinnu og orlof. Þá skal þar kveða á um greiðslu ferðakostnaðar.

☐ Aðalkjarasamningur tekur ekki til lífeyrisréttinda, launa í veikindaforföllum, aukatekna og annarra hlunninda, sem líkt er farið.

■ **6. gr.** Einstök félög, sbr. 3. mgr., skulu semja um skipan starfsheita og manna í launaflokka, sérákvæði um vinnutíma, ef um sérstakar aðstæður er að ræða, fæðisaðstöðu og fæðiskostnað, svo og önnur kjaraatriði,

sem aðalkjarasamningur tekur ekki til og eigi eru lögbundin.

■ **7. gr.** [Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Aðalkjarasamningur skal gerður til eigi skemmri tíma en tveggja ára, miðað við mánaðamót. Gildistökutími skal ákveðast í kjarasamningi.

□ Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar aðalkjarasamnings án uppsagnar. Sá aðili, sem endurskoðunar krefst, skal senda gagnaðila sínum, sáttasemjara ríkisins og Kjaradómi skriflega kröfugerð. Gagnaðili skal innan viku frá móttöku bréfanna hafa tekið skriflega afstöðu til þeirra. Náist ekki samkomulag innan tveggja vikna frá kröfugerð, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka deiluna til meðferðar og reyna sættir. Hafi deila eigi verið leyst innan fjögurra vikna frá kröfugerð, tekur Kjaradómur við málinu til úrskurðar. Kjaradómur skal hafa lagt dóm á ágreiningsefnið innan mánaðar frá því, að hann tók við meðferð málsins. Að öðru leyti skulu ákvæði III. og IV. kafla laga þessara gilda um meðferð þessara mála. Þó skal samningur eða dómur Kjaradóms gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.][1)]

[1)] *L. 23/1977, 1. gr.*

■ **8. gr.** [Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en 3 mánuðir. Uppsögn aðalkjarasamnings felur í sér uppsögn sérsamninga samkvæmt 6. gr.

□ Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.][1)]

[1)] *L. 23/1977, 2. gr.*

■ **9. gr.** Kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, m. a. með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

■ **10. gr.** [Aðili, sem segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðila sínum tillögur um nýjan aðalkjarasamning og megintillögur um sérkjarasamninga. Samningaviðræður skulu þegar upp teknar. Gagnaðili skal innan þriggja vikna frá uppsögn samninga hafa tekið skriflega afstöðu til tillagna að nýjum aðalkjarasamningi og innan sex vikna til megintillagna að nýjum sérkjarasamningum.][1)]

[1)] *L. 23/1977, 3. gr.*

■ **11. gr.** Endurrit af uppsögn aðalkjarasamnings svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum og Kjaradómi samtímis og gögn þessi eru send gagnaðila.

III. kafli.

■ **12. gr.** [Aðili aðalkjarasamnings getur, er slitnað hefur upp úr samningaumleitunum, vísað kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum.

□ Þegar 3 vikur uppsagnarfrests eru liðnar, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka kjaradeilu til meðferðar og reyna sættir, hafi deilu eigi verið vísað til hans eða samningur komist á fyrir þann tíma. Sáttasemjari getur þó frestað aðgerðum allt að viku, ef sérstaklega stendur á.

□ Sáttasemjari ríkisins skal kveðja tvo menn sér til aðstoðar við sáttastarfið. Menn þessir hafi réttindi og skyldur sáttasemjara í starfi sínu.][1)]

[1)] *L. 23/1977, 4. gr.*

■ **13. gr.** Sáttasemjari ríkisins getur lagt fram miðlunartillögu í kjaradeilu.

□ Leynileg atkvæðagreiðsla starfandi ríkisstarfsmanna, er í hlut eiga, fer fram um miðlunartillögu undir yfirstjórn og eftirliti sáttasemjara. Það fer eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938,[1)] hvort tillaga telst samþykkt eða felld.

□ Fjármálaráðherra greiðir fyrir hönd ríkissjóðs atkvæði um miðlunartillögu. Skal hann greiða atkvæði sitt leynilega, áður en allsherjaratkvæðagreiðslu samkvæmt 2. málsgr. lýkur.

□ Ákvæði laga nr. 80/1938 gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um sáttastarf samkvæmt lögum þessum.[1)]

[1)] *Sjá nú l. 33/1978.*

■ **14. gr.** [Nú er deila um aðalkjarasamninga eigi til lykta leidd að liðnum sex vikum uppsagnarfrests, og tekur Kjaradómur þá við máli. Aðilar skulu þá þegar senda Kjaradómi greinargerðir um málið, enda er þá sáttameðferð þess á vegum sáttasemjara lokið.

□ Deila um sérkjarasamninga skal ganga til Kjaradóms að liðnum átta vikum uppsagnarfrests, og skulu þá aðilar senda Kjaradómi greinargerð um málið.

□ Aðilar geta vísað kjaradeilu til Kjaradóms fyrr á stigi máls en í 1. og 2. málsgr. segir, ef þeir eru um það sammála.

□ Eftir að sáttasemjari hefur fengið mál til meðferðar, getur hann og vísað máli til Kjaradóms án atbeina aðila, þegar hann telur sýnt, að frekari sáttaumleitanir verði árangurslausar.][1)]

[1)] *L. 23/1977, 5. gr.*

IV. kafli.

■ **15. gr.** Kjaradómur skal skipaður fimm dómendum og jafnmörgum varadómendum.

□ Hæstiréttur skipar þrjá dómendur. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður dómsins.

□ Fjármálaráðherra skipar einn dómanda.

□ Heildarsamtök þau, er viðurkenningu hafa hlotið, sbr. 1. mgr. 3. gr., skulu nefna einn dómanda hvert. Dómandi tekur sæti í dóminum, þegar fjallað er um mál, sem þau heildarsamtök, er nefndu hann, eru aðilar að.

□ Sömu aðilar skipa varadómendur.

□ Dómendur skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

□ Kjaradómur setur sér sjálfur starfsreglur, þar á meðal hvernig hann skuli skipaður, þegar teknar eru ákvarðanir þær, er greinir í 3. mgr. 4. gr.

■ **16. gr.** [Kjaradómur tekur kjaradeilur til meðferðar samkvæmt 14. gr. Hann leitar sátta en kveður upp dóm um ágreiningsefni aðalkjarasamnings eigi síðar en viku fyrir lok uppsagnarfrests.

□ Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó fresta dómsuppkvaðningu fram yfir þennan tíma, þó ekki lengur en tvær vikur í senn. Ósk um slíkan frest skal koma fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.][1)]

[1)] *L. 58/1977, 1. gr.*

■ **17. gr.** [Kjaradómur skal hafa kveðið upp dóm um ágreining um sérkjarasamninga eigi síðar en mánuði eftir lok uppsagnarfrests eða gerð aðalkjarasamnings, hvort sem síðar reynist. Að ósk beggja aðila og með samþykki Kjaradóms má þó lengja þennan frest um einn mánuð.][1)]

□ [Hafi náðst samkomulag um aðalkjarasamning, en

ekki sérkjarasamninga, skal ágreiningsefnum um þá samninga vísað til Kjaradóms. Um málsmeðferð alla skal fara eftir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við á.

□ Sérkjarasamningar eða úrskurðir Kjaradóms samkvæmt þessari grein skulu koma til framkvæmda um leið og aðalkjarasamningur eða dómur Kjaradóms, sbr. 1. málsgr. 7. gr. og 2. málsgr. 22. gr.][2]

[1] *L. 58/1977, 2. gr.* [2] *L. 23/1977, 7. gr.*

■ **18. gr.** Aðilar skulu leggja ágreiningsefni skilmerkilega fyrir Kjaradóm. Þeir skulu tjá sig rækilega um kjaraatriði, lýsa því, sem þeir eru sammála um, og setja fram sjónarmið sín ásamt rökstuðningi og rækilegri málsreifun.

■ **19. gr.** Kjaradómur aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga, og er honum rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

■ **20. gr.** Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og ráðuneytis um úrlausn mála.

■ **21. gr.** [Kjaradómur skal gæta þess við úrlausnir sínar, að ríkisstarfsmenn njóti sambærilegra kjara og þeir menn með svipaða menntun, sérhæfni og ábyrgð, sem vinna hliðstæð störf hjá öðrum en ríkinu. Þá skal hafa hliðsjón af almennum afkomuhorfum þjóðarbúsins.][1]

[1] *L. 23/1977, 8. gr.*

■ **22. gr.** [Dómur Kjaradóms er fullnaðarúrlausn kjaradeilu.

□ Í dómi Kjaradóms skal ákveðið hvenær hann skal koma til framkvæmda, og gildir hann í tvö ár frá lokum gildistíma síðasta samnings.

□ Dómur bindur aðila á sama hátt sem samningur þeirra, og gilda um uppsögn kjaraákvæða hans og framlengingu ákvæði laga þessara, sbr. II. kafla.][1]

[1] *L. 23/1977, 9. gr.*

V. kafli.

■ **23. gr.** Stjórn viðurkenndra heildarsamtaka tekur ákvörðun um uppsögn kjarasamninga. Nú kemur fram ósk innan stjórnar heildarsamtakanna um, að um þá ákvörðun fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla, og skal þá slík atkvæðagreiðsla fram fara meðal ríkisstarfsmanna innan þeirra heildarsamtaka, er í hlut eiga, til samþykktar eða synjunar.

VI. kafli.

■ **24. gr.** [Kjaradómur sker til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðila um:

1. Skipan einstakra manna í launaflokka kjarasamnings.
2. Hver aukastörf sé rétt að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.
3. Vinnutíma, yfirvinnu og yfirvinnukaup einstakra starfsmanna eða starfshópa.
4. Ágreining um fæðisaðstöðu og fæðiskostnað einstakra starfsmanna eða starfshópa.

□ Einstök félög fara með fyrirsvar starfsmanna fyrir Kjaradómi, sbr. 3. málsgr. 3. gr. og 6. gr.][1]

[1] *L. 23/1977, 10. gr.*

VII. kafli.

■ **[25. gr.]**[1] Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðila út af brotum á lögum þessum, ágreining um skilning á kjarasamningi og gildi hans og um félagsréttindi ríkisstarfsmanna, sbr. 5. mgr. 3. gr.

□ Þegar Félagsdómur fer með slík mál, nefna heildarsamtök þau, sem viðurkenningu hafa hlotið og eru aðilar máls, svo og fjármálaráðherra dómendur til setu í dómnum í stað þeirra dómenda, er nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

□ Heildarsamtök, er viðurkenningu hafa hlotið, reka mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín, félaga innan vébanda sinna, svo og starfsmanna, er í hlut eiga. Að öðru leyti gilda ákvæði 45. gr. laga nr. 80/1938 um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.

[1] *L. 23/1977, 10. gr.*

VIII. kafli.

■ **[26. gr.]**[1] Ríkisstarfsmenn einir skulu velja menn í samninganefndir, og í þeim mega ríkisstarfsmenn einir eiga sæti. Sama gildir, þegar stjórnir félaga fara með samninga og aðrar þær ákvarðanir eru teknar, er varða kjör ríkisstarfsmanna.

□ Enginn ríkisstarfsmaður má taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ákvörðun um kjaramál í nema einu félagi innan heildarsamtaka sinna.

[1] *L. 23/1977, 10. gr.*

■ **[27. gr.]**[1] Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt, ef það brýtur í bága við kjarasamning starfsmanni í óhag.

[1] *L. 23/1977, 10. gr.*

■ **[28. gr.]**[1] [Nú er sett á fót ný ríkisstofnun, og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli fjármálaráðherra og þeirra aðildarfélaga viðurkenndra heildarsamtaka, sem í hlut eiga.

□ Náist ekki samkomulag milli þessara aðila, skal Kjaradómur skera úr deilunni.

□ Sama gildir, ef stofnaðar eru nýjar stöður við stofnanir ríkisins.][2]

[1] *L. 23/1977, 10. gr.* [2] *S. l. 11. gr.*

■ **[29. gr.]**[1] Heildarsamtök þau, er viðurkenningu hafa hlotið, og fjármálaráðherra skulu hver um sig nefna einn mann í samstarfsnefnd. Hlutverk nefndarinnar skal vera að stuðla að samræmdri framkvæmd laga þessara.

[1] *L. 23/1977, 10. gr.*

■ **[30. gr.]**[1] [Kostnaður við Kjaradóm, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.][2]

[1] *L. 23/1977, 10. gr.* [2] *S. l. 12. gr.*

■ **[31. gr.]**[1] Starfsmenn borgar-, bæjar- og sveitarstjórna, svo og sýslufélaga hafa samningsrétt samkvæmt ákvæðum laga þessara að því breyttu, að einstök félög starfsmanna, sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða sýslunefndir viðurkenna, fara með allan samningsrétt. Skal nánar kveðið á um þetta í reglugerð, er félagsmálaráðherra skal setja að höfðu samráði við stjórnir heildarsamtaka þeirra, er viðurkenningu hafa hlotið, sbr. 1. mgr. 3. gr. Í reglugerð þessari má kveða á um aðra fresti en ákveðnir eru í lögum þessum.

[1] *L. 23/1977, 10. gr.*

■ **[32. gr.]**[1] ...

[1] *L. 23/1977, 10. gr. Um ákvæði til bráðabirgða, sjá l. 46/1973, 23/1977 og 58/1977.*

[IX. kafli.

■ **33. gr.** Þeir félagar BHM í þjónustu ríkisins, sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í

1973 Nr. 46 25. apríl

samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

■ **34. gr.** Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá BHM, einum frá fjármálaráðuneyti, og einn skal skipaður af Hæstarétti.][1)]

[1)] *L. 22/1981, 3. gr.*

1976 Nr. 29 26. maí

Lög um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

I. kafli.

■ **1. gr.** Lög þessi taka til allra starfsmanna sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess og skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf. [Lögin skulu með þeim hætti einnig taka til starfsmanna sjálfeignarstofnana, sem starfa í almannaþágu samkvæmt lögum, til stofnana sem eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði eða af daggjöldum, og til sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.][1)]

□ Ákvæði laganna taka þó ekki til:

1. ráðherra, hæstaréttardómara né saksóknara ríkisins;
2. starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins.

□ Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

[1)] *L. 46/1981, 1. gr.*

■ **2. gr.** Um laun og önnur starfskjör þeirra starfsmanna, sem lög þessi taka til, skal fara eftir ákvæðum laga þessara og kjarasamninga er gerðir eru samkvæmt þeim. Kjarasamningur greinist í tvo þætti, aðalkjarasamning og sérkjarasamning.

■ **3. gr.** Fjármálaráðherra fer með fyrirsvar ríkissjóðs við gerð og framkvæmd kjarasamninga samkvæmt lögum þessum. Hann skipar nefnd manna til að annast samninga af sinni hendi.

□ [Forsetar Alþingis gera sérkjarasamninga samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga þessara við starfsmenn Alþingis.][1)]

[1)] *L. 8/1980, 1. gr.*

■ **4. gr.** Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fer með fyrirsvar starfsmanna um gerð aðalkjarasamnings samkvæmt lögum þessum og aðrar ákvarðanir í sambandi við hann.

□ Bandalagið skal velja sér samninganefnd sem fer með umboð þess til samningagerðar. Tilkynna skal samninganefnd ríkisins eigi síðar en við uppsögn samninga hverjir skipi samninganefnd.

□ Einstök félög innan bandalagsins fara með fyrirsvar félagsmanna sinna um gerð sérkjarasamninga. Stjórnir einstakra félaga eða sérstaklega kjörnar nefndir skulu fara með umboð félags síns til samningagerðar. Heimilt er þó félagi að fela samninganefnd heildarsamtakanna að annast gerð sérsamninga. Stjórn heildarsamtakanna skal eigi síðar en við uppsögn kjarasamninga tilkynna samninganefnd ríkisins hvaða félög fari með samningsrétt um gerð sérkjarasamninga.

1976 Nr. 29 26. maí

■ **5. gr.** Ríkisstarfsmaður, sem lög þessi taka til, á rétt til að vera félagi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða félags innan vébanda þess, eftir nánari reglum í samþykktum bandalagsins. Ríkisstarfsmaður samkvæmt þessum lögum má eigi vera félagi eða aðili að félagi annarra viðurkenndra heildarsamtaka.

■ **6. gr.** Ríkisstarfsmaður, sem eigi er innan vébanda heildarsamtaka þeirra sem viðurkenningu hafa hlotið samkvæmt þessum lögum eða öðrum, skal greiða gjald til þeirra heildarsamtaka og aðildarfélags er hann ætti að tilheyra sem er jafnt og það gjald er mönnum í sambærilegri stöðu er gert að greiða séu þeir innan heildarsamtaka.

II. kafli.

■ **7. gr.** Í aðalkjarasamningi skal kveðið á um fjölda launaflokka, meginreglur til viðmiðunar um skipan í launaflokka, föst laun, vinnutíma, þar með taldar vinnuvökur, laun fyrir yfirvinnu, orlof, ferðakostnað, fæðisaðstöðu, fæðiskostnað, tryggingar, starfsmenntun og annað sem aðilar verða sammála um.

□ Í sérkjarasamningi skal kveðið á um röðun manna og starfsheita í launaflokka svo og þau kjaraatriði sem aðalkjarasamningur tekur ekki til og eigi eru lögbundin.

□ Um aukatekjur og hlunnindi, sem líkt er farið, skal kveða á í reglugerð sem fjármálaráðherra setur.

■ **8. gr.** [Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi.][1)]

[1)] *L. 46/1981, 2. gr.*

■ **9. gr.** Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en 3 mánuðir. Uppsögn aðalkjarasamnings felur í sér uppsögn sérsamninga. Sérkjarasamningum verður ekki sagt upp sérstaklega.

□ Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

■ **10. gr.** Kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, m. a. með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

■ **11. gr.** Í samþykktum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skal vera ákveðið hver taki ákvörðun um uppsögn kjarasamnings, boðun verkfalls og hvernig ákvörðun þar um skuli tekin.

■ **12. gr.** Aðili, er segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðila sínum kröfugerð og megintillögur um nýjan aðalkjarasamning og skulu samningsviðræður þá þegar upp teknar.

□ Þegar liðinn er mánuður frá upphafi uppsagnarfrests skulu aðildarfélög Bandalags starfsmanna ríkis og bæja senda gagnaðila sínum megintillögur sínar og kröfugerð um sérsamninga.

■ **13. gr.** Endurrit af uppsögn aðalkjarasamnings svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum samtímis og gögn þessi eru send gagnaðila.

■ **14. gr.** Nú rennur kjarasamningur út vegna uppsagnar og skal þó eftir honum farið uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður eða vinnustöðvun hefst.

■ **15. gr.** Hafi samningar ekki tekist á fyrstu 60 dögum

uppsagnarfrests skal sáttasemjari ríkisins í vinnudeilum taka deilu um aðalkjarasamning til meðferðar og leita um sættir. Heimilt er hvorum aðila að vísa kjaradeilu fyrr til sáttasemjara.

□ Sáttasemjari skal kveðja tvo menn með sér til að vinna að lausn kjaradeilu. Menn þessir skulu hafa réttindi og skyldur sáttasemjara í starfi sínu.

■ **16. gr.** Unnið skal að gerð sérkjarasamninga jafnhliða því sem unnið er að gerð aðalkjarasamnings.

□ Ef gerð sérkjarasamninga er ekki lokið innan 45 daga frá undirritun aðalkjarasamnings, samþykkt sáttatillögu eða miðlunartillögu skal Kjaranefnd skv. 30. gr. taka deilu til meðferðar. Skal nefndin úrskurða um ágreiningsefni innan 45 daga. Gildir úrskurður hennar sem samningur sama tíma og aðalkjarasamningur.

■ **17. gr.** Aðilar kjarasamnings bera fébótaábyrgð á samningsrofum þeim sem þeir sjálfir eða lögmætir fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá. Á samningsrofum einstakra félagsmanna bera heildarsamtök eða einstök félög því aðeins ábyrgð að þeim verði gefin sök á samningsrofinu.

□ Ekki er heimilt að gera aðför í fundarhúsum, styrktarsjóðum, orlofssjóðum, orlofsheimilum eða menningarsjóðum heildarsamtaka eða einstakra félaga vegna þessarar ábyrgðar enda séu eignir þessar skýrt aðgreindar frá öðrum eignum og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa.

III. kafli.

■ **18. gr.** Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna, er Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um aðalkjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum þessum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

■ **19. gr.** Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna ríkissáttasemjara og þeim, sem hún beinist gegn, skemmst 15 sólarhringum áður en hún skal hefjast.

□ Verkfallsboðun skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

■ **20. gr.** Óheimilt er að hefja vinnustöðvun:

1. ef ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar dómum hans;

2. ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnvöld til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ber ekki að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir þar sem stjórnvöld eru aðili sem vinnuveitandi;

3. ef samþykkt hefur verið sáttatillaga sáttanefndar samkvæmt 24. gr.;

4. til stuðnings aðila í annarri kjaradeilu.

■ **21. gr.** Hafi verkfall verið boðað skal sáttanefnd leggja fram sáttatillögu um aðalkjarasamninga a. m. k. fimm sólarhringum áður en verkfall skal hefjast. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hún leggur fram sáttatillögu.

□ Sáttanefnd ákveður í samráði við samninganefndir aðila hvernig atkvæðagreiðslu skuli háttað, þar á meðal um fjölda kjörstaða, og hvenær hún skuli fram fara.

□ Fjármálaráðherra greiðir atkvæði vegna ríkissjóðs.

□ Hver ríkisstarfsmaður innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem á í kjaradeilu, hefur atkvæðisrétt. Leggja skal fram kjörskrá áður en atkvæðagreiðsla hefst. Félagsdómur dæmir um kjörskrárdeilur.

□ Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg og standa í minnst 2 daga. Sáttanefnd eða fulltrúum hennar er heimilt að vera á kjörfundum.

■ **22. gr.** Þegar sáttatillaga samkvæmt 21. gr. hefur verið lögð fram getur sáttanefnd frestað boðuðu verkfalli í allt að 15 sólarhringa. Haft skal samráð við samninganefndir aðila áður en verkfallsfrestun er ákveðin.

■ **23. gr.** Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn send sáttanefnd.

□ Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttanefndar og er hvorum aðila heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talningu.

■ **24. gr.** Sáttatillaga telst felld ef helmingur greiddra atkvæða hið minnsta er á móti henni enda hafi ekki færri en helmingur atkvæðisbærra ríkisstarfsmanna á kjörskrá greitt atkvæði. Annars telst sáttatillaga samþykkt.

□ Sáttanefnd úrskurðar um öll vafaatriði sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Er úrskurður sáttanefndar endanlegur.

□ Sáttatillaga, sem hefur verið samþykkt, telst gildur aðalkjarasamningur frá þeim degi er atkvæðagreiðsla fór fram og næstu 24 mánuði, sbr. 8. gr.

■ **25. gr.** Nú er vinnustöðvun hafin og sáttatilraunir sáttanefndar hafa ekki borið árangur og er henni þá rétt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar kjaradeilu. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hún leggur fram miðlunartillögu.

□ Um atkvæðagreiðslur um miðlunartillögu gilda ákvæði 21., 23. og 24. gr. eftir því sem við á.

IV. kafli.

■ **26. gr.** Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Kjaradeilunefnd ákveður hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli og hún skiptir vinnuskyldu á milli manna. Um laun og kjör þessara manna meðan á verkfalli stendur skal fara eftir þeim kjarasamningi sem gerður verður að loknu verkfalli.

■ **27. gr.** Kjaradeilunefnd skal skipuð níu mönnum. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal nefna til þrjá menn. Fjármálaráðherra skal nefna til þrjá menn. Tveir skulu kosnir af sameinuðu Alþingi og einn nefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Nefndarmenn skulu skipaðir eða kosnir til fjögurra ára.

□ Neiti bandalagið eða fjármálaráðherra að nefna menn í nefndina eða menn þeir sem nefndir hafa verið neiti að starfa, skulu þeir þrír nefndarmenn sem kjörnir eru af Alþingi og Hæstarétti nefna menn í nefndina þannig að hún verði fullskipuð.

V. kafli.

■ **28. gr.** Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara er mönnum þeim, sem skipa störf þau er upp eru talin í 29. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins með síðari breytingum, og eru félagar í

Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, óheimilt að gera verkfall.

■ **29. gr.** Um laun og önnur kjör þeirra manna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og um ræðir í 28. gr., skal samið af samninganefnd bandalagsins og viðkomandi starfsmannafélagi. Hafi samningar eigi tekist innan 45 daga frá gerð aðalkjarasamnings skal leggja deiluna fyrir Kjaranefnd sem úrskurðar endanlega um hana.

VI. kafli.

■ **30. gr.** Kjaranefnd skal skipuð fimm mönnum til fjögurra ára í senn.

□ Hæstiréttur skipar þrjá nefndarmenn. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður nefndarinnar.

□ Fjármálaráðherra skipar einn nefndarmann.

□ Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal nefna einn mann í nefndina.

□ Sömu aðilar skipa varamenn í Kjaranefnd.

□ Neiti heildarsamtök eða fjármálaráðherra að nefna menn í nefndina eða neiti þeir menn, sem nefndir hafa verið, að starfa í nefndinni, skulu þeir þrír nefndarmenn sem skipaðir eru af Hæstarétti nefna menn í þeirra stað þannig að nefndin verði fullskipuð.

■ **31. gr.** Kjaranefnd sker til fullnaðar úr ágreiningi aðila um þessi atriði:

1. Röðun manna og starfsheita í launaflokka og önnur atriði í sérkjarasamningi, sbr. 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 16. gr.

2. Deilum sem rísa kunna á samningstímabili um skipan manna í launaflokka og önnur kjaraatriði sem um er fjallað í sérkjarasamningi.

3. Laun og starfskjör þeirra manna sem um ræðir í 28. gr., sbr. 29. gr.

4. Kjör þeirra sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja en ekki í einstöku aðildarfélagi bandalagsins.

□ Einstök félög fara með fyrirsvar starfsmanna fyrir Kjaranefnd þegar fjallað er um þau mál sem um ræðir í 1.—3. tl.

■ **32. gr.** Aðilar skulu leggja ágreiningsefni sín skriflega fyrir Kjaranefnd, lýsa því sem þeir eru sammála um og setja fram sjónarmið sín og rökstyðja.

■ **33. gr.** Kjaranefnd aflar sér sjálf nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er henni rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, þar með töldum embættismönnum.

□ Kjaranefnd getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar og til ráðuneytis um úrlausn mála.

VII. kafli.

■ **34. gr.** Félagsdómur dæmir í málum sem rísa á milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi ríkisstarfsmanna, kjörskrárdeilur og hverjir falli undir ákvæði 29. gr. laga nr. 38/1954.

■ **35. gr.** Þegar Félagsdómur fer með slík mál nefnir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja svo og fjármálaráðherra dómara til setu í dómnum í stað þeirra sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

□ Bandalag starfsmanna ríkis og bæja rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín, félaga innan sambanda sinna og svo starfsmanna sem hlut eiga að máli. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.

VIII. kafli.

■ **36. gr.** Ríkisstarfsmenn einir skulu velja menn í samninganefndir og í þeim mega aðeins eiga sæti félagsmenn í félögum ríkisstarfsmanna. Sama gildir þegar stjórnir félaga fara með samninga og aðrar þær ákvarðanir eru teknar er varða kjör ríkisstarfsmanna.

□ Enginn ríkisstarfsmaður má taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ákvörðun um kjaramál nema í einu félagi innan heildarsamtakanna.

■ **37. gr.** Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt ef það brýtur í bága við kjarasamning starfsmanni í óhag.

■ **38. gr.** Nú er sett á fót ný ríkisstofnun og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli fjármálaráðherra og þeirra aðildarfélaga viðurkenndra heildarsamtaka sem í hlut eiga.

□ Náist ekki samkomulag milli þessara aðila skal Kjaranefnd skera úr deilunni.

□ Sama gildir ef stofnaðar eru nýjar stöður við stofnanir ríkisins.

■ **39. gr.** Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal nefna tvo menn í samstarfsnefnd og fjármálaráðherra tvo. Hlutverk nefndarinnar skal vera að stuðla að samræmingu á framkvæmd laga þessara. Þá skal leggja fyrir nefndina deilumál sem upp kunna að rísa. Verði samkomulag í samstarfsnefnd um atriði skal það bindandi fyrir báða aðila.

□ Heimilt er að koma á fót sérstökum samstarfsnefndum einstakra félaga og fjármálaráðherra til að fjalla um ágreiningsmál sem upp koma.

■ **40. gr.** Kostnaður við Kjaradeilunefnd og Kjaranefnd, þar á meðal laun nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

■ **41. gr.** Starfsmenn borgar-, bæjar- og sveitarstjórna svo og sýslufélaga hafa samningsrétt samkvæmt ákvæðum laga þessara að því breyttu að einstök félög starfsmanna, sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða sýslunefndir viðurkenna, fara með allan samningsrétt. Skal nánar kveðið á um þetta í reglugerð[1] er félagsmálaráðherra skal setja að höfðu samráði við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í reglugerð þessari má kveða á um aðra fresti en ákveðnir eru í lögum þessum svo og hliðstæð ákvæði og um getur í 29. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins með síðari breytingum.

[1] *Rg. 236/1976.*

IX. kafli.

■ **42. gr.** Á hverri vinnustöð, þar sem a. m. k. fimm menn vinna, er starfsmönnum heimilt að kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann. Á vinnustöð, þar sem fimmtíu menn eða fleiri vinna, má kjósa tvo trúnaðarmenn. Trúnaðarmenn skal kjósa til tveggja ára í senn. Val trúnaðarmanna skal tilkynna vinnuveitanda og stjórn stéttarfélags þegar í stað.

□ Heimilt er einstökum félögum að semja um aðra skipan á vali trúnaðarmanna en að framan greinir.

■ **43. gr.** Trúnaðarmaður skal gæta þess að vinnuveitandi og fulltrúar hans haldi kjarasamning og réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur, einkum um orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhætti.

□ Starfsmönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns

1976 Nr. 29 26. maí

með umkvartanir sínar. Ber trúnaðarmanni að rannsaka málið þegar í stað er umkvartanir berast eða hann hefur ástæðu til að ætla að gengið sé á rétt starfsmanna eða stéttarfélags á vinnustöð hans af hálfu vinnuveitanda. Komist trúnaðarmaður að þeirri niðurstöðu að umkvartanir eða grunur hafi við rök að styðjast ber honum að krefja vinnuveitanda eða umboðsmann hans um lagfæringu.

☐ Trúnaðarmaður skal gefa starfsmönnum á vinnustöðinni svo og stéttarfélagi, er í hlut á, skýrslu um kvartanir starfsmanna jafnskjótt og við verður komið. Enn fremur gefur hann sömu aðilum skýrslu um hvað vinnuveitandi hafi brotið af sér við starfsmenn og stéttarfélag þeirra svo og hvaða lagfæringar hafi fengist fram.

☐ Trúnaðarmaður á rétt til að rækja skyldur sínar í vinnutíma enda geri hann yfirmanni sínum grein fyrir erindi sínu hverju sinni.

☐ Á vinnustaðnum skal honum veitt aðstaða til þess m. a. að eiga einkaviðræður við samstarfsmenn sína, halda með þeim fundi í kaffitímum eða við lok vinnudags, þar sem því verður við komið, veita honum aðgang að síma o. s. frv.

■ **44. gr.** Gefa skal trúnaðarmanni upplýsingar um ef staða losnar á vinnustað hans eða í ráði er að bæta við starfsmanni. Jafnframt skal láta honum í té upplýsingar um ráðningarkjör og um það hverjir sækja um starfann.

☐ Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess í starfi eða á annan hátt að hann hefur valist til þessa trúnaðarstarfs.

☐ Óheimilt er að flytja trúnaðarmann í lægri launaflokk meðan hann gegnir starfi trúnaðarmanns.

☐ Sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna sem ráðnir eru með uppsagnarfresti skal hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

■ **45. gr.** Brot á lögum þessum varða stöðumissi, sektum eða varðhaldi.

■ **46. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða. Jafnframt falla úr gildi gagnvart félagsmönnum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og félaga innan vébanda þess ákvæði laga nr. 33/1915.

[X. kafli.

■ **47. gr.** Þeir félagar BSRB, sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum.

☐ Ríkissjóður ábyrgist greiðslu atvinnuleysisbóta til starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

■ **48. gr.** Sveitarfélög ábyrgjast útgjöld vegna atvinnuleysisbóta vegna starfsmanna sinna og starfsmanna stofnana sveitarfélaga hvert fyrir sig eða fleiri sameiginlega eftir því sem þau sjálf ákveða.

☐ Um starfsmenn sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga gilda hliðstæðar reglur eftir því hvort starfsmenn eru ráðnir af ríki eða sveitarfélagi.

☐ Nánar skal kveða á um framkvæmd ákvæða þessarar greinar í reglugerð sem félagsmálaráðherra er heimilt að setja. Reglur um greiðslu atvinnuleysisbóta til fyrrverandi starfsmanna sveitarfélaga skulu settar að fengnum tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga og með hliðsjón af tillögum einstakra sveitarfélaga. Haft skal samráð við stjórn BSRB um setningu reglugerðar um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari grein.

■ **49. gr.** Sérstök nefnd ákveður atvinnuleysisbætur og úrskurðar annan ágreining, sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð tveim fulltrúum frá BSRB, einum frá fjármálaráðuneyti, einum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn skal skipaður af Hæstarétti.][1]

[1] *L. 46/1981, 3. gr.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**[1]

[1] *Sjá l. 29/1976. I., II. og III. lið.*

1976 Nr. 29 26. maí

Lög um laun starfsmanna ríkisins.[1]

1955 Nr. 92 24. des.

[1] *Felld niður að verulegu leyti, skv. l. 55/1962, 29. gr.*

...

■ **14. gr.** ...[1] Af launum kennara og skólastjóra endurgreiðist ríkissjóði 1/9 hluti úr bæjarsjóði og 1/12 hluti úr sveitarsjóði hlutaðeigandi skólahverfis.

[1] *L. 55/1962, 29. gr.*

■ **25. gr.** ...[1] Endurgreiða skal starfsmanni útlagðan kostnað vegna starfa hans eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.[2]

☐ [Fyrir innheimtu ríkissjóðstekna og annarra gjalda, er innheimtumenn ríkissjóðs (þ. e. sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómarinn, yfirborgardómarinn, yfirborgarfógetinn og tollstjórinn í Reykjavík) innheimta samkvæmt embættisskyldu sinni, skulu greidd laun samkvæmt reglugerð,[3] er fjármálaráðherra setur.][4]

[1] *L. 55/1962, 29. gr.* [2] *Rg. 101/1973.* [3] *Rg. 320/1976, sbr. 294/1978.* [4] *L. 84/1976, 1. gr.*

■ **26. gr.** Héraðslæknar, dýralæknar og prestar taka greiðslur fyrir embættisverk samkv. gjaldskrám, sem hlutaðeigandi ráðherra setur. ...[1]

[1] *L. 55/1962, 29. gr.*

■ **29. gr.** Nú hefur maður gegnt ráðherraembætti í 2 ár samfleytt eða lengur, og á hann þá rétt á biðlaunum, er hann lætur af því starfi.

☐ Biðlaun skal greiða í sex mánuði, talið frá 1. degi næsta mánaðar eftir að hlutaðeiganda var veitt lausn frá ráðherraembætti. Biðlaun skulu vera 70% af launum ráðherra, eins og þau eru á biðlaunatímanum. Nú tekur sá, er biðlauna nýtur, stöðu í þjónustu ríkisins, og fellur þá niður greiðsla biðlauna, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans.

■ **30. gr.** ...[1]

[1] *L. 47/1965, 9. gr.*

1968 Nr. 27 25. apríl

Lög um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

■ **1. gr.** Lög þessi taka til þess húsnæðis, sem notað er til íbúðar fyrir starfsmenn ríkisins og ríkið á að einhverju eða öllu leyti.

■ **2. gr.** Það skal vera meginregla, að ríkið leggi ekki starfsmönnum sínum til íbúðarhúsnæði, nema því aðeins, að þeir gegni störfum í þeim landshlutum, þar sem sérstakir staðhættir gera slíkt nauðsynlegt. Þó skal heimilt að leggja til húsnæði þeim starfsmönnum, sem vegna sérstakra gæzlustarfa þurfa að búa á vinnustað.

■ **3. gr.** Hlutaðeigandi ráðherra ákveður í samráði við

1968 Nr. 27 25. apríl

fjármálaráðherra, hvar ríkið skuli leggja starfsmönnum til íbúðarhúsnæði skv. lögum þessum, eftir þeim meginreglum um svæðaskiptingu, er settar verða í reglugerð, sbr. 11. gr.

■ **4. gr.** Óheimilt er að byggja eða kaupa nýtt íbúðarhúsnæði skv. lögum þessum, nema fé sé sérstaklega til þess veitt á fjárlögum og fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi ráðherra um, að í byggingu eða kaup skuli ráðizt.

■ **5. gr.** Þeim starfsmönnum ríkisins, er hafa afnot íbúðarhúsnæðis skv. lögum þessum, ber að greiða ríkissjóði leigu fyrir húsnæðið. Húsaleigugjaldið skal ákveðið með reglugerð og miðast við brunabótamat húsnæðisins, staðsetningu þess og notagildi fyrir hlutaðeigandi starfsmann.

■ **6. gr.** Sé hluti af íbúðarhúsnæði starfsmanns notaður sem skrifstofu- eða starfshúsnæði í þágu ríkisins, greiðir hann enga húsaleigu af því húsnæði.

■ **7. gr.** Ríkissjóður greiðir alla skatta og skyldur, svo og viðhaldskostnað íbúðarhúsnæðis, sem að öllu leyti er eign ríkisins. Slíkan kostnað af íbúðarhúsnæði, sem er sameign ríkis og annarra aðila, greiðir ríkissjóður einungis í réttu hlutfalli við eignarhluta sinn.
□ Heimilt er að gera leigjanda íbúðarhúsnæðis samkv. lögum þessum að greiða viðhaldskostnað húsnæðis, sem er óeðlilega hár vegna illrar umgengni.

■ **8. gr.** Bygging og viðhald íbúðarhúsnæðis þeirra starfsmanna ríkisins, er lög þessi taka til, svo og endurbætur á því, skal innan ramma fjárlaga vera undir yfirstjórn þess ráðherra, er hlutaðeigandi starf heyrir undir.

■ **9. gr.** Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins innan þeirra svæða, þar sem eðlilegur markaður hefur skapazt fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu, sbr. reglugerð, er sett verður skv. 11. gr., skal selja þegar í stað, er núverandi leigutakar þess hverfa úr því eða láta af embætti. Heimilt er þó að fresta sölu, ef slík frestun er bersýnilega hagkvæm fyrir ríkissjóð.
□ Sala fasteignar skv. 1. mgr. þessarar greinar skal fara fram með þeim hætti, að húsnæðið skal boðið til sölu með opinberri auglýsingu og tilgreindu lágmarksverði, sem sé metið gangverð eða gangverð skv. nýju fasteignamati, þegar það tekur gildi. Samanburður verðtilboða eftir því, hversu mikil er útborgun kaupverðs, skal gerður eftir reglum, sem ráðherra setur.
□ Húsnæðið skal síðan selt þeim, sem bezt verð býður og hagkvæmust greiðslukjör fyrir ríkissjóð. Heimilt er embættismanni þeim, er síðast hafði húsnæðið til afnota, að ganga inn í hæsta verðtilboð.

■ **10. gr.** Lög þessi taka hvorki til embættisseturs forseta Íslands á Bessastöðum, biskupsbústaðar í Reykjavík né bústaða sendiherra Íslands erlendis.

■ **11. gr.** Fjármálaráðherra setur með reglugerð[1)] nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um stærð, gerð og búnað íbúðarhúsnæðis, sem ríkið eignast eða kostar að einhverju leyti, svo og um eftirlit með slíku íbúðarhúsnæði og viðhald þess.
□ Í reglugerð skulu enn fremur sett ákvæði um úttekt á leiguhúsnæðinu við upphaf og lok leigutíma.

[1)] *Rg. 334/1982.*

Lög um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna.[1)] **1935** Nr. 27 9. jan.

[1)] *Numin úr gildi með l. nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, að því er snertir þá opinbera starfsmenn, sem greind lög taka til. Sjá gildistökuákvæði laganna, 37. gr. 8. tl.*

■ **1. gr.** Hver sá opinber embættis- eða starfsmaður í þjónustu ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða stofnana, sem þau ráða yfir eða eiga, hvort sem hann er skipaður af konungi eða ráðherra eða öðrum löglegum aðila, eða þó hann sé fastráðinn, skal leystur frá embætti sínu eða starfi sínu af sama aðila, er veitti honum það eða réði hann til þess, þegar hann er orðinn fullra [70 ára].[1)] [Heimilt er þó þessum embættis- og starfsmönnum að láta af störfum, þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára, eða hvenær sem er eftir þann tíma, með eftirlaunarétti.][2)]
□ Ákvæði þessarar greinar ná ekki til ráðherra, alþingismanna og annarra opinberra fulltrúa, sem kosnir eru almennri kosningu [fiskimatsmanna og annarra matsmanna, sem ekki taka laun úr ríkissjóði],[3)] né heldur til þeirra sýslunarmanna, er ekki hafa sýslanina að aðalstarfi.
□ Ef embættismaður, sem hlotið hefur embætti sitt með almennri kosningu, fer frá samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal honum heimilt að sækja um embættið að nýju. Hljóti hann kosningu, skal hann fá veitingu fyrir embættinu um 5 ár.

[1)] *L. 5/1947, 1. gr. a.* [2)] *S. l. 1. gr. b.* [3)] *L. 13/1936, 1. gr.*

■ **2. gr.** Þegar opinberum starfsmönnum er veitt lausn frá störfum sínum samkv. 1. gr., skal miða lausnina við 1. dag næsta mánaðar eftir að þeir urðu 65 eða 70 ára, nema ráðherra þyki annar tími á árinu hagkvæmari vegna mannaskipta við störfin. ...[1)]

[1)] *L. 5/1947, 2. gr.*

Tilskipun, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eftirlaun.[1)] **1855** 31. maí

[1)] *Um þetta lagaboð vísast til Lagasafns 1965, d. 168—171.*

Lög um eftirlaun.[1)] **1904** Nr. 4 4. marz

[1)] *Um lög þessi vísast til Lagasafns 1965, d. 172—174.*

Lög um skyldu embættismanna til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri.[1)] **1904** Nr. 5 4. marz

[1)] *Um lög þessi vísast til Lagasafns 1965, d. 174—175.*

Opið bréf, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag.[1)] **1855** 31. maí

[1)] *Um lagaboð þetta vísast til Lagasafns 1965, d. 175—177.*

Lög um viðauka við opið bréf 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag.[1)] **1905** Nr. 28 20. okt.

[1)] *Um lög þessi vísast til Lagasafns 1965, d. 177.*

Lög um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.[1)] **1921** Nr. 51 27. júní

[1)] *Um lög þessi vísast til Lagasafns 1965, d. 177—180.*

1928 Lög um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfélags Íslands.

Nr. 15 7. maí

■ **1. gr.** Ákvæði laga nr. 51 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, skulu einnig gilda um þá fasta starfsmenn Búnaðarfélags Íslands, sem tryggja vilja sér lífeyri samkvæmt nefndum lögum. Nú fer fastur starfsmaður Búnaðarfélags Íslands, sem tryggt hefur sér lífeyri, úr þjónustu þess, án þess að vera vikið úr þjónustunni, og skal hann þá hafa rétt til endurgreiðslu iðgjalda eða geymslu lífeyris samkvæmt 4. málsgrein 4. gr. laganna enda láti hann ekki af starfinu með rétti til lífeyris.

1955 Lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.[1)]

Nr. 64 2. sept.

[1)] *Sbr. nú l. 29/1963, 23. gr.*

■ **1. gr.** Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

■ **2. gr.** Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

■ **3. gr.** Sjóðfélagar eru:

1. Allir þeir, sem laun taka eftir hinum almennu launalögum.

2. Allir aðrir starfsmenn, sem taka laun úr ríkissjóði og ráðnir eru til ekki skemmri tíma en eins árs eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé starf þeirra í þjónustu ríkisins aðalstarf þeirra.

□ Þeim starfsmönnum ríkisins, sem rétt eiga á lífeyri úr öðrum sjóðum, er stofnaðir eru með lögum fyrir tilteknar starfsgreinar sérstaklega, er þó eigi skylt að gerast sjóðfélagar.

■ **4. gr.** Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, enda fullnægi þeir skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr. um ráðningartíma og aðalstarf.

■ **5. gr.** Nú bætast við nýir sjóðfélagar, og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingarfræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

■ **6. gr.** Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

□ Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

■ **7. gr.** Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

□ Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

■ **8. gr.** Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

□ Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð,[1)] þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðsfélaga.

[1)] *Rg. 91/1951, sbr. 9/1956.*

■ **9. gr.** Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingarfræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingarfræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

■ **10. gr.** Sjóðfélagar greiði ár hvert 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

□ Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

□ Launagreiðendur greiði fyrst um sinn ár hvert 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Komi til iðgjaldalækkunar samkvæmt 9. gr., skal fyrst lækka iðgjöld launagreiðanda, þar til er þau eru orðin jöfn iðgjöldum sjóðfélaga sjálfra.

□ Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

□ Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

□ Iðgjöld héraðslækna í héruðum I. og II. flokks svo og iðgjöld launagreiðanda þeirra vegna skulu miðuð við heildarárslaun héraðslækna í héruðum III. flokks.

■ **11. gr.** Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

■ **12. gr.** Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

□ Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Ellilífeyrir:
10 ár	12,5%
11 –	14,0 –
12 –	15,5 –
13 –	17,0 –
14 –	18,5 –
15 –	20,0 –
16 –	22,0 –
17 –	24,0 –
18 –	26,0 –
19 –	28,0 –

1955 Nr. 64 2. sept.

20 –	.....	30,5 –
21 –	.....	33,0 –
22 –	.....	35,5 –
23 –	.....	38,0 –
24 –	.....	41,0 –
25 –	.....	44,0 –
26 –	.....	47,0 –
27 –	.....	50,0 –
28 –	.....	53,0 –
29 –	.....	56,5 –
30 –	eða lengur	60,0 –

□ Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meira en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

■ **13. gr.** Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

□ Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 12. gr.

□ Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. þessarar gr. sem örorka hans er metin. Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

□ Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

□ Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan ók, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

■ **14. gr.** Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum, áður en hann lézt.

□ Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða eftirlifandi maka hans vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

□ Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaununum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 1% af meðalárslaununum, unz hámarkinu, 40% af meðalárslaununum, er náð eftir 30 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meira en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

□ Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaununum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

□ Verði árlegur lífeyrir maka samkvæmt 3. og 4. málsgr. þessarar gr. lægri en 2500 kr., skal hann hækkaður upp í þá upphæð.

□ Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

□ Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

□ Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

□ Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

■ **15. gr.** Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til er þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut ellieða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

□ Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 25% hærri en meðalmeðlag það, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfalt meðalmeðlag þetta.

□ Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki, þó svo, að lífeyrir þeirra skal þá nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð

1955 Nr. 64 2. sept.

þeirri, sem greinir í 2. málsgr. þessarar gr., sem örorka sjóðfélagans er metin.

□ Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

■ **16. gr.** Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 10 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkvæmt 12. og 14. gr. Lífeyrir barna hans skal þá ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

□ Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun þau, er hann hafði, er staða hans var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

□ [Nú verður sjóðfélagi að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests, en tekur síðar aftur við starfi sem veitir aðgang að sjóðnum, og er honum þá heimilt að kaupa sér réttindi fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af stöðu sinni, en tekur þá eða síðar við lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað, enda hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt því. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

□ Þeir, sem gerðust sjóðfélagar, áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101 30. des. 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn, unz greindu tímamarki er náð.][1]

[1] *L. 11/1959, 1. gr.*

■ **17. gr.** Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

□ Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði borið að greiða samkvæmt lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldagreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins. Ríkissjóður greiðir lífeyrissjóðnum það, sem á kann að vanta, að iðgjöld þessara manna hrökkvi fyrir útgjöldum sjóðsins þeirra vegna. Tryggingasjóður almannatrygginga endurgreiðir þeim starfsmönnum, sem greiða Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins iðgjöld fyrir liðinn starfstíma samkvæmt þessari grein, upphæðir þær án vaxta, sem þeir hafa greitt til sjóðsins fyrir sama tímabil.

1955 Nr. 64 2. sept.

■ **18. gr.** Lífeyrisgreiðslur, sem börn og ekkjur sjóðfélaga fá greiddar frá slysatryggingadeild almannatrygginganna, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

■ **19. gr.** Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

□ Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

■ **20. gr.** Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

■ **21. gr.** Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð,[1] er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

[1] *Rg. 47/1957.*

■ **22. gr.** Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

Lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

1963 Nr. 29 29. apríl

■ **1. gr.** Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

■ **2. gr.** Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

■ **3. gr.** I. Sjóðfélagar eru:

a. Allir þeir, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum, til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf og hlutaðeigandi taki ekki minna en hálf þau laun, er slíku starfi fylgja fyrir fullan vinnutíma.

b. Starfsmenn þeirra stofnana, sem aðild hafa fengið að sjóðnum samkvæmt eldri lögum, enda fullnægi þeir skilyrðum samkvæmt a-lið hér að framan um ráðningarkjör, nema hlutaðeigandi stofnun segi upp aðild að sjóðnum.

II. Ekki er skylt að taka í tölu sjóðfélaga: Þá starfsmenn, sem a-liður I. tl. þessarar greinar tekur til, og rétt eiga á lífeyri úr öðrum sjóðum, sem stofnaðir eru með lögum eða samkvæmt reglugerð, sem staðfest hefur verið af fjármálaráðherra fyrir gildistöku laga þessara, fyrir tilteknar starfsgreinar opinberra starfsmanna sérstaklega.

■ **4. gr.** [Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn fræðsluskrifstofa, starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna svo og starfsmenn aðildarfélaga bandalaganna ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- og líknarfélögum, svo og starfsmenn stjórnmálaflokka, sem voru í starfi árið 1971 eða hófu starf síðar, enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I. a. um ráðningartíma og aðalstarf.][1)]

[1)] *L. 27/1983, 1. gr.*

■ **5. gr.** Nú bætast við nýir sjóðfélagar, og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingafræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

■ **6. gr.** [Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Fjármálaráðherra skipar þrjá stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipar tvo stjórnarmenn og stjórn Bandalags háskólamanna skipar einn stjórnarmann. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár.][1)]

[1)] *L. 98/1980, 2. gr. Tók gildi 1. jan. 1981, skv. 13. gr.*

■ **7. gr.** Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

□ Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni, án sérstakrar þóknunar.

■ **8. gr.** [Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.][1)]

□ Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

[1)] *L. 28/1978, 1. gr.*

■ **9. gr.** Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

■ **10. gr.** [Sjóðfélagar greiða 4% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.][1)]

□ Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

□ Launagreiðendur greiði ...[2)] í iðgjöld til sjóðsins 6% af launum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, og skal greiða þau til sjóðsins samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

□ Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í [32 ár],[2)] falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

□ Launþegi, sem yngri er en [16 ára],[2)] greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

□ Iðgjöld héraðslækna og sóknarpresta, svo og iðgjöld launagreiðanda þeirra vegna, skulu miðuð við hæstu laun fyrir slík störf, og reiknast lífeyrisréttur þeirra og maka þeirra samkvæmt því.

□ [Iðgjöld starfsmanna stjórnmálaflokka, svo og iðgjöld launagreiðenda þeirra, skulu miðuð við tiltekna launaflokka ríkisstarfsmanna eftir samkomulagi starfsmanna og launagreiðenda að tilskildu samþykki fjármálaráðherra. Sama gildir um kaup þeirra á réttindum fyrir liðinn starfstíma, sem þeir skulu eiga rétt til, sbr. 5. gr.][3)]

[1)] *L. 98/1980, 3. gr. Tók gildi 1. okt. 1980, skv. 13. gr.* [2)] *S. l. 4. gr.* [3)] *L. 21/1975.*

■ **11. gr.** Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir. [Sbr. einnig um sambúðarfólk í 14. gr. hér á eftir.][1)]

[1)] *L. 98/1980, 5. gr.*

■ **12. gr.** [Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

□ Þegar sjóðfélagi hefur náð því, að samanlagður lífaldur og þjónustualdur sé 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélaginn, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð.

□ Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert starfsár frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyri fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.

□ Sjóðfélagi, sem nýtur réttar samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 23/1963, 12. gr.

2. málsgr., sbr. lög nr. 101/1943, 12. gr. og lög nr. 11/1959, 1. gr. 2. málsgr. getur valið ef hann kýs svo, að neyta þess réttar skv. næstu málsgr. hér á eftir fremur en réttar þess, sem um ræðir hér að framan.

☐ Þeir, sem gerðust sjóðfélagar áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101 30. des. 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn uns greindu tímamarki er náð.

☐ Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót skv. kjarasamningum er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 2% fyrir hvert ár sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

☐ Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.

☐ Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

☐ Á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi, eftir að hann hefur verið frá því leystur, eða hann fær af öðrum ástæðum áfram greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris.][1)]

☐ [Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 47/1965, um eftirlaun alþingismanna, á alþingismaður ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greitt þingfararkaup eða biðlaun.][2)]

☐ [Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra, á ráðherra ekki rétt til lífeyris meðan hann fær greidd ráðherralaun eða biðlaun.][3)]

[1)] *L. 98/1980, 6. gr., 6. mgr. tók gildi 1. ágúst 1980, 7. mgr. tók gildi 1. okt. 1980, skv. 13. gr.* [2)] *L. 73/1982, 12. gr.* [3)] *S. l. 13. gr.*

■ [**12. gr. a.** Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

☐ Samą gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, það er á tímabilinu frá kl. 22.00—09.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

☐ Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

☐ Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

☐ Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaununum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.

☐ Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

☐ Fyrir jafngildi hverrar 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

☐ Sjóðfélagar sem unnið hafa vaktavinnu á undanförnum árum eiga rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu frá og með ársbyrjun 1976.

☐ Iðgjaldagreiðslurnar fyrir liðinn tíma skulu reiknaðar út frá launagreiðslum eins og þær voru á hverjum tíma en um vaxtagreiðslur skal fara eftir reglum sjóðsins um þvílík tilvik.

☐ Starfsmaður á rétt á því að kaupa sér sérstakan lífeyrisrétt vegna vaktaálags 2 ár til viðbótar rétti samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, gegn greiðslu iðgjalda, sem reiknuð séu samkvæmt launatöxtum greiðsludags.

☐ Umsóknir um réttindakaup þessi skulu hafa borist stjórn lífeyrissjóðsins fyrir árslok 1981, ella fellur réttur til þeirra niður.][1)]

[1)] *L. 98/1980, 7. gr. Tók gildi 1. okt. 1980, skv. 13. gr.*

■ **13. gr.** [Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir, í samráði við landlækni, metur örorkuna meiri en 10%, enda hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum. Örorkumat tryggingayfirlæknis skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.][1)]

☐ Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Áunnin lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma. Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50%, er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

□ Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

□ Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

□ Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

[1] *L. 98/1980, 8. gr.*

■ **14. gr.** Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum.

□ [Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót skv. kjarasamningi, sem á hverjum tíma fylgja starfi því er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélagans hefur verið 32 ár eða skemmri, er hundraðshluti þess 20% af greiddum launum að viðbættum 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár, sem hinn látni hafði starfað eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum, en um 1% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.][1]

□ Sé makalífeyrir samkvæmt næstu málsgrein hér á undan lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatryggingunum, það sem á vantar að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim, sem nefndir eru í 2. málsgrein þessarar greinar.

□ Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

□ Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

□ Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra, í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

□ [Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsliðar um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.][2]

[1] *L. 98/1980, 9. gr.* [2] *S. l. 10. gr.*

■ **15. gr.** Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem hærra var launað.

□ Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru, léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á, sem í þessari mgr. ræðir um, er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

■ **16. gr.** Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða að öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

□ Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

□ Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

□ Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

■ **17. gr.** [Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum, og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris.][1] Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 12. og 14. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. [Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur í þjónustu ríkisins eða sjálfseignarstofnunar, sem fengið hefur aðild að sjóðnum, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.][2] Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 30 ár, skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig, að full upphæð

1963 Nr. 29 29. apríl

samkvæmt 16. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 30 ár.

☐ Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

[1])*L. 98/1980, 11. gr.* [2])*L. 21/1975, 4. gr.*

■ **18. gr.** Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

☐ Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði borið að greiða samkv. lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldagreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins.

■ **19. gr.** Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

☐ Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

☐ Á tilsvarandi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna manns, er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því, er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingarfélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

☐ Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum, að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar, er starfsmaðurinn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því starfsmaðurinn var ráðinn og að starfsmaðurinn sé eldri en 35 ára, þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

■ **20. gr.** Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

■ **21. gr.** Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja með reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

1963 Nr. 29 29. apríl

■ **22. gr.** Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

■ **23. gr.** Þeir, sem orðnir voru sjóðfélagar fyrir gildistöku laga þessara og eiga betri lífeyrisrétt samkvæmt eldri lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skulu halda honum.

■ **24. gr.** Frá og með 1. janúar 1964 skulu allir sjóðfélagar öðlast full réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Allir sjóðfélagar, sem gjaldskyldir eru til almannatrygginganna, skulu frá sama tíma greiða fullt gjald til þeirra. Stjórn sjóðsins semur við Tryggingastofnun ríkisins um uppgjör fyrir liðinn tíma í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga um það atriði.

☐ Sjóðfélagar, sem fengið hafa lífeyri fyrir 1. janúar 1964, skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Þeim lífeyrisþegum, er fengu greiddan lífeyri samkvæmt 18. gr. fjárlaga og höfðu að honum meðtöldum hærri lífeyri eftir gömlu reglunum en hinar nýju mundu veita þeim, skal greidd uppbót þannig, að þeir haldi sama heildarlífeyri og þeir höfðu áður. Ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins mismuninn á þeim lífeyri, sem þannig verður greiddur, og þeim lífeyri, er viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum. Þó skulu sjálfseignarstofnanir, sem fengið hafa aðgang að sjóðnum, greiða þennan mismun fyrir þá lífeyrisþega, er verið hafa þeirra starfsmenn.

■ **25. gr.** [Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna, sbr. 12., 13. og 14. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

☐ Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 30% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist ríkissjóður og greiði einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins, sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánum (verðtryggðum).][1])

[1])*L. 98/1980, 12. gr.*

■ **26. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964. Jafnframt eru þá úr gildi numin lög nr. 64/1955, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lög nr. 11 frá 20. marz 1959, um breytingu á þeim lögum, 3. gr. laga nr. 111/1954 og 1. mgr. 53. gr. laga nr. 33/1958, báðar að því er varðar lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, svo og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við ákvæði laga þessara.

Lög um sameiningu Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

1980 Nr. 93 23. des.

■ **1. gr.** Lífeyrissjóður barnakennara skal sameinaður Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem tekur við öllum eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs barnakennara.

■ **2. gr.** Sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara

1980 Nr. 93 23. des.

skulu eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með sömu réttindum og þeir höfðu áunnið sér í Lífeyrissjóði barnakennara hinn 30. september 1980.

□ Frá og með 1. október 1980 fer að öðru leyti um réttindi og skyldur þessara sjóðfélaga samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þ. á m. um iðgjaldagreiðslur og lífeyri.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 33/1921 um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra með síðari breytingum og viðauka, lög nr. 66/1955 um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra og lög nr. 85/1963 um Lífeyrissjóð barnakennara með síðari breytingum, svo og önnur lög er brjóta kunna í bága við ákvæði þessara laga.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Iðgjaldagreiðslur sem sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara hafa innt af hendi til sjóðsins eftir 30. september 1980 skulu koma til frádráttar þeim iðgjaldagreiðslum sem þeim ber að inna af hendi skv. 2. gr. Á sama hátt skal lífeyrir sem sjóðfélagar í Lífeyrissjóði barnakennara hafa fengið greiddan úr sjóðnum eftir 30. september 1980 koma til frádráttar þeim greiðslum sem Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins ber að inna af hendi til þeirra skv. 2. gr.

□ Stjórn Lífeyrissjóðs barnakennara skal annast reikningsskil sjóðsins og afhendingu á eignum hans ásamt skrá um réttindi sjóðfélaga og iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og skal verkinu lokið eigi síðar en 2 mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

1925 Nr. 47 27. júní

Lög um innheimtu gjalda af erlendum fiskiskipum.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að greiða lögreglustjórum kostnað við innheimtu gjalda þeirra af erlendum fiskiskipum, sem ákveðin eru í 54. gr. laga nr. 27, frá 27. júní 1921, um aukatekjur ríkissjóðs.[1] Greiðsluna má ákveða fyrir hvert lögsagnarumdæmi út af fyrir sig og miða við tiltekinn hundraðshluta af upphæð gjaldanna, þó aldrei hærri en 25% af öllum slíkum gjöldum í umdæminu. Greiðsluna mega lögreglustjórar telja til frádráttar fiskiskipagjöldunum á aukatekjureikningi sínum.

□ Ef hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns innheimtir gjöldin, skal greiðslan fyrir innheimtukostnað renna óskert til hans.

[1] *Nú l. 79/1975, 20. gr., 2. mgr. 1. tl.*

1915 Nr. 33 3. nóv.

Lög um verkfall opinberra starfsmanna.[1]

[1] *Ath. l. 29/1976, 46. gr. L. 33/1915 gilda ekki gagnvart félagsmönnum BSRB og félaga innan vébanda þess.*

■ **1. gr.** Hver sá, er sjálfur tekur þátt í verkfalli, enda skyldi starfið unnið samkvæmt embættisskyldu eða sem sýslan í þarfir landsins, Landsbankans, spítala, sveitar, sýslu eða kaupstaðar, skal sæta [sektum eða varðhaldi],[1] eða embættis- eða sýslunarmissi, ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum. ...[1]

[1] *L. 10/1983, 1. gr.*

■ **2. gr.** Hver sá, er hvetur eða tælir embættis- eða sýslunarmann eða ógnar honum til slíks verkfalls, er í 1. gr. segir, án þess að taka sjálfur þátt í því, eða veitir á annan hátt tilstyrk sinn til þess að slíkt verkfall hefjist eða haldi áfram, skal sæta [sektum eða varðhaldi],[1] ef miklar sakir eru, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

[1] *L. 10/1983, 1. gr.*

1915 Nr. 33 3. nóv.

■ **3. gr.** Embættis- eða sýslunarmaður, sem ógnar með að taka þátt í verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, ...[1] enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

[1] *L. 10/1983, 1. gr.*

■ **4. gr.** Sá, er ógnar embættis- eða sýslunarmanni eða hvetur eða tælir hann til að ógna með verkfalli, sem í 1. gr. segir, skal, enda þótt verkfallið komi eigi til framkvæmda, sæta sektum, ...[1] enda liggi eigi þyngri refsing við að öðrum lögum.

[1] *L. 10/1983, 1. gr.*

■ **5. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem sakamál.

1904 Nr. 12 23. ágúst

Tilskipun um hvernig gegna skuli embættisstörfum amtmanna, stiftsyfirvalda og landfógeta á Íslandi, þegar embætti þessi verða lögð niður.[1]

[1] *L. 73/1969.*

I. Um störf amtmanna.

Störfum amtmanna skal skipt þannig:

1. Sýslumönnum og bæjarfógetum skal falið: ...

e. að skipa:

1. hreppstjóra, ...

j. að selja af hendi eftirnefnd leyfisbréf:

1. hjónavígslubréf, ...

2. Störf þau, sem amtmaðurinn yfir Norður- og Austuramtinu hefur haft á hendi samkvæmt opnu bréfi 6. janúar 1857 viðvíkjandi byggingarnefnd á Akureyri, skulu lögð undir bæjarstjórnina á Akureyri.

3. Í stað amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu kemur í stjórn holdsveikraspítalans í Laugarnesi, sbr. lög nr. 2 4. febr. 1898, 5. gr., maður þar til kosinn af stjórnarráðinu. ...

11. Öll önnur störf amtmanna hverfa undir stjórnarráðið.

II. Um störf stiftsyfirvalda.

1. Störf stiftsyfirvaldanna að því er snertir skólamál og kennslumál, yfirumsjón með Landsbókasafninu og Forngripasafninu, undirbúning verðlagsskráa samkvæmt lögum nr. 16, frá 6. nóvember 1897, og stjórn Thorkillii barnaskólasjóðs, skulu hverfa undir stjórnarráðið. ...

3. Öll önnur störf stiftsyfirvaldanna skulu fengin biskupi í hendur.

III. Um störf landfógeta.[1]

[1] *Tilsk. 16/1918.*

1864 23. des.

Konungsúrskurður um að dómsmálastjórnin skuli hafa vald til að útkljá nokkur mál.

I.

Dómsmálastjórnin[1] skal eftirleiðis hafa vald til að útkljá í nafni Hans Hátignar málefni þau, er nú skulu talin, og sem hingað til hafa verið tekin fyrir í leyndarráðinu:

1. veita eftirgjöf eða lækkun á sektum, þegar sektin eigi nemur 50 rd.

2. ...[2]

3. ...

[1] *L. 73/1969.* [2] *L. 19/1953. Nú l. 15/1978.*

1823 3. jan. Konungsbréf um sektavald amtmanna.

Eins og það er ákveðið í konungsbréfi 3. júni 1785[1] til þáverandi stiftamtmanns og amtmanna á Sjálandi, að þeir, sem sýni hirðuleysi með flutning á umburðarbréfum eða láti þau glatast, skuli eftir ákvæðum háyfirvaldsins greiða hæfilega sekt eftir atvikum til fátækrasjóðs, allt að 2 rd., en hið sama skal einnig gilda um ummæli og skýrslur, sem hlutaðeigendur eru krafðir um í embættismálum, þannig viljum Vér og hér með veita amtmönnum á Íslandi[2] heimild til að gera hlutaðeigendum í umdæmum þeirra sektir, allt að 2 rd., þegar eins stendur á og í nefndu konungsbréfi er ráð fyrir gert.

[1] *Konúrsk. 28. júní 1786.* [2] *Sbr. tilsk. 12/1904 I. 11.*

1771 3. apríl Tilskipun um erindi til stjórnarinnar, áritun á þau o. fl.

...

■ **2)** Á sama hátt skal öllum erindum, hvort sem þau eru til Vor eða stjórnardeilda Vorra, komið til yfirvalda eða embættismanna á staðnum, ef þau eru svo löguð, að umsagnar þeirra þurfi, og skulu yfirvöldin, eftir að þau hafa fengið nauðsynlegar skýrslur og upplýsingar, rita álit sitt á erindið, áður en þau senda það frá sér. Ef eitthvert erindi kemur án áðurnefndrar umsagnar yfirvaldsins, má umsækjandi sjálfum sér um kenna, þó að erindi hans verði lagt til hliðar úrskurðarlaust.

■ **3)** Yfirvöldum skal skylt, er umsækjandi beiðist þess, að setja umsögn sína án tafar á erindið, og án þess að heimta eða taka nokkuð fyrir, samkvæmt skyldu sinni og sannleikanum samkvæmt, svo sem þau treysta sér að standa við, í stuttu máli og krókalaust, en þó skýrt, og greini nauðsynleg atvik, og jafnan svo, að eigi þurfi að afla frekari skýrslna eða upplýsinga. Eftir það skal beiðanda skilað erindinu, svo hann geti sent það áfram.

■ **4)** Nú þykir yfirvöldum umsókn algerlega óréttmæt og rakalaus, og skulu þau þá ráða umsækjanda frá því að afhenda hana eða senda, og sýna honum fram á það, að hann hafi rangt fyrir sér og reyna að fá hann til að hætta, með því að tjá honum um refsingu þá og óþægindi, sem hann geti bakað sér eftir atvikum. Fari umsækjandi samt sem áður sínu fram, skal nauðsynleg umsögn þó veitt honum á sjálfs hans ábyrgð.

■ **5)** Nú er efni erindis svo vaxið, að eigi verður ábyggileg umsögn um það veitt, fyrr en umsögn lægra embættismanns eða annars er fengin, og skal yfirvaldinu þá skylt að leita slíkra upplýsinga og láta þær í frumriti fylgja umsögn sinni.

■ **6)** Nú er erindið beint eða óbeint stílað gegn yfirvaldinu sjálfu, og skal umsækjanda þó skylt að leita nauðsynlegrar umsagnar þess um erindið. En ef honum skyldi verða synjað um umsögnina, skal hann geta synjunarinnar í efnisyfirliti erindisins, og þegar þannig er ástatt eins og endranær er umsagnar yfirvalds eða annars embættismanns, er hlut á að máli, er synjað, þrátt fyrir 2. og 3. gr. þessarar tilskipunar, skal leyft að senda erindi án umsagnar. En yfirvald eða embættismaður, sem segja skyldi álit sitt um erindi, en synjar þess eða lætur ótilhlýðilega lengi á því standa, má búast við að sæta refsingu fyrir að verðleikum og jafnvel eftir atvikum embættismissi.

■ **7)** Til þess að því áreiðanlegar verði refsað fyrir ósannar og ærumeiðandi aðdróttanir, er vera kynnu í erindum sem afhent eru, og til þess að jafnan sé með nægilegri vissu unnt að vita frá hverjum erindin eru, skal erindið vera undirritað af umsækjanda með eiginhandar nafni hans, og ef hann hefur eigi samið það sjálfur, af semjanda, eða, ef hinn fyrrnefndi var fjarverandi eða er eigi skrifandi, þá af hinum síðarnefnda fyrir hönd hans sjálfs og umbjóðanda hans.

1771 3. apríl

■ **8)** Erindi skulu vera málalengingalaus, blátt áfram og í sem stytztu máli, þó svo að öll atvik séu nægilega tilgreind, greinilega skrifuð, og ásamt umsögn yfirvaldsins eða þess embættismanns, er hlut á að máli, vera sniðin eftir fyrirmynd þeirri, er fylgir tilskipun þessari. ...

Heimili umsækjanda	Til konungs
Dagur og ár	
Fullt nafn og staða umsækjanda og stutt ágrip af erindinu	Hér sé erindið sjálft ritað
Nafn yfirvalds þess eða embættismanns, er látið hefur uppi álit sitt um erindið	
Nafn og staða semjanda	Allraþegnsamlegast N. N.

1789 23. jan. Opið bréf kansellíisins um afrit skjala, sem send eru til staðfestingar.

... þá er hér með öllum til leiðbeiningar auglýst, að hver og einn, er til kansellíisins kynni að senda ... skjöl til þess að afla sér allran. staðfestingar konungs á þau, skal framvegis láta fylgja rétt eftirrit af þeim ... svo að þau megi geyma ásamt beiðninni til upplýsinga, þegar með þarf. ...

1792 28. des. Tilskipun um samningu umsókna- og kærubréfa o. fl.

...

■ **2. gr.** Hafi höfundur umsóknar eigi ritað á hana svo sem boðið, skal yfirvald það, er í hlut á, eigi taka við henni til umsagnar, og eigi skulu stjórnarráð Vor heldur svara henni eða bera hana undir Oss. ...

1870 12. marz Opið bréf handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið.

Sá, sem sent hefur bænarskrá til embættismanna eður til bæjar- og sveitarstjóra eður kæruskjal um þá, og málefnið varðar sjálfan hann, skal ef bæn hans eigi fær áheyrslu eða kæran eigi er til greina tekin, eiga heimtingu á, er hann fer þess á leit, að fá eftirrit einu sinni af álitsskjali því eða álitsskjölum þeim, sem rituð hafa verið um málefnið, eða færi á að eftirrita þau.

□ Þetta á samt ekki við um bænarskrár um embætti eða sýslanir eða um undanþágur undan ákæru, uppgjöf eða linun á refsingu eftir dómi eða úrskurði, né heldur um

1870 12. marz kæruskjöl embættismanna eða sýslunarmanna um yfirboðara sína.

II. b. Landshagir.

1913 Nr. 24 20. okt.

Lög um hagstofu Íslands.

■ **1. gr.** Það skal falið sérstakri stofnun, að safna skýrslum um landshagi Íslands, vinna úr þeim og koma þeim fyrir almennings sjónir. Stofnunin nefnist hagstofa Íslands, og stendur beinlínis undir ráðherranum.[1)]

[1)] *Sbr. augl. A 96/1969, 6. gr.*

■ **2. gr.** Þessi eru meginatriði landshagsins, sem hagstofunni ber einkanlega að rannsaka:

1. Fólksmagn:
a. manntöl;
b. fæðingar;
c. hjónabönd;
d. heilsufar;
e. manndauði;
f. fólksflutningar.
2. Dómsmál, þar með talin einkamál, sáttanefndarmál, sakamál og lögreglumál.
3. Atvinnuvegir:
a. landbúnaður;
b. iðnaður;
c. fiskveiðar;
d. siglingar og verzlun;
e. bankar, sparisjóðir og aðrar allsherjar lánsstofnanir.
4. Efnahagur landsmanna:
a. tekjur af eign og atvinnu;
b. virðingarverð jarðeigna og þinglesnar veðskuldir á þeim;
c. virðingarverð húseigna með lóðum og veðskuldir á þeim eignum;
d. verðmæti skipa og báta og veðskuldir, er á hvíla.
5. Stjórnmál:
a. notkun kosningarréttar;
b. starfsmenn þjóðfélagsins.
6. Fjárhagur landsins, sýslufélaga og sveitarfélaga, gjafasjóðir og styrktarsjóðir.
7. Þjóðareignir til almenningsnytja:
a. vegir og brýr;
b. ritsímar og talsímar;
c. póstflutningar.
8. Fræðslumál:
a. barnafræðsla;
b. unglingaskólar og aðrir alþýðuskólar.
9. Tryggingarstarfsemi:
a. líftrygging;
b. heilsutrygging;
c. eignatrygging.

□ Auk skýrslna um framangreind atriði vinnur hagstofan að skýrslum, er hér eftir kunna að verða lögboðnar eða fyrirskipaðar af landsstjórninni, eða hagstofan sjálf óskar eftir í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld.

■ **3. gr.** Hagstofan á að aðstoða landsstjórnina með hagfræðis útreikningum og skýringum, er hún óskar eftir, og gefa henni álit og yfirlýsingar, þegar þess er leitað.

□ Landshagsskýrslur skulu koma út svo fljótt sem unnt er, jafnóðum og þær eru tilbúnar frá hendi hagstofunnar.

1913 Nr. 24 20. okt.

□ Árlega skal gefa út stuttan útdrátt úr helztu landshagsskýrslum síðasta árs, með þýðingum á eitthvert hinna þriggja aðalmenntamála.

■ **4. gr.** Öll þau störf viðvíkjandi söfnun og móttöku landshagsskýrslna, sem samkvæmt gildandi lögum, reglugerðum o. fl. nú hvíla á stjórnarráði Íslands, hefur hagstofan á hendi eftirleiðis.[1)]

□ Heimilt er hagstofunni að fyrirskipa, að skýrslur, sem hingað til hafa verið sendar frá hreppstjórnarvöldum eða einstökum mönnum til sýslumanns, séu sendar beint til hagstofunnar, og getur hún endursent til leiðréttingar skýrslur, er henni þykja ófullnægjandi, heimtað frekari upplýsingar, með þeim viðurlögum, sem lög greina um vanrækslu í því, að inna af hendi lögmæt skýrsluskil.

[1)] *Sbr. l. 29/1895.*

■ **5. gr.** Hagstofunni stýrir hagstofustjóri og einn aðstoðarmaður, skipaður af ráðherra. Vanalega hafa þeir einir rétt til þessara starfa, er lokið hafa háskólaprófi í stjórnfræði. ...[1)]

[1)] *L. 71/1919, 8. gr.*

■ **6. gr.** Laun starfsmanna og árskostnaður til húsaleigu, ljóss og ræstingar, svo og til aukavinnu, prentunarkostnaðar og venjulegs skrifstofukostnaðar veitist á fjárlögunum fyrir hvert ár.

1895 Nr. 29 8. nóv.

Lög um hagfræðiskýrslur.

■ **1. gr.** Landsstjórninni[1)] ber að annast um, að samdar séu árlega hagfræðiskýrslur um atvinnuvegi landsins, búnað, fiskveiðar og verzlun, og skulu þær samdar og útgefnar á kostnað landssjóðs.

[1)] *L. 24/1913, 4. gr., augl. A 96/1969, 6. gr.*

■ **2. gr.** Um fyrirkomulag á skýrslunum og undirbúning til þeirra ákveður landshöfðingi[1)] með reglugerð[2)] og annast hann um, að út séu gefin á kostnað landssjóðs nauðsynleg eyðublöð, er stjórnarvöldum þeim, sem hann fyrirskipar, ber að láta útfylla.

[1)] *Augl. A 96/1969, 6. gr.* [2)] *Rg. 56/1897.*

■ **3. gr.** Skyldur er hver búandi og hver sá, er nokkurn fénað hefur, til þess að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum árlega í té, þegar þess er krafizt, nákvæma skýrslu um það, hve margt nautgripa, sauðfjár, geitfjár og hrossa, á hverjum aldri sem er, hann hefur undir höndum, hvort sem hann sjálfur er eigandi að eða ekki.

□ Bændur og aðrir þeir, er nokkra jarðrækt stunda, eru á sama hátt skyldir til að láta árlega í té skýrslur, svo nákvæmar, sem kostur er á, um stærð túna þeirra og sáðlands, um jarðabætur, er unnar hafa verið, og jarðargróða, er þeir hafa fengið á árinu, svo sem töðu, úthey, matjurtir, mótekju, hrísrif og skógarhögg.

■ **4. gr.** Skipstjórar á þilskipum og formenn á opnum bátum, sem til nokkurs veiðiskapar ganga, skulu skyldir að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í té skýrslur, svo nákvæmar sem föng eru til, um það, hve mikið hafi aflazt á skipum þeim eða bátum, er þeir hafa farið með.[1)] Skýrslna þessara má einnig, ef þurfa þykir, krefjast af útgerðarmönnum skipanna eða bátanna.

□ Svo skulu þeir, sem hafa selveiði, laxveiði, fuglatekju og dúntekju, skyldir að láta hlutaðeigandi stjórn-

1895 Nr. 29 8. nóv.

arvöldum í té skýrslu um þessar atvinnugreinar, er þess er krafizt.

[1] *L. 55/1941.*

■ **5. gr.** ...[1]

[1] *L. 16/1909, 7. gr., sjá nú l. 12/1922.*

■ **6. gr.** Forstöðumenn sparisjóða og lánsstofnana skulu skyldir til að senda landshöfðingja[1] árleg ágrip af reikningum sínum ásamt skýrslu um eignir og skuldir stofnananna, eftir formi, er hann fyrirskipar.

[1] *L. 24/1913, 4. gr.*

■ **7. gr.** Heimta má, að hlutaðeigendur votti upp á æru og trú, að skýrslur þær, sem um ræðir í 3.—5. gr., séu gefnar eftir beztu vitund.

■ **8. gr.** Gefi nokkur vísvitandi rangar skýrslur um nokkurt af þeim atriðum, sem um er spurt samkvæmt 3.—5. gr. í lögum þessum, eða neiti nokkur að staðfesta skýrslu sína með vottorði upp á æru og trú, varðar það sektum...[1] Tregðist nokkur við að láta í té skýrslur, er heimilt er samkvæmt lögum þessum að heimta, má þröngva honum til þess með dagsektum [allt að 1000 kr.][1] á dag.

[1] *L. 10/1983, 2. gr.*

■ **9. gr.** Um aðrar landshagsskýrslur en þær, sem atvinnuvegina snerta, gilda sömu reglur og fylgt hefur verið til þessa.

■ **10. gr.** Með brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

1934 Nr. 64 10. des.

Lög um viðauka við lög nr. 29 8. nóv. 1895, um hagfræðiskýrslur.

■ **1. gr.** Iðnfyrirtæki þau, sem eru tryggingarskyld samkv. lögum nr. 72 8. sept. 1931, um slysatryggingar,[1] eru skyld til að láta hagstofunni árlega í té skýrslu um magn og verð framleiðslu sinnar, um notkun hráefna og aðstoðarefna, um tölu og samanlagðan vinnutíma verkamanna og starfsmanna ásamt útborguðu vinnukaupi, svo og aðrar upplýsingar um fyrirtækið samkvæmt eyðublöðum, sem hagstofan semur í samráði við iðnráð Reykjavíkur.

[1] *Sbr. nú l. 67/1971.*

■ **2. gr.** Útgerðir innlendra skipa, sem notuð eru til farþega- eða vöruflutninga, eru skyldar til að láta hagstofunni í té skýrslur um hverja ferð skipanna, þar sem tilgreind sé í réttri tímaröð hver höfn, sem skipið hefur komið á, ásamt því vörumagni, sem það hefur lagt þar á land eða tekið þar til flutnings, svo og tölu farþega frá hverjum stað og til hvers staðar. Sama skylda hvílir á útgerðum erlendra skipa, sem eru í áætlunarferðum milli hafna hér á landi eða milli Íslands og útlanda, og ber aðalafgreiðsla útgerðarinnar hér á landi ábyrgð á því, að skýrslum þessum sé skilað til hagstofunnar í tæka tíð. Enn fremur skulu skipamiðlarar skyldir til að láta hagstofunni í té sams konar skýrslur um öll þau skip, sem þeir leigja til og frá landinu.

■ **3. gr.** Eigendur flutningstækja, sem hafa atvinnu af fólksflutningum eða vöruflutningum á þjóðvegum og hafa að minnsta kosti einn bíl í förum, skulu skyldir að láta í té, minnst árlega, skýrslur um flutninga samkvæmt skýrslueyðublöðum, er hagstofan semur.

■ **4. gr.** Um skýrslur þær, sem um ræðir í 1. og 2. gr. laga þessara, gilda hin almennu fyrirmæli laga nr. 29 8. nóvember 1895.

1903 Nr. 20 3. okt.

Lög um viðauka við lög 8. nóvember 1895 um hagfræðiskýrslur.

■ **1. gr.** Hvert það félag, er hér á landi rekur þá starfsemi, að taka að sér lífsábyrgð eða slysaábyrgð og teljast þar til sjúkrasjóðir, eða að vátryggja gegn eldsvoða eða öðru tjóni[1] skal senda landshöfðingja[2] fyrir 1. dag aprílmánaðar hvers árs ágrip af reikningum sínum fyrir síðastliðið reikningsár, og eftir nákvæmri fyrirmynd, er landshöfðingi fyrirskipar, stutta yfirlitsskýrslu yfir allar ábyrgðir, er það hefur tekið að sér hér á landi og í gildi eru við lok sama reikningsárs, sérstaklega fyrir hverja tegund ábyrgðar, sem félagið tekur að sér, og enn fremur yfir áætluð iðgjöld eða tillög á síðastliðnu reikningsári fyrir ábyrgðir félagsins hér á landi, yfir inngoldin iðgjöld eða tillög, útborgaðar ábyrgðir og greiddan sjúkrastyrk hér á landi á sama tímabili. Ákvæði greinar þessarar ná þó eigi til útlendra vátryggingarfélaga, að því leyti sem þau tryggja fyrir sætjóni.

[1] *L. 62/1913, 5. gr.* [2] *L. 24/1913, 4. gr.*

■ **2. gr.** Þegar skýrslur þær, sem greindar eru í 1. gr., eru sendar landshöfðingja í 1. sinn, skal senda með þeim eitt eintak af samþykktum félagsins, skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir ábyrgðum hér á landi, ábyrgðarbréfafyrirmyndum, fyrirmyndum, er viðhafa skal, þegar gerðir eru ábyrgðarsamningar hér á landi, iðgjaldaskrám og yfir höfuð öllu prentuðu, sem almenningi er ætlað að lesa.

□ Ef breytingar verða síðar gerðar á reglunum fyrir starfsemi félagsins, eins og þær eru samkvæmt þessum skýrslum, skal senda hinar nýju samþykktir eða annað prentað mál viðvíkjandi breytingunni til landshöfðingja um leið og sendar eru skýrslur þær, er greindar eru í 1. gr., fyrir það reikningsár, er breytingin hefur verið gerð á.

■ **3. gr.** Nú kemur fram við skipti á dánarbúi eða þrotabúi lífsábyrgð eða slysaábyrgð, er greiðast skal, eða það kemur í ljós við skiptin, að hinn látni eða þrotamaðurinn hefur tryggt líf sitt eða verið tryggður gegn slysum, er skiptaréttur, executor testamenti eða erfingjar, sem skipta sjálfir, skyldir að senda landshöfðingja skýrslu um upphæð ábyrgðarinnar og um það, hjá hvaða félagi hún sé og með hvaða kjörum áður liðinn er fullur mánuður frá skiptalokum.

■ **4. gr.** Vanræksla á að senda landshöfðingja á lögboðnum tíma skýrslur þær, er nefndar eru í 1.—3. gr., varðar sektum ...[1] Hafi ábyrgðarfélag gert sig sekt í þessari vanrækslu, og það hefur heimilisfang á Íslandi, skal stjórn félagsins sæta sektunum. Eigi félagið heimilisfang erlendis skal erindreki þess eða fulltrúi hér á landi sæta sektunum.

[1] *L. 10/1983, 3. gr.*

1935 Nr. 53 28. jan.

Lög um bráðabirgðaútflutningsskýrslur.

■ **1. gr.** Fiskifélag Íslands skal safna skýrslum um útflutning á alls konar sjávarafurðum.

■ **2. gr.** Fiskifélagið gefur út á mánuði hverjum skýrslur um útflutninginn; nær skýrslugerð þessi aðeins til magns vörunnar, nema öðruvísi sé ákveðið. Á skýrslum þessum skal tilgreina, hvert varan er flutt.

□ Félagið skal samtímis birta yfirlit um fiskbirgðir í landinu.

■ **3. gr.** Til skýrslugerðarinnar skal afla þeirra gagna, sem hér segir:

1935 Nr. 53 28. jan.

Saltfiskur, verkaður og óverkaður, og hertur fiskur:

☐ Yfirfiskimatsmenn skulu afhenda Fiskifélaginu afrit af hverju farmskírteini fiskjar, sem matsmaður hefur ritað á vottorð. Þessi afrit skulu þeir senda með fyrstu ferð og jafnframt fela undirmatsmönnum, sem undirskrifa í umboði þeirra, að gera hið sama.

☐ Á afriti farmskírteinisins skal tilgreina ákvörðunarstað vörunnar. Ef hann er ekki tilgreindur, skal sendandi tilkynna félaginu svo fljótt sem unnt er, hver viðtökustaðurinn varð.

Ísfiskur, ísuð síld og ísuð hrogn:

☐ Útflytjendur skulu, svo fljótt sem unnt er, afhenda félaginu afrit af sölureikningi með tilgreindu vörumagni og verði.

☐ Á reikningnum skal tilgreina þann þunga, sem tilkynntur er þeirri stofnun, sem fjallar um innflutningsskýrslur í hlutaðeigandi landi.

☐ Til bráðabirgða skulu útflytjendur láta umboðsmenn sína erlendis síma Fiskifélaginu magn aflans þegar, er salan hefur farið fram, frá Bretlandi það magn í enskum vættum (cwts.), sem tilkynnt er fiskimálaráðuneyti þar, en frá öðrum löndum þunga talinn í kg.

☐ Nú er varan seld beint af framleiðendum í erlend skip, sem kaupa fyrir eigin reikning, og skulu þá umboðsmenn hins erlenda skips gefa skýrslu um vörumagn og verð, sundurliðaða á þann hátt, sem félagið fyrirskipar.

☐ Af öllum öðrum sjávarafurðum eða vörum, sem að nokkru eða öllu leyti eru unnar úr þeim, skal lögreglustjóri á útflutningsstaðnum halda eftir einu eintaki af útflutningsskýrslu um vöruna og senda Fiskifélaginu með fyrstu ferð.

■ **4. gr.** Nú er ákvörðunarstaður vörunnar ekki nægilega ákveðinn eða upplýsingar þær, sem í farmskírteininu felast, ekki fullnægjandi, og getur þá Fiskifélagið krafið útflytjandann um frekari upplýsingar, og skal honum skylt að láta þær í té, að svo miklu leyti sem hann getur.

■ **5. gr.** Nú þarf Fiskifélagið að safna upplýsingum um birgðir, sem til eru í landinu af einhverjum þeim afurðum, er um getur í 1. gr., og skal þá eiganda eða umráðamanni vörunnar skylt að láta félaginu eða umboðsmönnum þess í té, svo fljótt sem auðið er, skýrslur um þær birgðir, sem hann hefur umráð yfir.

■ **6. gr.** Fiskifélaginu er skylt að láta útgerðarmönnum, bönkum og kaupsýslumönnum í té vitneskju um útflutning og birgðir af vörum þeim, sem það safnar skýrslum um. Þó skal það ekki gefa upplýsingar um útflutning eða birgðir einstakra manna eða félaga, nema með leyfi þeirra eða eftir dómsúrskurði.

■ **7. gr.** Ríkisstjórnin getur ákveðið með reglugerð, að skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum, skuli einnig ná til verðmætis vörunnar, og einnig sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, ef þurfa þykir.

■ **8. gr.** Gefi nokkur vísvitandi ranga skýrslu, skal hann sæta refsingu samkv. 156. gr. alm. hegningarlaga frá 1869.[1)]

☐ Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu, sem Fiskifélagið hefur krafið um, setur félagið honum hæfilegan frest til þess að hafa skilað skýrslunni, en að frestinum liðnum má þröngva honum til þess með dagsektum, 20—100 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda.

☐ Sektir allar renna í ríkissjóð.

[1)] *Sbr. nú l. 19/1940, 146. gr.*

■ **9. gr.** Mál út af brotum á ákvæðum 1. mgr. 8. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Mál út af öðrum brotum á lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

1935 Nr. 53 28. jan.

Lög um manntal 31. janúar 1981.

1980 Nr. 76 19. des.

■ **1. gr.** Fara skal fram manntal um allt land miðað við 31. janúar 1981. Hagstofa Íslands sér um framkvæmd þess, með aðstoð sveitarstjórna samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í þessum lögum. Kostnaður, sem leiðir af framkvæmd manntalsins í hverju sveitarfélagi, greiðist úr sveitarsjóði.

☐ Hver sveitarstjórn kveður teljara til starfa að framkvæmd á ákvæðum þessara laga eftir því sem þörf krefur, og getur enginn skorast undan að gegna slíkri kvaðningu, sem til þess er hæfur.

☐ Sveitarstjórnir skulu hlíta almennum og sérstökum fyrirmælum Hagstofunnar um framkvæmd manntalsins, þar á meðal um frágang og skil á skýrslum til hennar og um annað, sem hér kemur til.

■ **2. gr.** Við manntal þetta er heimilt að óska upplýsinga umfram það, sem tíðkast hefur við fyrri aðalmanntöl, enda séu slík ný manntalsatriði ákveðin í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og þá aðila aðra, sem talið er eðlilegt að fá til samráðs í þessu sambandi.

■ **3. gr.** Skrá skal á manntalsskýrslu alla, sem eiga sólarhringsdvöl í viðkomandi húsnæði eða vistarveru 31. janúar 1981, hvort sem þeir eiga þar lögheimili eða ekki. Þá skal og skrá alla, sem eiga lögheimili á viðkomandi stað 31. janúar 1981, en eru fjarverandi.

☐ Allir Íslendingar í skólanámi eða öðru námi erlendis skulu ásamt skylduliði, ef nokkurt er, skráðir á manntal, nema fyrir liggi, að þeir séu alfluttir til útlanda. Námsmenn erlendis skulu skráðir á manntal þar, sem nánasta venslafólk þeirra hérlendis er, nema ástæða sé til að skrá þá annars staðar. Á sama hátt skal, eftir reglum, sem Hagstofan setur, skrá á manntal aðra Íslendinga erlendis, ef talið er, að þeir muni aftur setjast að á Íslandi.

☐ Skrá skal á manntalsskýrslu allt starfslið og alla farþega á íslenskum farskipum og fiskiskipum hvar sem þau eru stödd hinn 31. janúar 1981, samkvæmt nánari ákvörðun Hagstofunnar. Skipstjóri hvers skips er ábyrgur fyrir því, að þessi skráning fari fram á fullnægjandi hátt, og hlutaðeigandi skipaútgerð ber að standa skil á skýrslum til Hagstofunnar.

☐ Hver maður er skyldur til að sjá svo um, að hann sé skráður á manntal, og til að láta í té allar þær upplýsingar um sig, sem skýrslueyðublöð segja til um.

■ **4. gr.** Fyrir sérhvern einstakling fæddan á árinu 1968 eða fyrr skal gera skýrslu, þar sem skráð er nafn hans, fæðingardagur og aðrar manntalsupplýsingar, nema þær, sem rétt þykir að taka úr þjóðskrá.

☐ Á annarri skýrslu, er gerð skal fyrir hverja íbúð og hvers konar aðra vistarveru, skal telja alla einstaklinga í henni án tillits til aldurs, gera grein fyrir fjölskyldutengslum þeirra innbyrðis og hvar þeir dveljast á

1980 Nr. 76 19. des.

manntalsdegi. Á sama skýrslueyðublaði skal láta í té upplýsingar um, hvernig umráðum viðkomandi íbúðar eða annarrar vistarveru er varið, um stærð hennar og staðsetningu í húsi, og hvernig hún er búin til heimilishalds, svo og um bifreiðarumráð.

■ **5. gr.** Hver einstaklingur fæddur 1964 eða fyrr er skyldur til að gera um sig þá skýrslu er um ræðir í fyrri málsgr. 4. gr.

□ Hver umráðamaður húsnæðis skal sjá svo um, að skýrsla sú, er um ræðir í fyrri málsgr. 4. gr., sé gerð fyrir hvern einstakling fæddan á árabilinu 1965 til 1968, sem er í íbúð hans. Honum ber og að annast um, að skýrsla þessi sé gerð fyrir alla fjarverandi einstaklinga, þar á meðal fyrir þá, sem dveljast erlendis og skulu teknir á skýrslu (sbr. 2. málsgr. 3. gr.), og það jafnt þótt þeir séu ekki taldir heimilisfastir hér á landi. Hver umráðamaður húsnæðis skal og beita sér fyrir því, að skýrsla þessi sé látin í té fyrir alla einstaklinga í íbúðinni, sem fæddir eru 1968 eða fyrr, og að hafa þær allar tiltækar á tilsettum tíma.

□ Hver umráðamaður húsnæðis skal gera skýrslu þá, er um ræðir í síðari málsgr. 4. gr., eða láta teljara í té tilskildar upplýsingar til færslu á eyðublaðið, eftir því hvaða hátt sveitarstjórn kýs að hafa á gerð þessarar skýrslu, sbr. fyrri málsgr. 7. gr.

□ Skyldur þær, sem lagðar eru á umráðamenn húsnæðis í þessari grein, hvíla á hliðstæðan hátt á forstöðumönnum elliheimila, sjúkrahúsa, barnaheimila, heimavistarskóla og hvers konar annarra stofnunarheimila.

■ **6. gr.** Gera skal skýrslu um hvert hús, sem búið er í eða ætlað er til íbúðar að einhverju eða öllu leyti, með upplýsingum um byggingarár þess, gerð og afnot, og um staðsetningu íbúða í því. Enn fremur um upphitunargjafa, tengingu hússins við almenningsveitur og um sorphreinsun.

□ Eftirfarandi ákvæði gilda um skyldur aðila til að gera skýrslu þá, er um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar:

a. Ef hús er í eign eins aðila, ber honum að gera skýrslu þessa og að standa skil á henni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eigi síðar en 5. febrúar 1981.

b. Sé hús í eign fleiri en eins aðila og húsfélag er í því, ber fyrirsvarsmanni þess að gera skýrslu þessa og að standa skil á henni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eigi síðar en 5. febrúar 1981.

c. Sé hús í eign fleiri en eins aðila án þess að húsfélag sé í því, skal íbúðarhafi á fyrstu hæð þess gera þessa skýrslu og standa skil á henni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eigi síðar en 5. febrúar 1981. Sé ekki íbúð á fyrstu hæð hússins eða hún er auð, hvílir þessi skylda á íbúðarhafa á næstu hæð, sem búið er á ofan við fyrstu hæð, eða, ef svo ber undir, á íbúðarhafa í kjallara hússins.

□ Eyðublað undir skýrslu þá, er um ræðir í þessari gr., má bera til íbúðarhafa á fyrstu hæð húsa, sem búið er í, eða til íbúðarhafa annars staðar í húsinu eftir sömu reglu og ákveðin er í c-lið 2. málsgr. Ber viðtakanda eyðublaðsins að koma eyðublaðinu í hendur þess aðila, er gera skal skýrsluna (sbr. ákvæði 2. málsgr.), nema sú skylda hvíli á honum sjálfum.

□ Nú fær aðili, er um ræðir í 2. málsgr. þessarar gr., ekki eyðublaðið til skýrslugerðar um hús, og skal hann þá afla sér þess hjá hlutaðeigandi sveitarstjórn eigi síðar en 30. janúar 1981.

1980 Nr. 76 19. des.

□ Eigandi eða eigendur húss, sem ætlað er til íbúðar að einhverju eða öllu leyti en ekki er búið í á manntalsdegi, skal gera skýrslu þá, er um ræðir í þessari gr., og skila henni til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eigi síðar en 5. febrúar 1981.

■ **7. gr.** Hver sveitarstjórn ákveður, hvaða tilhögun skuli höfð á framkvæmd manntalsins í umdæmi hennar að því er varðar dreifingu eyðublaða og söfnun skýrslna að lokinni skráningu.

□ Skráning fari fram á manntalsdegi. Teljarar skulu hraða söfnun skýrslna eins og verða má, og skal því verki lokið eigi síðar en 7. febrúar 1981.

■ **8. gr.** Við söfnun manntalsskýrslna ber teljurum að fara yfir allar skýrslur, sem þeir hafa ekki sjálfir fært, og bæta úr göllum á gerð og frágangi þeirra eins og frekast er unnt. Hagstofan setur nánari reglur um tilhögun þessarar yfirferðar og lagfæringar teljara á manntalsskýrslum, og ber sveitarstjórnum að fylgja þeim eftir með öllum tiltækum ráðum.

■ **9. gr.** Upplýsingar skráðar á manntal um einkahagi manna eru einvörðungu ætlaðar til hagskýrslugerðar og er óheimilt að láta aðila utan Hagstofunnar fá vitneskju um þær. Heimilt er þó að láta viðurkenndum rannsóknaraðilum og opinberum stofnunum í té upplýsingar skráðar á manntal, enda sé þá nöfnum og auðkennisnúmerum einstaklinga sleppt. Úrvinnslu manntalsskýrslna skal Hagstofan ein annast, og hlutaðeigandi starfsmenn hennar skulu bundnir þagnarskyldu. Teljarar við manntalið og starfsmenn sveitarfélaga, sem vinna að framkvæmd þess, eru einnig bundnir þagnarskyldu.

■ **10. gr.** Brot gegn þessum lögum varða sektum allt að 500 nýkrónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ Með brot gegn þessum lögum skal farið að hætti opinberra mála.

Lög um þjóðskrá og almannaskráningu.

1962 Nr. 54 27. apríl

■ **1. gr.** Sérstök stofnun, þjóðskráin, annast almannaskráningu samkvæmt lögum þessum og annað það, er þau mæla fyrir um. Hagstofan fer með stjórn þjóðskrárinnar, og skal hún rekin sem deild í Hagstofunni. Fjárreiður þjóðskrárinnar skulu vera algerlega greindar frá fjárreiðum Hagstofunnar.

□ Hagstofan leggur þjóðskránni til starfslið eftir þörfum hennar á hverjum tíma, gegn endurgreiðslu launa hlutaðeigandi starfsmanna.

■ **2. gr.** Auk þjóðskrárinnar og Hagstofunnar starfa sveitarstjórnir og sóknarprestar utan kaupstaða að almannaskráningu samkvæmt þessum lögum. Í kaupstöðum, þar sem sóknarprestur hefur hingað til starfað að almannaskráningu með bæjarstjórn, skal hann þó halda því áfram á sama hátt og verið hefur.

□ Ákvæði 10., 14. og 15. gr. varðandi sóknarpresta eiga við þá presta eina, er starfa að almannaskráningu, en þar, sem minnzt er á sóknarpresta annars staðar í lögum þessum, er átt við alla starfandi presta og safnaðarstjóra.

■ **3. gr.** Hlutverk sitt leysir þjóðskráin af hendi með því:

1. að láta opinberum aðilum í té árlega íbúaskrá samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga,

2. að láta sveitarstjórnum í té stofn að kjörskrá, þá er forsetakosningar, alþingiskosningar eða sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram,

3. að láta opinberum aðilum og öðrum í té aðrar skrár en þær, er um ræðir í 1. og 2. tölulið, endurgjaldslaust eða gegn greiðslu, hvort tveggja samkvæmt nánari ákvörðunum Hagstofunnar,

4. að láta opinberum aðilum og almenningi í té upplýsingar og vottorð samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga,

5. að stuðla að því með skrárgerð sinni, annars vegar að enginn gjaldskyldur einstaklingur sleppi við álagningu lögboðinna gjalda og hins vegar að tvísköttun manna eigi sér ekki stað, — enn fremur að hafa um það meðalgöngu milli sveitarfélaga, að einstaklingar með óljóst eða umdeilanlegt heimilisfang verði skráðir í ákveðnu umdæmi,

6. að láta í té efnivið í mannfjöldaskýrslur Hagstofunnar.

■ **4. gr.** Almannaskráning byggist á þeim gögnum, sem hér eru talin:

1. Tilkynningar um aðsetursskipti, samkv. lögum nr. 73/1952 með síðari breytingum.

2. Skýrslur sóknarpresta til Hagstofunnar um fæðingar, skírnir, nafngiftir, hjónavígslur og mannslát.

3. Mannskaðaskýrslur til Hagstofunnar, samkvæmt lögum nr. 42/1913, þær þeirra er varða horfna menn, sem taldir eru látnir.

4. Skýrslur héraðsdómara til Hagstofunnar um hjónavígslur og um leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

5. Skýrslur dómsmálaráðuneytisins til Hagstofunnar um leyfi til lögskilnaðar, ættleiðingarleyfi og breytingar á ríkisborgararétti o. fl. í því sambandi.

6. Sérstakar upplýsingar sveitarstjórna, sóknarpresta, útlendingaeftirlits og annarra opinberra aðila um menn.

7. Upplýsingar, sem þjóðskráin aflar sér sjálf með eftirgrennslan eða henni berast á einn eða annan hátt, eftir því sem þörf krefur og heimildir leyfa.

□ Hagstofan lætur gera eyðublöð undir skýrslur þær, sem um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., og kveður á um skil þeirra.

■ **5. gr.** Hagstofan getur krafizt þess af opinberum aðilum, að þeir láti þjóðskránni í té skýrslur og upplýsingar, sem hún þarfnast til starfsemi sinnar, enda séu þær á reiðum höndum. Hagstofunni er heimilt að ákveða skilafresti í þessu sambandi.

■ **6. gr.** Nú bregzt það, að skýrslur, sem um ræðir í 4. og 5. gr., séu látnar í té, áður en fresti lýkur, og getur Hagstofan þá þröngvað hlutaðeiganda með dagsektum, [allt að 1000][1] kr. á dag, til að láta gögnin í té. Dagsektir skulu taka gildi 5 dögum eftir að Hagstofan tilkynnir hlutaðeigandi aðila þær með símskeyti eða bréfi afhentu sama dag og það er skrifað, enda geri hann ekki skil áður en þeim fresti lýkur.

□ Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar taka einnig til skila sóknarpresta á dánarvottorðum, svo og til skila ljósmæðra á tilkynningum um barnsburði, samkvæmt reglugerð nr. 103/1933 eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 158/1942.

□ Lögreglustjóri innheimtir sektarfé samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar gr., og rennur það í ríkissjóð. Hlutaðeigandi skal inna greiðslu sektarfjárins af hendi ekki síðar en 7 dögum eftir að hann afhenti Hagstofunni hinar síðbúnu skýrslur eða setti þær í póst.

[1] *L. 10/1983, 4. gr.*

■ **7. gr.** Nú kemur það í ljós, að sóknarprestur hefur vanrækt að gera lögboðna skýrslu til Hagstofunnar um fæðingu, skírn, nafngift, hjónavígslu eða mannslát eða skýrsla um slíkt er fyrst látin í té að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt ...[1] Sama gildir, ef sóknarprestur framkvæmir líksöng án þess að hafa áður fengið í hendur dánarvottorð hins látna.

□ Nú annast annar prestvígður maður en hlutaðeigandi sóknarprestur (safnaðarstjóri) skírn eða hjónavígslu, og skal hann þá tilkynna hana bæði sóknarpresti prestakallsins og Hagstofunni innan 7 daga, en útfararathöfn, sem hann annast, skal hann tilkynna bæði hlutaðeigandi sóknarpresti og Hagstofunni áður en 3 dagar eru liðnir frá útförinni. Sé þetta vanrækt, varðar það sekt ...[1]

□ Nú vanrækir ljósmóðir að láta í té lögboðna tilkynningu um barnsburð eða tilkynning um hann er fyrst afhent að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt ...[1]

[1] *L. 10/1983, 4. gr.*

■ **8. gr.** Á grundvelli gagna þeirra, er um ræðir í 4. og 5. gr., fylgist þjóðskráin með breytingum á skráningaratriðum frá 1. desember ár hvert til jafnlengdar næsta ár og hefur tiltækar upplýsingar um þær, eftir því sem föng eru á.

■ **9. gr.** Eftir gögnum þeim um breytingar skráningaratriða, sem þjóðskráin fær í hendur, skal gera árlega íbúaskrá fyrir hvert sveitarfélag, miðað við 1. desember, með nöfnum allra einstaklinga, er aðsetur hafa í því þann dag, ásamt upplýsingum um fæðingardag og þau atriði önnur um hvern einstakling, er máli skipta fyrir opinber not skránna.

□ Að því er snertir skráningaratriði, sem vandkvæðum er bundið að fá skýrslur um í tæka tíð, er heimilt að miða íbúaskrár við annan tíma á hausti en 1. desember. Um aðsetur manna skal þó ávallt miða við 1. desember í íbúaskrám.

■ **10. gr.** Í janúarmánuði ár hvert sendir þjóðskráin sveitarstjórnum, sóknarprestum utan kaupstaða og skattyfirvöldum eintak af íbúaskrá viðkomandi umdæmis 1. desember næsta ár á undan.

□ Sveitarstjórnir og sóknarprestar skulu fara yfir íbúaskrána í sameiningu eins fljótt og auðið er eftir móttöku hennar. Sveitarstjórn gerir athugasemdir um oftalda eða vantalda einstaklinga á henni, samkvæmt nánari fyrirmælum þjóðskrárinnar. Hlutaðeigandi prestur aðstoðar sveitarstjórn við þetta verk og leggur í því sambandi til upplýsingar um breytingar, sem hann fékk vitneskju um við húsvitjanir haustið áður eða á annan hátt. Að þessu loknu tilkynnir sveitarstjórn þjóðskránni athugasemdir sínar um oftalda og vantalda einstaklinga.

□ Sveitarstjórn má ekki breyta íbúaskrá sinni til samræmis við athugasemd, sem hún gerir samkvæmt 2. málsgr. þessarar gr., nema þjóðskráin fallist á hana, sbr. ákvæði 11.—13. gr.

□ Sveitarstjórn skal, um leið og hún fer yfir íbúaskrá sína, gera á henni nauðsynlegar leiðréttingar og lagfæringar, aðrar en þær, sem samþykki þjóðskrárinnar þarf

til, sbr. 3. málsgr. Sveitarstjórn gerir þjóðskránni grein fyrir öllum slíkum breytingum á íbúaskránni, um leið og hún tilkynnir athugasemdir sínar um oftalda og vantalda menn á íbúaskrá samkvæmt 2. málsgr. þessarar gr.

□ Þjóðskráin ákveður sveitarstjórnum fresti til að tilkynna athugasemdir samkvæmt 2. málsgr. og breytingar samkvæmt 4. málsgr. Heimilt er að beita dagsektum í þessu sambandi samkvæmt ákvæðum 6. gr. þessara laga.

■ **11. gr.** Þegar lokið er skilafresti þeim, sem ákveðinn hefur verið samkvæmt 5. málsgr. 10. gr., ber þjóðskráin saman athugasemdir sveitarstjórna um oftalda og vantalda menn á íbúaskrám.

□ Nú er einstaklingur oftalinn á íbúaskrá samkvæmt athugasemd einnar sveitarstjórnar, en vantar á íbúaskrá samkvæmt athugasemd annarrar sveitarstjórnar, og tilkynnir þjóðskráin þá aðilum breytingar á íbúaskrám viðkomandi sveitarfélaga til samræmis, eins fljótt og auðið er.

□ Nú ber sveitarstjórn fram þá athugasemd, áður en fresti lýkur, að tiltekinn einstaklingur sé vantalinn á íbúaskrá umdæmis hennar, og skal þjóðskráin þá taka athugasemdina til greina að jafnaði, ef önnur sveitarstjórn, sem hlut á að máli, vanrækir að tilkynna henni leiðréttingar sínar og athugasemdir við skrána, áður en fresti lýkur. Þjóðskráin tilkynnir hlutaðeigandi sveitarstjórnum breytingar á íbúaskrá þeirra af þessum sökum.

□ Nú ber tveim sveitarstjórnum, sem haldið hafa skilafresti, ekki saman um, hvar maður skuli vera á íbúaskrá, og tilkynnir þá þjóðskráin þeim það og skorar á þær að rökstyðja mál sitt fyrir ákveðinn tíma. Að fresti loknum tekur þjóðskráin ákvörðun í málinu samkvæmt fengnum gögnum og tilkynnir hlutaðeigandi sveitarstjórnum niðurstöðuna án tafar.

■ **12. gr.** Nú telur sveitarstjórn einhvern einstakling oftalinn á íbúaskrá sveitarfélagsins, án þess að nokkur önnur sveitarstjórn telji hann vantalinn á íbúaskrá sinni að svo stöddu, og gerir þjóðskráin þá ráðstafanir til að fá það upplýst, í hvaða sveitarfélagi hann hafðist við undangenginn 1. desember. Síðan tilkynnir hún hlutaðeigandi sveitarstjórn, að hann skuli settur þar á íbúaskrá, nema í ljós komi, að hann teljist heimilisfastur í enn öðru umdæmi. Þjóðskráin getur og, ef ástæða er til, mælt svo fyrir, að einstaklingur, sem þannig er ástatt um, sé tekinn á íbúaskrá sveitarfélags, sem hann settist að í eftir 1. desember. Sömuleiðis getur þjóðskráin lagt fyrir sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hlutaðeigandi var upphaflega á íbúaskrá, að hann sé aftur settur á hana.

■ **13. gr.** Ákvarðanir þjóðskrárinnar samkvæmt 11. og 12. gr. um, hvar menn skuli vera á íbúaskrá, ráða úrslitum um það, í hvaða umdæmi tekju- og eignarskattur og hliðstæð þinggjöld eru á þá lögð, og verður þeim ekki áfrýjað. En það eitt, að maður er á íbúaskrá sveitarfélags samkvæmt slíkri ákvörðun þjóðskrárinnar og án samþykkis sveitarstjórnar, getur aldrei leitt af sér neinn rétt annarra sveitarfélaga eða einstaklinga til að gera fjárkröfu á hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi vegna manns, sem svo er ástatt um.

■ **14. gr.** Þjóðskráin sendir hlutaðeigandi skattyfirvaldi og sóknarpresti afrit af tilkynningum þeim, er hún sendir sveitarstjórn samkvæmt 11.—13. gr., og breyta þessir aðilar íbúaskránni til samræmis. Sama gildir um aðrar breytingar, sem þjóðskráin tilkynnir þessum aðilum.

□ Sveitarstjórn skal tilkynna hlutaðeigandi skattyfirvaldi og sóknarpresti allar breytingar á íbúaskrá, sem hún gerir samkvæmt 4. málsgr. 10. gr., og rita þessir aðilar þær á íbúaskrá.

□ Sveitarstjórn skal rita breytingar, sem gerðar eru á íbúaskrá, á aðrar skrár, sem leiddar eru af henni, eftir því sem við á.

■ **15. gr.** Sóknarprestar skulu, er þeir húsvitja á hverju hausti, safna upplýsingum um allar breytingar, sem orðið hafa á aðsetri manna miðað við síðustu íbúaskrá, og í því sambandi ber þeim eftir föngum að afla vitneskju um fullt aðsetur hvers einstaklings, sem hefur tekið sér annað aðsetur en hann hafði samkvæmt síðustu íbúaskrá. Leggja skal upplýsingar þessar til grundvallar, þegar næsta íbúaskrá er endurskoðuð af sveitarstjórn og sóknarpresti, sbr. 10. gr., að svo miklu leyti sem þess gerist þörf.

□ Sóknarprestar skulu aðstoða við söfnun aðseturstilkynninga í prestakalli sínu, eftir því sem föng eru á.

□ Þriðja hvert ár skal hver sóknarprestur bera allar upplýsingar íbúaskrárinnar um nöfn, fæðingardaga og hliðstæð atriði saman við það, sem skráð er um sömu einstaklinga í embættisbókum prestakallsins. Að loknum þessum samanburði lætur sóknarprestur þjóðskránni í té þær leiðréttingar er hann telur gera þurfi á íbúaskrá prestakallsins.

□ Biskupsskrifstofan og Hagstofan ákveða sameiginlega framkvæmd á ákvæðum þessarar gr. í einstökum atriðum.[1]

[1] *Augl. 204/1966.*

■ **16. gr.** Hverri sveitarstjórn er skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að afla upplýsinga um breytingar, sem kann að þurfa að gera á íbúaskrá umdæmisins til þess að hún verði rétt, miðað við 1. desember hvert ár. Þjóðskráin getur, ef svo ber undir, lagt fyrir sveitarstjórn að gera tilteknar ráðstafanir í þessu skyni, þar á meðal láta fara fram almenna manntalsskráningu í umdæminu.

□ Nú telur þjóðskráin, að framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 73/1952 sé ábótavant í umdæmi, og getur hún þá lagt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn að gera tilteknar ráðstafanir til úrbóta, þar á meðal láta fara fram almenna manntalsskráningu í umdæminu.

■ **17. gr.** Iðgjöld til almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar,[1] og sóknargjöld samkvæmt lögum nr. 36/1948, um sóknargjöld, skulu lögð á menn á sömu stöðum og tekju- og eignarskattur er á þá lagður eftir íbúaskrá 1. desember hvert ár, sbr. 1. málslið 1. málsgr. í 32. gr. laga nr. 46/1954, um tekju- og eignarskatt.[2]

[1] *Nú l. 67/1971.* [2] *Nú l. 75/1981.*

■ **18. gr.** Þjóðskráin lætur embættum og sveitarstjórnum í té hvers konar upplýsingar um einstaklinga, sem skrár hennar og önnur gögn hafa að geyma, enda þurfi þau upplýsinganna við vegna embættisrekstrar eða hliðstæðra starfa. Þjóðskráin lætur slíkar upplýsingar í té ókeypis, en sé um að ræða meiri háttar verk, getur hún

1962 Nr. 54 27. apríl

þó krafizt þess, að hlutaðeigandi endurgreiði henni kostnað við það.

□ Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. taka ekki til opinberra fyrirtækja.

■ **19. gr.** Þjóðskráin veitir hverjum sem er upplýsingar um aðsetur manna og önnur atriði samkvæmt skrám sínum og gögnum, eftir reglum,[1] sem Hagstofan setur.

□ Þjóðskráin skal frá ársbyrjun 1963 annast útgáfu allra fæðingarvottorða og hliðstæðra vottorða til opinberra nota, annarra en þeirra, sem sóknarprestar láta í té eftir kirkjubókum, meðan þær eru lögum samkvæmt í vörzlu þeirra. Vottorð þjóðskrárinnar skulu veitt samkvæmt kirkjubók eða skýrslu sóknarprests til Hagstofunnar.

□ Þjóðskráin tekur gjald fyrir veitingu upplýsinga og útgáfu vottorða samkvæmt þessari gr., og fer það eftir gjaldskrá, sem Hagstofan setur. Þegar sérstaklega stendur á, má veita afslátt af gjaldi eða fella það niður. Gjald fyrir upplýsingar og vottorð skal greitt um leið og ósk er borin fram þar um.

□ Þjóðskráin getur lagt fyrir einstakar sveitarstjórnir að láta almenningi í té upplýsingar samkv. 1. málsgr. þessarar gr., og ber þjóðskránni þá ekki skylda til að veita íbúum viðkomandi umdæma slíka þjónustu.

[1] *Reglur 112/1958.*

■ **20. gr.** Ríkissjóður stendur straum af árlegum kostnaði við rekstur þjóðskrárinnar að 9/10 hlutum og Tryggingastofnun ríkisins að 1/10 hluta.

■ **21. gr.** Hið árlega framlag Tryggingastofnunarinnar samkvæmt 20. gr. er endurgjald fyrir not hennar á vélspjöldum þjóðskrárinnar til skrárgerðar, svo og fyrir almenna þjónustu og aðstoð, sem þjóðskráin lætur Tryggingastofnuninni í té og eigi skal koma greiðsla fyrir. Hins vegar á ákvæðið í 2. málslið 1. málsgr. 18. gr. við Tryggingastofnunina jafnt og við aðra opinbera aðila.

□ Sveitarfélög eiga, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir, rétt á árlegum íbúaskrám samkvæmt 9. gr. og kjörskrárstofni samkvæmt 2. tölulið 3. gr., og auk þess njóta þau upplýsingaþjónustu þjóðskrárinnar samkvæmt 18. gr. En aðrar skrár en þær, sem hér er gert ráð fyrir, svo og önnur þjónusta heldur en veiting upplýsinga, skal greidd þjóðskránni sérstaklega.

■ **22. gr.** Reikningsár þjóðskrárinnar er almanaksárið. Ríkisendurskoðunin endurskoðar reikninga hennar.

1956 Nr. 30 24. marz

Lög um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknum hér á landi.

■ **1. gr.** Gera skal spjaldskrá yfir alla Íslendinga, er vitað er um frá landnámstíð og ekki hafa verið færðir á spjaldskrá Hagstofu Íslands, er hefst 16. okt. 1952. Sama gildir um fólk af íslenzkum eða útlendum uppruna, ef það hefur öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt á þessu tímabili.

□ Spjaldskrá þessi skal vera í tvíriti og varðveitt á þjóðskjalasafninu. Þessi ákvæði taka einnig til spjaldskrárafrita þeirra, er um ræðir í 5. gr.

■ **2. gr.** Hvern mann, karl eða konu, 15 ára og eldri, skal skrá á sérstakt spjald með fullu nafni og föðurnafni.

□ Á spjald hvers einstaklings skal enn fremur færa, ef unnt er og eftir því sem heimildir segja til um, fæðingardag hans og ár, sömuleiðis dánardag hans og dánarár, nöfn foreldra hans og upplýsingar um þá, svo að ekki verði um villzt, hverjir þeir voru. Þá skal skrá nafn og föðurnafn maka og giftingardag ásamt hliðstæðum upplýsingum um hann og áður eru taldar. Sama gildir um barnsmóður eða barnsföður, ef um ógiftar persónur er að ræða.

□ Á spjaldið skal enn fremur færa börn hlutaðeigandi spjaldhafa ásamt fæðingardegi þeirra og ári og nafni barnsmóður eða barnsföður, ef um konu er að ræða. Gera skal í örfáum orðum grein fyrir hverju barni, ef unnt er, hvað um það verður, til aðgreiningar og auðkennis frá öðrum samnefndum.

□ Við ævilok skal færa á spjald hvers einstaklings helztu æviatriði hans og vitna til heimilda, eftir því sem við verður komið.

■ **3. gr.** Þjóðskjalasafnið hefur með höndum skrásetningu samkv. lögum þessum. Til þess að annast þetta starf skal ráða starfsmann, æviskrárritara, er lagt hefur stund á íslenzka ættfræði og mannfræði og sýnt hæfni og áhuga á því sviði.

■ **4. gr.** Æviskrárritari skal annast um samningu spjaldskrár samkvæmt fyrirmælum laga þessara og reglugerðar, er síðar verður sett. Hann skal vinna að því að fá áhugamenn um þessi málefni til liðs við sig, þannig að þeir taki að sér skrásetningu í einstökum héruðum eða byggðarlögum samkvæmt fyrirsögn hans; sömuleiðis leita til félaga, er að þessu vilja vinna, svo sem sögufélaga og átthagafélaga. Skal hann koma skipan á skrásetningu þessara aðila, svo að sem mest not verði að starfi þeirra. Jafnframt er honum skylt að leiðbeina þessum samstarfsmönnum sínum og veita þeim upplýsingar, er lúta að skrásetningarstarfi þeirra, eftir því sem þörf krefur og ástæður hans leyfa.

■ **5. gr.** Við lok hvers árs lætur Hagstofa Íslands æviskrárritara þjóðskjalasafnsins í té skrá yfir þá, er andazt hafa á undangengnu ári. Hagstofan skal enn fremur veita æviskrárritara afrit gagna, er hún hefur varðandi látna menn á því ári, eftir því sem föng eru á og æviskrárritari þarfnast til upplýsinga úr þeim gögnum, sem Hagstofan hefur að geyma.

□ Að fengnum þessum heimildum færir æviskrárritari hvern einstakling á sérstakt spjald, svo sem fyrir er mælt í 2. gr., ásamt nokkru ítarlegri upplýsingum, ef kostur er, um ævistörf hans en gögn Hagstofunnar greina frá.

■ **6. gr.** Skylt er starfsmönnum ríkisins og opinberra stofnana að láta æviskrárritara þjóðskjalasafnsins í té upplýsingar úr bókum embættisins, eða stofnunarinnar, sem hann vanhagar um og þarf að nota við færslu spjaldskrárinnar.

□ [Prestar þjóðkirkjunnar og prestar eða löggiltir forstöðumenn annarra trúfélaga hér á landi skulu skrá á sérstök eyðublöð, er þjóðskjalasafn lætur þeim í té, alla íslenzka ríkisborgara 15 ára og eldri, er látast í söfnuðum þeirra. Skulu eyðublöðin útfyllt nákvæmlega og send æviskrárritara í lok hvers árs.

□ Nú jarðsyngur annar en hlutaðeigandi prestur lík, og skal hann þá senda sóknarpresti ásamt dánarvottorði þær upplýsingar um hinn látna, sem krafizt er samkvæmt lögum þessum. Sóknarprestur skal í árslok gefa æviskrárritara skýrslu um alla þá, er skráðir eru látnir í

1956 Nr. 30 24. marz

kirkjubók hans á árinu, og sé þess þar jafnan getið, hver jarðsöng.][1)]

[1)] *L. 50/1958, 1. gr.*

■ **7. gr.** Ráðherra setur með reglugerð[1)] nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

[1)] *Rg. 38/1959.*

■ **8. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum, ...[1)]

[1)] *L. 10/1983, 5. gr.*

1952 Nr. 73 25. nóv.

Lög um tilkynningar aðsetursskipta.

■ **1. gr.** Í kaupstöðum skulu bæjarstjórar (í Reykjavík Manntalsskrifstofan) og í hreppum oddvitar veita viðtöku tilkynningum um aðsetursskipti samkvæmt lögum þessum, og er átt við þessa aðila alls staðar þar, sem lögin kveða svo á, að slíkar tilkynningar skuli sendar sveitarstjórnum.

■ **2. gr.** Hver sá, sem skiptir um aðsetur innan sveitarfélags, skal tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn áður en 7 dagar eru liðnir frá því, að aðsetursskiptin áttu sér stað.

□ Einstaklingur, sem dvelst í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á heimilisfang, er tilkynningarskyldur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, ef hann á sínum tíma var skyldur til að tilkynna komu sína í umdæmið, samkvæmt ákvæðum 3. eða 5. gr., eða hefði verið skyldur til þess, ef þessi ákvæði hefðu verið í gildi á þeim tíma.

■ **3. gr.** [Hver sá, sem flytur heimilisfang sitt í annað sveitarfélag, skal tilkynna það innan 7 daga sveitarstjórn þess umdæmis, sem hann flytur til.][1)]

□ [Nú kemur maður í aðra sveit en heimilissveit til dvalar í tvo mánuði eða lengur, og skal hann þá innan 7 daga tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitar aðsetur sitt. Nú hefur maður verið staddur tvo mánuði í annarri sveit en heimilissveit, þó að hann hafi í fyrstu ekki ætlað sér að dvelja þar svo lengi, og skal hann þá innan 7 daga tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitar aðsetur sitt.][1)] Ákvæði þessi taka til vistmanna á hælum, sjúklinga í sjúkrahúsum, gesta í gistihúsum og fanga í fangelsum jafnt og til þeirra, sem hafa aðsetur í venjulegu húsnæði utan heimilissveitar sinnar.

□ Frá ákvæði 2. mgr. um tilkynningarskyldu gilda eftirfarandi undantekningar:

1. Alþingismenn og opinberir starfsmenn, sem dvelja lengri eða skemmri tíma við skyldustörf í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang.

2. Barn, sem dvelur sumarlangt eða annað takmarkað tímabil á barnaheimili, í sveit eða annars staðar utan heimilissveitar sinnar. Hins vegar skal, samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, tilkynna aðsetursskipti fyrir barn, sem fyrirsjáanlega mun dvelja lengri tíma á barnahæli eða þ. u. l. stofnun í öðru sveitarfélagi en þar, sem það á heimilisfang.

3. [Skólafólk við nám utan heimilissveitar, enda sé dvölin í viðkomandi sveitarfélagi eingöngu eða að mestu vegna námsins. Þó skulu iðnnemar við nám í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang, vera tilkynningarskyldir samkv. 2. mgr. þessarar greinar.][1)]

4. Þeir, sem dvelja í öðru sveitarfélagi en þar, sem þeir teljast eiga heimilisfang, við störf, sem samkvæmt venju eru árstíðarbundin, svo sem við fiskveiðar á vertíð með tilheyrandi vinnslu afurða o. fl. Enn fremur við heyskap eða önnur sveitastörf að sumarlagi, við vegagerð utan kaupstaða, og þ. u. l.

[5. Aðkomumenn í þjónustu varnarliðsins, verktaka þess og hliðstæðra aðila, enda hafist þeir við í húsnæði vinnuveitanda á vinnustað eða í grennd. Hins vegar eru slíkir starfsmenn við varnarliðsstörf skyldir til að upplýsa vinnuveitanda sinn um heimilisfang sitt og annað það, sem hann þarf á að halda til þess að geta látið í té nákvæmar skrár um starfsfólk sitt.

Ákvæði þessa töluliðs breytir engu um skyldur venzlaliðs aðkomins starfsmanns við varnarliðsstörf til að tilkynna aðsetursskipti.][1)]

□ [Undantekningar þær frá tilkynningarskyldu, sem taldar eru í 3. málsgr. þessarar greinar, gilda aðeins meðan umgetin atvik eru fyrir hendi. Ef maður dvelst í sveitarfélagi eftir brottfall þess atviks, er gerði hann undanþeginn tilkynningarskyldu, skal hann tilkynna dvalarsveit aðsetur sitt samkvæmt ákvæðum 2. málsgr. þessarar greinar.][1)]

[1)] *L. 15/1956, 1. gr.*

■ **4. gr.** [Hver sá, sem samkvæmt ákvæðum 3. gr. hefur orðið tilkynningarskyldur í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, skal tilkynna sveitarstjórn dvalarsveitarinnar brottför sína úr henni innan 7 daga. Þó skal ekki tilkynna brottförina, ef dvöl hlutaðeiganda í sveitarfélaginu, sem hann fer til, er undanþegin tilkynningarskyldu samkv. 3. mgr. 3. gr. og hann hyggst setjast að í sama húsnæði að dvölinni lokinni.][1)]

□ [Hver sá, sem hefur í hyggju að skipta um aðsetur á tímabilinu 16. nóvember til 1. desember á ári hverju, skal tilkynna það hlutaðeigandi sveitarstjórn eigi síðar en 15. nóvember, enda liggi þá fyrir, hvert hann flytur. Sama tilkynningarskylda hvílir á þeim, sem áformar að taka sér nýtt heimilisfang á fyrr greindu tímabili, án þess að hann flytji þangað aðsetur sitt að svo stöddu.][2)]

[1)] *L. 15/1956, 2. gr.* [2)] *L. 46/1975, 1. gr.*

■ **5. gr.** [Maður, sem kemur erlendis frá til búsetu eða dvalar hér á landi, skal tilkynna viðkomandi sveitarstjórn aðsetur sitt innan 7 daga frá komu til landsins. Undanþegnir þessari skyldu eru þeir, sem dveljast hér skemmri tíma en þrjá mánuði og halda lögheimili í öðru landi, meðan þeir eru hér, enda stundi þeir ekki atvinnu í landinu.

□ Hver sá, sem fer til útlanda og hættir að eiga lögheimili hér á landi, skal tilkynna það viðkomandi sveitarstjórn, áður en hann fer, og meðal annars upplýsa fullt aðsetur sitt erlendis. Þeir, sem hafa tilkynnt komu til landsins samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar eða verið skyldir til að gera það, skulu tilkynna brottför sína frá því á sama hátt, nema hlutaðeigandi hyggi á endurkomu til landsins eftir dvöl um stundarsakir erlendis.

□ Heimilt er að ákveða, að fyrirmæli 1. málsgr. þessarar greinar skuli ekki taka til námsmanna frá tilteknum löndum eða til erlendra sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, enda hafi hinir síðarnefndu ekki aðsetur í landi.][1)]

□ [Maður, sem dvalist hefur hér á landi án þess að vera tilkynningarskyldur samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal tilkynna aðsetur sitt innan 7 daga, ef hann dvelst

áfram í landinu eftir brottfall þeirra atvika, sem gerðu hann undanþeginn tilkynningarskyldu.][2]

[1] *L. 16/1963, 1. gr.* [2] *L. 87/1973, 1. gr.*

■ **6. gr.** [Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt hingað til lands frá einhverju Norðurlandanna, skuli um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu samkvæmt 1. málsgr. 5. gr., afhenda viðkomandi sveitarstjórn vottorð um flutninginn í nánar tilteknu formi, sem gefið er út af skráningaryfirvaldi í því landi, sem frá er komið. Fjármálaráðherra er einnig heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt héðan til einhvers Norðurlandanna, skuli, um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu samkv. 3. mgr., fá afhent vottorð um flutninginn, sem gefið er út af þjóðskránni eða af sveitarstjórn í umboði hennar.][1]

[1] *L. 16/1963, 2. gr.*

■ **7. gr.** Hver sá, sem tilkynnt hefur aðsetur í einhverju sveitarfélagi samkv. fyrirmælum laga þessara, eða hefði verið skyldur til að gera það, ef lög þessi hefðu verið í gildi á viðkomandi tíma, er samkvæmt 2. gr. skyldur til að tilkynna breytingar, sem verða kunna á aðsetri hans innan sama umdæmis. Fari hann í annað sveitarfélag, skal hann, ef ákvæði 3. gr. taka til dvalar hans þar, tilkynna aðsetur sitt sveitarstjórn umdæmisins, hvort sem hann á þar heimilisfang eða ekki.

■ **8. gr.** Tilkynningarskylda sú, sem lög þessi mæla fyrir um, gildir án tillits til fjölskyldutengsla. Samkvæmt 2. málsgr. 3. gr. skal t. d. kvæntur maður, sem dvelur a. m. k. tvo mánuði í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann telst eiga heimilisfang, án þess að um sé að ræða undantekningu frá tilkynningarskyldu samkv. 3. málsgr. 3. gr., tilkynna aðsetur sitt, hvort sem um er að ræða slit á samvistum við konu hans eða ekki.

■ **9. gr.** Tilkynningarskylda sú, sem mælt er fyrir um í lögum þessum, hvílir á hverjum einstaklingi, sem fyllt hefur 16 ára aldur. Forráðamenn einstaklinga innan 16 ára aldurs og þeirra, sem sviptir hafa verið sjálfræði, skulu sjá um, að fullnægt sé tilkynningarskyldu fyrir skjólstæðinga þeirra.

□ [Hver húsráðandi er skyldur til að tilkynna aðsetursskipti einstaklinga, sem taka sér aðsetur í húsnæði á hans vegum eða hverfa úr því, eftir sömu reglum og þeir sjálfir eru tilkynningarskyldir. Sama skylda hvílir á forstöðumönnum hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana. Enn fremur ber hverjum húseiganda að fullnægja tilkynningarskyldu fyrir einstaklinga í húsnæði hans, þ. e. bæði fyrir fjölskylduföður og heimafólk, en hann er ekki ábyrgur fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir framleigutaka í húsi hans.][1]

□ Bæjarstjórar og oddvitar skulu kvitta skriflega fyrir móttöku tilkynninga um aðsetursskipti.

□ [Skylda húsráðanda (húseiganda) til að tilkynna aðsetursskipti samkv. 2. málsgr. þessarar greinar fellur niður, ef hlutaðeigandi sýnir honum, áður en tilkynningarfresti lýkur, kvittun viðkomandi sveitarstjórnar fyrir því, að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt.][2]

□ Heimilt er að krefjast þess, að tilkynningar um aðsetursskipti séu látnar í té í tvíriti.

[1] *L. 15/1956, 3. gr., sbr. rg. 178/1969.* [2] *L. 15/1956, 3. gr.*

■ **10. gr.** Tilkynningar þær um aðsetur, sem lög þessi mæla fyrir um, skulu vera á eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera í samráði við Hagstofu Íslands. Skal þar getið nafns þess eða þeirra, sem skipta um aðsetur, ásamt nákvæmum upplýsingum um það, hvar aðsetrið er, svo og um annað, sem greina þarf vegna spjaldskrár þeirrar yfir alla landsmenn, sem fyrirhugað er að koma á fót.

■ **11. gr.** Tilkynningar þær um aðsetursskipti, sem bæjarstjórar og oddvitar fá í hendur, skulu sendar Hagstofu Íslands, eftir að hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa haft tækifæri til að skrá úr tilkynningunum það, sem þær þarfnast vitneskju um.

□ Félagsmálaráðuneytið ákveður tilhögun á sendingu tilkynninga til Hagstofu Íslands, og hvaða tímafrestir skulu gilda í því sambandi.

■ **12. gr.** Bæjarstjórum og oddvitum er heimilt að krefjast þess af skólastjórum og forstöðumönnum námsmannabústaða í sveitarfélaginu, að þeir láti hinum fyrr nefndu í té skrár, í tilteknu formi, yfir námsmenn, sem eiga heimilisfang utan viðkomandi sveitarfélags.

□ [Hagstofu Íslands er heimilt að krefjast þess af forstöðumönnum einstakra hæla, sjúkrahúsa, skóla, gistihúsa, fangelsa og annarra slíkra stofnana, að þeir tilkynni á venjulegan hátt aðsetursskipti allra einstaklinga, sem hverfa úr húsnæði á vegum stofnunarinnar, hvort sem ber að tilkynna þá samkv. 9. gr. þessara laga eða ekki. Hagstofu Íslands er enn fremur heimilt að krefjast þess af umræddum aðilum, að þeir afli handa henni upplýsinga um aðsetursskipti starfsmanna stofnunarinnar, sem hafast ekki við í húsnæði á hennar vegum. Þetta tekur þó aðeins til aðsetursskipta í sambandi við það, að starfsmenn hefja störf eða hætta störfum hjá viðkomandi stofnun.][1]

[1] *L. 15/1956, 4. gr.*

■ **13. gr.** Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu, hver í sínu umdæmi, stuðla að því með virkum aðgerðum, að menn fullnægi sem bezt ákvæðum laga þessara um tilkynningarskyldu. M. a. skulu þær, einkum í fámennari sveitarfélögum, ef svo ber undir, gangast fyrir því, að tilkynningarskyldu sé fullnægt fyrir einstaklinga, sem láta undir höfuð leggjast að sinna þessari skyldu, eða eiga þess ekki kost einhverra hluta vegna.

□ [Sveitarstjórnir skulu gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um aðsetursskipti innansveitar, sem þeim er kunnugt um, að hafi ekki verið tilkynnt. Þær skulu enn fremur gefa út og senda Hagstofu Íslands tilkynningar um einstaklinga, sem talið er að hafi flutt heimilisfang sitt úr sveitarfélaginu, ef ástæða er til að ætla, að það hafi ekki verið tilkynnt sveitarstjórn viðkomandi umdæmis. Þó er sveitarstjórn óheimilt að tilkynna brott úr sveitarfélaginu einstakling, sem dvelst í öðru sveitarfélagi vegna veikinda, ef hann nýtur framfærslustyrks frá heimilissveit sinni eða telja má líklegt, að hann verði styrkþegi hennar.

□ Sveitarstjórnir skulu, ef Hagstofan telur þess þörf, gera ráðstafanir til öflunar upplýsinga um aðsetursskipti, sem vanrækt hefur verið að tilkynna, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Aðseturstilkynningar útgefnar af sveitarstjórnum samkvæmt 2. og 3. málsgr. þessarar gr. eru fullgild heimild til staðfestingar manna í allsherjarspjaldskránni, að svo miklu leyti sem öruggari vitneskja samkv. tilkynningum hlutaðeigenda sjálfra er ekki fyrir hendi.

1952 Nr. 73 25. nóv.

□ Tilkynningum samkvæmt 2. og 3. málsgr. þessarar gr. skal hagað í samræmi við nánari fyrirmæli Hagstofu Íslands þar að lútandi.][1)]

[1)] *L. 15/1956, 5. gr.*

■ **14. gr.** Lögreglustjórar skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með framkvæmd á fyrirmælum laga þessara og aðstoða hlutaðeigandi bæjarstjórnir og hreppsnefndir eftir föngum við hana.

□ Útlendingaeftirlitið skal aðstoða við framkvæmd laga þessara eftir föngum, einkum í sambandi við eftirlit með því, að þeir, sem koma til landsins og fara frá landinu, fullnægi tilkynningarskyldu samkvæmt ákvæðum laganna.

■ **15. gr.** Ákvæði laga þessara snerta á engan hátt reglur gildandi löggjafar um heimilisfang og réttindi og skyldur manna í því sambandi.

■ **16. gr.** Ríkissjóður ber kostnað af prentun eyðublaða og sendingu þeirra til sveitarstjórna, en þær bera allan annan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara.

■ **17. gr.** [Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.][1)]

[1)] *L. 10/1983, 6. gr.*

■ **18. gr.** ...[1)]

□ Með lögum þessum eru numin úr gildi ákvæði um tilkynningu bústaðaskipta í lögum nr. 95 1936, um heimilisfang,[2)] og í lögum nr. 18 1901, um manntal í Reykjavík, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

[1)] *Ákvæði til bráðabirgða; sjá l. 87/1973, 3. gr.* [2)] *Nú l. 35/1960.*

II. c. Fjárhagsmálefni.

1. Gjaldeyrir. Gengi. Efnahagsmál.

1968 Nr. 22 23. apríl

Lög um gjaldmiðil Íslands.

■ **1. gr.** Gjaldmiðill Íslands nefnist króna, er skiptist í hundrað aura.

□ Í skiptum skulu notaðir peningaseðlar og slegnir peningar (mynt).

■ **2. gr.** Seðlabanki Íslands hefur einkarétt til að láta gera og gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út peninga úr málmi.[1)]

[1)] *Augl. 30/1974, um útgáfu Þjóðhátíðarmyntar.*

■ **3. gr.** Peningaseðlar þeir, sem Seðlabanki Íslands lætur gera og gefur út, og peningar þeir, sem hann lætur slá og gefur út, skulu vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi með fullu ákvæðisverði.

■ **4. gr.** Ráðherra ákveður, að tillögu Seðlabanka Íslands, gerð, lögun, útlit og ákvæðisverð peningaseðla þeirra, sem bankinn lætur gera og gefur út, og skal birta auglýsingu um það efni.[1)]

[1)] *Augl. 95/1968, 96/1968, 300/1968, 164/1969, 197/1969, rg. 286/1969, augl. 123/1970 og 84/1971.*

■ **5. gr.** Seðlabanki Íslands skal slá peninga úr málmi (mynt), er fullnægi eðlilegri þörf á skiptimynt á hverjum tíma.

□ Ráðherra skal, að tillögu bankans, ákveða ákvæðisverð peninga þeirra, sem slá skal, svo og gerð, þunga, stærð og málmblöndu, og skal birt auglýsing um það efni.[1)]

1968 Nr. 22 23. apríl

□ Peningar þessir skulu það rétt slegnir, að mismunur á þunga einstakra peninga, sem eiga að hafa sömu þyngd, skal eigi nema meira en einum af hundraði.

[1)] *Rg. 197/1957.*

■ **6. gr.** Eigi eru aðrir en bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við greiðslu í einu á meira fé en 500 krónum í slegnum peningum.

■ **7. gr.** Peningaseðlar, sem eru svo skemmdir, að númer þeirra og ákvæðisverð verður eigi örugglega greint, eru eigi lögmætur gjaldmiðill.

□ Slegnir peningar, sem svo eru slitnir eða skemmdir, að áletranir á þeim eru eigi vel læsilegar, teljast ekki lögmætur gjaldmiðill.

□ Ákveða má með reglugerð, sem sett skal af ráðherra, að Seðlabanki Íslands megi þó leysa slíka seðla og slegna peninga til sín með fullu verði eða hluta af verði.

■ **8. gr.** [Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða, að fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings skuli greind með hálfum eða heilum tug aura. Ráðherra ákveður með reglugerð[1)] nánari framkvæmd þessa ákvæðis.][2)]

[1)] *Rg. 339/1974.* [2)] *L. 65/1979, 1. gr.*

■ **9. gr.** Þeir seðlar og slegnir peningar, sem við gildistöku laga þessara eru lögmætur gjaldmiðill á Íslandi, skulu halda gildi sínu.[1)]

[1)] *Forsetaúrsk. 27/1964.*

■ **10. gr.** Að tillögu Seðlabanka Íslands er ráðherra heimilt að ákveða, að innkalla skuli einstakar gerðir seðla og sleginna peninga, sem í umferð eru, og þeir hætta að vera lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum.

□ Frestur til að afhenda seðla þá og slegna peninga, sem innkallaðir eru, skal vera 12 mánuðir frá birtingu auglýsingar um innköllunina. Á innköllunarfrestinum skulu allir bankar og sparisjóðir skyldugir að taka við peningum þeim, sem innkalla skal, og láta í staðinn peninga, sem eigi skal innkalla. Á innköllunarfrestinum eru peningar þeir, er innkalla skal, lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna, en hætta að vera lögmætur gjaldmiðill að frestinum liðnum. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa slíka peninga í ekki skemmri tíma en aðra 12 mánuði eftir lok 12 mánaða frestsins.

□ Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd innköllunar hverju sinni.

□ Ákvæði 1. mgr. taka eigi til almennrar innköllunar gjaldmiðils.[1)]

[1)] *Rg. 117/1980, um útgáfu nýrra peningaseðla o. fl., rg. 253/1980, um gjaldmiðilsbreytingu, rg. 564/1980, um almenna innköllun myntar og peningaseðla og 619/1980, um gjaldmiðilsskipti 2. janúar 1981.*

■ **11. gr.** Ráðherra sá, sem fer með bankamál, setur reglugerðir allar um framkvæmd laga þessara.[1)] ...

[1)] *Rg. 37/1973.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Heimilt er ríkissjóði að selja pening þann, sem sleginn var samkvæmt heimild í lögum nr. 47/1961, með allt að 50% álagi á nafnverð. Ágóða þeim, sem verða kann af sölu peningsins, skal verja til framkvæmda á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Rafnseyri við Arnarfjörð.

1979 Lög um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils.

Nr. 35 29. maí

■ **1. gr.** Í lögum þessum nefnist gjaldmiðill sá, sem löglega var gefinn út fyrir gildistöku laga þessara, 1. janúar 1981, gömul króna, til aðgreiningar frá gjaldmiðli gefnum út frá þeim degi, en hann nefnist ný króna í lögum þessum.

□ Lög þessi taka bæði til peningaseðla og peninga sleginna úr málmi (myntar).

■ **2. gr.** Frá og með 1. janúar 1981 hundraðfaldast verðgildi krónunnar. Jafngildir þá ein ný króna eitt hundrað gömlum krónum, og á sama hátt jafngildir einn eyrir nýrrar krónu einni gamalli krónu. Breytist ákvæðisverð eldri seðla og myntar, sem þá eru í umferð, í samræmi við það.

■ **3. gr.** Nú eru í lögum, reglugerðum, stjórnvaldaákvörðunum, úrskurðum eða gjaldskrám, sem út voru gefnar fyrir 1. janúar 1981, greindar fjárhæðir í krónum og skulu þær fjárhæðir þá lækkaðar þannig, að hin nýja fjárhæð telst einn hundraðasti hluti af eldri fjárhæðinni.

■ **4. gr.** Sérhver fjárhæð í dómi, skuldabréfi, skuldaviðurkenningu, víxli, tékka, leigusamningi, hlutabréfi og öðrum skjölum, sem skylda til greiðslu í krónum eða lofa greiðslu í krónum og út hafa verið gefin fyrir 1. janúar 1981, en greiðsla hefur eigi verið innt af hendi, skal breytast þannig, að hin nýja fjárhæð skal teljast einn hundraðasti hluti af hinni eldri fjárhæð.

□ Gildir þetta um allar greiðslur samkvæmt skjölum þessum, svo og hvers konar aðrar munnlegar og skriflegar greiðsluskuldbindingar, sem eigi hafa verið inntar af hendi fyrir 1. janúar 1981.

■ **5. gr.** Frá og með 1. janúar 1981 skal hvers konar endurgjald og laun fyrir vinnu og starf, þóknanir og endurgjald fyrir vöru og þjónustu reiknast í hinum nýju krónum.

■ **6. gr.** Í bókhaldi skulu öll viðskipti, sem eiga sér stað frá og með 1. janúar 1981, færð með nýjum krónum. Sömuleiðis skulu öll reikningsskil tímabils, sem lýkur á árinu 1981 og þar á eftir, færð með nýjum krónum.

■ **7. gr.** Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu seðlar þeir, sem út hafa verið gefnir, og mynt sú, sem slegin hefur verið og gefin út fyrir 1. janúar 1981, halda gildi sínu og vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi í sex mánuði eftir gildistöku laganna, þó þannig, að verðmæti hvers seðils eða myntar skal reiknast einn hundraðasti hluti af ákvæðisverði.

□ Frá og með 1. júlí 1981 skulu seðlar þeir og mynt, sem út var gefin fyrir 1. janúar 1981, hætta að vera lögmætur gjaldmiðill í lögskiptum manna. Seðlabanka Íslands er þó skylt að innleysa þá seðla og mynt í 18 mánuði eftir lok sex mánaða frestsins.

□ Sömu reglur og greinir í 1. og 2. mgr. skulu gilda um frímerki, sparimerki, stimpilmerki og önnur hliðstæð heimildarskjöl, að öðru leyti en því, að útgefandi er innlausnarskyldur.

■ **8. gr.** Fjárhæð, sem við verðgildisbreytinguna 1. janúar 1981 verður minni en hálfur eyrir nýrrar krónu, fellur niður, en hálfur eyrir og hærri fjárhæð skal hækka í einn eyri nýrrar krónu.

■ **9. gr.** Viðskiptaráðherra setur að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands reglugerð[1)] um framkvæmd laga þessara.

[1)] *Rg. 117/1980, 253/1980 og 564/1980.*

1979 Nr. 35 29. maí

■ **10. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum, enda liggi ekki við broti þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

■ **11. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga inn í viðbótarsamning við myntsamning Norðurlanda.

1926 Nr. 4 15. júní

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilað að ganga inn í viðbótarsamning þann við myntsamning Norðurlanda frá 27. maí 1873 með viðaukasamningi frá 16. okt. 1875, sem Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa gert með sér 22. marz 1924 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

■ **2. gr.** Skiptimynt, sem ríkisstjórnir Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar hafa látið slá samkvæmt myntsamningi, dags. 27. maí 1873, viðaukasamningi, dags. 16. okt. 1875, ásamt viðaukagreinum, hættir að vera löglegur gjaldeyrir á Íslandi 6 mánuðum eftir að auglýst verður fullgilding á inngöngu Íslands í viðbótarsamning þann, er ræðir um í 1. gr.

Fylgiskjal.

Viðbótarsamningur við myntsamninginn frá 27. maí 1873 og viðaukasamning frá 16. okt. 1875.

■ **1.** Heimilt skal fjármálastjórn hvers ríkis, án þess að myntsamningurinn og síðari viðaukagreinir við hann skuli vera því til fyrirstöðu, að láta slá á sinn kostnað skiptimynt, er löglegur gjaldeyrir sé aðeins í því ríki, er slá lætur myntina.

□ Það ríki, er kosta lætur sláttu skiptimyntarinnar, setur og fyrirmæli um áletraða fjárhæð hennar, hversu málmum er háttað, um þunga hennar, lögun og mótun; þó skal myntin að gerðinni til vera greinilega frábrugðin þeim skiptimyntum, sem hingað til hafa verið slegnar samkvæmt samningnum.

□ Sú mynt, er slegin er í samræmi við samninginn, skal einnig talin löglegur gjaldeyrir aðeins í skiptum innanlands í hverju einstöku ríki, með því móti, að gat sé slegið í eða gerð myntarinnar með öðrum jafngreinilegum hætti auðkennd svo, að frábrugðin sé upphaflegri gerð.

■ **2.** Ákvæðum samningsins og viðaukagreinum hans verður ekki beitt á þá skiptimynt, sem eingöngu er löglegur gjaldeyrir innanlands í hverju ríki um sig samkvæmt 1. gr. þessa viðbótarsamnings; þó skal hver mynt bera það með sér, handa hverju ríki, af hverri myntsmiðju og á hvaða ári slegin sé.

■ **3.** Fjármálastjórn hvers ríkis tjáir fjármálastjórn hinna ríkjanna öll þau lög, tilskipanir og fyrirmæli, sem sett kunna að verða um sláttu skiptimynta þeirra, er einungis skuli vera löglegur gjaldeyrir innanlands. Jafnframt skal sent uppkast að og sýnishorn af öllum slíkum skiptimyntum.

■ **4.** Skiptimynt, sem slegin hefur verið í einhverju ríkjanna samkvæmt samningnum og viðaukagreinum hans, skal hætta að vera löglegur gjaldeyrir í hinum ríkjunum, þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

■ **5.** Þessi viðbótarsamningur heldur gildi, til þess er

1926 Nr. 4 15. júní

eitt ár er liðið frá þeim degi, er eitthvert ríkjanna hefur sagt upp.

□ Að liðnum uppsagnarfresti skal þó skiptimynt, sem samkvæmt samningnum og viðaukagreinum hans er slegin í einhverju ríkjanna, ekki ná að verða löglegur gjaldeyrir aftur í hinum ríkjunum, og ekki skal heldur skiptimynt, sem samkvæmt 1. gr. þessa viðbótarsamnings er aðeins löglegur gjaldeyrir innanlands í hverju ríki um sig, missa við þetta lögeyrisgildi sitt.

■ **6.** Viðauki þessi skal staðfestur jafnskjótt sem löggjafarþing þeirra ríkja, er hlut eiga að máli, hafa goldið samþykki við og staðfestingunum síðan komið fyrir til geymslu í Kristianíu jafnskjótt sem við verður komið.

□ Viðaukinn öðlast gildi daginn eftir að honum hefur verið komið fyrir til geymslu staðfestum.

1950 Nr. 22 19. marz

Lög um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.[1)]

[1)] *Lögin hafa ekki breyst að formi til síðan Lagasafn var gefið út 1965, sbr. þar d. 229—234, en ekki þykir ástæða til að prenta þau hér.*

1960 Nr. 4 20. febr.

Lög um efnahagsmál.

I. kafli.

■ **1. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 20/1962, 3. gr.*

■ **2. gr.** ...[1)]

[1)] *2.—5. gr. hafa ekki verið afnumdar, en hafa eigi framar raunhæft gildi. Um 5. gr. sjá l. 69/1967, 5. gr.*

■ **6. gr.** Eigi er heimilt að stofna til skuldar í íslenzkum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við hærra gengi en gilti, þegar erlenda lánið var greitt.[1)]

□ Ákvæði í lánssamningum, gerðum fyrir gildistöku laganna, um, að endurgreiðsla eða vextir skuli háð gengi erlends gjaldeyris, skulu ekki gild, nema þau séu í samræmi við ákvæði 1. málsgr. þessarar gr.

[1)] *Sbr. nú l. 28/1962, 11. gr.*

■ **7. gr.** ...[1)]

[1)] *7. gr. er ekki beinlínis afnumin, sjá nú l. 69/1967, 1. gr.*

II. kafli.

■ **8. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 84/1960, 1. gr., sbr. l. 28/1962, 10. gr.*

■ **9. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 7/1963, 40. gr.*

■ **10. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 7/1963, 40. gr.*

■ **11. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 7/1963, 40. gr.*

■ **12. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 40/1969, 1. gr.*

■ **13. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 10/1960, 28. gr.*

■ **14. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 10/1960, 28. gr.*

■ **15. gr.** ...[1)]

[1)] *Sjá nú l. 107/1978, 1. gr., sbr. l. 2/1983, 7. gr.*

■ **16. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, og má það nema allt að 135% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls. Gjald þetta skal innheimt um leið og gefin eru út innflutningsleyfi fyrir bifreiðum.[1)]

□ Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat farartækjanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

□ Þá skal ríkisstjórninni heimilt að innheimta jafnhátt gjald og getur í 1. málsgr. af bifreiðum, sem settar hafa verið saman innanlands, og skulu slíkar bifreiðar metnar eftir sömu reglum og innfluttar bifreiðar, og er óheimilt að skrásetja þær fyrr en gjald þetta hefur verið greitt.

□ Ríkisstjórnin úrskurðar, hvaða bifreiðar skulu gjaldskyldar.[2)]

[1)] *Sbr. l. 28/1962, 4. gr.* [2)] *Rg. 225/1982.*

■ **17. gr.** ...[1)]

[1)] *Nú l. 79/1974, 1. gr., sbr. l. 78/1977.*

■ **18. gr.** ...[1)]

[1)] *Sjá nú l. 2/1980, 2. gr., ath. þó ákv. til bráðab. I. l. 7/1982.*

■ **19. gr.** Vitagjald skipa, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða gerð eru út til veiða af landsmönnum, samkvæmt lögum nr. 17/1911,[1)] skal á árinu 1960 innheimt með 100% viðauka. Frá ársbyrjun 1961 skal gjald þetta innheimt með 300% viðauka.

□ Vitagjald skipa í millilandasiglingum samkvæmt sömu lögum skal frá gildistöku laga þessara innheimt með 300% viðauka.

□ Vitagjald skemmtiferðaskipa samkvæmt sömu lögum með 200% viðauka.

□ Heimilt er að hækka taxta toll- og sóttvarnarfarartækja.

[1)] *Sjá nú l. 56/1981.*

■ **20. gr.** Lestagjald af skipum samkvæmt lögum nr. 10/1946 skal frá ársbyrjun 1961 innheimt með 500% viðauka.

■ **21. gr.** ...[1)]

[1)] *Sjá nú l. 79/1975, I. og VII. kafla.*

■ **22. gr.** ...[1)]

[1)] *Sjá nú l. 120/1976.*

III. kafli.

■ **23. gr.** ...[1)]

[1)] *Sjá l. 10/1981, 5. gr.*

■ **24. gr.** ...[1)]

[1)] *Tímabundið ákvæði.*

■ **25. gr.** ...[1)]

[1)] *Tímabundið ákvæði.*

■ **26. gr.** ...[1)]

[1)] *Tímabundið ákvæði.*

■ **27. gr.** ...[1)]

[1)] *Ákvæðið er ekki afnumið beinlínis, en hefur ekki framar raunhæft gildi, sbr. l. 56/1978 og l. 69/1967, 2. gr.*

■ **28. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri verði á vöru og þjónustu.

IV. kafli.

■ **29. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán úr Evrópusjóðnum, samkvæmt Gjaldeyrissamningi Evrópu, allt að 12 millj. dollara eða jafnvirði þeirra fjárhæðar í öðrum gjaldeyri.[1)] Jafnóðum og notað er fé af slíku láni eða lánum, skal krónuandvirði þess lagt á sérstakan reikning í Seðlabankanum. Eigi má nota fé á þessum reikningi til annars en til endurgreiðslu láns úr Evrópusjóðnum.

[1)] *Sjá l. 28/1962, 1. og 6. gr.*

1960 Nr. 4 20. febr.

■ **30. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 1,5 millj. dollara í 11,25 millj. dollara, og á kvóta Íslands hjá Alþjóðabankanum úr 2,0 millj. dollara í 15,0 millj. dollara. Til þess að standa straum af framlögum Íslands til þessara stofnana heimilast ríkisstjórninni að taka lán hjá Seðlabankanum, er jafngildi samtals allt að 11,05 millj. dollara.

V. kafli.

■ **31. gr.** ...[1]

[1] *Nú l. 58/1960.*

■ **32. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnu áliti stjórnar Seðlabankans[1] og stjórnar viðkomandi sjóðs eða stofnunar, að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá eftirfarandi aðilum: Fiskveiðasjóði, sbr. lög nr. 40/1955,[2] Stofnlánadeild sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 41/1946, [2] Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði, sbr. lög nr. 48/1957, [3] Byggingarsjóði ríkisins (húsnæðismálastjórn), sbr. lög nr. 42/1957,[4] Byggingarsjóði verkamanna, sbr. lög nr. 36/1952, Raforkusjóði, sbr. lög nr. 12/1946 og lög nr. 58/1949.[5]

[1] *Sjá l. 10/1961, sbr. l. 13/1979, 33. gr.* [2] *Nú l. 44/1976.* [3] *Nú l. 45/1971.* [4] *Nú l. 51/1980.* [5] *Nú Orkusjóður, sbr. l. 58/1967, X. kafla.*

■ **33. gr.** Ákvæði 2. málsgr. 16. gr. laga nr. 63/1957 skulu ná til innlánsdeilda kaupfélaga og Söfnunarsjóðs Íslands á sama hátt og til banka og sparisjóða.[1]

[1] *Sbr. l. 10/1961, 10. og 11. gr.*

VI. kafli.

■ **34. gr.** Ríkisstjórnin í heild fer með framkvæmd þessara laga.

■ **35. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að setja, með reglugerðum eða á annan hátt, nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.[1]

[1] *Rg. 225/1982.*

■ **36. gr.** Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500 000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal vera heimil.

1978 Nr. 103 30. nóv.

Lög um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

I. kafli. Um niðurgreiðslu vöruverðs, lækkun skatta lágtekjufólks, félagslegar umbætur og verðbótavísitölu.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að auka niðurgreiðslu vöruverðs frá því, sem hún er í nóvember 1978, sem svarar 3% af verðbótavísitölu þeirri, sem gildir fram að 1. desember 1978.

□ Ríkisstjórnin tilkynnir Kauplagsnefnd ákvarðanir sínar um aukna niðurgreiðslu samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar. Kauplagsnefnd skal reikna jafngildi niðurgreiðsluaukningar þessarar í verðbótastigum og gera opinbera grein fyrir niðurstöðum sínum svo skjótt sem kostur er.

■ **2. gr.** Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lagasetningu til lækkunar skatta og gjalda á lágtekjufólki, sem metnar eru sem 2% af verðbótavísitölu þeirri, sem gildir fram að 1. desember 1978.

■ **3. gr.** Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir aðgerðum og lagasetningu til ýmissa félagslegra umbóta, sem metnar eru til kjarabóta sem 3% af verðbótavísitölu þeirri, sem gildir fram að 1. desember 1978.

1978 Nr. 103 30. nóv.

■ **4. gr.** Á tímabilinu 1. desember 1978 til 28. febrúar 1979 skal greiða verðbætur á laun samkvæmt verðbótavísitölu 151 stig, sbr. þó ákvæði 2. gr. laga nr. 96/1978 um kjaramál.

□ Frá 1. mars 1979 skal greiða verðbætur á laun samkvæmt verðbótavísitölu 151 stig, að viðbættri þeirri stigatölu, er verðbótavísitala reiknuð samkvæmt ákvæðum kjarasamninga hækkar frá 1. desember 1978 til 1. mars 1979, sbr. þó ákvæði I. kafla laga nr. 96/1978 um kjaramál.

...

1978 Nr. 109 30. des.

Lög um niðurfærslu vöruverðs og verðbótavísitölu í september 1978.

■ **1. gr.** Nú er ákveðin aukin niðurgreiðsla vöruverðs eða lækkun óbeinna skatta á því greiðslutímabili verðbóta, er hófst 1. september 1978, og skal þá Kauplagsnefnd reikna nýja verðbótavísitölu í samræmi við ákvæði kjarasamninga, er taki gildi þann dag, er aukin niðurgreiðsla eða lækkun óbeinna skatta kemur til framkvæmda, og gildir til loka greiðslutímabilsins. Verðbótavísitala þessi skal miðuð við smásöluverð á viðkomandi vöru eða vörum í ágústbyrjun 1978 að frádreginni þeirri verðlækkun, er niðurgreiðsluaukningin eða skattalækkunin veldur, og það eins þótt vöruverð hafi hækkað af öðrum ástæðum síðan í ágústbyrjun 1978.

□ Endanleg reikningsskil fyrirfram greiddra septemberlauna 1978, vegna breyttrar verðbótavísitölu, skulu fara fram um leið og næsta greiðsla mánaðarlauna á sér stað.

□ Eftir á greidd laun fyrir vinnu fyrstu daga septembermánaðar fram að gildistöku nýrrar verðbótavísitölu í september 1978, sbr. 1. mgr., skulu til bráðabirgða greiðast samkvæmt launakjörum, er giltu í ágúst 1978. Endanlegt uppgjör þessarar eftirlaunagreiðslu skal fara fram svo skjótt sem við verður komið, og eigi síðar en í septemberlok 1978.

1978 Nr. 121 30. des.

Lög um kjaramál.

I. kafli. Um kjarasamninga og greiðslu verðbóta á laun.

■ **1. gr.** 1. og 2. gr. laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum og lög nr. 63 24. maí 1978 um breyting á þeim lögum skulu falla úr gildi 1. september 1978.

■ **2. gr.** Frá 1. september 1978 skal hámark verðbóta á mánuði fyrir fulla dagvinnu vera hið sama í krónutölu og reiknast samkvæmt ákvæðum almennra kjarasamninga, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, á þau dagvinnulaun sem voru 200 000 krónur á mánuði miðað við verðbótavísitölu þá er gilti 1. desember 1977 til 28. febrúar 1978, sbr. þó 3. gr.

□ Hámark verðbóta skal breytast með áfangahækkun launa frá því í desember 1977.

□ Setja má með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, þar með hvað skuli telja laun fyrir fulla dagvinnu, m. a. samkvæmt kjarasamningum sjómanna.

■ **3. gr.** Frá 1. desember 1978 og þar til um annað hefur verið samið skulu grunnlaun og tilhögun verðbóta

1978 Nr. 121 30. des.

á laun haldast óbreytt eins og ákveðið er frá 1. september 1978 samkvæmt almennum kjarasamningum, sem gerðir voru á árinu 1977 og á fyrstu fimm mánuðum 1978, og samkvæmt lögum þessum.

...

III. kafli. Um niðurfærslu vöruverðs og verðlagseftirlit.

■ **5. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að auka niðurgreiðslur vöruverðs frá því stigi sem gilti í ágústlok sem svarar 4.9% af verðbótavísitölu eins og hún er fyrir gildistöku þessara laga.

■ **6. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að fella niður sölugjald af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, drykkjarvörum eða drykkjarvöruflokkum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum.

□ Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, svo og um bókhald og sölugjaldsframtal þeirra sem versla með þessar vörur.

■ **7. gr.** [Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var fyrir 1. janúar 1981 til 1. maí 1981 nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstjórnarinnar.][1)]

□ Frá 11. september 1978 skal lækka hundraðshluta verslunarálagningar sem því svarar að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofnsins, sem leiðir af hækkun á verði erlends gjaldeyris frá því gengi sem gilti 28. ágúst 1978, miðað við þá álagningarreglu sem gilti samkvæmt ákvörðun Verðlagsnefndar þann dag.

□ Ekki má hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum frá því sem var 9. september 1978 með breytingum skv. 2. mgr., nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og staðfestingu ríkisstjórnarinnar, sbr. 1. mgr. Gildir þetta einnig um hvers konar umboðslaun vegna sölu vöru eða þjónustu og um hvers konar álagningu sem ákveðin er sem hundraðshluti á seldá vöru eða þjónustu, þar með vinnu.

□ Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. taka einnig til verðs hvers konar vöru og þjónustu sem ríki, sveitarfélög, stofnanir þessara aðila eða aðrir opinberir aðilar láta í té gegn gjaldi.

□ Ríkisstjórnin getur ákveðið lækkun á verði vöru eða þjónustu telji hún til þess gilda ástæðu eða brýna nauðsyn.

[1)] *L. 10/1981, 1. gr.*

1979 Nr. 13 10. apríl

Lög um stjórn efnahagsmála o. fl.[1)]

[1)] *Rg. 9/1980, um Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins. Rg. 405/1979, sbr. 534/1980, um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum.*

I. kafli. Um stefnumörkun í efnahagsmálum.

■ **1. gr.** Meginmarkmið stefnunnar í efnahagsmálum eru að tryggja næga og stöðuga atvinnu, að halda verðhækkunum í skefjum, að stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings.

□ Ráðstafanir stjórnvalda í efnahagsmálum og fjármálum skulu jafnan við það miðaðar, að stefnt sé að framangreindum markmiðum á þann hátt, að þeirra á milli sé hæfilegt jafnvægi og fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar sé ekki teflt í tvísýnu.

1979 Nr. 13 10. apríl

■ **2. gr.** Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar það er saman komið, leggja til kynningar skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir það ár, sem í hönd fer. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir framvindu mikilvægustu þjóðhagsstærða á því ári, sem er að líða, og horfum á hinu næsta. Þá skal í skýrslunni greina frá þeim markmiðum, sem ríkisstjórnin setur sér um hagþróun á næsta ári, og helstu efnahagsráðstöfunum, sem hún hyggst beita til þess að þau náist.

□ Skýrslan um þjóðhagsáætlun skal lögð fram svo tímanlega, að umræður um hana geti farið fram á sama tíma og um stefnuræðu forsætisráðherra, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga nr. 115 19. nóv. 1936 um þingsköp Alþingis, sbr. lög nr. 54 29. maí 1972 um breyting á þeim lögum.

II. kafli. Um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda.

■ **3. gr.** Efla skal reglubundið samráð og samstarf stjórnvalda og launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum.

■ **4. gr.** Þátttakendur í samráði samkvæmt 3. gr. skulu vera fulltrúar launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda og opinberra aðila. Samráðsfundi má halda bæði með fulltrúum einstakra samtaka og fulltrúum ríkisstjórnarinnar og öllum samráðsaðilum í senn. Skipa skal starfshópa til að vinna að einstökum málaflokkum á vegum ríkisstjórnarinnar.

■ **5. gr.** Verkefni samráðs þessa skal m. a. vera:

1. Að ræða meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstjórnarinnar frá ári til árs og til lengri tíma, í því skyni að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum á sviði opinberra fjármála, peninga- og lánamála, lífeyrismála og verðlagseftirlits af opinberri hálfu, og á sviði kjaramála af hálfu aðila vinnumarkaðarins.

2. Að fjalla um þjóðhags-, fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, tekjustefnu og forsendur þeirra.

3. Að fjalla um önnur þau atriði, sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, kjara- og launamála og efnahagsmála almennt.

...

V. kafli. Um framfarir í atvinnuvegum og hagræðingu í atvinnurekstri.

■ **22. gr.** Ráðuneyti einstakra atvinnuvega skulu hafa forgöngu um gerð atvinnuvegaáætlana hvert á sínu sviði.

□ Við áætlanagerðina skal sérstaklega miða að frekari vinnslu og bættri nýtingu innlendra hráefna og aukinni framleiðni atvinnuveganna og traustum rekstrargrundvelli þeirra. Jafnframt skulu kannaðar hugmyndir og gerðar áætlanir um nýjar atvinnugreinar, er treyst gætu undirstöðu þjóðarbúskaparins. Við undirbúning og skipulagningu áætlana skal leggja áherslu á skynsamlega og hagkvæma ráðstöfun auðlinda og skipulega landnýtingu til lengri tíma. Ennfremur skal hafa í huga æskilegt jafnvægi milli einstakra atvinnugreina auk þess sem áætlanir stuðli að skipulegri byggðastefnu og eflingu atvinnustarfsemi á félagslegum grundvelli.

■ **23. gr.** Nauðsynleg samræming við gerð atvinnu-

vegaáætlana skal tryggð sameiginlega af ráðherrum viðkomandi atvinnugreina ásamt forsætisráðherra. Jafnframt skulu þessir aðilar sjá til þess, að samræmi sé milli atvinnuvegaáætlana og fjárfestingar- og lánsfjáráætlana, sbr. IV. kafla laganna, og áætlunar þeirrar um meginstefnu í ríkisbúskapnum, sem mælt er fyrir um í 7. gr. laganna.[1)]

☐ Fela má opinberum stofnunum, sem starfa að áætlanagerð og tengdum verkefnum, vinnu við gerð atvinnuvegaáætlana eftir því, sem við á. Við undirbúning atvinnuvegaáætlana og aðgerða til hagræðingar í atvinnurekstri skal leita álits og tryggja samráð við samtök í viðkomandi greinum.

[1)] *Sjá II. c. 2. Fjárreiður ríkisins.*

■ **24. gr.** Ríkisstjórnin leggur atvinnuvegaáætlanir fyrir Alþingi sem þingsályktunartillögur eða lagafrumvörp, eftir því sem við á.

■ **25. gr.** Til stuðnings áætlanagerðar um atvinnuvegina skal efla rannsóknastarfsemi í þeirra þágu með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum.

■ **26. gr.** Til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins mun ríkisstjórnin á árinu 1979 útvega sérstaklega 1000 m. kr. að láni. Á árinu 1980 mun ríkisstjórnin beita sér fyrir sérstakri fjáröflun í sama skyni, að upphæð 2000 m. kr.

☐ Setja skal reglur um skiptingu þessa fjármagns til atvinnuveganna með tilliti til þess heildarfjármagns, sem til hagræðingarmála er ætlað.

■ **27. gr.** Efla skal skýrslugerð um fjárfestingu í atvinnuvegunum og tengja hana fjárfestingaráætlun hvers árs og stefnumarkandi áætlunum fyrir atvinnuvegina.

☐ Framkvæmdastofnun ríkisins skal fylgjast með framkvæmd atvinnuvegaáætlana.

VI. kafli. Um peninga- og lánamál.

■ **28. gr.** Seðlabanki Íslands skal sjá um að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar í efnahags- og verðlagsmálum eins og það er sett fram í skýrslu ríkisstjórnarinnar um þjóðhagsáætlun skv. 2. gr. þessara laga.

■ **29. gr.** Samin skal í tengslum við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlana, sbr. 14. gr., áætlun til tveggja ára í senn um útlán bankakerfisins og um þróun lánamarkaðarins í heild, þar með taldar erlendar lántökur.

■ **30. gr.** Á árinu 1979 skal að því stefnt, að aukning peningamagns í umferð fari ekki fram úr 25% frá upphafi til loka árs að teknu tilliti til árstíðabundinna sveiflna. Á sama hátt skal að því stefnt að vöxtur peningamagns verði að minnsta kosti 5% hægari á árinu 1980 en á árinu 1979. Frá þessum markmiðum má þó víkja, ef óvæntar breytingar verða á þjóðarbúskapnum, t. d. þannig, að atvinnuöryggi sé í hættu, eða ef séð er, að forsendur þjóðhagsspár um verðþróun á árinu 1979 standist ekki.

...

VII. kafli. Um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

■ **34. gr.** Stefna skal að því að verðtryggja sparifé landsmanna og almannasjóða. Í því skyni er heimilt, eins og nánar greinir í þessum kafla, að mynda sparifjárreikninga og stofna til lánsviðskipta í íslenskum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris, sbr. 39. gr.

■ **35. gr.** Ákvæði þessa kafla gilda um skriflegar skuldbindingar, þar sem skuldari lofar að greiða peninga, hvort sem um er að ræða lánað fé, endurgjald eða eftirstöðvar endurgjalds fyrir verðmæti, sem hafa verið seld eða afhent.

■ **36. gr.** Seðlabanki Íslands skal hafa umsjón með framkvæmd ákvæða þessa kafla. Hann veitir heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum.

☐ Reglur um verðtryggingu skulu einkum við það miðaðar að tryggja allt sparifé, sem bundið er til þriggja mánaða eða lengur, gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana.

☐ [Stofna skal til verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, þar sem binda má fé til sex mánaða.][1)]

[1)] *L. 10/1981, 3. gr.*

■ **37. gr.** Seðlabankinn gefur út, hvaða reglur skuli gilda um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

■ **38. gr.** Ákvæði þessa kafla taka ekki til þeirra skuldbindinga, sem innlendir aðilar taka á sig gagnvart aðilum búsettum erlendis, að öðru leyti en því, er kveðið er á um í þessari og 39. gr.

☐ Heimilt er þeim, sem endurlánar erlent lánsfé, að áskilja, að hið innlenda lán ásamt vöxtum endurgreiðist miðað við sama gengi og gildir um endurgreiðslu hins erlenda láns.

☐ Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við hærra gengi en gilti, þegar erlenda lánið var greitt.

■ **39. gr.** Það eru skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum:

1. að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn;

2. að við endurlán verðtryggðra peningalána standist verðtryggingarákvæði í aðalatriðum á í báðum samningum;

3. að Seðlabankinn ákveði vexti og dráttarvexti af verðtryggðum skuldbindingum skv. 13. gr. laga nr. 10/1961;

4. að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir:

a. miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma;

b. miðað sé við gengi erlends gjaldeyris þar sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum eða reglugerð.

☐ Seðlabankinn skal birta vísitölur, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum.

☐ Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um endurlán erlends lánsfjár samkvæmt 38. gr.

■ **40. gr.** Bönkum og öðrum innlánsstofnunum er heimilt að taka á móti sparifé og öðrum innistæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé, auk jafnvirðis eigin fjár með verðtryggingu, í samræmi við ákvæði þessa kafla.

☐ Heimilt er að ákveða verðtryggingu í því formi, að sérstakur verðbótaþáttur vaxta, sem sé tengdur verð-

lagsbreytingum með formlegum hætti, leggist við höfuðstól láns eða sé hluti forvaxta.

□ Ákvarðanir samkvæmt þessari grein ber að tilkynna opinberlega á sama hátt og vaxtaákvarðanir, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.

■ **41. gr.** Ákvæði 40. gr., um verðtryggingarkjör við banka og aðrar innlánsstofnanir, gilda einnig í sambærilegum viðskiptum utan banka og innlánsstofnana á grundvelli auglýsinga Seðlabankans þar um, sbr. 39. og 40. gr.

□ Önnur verðtryggð viðskipti utan banka og innlánsstofnana fara eftir þeim reglum, sem Seðlabankinn setur, skv. ákvæðum þessa kafla.

■ **42. gr.** Opinberir fjárfestingarlánasjóðir hafa heimild til að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lánskjör slíkra lána eru ákveðin á þann hátt, sem greinir í 11. gr. laga nr. 13/1975.

□ Öðrum fjárfestingarlánasjóðum er og heimilt að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lánskjör slíkra lána skulu vera í samræmi við reglur samkvæmt 2. mgr. 41. gr.

■ **43. gr.** Viðurkenndum lífeyrissjóðum skal heimilt að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum, tryggðum með veði í íbúðarhúsum og með hliðstæðum vaxta- og verðtryggingarkjörum og gilda um íbúðalán Húsnæðismálastofnunar ríkisins við Veðdeild Landsbankans á hverjum tíma. Kjör annarra verðtryggðra lána lífeyrissjóða skulu vera í samræmi við reglur er Seðlabankinn setur, sbr. 2. mgr. 41. gr.

■ **44. gr.** Rísi ágreiningur um grundvöll og/eða útreikning verðtryggingar, getur hver málsaðili vísað honum til þriggja manna nefndar, en hún fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Verði gerð breyting á grundvelli einhverrar vísitölu, sem leyfð hefur verið í verðtryggðum samningum, skal nefndin fella úrskurð um það, hvernig umreikna skuli milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar, en auk hans tilnefnir Hæstiréttur mann í nefndina og Seðlabankinn annan.

■ **45. gr.** Við skráningu veðtryggðra skuldbindinga með ákvæðum um verðtryggingu hjá hlutaðeigandi embættismönnum, er þinglýsingar annast, skal þess gætt, að verðtryggingar sé getið í veðmálaskrám og að þær komi fram á veðbókarvottorðum.

■ **46. gr.** Eftirtalin lagaákvæði um vaxtakjör og verðtryggingarákvæði í lánssamningum skulu halda gildi sínu eftir að þessi lög taka gildi: Lög nr. 68/1967, 6. gr., um Iðnlánasjóð. Lög nr. 9/1970, 3. liður fylgiskjals um Iðnþróunarsjóð. Lög nr. 97/1976, 22. gr., um Framkvæmdastofnun ríkisins. Lög nr. 44/1976, 16. gr., um Fiskveiðasjóð Íslands. Lög nr. 60/1976, 3. og 4. mgr. 31. gr., um skipulag ferðamála. Lög nr. 10/1964, 3. gr., um Seðlabanka Íslands. Lög nr. 59/1964, 2. gr., um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán með áorðnum breytingum í lögum nr. 23/1965. Hið sama gildir um hliðstæðar yngri heimildir ríkissjóðs til útgáfu og sölu spariskírteina og happdrættislána ríkissjóðs, skv. fjárlögum eða öðrum lögum, sbr. lög nr. 7/1974. Lög nr. 30/1970, 5. og 10. gr., um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Lög nr. 13/1975, 11. gr., um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl. Lög nr. 114/1978 um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 10 13. maí 1964.

■ **47. gr.** Með gildistöku ákvæða þessa kafla falla úr gildi lög nr. 71 frá 6. maí 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga svo og önnur ákvæði í lögum, sem fara í bága við ákvæði þessa kafla. Þegar áunnin réttindi og skyldur skv. fyrri lögum skulu þó halda gildi sínu.

VIII. kafli. Um verðbætur á laun.[1)]

[1)] *Rg. 214/1979.*

■ **48. gr.** Greiða skal verðbætur á laun hinn 1. júní 1979 og síðan á þriggja mánaða fresti miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu, sem Kauplagsnefnd reiknar (með tveimur aukastöfum) á sama tíma og vísitölu framfærslukostnaðar.

■ **49. gr.** Verðbótavísitala reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar og hefur grunntöluna 100 miðað við febrúarvísitölu 1979.

■ **50. gr.** Við útreikning verðbótavísitölu samkvæmt 49. gr. skal draga frá framfærsluvísitölu þá hækkun hennar eða lækkun, er leiðir af eftirtöldum breytingum milli útreikningsdaga verðbótavísitölu:

1. Breytingar búvöruverðs, er leitt hefur af breytingum á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru og stafa af launahækkun á almennum vinnumarkaði. Gildir þetta eins, þótt slík verðhækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti.

2. Breytingar á sköttum eða gjöldum eða álagning sérstakra skatta í því skyni að afla fjár til þess að draga úr áhrifum hækkunar olíuverðs á árunum 1979 og 1980 á framfærslukostnað þeirra heimila, sem hita hús sín með olíu. Verði fé varið úr ríkissjóði umfram áætlun fjárlaga 1979 til þessara þarfa án þess að skattar eða gjöld séu hækkuð af þeim sökum, eða á lagður sérstakur skattur, skal einnig draga jafngildi slíkrar fjárveitingar frá hækkun framfærsluvísitölu við útreikning verðbótavísitölu. Kauplagsnefnd skal meta þennan frádráttarlið sérstaklega hverju sinni, í fyrsta sinn við útreikning verðbótavísitölu frá 1. júní 1979.

3. Breytingar á áfengis- og tóbaksverði.

□ Leiðréttingar samkvæmt þessari grein eru gerðar sérstaklega hverju sinni og safnast ekki upp sem sérstakur vísitöluliður.

■ **51. gr.** Rýrni viðskiptakjör þjóðarbúsins á gildistíma þessara laga frá viðskiptakjarastigi ársins 1978 þannig, að innflutningsverð hækki umfram útflutningsverð, skal draga frá hækkun verðbótavísitölu 30% þeirrar hlutfallstölu, sem viðskiptakjararýrnuninni nemur. Við mat á viðskiptakjaraviðmiðun verðbóta frá 1. júní 1979 skal byggt á viðskiptakjaravísitölu Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar fyrir fyrsta ársfjórðung 1979 að tveimur þriðju, en að einum þriðja á mati á viðskiptakjörum á grundvelli dagverðs á helstu útflutnings- og innflutningsvörum eftir miðjan apríl 1979. Hliðstæð tímaviðmiðun skal gilda fyrir viðskiptakjaramat við síðari verðbótaútreikning.

□ Á sama hátt og í 1. málsgrein segir, skal viðskiptakjarabati koma til hækkunar verðbótavísitölu við verðbótaútreikning. Ekki skal taka tillit til breytinga á viðskiptakjörum samkvæmt þessari grein, nema breytingin nemi 1% eða meira milli útreikningsdaga verðbótavísitölunnar.

1979 Nr. 13 10. apríl

■ **52. gr.** Kauplagsnefnd setur nánari reglur um framkvæmd 48.—51. gr þessara laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ I. Verðbætur samkvæmt ákvæðum 48.—51. gr. greiðast á grunnkaup sem svo er ákveðið: Greitt kaup í mars 1979, þ. e. grunnlaun, verðbætur og verðbótaauki samkvæmt þágildandi samningum og lögum, telst grunnkaup við upphaf gildistíma þessara laga. Grunnkaup þetta skal haldast óbreytt þar til um annað hefur verið samið. Að því er varðar félagsmenn í BSRB og BHM fer þó eftir samkomulagi því, sem gert hefur verið við fjármálaráðuneytið. Ákvæði þessara laga breyta í engu rétti til að gerðir séu nýir kjarasamningar, jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun.

■ **II.** Þrátt fyrir ákvæði 51. greinar skal frádráttur frá verðbótavísitölu hinn 1. júní 1979 vegna rýrnandi viðskiptakjara hæst nema 2% af verðbótavísitölu þann dag. Það, sem umfram 2% frádrátt kann að reynast, skal tekið til greina þegar reiknuð verður verðbótavísitala frá 1. september 1979.

□ Þó skal frádráttur frá hækkun verðbóta skv. ákvæðum 50. gr. ekki breyta rétti til verðbóta hinn 1. júní 1979 á laun, sem lægri eru en 210 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, sbr. 1. mgr. þessara ákvæða til bráðabirgða. Hinn 1. september 1979 skal breyting verðbóta frá 1. júní vegna viðskiptakjaraáhrifa vera hin sama fyrir þessi laun og aðra launataxta. Hinn 1. desember 1979 skal síðan gilda sama vísitala við ákvörðun verðbóta á öll laun eins og hún verður ákveðin skv. 48. til 51. gr. þessara laga. Kveða skal nánar á með reglugerð um framkvæmd þessara ákvæða, þar með hvað telja skuli laun fyrir fulla dagvinnu og hvernig tryggja skuli, að ákvæði þessi valdi ekki óeðlilegri röskun milli launataxta, og má í því skyni setja reglur um það, hvernig fara skuli með verðbætur á laun sem eru allt að 220 000 krónum á mánuði, sbr. hér að framan.

□ Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir fulla dagvinnu, að jafnan sé miðað við endanlegan kauptaxta að meðtöldum hvers konar álögum, þó ekki erfiðis- og óþrifaálagi. Sama skal gilda um kauptaxta, sem ákveðnir eru sem hlutfall af öðrum kauptaxta, að miða skal við hinn endanlega taxta, en ekki grunninn, sem hann er á reistur. Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíræðum hætti til útlagðs kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með taxta skal einnig telja vaktaálag að því leyti sem það kann að vera hærra en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu- og helgidagaálags.

□ Þegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu skv. ákvæðisvinnutöxtum til ákvörðunar verðbóta skv. þessu ákvæði, skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu, og fyrirliggjandi upplýsinga Kjararannsóknarnefndar um tekjur ákvæðisvinnufólks.

■ **III.** Þá skulu elli- og örorkulaun og aðrar hliðstæðar tryggingabætur njóta sömu meðferðar og laun undir 210 000 markinu og frá sama tíma.

■ [**IV.** Draga skal sérstaklega 2,9 prósentustig frá þeirri verðbótahækkun launa, er skal eiga sér stað frá 1. september 1982 vegna ákvæða í 48.—52. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.][1)]

[1)] *L. 2/1983, 11. gr.*

...

XII. kafli. Reglugerðarheimild, gildistaka o. fl.

1979 Nr. 13 10. apríl

■ **65. gr.** Forsætisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd I., II., V. og VIII. kafla[1)] og almenna framkvæmd laga þessara.

□ Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd III. og IV. kafla.

□ Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd VI., VII. og X. kafla.

[1)] *Rg. 214/1979.*

■ **66. gr.** Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

Lög um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

1981 Nr. 10 13. apríl

...

■ **4. gr.** Kauplagsnefnd skal reikna vísitölu framfærslukostnaðar miðað við verðlag í janúarbyrjun 1981. Heildarútgjöld vísitölunnar þá skulu vera sú grunnupphæð, er síðari breytingar hennar miðast við, og jafngilda því grunntölu 100 1. janúar 1981. Síðan skal vísitalan reiknuð miðað við byrjun mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember 1981, og eftir það fjórum sinnum á ári í sömu mánuðum, eftir grundvallarreglum, sem Kauplagsnefnd setur. Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

□ Nú óskar stjórn Alþýðusambands Íslands eða stjórn Vinnuveitendasambands Íslands eftir því, að vísitala framfærslukostnaðar verði reiknuð aukalega í öðrum mánuði en skylt er að reikna hana samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, og skal þá Kauplagsnefnd verða við þeirri ósk, enda sé hún borin fram með minnst tveggja vikna fyrirvara.

■ **5. gr.** Á tímabilinu 1. mars til 31. maí 1981 skal greiða verðbætur á laun, eins og þau eru í ársbyrjun, í hlutfalli við breytingu vísitölu framfærslukostnaðar frá grunntölu hennar í janúarbyrjun til febrúarbyrjunar 1981. Þó skulu verðbætur á laun 1. mars 1981 ekki vera meira en 7 prósentustigum lægri en orðið hefði samkvæmt ákvæðum laga nr. 13 1979. Á hverju þriggja mánaða tímabili frá 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1981 skal síðan greiða verðbætur á laun samkvæmt hlutfallslegri breytingu á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. febr. til 1. maí, 1. maí til 1. ágúst, og 1. ágúst til 1. nóv. 1981.

□ Við útreikning á breytingu vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt fyrstu málsgrein skal miða við hana að frádregnum áfengis- og tóbaksliðum.

□ Verðbætur 1. júní, 1. september og 1. desember á þann hluta dagvinnulauna, sem er yfir 725 þúsund krónur á mánuði, eða hliðstæð vikulaun og tímalaun, skulu skerðast skv. ákvæðum 50. gr. laga nr. 13. frá 1979, og breytist þessi viðmiðunartala í samræmi við áorðna hækkun verðbótavísitölu.

■ **6. gr.** Verðbætur á laun samkvæmt þessum lögum skulu reiknaðar með tveimur aukastöfum. Kauplagsnefnd tilkynnir opinberlega hverju sinni, hvaða verðbætur skuli greiddar á laun.

■ **7. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1981, sem þar er gert ráð fyrir, eða í lánsfjáráætlun fyrir sama ár, telji hún það nauðsynlegt. Tekur þetta einnig til

1981 Nr. 10 13. apríl

fjárlagaliða, sem jafnframt eru ákveðnir með öðrum lögum en fjárlögum.

1981 Nr. 12 30. apríl

Lög um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.

■ **1. gr.** Verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé má ekki hækka fram til 31. desember 1981 frá því sem það var 30. apríl 1981, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neinar hækkanir umfram brýnustu nauðsyn. Miða skal verðlagsákvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum sem ríkisstjórnin ákveður á hverjum tíma. Leyfi til verðhækkana innan þeirra marka sem ríkisstjórnin setur hverju sinni tekur gildi með samþykkt viðkomandi verðlagsyfirvalda og staðfestingu viðskiptaráðherra. Sé samþykkt verðlagsyfirvalda umfram hin settu mörk tekur hækkunin ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ríkisstjórnarinnar.

■ **2. gr.** Fari aðili eða samtök aðila ekki að fyrirmælum réttra verðlagsyfirvalda er verðlagsstofnun heimilt að krefjast þess að fógeti leggi lögbann við byrjuðu eða yfirvofandi broti á fyrirmælunum.

□ Ákvæði III. kafla laga nr. 18 frá 22. mars 1949 um kyrrsetningu og lögbann taka og til lögbanns samkvæmt þessari grein eftir því sem við á.

■ **3. gr.** Í 1. gr. B laga nr. 77 23. des. 1980 um vörugjald komi 17% í stað 30% frá 1. maí 1981. Fyrir tímabilið 1. mars til 30. apríl 1981 skal fjármálaráðherra heimilt að lækka eða endurgreiða vörugjald þetta um fjárhæð sem nemur allt að ⅙ hluta gjaldsins.[1)]

□ Við innheimtu vörugjalds af innfluttum vörum, sem ekki hafa verið tollafgreiddar við gildistöku laga þessara, fer eftir ákvæðum 14. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

[1)] *Rg. 634/1980, sbr. 234/1981, 244/1981.*

■ **4. gr.** Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga og lánsfjárlaga ársins 1981 svo og sérstakra laga, sem gilda um einstaka útgjaldaliði, er ríkisstjórninni heimilt að lækka ríkisútgjöld, þar með talin lögbundin framlög, um allt að 31 milljón króna.

■ **5. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. laga nr. 13/1979 skal Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða hærri og sveigjanlegri bindiskyldu innlánsstofnana á tímabilinu 1. maí 1981 til 30. apríl 1983 en kveðið er á um í lögunum.

1983 Nr. 2 28. febr.

Lög um efnahagsaðgerðir.

■ **1. gr.** Vegna samdráttar þjóðartekna og í þeim tilgangi að draga úr víxlgangi kaupgjalds og verðlags skal að því er varðar tímabilið 1. desember 1982 til 28. febrúar 1983 fella niður helming af þeirri verðbótahækkun launa er ella hefði orðið vegna ákvæða í 48.—52. gr. laga nr. 13/1979, sbr. 5. gr. laga nr. 10/1981.

□ Ákvæði 1. mgr. skal einnig taka til launa í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og í vinnslu- og dreifingarkostnaði búvara, sbr. lög nr. 95/1981.

□ Þegar verð á þeim fisktegundum, sem tilgreindar eru í tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11/1982, er ákveðið í fyrsta skipti eftir 1. september 1982, skal meðalhækkun á verði þeirra fisktegunda ekki vera meiri en nemur hækkun verðbóta á laun eftir 1. september til þess tíma, er fiskverðsákvörðun tekur gildi, að teknu tilliti til 1. mgr. þessarar greinar.

1983 Nr. 2 28. febr.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að sérstakar bætur, allt að 50 millj. króna, verði greiddar úr ríkissjóði til láglaunafólks á árinu 1982. Tilhögun þessara bóta verður ákveðin í samráði við samtök launafólks.

■ **3. gr.** Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 23. ágúst 1982, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 6,5% gengismun.

□ Útfluttar skreiðarafurðir skulu greiddar á því kaupgengi, sem í gildi er þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil. Að öðru leyti kveður ríkisstjórnin nánar á um til hvaða annarra afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

□ Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða sem þessi lög taka til.

■ **4. gr.** Gengismunur, sem myndast samkvæmt ákvæðum 3. gr., skal lagður í sérstakan gengismunarsjóð, sem skal varið í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

1. Krónum 80 milljónum skal varið til greiðslu óafturkræfs framlags til togara til að bæta rekstrarafkomu þeirra vegna aflabrests á fyrri hluta þessa árs. Skal Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins annast greiðslur þessar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. Krónur 15 milljónir til loðnuvinnslustöðva samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

3. Krónur 10 milljónir í Fiskimálasjóð, sem verði ráðstafað til orkusparandi aðgerða í útgerð og fiskvinnslu og til fræðslu um gæði og vöruvöndun í sjávarútvegi samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

4. Krónur 5 milljónir í lífeyrissjóði sjómanna, samkvæmt nánari reglum sem ríkisstjórnin setur, að höfðu samráði við sjómannasamtökin.

5. Eftirstöðvar, þar með taldir vextir, renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur, að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

■ **5. gr.** Heimilt er sjávarútvegsráðherra að ákveða, að eftirstöðvar þess fjár, sem er í vörslu Fiskveiðasjóðs Íslands, sbr. a- og b-lið 17. gr. laga nr. 79/1968, b-lið B málsliðar 3. gr. laga nr. 2/1978 og 2. tl. b-liðar 3. gr. laga nr. 22/1979, renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa til lækkunar á skuldum og/eða fjármagnskostnaði fiskiskipa, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur að höfðu samráði við stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna.

■ **6. gr.** Þegar eftir gildistöku laga þessara skal lækka hundraðshluta verslunarálagningar sem því svarar að leyfð hefði verið álagning á 30% þeirrar hækkunar álagningarstofnsins, sem leiðir af hækkun á verði erlends gjaldeyris frá því gengi sem gilti 11. ágúst 1982

1983 Nr. 2 28. febr.

miðað við þær álagningarreglur, sem í gildi voru samkvæmt ákvörðunum verðlagsráðs þann dag.

□ Ekki má hækka hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu, eða öðrum viðskiptum frá því sem var 12. ágúst 1982 með breytingum skv. 1. mgr., nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda.

■ **7. gr.**[1)]

[1)] *L. 107/1978, 1. gr., sbr. l. 2/1983, 7. gr. í Stjtíð.*

■ **8. gr.** Hið hækkaða vörugjald sem skv. 7. gr. þessara laga skal lagt á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 23. ágúst 1982 skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 23. ágúst 1982 og af innfluttum vörum sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 23. ágúst 1982. Sama gildir um innheimtu gjalds af vörum sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

□ Af birgðum, sem innlendir framleiðendur gjaldskyldra vara skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 með síðari breytingum eiga hinn 22. ágúst 1982, skal greiða sérstakt vörugjald eins og það var ákveðið fyrir gildistöku þessara laga en undanþiggja birgðir innlendra framleiðsluvara sérstöku vörugjaldi sem við gildistöku þessara laga verða gjaldskyldar, þrátt fyrir að sala eða afhending af vörubirgðum þessum fari fram eftir 22. ágúst 1982, enda liggi fyrir staðfesting af hálfu tollstjóra í því umdæmi þar sem framleiðsla fer fram um stöðu birgða hinn 22. ágúst 1982. Vegna birgðatalningar skal framleiðandi gera sérstaka birgðatalningarskýrslu um vörumagn og verksmiðjuverð birgða hinn 22. ágúst 1982, sem afhent skal tollstjóra. Birgðatalning og staðfesting hennar skal fara fram innan viku frá gildistöku laga þessara. Staðfest birgðatalningarskýrsla skal fylgja skýrslu vegna skila á sérstöku tímabundnu vörugjaldi fyrir tímabilið 1. júlí til 30. september 1982. Við álagningu og skil á sérstöku vörugjaldi eða undanþágu frá greiðslu þess samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar skal telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur sem framleiðandi átti í birgðum hinn 22. ágúst 1982. Þannig skal draga heildarandvirði birgða hinn 22. ágúst 1982 frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 og greiða af mismuninum sérstakt vörugjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, sbr. 7. gr. þessara laga. Sé heildarandvirði birgða 22. ágúst 1982 hærra en vörusala á tímabilinu 23. ágúst til 30. september 1982 skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá síðari sölu eða afhendingu uns vörusala eða afhending fer fram úr verðmæti birgða 22. ágúst 1982. Nú ber vörugjaldskyldum framleiðanda að greiða á sama gjalddaga sérstakt vörugjald annars vegar vegna sölu eða afhendingar vörugjaldsskyldra vara fyrir 23. ágúst 1982 eða sölu eða afhendingar á birgðum samkvæmt þessari málsgrein og hins vegar sérstakt vörugjald skv. 7. gr. þessara laga, skal hann skila tveimur skýrslum vegna skila á sérstöku vörugjaldi, annarri vegna álagningar sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga og hinni vegna álagningar gjaldsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 107/1978 eins og þau voru fyrir gildistöku þessara laga, og skal sama gilda vegna lækkunar gjaldsins 1. mars 1983. Verði breytingar á verksmiðjuverði birgða frá því sem tilgreint hefur verið í birgðatalningarskýrslu, skal við álagningu sérstaks vörugjalds samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar leggja hið nýja verksmiðjuverð til grundvallar, en gera skal innheimtumanni ríkissjóðs skriflega grein fyrir slíkum breytingum.

□ Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 23. ágúst 1982 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga gildir frá og með 23. ágúst 1982, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir septemberlok 1982. Sama á við um þær vörur sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

□ Hafi innflytjandi fyrir 23. ágúst 1982 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan tollafgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga gildir til og með 22. ágúst en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 4. september 1982. Sömu tímamörk gilda um tollafgreiðslu vara sem gjaldskyldar verða skv. c-lið 7. gr.

■ **9. gr.** Við beitingu 3. mgr. 3. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1980, skal á tímabilinu 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 hækka sérstakt vörugjald í 40% eða lækka í 32% í stað þess að hækka gjaldið í 30% eða lækka í 24% eins og þar greinir.

■ **10. gr.**[1)]

[1)] *L. 120/1976, 11. gr.*

■ **11. gr.**[1)]

[1)] *L. 13/1979, viðbót við brbákv. í VIII. kafla.*

■ **12. gr.** Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

1983 Nr. 2 28. febr.

Lög um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

1969 Nr. 40 9. maí

■ **1. gr.** Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1969 greiða ríkissjóði 60% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 60% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir.

□ Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi, svo sem fyrir er mælt í 1. mgr. þessarar gr.

Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

1962 Nr. 28 17. apríl

■ **1. gr.** ...[1)]

[1)] *1.—5. gr. hafa ekki lengur raunhæft gildi; um 1. gr., sjá l. 69/1967, 5. gr.*

■ **6. gr.** Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 4. ágúst 1961. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falli undir ákvæði þessarar málsgr.,

1962 Nr. 28 17. apríl

og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

☐ Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi samkvæmt 1. málsgr. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Skal nota fé á þessum reikningi til greiðslu gengistaps vegna skuldar ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn, ef það fé, er verður til ráðstöfunar samkvæmt ákvæðum 1. gr., nægir ekki til þess. Af fé á þessum reikningi skal enn fremur greiða hluta útflutningsgjalds og hlutatryggingasjóðsgjalds af sjávarvörum framleiddum á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, samkvæmt nánari ákvæðum 1. málsgr. 7. gr. og 2. málsgr. 8. gr. laga þessara. Að öðru leyti skal fé þetta renna til ríkisábyrgðasjóðs. Þó er heimilt að nota allt að 13 milljónum króna til þess að greiða það, sem á vantar, að fé útflutningssjóðs hrökkvi til greiðslu vátryggingargjalda fiskiskipa árið 1960.

■ **7. gr.** ...[1)]

[1)] *Nú l. 5/1976.*

■ **8. gr.** ...

■ **9. gr.** ...

■ **10. gr.** ...[1)]

[1)] *Nú l. 5/1976.*

■ **11. gr.** Eigi er heimilt að stofna til skuldar í íslenzkum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við hærra gengi en gilti, þegar erlenda lánið var greitt.

☐ Ákvæði í lánssamningum, gerðum fyrir gildistöku laganna, um, að endurgreiðsla eða vextir skuli háð gengi erlends gjaldeyris, skulu ekki gild, nema þau séu í samræmi við ákvæði 1. málsgr. þessarar gr.

■ **12. gr.** ...

■ **13. gr.** ...

■ **14. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerðum eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

1967 Nr. 69 25. nóv.

Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

■ **1. gr.** ...

■ **2. gr.** ...

■ **3. gr.** ...

■ **4. gr.** ...

■ **5. gr.** Stofna skal sérstakan gengisbreytingarreikning í Seðlabankanum, og skal á hann færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans. Á þennan reikning skulu einnig færðar eftirstöðvar reikninga vegna gengisbreytinganna 1960 og 1961, sbr. 5. gr. laga nr. 4 frá 20. febrúar 1960 og 1. gr. laga nr. 28 frá 17. apríl 1962.

1967 Nr. 69 25. nóv.

☐ Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir 24. nóvember 1967, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæða þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsgr.

■ **6. gr.** ...

■ **7. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

1968 Nr. 74 12. nóv.

Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

■ **1. gr.** Frá gildistöku þessara laga skal við ákvörðun verðtolls og annarra gjalda á innfluttum vörum, þ. á m. söluskatts, reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi. Sama gildir um annan kostnað í cif-verði, þar á meðal flutningskostnað, sé hann ákveðinn í erlendum gjaldeyri, þannig að krónuvirði hans breytist sjálfkrafa til samræmis við hið nýja gengi, ef greiðsla fer fram eftir gildistöku þessara laga. Á innflutningsfarmskrám, sem farmflytjendur afhenda tollyfirvöldum, skal flutningsgjald tilgreint í íslenzkum krónum.

☐ Í fob-verðmæti skal reikna allan erlendan kostnað, sem á er fallinn, þá er vara er komin í farartæki það, sem flytur hana til Íslands.

☐ Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundraðshluti af vöruverðmæti.

☐ Ákvæði 1. gr. bráðabirgðalaga nr. 68 frá 3. september 1968 um 20% innflutningsgjald falla niður við gildistöku laga þessara að því er varðar allar ótollafgreiddar vörur, sem greiddar eru á nýja genginu. Ber að miða við bankastimplun á vöruskjöl eftir 11. nóvember 1968 sem sönnun um, að gjaldið falli niður og að varan hljóti tollmeðferð skv. 1. málsgrein.

☐ Nú hefur innflytjandi fyrir 11. nóvember 1968 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni, þar með talið 20% innflutningsgjald, skv. lögum nr. 68/1968, við eldra gengið, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 17. nóvember 1968.

☐ Nú eru innflutningsskjöl, sem ekki hljóta tollmeðferð, skv. 5. málsgrein, tollafgreidd eftir 11. nóvember 1968 með bankastimpli fyrir þann dag, og skal þá greiða af hlutaðeigandi vöru 20% innflutningsgjald, skv. lögum nr. 68/1968, er miðist við tollverð hennar á gamla genginu, en tollafgreiðsla að öðru leyti miðist við nýja gengið. Það er forsenda fyrir þessari tollafgreiðslu, að varan hafi verið greidd á gamla genginu. Verði hún greidd á nýja genginu, t. d. þar sem samþykktur hefur verið víxill fyrir henni, sem ógreiddur er, þegar lögin taka gildi, ber innflytjanda að sanna það fyrir tollstjóra með vottorði Gjaldeyrisdeildar bankanna í Reykjavík eða vottorði útibús gjaldeyrisbanka utan Reykjavíkur

1968 Nr. 74 12. nóv.

og fellur þá 20% innflutningsgjaldið niður og varan tollafgreiðist á grundvelli 1. og 4. málsgreina.

☐ Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla, þ. m. t. greiðsla 20% innflutningsgjalds, eigi sér stað fyrir 1. desember 1968.

■ **2. gr.** Óheimilt er vegna gengisbreytingarinnar að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 11. nóvember 1968, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

☐ Verðlagsnefnd skal heimila verzlunarálagningu á sem næst 30% þeirrar hækkunar, sem leiðir af gengisbreytingunni, og sé þá miðað við þá álagningu, sem gilti fyrir gildistöku bráðabirgðalaga nr. 68/1968. Þessi lækkun hundraðshluta álagningar gildir þó ekki um smásölu- og heildsöluálagningu á vöru, þar sem núgildandi heildsöluálagning er 6,5% eða lægri.

■ **3. gr.** Nú á skipafélag kröfu, sem ákvörðuð er í erlendum gjaldeyri eða miðuð við erlendan gjaldeyri, á innlendan aðila vegna farmgjalda af innfluttum vörum, er ekki hafa verið afhentar móttakanda hennar fyrir gildistöku þessara laga, og skal þá einungis heimilt að innheimta slíka kröfu á hinu nýja gengi, að svo miklu leyti sem skipafélagið á ógreiddan kostnað utanlands í erlendum gjaldeyri vegna flutningastarfsemi sinnar, enda komi samþykki verðlagsnefndar til.

■ **4. gr.**[1] Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar fyrir 15. nóvember 1968, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gilti fyrir 11. nóvember 1968. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

☐ Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi, skv. 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. ...[2]

[1] *Sbr. l. 79/1968, 15. gr., og l. 83/1968, 1. gr.* [2] *L. 61/1973, 11. gr.*

■ **5. gr.** Á gengisbreytingarreikning við Seðlabankann, sem stofnaður var skv. 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbréfakaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

☐ Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir 11. nóvember 1968, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæða þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsgr.

☐ Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að gengismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri eftir gildistöku þessara laga vegna verksamninga við erlenda aðila, að því leyti sem verkin hafa verið unnin fyrir setningu þessara laga, skuli færður á gengisreikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, sbr. 4. gr.

■ **6. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

1968 Nr. 74 12. nóv.

Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

1972 Nr. 97 20. des.

■ **1. gr.** Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 18. desember 1972, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða hana þegar í stað, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar lokuðu 15. desember 1972 (gamla gengið), en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 30. desember 1972.

☐ Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir febrúarlok 1973.

■ **2. gr.** Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. janúar 1973, skal hann greiddur útflytjanda á gamla genginu. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

☐ Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á gamla genginu og andvirðis hans á hinu nýja gengi, skv. 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans.

☐ Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar iðnaðarvörur framleiddar fyrir 1. janúar 1973, skuli hann greiddur útflytjanda á gamla genginu. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða vara þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir. Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á gamla genginu og andvirðis hans á hinu nýja gengi, skv. þessari málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum.

☐ Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að gengismismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri eftir gildistöku þessara laga vegna verksamninga við erlenda aðila, að því leyti, sem verkin hafa verið unnin fyrir setningu þessara laga, skuli færður á sérstakan reikning ríkissjóðs við Seðlabankann.

☐ Fé, sem fært er á reikninga ríkissjóðs skv. 3. og 4. málsgr., skal ráðstafað af ríkisstjórninni í þágu iðnaðarins og sjóða hans.

■ **3. gr.** ...[1]

[1] *L. 103/1973, 2. gr., sbr. 1. gr.*

■ **4. gr.** Á gengisbreytingarreikning við Seðlabank-

1972 Nr. 97 20. des.

ann, sem stofnaður var skv. 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum á grundvelli gengismunar milli gamla gengisins og þess gengis, er skráð verður, er bankar opna á ný eftir gengisbreytinguna (nýja gengið). Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbréfakaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum og innstæður Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans, sérstök dráttarréttindi og mótvirði þeirra.

□ Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenzkum banka fyrr en eftir að hið nýja gengi tekur gildi, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um gjaldfallnar greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæðis þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsgr.

■ **5. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

1974 Nr. 78 30. ágúst

Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

■ **1. gr.** Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 22. ágúst 1974, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 6/1974, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar lokuðu hinn 21. ágúst 1974, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 7. september 1974.

□ Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir októberlok 1974.

■ **2. gr.**[1] Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1974, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, er í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 17% gengismun, er svarar til þeirrar breytingar, sem ákveðin hefur verið á gengi krónunnar. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

□ Gengismunur, sem myndast skv. ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans, sbr. þó ákvæði 3. málsgr.

□ Áður en umræddu fé er ráðstafað samkv. 2. málsgr. skal greiða af því sem hér segir:

a. Hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 1. september 1974, en fluttar út eftir gengisbreytinguna.

b. ...[2]

c. Halla, sem verða kann vegna niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa fram til 1. október 1974.

[1] *Sjá l. 106/1974, 9. gr.* [2] *L. 47/1975, 1. gr.*

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

1974 Nr. 78 30. ágúst

Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

■ **1. gr.** Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 12. febrúar 1975, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 6/1974, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar lokuðu hinn 11. febrúar 1975, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 1. mars 1975.

□ Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir lok apríl 1975.

■ **2. gr.**[1] Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum gengismun sem hér segir:

a. Fyrir afurðir framleiddar fyrir 1. september 1974 skal frádráttur nema 34%.

b. Fyrir afurðir framleiddar á tímabilinu 1. september 1974 til 15. febrúar 1975 skal frádráttur nema 20%. Undanþegnar eru þó afurðir þorskveiða, sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975.

□ Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

□ Gengismunur, sem myndast skv. ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans, sbr. þó ákvæði 2. gr. laga nr. 78 frá 30. ágúst 1974 og ákvæði 3. málsgr.

□ Áður en umræddu fé er ráðstafað skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 15. febrúar 1975 en fluttar út eftir gengisbreytinguna.

[1] *Sjá l. 55/1975, 1. gr.*

■ **3. gr.** Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ákveða hækkun á magngjaldi af útfluttum sjávarafurðum, sem ákveðið var með 5. gr. laga nr. 106 31. desember 1974, í samræmi við gengisbreytinguna og gildir frá og með 12. febrúar 1975 fyrir þær afurðir, sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975.

■ **4. gr.** Á gengisbreytingarreikning við Seðlabankann, sem stofnaður var skv. 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður

1975 Nr. 2 13. febr.

1975 Nr. 2 13. febr.

vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum á grundvelli gengismunar milli gamla gengisins og þess gengis, er skráð verður, er bankar opna á ný eftir gengisbreytinguna. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbréfakaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendur gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans, sérstök dráttarréttindi og mótvirði þeirra.

☐ Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenskum banka fyrr en eftir að hið nýja gengi tekur gildi og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um gjaldfallnar greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæðis þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsgr.

■ **5. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

1978 Nr. 2 9. febr.

Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

■ **1. gr.** Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 6. febrúar 1978, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 120/1976, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar felldu niður gengisskráningu og lokuðu fyrir gjaldeyrisafgreiðslur hinn 6. febrúar 1978, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 1. mars 1978.

☐ Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir lok aprílmánaðar 1978.

■ **2. gr.** Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. janúar 1978, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 13% gengismun.

☐ Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

☐ Gengismunur, sem myndast skv. ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað í þágu sjávarútvegsins.

☐ Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til og framleiddar hafa verið fyrir 1. janúar 1978 en fluttar út eftir gengisbreytinguna 8. febrúar 1978.

☐ Ennfremur skal endurgreiða ríkissjóði það, sem hann hefur vegna framleiðslu ársins 1976 greitt til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð.

1978 Nr. 2 9. febr.

■ **3. gr.** Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. 2. gr. laga þessara, umfram greiðslu skv. 4. og 5. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

a. 65% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskimjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsíldar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsíld.

b. 35% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið

a. 43% til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og

b. 57% til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, hvort tveggja eftir þeim reglum og með skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur.

■ **4. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð[1] eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

[1] *Rg. 164/1978, 223/1978 og 235/1978.*

1979 Nr. 22 18. maí

Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

■ **1. gr.** Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 28. ágúst 1978, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar felldu niður gengisskráningu og lokuðu fyrir gjaldeyrisafgreiðslu hinn 28. ágúst 1978, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 20. september 1978.

☐ Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 20. september 1978.

■ **2. gr.** Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1978, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 15% gengismun.

☐ Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

☐ Gengismunur, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað í þágu sjávarútvegsins.

☐ Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum

1979 Nr. 22 18. maí

kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til og framleiddar hafa verið fyrir 1. september 1978 en fluttar út eftir gengisbreytinguna.

☐ Enn fremur skal endurgreiða ríkissjóði það, sem hann kann að þurfa að greiða vegna framleiðslu áranna 1977 og 1978 til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð.

■ **3. gr.** Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs skv. 2. gr. laga þessara, umfram greiðslu skv. 4. og 5. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti.

a. 50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskmjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsíldar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsíld.

b. 50% af því sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið sem hér segir:

1. 50% skal veitt til hagræðingar í fiskiðnaði og til þess að leysa sérstök staðbundin vandamál.

Lánin skulu einkum veitt til tæknilegrar hagræðingar, svo sem til vélakaupa, endurnýjunar á vinnslurásum og til að koma upp kældum fiskmóttökum. Þar sem sérstaka nauðsyn ber til að tryggja atvinnuöryggi, koma í veg fyrir atvinnubrest eða ná fram hagkvæmari rekstrareiningum er þó einnig heimilt að veita lán til fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækja í fiskvinnslu.

2. 40% skal varið til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra lána.

3. 10% skal renna í sérstakan sjóð til þess að greiða fyrir því, að útgerðaraðilar geti hætt rekstri úreltra fiskiskipa. Heimilt er að sameina þennan sjóð Aldurslagasjóði fiskiskipa og skal að því stefnt.

☐ Áður en kemur til skipta á fé skv. a- og b-lið þessarar greinar, skal greiða lífeyrissjóði sjómanna 75 millj. kr. til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur og aðrar tryggingabætur til sjómanna og 15 millj. kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna, og enn fremur 10 millj. kr. sem varið yrði til öryggismála sjómanna skv. nánari ákvörðun sjávarútvegs- og samgönguráðherra.

■ **4. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar með að gengismunarfé, sem til fellur á árinu 1978 samkvæmt lögum þessum, megi varðveita í ríkissjóði þar til því verður ráðstafað skv. 3. gr.

1981 Nr. 81 21. des.

Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl.

■ **1. gr.** Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. september 1981, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum 2,286% gengismun til 9. nóvember 1981, en þar á eftir 2,136% gengismun.

☐ Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

1981 Nr. 81 21. des.

☐ Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

☐ Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

■ **2. gr.** Nú ákveður Seðlabanki Íslands að endurgreiða gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánum vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 og skulu þá allt að 29 millj. kr. þeirrar endurgreiðslu, sem kemur á afurðir sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tekur til, renna til freðfiskdeildar sjóðsins, en afgangurinn skiptist hlutfallslega á aðrar hlutaðeigandi deildir sjóðsins.

■ **3. gr.** Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skal veita ríkisábyrgð fyrir lánum að fjárhæð allt að 42 millj. kr. til þeirrar deildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem tekur til afurða síldar- og fiskimjölsverksmiðja, til þess að gera þessari deild sjóðsins kleift að standa undir greiðslum vegna verðbóta á loðnuafurðir af framleiðslu tímabilsins 1. október [til 1. maí 1982].[1)]

[1)] *L. 7/1982, ákvæði til bráðabirgða II.*

■ **4. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

1982 Nr. 28 3. maí

Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 14. janúar 1982.

■ **1. gr.** Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 14. janúar 1982, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar útflutningsskjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 6% gengismun.

☐ Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka, og eru ákvarðanir þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

☐ Gengismun, sem myndast samkvæmt ákvæðum 1. málsgr., skal eingöngu verja til að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, og rennur hann óskiptur til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

☐ Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

1967 Nr. 79 29. des.

Lög um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.[1)]

[1)] *Sjá nú l. 79/1968, III. kafla.*

■ **1. gr.** Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, vegna útfluttra sjávarafurða, samkvæmt ákvæði í 4. gr. laga nr. 69/1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins, skv. ákvæðum

1967 Nr. 79 29. des.

2. gr. þessara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð, skal af því greiða ýmis gjöld og kostnað vegna umræddrar framleiðslu, svo sem hér segir:

a. Hækkanir á rekstrarkostnaði vegna gengisbreytingarinnar við öflun og vinnslu sjávarafurða eftir að hið nýja gengi kom til framkvæmda og til ársloka 1967. Sama gildir um hækkanir á vátryggingariðgjaldi og öðrum sambærilegum kostnaði af afurðum, sem framleiddar hafa verið fyrir árslok 1967, en fluttar eru út eftir gengisbreytinguna.

b. Bætur til skreiðarframleiðenda vegna markaðserfiðleika.

c. Bætur til bræðslusíldariðnaðar og fiskimjölsverksmiðja vegna vinnslu haustið 1967.

d. Bætur vegna verðfalls á frystri rækju framleiddri á árinu 1967.

e. Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað eftir 24. nóvember 1967. Þetta gildir þó ekki, þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda um gjald til Aflatryggingasjóðs skv. 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 7. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði síldarleitarskips og um síldargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 1. gr. laga nr. 38 29. apríl 1967, um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald.

☐ Sjávarútvegsmálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæðanna í stafliðum a—d í þessari grein. Til að sjá um úthlutun bóta samkvæmt a-lið skal skipa nefnd 5 manna. Formaður nefndarinnar skal tilnefndur af ráðherra, en hinir skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Landssambands íslenzkra útvegsmanna; Síldarverksmiðja ríkisins og annarra síldarverksmiðja sameiginlega; Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda; Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Sambands íslenzkra samvinnufélaga sameiginlega. Komi aðilar sér ekki saman um fulltrúa, skipar ráðherra í hans stað menn með þekkinu á þeirri atvinnugrein, sem um er að ræða.

☐ Bætur samkvæmt stafliðunum b, c og d skulu ekki fara fram úr 45 milljónum króna.

■ **2. gr.** Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

a. Allt að einum fjórða til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa.

b. Allt að einum fjórða til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar. Skal fé þetta renna til sérstakrar deildar innan Fiskveiðasjóðs, og setur sjóðsstjórnin nánari reglur um starfsemi deildarinnar að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra. Áherzla skal lögð á nána samvinnu við Ríkisábyrgðasjóð í samræmi við tilgang 10. gr. laga nr. 4 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

1967 Nr. 79 29. des.

c. Allt að einum fjórða til sérstaks gengisjöfnunarsjóðs við Fiskveiðasjóð Íslands, er varið skal til lánveitinga vegna gengistaps af lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um sjóð þennan að fengnu samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

d. Afganginum sem stofnframlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og enn fremur 3. gr. þessara laga.

■ **3. gr.** Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skv. d-lið 2. gr. skal varðveitt í Seðlabanka Íslands, þar til sett hafa verið lög um sjóðinn.

☐ Er gert ráð fyrir, að honum verði skipt í deildir eftir tegundum afurða og hafi deildirnar aðskilinn fjárhag. Í samræmi við það skiptist stofnféð milli deilda eftir því, af hvaða afurðum það hefur verið greitt.

☐ Sá afgangur, sem verða kann af verðbótasjóði frystra fiskafurða 1967, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, skal renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem stofnfé.

■ **4. gr.** Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests á árinu 1967 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

Lög um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

1968 Nr. 79 31. des.

I. kafli. Um ákvörðun fiskverðs og stofnfjársjóð.[1]

[1] *Sjá l. 4/1976.*

■ **1. gr.** Verðlagsráð sjávarútvegsins skal eins fljótt og við verður komið ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla, samkvæmt lögum nr. 97 18. desember 1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Hið nýja verð skal taka gildi frá og með 15. nóvember 1968, og gilda ekki skemur en til loka fyrsta verðlagstímabils ársins 1969, sbr. 7. og 8. gr. reglugerðar, nr. 180 1962.

■ **2. gr.** ...[1]

[1] *L. 4/1976, 16. gr. b.*

■ **3. gr.** ...[1] [Greiðsla samkvæmt 2. gr.][1] kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna, og gildir þetta einnig um alla ráðstöfun tekna úr Stofnfjársjóði fiskiskipa.

[1] *L. 62/1972, 1. gr.*

■ **4. gr.** ...[1]

[1] *L. 4/1976, 16. gr. b.*

...

■ **7. gr.** ...[1]

[1] *Fellt inn í l. 58/1968; nú l. 4/1976.*

■ **8. gr.** ...[1]

[1] *L. 5/1971, 15. gr. Nú l. 80/1971.*

■ **9. gr.** Kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkv. ákvæðum þeirra var ætlað að gilda til ársloka 1969, er heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Hafi fiskiskip verið í leigu hinn 15. nóvember 1968, og hafi leigan verið miðuð við það, að leigutaki greiddi vexti og afborganir af stofnlánum skipsins, skal leigufjárhæðin lækka sem svarar greiðslum inn á reikning skipsins hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa á leigutímanum.

1968 Nr. 79 31. des.

II. kafli. ...[1)]

[1)] *L. 19/1973, 13. gr.*

III. kafli. Um ráðstöfun gengishagnaðar.

■ **15. gr.** Fé það, sem kemur vegna útfluttra sjávarafurða á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, samkvæmt ákvæði 4. gr. laga nr. 74/1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins, skv. 17. gr. þessara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð, skal samkv. ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins greiða af því það, sem talið er í liðum a—g þessarar greinar:

a. Hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 15. nóvember 1968, en fluttar út eftir gengisbreytinguna.

b. Allt að 30 m. kr. í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu frystra fiskafurða ársins 1968.

c. Allt að 40 m. kr. til greiðslu uppbóta á saltfisk vegna framleiðslu ársins 1968.

d. Allt að 3 m. kr. til framleiðenda saltsíldar vegna kostnaðarauka, sem hlýzt af gengisbreytingunni, við framleiðslu síldar, sem söltuð var fyrir 15. nóvember 1968.

e. Allt að 6 m. kr. til Síldarútvegsnefndar vegna síldarflutninga af fjarlægum miðum 1968.

f. Allt að 20 m. kr., sem rekstrarstyrk til togara á árinu 1968.

g. Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum með áorðnum breytingum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað frá og með 15. nóvember 1968. Þetta gildir þó ekki, þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda um gjald til Aflatryggingasjóðs samkvæmt 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 28. apríl 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 18. gr. laga nr. 55 2. maí 1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði síldarleitarskips og um síldargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Um ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 2. gr. laga nr. 53 2. maí 1968, um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

■ **16. gr.** Fé, sem inn kemur vegna sölu skreiðar, samkvæmt 1. málsgr. 15. gr., skal lagt til hliðar á sérstakan reikning í Seðlabankanum, og skal sjávarútvegsmálaráðuneytinu heimilt að ráðstafa því til styrktar skreiðarframleiðendum með hliðsjón af söluverði skreiðarinnar og kostnaði, sem á hana hefur fallið. Verði afgangur af þessu fé, þá gangi hann til gengishagnaðarsjóðs.

■ **17. gr.** Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

a. Allt að 34,5% gangi til greiðslu hluta gengistaps vegna fiskiskipa og síldarflutningaskipa.

Stjórn Fiskveiðasjóðs annast framkvæmd greiðslna þessara samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, að fenginni umsögn Landssambands íslenzkra útvegsmanna.

b. Allt að 16,4% gangi til að auðvelda bátum, sem síldveiðar stunduðu sumarið og haustið 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum frá árinu 1968 með öðrum hætti en nýjum lánum eða frestun afborgana. Sjávarútvegsmálaráðuneytið setur reglur um greiðslur þessar í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við verðlagningu Norður- og Austurlandssíldar sumarið 1968 og að fenginni umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna.

c. Allt að 13,5% gangi til þess að auðvelda síldarverksmiðjum, sem starfræktar voru til móttöku síldar af Norðausturmiðum á sumar- og haustvertíð 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánum, eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins og að höfðu samráði við fulltrúa síldarverksmiðjanna.

Enn fremur er heimilt að greiða af þessu fé til stuðnings Síldarverksmiðjum ríkisins vegna rekstrar leiguskips til síldarflutninga á sumarvertíð 1968 eftir ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

d. Allt að 18,2% gangi til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa.

e. Afgangur gengishagnaðarsjóðs rennur til Fiskveiðasjóðs til veitingar stofnlána til bolfiskvinnslu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur.

■ **18. gr.** Ákvæði 4. gr. laga nr. 69 25. nóvember 1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, eru úr gildi felld, að því er tekur til afurða, sem greiddar eru frá og með 15. nóvember 1968.

■ [**19. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.][1)]

[1)] *L. 29/1969, 1. gr.*

1968 Nr. 79 31. des.

1968 Nr. 79 31. des.

Lög um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.[1)]

[1)] *Rg. 343/1978.*

1974 Nr. 106 31. des.

■ **1. gr.** Verðlagsráð sjávarútvegsins skal eins fljótt og við verður komið ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla, samkvæmt lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Hið nýja verð skal taka gildi frá og með 1. september 1974 og gilda ekki skemur en til 31. desember 1974. Við ákvörðun hins nýja verðs skal þess gætt, að hækkun almenns fiskverðs verði að meðaltali ekki meiri en 11% frá því verði, sem í gildi hefur verið, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 10/1974.

1975 Nr. 55 27. maí

Lög um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

■ **1. gr.** Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 2/1975, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, umfram greiðslu skv. 4. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

1975 Nr. 55 27. maí

a. Til lífeyrissjóða sjómanna til þess að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur til sjómanna og aðrar tryggingabætur. ..... 75 m. kr.

b. Til þess að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, með skilyrðum sem ráðuneytið setur. ..... 950 m. kr.

Gert er ráð fyrir, að greiðslur samkvæmt þessum lið fari fram á þremur árum frá 14. febrúar 1975 að telja. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ráðstafa allt að 400 m. kr. af heildarfjárhæð samkvæmt þessum lið til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3ja ára til að bæta lausafjárstöðu eigenda fiskiskipa og vinnslustöðva.

c. Til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir lánveitingum sjóðsins til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskibátum. Fé þetta greiðist Fiskveiðasjóði sem óafturkræft framlag. ..... 300 m. kr.

d. Til að bæta eigendum fiskiskipa það tjón sem þeir verða fyrir, er skip þeirra eru dæmd ónýt, enda sé tjónið ekki bætt með öðrum hætti. ..... 50 m. kr.

e. Til Olíusjóðs fiskiskipa til þess að jafna greiðsluhalla hans fram til 15. febrúar 1975. ..... 80 m. kr.

f. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa til þess að bæta greiðslustöðu hans. ..... 100 m. kr.

g. Til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja, til greiðslu verðbóta vegna loðnumjöls og fiskmjöls á vetrarvertíð 1975. ..... 50 m. kr.

h. Til rannsókna og styrkveitinga v. fiskiskipa, sem breyta vélbúnaði sínum til þess að geta nýtt svartolíu í stað gasolíu sem orkugjafa. ..... 10 m. kr.

i. Til orlofshúsa sjómannasamtakanna. ..... 12 m. kr.

j. Eftirstöðvar til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins.

1975 Nr. 55 27. maí

□ Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur[1] um framkvæmd þessarar greinar og greiðslutíma framlaga.

[1] *Rg. 447/1975.*

■ **2. gr.** ...[1]

[1] *Rg. 447/1975.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** 1. Ákvæði c-liðar 2. gr. skal eigi taka gildi fyrr en 1. október 1975 og ná til afurða, sem framleiddar eru eftir þann tíma.

□ 2. Stjórn Verðjöfnunarsjóðs er heimilt að greiða framleiðendum loðnumjöls upp í verðbætur, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1969, vegna birgða loðnumjöls frá loðnuvertíð 1975, sem ekki hafa verið fluttar út. Sjóðsstjórnin setur reglur um greiðslur þessar, að fengnu samþykki ráðherra.

□ 3. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2 13. febrúar 1975, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, um 20% frádrátt vegna gengismunar, skulu taka til afurða framleiddra úr loðnu, sem landað hefur verið fyrir 16. febrúar 1975. Sjávarútvegsráðuneytið skal setja reglur um framkvæmd þessa liðar, þar sem m. a. verði kveðið á um hvernig meta skuli það afurðamagn, sem framleitt hefur verið úr hráefnisbirgðum loðnuverksmiðja eins og þær voru um miðnætti 15. febrúar 1975.

□ 4. Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. lögum nr. 19/1973 og a-lið 2. gr. þessara laga af saltsíld og saltsíldarflökum, sem framleidd er á árinu 1975.

□ 5. Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. b-lið 2. gr. að hluta eða öllu leyti af þurrkuðum saltfiski, þ. á m. af þurrkuðum saltufsa.

1976 Nr. 76 31. maí

Lög um ráðstöfun eftirstöðva Olíusjóðs fiskiskipa.

■ **1. gr.** Fé, sem innheimt er skv. ákvæðum laga nr. 106/1974 og laga nr. 55/1975, um Olíusjóð fiskiskipa, umfram skuldbindingar skv. sömu lögum svo og aðrar eignir Olíusjóðs fiskiskipa umfram skuldir, skal renna til Tryggingasjóðs fiskiskipa til greiðslu iðgjaldastyrkja vegna tímabilsins 1. janúar 1975 til 15. febrúar 1976.

1976 Nr. 76 31. maí

Lög um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

1967 Nr. 74 18. des.

■ **1. gr.** Endurskoða skal verð í kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/68 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóvember 1967 hefur í för með sér. Sexmannanefnd sú, sem um getur í 5. gr. laga nr. 101 1966, skal framkvæma þessa endurskoðun að fengnum skýrslum og gögnum frá Hagstofu Íslands. Náist ekki meiri hluti í Sexmannanefnd, skal skjóta málinu til úrskurðar yfirnefndar samkvæmt 3. málsgr. 6. gr. laga nr. 101 1966. Sexmannanefnd og yfirnefnd skulu ljúka endurskoðuninni fyrir 23. desember 1967. Þær breytingar á verði landbúnaðarafurða, sem af endurskoðuninni leiðir, skulu taka gildi 1. janúar 1968.

■ **2. gr.** Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 69 1967, skal nota til þarfa landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra.[1]

[1] *Sjá og l. 83/1968, 1. gr.*

1968 Nr. 83 4. des.

Lög um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

■ **1. gr.** Fé því, sem kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 74 1968, skal ráðstafa í þágu landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins.

1941 Nr. 82 9. júlí

Lög um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að bankarnir skuli leggja hluta af þeim erlenda gjaldeyri, sem

1941 Nr. 82 9. júlí

skilað er til þeirra, inn á biðreikninga í erlendri mynt og geyma hann þannig fyrir reikning eigenda gjaldeyrisins og á þeirra áhættu.

■ **2. gr.**[1] Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd, er úrskurðar, hve mikill hluti gjaldeyrisins skuli keyptur af bönkunum og hve mikill hluti lagður á biðreikninga. Tilnefna Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f, stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Landssambands útgerðarmanna, hver fyrir sig, einn mann í nefndina, en einn skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar. Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar.

□ Bankarnir kaupa ekki gjaldeyri fyrr en nefndin hefur fellt úrskurð samkvæmt næstu málsgrein hér á undan.

□ Ríkisstjórnin setur nefndinni reglur um það, hvernig hún skuli haga störfum sínum, eftir því sem ástæða þykir til. [Má í reglugerðinni ákveða um viðurlög fyrir brot gegn henni og um málsmeðferð út af brotum á henni.][2]

[1] *Sjá nú l. 63/1979.* [2] *L. 71/1942.*

■ **3. gr.** Með reglugerð er heimilt að ákveða, að óheimilt sé að selja eða veðsetja innstæður á biðreikningum, sem myndaðar eru samkvæmt ákvæðum laga þessara, svo og að setja nánari reglur um, hvernig innstæðunum megi ráðstafa.

1920 Nr. 16 18. maí

Lög um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

■ **1. gr.** ...[1]

[1] *L. 7/1930, 15. gr.*

■ **2. gr.** ...[1]

[1] *L. 6/1921, 9. gr.*

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutningi úr landinu á myntuðu eða ómyntuðu gulli, svo og að ákveða refsingar fyrir brot gegn hér að lútandi ákvörðunum.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og má með konunglegri tilskipun fella þau úr gildi, þegar ekki þykir lengur þörf fyrir ákvæði þeirra.

1945 Nr. 105 21. des.

Lög um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

■ **1. gr.** Ríkisstjórn Íslands er heimilt fyrir hönd hins ísl. lýðveldis að gerast aðili að stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka, samkvæmt tillögum, sem samþykktar voru í júlí 1944 á fundi hinna sameinuðu þjóða og þeirra þjóða, sem með þeim vinna (United and Associated Nations) í Bretton Woods í Bandaríkjunum.

■ **2. gr.** Ráðherra sá, sem hefur á hendi yfirstjórn bankamála landsins, skipar einn mann og annan til vara til 5 ára til að taka sæti í fulltrúaráði gjaldeyrissjóðsins og sömuleiðis einn mann og varamann til sama tíma í bankaráð alþjóðabankans.

□ Þóknun fyrir störf þeirra skal ákveðin af ráðherra.

■ **3. gr.** [Til þess að standa straum af framlögum ríkisins til gjaldeyrissjóðsins og alþjóðabankans heimilast ríkisstjórninni að taka innanríkislán, er jafngildi allt að 3,5 milljónum dollara.][1]

[1] *L. 30/1959, 1. gr.*

■ **4. gr.** ...[1]

[1] *L. 30/1960, 14. gr.*

■ **5. gr.** Skylt er öllum þeim, sem skulda fé í erlendum gjaldeyri, að gefa Hagstofu Íslands skýrslu um skuldir sínar ársfjórðungslega í því formi, er hún fyrirskipar.

1945 Nr. 105 21. des.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

1968 Nr. 82 31. des.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem samþykktar voru af stjórn sjóðsins í maímánuði 1968.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að eiga hlutdeild að hinum sérstaka yfirdráttarreikningi (og yfirdráttarréttindum) hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem um ræðir í breytingum þeim og viðaukum við stofnskrá sjóðsins, er í 1. gr. getur. Skal Seðlabankinn vera fjárhagslegur aðili að reikningnum fyrir ríkisins hönd.

1977 Nr. 15 4. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á og viðauka við stofnskrá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem samþykktar voru af stjórn sjóðsins í marsmánuði 1976.

1955 Nr. 72 9. des.

Auglýsing um aðild Íslands að samningi um alþjóðalánastofnun.

Hinn 18. ágúst 1955 var í Washington undirritaður samningur fyrir Íslands hönd um alþjóðalánastofnun (International Finance Corporation), er starfa skal í náinni samvinnu við alþjóðabankann.[1]

[1] *Stjtíð. A 2/1946.*

1965 Nr. 53 18. maí

Lög um heimild til hækkunar kvóta hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 11,25 milljónum dollara í 15 milljónir dollara.

□ Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

1970 Nr. 28 28. apríl

Lög um heimild til hækkunar kvóta og framlags Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 15 milljónum Bandaríkjadollara í 23 milljónir Bandaríkjadollara.

□ Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að semja um hækkun á framlagi Íslands hjá Alþjóðabankanum úr 15 milljónum Bandaríkjadollara í 18,4 milljónir Bandaríkjadollara.

□ Til þess að standa straum af hækkun framlagsins heimilast ríkisstjórninni að taka lán í Seðlabankanum, er jafngildi allt að 340 000 Bandaríkjadollurum.

1977 Nr. 7 29. mars — Lög um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 23 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 29 milljónir sérstakra dráttarréttinda. Seðlabankinn skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að semja um hækkun á framlagi Íslands til Alþjóðabankans úr 18,4 milljónum Bandaríkjadollara í 22,2 milljónir Bandaríkjadollara miðað við gullgengi dollarans þann 1. maí 1944.

1979 Nr. 38 29. maí — Lög um heimild til hækkunar framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 29 milljónum sérstakra dráttarréttinda í 43,5 milljónir sérstakra dráttarréttinda. Seðlabankinn skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

1982 Nr. 32 4. maí — Lög um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 22,2 milljónum Bandaríkjadollara í allt að 68,0 milljónir Bandaríkjadollara miðað við gullgengi dollars þann 1. júlí 1944.

1959 Nr. 34 9. maí — Lög um heimild handa ríkisstjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram 1 milljón Bandaríkjadollara sem stofnframlag í Evrópusjóðinn og að taka að láni innanlands samsvarandi fjárhæð vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán samkvæmt Gjaldeyrissamningi Evrópu, er nemi allt að 2 milljónum dollara.

□ ...[1]

[1] *L. 4/1960, 37. gr.*

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að semja um endurgreiðslu á skuldum Íslands, sem urðu til í sambandi við Greiðslubandalag Evrópu og stofnað var til samkvæmt heimild í lögum nr. 35 13. apríl 1954, þannig að endurgreiðsla verði innt af höndum á allt að 7 árum.

1953 Nr. 6 2. febr. — Lög um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota allt að fjórum milljónum dollara af yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu.

■ **1. gr.** Af yfirdráttarheimild þeirri, er Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að fjórum milljónum dollara á fjárhagsárum Greiðslubandalagsins 1952—53 og 1953—54.

□ Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota fé til annars.

1953 Nr. 6 2. febr. — Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á móti og ráðstafa framlögum samkvæmt áætlun um fjárhagslega viðreisn Evrópu.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka á móti framlögum án endurgjalds samkvæmt samningi frá 3. júlí 1948 milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um efnahagssamvinnu.

■ **2. gr.** Að svo miklu leyti sem framlög þessi eru ekki notuð til kaupa á efnavörum, vélum og tækjum til framkvæmda, sem taldar eru í áætlun þeirri til langs tíma, sem lögð hefur verið til grundvallar efnahagssamvinnunni af Íslands hálfu, skal leggja til hliðar jafnvirði þeirra í erlendum gjaldeyri til kaupa á þessum vörum.

■ **3. gr.** Jafnvirði framlags án endurgjalds í íslenzkum gjaldeyri, að frádregnum 5%, má ekki ráðstafa nema með samþykki Alþingis.

1949 Nr. 47 25. maí — Lög um þátttöku Íslands í Hinni alþjóðlegu framfarastofnun.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili að Hinni alþjóðlegu framfarastofnun (International Development Association).

■ **2. gr.** Til þess að standa straum af framlögum Íslands til stofnunarinnar heimilast ríkisstjórninni að taka lán í Seðlabankanum, sem jafngildi 100 000 Bandaríkjadollurum.

1961 Nr. 59 29. marz — Lög um aðild Íslands að samningi um stofnun aðstoðarsjóðs á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni skal heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning, dags. 9. apríl 1975, um stofnun aðstoðarsjóðs — Financial Support Fund — á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

■ **2. gr.** Viðskiptaráðherra skipar fulltrúa Íslands í stjórn sjóðsins og annan til vara.

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að ábyrgjast hluta Íslands í skuldbindingum sjóðsins allt að jafnvirði 25 milljóna dollara og að taka lán úr sjóðnum allt að sömu fjárhæð.

1976 Nr. 25 6. maí — Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, um stofnun Norræna fjárfestingarbankans.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt fyrir Íslands hönd að fullgilda samning um stofnun Norræna fjárfestingarbankans milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 4. desember 1975 og prentaður er sem fylgiskjal I með lögum þessum.[1]

[1] *Samningurinn er birtur í Stjtíð. A sem fylgiskjal með l. 26/1976.*

■ **2. gr.** Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið fullgiltur, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

1976 Nr. 26 12. maí

1817 16. júlí **Tilskipun áhrærandi árlega kapítulstaxta á Íslandi.**[1)]

[1)] *Ákvæði tilsk. þessarar hafa ekki framar raunhæft gildi og eru ekki prentuð hér, sbr. Lagasafn 1965, d. 248.*

1964 Nr. 6 25. marz **Lög um afnám laga nr. 27/1954, um verðlagsskrár.**

■ **1. gr.** Lög nr. 27/1954, um verðlagsskrár, eru hér með felld úr gildi.

■ **2. gr.** ...

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Nú er í gildi samningur um, að greiðsla skuli miðuð við verðlagsskrá, og skal hagstofustjóri þá meta greiðsluna til peningaverðs, nema aðilar komi sér saman um annað.

2. Fjárreiður ríkisins. Ríkisbókhald, ríkisendurskoðun. Ríkisábyrgðir. Ýmsir opinberir sjóðir. Fasteignir ríkisins. Lántökur.

a. Ríkisbókhald, ríkisendurskoðun. Ráðstafanir til að draga úr reksturskostnaði.

1966 Nr. 52 13. maí **Lög um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.**

I. kafli. Um efnisleg takmörk ríkisreiknings.

■ **1. gr.** Á ríkisreikning skal færa sundurliðaða reikninga ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja og sjóða í ríkiseign, þó ekki reikninga banka og annarra lánastofnana.

□ Halda skal reglulegt tvíhliða bókhald um allar fjárreiður þeirra aðila, sem ríkisreikningur nær til, sbr. 1. málsgrein, eftir þeim meginreglum, sem lög þessi ákveða.

■ **2. gr.** Reikningar félaga, fyrirtækja, stofnana og sjóða, sem ekki eru í ríkiseign, en hafa tekjustofna skv. sérstökum lögum, skulu birtir í sérstöku hefti B-deildar Stjórnartíðinda á næsta ári eftir lok reikningsárs. Ríkissjóður skal jafnan innheimta þessar tekjur eða fela ákveðnum aðila að gera það í sínu umboði, og skulu þær færðar til tekna og gjalda á rekstrarreikningi ríkisins. Ef tekjurnar renna til sömu aðila eða atvinnugreina og þær eru innheimtar hjá eða til opinberra aðila, sem eru utan ríkisreiknings, skal þó einungis sýna þær í teknahlið, en jafnframt færa þær til frádráttar, sbr. 26. gr.

□ Ríkisbókhaldið annast innköllun reikninga frá nefndum aðilum og sér um birtingu þeirra í samráði við ritstjóra Stjórnartíðinda. Reikningar skulu gerðir eftir fyrirsögn ríkisbókhaldsins, þannig að auðvelt sé að tengja þá við ríkisreikninginn.

□ Ákvæði næstu málsgr. hér á undan taka ekki til reikninga sveitarfélaga.

□ Heimilt er að láta ákvæðin um birtingu í sérstöku hefti B-deildar Stjórnartíðinda ná til hlutafélaga, sem ríkissjóður á hlut í, en eru ekki á ríkisreikningi, en þó skulu þau undanþegin ákvæðum þessara laga um form reikninga.

II. kafli. Um reikningsárið.

■ **3. gr.** Reikningsár ríkisins er almanaksárið, og skal jafnan miða lokun reikninga við áramót.

■ **4. gr.** Færslur hvers reikningsárs skal miða við raunveruleg skipti ríkisins við aðra aðila, athafnir þess og framkvæmdir, án tillits til þess, hvort greiðsla hefur farið fram í reiðufé. Öll skuldaskipti, sem koma fram við lokun ríkisreiknings, hvort sem eru útistandandi kröfur ríkissjóðs eða skuldir, skulu færð á viðskiptamannareikninga eða aðra reikninga, er gefi tegund kröfuréttindanna til kynna. Reikningarnir skulu sýna stöðu sjóðs og bankareikninga um áramót að afloknum lokunarfærslum, svo sem færslu áfallinna vaxta.

1966 Nr. 52 13. maí

■ **5. gr.** Reglur 4. gr. taka einnig til skipta ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta ríkisreiknings við ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta, sbr. 6. gr.

III. kafli. Um efnisskipun ríkisreiknings og reikningatengsl.

■ **6. gr.** Ríkisreikningur skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta.

□ A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana, en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign, þar á meðal almannatryggingar, skv. nánari ákvörðun ríkisreikningsnefndar.

■ **7. gr.** Með ríkisfyrirtækjum er átt við ríkisaðila, sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum og þjónustu eða hafa starfsemi með höndum, sem í meginatriðum er hliðstæð við starfsemi einkaaðila. Hjá þeim einum skal eignfæra og afskrifa efnislega fjármuni.

■ **8. gr.** A-hluti ríkisreiknings skiptist í eftirtalda meginkafla auk heildaryfirlits, er sýni aðalniðurstöður og reikningatengsl:

1. Rekstrarreikningur.
2. Endurmatsreikningur.
3. Efnahagsreikningur.
4. Fjármagnshreyfingar.
5. Sérstök yfirlit.

■ **9. gr.** Rekstrarreikningi og endurmatsreikningi, sbr. 8. gr., skal loka með mótbókunum á efnahagsreikning. Samkvæmt efnahagsreikningi og höfuðbókarreikningum skal gera yfirlit um fjármagnshreyfingar, og skiptist sá kafli í lánahreyfingar og hreyfingar greiðslufjárreikninga.

■ **10. gr.** Í 1. kafla A-hluta ríkisreiknings, sbr. 8. gr., og þeim hluta 4. kafla, er sýnir lánahreyfingar, skal sýna samanburð við fjárlög, og einnig í þeim sérstöku yfirlitum í 5. kafla, sem sýnd eru á fjárlögum. Við hlið fjárlagatalna skal sýna geymdar fjárveitingarheimildir frá fyrri árum.

■ **11. gr.** Heildaryfirlitið, sbr. 8. gr., sýni m. a. brúttótölur rekstrarreiknings og endurmatsreiknings (ef endurmat hefur átt sér stað), og eignir og skuldir í ársbyrjun og árslok. Rekstrarreikningi og endurmatsreikningi skal loka með færslu rekstrar- og endurmatsjafnaða á efnahagsreikning. Breytingar eigna og skulda (fjármagnshreyfingar) frá ársbyrjun til ársloka skal enn fremur sýna í tvennu lagi, þ. e. lánajöfnuð (nettóbreytingu lánahreyfinga samkvæmt 43. gr.) og greiðslujöfnuð (þ. e. nettóbreytingu greiðslufjárreikninga samkvæmt 44. gr.).

□ Nánari ákvæði um einstaka kafla A-hluta ríkisreiknings eru í IV.—VIII. kafla.

■ **12. gr.** B-hluti ríkisreiknings skiptist í eftirtalda meginkafla:

1. Yfirlitsreikningar fyrirtækja og sjóða í ríkiseign.
2. Reikningar einstakra fyrirtækja og sjóða.

3. Sérstök yfirlit.

■ **13. gr.** Í 2. kafla B-hluta ríkisreiknings, sbr. 12. gr., skal sýna, fyrir hvern aðila sérstaklega, sundurliðaðan rekstrarreikning, endurmatsreikning og efnahagsreikning.

■ **14. gr.** Yfirlitsreikningarnir skulu sýna samandregið yfirlit yfir reikninga einstakra aðila í B-hluta ríkisreiknings.

□ Nánari ákvæði um einstaka kafla B-hluta ríkisreiknings eru í IX.—XI. kafla.

■ **15. gr.** Í B-hluta ríkisreiknings skal sýna samanburð við fjárlög, þar sem því verður við komið, svo sem í rekstrarreikningi, lánahreyfingum, fjármunahreyfingum og þeim sérstöku yfirlitum, sem einnig eru á fjárlögum.

IV. kafli. Um rekstrarreikning A-hluta ríkisreiknings.

■ **16. gr.** Tekjur skulu færðar á því ári, er þær eru lagðar á eða hæfar til ákvörðunar samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

□ Beinir skattar skulu færðir á álagningarárinu með frádrætti fyrir vanhöldum, fram komnum eða áætluðum við reikningslokun.

□ Aðflutningsgjöld skulu færð á því ári, er tollafgreiðsla fer fram, en útflutningsgjöld eftir fardögum skipa eða annarra flutningstækja frá landinu.

□ Sölu-, veltu- eða framleiðsluskattar skulu færðir á það ár, er salan, veltan eða framleiðslan á sér stað, enda þótt ekki sé hægt að gera fullnaðarskil fyrr en á næsta ári. Ráðherra getur þó ákveðið, að færsla slíkra tekna sé miðuð við gjalddaga, enda sé um fastan, lögleyfðan gjaldfrest að ræða, er miðaður sé við eðlilegan innheimtutíma gjaldanna.

■ **17. gr.** Ef beinir skattar eru krafðir um leið og tekjur falla til greiðslu, er heimilt að færa þá á innheimtuárinu, þótt endanleg álagning fari fyrst fram ári síðar.

■ **18. gr.** Nú eru lagðir á nýir skattar, og skal þá reikningsfærslan fara eftir meginreglum þessa kafla.

■ **19. gr.** Tekjur skal flokka í fjóra meginflokka eftir eðli teknanna, án tillits til þess, hvaða aðili innheimtir þær. Teknaflokkarnir eru þessir:

1. Skattar.
2. Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings.
3. Ýmsar tekjur.
4. Innheimt fé fyrir aðra.

■ **20. gr.** Með sköttum er í 1. tölulið 19. gr. átt við þá fjárhæð, sem ríkið leggur á einstaklinga og félög, án þess að beint framlag komi á móti frá ríkinu.

□ Rekstrarhagnað fjáröflunareinkasalna ríkisins skal telja með sköttum, sbr. 1. tölulið 19. gr., en ekki með arðgreiðslum annarra fyrirtækja og sjóða í ríkiseign, sbr. 2. tölulið 19. gr., enda þótt reikningar einkasalnanna séu í B-hluta ríkisreiknings.

■ **21. gr.** Skatta skal flokka í beina skatta og óbeina, og hvorum flokknum um sig skal aftur skipta niður, þannig að séð verði, hvernig upphæð beinna skatta skiptist milli persónuskatta, eignarskatta og tekjuskatta, og upphæð óbeinna skatta milli gjalda af innflutningi, gjalda af framleiðslu, gjalda af seldum vörum og veittri þjónustu og annarra óbeinna skatta.

■ **22. gr.** Þótt skattar eða aðrar ríkistekjur renni beint til ákveðinna fyrirtækja eða sjóða í B-hluta ríkisreiknings, skulu þessar fjárhæðir færðar til tekna á rekstrarreikningi í A-hluta og ráðstöfun þeirra sýnd gjaldamegin á rekstrarreikningi í A-hluta.

■ **23. gr.** Skattar, sem renna til ákveðinna stofnana í A-hluta ríkisreiknings, skv. sérstökum lögum eða ákvæðum, skulu færðir til tekna á rekstrarreikningi og ráðstöfun þeirra gjaldamegin.

■ **24. gr.** Tekjur, sem ríkisstofnanir í A-hluta ríkisreiknings hafa beinlínis fyrir þjónustu eða annað framlag (þ. e. tekjur þjónustueðlis, en ekki skatteðlis), skal færa sem frádráttarlið frá gjöldum viðkomandi aðila á rekstrarreikningi.

■ **25. gr.** Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings skal flytja yfir í teknahlið A-hluta, sbr. 2. tölulið 19. gr., nema rekstrarhagnað fjáröflunareinkasalna ríkisins, sem talinn er skattur. Fjármálaráðherra setur reglur um greiðslu slíks arðs til ríkissjóðs, sbr. 54. gr.

■ **26. gr.** Liðurinn „innheimt fé fyrir aðra" nær aðeins til tekna, sem renna til sömu aðila eða atvinnugreina og þær eru innheimtar hjá eða til opinberra aðila utan ríkisreiknings. Skulu þessar tekjur færðar inn og út í teknahlið rekstrarreiknings.

■ **27. gr.** Nú renna skattar að hluta til ríkisins og að hluta til annarra opinberra aðila (t. d. sveitarfélaga), og skal þá færa ríkishlutann í teknaflokk 1, sbr. 19. gr., en hinn hlutann í teknaflokk 4, sbr. sömu gr.

■ **28. gr.** Innheimtulaun, sem ríkissjóður greiðir, skal ekki draga frá teknamegin á rekstrarreikningi, heldur færa þau til gjalda á viðeigandi grein. Á það við jafnt um sérstök innheimtulaun sýslumanna, bæjarfógeta o. fl. aðila og kostnað við rekstur stofnana, sem annast innheimtu.

□ Innheimtulaun, sem ríkissjóður fær vegna innheimtu fyrir aðra, skal telja með ýmsum tekjum, sbr. 3. tölulið 19. gr.

■ **29. gr.** Með ýmsum tekjum í 3. tölulið 19. gr. skal m. a. telja vaxtatekjur, arð af hlutabréfum, söluandvirði óeignfærðra fjármuna, endurgreitt stofnfé (sbr. 33. gr.), gjafafé og ýmsa leiðréttingarliði, sem hvorki verða færðir beint á teknaliði, sbr. 1., 2. og 4. tölulið 19. gr., né koma meðal frádráttarliða frá gjöldum ýmissa stofnana, sbr. 24. gr.

■ **30. gr.** Gjöld skulu færð á því ári, er afhending verðmæta fer fram og hvers konar vinna eða þjónusta er innt af hendi, er hefur í för með sér fjárhagslega skuldbindingu fyrir ríkið eða greiðslu úr ríkissjóði.

■ **31. gr.** Gjöld skal fyrst flokka eftir ráðuneytum, því næst eftir aðilum eða málefnum, sem fjárveitingin rennur til, og loks eftir hagrænu eðli gjaldanna.

■ **32. gr.** Fjárveitingar til fjármunamyndunar þeirra aðila, sem eru í A-hluta ríkisreiknings, skal ekki eignfæra, heldur færa þær í gjaldalið rekstrarreiknings. Semja skal sérstakt yfirlit yfir slíkar fjárveitingar, sbr. 45. og 46. gr.

■ **33. gr.** Stofnfjárframlög til ríkisfyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings skal færa í gjaldahlið rekstrarreiknings í A-hluta. Endurgreiðslur höfuðstóls þessara aðila skal færa með ýmsum tekjum í lið nr. 3 í teknahlið rekstrarreiknings, sbr. 19. gr., en arðgreiðslur þeirra í

lið nr. 2, sbr. og 19. gr.

■ **34. gr.** Fjárveitingar, sem eru ekki notaðar á fjárveitingarárinu, sbr. 66. gr., skal ekki færa til gjalda fyrr en á því ári, er þær eru notaðar. Í samræmi við þetta skal ekki færa þær þá til skuldar í lok fjárveitingarársins, heldur halda sérstaka skrá yfir þær, sbr. 48. gr.

V. kafli. Um endurmatsreikning A-hluta ríkisreiknings.

■ **35. gr.** Á endurmatsreikning í 2. kafla A-hluta ríkisreiknings skal færa matsbreytingar eigna og skulda á efnahagsreikningi, þ. á m. gengishagnað og gengistap og matshækkanir og lækkanir hlutabréfa.

■ **36. gr.** Fjárveitingar til fjármunamyndunar, sem færðar hafa verið á rekstrarreikning í A-hluta ríkisreiknings og þannig afskrifaðar, skulu færðar á endurmatsreikning í B-hluta, ef skilyrði skapast til eignfærslu, sbr. 7. gr.

□ Nú er afskrifuð eign seld og skal þá færa söluandvirðið með ýmsum tekjum í teknahlið rekstrarreiknings.

VI. kafli. Um efnahagsreikning í A-hluta ríkisreiknings.

■ **37. gr.** Í eignahlið efnahagsreiknings skal a. m. k. greina milli eftirtalinna eignaflokka:

1. Sjóður (seðlar, ávísanir, skiptimynt) hjá ríkisféhirði sérstaklega og öðrum ríkisaðilum sérstaklega.
2. Bankainnstæður.
3. Ýmsar innstæður. Hér skal m. a. telja óinnheimtar ríkissjóðstekjur, fyrirframgreiðslur, innstæður hjá ýmsum viðskiptamönnum o. þ. h.
4. Hlutabréf, verðbréf o. þ. h.
5. Veitt lán, aðgreind í stutt lán og löng lán, og hvor liður um sig í innlend lán og erlend lán.

■ **38. gr.** Í A-hluta ríkisreiknings skal ekki eignfæra efnislega fjármuni, sbr. 7. gr.

■ **39. gr.** Í skuldahlið efnahagsreiknings skal a. m. k. greina milli eftirtalinna skuldaflokka:

1. Yfirdráttur bankareikninga.
2. Ýmsar lausaskuldir. Hér skal m. a. telja ógreidd gjöld, fyrirframgreiðslur til ríkisins, ýmsar lausaskuldir við viðskiptamenn, geymt innheimtufé o. fl.
3. Tekin lán, aðgreind í stutt lán og löng lán og hvor liður um sig í innlend lán og erlend lán. Lán í Seðlabankanum skal jafnan tilgreina sérstaklega.

■ **40. gr.** Lán, sem ríkissjóður tekur til að endurlána ríkisfyrirtækjum eða öðrum aðilum, skal færa um reikning ríkisábyrgðasjóðs í B-hluta ríkisreiknings.

■ **41. gr.** Mat eigna og skulda skal, eftir því sem við verður komið, miða við raunverulegt verðmæti í lok reikningsárs, en heimilt er þó að fylgja reglum skattalaga, ef þær víkja ekki verulega frá ofangreindri reglu.

VII. kafli. Um fjármagnshreyfingar A-hluta ríkisreiknings og greiðslujöfnuð.

■ **42. gr.** Fjármagnshreyfingar í 4. kafla A-hluta ríkisreiknings skiptast í lánahreyfingar og hreyfingar greiðslufjárreikninga, sbr. 9. gr.

■ **43. gr.** Lánahreyfingar skulu sýna breytingar á lánareikningum, þ. e. liðum nr. 4 og 5 eignamegin og nr. 3 skuldamegin á efnahagsreikningi, sbr. 37. gr. og 39. gr.

□ Í sundurliðun skal greina sérstaklega tekin lán, veitt lán, greiddar og mótteknar afborganir og hækkanir og lækkanir einstakra liða vegna endurmats. Þá skal og jafnan sýna sérstaklega breytingar vegna aukningar eða endurgreiðslu á hlutabréfum o. þ. h.

■ **44. gr.** Hreyfingar greiðslufjárreikninga á efnahagsreikningi, sbr. 37. gr. og 39. gr., skulu sýna greiðslujöfnuð ríkissjóðs eftir formi greiðslufjár, þar sem sjóðjöfnuður, bankajöfnuður og jöfnuður lausaskulda og ýmissa inneigna (breytingar á geymdu innheimtufé meðtaldar) eru sýndir sérstaklega.

□ Auk hinna einstöku jafnaða skal sýna brúttóupphæðir, sem þeir eru byggðir á, og hækkanir og lækkanir einstakra liða vegna endurmats.

VIII. kafli. Um sérstök yfirlit í A-hluta ríkisreiknings.

■ **45. gr.** Jafnan skulu eftirtalin sérstök yfirlit vera í 5. kafla A-hluta ríkisreiknings, sbr. 8. gr.:

1. Yfirlit yfir óeignfærða fjármunamyndun.
2. Skrá yfir geymdar fjárveitingar.
3. Yfirlit um gjöld eftir hagrænu eðli þeirra.
4. Skrá yfir tekjur ríkissjóðs eftir innheimtuaðilum.

■ **46. gr.** Með óeignfærðri fjármunamyndun í 1. tölulið 45. gr. er átt við fjármunamyndun ríkisins, sem færð er til gjalda í A-hluta ríkisreiknings og þannig afskrifuð til fulls. Skráin skal vera sundurliðuð eftir fjárlagagreinum og tegundum fjármuna.

■ **47. gr.** Gera skal yfirlit yfir verðmæti óeignfærðra fjármuna eigi sjaldnar en á 10 ára fresti og skal þá miða við áætlað endurnýjunarvirði að frádregnum afskriftum.

■ **48. gr.** Skrá yfir geymdar fjárveitingar, sem í gildi eru og hvorki hafa verið færðar til gjalda né skulda í ríkisreikningi, skal gerð með tilvísun í fjárlagagreinar og fjárlagaár. Þar skal koma fram sundurliðuð notkun geymdra fjárveitinga frá fyrri árum, sbr. 2. tölulið 45. gr.

■ **49. gr.** Yfirlit um flokkun gjalda eftir hagrænu eðli þeirra skal miða við mestu sundurliðun brúttógjalda í ríkisreikningi, og frádráttur vegna tekna sýndur sérstaklega.

■ **50. gr.** Heimilt er ráðherra að taka inn í 5. kafla A-hluta ríkisreiknings, sbr. 8. gr., önnur yfirlit en þau, sem getið er hér að framan. Ríkisreikningsnefnd getur einnig gert tillögur um birtingu slíkra yfirlita.

IX. kafli. Um yfirlitsreikninga fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings.

■ **51. gr.** Yfirlitsreikningar fyrirtækja og sjóða í ríkiseign skulu sýna helztu atriði reikninga einstakra aðila í B-hluta ríkisreiknings, svo sem tekjur, gjöld og rekstrarjöfnuð, hækkanir, lækkanir og jöfnuð endurmatsreiknings, eignir, skuldir og höfuðstól ríkissjóðs, fjármunahreyfingar (þar með taldar afskriftir) og fjármagnshreyfingar.

X. kafli. Um reikninga einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings.

■ **52. gr.** Tekjur á rekstrarreikningi skal sundurliða þannig, að eftirtaldir liðir séu greindir sérstaklega: Beinir fjárlagastyrkir, sem eru gjaldfærðir í A-hluta ríkisreiknings, sérstakir skattar eða aðrar ákveðnar ríkistekjur, sem renna til tiltekinna aðila og eru gjaldfærðir í A-hluta ríkisreiknings, og tekjur af vörusölu eða þjónustu.

■ **53. gr.** Gjöld á rekstrarreikningi skal sundurliða í samræmi við hagræna flokkun gjalda í A-hluta ríkis-

reiknings, sbr. 49. gr., en þó skal við það miða, að flokkun gjaldanna verði sem sambærilegust við það, sem tíðkast hjá fyrirtækjum í einkaeign.

■ **54. gr.** Fjármálaráðherra setur reglur um greiðslu rekstrarhagnaðar fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings í ríkissjóð, að svo miklu leyti sem slíkt er ekki lögákveðið. Greiðslurnar skulu færðar til tekna í A-hluta ríkisreiknings, á lið nr. 2, sbr. 19. gr., arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign. Að öðru leyti er fyrirtækjum og sjóðum heimilt að nota rekstrarhagnað til aukningar hreinnar eignar með þeim takmörkunum, sem fjármálaráðherra setur eða ákveðnar eru með lögum.

■ **55. gr.** Efnislega fjármuni fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings skal afskrifa, miðað við matsverð í árslok, og sé afskriftatími miðaður við áætlaðan endingartíma fjármuna, þegar því verður við komið, eða farið eftir reglum skattalaga og öðrum reglum skattyfirvalda.

■ **56. gr.** Reikna skal fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings vexti af lánum frá ríkissjóði og lausaskuldum við hann, eftir nánari reglum, er fjármálaráðherra setur.

■ **57. gr.** Um mat á efnahagsreikningi fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings gilda sömu meginreglur og um mat í A-hluta, sbr. 41. gr. og 55. gr. Þetta á einnig við um endurmat.

■ **58. gr.** Ef efnislega fjármuni, sem hafa ekki verið eignfærðir, heldur færðir til gjalda á fjárveitingarárinu, má eignfæra síðar, þannig að um sérstakt fyrirtæki verði að ræða, skv. skilgreiningu 7. gr., skal framkvæma endurmatið í B-hluta ríkisreiknings.

■ **59. gr.** Auk árlegs endurmats efnislegra fjármuna, skal a. m. k. tíunda hvert ár framkvæma sérstakt ítarlegra endurmat, er sé miðað við áætlað endurnýjunarverði að frádregnum afskriftum.

■ **60. gr.** Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings skulu í efnahagsreikningi greina milli hliðstæðra liða og kveðið er á um í 37. gr., en auk þess skal eignfæra efnislega fjármuni, svo sem lönd, náttúruréttindi, húseignir, vélar og tæki.

XI. kafli. Um sérstök yfirlit í B-hluta ríkisreiknings.

■ **61. gr.** Í 3. kafla B-hluta ríkisreiknings, sbr. 12. gr., skal vera sérstakt yfirlit um gjöld á rekstrarreikningunum í heild, flokkuð eftir hagrænu eðli þeirra. Þar má einnig birta ýmsar samdráttar- eða sundurliðunarskrár og töflur með tilvísun í reikninga í 2. kafla B-hluta ríkisreiknings, eftir því sem ástæða þykir til. Meðal annars er heimilt að birta þar sundurliðaðar fjármunahreyfingar, lánahreyfingar og hreyfingar greiðslufjárreikninga fyrirtækjanna og sjóðanna í heild.

XII. kafli. Um efnisskipun fjárlaga o. fl.

■ **62. gr.** Fjárlög skiptast í tvo hluta, A-hluta og B-hluta, á sama hátt og ríkisreikningur, sbr. 1. málsgrein 6. gr.

■ **63. gr.** Í A-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi og lánahreyfingar, að svo miklu leyti sem séð verður fyrir við fjárlagaafgreiðslu.

■ **64. gr.** Í B-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi, lánahreyfingar og fjármunahreyfingar hvers aðila sérstaklega, og auk þess skal birta yfirlitsáætlanir, sbr. 51. gr., eftir því sem við verður komið.

■ **65. gr.** Fjárlagaárið skal afmarka eftir reglum, sem um ræðir í II. kafla, og allar sömu meginreglur skulu gilda um efnisskipun og sundurliðun fjárlaga og þær, er gilda um ríkisreikning, að svo miklu leyti sem við á. Þó má sundurliðun í fjárlögum vera minni en í ríkisreikningi.

■ **66. gr.** Merkja skal sérstaklega þær fjárveitingar, sem geyma má, ef þær eru ónotaðar í lok reikningsárs. Geymsluheimildin skal gilda til fjögurra ára.

□ Ekki er heimilt að geyma fjárveitingar til venjulegs rekstrar ríkisstofnana eða annarra aðila, sem slíkar fjárveitingar fá. Undanþágur má þó veita frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Fjármálaráðherra ákveður nánar um geymslu ónotaðra fjárveitinga.

■ **67. gr.** Heimilt er fjármálaráðherra að láta sérstök yfirlit, sams konar eða hliðstæð þeim, sem getið er um í VIII. kafla, fylgja fjárlagafrumvarpi og fjárlögum, og jafnan skal fylgja skrá yfir ónotaðar fjárveitingar, sem gilda áfram sem fjárveitingarheimildir, og yfirlit um gjöld eftir eðli þeirra.

■ **68. gr.** Fjárlagafrumvarpi skal jafnan fylgja töluleg samanburður við fjárlög síðasta reikningsárs og síðasta fullgerðan ríkisreikning.

[XIII. kafli. Fylgirit með ríkisreikningi.

■ **69. gr.** Með ríkisreikningi skal leggja fram greinargerð fjárlaga- og hagsýslustofnunar um forsendur fjárlaga ársins og breytingar á þeim forsendum. Einnig skal gerð grein fyrir þróun verðlags, launa og annarra helstu þátta í efnahagslífinu sem áhrif höfðu á niðurstöður ríkisreiknings.

□ Yfirlit fylgi um aukafjárveitingar ásamt fullnægjandi skýringum. Sýna skal sérstakt yfirlit um frávik ríkisreiknings og samþykktra fjárveitinga, þ. e. fjárlaga, ásamt aukafjárveitingum. Frávikin skulu skýrð sérstaklega og flokkuð eftir einstökum ráðuneytum, stofnunum og verkefnum.

■ **70. gr.** Með ríkisreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað og risnukostnað einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna.

□ Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. Launagreiðslur:
- a. Heildarlaunagreiðslur.
- b. Föst yfirvinna.
- c. Önnur yfirvinna.
- d. Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

II. Bifreiðakostnaður:
- a. Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
- b. Notkun bílaleigubifreiða.
- c. Notkun leigubifreiða.
- d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. Risnukostnaður:
- a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
- b. Risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. Ferðakostnaður:
- a. Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
- b. Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.][1)]

[1)] *L. 31/1982, 1. gr.*

1966 Nr. 52 13. maí

[XIV. kafli.][1] Um úrskurðarvald ráðherra og ríkisreikningsnefnd.

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

■ **[71. gr.][1]** Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd laganna og fellir úrskurð, þegar vafi leikur á því, hvernig fara skuli með einstök atriði samkvæmt ákvæðum þeirra.

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

■ **[72. gr.][1]** Skipa skal sérstaka nefnd, ríkisreikningsnefnd, er vera skal fjármálaráðherra til ráðuneytis um atriði, er varða uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og önnur atriði, er hafa meginþýðingu fyrir það reikningslega kerfi, er lögunum er ætlað að tryggja, eftir því sem nánar er kveðið á um í einstökum köflum laganna og í þessum kafla.

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

■ **[73. gr.][1]** Nefndin skal skipuð sex mönnum. Fjórir menn skulu eiga sæti í henni samkvæmt stöðu sinni, þ. e. ríkisbókari, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, ríkisendurskoðandi og hagstofustjóri eða staðgöngumenn þeirra. Hinir tveir skulu skipaðir eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands og Efnahagsstofnunarinnar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

■ **[74. gr.][1]** Ríkisreikningsnefnd skal jafnan gera tillögur til ráðherra, áður en úrskurður er felldur eða reglur settar um einstök ákvæði laganna, þar á meðal eftirtalin atriði:

1. Hvort reikningar ákveðinna aðila skuli birtir í ríkisreikningi, sbr. 1. gr.

2. Hvort fé, sem ríkissjóður innheimtir fyrir ýmsa aðila (aðra en ríkisaðila), sem hafa tekjustofna samkvæmt sérstökum lögum, en ekki beinlínis fyrir fjárlagasamþykkt, skuli fært til tekna og gjalda á rekstrarreikningi eða inn og út teknamegin, sbr. 2. gr.

3. Hvort einstakir ríkisaðilar skuli taldir í A-hluta eða B-hluta ríkisreiknings, sbr. 6. gr. og 7. gr.

4. Hvernig haga skuli formi og sundurliðun heildaryfirlits í A-hluta og yfirlitsreikninga í B-hluta, sbr. 8. gr., 12. gr. og 51. gr.

5. Hvernig flokka skuli og sundurliða tekjur, gjöld, fjármagnshreyfingar, eignir og skuldir og hvernig skuli merkja einstakar fjárveitingar á fjárlögum eftir hagrænu eðli og tímamörkum, sbr. IV., VI., VII., X. og XII. kafla.

6. Hvernig nota skuli heimildir 16. og 17. gr., um færslu tekna á reikningsár miðað við gjalddaga.

7. Hvenær söluandvirði óeignfærðra fjármuna í A-hluta ríkisreiknings skuli fært með „ýmsum tekjum" í tekna hlið rekstrarreiknings og hvenær dregið frá gjöldum einstakra stofnana, sbr. 29. gr.

8. Hvernig útfæra skuli reglurnar um mat eigna og skulda og framkvæmd endurmats, sbr. V. kafla, 41. gr., 55. gr. og 57. gr.

9. Hvernig einstök yfirlit skv. VIII. kafla og XI. kafla skuli gerð úr garði og hvaða yfirlit skuli birt umfram þau, sem lögin ákveða.

10. Hvaða reglur skuli settar fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign um tilhögun fjárskila til ríkissjóðs og tilhögun bókhalds og reikningsskila til ríkisbókhaldsins, sbr. X. kafla.

11. Hvort undanþágur skuli veittar til geymslu fjárveitinga, sbr. 66. gr.

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

■ **[75. gr.][1]** Ríkisreikningsnefnd skal jafnan höfð með í ráðum um uppsetningu fjárlagafrumvarps.

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

■ **[76. gr.][1]** Nánar skal kveða á um hlutverk nefndarinnar og störf í reglugerð.

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

[XV. kafli][1] Um ríkisbókhald.[2]

[1] *L. 31/1982, 1. gr.* [2] *Rg. 533/1975.*

■ **[77. gr.][1]** Ríkisbókhaldið hefur, fyrir hönd fjármálaráðuneytisins, yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila, er ríkisreikningurinn nær til, sbr. 1. gr., á grundvelli þessara laga og sér um gerð ríkisreiknings.

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

■ **[78. gr.][1]** Heimilt er ríkisbókhaldinu að láta einstakar stofnanir, fyrirtæki og sjóði annast bókhald sitt sjálf að einhverju eða öllu leyti. Enn fremur er því heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að setja upp bókhaldsmiðstöðvar, er annist bókhald ákveðinna aðila, að svo miklu leyti sem það er ekki gert í ríkisbókhaldinu sjálfu. Allir þessir aðilar skulu þó lúta fyrirmælum ríkisbókhaldsins um reikningsfærsluna.

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

■ **[79. gr][1]** Setja skal reglur[2] um skilafrest á reikningum til ríkisbókhalds fyrir þá aðila, sem um getur í 76. gr.[3][4]

[1] *L. 31/1982, 1. gr.* [2] *Rg. 530/1975 (um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs).* [3] *Nú 78., sbr. l. 31/1982, 7. gr.* [4] *Rg. 530/1975.*

■ **[80. gr.][1]** Ríkisbókhaldið annast innköllun reikninga frá félögum, fyrirtækjum, stofnunum og sjóðum, sem ekki eru ríkiseign, en hafa sérstaka tekjustofna skv. lögum, sbr. 2. gr. Enn fremur sér það um birtingu þeirra í samráði við ritstjóra Stjórnartíðinda, sbr. sömu gr., og hefur umsjón með innheimtu þeirra tekna, sem um getur í greininni.

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

■ **[81. gr.][1]** Ríkisbókari er forstöðumaður ríkisbókhalds. Hann ber ábyrgð á störfum ríkisbókhaldsins og skal skipaður af fjármálaráðherra.

□ Nánar skal kveða á um verksvið ríkisbókhalds og stöðu ríkisbókara með reglugerð.[2]

[1] *L. 31/1982, 1. gr.* [2] *Rg. 533/1975.*

[XVI. kafli.][1] Niðurlagsákvæði.

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

■ **[82. gr.][1]** ...

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

■ **[83. gr.][1]** ...

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

■ **[84. gr.][1]** ... Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsreglum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara og ekki fara í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram, unz þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt lögum þessum.

[1] *L. 31/1982, 1. gr.*

1966 Nr. 52 13. maí

Lög um ríkisbókhald og endurskoðun.

1931 Nr. 61 8. sept.

I. kafli. Skilgreining hugtaka.

■ **1. gr.** Ríkisbókhald nefnist í lögum þessum allt það bókhald, sem ríkisbókara er falið.

□ Ríkisstofnun er í lögum þessum talin hver sú stofn-

1931 un, sem rekin er fyrir reikning ríkissjóðs.
Nr. 61 □ Reikningshaldari er nefndur hver sá starfsmaður
8. sept. ríkisins, sem hefur með höndum opinber reikningsskil (sbr. auglýsingu um reglugerð um opinber reikningsskil frá 11. desember 1929). ...[1]

[1] *L. 52/1966, 82. gr. Um breytta greinatölu vísast og til þess ákvæðis.*

[II. kafli.][1] Endurskoðun.

[1] *L. 52/1966, 82. gr.*

■ **2. gr.** Endurskoða skal alla reikninga ríkisins og ríkisstofnana. Við endurskoðunina ber þess að gæta:

1. Að reikningarnir séu tölulega réttir og samdir samkvæmt réttum bókhaldsreglum og að allir tekju- og gjaldaliðir séu sannaðir með viðeigandi fylgiskjölum.
2. Að greiðslur allar og viðskipti séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þar að lútandi samninga.
3. Að engin útgjöld séu innt af hendi án lagaheimildar, að fjárveitingar séu réttilega notaðar samkvæmt fyrirmælum, og að útgjöld, tekjur og aðrir liðir viðskiptanna séu bókfærðir á réttan hátt.
4. Að fulls sparnaðar og hagsýni sé gætt við rekstur þann, er reikningarnir hljóða um.

□ Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um framkvæmd og tilhögun endurskoðunar með reglugerð.

■ **3. gr.** Endurskoðun á reikningum ríkisstofnana og reikningshaldara, sem um getur í 2. gr.[1], skal framkvæmd af fjármálaráðuneytinu, svo og endurskoðun á reikningum allra þeirra sjóða, sem háðir eru varðveizlu eða eftirliti ríkisins. Þó er fjármálaráðuneytinu heimilt fyrst um sinn að fela mönnum utan ráðuneytisins að endurskoða hjá reikningshöldurum utan Reykjavíkur.

[1] *Sbr. nú l. 52/1966, 82. gr.*

■ **4. gr.** Fjármálaráðuneytinu ber að láta endurskoðunarskýrslu fylgja reikningum þeim, sem það endurskoðar, þegar þeir eru lagðir fyrir yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins.

□ Í endurskoðunarskýrslu skal fram tekið, hvernig endurskoðun hefur verið hagað, hverjar athugasemdir hafi verið gerðar, svör við þeim og úrskurðir, enn fremur sérhvað það viðvíkjandi reikningsskilunum eða rekstri, er fjármálaráðuneytið telur rétt að vekja athygli á eða gera athugasemdir um til yfirskoðunarmanna.

■ **5. gr.** Þar, sem slíkt þykir henta, fer endurskoðun samkvæmt 8. og 9. gr.[1] fram í skrifstofum þeirra stofnana eða einstaklinga, sem í hlut eiga.

[1] *Nú 2. og 3. gr., sbr. l. 52/1966, 82. gr.*

■ **6. gr.** Fjármálaráðuneytið getur ákveðið, að ríkisstofnanir endurskoði reikninga undirmanna sinna, er gera þeim reikningsskil, enda gefi viðkomandi stofnun ráðuneytinu skýrslu um tillögur þeirrar endurskoðunar, þegar hún skilar reikningum sínum til ráðuneytisins. Ráðuneytið lætur síðan fara fram dreifikönnun á reikningum þeim, sem þannig hafa verið endurskoðaðir, eftir því, sem ástæða þykir til.

■ **7. gr.** Ríkisreikningurinn og bækur ríkisbókhaldsins skulu endurskoðast af yfirskoðunarmönnum samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar.[1] Yfirskoðunarmönnum er heimilt að fela fjármálaráðuneytinu að annast þann hluta af endurskoðunarstarfinu, sem um ræðir í 1. tölul. og niðurlagi 3. tölul. 8. gr.[2] laga þessara.

□ Yfirskoðunarmenn geta krafizt upplýsinga um hvert það atriði, sem þeim eigi þykir nægilega ljóst í reikningum ríkisins eða bókum ríkisbókhaldsins.

□ Enn fremur geta þeir lagt fyrir fjármálaráðuneytið að rannsaka nánar hvert það atriði í reikningum þeim, sem ráðuneytið hefur endurskoðað, er eigi þykir nægilega upplýst. **1931** Nr. 61 8. sept.

[1] *Nú 43. gr. l. 33/1944.* [2] *Nú 2. gr.*

■ **8. gr.** Yfirumsjón með allri endurskoðun fjármálaráðuneytisins skal falin einum af endurskoðendum þess, og nefnist hann aðalendurskoðari. Hann skal hafa sérþekkingu á endurskoðun og reikningsfærslu.

□ Aðalendurskoðari stendur beint undir fjármálaráðherra. Fjármálaráðherra skal setja reglur um starf hans og afstöðu í fjármálaráðuneytinu og setja honum erindisbréf.

□ ...[1]

□ Aðalendurskoðari sé skipaður af fjármálaráðherra. Hann hefur laun sem skrifstofustjórar í stjórnarráðinu.

[1] *L. 52/1966, 82. gr.*

■ **9. gr.** Fjármálaráðuneytið lætur framkvæma sjóðtalningu hjá ríkisféhirði, ríkisstofnunum og öðrum þeim, sem hafa fjármuni hins opinbera undir höndum, svo oft sem þurfa þykir, og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Undir ákvæði þessarar greinar fellur eftirlit með frímerkjaútgáfu og birgðum póstsjóðs.

□ Þar, sem endurskoðun er hagað samkvæmt 12. gr.[1], getur fjármálaráðuneytið krafizt, að ríkisstofnun láti vottorð um sjóðtalningu hjá undirmönnum sínum fylgja aðalreikningi.

□ Hafi sami maður fjárreiður fyrir fleiri en eina ríkisstofnun, skal sjóðtalningu hagað þannig, að samtímis séu taldir sjóðir beggja eða allra stofnananna, annaðhvort af sama endurskoðanda, eða endurskoðendur séu mættir til starfans í sama mund.

[1] *Nú 6. gr.*

■ **10. gr.** [Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ Heimilt er fjármálaráðherra að beita dagsektum við vanrækslu á framkvæmd starfa samkvæmt lögum þessum, allt að 5000 kr. á dag, uns úr er bætt.

□ Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.][1]

[1] *L. 10/1983, 7. gr.*

Tilskipun um meðferð á störfum landsféhirðis. **1918**

Störf landsféhirðis skulu frá 1. september 1918 skilin Nr. 16
frá Landsbanka Íslands og lögð undir fjármáladeild 8. sept.
stjórnarráðsins, annaðhvort þannig, að sett sé á stofn sérstök skrifstofa fyrir landsféhirði, eða hann hafi skrifstofu í fjármáladeildinni.

□ Nánari reglur[1] um framkvæmd þessara starfa og annað, er þar að lýtur, setur fjármálaráðherra.

[1] *Rg. 3/1951.*

Lög um innkaupastofnun ríkisins. **1947**

■ **1. gr.** Ríkisstjórnin setur á stofn innkaupastofnun, Nr. 72
sem hefur það hlutverk að annast innkaup vegna 5. júní
ríkisstofnana og sérstakra framkvæmda ríkisins.

■ **2. gr.** Ríkisstjórnin ræður forstöðumann stofnunarinnar og ákveður með reglugerð[1] starfssvið hennar.

[1] *Rg. 164/1959.*

■ **3. gr.** Ríkissjóður leggur stofnuninni til nauðsynlegt starfsfé, og er ríkisstjórninni heimilt að taka eða ábyrgjast lán í því skyni.

1947 Nr. 72 5. júní

■ **4. gr.** Innkaupastofnunin skal selja ríkisstofnunum vörur þær, sem hún annast innkaup á, við kostnaðarverði, að viðbættum ómakslaunum, sem svarar kostnaði við rekstur stofnunarinnar.

■ **5. gr.** Skylt er öllum ríkisstofnunum, sem reknar eru fyrir reikning ríkissjóðs, svo og þeim, sem hafa með höndum stjórn sérstakra framkvæmda, sem kostaðar eru af ríkissjóði, að fela innkaupastofnuninni innkaup þeirra nauðsynja, sem falla undir starfssvið hennar, nema ráðherra heimili annað.

□ Ákvæði þessi taka þó ekki til þeirra innkaupa, sem einkasölum ríkisins eru falin samkvæmt lögum þar um.

■ **6. gr.** Reikningar innkaupastofnunarinnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum ríkisreikninganna og birtir með þeim.

1924 Nr. 51 4. júní

Lög um ríkisskuldabréf.

■ **1. gr.** Þegar lán eru tekin fyrir hönd ríkissjóðs, skal fyrir þeim gefa út skuldabréf á íslenzku, með þýðing á eitt eða fleiri útlend mál, þegar ástæða er til þess.

■ **2. gr.** Öll skuldabréfin skulu af sömu gerð. Stjórnin ákveður nafnverð þeirra, vaxtafót og söluverð. Vextir skulu greiddir tvisvar á ári, 1. október og 1. apríl, að hálfu í hvort sinn.

■ **3. gr.** Skuldabréfin skulu gefin út til eigi lengri tíma en 25 ára og með vaxtamiðum fyrir það tímabil, sem ákveðið er, að bréfin megi vera lengst í umferð.

□ Af skuldabréfum þeim, sem út eru gefin í hvert sinn, skal dregin út (innkölluð) á ári hverju jöfn upphæð í hlutfalli við skuldabréfaupphæðina, sem í umferð er sett, þannig, að skuldabréfin séu öll innkölluð og innleyst í lok þess umferðartíma, sem stjórnin hefur ákveðið, þá er bréfin voru sett í umferð. Stjórninni er þó heimilt að ákveða, að fyrstu 5 árin skuli ekkert dregið út.

□ Nánari tilhögun um innköllun bréfanna getur ráðherra sett með reglugerð.

■ **4. gr.** Þegar lánsheimild er fyrir hendi, skal stjórnin jafnan sjá um, að almenningur eigi kost á að kaupa skuldabréfin í bönkum, sparisjóðum og á öðrum stöðum, er henta.

■ **5. gr.** Bréfin sjálf og vaxtamiðar þeirra skulu í gjalddaga greidd með ákvæðisverði, án nokkurs frádráttar, stimpilgjalds eða skatts og eru sömuleiðis gjaldgeng í ríkissjóð í hverja greiðslu sem er, svo sem peningar væru.

■ **6. gr.** Bréf og vaxtamiðar, er í gjalddaga eru fallin, greiðast úr ríkissjóði, er einnig getur falið bönkum, hérlendum eða útlendum og öðrum stofnunum, að annast slíkar greiðslur.

1795 10. apríl

Opið bréf kansellíis um það, hvers gæta skal til að tryggja fjármuni opinberra stofnana.

(Samkv. konúrsk.,

...

■ **1)** Þegar skiptaráðendur taka til skipta dánarbú eða önnur bú, og þeim er kunnugt um eða þykir líklegt, að opinber stofnun eigi kröfu í búið, þá skulu þeir tafarlaust skýra hlutaðeigandi stiftamtmanni[1)] og biskupi frá skiptunum, til þess að þeir geti á þeim gætt réttar stofnunarinnar, haldið fram málstað hennar, veitt því móttöku, er henni ber, og séð um, að fénu verði þegar í stað komið á vöxtu gegn tryggilegu veði, eins og segir í 2. gr. hér á eftir. **1795** 10. apríl

□ Það skal tekið fram berum orðum í skuldabréfum þessum, hvaða stofnun lánsféð tilheyrir, og skulu stiftamtmaður og biskup rita á þau að þau megi eigi selja eða afhenda án samþykkis þeirra. Skulu síðan skuldabréfin og önnur veðbréf, er útlögð kunna að hafa verið stofnuninni í skiptunum, og rituð hefur verið á sams konar áritun, fengin í hendur hlutaðeigandi forstjóra eða fjárhaldsmanni, gegn viðurkenningu hans, og heimtar hann síðan inn vextina og annast það annað, er gera þarf, en stiftamtmaður og biskup skulu hafa nákvæmt eftirlit með því, að hann gæti skyldu sinnar í því efni.

[1)] *Nú stjórnarráði, sbr. l. 73/1969.*

■ **2)** Eigi má lána gegn nokkurri fasteign meira en nemur ⅔ af verði hennar eftir löglegri matsgerð, er skuldunautur kostar; svo má og eigi heldur taka náðarár eða fasteignir, sem eldri veðréttur hvílir á, að veði, þegar opinber stofnun á í hlut.

□ Stiftamtmaður og biskup skulu sjá um, að veð stofnananna rýrni eigi og að veðsett hús séu ávallt vátryggð gegn eldsvoða, og skulu því reikningshaldararnir geta þess á skránum yfir vaxtafé stofnananna, í sérstökum dálki, hvort veðin séu tilhlýðilega vátryggð og hve hátt.

■ **3)** Ef opinberri stofnun er út lagður jarðarpartur, hús eða því um líkt, skal rita þegar í stað á bréf það, er um það er út gefið, svo sem segir í 1. gr., og síðan þinglýsa því á næsta þingi, þar er eignin er, á kostnað stofnunarinnar.

□ Í búum skuldunauta má eigi leggja stofnununum út óvissar veðskuldir eða víxilskuldabréf eða önnur ótryggð skuldabréf, ef peningar eru til og fulltryggjandi veðskuldabréf. Sé þessa eigi gætt, bakar það hlutaðeigendum ábyrgð gagnvart stofnuninni.

...

■ **5)** Allir reikningar fyrir fé opinberra stofnana skulu ná frá nýári til nýárs, og skulu reikningshaldararnir hafa samið þá og sent innan febrúarmánaðarloka í seinasta lagi, til stiftamtmanns og biskups[1)], og skal því, er afgangs hefur orðið af tekjunum og vöxtunum, bætt við innstæðuna, og komið á vöxtu á fyrirskipaðan hátt.[2)]

[1)] *Til ríkisbókhalds, sbr. l. 52/1966, XV. kafli.* [2)] *Nú l. 52/1966, 5. og 79. gr.*

■ **6)** Að lokum skulu stiftamtmenn og biskupar, þegar er þeir fá opið bréf þetta, semja rétta skrá yfir þá, sem eru forstjórar og innheimtumenn fyrir opinberar stofnanir, og láta þinglýsa henni, og skal slík þinglýsing (sem ekkert gjald skal greitt fyrir) einnig fram fara eftirleiðis í hvert skipti, sem mannaskipti verða í sýslunum þessum, til þess að það verði öllum kunnugt, og skulu kröfur stofnunarinnar á hendur forstjórunum eftir þinglýsinguna ganga fyrir síðar framkvæmdum fjárnámum og síðar útgefnum veðskuldabréfum.

1793 30. jan.

Tilskipun um gjaldheimtu og reikningsskil í Danmörku.[1)]

[1)] *Eigi birt á Íslandi, en að ýmsu beitt.*

...

III. kap.

■ **40)** Svo sem sjóður Vor hefur forgöngurétt og sjálfsvörsluveðrétt, þótt eigi sé svo um samið, í eignum

1793 30. jan.

gjaldheimtumanna Vorra framar öllum kröfum, er eigi hafa þegar verið þinglesnar og bókaðar áður en þeir tóku við embætti, svo fyrirskipum Vér og hér með, að enginn af amtsforstjórum (Amtsforvaltere) Vorum ... megi frá því er hann er skipaður í embætti selja af hendi neitt af fasteignum sínum, né heldur gefa út neina veðskuldbindingu, til handa hverjum, sem hún er, og eigi má taka við nokkru slíku afsali eða veðskuldbindingu til þinglesturs, nema berum orðum sé leyft af Oss fyrir milligöngu Rentukammers Vors. Nú er gjaldheimtumanni stefnt fyrir skuld, og skal þá sá undireða yfirréttur, sem honum er stefnt fyrir, skýra Rentukammeri Voru frá því í tækan tíma, svo að unnt sé að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja það, að kröfur annarra manna verði greiddar af tekjum Vorum, svo og til þess að knýja gjaldheimtumanninn til þess að gera Oss fullnægjandi reikningsskil, ef þörf þykir. Nú vanrækir einhver dómstóll þetta Oss til tjóns, og skal hann þá ábyrgjast Oss tjónið. Þó skal þeim, er öðlazt hafa löglega dóma, alls eigi meinað að leita greiðslu dómanna með fjárnámi, eftir að fullnægjandi trygging er fengin fyrir Vorum kröfum.

...

1948 Nr. 50 5. apríl

Lög um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.[1)]

[1)] *Sjá Lagasafn 1965, d. 257.*

1974 Nr. 97 31. des.

Lög um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

■ **1. gr.** Óheimilt er að fjölga föstum starfsmönnum í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, nema að fengnu samþykki ráðninganefndar ríkisins, sbr. 6. gr.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um þær stöður, sem stofnaðar eru með lögum.

■ **2. gr.** Óheimilt er að láta starfsmenn starfa í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, nema fjárveiting eða heimild til launagreiðslu sé fyrir hendi. Þeir aðilar, sem sjá um launagreiðslur, geta fengið staðfestingu fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar á því, hvort slíkar heimildir séu fyrir hendi.

■ **3. gr.** Þegar starfsmaður, sem lög nr. 46/1973 taka til, er ráðinn í þjónustu ríkisins skal það gert með skriflegum gerningi. Skal það tekið fram, hvort um skipun, setningu eða ráðningu er að ræða.

□ Starfsmenn, sem ráðnir eru eftir gildistöku laga þessara í minna en ½ starf, eða ráðnir skv. samningum stéttarfélaga og lög nr. 46/1973 taka ekki til, skal ráða með skemmri uppsagnarfresti en 3ja mánaða. Setning í stöðu skal vera til ákveðins tíma.

■ **4. gr.** Ekki má setja á fót nýja ríkisstofnun, nema með lögum, og skal um starfsmannafjölda leita samþykkis með sama hætti og segir í 6. gr., að svo miklu leyti sem lög um stofnunina mæla eigi fyrir um það.

■ **5. gr.** Ráðninganefnd ríkisins skipa þrír menn, formaður fjárveitinganefndar, einn skipaður af ríkisstjórninni og einn af fjármálaráðherra, og er hann formaður nefndarinnar.

□ Varamann formanns fjárveitinganefndar skipar fjárveitinganefnd, en ríkisstjórn og fjármálaráðherra sinn hvorn varamann.

■ **6. gr.** Ráðninganefnd úrskurðar tillögur ráðuneyta og ríkisstofnana um starfsmenn og starfsmannafjölda.

□ Nú óskar ráðuneyti eftir fjölgun fastra starfsmanna við ráðuneytið eða ríkisstofnun á þess vegum án þess að fé hafi verið veitt til þess á fjárlögum eða heimild til launagreiðslu sé fyrir hendi, og skal þá ráðuneytið senda beiðnina til ráðninganefndar til úrskurðar.

■ **7. gr.** Ráðninganefnd skal jafnan úrskurða erindi innan hálfs mánaðar frá móttöku þess, enda hafi nefndinni borist fullnægjandi gögn og upplýsingar um málefnið.

□ Telji ráðninganefnd eigi augljóst, að erindi ráðuneytis skuli ná fram að ganga, skal hún jafnan kveðja fulltrúa þess ráðuneytis á sinn fund og kynna sér greinargerð hans, áður en erindið hlýtur afgreiðslu.

□ Synji ráðninganefnd erindi um fjölgun starfsmanna skv. 1. og 6. gr., getur ráðherra sá, sem hlut á að máli, borið ágreininginn undir ríkisstjórnina, sem tekur endanlega ákvörðun um málið.

■ **8. gr.** Nú vill stofnun, er lög þessi taka til, auka við húsnæði sitt, og skal þá með fara á sama hátt og segir í 6. og 7. gr. um fjölgun starfsmanna, eftir því sem við á.

■ **9. gr.** Fjármálaráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir ráðningarbréf, sem öllum stofnunum ríkisins er skylt að nota við ráðningu starfsmanna, sem ráðnir eru í hálft starf eða meira gegn föstum mánaðarlaunum og eigi eru skipaðir.

□ Starfsmaður á rétt á að fá í hendur afrit af ráðningarbréfi sínu staðfestu af viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu.

■ **10. gr.** Semja skal árlega skrá yfir þá starfsmenn ríkisins, sem ákvæði 1. mgr. 3. gr. taka til og ráðnir eru í hálft starf eða meira með a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfresti. Fjármálaráðuneytið sér um gerð þessarar skrár, og skal hún lögð fram með fjárlagafrumvarpi.

■ **11. gr.** Fjármálaráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um efni ráðningarbréfa.

■ **12. gr.** Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 48/1958, um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

■ **13. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

1968 Nr. 5 10. apríl

Lög um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda.

■ **1. gr.** ...

■ **2. gr.** ...

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð 18 400 þús. kr. vegna framkvæmdar laga nr. 65/1966, um hægri umferð. Lánið endurgreiðist með sérstökum skatti af bifreiðum skv. 12. gr. laganna.

■ **4. gr.** 1. ...

2. Við setningu reglugerðar um framkvæmd laga nr. 49/1967, um skólakostnað, skal setja ákvæði um hagkvæmt skipulag stundaskrár og aðra hagræðingu, er lækkað geti kostnað af óbreyttri þjónustu skólanna. ...

■ **5. gr.** Í stað ákvæða um námsstjórn í ...[1)] lögum nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, og lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, komi: Verja skal 2 millj. króna á ári til námsstjórnar fyrir allt landið og til framkvæmdar skólakostnaðarlaga, nr. 49/1967. Skal 300 þús. kr. af þeirri fjárhæð varið til námsstjórnar í einstökum náms-

1968 Nr. 5 10. apríl

greinum samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.[2)]

[1)] *L. 63/1974, 88. gr.* [2)] *Rg. 200/1965.*

■ **6. gr.** 1. ...

2. Frestað er, unz Alþingi ákveður annað, framkvæmd ákvæðis laga nr. 41/1966, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, um að bæta við prófessorsembætti í nútíma sagnfræði.

■ **7. gr.**[1)] 1. Fræðslumálaskrifstofan skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 35/1930, um fræðslumálastjórn, og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við þetta.

2. Fjármálaeftirlit skóla skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast ákvæði IV. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er brjóta kunna í bága við þetta.

3. Fræðslumyndasafn ríkisins skal vera deild í menntamálaráðuneytinu, og breytast lög nr. 54/1961 í samræmi við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.

4. Íþróttafulltrúi skal vera starfsmaður í menntamálaráðuneytinu, og breytast íþróttalög, nr. 49/1956, til samræmis við það, svo og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við þetta.

5. ...

[1)] *Augl. 78 og 79/1971.*

■ **8. gr.** ...

■ **9. gr.** ...

■ **10. gr.** ...

■ **11. gr.** Póst- og símamálastjórnin annast án endurgjalds sömu fyrirgreiðslu hér eftir sem hingað til varðandi sparimerki og skyldusparnað, sbr. lög nr. 19/1965 og reglugerð nr. 116/1959, svo og afgreiðslu í sambandi við orlof, sbr. lög nr. 16/1943.

■ **12. gr.** ...

1975 Nr. 96 31. des.

Lög um lækkun lögbundinna framlaga á fjárlögum.

■ **1. gr.** Þrátt fyrir ákvæði í sérstökum lögum um tiltekin framlög á fjárlögum er heimilt að lækka slík framlög á fjárlögum áranna 1976 og 1977 um allt að fimm af hundraði (5%).

■ **2. gr.** Ákvæði 1. gr. taka ekki til framlaga vegna slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga og ekki til hreinna markaðra tekjustofna í gjaldahlið, þ. e. tekjustofna sem koma fram án mótframlags af nokkru tagi í gjaldahlið fjárlaga.

1979 Nr. 13 10. apríl

Lög um stjórn efnahagsmála o. fl.

...

III. kafli. Um ríkisfjármál.

■ **6. gr.** Frumvarp til fjárlaga skal samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar, sem kveðið er á um í 2. gr. þessara laga. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í fjárlagafrumvarpi gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun, sbr. 2. gr., og þær spár, sem eru hluti hennar, þar á meðal um breytingar verðlags og launa. Á sama hátt skulu þjóðhagsforsendur fjárlaga miðast við endurskoðaða þjóðhagsáætlun fyrir fjárhagsárið, sem í hönd fer, eins og hún liggur fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

■ **7. gr.** Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun, er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs, sem fjárlagafrumvarpið tekur til.

□ Með áætlun þessari skal sýna meðal annars:

1. Meginstefnu í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins.

2. Samræmi milli stefnunnar í ríkisfjármálum og í efnahags- og atvinnumálum.

3. Stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins.

4. Stefnumótun um framlög á fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila.

■ **8. gr.** Fyrir árslok 1979 skulu ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldur ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar, og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa verði framvegis ákveðin með fjárlögum ár hvert, og í áætlun með fjárlagafrumvarpi næstu þrjú árin eftir lok hvers fjárhagsárs, sbr. 7. gr. Við endurskoðun þessa skal höfð sérstök hliðsjón af stöðu og verkefnum einstakra sjóða, m. a. með tilliti til félagslegra markmiða. Samráð skal haft við hagsmunaaðila.

□ Endurskoðun þessi skal jafnframt taka til ákvæða í lögum, er kveða á um mörkun einstakra tekjustofna til sjóða og verkefna.

■ **9. gr.** Niðurgreiðsla landbúnaðarafurða úr ríkissjóði skal ekki vera hærri en svo, að útsöluverð hverrar afurðar til neytenda verði lægra en sem svarar verði til framleiðenda, sbr. 2. mgr. Þess skal jafnan gætt, að ákvarðanir um niðurgreiðslur miðist við það, að sem minnstar sveiflur verði í þeim.

□ Marki því, sem sett er fyrir niðurgreiðslur í 1. mgr., skal náð í áföngum á árunum 1979, 1980 og 1981. Skulu ákvarðanir um niðurgreiðslur teknar til endurskoðunar í því skyni.

■ **10. gr.** Ráðuneyti skulu eigi síðar en 1. maí 1979 gera tillögur til fjárlaga- og hagsýslustofnunar um lækkun ríkisútgjalda á árinu 1979 um 1000 milljónir króna frá þeirri fjárhæð, sem fjárlög kveða á um, sbr. heimild í lið XLIII í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1979. Skal fjárlaga- og hagsýslustofnun síðan skila samræmdum tillögum um lækkunina til ríkisstjórnarinnar fyrir 15. maí 1979.

■ **11. gr.** Á árinu 1979 skulu ákvarðanir í ríkisfjármálum við það miðaðar, að heildartekjur og útgjöld á fjárlögum haldist innan marka, sem svara til 30% af vergri þjóðarframleiðslu. Svipað markmið skal gilda fyrir árið 1980. Frá þessu skal þó víkja, ef óvæntar og verulegar breytingar verða í þjóðarbúskapnum, og sérstaklega ef ætla má, að hætta sé á atvinnuleysi.

■ **12. gr.** Ríkisendurskoðun skal fylgjast með framkvæmd fjárlaga í umboði Alþingis.

■ **13. gr.** Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra fjármuna.

□ Meðal þess háttar verkefna fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð:

1. Mat á fyrirhuguðum ríkisframkvæmdum með tilliti til arðsemi, kostnaðar, nytja og þjóðfélagslegs gildis.

2. Kostnaðarmat á tillögum frumvarpa sem hafa í för

1979 Nr. 13. 10. apríl

með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma.

3. Athuganir á hagkvæmni í rekstri ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja í því skyni að bæta rekstur og draga úr útgjöldum.

4. Athuganir á hagræðingu í starfsemi ríkisstofnana og fyrirtækja og í samskiptum einstaklinga og fyrirtækja við ríkið.

□ Þessi verkefni sín skal fjárlaga- og hagsýslustofnun leysa í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og fjárveitinganefnd.

IV. kafli. Um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstjórnarinnar.

■ **14. gr.** Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn, og skulu þær fylgja fjárlagafrumvarpi. Áætlununum skal fylgja stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs, sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Markmið áætlananna er að tryggja, að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum.

■ **15. gr.** Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skulu meðal annars eftirtalin atriði koma fram:

1. Heildaráætlun um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra með framlögum á fjárlögum, eigin fjármögnun opinberra fyrirtækja og lánsfé, ennfremur um framkvæmdir annarra aðila.

2. Framlög til framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga.

3. Framlög til fjárfestingarlánasjóða.

4. Útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða og fjármögnun þeirra.

5. Útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða.

6. Áætlun um erlendar lántökur opinberra aðila.

□ Ennfremur skal gera grein fyrir þróun og horfum um fjárfestingu í einstökum atvinnuvegum. Þá skal greina frá áætlunum um lánamarkaðinn í heild, þar með áætlun um erlendar lántökur og markmið í peningamálum og þeim tækjum, sem beita skal til þess að þeim verði náð, sbr. ákvæði 28. og 29. gr.

□ Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal jafnan fylgja mat á mannaflaþörf áætlaðra framkvæmda í heild, og þar með mat á atvinnuástandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sérstaklega.

■ **16. gr.** Með skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir skal lagt fram frumvarp um heimildir til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar fjáröflunarráðstafanir vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða að því marki, sem slík ákvæði eru ekki í frumvarpi til fjárlaga. Lántökuheimildir eða ábyrgðarheimildir, sem veittar eru vegna opinberra framkvæmda eða fjárfestingarlánasjóða í lánsfjárlögum þessum, skulu skoðast sem hámarksákvæði á því fjárlagaári, sem þær eiga við.

□ Skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir skal og fylgja rammaáætlun um erlendar lántökuheimildir einkaaðila, sem langlánanefnd skal framfylgja sem hámarksáætlun.

■ **17. gr.** Til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skulu einstök ráðuneyti í samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun gera tillögur hvert á sínu verksviði um einstakar opinberar framkvæmdir og fjárfestingarframlög til atvinnuvega og framlög til fjárfestingarlánasjóða. Jafnframt skulu þau gera grein fyrir mati sínu á fjárfestingarhorfum og fjármögnunarþörfum atvinnugreina þeirra, sem þau fjalla um. Ríkisstjórnin ákveður nánar til hvaða verksviða tillögur þessar og greinargerðir skulu ná. Tillögur þessar og greinargerðir skulu gerðar um leið og fjárlagatillögur ráðuneyta og ákveður ríkisstjórnin skiladag þeirra til fjármálaráðuneytisins.

■ **18. gr.** Til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal á vegum einstakra ráðuneyta og í samvinnu við Framkvæmdastofnun ríkisins eftir nánari ákvörðun þeirra gera áætlanir um þróun einstakra atvinnugreina og fjárfestingar þeirra sbr. og II. kafla laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins og V. kafla laga þessara.

■ **19. gr.** Undirbúningur fjárfestingar- og lánsfjáráætlana skal vera á vegum ríkisstjórnarinnar og skulu Þjóðhagsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við einstök ráðuneyti annast nauðsynlega undirbúningsvinnu.

■ **20. gr.** Á árinu 1979 skulu ákvarðanir stjórnvalda samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum við það miðaðar, að heildarfjármunamyndun þjóðarbúsins verði innan við fjórðung af vergri þjóðarframleiðslu. Frá þessu má þó víkja, ef óvæntar og verulegar breytingar verða í þjóðarbúskapnum, og sérstaklega, ef ætla má, að hætta sé á atvinnuleysi.

■ **21. gr.** Fyrir árslok 1979 skal ríkisstjórnin, að höfðu samráði við viðkomandi aðila, setja nýjar reglur um útlán allra fjárfestingarlánasjóða, er sérstaklega miði að því að samræma lánskjör sambærilegra lána, m. a. með tilliti til vaxta, verðtryggingar og lánstíma, sbr. VI. og VII. kafla þessara laga. Einnig skal gæta þess, að lánveitingar sjóðanna taki fyrst og fremst mið af sem hagkvæmastri nýtingu fjármagns til aukinnar framleiðni og framleiðslu og hver einstök lánveiting verði ákveðin eftir samræmdum reglum um arðsemismat. Við ákvörðun lánskjara verði kannað, hvernig best verður fyrir komið tilliti til félagslegra sjónarmiða og þess gagns, sem af fjárfestingu er, án þess að það komi fram í peningalegum arði fjárfestingaraðila.

...

XII. kafli. Reglugerðarheimild, gildistaka o. fl.

■ **65. gr.** ...

□ Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð[1] nánari ákvæði um framkvæmd III. og IV. kafla.

[1] *Rg. 214/1979 (um verðbætur á laun), rg. 405/1979, sbr. rg. 534/1980 (um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum) og rg. 9/1980 (um vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins).*

Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980 o. fl.

■ **1. gr.**[1]

[1] *Tímab. ákvæði.*

■ **2. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt á árinu 1980 að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins.

□ [Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt að selja

1979 Nr. 98 31. des.

innlánsstofnunum ríkissjóðsvíxla eða ríkisskuldabréf í sama tilgangi.][1]

[1] *L. 6/1980, 2. gr.*

■ **3. gr.**[1] Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 12 000 millj. kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1980 og verja andvirði þess að fengnu samþykki fjárveitinganefndar til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum.

□ [Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 5600 m. kr.][2]

[1] *Ath. l. 50/1980, 1. gr.* [2] *L. 6/1980, 3. gr.*

b. Ríkisábyrgðir. Ríkisábyrgðasjóður.

1961 Nr. 37 29. marz

Lög um ríkisábyrgðir.

■ **1. gr.** Ríkissjóður má aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum.

■ **2. gr.** Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.

■ **3. gr.** Ekki má ríkissjóður takast á hendur ábyrgð fyrir aðila, sem er í vanskilum með ríkisábyrgðarlán eða skuldar ábyrgðargreiðslur, er ríkissjóður hefur innt af hendi, nema um slíkar greiðslur hafi verið samið.

□ Ríkissjóður má ekki ganga í ábyrgð, nema sett sé trygging, sem fjármálaráðherra metur gilda.

■ **4. gr.** Hver sá, er ríkissjóður gengur í einfalda ábyrgð fyrir, skal greiða honum áhættugjald um leið og ábyrgð er tekin, 1% af ábyrgðarupphæð.

□ Taki ríkissjóður á sig sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr., skal greiða 1½% af ábyrgðarupphæð, um leið og ábyrgð er veitt.

□ ...[1]

[1] *L. 49/1962.*

■ **5. gr.** Nú fellur ábyrgðargreiðsla á ríkissjóð, og er þá fjármálaráðuneytinu heimilt að halda eftir greiðslum, er aðili kann að eiga að fá frá ríkissjóði, eftir því sem með þarf, til greiðslu skuldarinnar, þótt almennar reglur um skuldajöfnuð séu eigi fyrir hendi.

■ **6. gr.** Ekki má undan fella að ganga að tryggingu fyrir ábyrgðarláni, ef greiðsla fellur á ríkissjóð nema sérstök heimild fjárveitinganefndar Alþingis komi til.

■ **7. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að fela einhverjum ríkisbankanna að vera fjármálaráðuneytinu til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða, eftir því sem fjármálaráðherra kveður nánar á um. Skal sá banki kynna sér rækilega fjárhag þeirra, er leita eftir ábyrgð, og að því búnu gera tillögur til ráðuneytisins um, hversu snúast beri við beiðni umsækjanda. Þá skal og bankinn fylgjast með rekstri þeirra aðila, er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir, og eru þeir skyldir að láta bankanum í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn, er bankinn telur nauðsynleg, til þess að hann geti rækt þetta eftirlit. Ef einhver tregðast við að láta umbeðnar upplýsingar í té, má fjármálaráðherra beita dagsektum, allt að 500 kr. fyrir hvern dag, unz gögnin eru í té látin. Dagsektir þessar skal ákveða með ábyrgðarbréfi, og má innheimta þær með aðför.

■ **8. gr.** Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.[1] Má í þeirri reglugerð m. a. ákveða, að ábyrgð ríkissjóðs megi ekki fara fram úr tilteknum hundraðshluta miðað við matsverð framkvæmdar, nema lög mæli fyrir á annan hátt.

[1] *Rg. 43/1967.*

1961 Nr. 37 29. marz

■ **9. gr.** Þegar lög þessi öðlast gildi, skal fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögur til fjármálaráðherra um, hversu innheimta skuli eða semja um skuldir vegna ábyrgða, sem á ríkissjóð hafa fallið. Er ráðherra heimilt að gefa eftir einstakar skuldir að nokkru eða öllu leyti, ef fjárveitinganefnd mælir einróma með eftirgjöf.

■ **10. gr.** ...

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þar til ný lagaákvæði hafa verið sett um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, skal heimilt, þrátt fyrir ákvæði 3. gr., að veita ríkisábyrgð vegna lána til hafnargerða eftir reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.

1962 Nr. 49 28. apríl

Lög um Ríkisábyrgðasjóð.

■ **1. gr.** Koma skal á fót sérstökum sjóði sem nefnist Ríkisábyrgðasjóður. Hann er eign ríkisins og lýtur stjórn fjármálaráðherra, og ber ríkissjóður ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins.

■ **2. gr.** Stofnfé Ríkisábyrgðasjóðs er sem hér segir:

1. Gengishagnaður, sem samkvæmt 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 80 3. ágúst 1961 á að renna til ríkissjóðs.

2. Áhættugjald samkvæmt 4. gr. laga nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir, það sem goldizt hefur, er lög þessi taka gildi.

3. Afhenda skal sjóðnum framkröfur, sem ríkissjóður á, vegna þess að hann hefur sem ábyrgðaraðili orðið að svara til kröfu, svo og kröfur, sem stafa af því, að ríkissjóður hefur sjálfur tekið lán og endurlánað lánsfé, en vanskil hafa orðið af hálfu lántaka. Fjármálaráðherra er einnig heimilt að afhenda sjóðnum kröfur, er af því stafa, að vanskil hafa orðið á lánum, sem veitt hafa verið beint úr ríkissjóði.

■ **3. gr.** Tekjur Ríkisábyrgðasjóðs eru:

1. Áhættugjald fyrir ríkisábyrgðir samkv. 4. gr. laga nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir, það er goldið verður eftir gildistöku laga þessara.

2. Fé það, sem endurgreiðist samkvæmt kröfum þeim, er greinir í 3. tölulið 2. gr., svo og fé, sem greiðist upp í kröfur Ríkisábyrgðasjóðs samkv. 2. málsgr. 4. gr.

3. Framlög, sem ákveðin verða í fjárlögum hverju sinni, eftir því, sem sjóðurinn þarf á að halda.

■ **4. gr.** Úr Ríkisábyrgðasjóði skal greiða kröfur, sem fallið hafa á ríkissjóð eftir 1. janúar 1961 vegna ábyrgðar, er hann hefur tekizt á hendur. Sama gildir um kröfur, sem fallið hafa á ríkissjóð eftir 1. janúar 1961 fyrir vanskil á lánum, sem ríkissjóður hefur tekið að láni og endurlánað.

□ Ríkisábyrgðasjóður eignast framkröfur, er myndast samkv. 1. málsgr.

■ [**5. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd Ríkisábyrgðasjóðs að taka allt að 50 millj. króna innlent lán handa sjóðnum til að greiða kröfur samkv. 4. gr.][1]

[1] *L. 18/1963, 1. gr.*

■ [**6. gr.**][1] Ríkissjóði er heimilt að semja við einhvern ríkisbankann um, að sá banki taki að sér umsjá Ríkisábyrgðasjóðs eftir nánari reglum, er ráðherra setur.

[1] *L. 18/1963, 1. gr.*

1962 Nr. 49 28. apríl

■ [7. gr.][1] Kostnað við framkvæmd laga þessara skal greiða af fé Ríkisábyrgðasjóðs.

[1] *L. 18/1963, 1. gr.*

■ [8. gr.][1] Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um starfshætti sjóðsins og um heimtu krafna þeirra, er sjóðnum tilheyra.

[1] *L. 18/1963, 1. gr.*

1970 Nr. 60 12. maí

Lög um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð.

■ **1. gr.** Stofna skal deild við Ríkisábyrgðasjóð, er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

■ **2. gr.** Hlutverk tryggingardeildar er að taka að sér að tryggja lán, sem bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum útflytjendum til fjármögnunar á útflutningslánum, sem þeir veita eða útvega erlendum kaupendum.

□ Enn fremur er tryggingardeild heimilt að tryggja aðrar kröfur íslenzkra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenzkum vörum.

□ Þegar sérstaklega stendur á, er tryggingardeild einnig heimilt að tryggja samkeppnislán til innlendra aðila, er kaupa vélar og tæki, sem framleidd eru innanlands.

■ **3. gr.** Hámark skuldbindinga deildarinnar á hverjum tíma vegna trygginga á útflutningslánum eða öðrum kröfum má nema samtals 250 millj. króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

■ **4. gr.** Umsóknir um tryggingu á útflutningslánum skulu lagðar fyrir fjögurra manna nefnd, sem tekur afstöðu til umsóknanna auk þess sem hún ákveður, með hvaða kjörum tryggt er hverju sinni. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og Seðlabanka Íslands fyrir hönd Ríkisábyrgðasjóðs.

□ Nefndin ákveður iðgjöld af einstökum tryggingum eftir taxta, sem ákveðinn er skv. 6. gr. Einnig úrskurðar hún um tjónabætur, en skjóta má þeim úrskurði til fjármálaráðherra.

■ **5. gr.** Tryggingardeildin tryggir gegn áhættu, sem getur verið viðskiptalegs eða stjórmálalegs eðlis. Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um efni og eðli þeirra áhættuflokka, sem um getur verið að ræða.

■ **6. gr.** Fjármálaráðherra ákveður iðgjaldataxta tryggingardeildar. Iðgjöld skulu við það miðuð, að þau standi straum af kostnaði deildarinnar og greiðslu tjónabóta.

□ Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð deildarinnar og skal honum varið til greiðslu tjóna, sem kunna að verða. Nú er eigi fé fyrir hendi í varasjóði til greiðslu tjónabóta, og skal þá það, sem á vantar, greiðast úr Ríkisábyrgðasjóði.

■ **7. gr.** Fjármálaráðherra skal, að fenginni umsögn aðila þeirra, sem nefndir eru í 4. gr., setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

1964 Nr. 43 20. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á flugvél, sem aðallega væri notuð á flugleiðum innanlands. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði flugvélar með fylgifé, þó eigi hærri fjárhæð en 32 millj. kr. Ríkissjóður fái 1. veðrétt í vélinni og fylgifé og að öðru leyti þær tryggingar, sem ríkisstjórnin metur gildar.

1964 Nr. 43 20. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á flugvél, sem aðallega væri notuð á flugleiðum innanlands. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði flugvélar með fylgifé, þó eigi fyrir hærri fjárhæð en 32 millj. kr.

1965 Nr. 33 8. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h. f. til kaupa á millilandaflugvél.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h. f. til kaupa á millilandaflugvél. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði flugvélar með nauðsynlegum varahlutum og tækjum, þó eigi fyrir hærri fjárhæð en 238 milljónum króna eða jafngildi hennar í erlendri mynt.

□ [Nú er lánveitandi opinber erlend lánsstofnun, og má þá ábyrgð samkvæmt 1. málsgr. vera sjálfskuldarábyrgð.][1]

[1] *L. 93/1966, 1. gr.*

■ **2. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt, við væntanlega aukningu hlutafjár í Flugfélagi Íslands h. f., að auka núverandi hlutafjáreign ríkissjóðs í félaginu hlutfallslega jafnmikið og nemur heildaraukningu hlutafjárins.

1966 Nr. 70 13. maí

1962 Nr. 73 28. apríl

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til þriggja skipasmíðastöðva.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni skal heimilt:

a. Að ábyrgjast allt að 5 milljón króna innlent eða erlent lán fyrir Stálvík h/f til að reisa skipasmíðastöð fyrir stálskip í Arnarvogi í Gullbringusýslu gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

b. Að ábyrgjast fyrir Stálskipasmiðjuna h/f allt að 4 milljón króna lán til byggingar skipasmíðastöðvar í Kópavogi gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

c. Að ábyrgjast fyrir Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f allt að 1,2 milljón króna lán til stækkunar og endurbóta á skipasmíðastöðinni gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

1965 Nr. 61 20. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, allt að 30 millj. kr. samtals, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þó ekki meira en 60% af kostnaðarverði framkvæmda á hverjum stað, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

1968 Nr. 17 5. apríl

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, allt að 50 millj. kr. samtals, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þó ekki meir en 60% af kostnaðarverði framkvæmda á hverjum stað, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

□ Ef sérstaklega stendur á að dómi ráðherra, má upphæð ríkisábyrgðar nema allt að 80%, enda séu fyrir hendi fullnægjandi tryggingar.

1966 Nr. 91 23. des.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á síldarflutningaskipi o. fl.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð allt að 52 milljón krónur eða jafnvirði þess í erlendri mynt, sem Síldarverksmiðjur ríkisins munu taka til kaupa á síldarflutningaskipi og til endurbóta á löndunartækjum o. fl.

1969 Nr. 60 28. maí

Lög um heimild til lántöku vegna Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni vegna Vestfjarðaáætlunar allt að 45 m. kr. og vegna Norðurlandsáætlunar allt að 180 m. kr. eða jafnvirði þeirra fjárhæða í erlendum gjaldeyri.

1972 Nr. 93 16. nóv.

Lög um ábyrgðarheimild fyrir ríkisstjórnina vegna lántöku Fiskveiðasjóðs Íslands og fleira.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð á erlendu láni allt að $ 10 000 000, er Fiskveiðasjóður Íslands tekur til endurlána vegna kaupa á togurum, sem smíðaðir eru utanlands.

■ **2. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. laga nr. 75 frá 13. maí 1966, er Fiskveiðasjóði heimilt að veita eigendum skipanna lán, er nemi ⅘ af kaupverði þeirra. Heimilast ríkisstjórninni að veita sjálfskuldarábyrgð á þeim hluta lánanna, sem er yfir ⅔ kaupverðs skipanna.

1974 Nr. 13 28. febr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir og til kaupa á 2 ferjuskipum.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 nýjum fiskiskipum yfir 300 lestir. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipanna.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur.

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði skips til flutninga fyrir Vestmannaeyjar, enda gangist bæjarstjórn Vestmannaeyja fyrir stofnun félags, er eigi skipið og annist rekstur þess.

1974 Nr. 104 31. des.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Rafveitu Ísafjarðar.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á láni til kaupa á dísilrafstöð fyrir Rafveitu Ísafjarðar. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af fobverði stöðvarinnar.

□ Ábyrgðin skal veitt með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður.

1975 Nr. 16 23. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar og með þeim skilyrðum sem hún ákveður, þ. á m. um hlutafjáraukningu og eftirlit með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins, að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á lánum sem nema allt að 18,5 milljónum bandaríkjadala, enda taki Flugleiðir hf. lán þessi til kaupa á flugvélum og til að bæta rekstrarfjárstöðu félagsins.

1976 Nr. 70 31. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun til virkjana í Tungnaá.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til virkjana í Tungnaá ásamt tilheyrandi ráðstöfunum, umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59/1965 (með áorðnum breytingum), svo og 1. gr. laga nr. 96/1970, að fjárhæð allt að 15 milljónum Bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðli. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

□ Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar samkvæmt 1. málsgrein, og endurlána það Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum sem hún ákveður.

1978 Nr. 120 30. des.

Lög um ábyrgðarheimildir og heimild til lántöku vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar 1978.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán er Akureyrarbær tekur að fjárhæð allt að 4800 m. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á hitaveituframkvæmdum. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana og vaxta og annars kostnaðar.

■ **2. gr.** Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast allt að 230 m. kr. lán fyrir Lánasjóð íslenskra námsmanna á árinu 1978. Heimild þessi komi til viðbótar ábyrgðarheimild í lið LXXV í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1978.

1980 Nr. 9 1. apríl

Lög um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán allt að 3000 m. kr. sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hyggst

1980 Nr. 9 1. apríl taka á árinu 1980. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi allt að 3000 m. kr. í erlendri mynt og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar. Lánstími og kjör öll á láninu skulu samþykkt af ríkisstjórn áður en frá lántöku er gengið.

□ Með sama hætti er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast lán er tekin kunna að verða til framlengingar láni skv. 1. mgr.

■ **2. gr.** Verði heimild til greiðslu útflutningsbóta skv. 12. gr. laga nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., eigi fullnýtt, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til lækkunar láns skv. 1. gr. upphæð þá sem á vantar til þess að hámarki útflutningsbóta verði náð. Þó skal Byggðasjóður greiða á næstu 3—5 árum allt að helmingi lánsins. Að öðru leyti annast ríkissjóður afborganir, vexti og kostnað allan af láni þessu.

1980 Nr. 28 23. maí **Lög um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.**

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 1500 millj. kr. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 1500 millj. kr. í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar.

1981 Nr. 37 26. maí **Lög um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.**

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 15 millj. króna. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 15 millj. króna í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar.

1982 Nr. 60 13. maí **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum sem Skallagrímur hf. tekur til kaupa á nýju ferjuskipi til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skipsins.

□ Áður en ábyrgð er veitt skal hlutafé félagsins aukið í samráði við ríkisstjórnina.

1982 Nr. 77 19. maí **Lög um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingalána til verkefna.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er f. h. ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, allt að fjárhæð 2 830 000 SDR, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingalána og -ábyrgða til verkefna.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr. laga þessara.

Fylgiskjal I.

Samþykktir fyrir Norræna verkefnaútflutningssjóðinn.

1982 Nr. 77 19. maí

■ **1. gr. Markmið sjóðsins.** Markmið sjóðsins er að efla samkeppnisaðstöðu norrænna fyrirtækja á alþjóðavettvangi með því að styrkja verkefni, þar sem Norðurlönd eiga hagsmuna að gæta.

■ **2. gr. Starfssvið sjóðsins.** Sjóðurinn skal styrkja norræn fyrirtæki og samtök við gerð skilyrða- og arðsemisathugana í tengslum við alþjóðleg verkefni (s. n. prefeasibility og feasibility athuganir). Sjóðurinn getur einnig stutt framkvæmd eftirfarandi mála:

1. Norrænt og alþjóðlegt námskeiðshald á þeim sviðum og í þeim greinum, þar sem norræn fyrirtæki eru samkeppnisfær á alþjóðavettvangi.

2. Grundvallarmarkaðskannanir og rannsóknir á eftirspurn á þeim svæðum, er ætla má, að norrænir viðskiptahagsmunir séu til staðar.

3. Úttekt á hæfnissviðum meðal Norðurlandaþjóða, t. d. með athugunum á iðngreinum og ráðgjafaþjónustu á Norðurlöndum.

■ **3. gr. Heimildir sjóðsins til styrkveitingar.** Sjóðurinn ákveður að fengnum umsóknum — innan þeirra fjárhagsmarka, sem honum eru sett — styrkveitingar við verkefni og áætlanir, í samræmi við 1. og 2. gr. þessara samþykkta, svo og í samræmi við fyrirmæli ráðherranefndar um starfrækslu sjóðsins.

□ Eigi er veittur styrkur til verkefna á Norðurlöndum. Styrkjum skal þannig skipt, að yfir lengri tíma skapist sanngjarnt jafnvægi milli landanna.

□ Styrkur samkvæmt 2. gr. þessara samþykkta má eigi nema hærri fjárhæð en 50% af kostnaði.

□ Styrkur við gerð skilyrða- og arðsemisathugana skv. 1. mgr. 2. gr. í samþykktum þessum er bundinn því, að viðkomandi athuganir standi í beinu sambandi við framkvæmd ákveðins verkefnis og markmiðið sé að gera síðar tilboð, er tengist verkefninu. Leiði tilboð, sem reist er á athugunum, sem sjóðurinn hefur styrkt, til þess að verkefnið gangi fram, ber að endurgreiða fjárhagsaðstoðina. Við sérstakar aðstæður getur sjóðurinn veitt undanþágu frá endurgreiðslukvöðinni að fullu eða hluta. Endurgreitt fé rennur í sjóðinn.

■ **4. gr. Stjórn sjóðsins.** Í stjórn sjóðsins eiga sæti tveir fulltrúar frá hverju landanna, Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Viðkomandi ríkisstjórn tilnefnir stjórnarmenn til þriggja ára. Stjórnin er ákvörðunarbær þegar minnst sex stjórnarmenn, sem jafnframt eru fulltrúar minnst fjögurra landa, eru viðstaddir. Leggist mættir fulltrúar tveggja landa gegn ákvörðun, öðlast hún ekki gildi. Á stjórnarfundum má Norræni fjárfestingarbankinn hafa áheyrnarfulltrúa.

□ Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Halda skal gerðabók um stjórnarfundi.

□ Stjórnin ræður starfslið sjóðsins og setur því starfsreglur.

□ Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu berast til skrifstofu hans.

□ Um fjárhagsáætlun, bókhald, endurskoðun o. fl. gildir eftirfarandi:

1. Reglugerð um fjárhagsáætlun fyrir ráðherranefnd Norðurlanda.

2. Sérstakar reglur um fjármálastjórn Norræna verkefnaútflutningssjóðsins, sem ráðherranefnd Norður-

1982 landa setur.
Nr. 77 ■ **5. gr. Önnur atriði.** Sjóðurinn hefur aðsetur sitt í
19. maí Helsingfors.
□ Ráðherranefnd Norðurlanda ákveður breytingar, viðauka eða afnám samþykkta þessara.
□ Samþykktir þessar taka gildi hinn 1. júlí 1982.

Fylgiskjal II.

Breytingar á samþykktum fyrir Norræna fjárfestingarbankann.

Ráðherranefnd Norðurlanda hefur ákveðið eftirfarandi viðauka við samþykktir Norræna fjárfestingarbankans:

a. Við 6. gr. bætist ný grein, sem verður 2. málsgrein: Að auki getur bankinn veitt fjárfestingalán til verkefna og ábyrgðir á fjárfestingalánum til verkefna skv. 6. gr. a, sem nema allt að jafnvirði 350 milljóna SDR.

b. Á eftir 6. gr. kemur ný grein, 6. gr. A: Samkvæmt ákvörðun stjórnar má veita lán og ábyrgðir til fjárfestinga utan Norðurlanda, sem fjárfestingalán til verkefna og ábyrgðir á fjárfestingalánum til verkefna. Þátttökuríkin bera tjón bankans af slíkum lánum og ábyrgðum allt að eftirtöldum fjárhæðum: Danmörk 74,655 milljónum SDR, Finnland 50,400 milljónum SDR, Ísland 2,830 milljónum SDR, Noregur 56,700 milljónum SDR og Svíþjóð 130,415 milljónum SDR. Ábyrgð þátttökulandanna nemur þannig hæst 90% af lánsfjártapi vegna sérhvers fjárfestingaláns til verkefnis. Greiðsla fer fram, þegar stjórnin svo óskar, í samræmi við samning, sem gerður er milli bankans og sérhvers þátttökulands. Leggja skal til hliðar fjármuni í sérstakan lánsáhættusjóð vegna veittra fjárfestingalána til verkefna og ábyrgða á fjárfestingalánum til verkefna. Skal fyrst greitt úr sjóðnum, þegar tjón verður vegna fjárfestingalána til verkefna og vegna ábyrgða á fjárfestingalánum til verkefna.
□ Breytingar á samþykktunum taka gildi hinn 1. júlí 1982, enda hafi löndin fyrir þann tíma veitt bankanum nauðsynlegar ábyrgðir.

1983 **Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að**
Nr. 25 **ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wap-**
28. mars **en.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem tekið yrði vegna björgunar skipsins Het Wapen frá Amsterdam, allt að 50 milljónum króna, gegn þeim tryggingum, sem fjármálaráðuneytið telur fullnægjandi, svo sem í verðmæti hins bjargaða og söluandvirði skipsins úr landi, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganefndar.

c. Ýmsir opinberir sjóðir. Sjá einnig m. a. Landshagi og Banka- og lánastofnanir svo og atriðisorðaskrá almennt.

1932 **Lög um Jöfnunarsjóð.**
Nr. 41 ■ **1. gr.** Þegar tekjur ríkissjóðs á rekstrarreikningi
23. júní fara fram úr lögboðnum og óhjákvæmilegum greiðslum og handbært fé ríkissjóðs samkvæmt sjóðsyfirliti nemur meiru en 4 milljónum króna, skal leggja það, sem umfram er, í sjóð, er nefnist Jöfnunarsjóður. **1932** Nr. 41 23. júní
□ Sjóðinn skal ávaxta í banka og má ekki veita lán úr honum.
■ **2. gr.** Verði greiðsluhalli á sjóðsyfirliti ríkisreiknings, ber að greiða af handbæru fé sjóðsins það, sem til er umfram 4 milljónir, en það, sem á vantar, greiðist úr Jöfnunarsjóði, eftir því sem fé hans hrekkur til.
■ **3. gr.** Nú nægja ekki áætlaðar tekjur ríkissjóðs í fjárlögum til þess að veita fé til ólögbundinna framkvæmda, sem svara að minnsta kosti meðaltali 5 síðustu ára, og má þá í fjárlögum ákveða að greiða úr Jöfnunarsjóði það, sem á vantar.
■ **4. gr.** Nú er meira fé í Jöfnunarsjóði en ætla má, að nægi til að inna af hendi þau verkefni, sem í 2. og 3. gr. segir, og er fjármálaráðherra þá skylt að verja því til aukaafborgana af skuldum ríkissjóðs, að fengnu samþykki fjárhagsnefnda Alþingis.
■ **5. gr.** Reikningur Jöfnunarsjóðs skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast með honum.

Lög um framkvæmdasjóð ríkisins. **1942**
■ **1. gr.** Stofna skal sjóð, er heitir: *Framkvæmdasjóður ríkisins*. Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til Nr. 55 4. júlí nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna, að styrjöldinni lokinni, og skal þá fé sjóðsins sérstaklega varið til stofnunar nýrra framleiðslugreina, svo sem framleiðslu tilbúins áburðar og steinlíms, ræktunar og býlafjölgunar í sveitum landsins, byggingar verkamannabústaða, skipasmíði, byggingar verksmiðju til herzlu síldarlýsis o. fl., sem nauðsynlegt er til að auka öryggi atvinnulífsins og fullnægja þörfum landsmanna.
■ **2. gr.** Ríkissjóður skal greiða til framkvæmdasjóðsins 8 milljónir af tekjuafgangi ríkisins árið 1941. Enn fremur skal greiða til sjóðsins ⅗ hluta þess tekjuafgangs, sem verða kann á ríkisreikningi árið 1942. Fé framkvæmdasjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.
■ **3. gr.** Fé framkvæmdasjóðs ríkisins má eingöngu verja til ákveðinna verklegra framkvæmda, samkvæmt sérstökum ákvörðunum Alþingis.
■ **4. gr.** Reikningur framkvæmdasjóðsins skal endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna og birtur með ríkisreikningi ár hvert.

Lög um landflutningasjóð. **1979**
■ **1. gr.** Stofna skal sjóð er nefnist landflutningasjóður. Hlutverk sjóðsins er að veita stofnlán til kaupa á Nr. 62 31. maí vöruflutningabifreiðum, er eiga að annast vöruflutninga á langleiðum og fyrir dreifbýli, og til nauðsynlegra bygginga, sem eru í beinum tengslum við slíka flutningastarfsemi.
■ **2. gr.** Landflutningasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og lýtur yfirstjórn samgönguráðherra. Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Þar af er einn skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt skipaður formaður sjóðsstjórnar.
□ Tveir stjórnarmenn skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum:

a. Einn fulltrúi tilnefndur af Framkvæmdastofnun ríkisins.

b. Einn fulltrúi tilnefndur af Landvara, landsfélagi

1979 Nr. 62 31. maí

vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum.
□ Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
■ **3. gr.** Fela skal Framkvæmdastofnun ríkisins að annast vörslu, umsjón og endurskoðun landflutningasjóðs samkvæmt sérstökum samningi þar um.
■ **4. gr.** Tekjur landflutningasjóðs eru þessar:
1. 1% gjald er innheimtist af starfsemi þeirra aðila sem eiga og reka bifreiðar til skipulagsbundinna vöruflutninga um landið, enda séu þeir fullgildir meðlimir í Landvara.
[Gjald þetta skal lagt á allan rekstur vöruflutningabifreiða, á sama stofn og aðstöðugjald er lagt á skv. V. kafla laga nr. 8 22. mars 1972[1] um tekjustofna sveitarfélaga, í fyrsta sinn árið 1980 af tekjum ársins 1979.][2]
Gjald þetta skal lagt á af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins.
Gjalddagi skal vera 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.
2. Framlög úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins að frádregnum kostnaði við rekstur hans.
□ Landflutningasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán til starfsemi sinnar.
[1] *Nú l. 73/1980.* [2] *L. 14/1980, 1. gr.*
■ **5. gr.** Lán úr landflutningasjóði skulu veitt til kaupa á vöruflutningabifreiðum til skipulagsbundinna vöruflutninga á langleiðum, enda sé um nýjar bifreiðar að ræða. Einnig má veita lán úr sjóðnum til nauðsynlegra bygginga, sem beinlínis eru tengdar þessari flutningastarfsemi.
□ Rétt til lána úr sjóðnum eiga þeir aðilar, sem greiða gjald til sjóðsins skv. 4. gr. 1. tl.
□ Upphæð lána má nema allt að helmingi kaupverðs bifreiða, og lán til bygginga mega nema allt að einum þriðja hluta af kostnaðarverði eða matsverði, hvort heldur sem lægra er. Lán má veita úr stofnlánasjóðnum gegn öruggu veði í þeim bifreiðum eða byggingum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi fylgifé og réttindum, svo og vátryggingarverði þeirra. Hámarkslánstími skal vera fimm ár til kaupa á bifreiðum og tíu ár til byggingarframkvæmda.
□ Vextir og verðtrygging eða gengistrygging lána úr landflutningasjóði ákveðast með hliðsjón af kjörum þess fjár, er sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma. Lánskjör eru háð ákvörðun ríkisstjórnarinnar skv. 11. gr. laga nr. 13/1975.
■ **6. gr.** Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er landflutningasjóði, hvort heldur bifreið eða fasteign, er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðnum eigendaskipti þegar í stað.
■ **7. gr.** Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni að eignin sé veðsett landflutningasjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.
■ **8. gr.** Landflutningasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana með sama hætti og ríkisbankar.
■ **9. gr.** Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi landflutningasjóðs og framkvæmd laga þessara.

1979 Nr. 62 31. maí

d. Opinberar framkvæmdir. Fasteignir ríkisins.

Lög um skipan opinberra framkvæmda.

1970 Nr. 63 12. maí

I. kafli. Almenn ákvæði.
■ **1. gr.** Opinber framkvæmd merkir í lögum þessum gerð eða breytingu mannvirkis, sem kostuð er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, enda nemi áætlaður kostnaður ríkissjóðs a. m. k. 1 millj. kr., sbr. þó 2. mgr. 23. gr. Ákvæði laganna taka einnig til kaupa á eignum, eftir því sem við getur átt.
□ Heimilt er fjármálaráðuneytinu að breyta áðurnefndri fjárhæð til samræmis við verðbreytingar.
□ Ríkisstjórnin getur ákveðið, að lög þessi taki, eftir því sem við á, til framkvæmda á vegum ríkisstofnana, er hafa sjálfstæðan fjárhag og því ekki háðar fjárveitingarákvörðunum Alþingis.
■ **2. gr.** Meðferð máls varðandi opinberar framkvæmdir frá upphafi, unz henni er lokið, fer eftir ákveðinni boðleið, er skiptist í fjóra áfanga, svo sem hér segir: Frumathugun, sbr. 3.—5. gr., áætlunargerð, sbr. 6.—10. gr., verklega framkvæmd, sbr. 11.—19. gr., og skilamat, sbr. 20. gr.
II. kafli.[1] **Frumathugun.**
[1] *Rg. 259/1973 (um embætti Húsameistara ríkisins).*
■ **3. gr.** Frumathugun er könnun og samanburður þeirra kosta, er til greina koma við lausn þeirra þarfa, sem framkvæmdinni er ætlað að fullnægja.
□ Í greinargerð um frumathugun skulu vera áætlanir um kosti. Þessar áætlanir skulu vera tvíþættar. Annars vegar áætlun um stofnkostnað, þ. m. t. kostnað við áætlunargerð, og hins vegar áætlun um árlegan rekstrarkostnað, þ. m. t. lánsfjárkostnað og tekjur, ef við á. Í greinargerðinni skal skýrt frá þeim rökum, er liggja að vali kosts þess, sem tekinn er, þ. á m. hagkvæmnireikningum, sem notaðir eru í samanburði. Greinargerð um frumathugun skulu auk þess fylgja tillögur um staðsetningu og stærð, svo og frumuppdrættir að fyrirhugaðri framkvæmd, eftir því sem við á.
■ **4. gr.** Frumathugun fer fram á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis, ríkisstofnunar, sveitarfélags eða annarra væntanlegra eignaraðila. Hafi annar aðili en ráðuneyti látið gera frumathugun, skal greinargerð skv. 3. gr. send viðkomandi ráðuneyti.
□ Viðkomandi ráðuneyti gerir tillögur til fjármálaráðuneytis, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, um fjárveitingar til einstakra framkvæmda á grundvelli frumathugana og jafnframt um röð framkvæmda til ákvörðunar við gerð fjárlagafrumvarps. Tillögur um röð innan sama framkvæmdaflokks, svo sem skólamannvirkja, skuiu lagðar fyrir fjárveitinganefnd Alþingis, áður en hún ákvarðar tillögur sínar um skiptingu framkvæmdafjár við afgreiðslu fjárlagafrumvarps.
□ Ef ráðuneyti telur ekki fært að gera tillögu til fjárlaga- og hagsýslustofnunar um fjárveitingu til framkvæmdar skv. frumathugun, sem því hefur borizt, skal

sú ákvörðun tilkynnt aðilum svo fljótt sem verða má og gerð grein fyrir ástæðum.

■ **5. gr.** Nú hefur fjárveiting til opinberra framkvæmda verið tekin í fjárlög, án þess að frumathugun hafi verið gerð, og skal þá frumathugun eigi að síður fara fram skv. ákvæðum 3. og 4. gr. laga þessara.

III. kafli.[1] **Áætlunargerð.**

[1] *Rg. 259/1973.*

■ **6. gr.** Áætlunargerð um opinbera framkvæmd fer fram á vegum hlutaðeigandi ráðuneytis, ríkisstofnunar, sveitarfélags eða annarra væntanlegra eignaraðila í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun.

□ Þegar opinberri framkvæmd, sem ríkið og annar aðili standa að, er ráðstafað til áætlunargerðar, skal gera samning milli væntanlegra eignaraðila og þeirra aðila, er taka að sér áætlunargerð. Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði vegna áætlunargerðar er háð skriflegu samþykki fjármálaráðuneytisins á þeim samningi.

■ **7. gr.** Áætlunargerð um opinberar framkvæmdir skal vera í tvennu lagi:

1. Fullnaðaruppdrættir og tæknileg verklýsing á þeirri framkvæmd, sem fyrirhuguð er, skrá um efnisþörf, nákvæm kostnaðaráætlun um verkið, tímaáætlun um framkvæmd þess og greiðslu- og fjáröflunaráætlun fyrir framkvæmdartímabilið.

2. Rekstraráætlun, sem nær til minnst 5 ára, eftir að framkvæmd er lokið.

■ **8. gr.** Að lokinni áætlunargerð skv. 7. gr. skal hlutaðeigandi ráðuneyti senda fjárlaga- og hagsýslustofnun áætlunina til athugunar.

□ Áætluninni skulu fylgja skilríki um það, að fullnægjandi lóðarréttindi og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru vegna væntanlegrar framkvæmdar, verði fyrir hendi, þegar á þarf að halda.

■ **9. gr.** Nú er áætlun um opinbera framkvæmd í fullu samræmi við ákvæði 7. og 8. gr. og byggð á raunhæfum forsendum að áliti fjármálaráðuneytis, og skal þá áætlunin í heild eða skýrt afmarkaður hluti hennar, er nær nýtanlegum áfanga koma til athugunar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir næsta ár.

□ Ef fjármálaráðuneytið tekur ekki slíka áætlun í fjárlagafrumvarp, skal það tilkynnt hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem verða má og jafnframt gerð grein fyrir ástæðum.

■ **10. gr.** Í frumvarpi til fjárlaga skal tilfæra þá fjárhæð, sem ætluð er á fjárlagaárinu til viðkomandi framkvæmdar, og í greinargerð skal tilfæra þær fjárskuldbindingar, sem falla á seinni fjárlagaár í samræmi við áætlunina. Þegar um er að ræða fjárveitingar til einstakra framkvæmdaflokka, svo sem skólamannvirkja, skulu atriði þau, sem um getur í 1. málslið, koma fram í tillögum og sérstakri greinargerð fjárveitinganefndar Alþingis. Í fjárlagafrumvörpum næstu ára skal á sama hátt tilgreina fjárhæðir, sem skv. endurskoðaðri áætlun nægja til þess að ljúka framkvæmd á tilsettum tíma.

IV. kafli. Verkleg framkvæmd.

■ **11. gr.** Verkleg framkvæmd merkir í lögum þessum gerð verksamninga, verkið sjálft, eftirlit með því, sbr. 17. gr., og þar með úttekt. Verk merkir bæði vinnu og efni.

■ **12. gr.** Verklega framkvæmd, sem greiða skal eingöngu af ríkisfé, er óheimilt að hefja fyrr en fyrir liggur:

1. Heimild í fjárlögum.

2. Ákvörðun hlutaðeigandi ráðuneytis um að nota þá heimild.

3. Staðfesting fjármálaráðuneytisins á því, að fjármagn verði handbært í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

□ Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila, er eigi heimilt að hefja opinbera framkvæmd fyrr en fé hefur verið veitt til hennar á fjárlögum og undirritaður hefur verið samningur viðkomandi ráðuneytis og aðilans með áritun fjármálaráðuneytisins, er tryggi, að fjármagn verði handbært á framkvæmdartímanum í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

□ Eigi sveitarfélag hlut að máli og sé í greiðsluáætlun gert ráð fyrir framlögum úr sveitarsjóði, nægir um það atriði skrifleg yfirlýsing sveitarstjórnar, að á framkvæmdartímanum verði fjárhæðir teknar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins í samræmi við greiðsluáætlun skv. 7. gr.

■ **13. gr.** Verk skal að jafnaði unnið skv. tilboði á grundvelli útboðs. Ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð telst ekki munu gefa góða raun, er heimilt, að fenginni umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr., að víkja frá útboði, sbr. þó 2. mgr.

□ Ef tilboð eru óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg, skal verkinu ráðstafað á grundvelli fasts samningsverðs eða eftir reikningi.

□ Útboðslýsingar, verklýsingar og verksamningar skulu vera í samræmi við áætlun skv. 9. gr.

■ **14. gr.** Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka svo og reikningshald og greiðslur vegna verka. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, sbr. 23. gr., undirbýr samningsgerð við verktaka.

□ Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, annast sveitarfélag útboð, undirbúning samningsgerðar við verktaka og reikningshald og greiðslur vegna verksins, nema öðruvísi um semjist eða fjármálaráðherra ákveði annað.

□ Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur áskilið, að sveitarfélag, er sér um útboð vegna framkvæmdar, skuli fá samþykki Innkaupastofnunar ríkisins á útboðslýsingu, áður en útboð fer fram.

□ Þegar framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélags eru miðuð við ákveðið einingarverð, sbr. II. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, annast sveitarfélag útboð og verklega framkvæmd, nema öðruvísi um semjist.

■ **15. gr.** Framkvæmdadeild gerir tillögur til aðila um það, hverju þeirra tilboða, sem borizt hafa, skuli tekið eða hvort öllum skuli hafnað, en þá koma til ákvæði 2. mgr. 13. gr.

■ **16. gr.** Samningur við verktaka skal undirritaður af hlutaðeigandi ráðuneyti. Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags eða annars eignaraðila, skal samningur undirritaður af báðum eða öllum aðilum, nema öðruvísi um semjist, sbr. þó 4. mgr. 14. gr.

■ **17. gr.** Við hvert verk skal framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ráða einn eða fleiri sérfróða eftirlitsmenn eftir þörfum, er hafi eftirlit með framkvæmd verksamnings. Eftirlitsmenn skulu samþykktir

1970 Nr. 63 12. maí

af eignaraðila eða eignaraðilum sameiginlega, ef um fleiri er að ræða. Í sérstöku erindisbréfi skal kveða á um störf og valdsvið eftirlitsmanna. Skýrslur eftirlitsmanna ber að senda öllum aðilum að framkvæmdum og ríkisendurskoðun. Framkvæmdadeildin ber ábyrgð á störfum eftirlitsmanna gagnvart eignaraðilum.

■ **18. gr.** Allur kostnaður vegna starfa eftirlitsmanns telst til stofnkostnaðar opinberra framkvæmda.

■ **19. gr.** Nú raskast kostnaðar- eða tímaáætlun verks vegna verðlagsbreytinga eða af tæknilegum orsökum, og skal þá hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem auðið er gera tillögur til fjármálaráðuneytisins um breytta greiðsluáætlun. Samþykki fjármálaráðuneytið hina breyttu greiðsluáætlun, skal miða við hana í frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Sé um að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila, komi einnig til samþykki þess aðila á breyttri greiðsluáætlun.

V. kafli. Skilamat.

■ **20. gr.** Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því, hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir, sem þegar hafa verið metnar.

□ Ríkisendurskoðun setur nánari reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um það, að greinargerðir um skilamat séu lagðar fyrir fjárveitinganefnd Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila.

VI. kafli. Yfirstjórn opinberra framkvæmda.

■ **21. gr.** Fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, fer með fjármálalega yfirstjórn opinberra framkvæmda, þ. e. frumathugunar, sbr. 3.—5. gr., og áætlunargerðar, sbr. 6.—10. gr. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins fer með yfirstjórn verklegrar framkvæmdar, sbr. 11.—19. gr., og ríkisendurskoðun fer með yfirstjórn skilamats, sbr. 20. gr.

□ Sveitarfélög eða aðrir eignaraðilar fara með stjórn þeirra þátta, sem ræddir eru í 4., 6. og 14. gr., eftir því sem þar segir nánar.

□ Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni.

□ Ríkisstjórnin úrskurðar vafaatriði, sem snerta gildissvið og efni laganna.

■ **22. gr.** Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er fjármálaráðuneytinu til ráðuneytis um fjármálalega framkvæmd laga þessara, sbr. I.—III. kafla. Í nefndinni eiga sæti 3 menn: Formaður fjárveitinganefndar Alþingis eða sérstaklega tilnefndur fulltrúi nefndarinnar, forstöðumaður framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og hagsýslustjóri ríkisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutaðeigandi ráðuneyti hafa rétt til að eiga fulltrúa á fundum, þar sem fjallað er um mál, sem eru innan verksviðs þeirra. Þegar nefndin fjallar um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags, á fulltrúi Sambands íslenzkra sveitarfélaga rétt á að sitja fundi hennar, nema sveitarfélag óski sjálft að tilnefna fulltrúa til fundarsetu.

□ Nefndin hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúnings- og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð, sem er undanfari verklegrar framkvæmdar. Nefndin fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberrar framkvæmdar.

1970 Nr. 63 12. maí

□ Ef nefndin telur, að óþarfa dráttur sé á afgreiðslu máls, sem sameignaraðili sendir hlutaðeigandi ráðuneyti, skal hún hlutast til um, að úr sé bætt.

■ **23. gr.** Þegar eftir gildistöku laga þessara skal koma á fót framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins. Framkvæmdadeildin fer með yfirstjórn verklegrar framkvæmdar, sbr. IV. kafla, nema til komi ákvæði 2. og 3. mgr. 21. gr., og hefur auk þess frumkvæði um stöðlun mannvirkja, eftir því sem við getur átt. Framkvæmdadeildin tekur við starfsemi byggingadeildar menntamálaráðuneytisins og byggingaeftirlits við embætti húsameistara ríkisins.

□ Heimilt er að fela framkvæmdadeild umsjón með viðhaldi mannvirkja, enda þótt áætlaður kostnaður sé undir þeim talnalegu mörkum, sem getið er í 1. gr.

■ **24. gr.** Fjármálaráðherra getur sett reglugerð um framkvæmd laga þessara.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Um framkvæmdir, sem fé hefur verið veitt til í fjárlögum, en ekki eru hafnar við gildistöku laga þessara, skal farið að þessum lögum, enda sé að jafnaði ekki raskað þeim undirbúningi, sem unninn hefur verið.

□ Um framkvæmdir, sem hafnar voru, en ólokið við setningu laganna, skal ákvæðum þeirra beitt, eftir því sem við getur átt um framkvæmdirnar í heild og einstaka áfanga þeirra.

□ Fjármálaráðherra er heimilt fyrst um sinn að hækka þau talnalegu mörk, sem sett eru um kostnað framkvæmda, sbr. 1. gr., hvort heldur er almennt eða fyrir einstakar tegundir framkvæmda.

□ Við gildistöku laga þessara skal framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins skrá allar opinberar framkvæmdir, sem hafnar eru, en ekki er lokið eða ekki eru að fullu greiddar fyrir þann tíma.

Lög um umboð þjóðjarða.

1913 Nr. 30 20. okt.

■ **1. gr.** Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa umráð yfir öllum þjóðjörðum, öðrum en þeim, er standa undir umsjón sýslumanna.

■ **2. gr.** Hreppstjóri hefur byggingarráð á þjóðjörðum þeim, er hann hefur umráð yfir. Þó skal bygging þeirra því aðeins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbréfið.

■ **3. gr.** Þjóðjarðir skulu að jafnaði byggðar ævilangt. Eftirgjald þeirra (landskuld og kúgildaleigur), svo og lóðargjöld og rekaleiga, skal ákveðin í peningum, og gjalddagi 31. desember ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, skal ávallt ákveðinn leigutími tilnefndur, eigi lengri en 50 ár, nema um byggingarlóðir sé að ræða, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landsstjórnarinnar komi til.

■ **4. gr.** Hreppstjóra ber að hafa eftirlit með því, að þjóðjarðir séu vel setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefur og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti ekki innstæðukúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á ábyrgð hreppstjóra, ef hann vanrækir þetta.

1913 Nr. 30 20. okt.

■ **5. gr.** Hreppstjóri innheimtir eftirgjöld þjóðjarða[1] þeirra, er hann hefur umráð yfir, og skilar sýslumanni þeim innan þriggja mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þau í landssjóð. Í umboðslaun fá hreppstjórar 6% af eftirgjöldunum.

[1] *Rg. 34/1924, IV. kafli.*

■ **6. gr.** Nánari ákvæði um umboð þjóðjarða skulu sett í reglugerð, er stjórnarráðið semur.

■ **7. gr.** Lög þessi koma til framkvæmda jafnóðum og umboð þjóðjarða losna, þó svo að 3. gr. komi til framkvæmda svo fljótt sem verða má, eigi síðar en við næstu leiguliðaskipti á jörðunum.

1945 Nr. 54 3. marz

Lög um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að kaupa fyrir ríkissjóðs hönd eignir setuliðsins á Íslandi.

■ **2. gr.** Ráðstöfun og sala þeirra eigna, sem yfirteknar verða samkv. heimild í 1. gr., skal framkvæmd af 5 manna nefnd, sem ríkisstjórnin skipar. Fjórir nefndarmanna séu tilnefndir af stjórnmálaflokkunum, einn af hverjum, en ríkisstjórnin skipar formann, og sé hann jafnframt framkvæmdastjóri.

□ Forgangsrétt til kaupa á fasteignum eiga, að öðru jöfnu, bæjarfélög og sveitarfélög, þar sem fasteignin er.

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni veitist heimild til að fela hæstarétti að nefna þriggja manna matsnefnd til að ákveða bætur handa landeigendum hér á landi vegna landspjalla, er þeir hafa orðið fyrir af völdum setuliðsins.

□ Hæstiréttur ákveður, hver matsmanna fer með formennsku í nefndinni, og skal hann vera lögfræðingur.

■ **4. gr.** Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir um bætur.

■ **5. gr.** Nú tekur ríkisstjórnin til umráða eða eignar mannvirki, sem setuliðið á hér á landi, og er þá ríkisstjórninni heimilt að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar að láta þau vera áfram þar, sem þau eru, gegn bótum, sem nefnd sú, er um getur í 3. gr., ákveður.

■ **6. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að setja nánari fyrirmæli um allt, er lýtur að framkvæmd laga þessara, og getur hún ákveðið í þeim, að bótanefndin geti stefnt fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaðinu, innan tiltekins tíma, kröfuhöfum að viðlögðum kröfumissi (preclusion).

1957 Nr. 17 29. marz

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi jarðarinnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

■ **2. gr.** Bætur fyrir eignarnám jarðanna skulu metnar af gerðardómi 3 manna. Skulu 2 gerðardómsmanna skipaðir af sýslumanni Ísafjarðarsýslu, en hinn þriðji skal vera landnámsstjóri ríkisins. Að öðru leyti skal fara eftir l. nr. 61 1917, eftir því sem við á.

Lög um sölu nokkurra jarða í opinberri eigu og um eignarnám erfðafesturéttinda. **1958** Nr. 31 17. maí

■ **1. gr.** ...

■ **2. gr.** Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps eða Raufarhafnarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru. **1966** Nr. 9 6. apríl

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru í Reyðarfjarðarhreppi. Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

□ Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá á sama verði hlutfallslega og Reyðarfjarðarhreppi verður gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Hveragerðishreppi hluta úr landi ríkisjarðarinnar Vorsabæjar og um eignarnámsheimild á lóðum og erfðafesturéttindum. **1966** Nr. 23 16. apríl

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hveragerðishreppi í Árnessýslu allt það land jarðarinnar Vorsabæjar, sem liggur neðan (austan) Hamarsins og línu frá Litla-Hamri skemmstu leið í Varmá.

□ Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það ákveðið af gerðardómi, sem kaupandi og seljandi tilnefna hvor sinn mann til, en sýslumaður Árnessýslu skipar oddamann. Hveragerðishreppi skal ekki gert að greiða þá verðhækkun á landinu, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

□ Andvirði landsins skal Hveragerðishreppi heimilt að greiða á 25 árum.

□ Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær, og þá á sama verði hlutfallslega og Hveragerðishreppi verður gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefnd Hveragerðishrepps að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

□ Námur og jarðhitaréttindi fylgja ekki hinu selda landi. Seljandi skal jafnan án endurgjalds eiga umferðarrétt og rétt til annarra landshluta, sem þörf kann að vera á vegna hagnýtingar jarðhita.

■ **2. gr.** Hreppsnefnd Hveragerðishrepps er heimilt að taka eignarnámi lóðir í einkaeign og erfðafesturéttindi úr landi jarðarinnar Vorsabæjar, er liggja innan takmarka þeirra, er um ræðir í 1. gr., ef nauðsyn krefur vegna skipulags hreppsins.

□ Um framkvæmd eignarnáms fer eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

Lög um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði. **1966** Nr. 44 7. maí

■ **1. gr.** Hreppsnefnd Flateyjarhrepps á Breiðafirði er heimilt er að taka eignarnámi þá 4/5 hluta lands eyjarinnar, sem eru í einkaeign.

1966 Nr. 44 7. maí
■ **2. gr.** Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum l. nr. 61 14. nóv. 1917.

1967 Nr. 44 29. apríl
Lög um sölu lands úr ríkisjörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi.
■ **1. gr.** Ríkisstjórn Íslands er heimilt að selja hafnarsjóði Grýtubakkahrepps landspildu úr landi Grenivíkur, allt að 7 ha. að stærð, sem verði athafnasvæði fyrir nýja höfn á Grenivík.
■ **2. gr.** Náist ekki samkomulag um verð hins selda lands, skal það ákvarðað af 2 dómkvöddum mönnum.

1967 Nr. 46 29. apríl
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur.
■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur.
□ Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.
□ Andvirði jarðanna skal Mosfellshreppi heimilt að greiða á 25 árum.
□ Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða undir opinberar byggingar úr landi ofangreindra jarða, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Mosfellshreppi var gert að greiða fyrir jarðirnar.

1967 Nr. 55 27. apríl
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis og eyðijörðina Lækjardal í Öxarfjarðarhreppi.
■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Neshreppi utan Ennis jarðirnar Keflavík innri, Keflavík ytri, Dyngju, Klettsbúð, Munaðarhól, Kjalveg, Pæfustein, Ásgrímsbúð og Hallsbæ ... fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna.

1967 Nr. 56 27. apríl
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu og jörðina Rjúpnafell í Norður-Múlasýslu.
■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja sveitarsjóði Grýtubakkahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu eftirtaldar eyðijarðir þar í hreppi: Gil, Tindriðastaði, Brekku, Þönglabakka, Botn og Keflavík.
■ **2. gr.** ...
■ **3. gr.** Verð jarðanna, sbr. 1. og 2. gr., fer eftir því, sem um semst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

1967 Nr. 57 27. apríl
Lög um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi.
■ **1. gr.** Hreppsnefnd Miklaholtshrepps er heimilt að selja ábúanda kristfjárjörðina Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi fyrir það verð, er um semst eða metið verður af dómkvöddum mönnum, enda verði andvirði jarðarinnar varið í samræmi við ákvæði gjafabréfs fyrir henni.
■ **2. gr.** Heimilt er hreppsnefnd Milkaholtshrepps að mynda sjóð af söluandvirði jarðarinnar Litlu-Þúfu. Skal sjóðurinn bera nafn gefanda jarðarinnar, Gísla Árnasonar, og vera í umsjá hreppsnefndarinnar.
□ Skal heimilt að verja allt að ⅔ hlutum af tekjum sjóðsins til hins nýja barna- og unglingaskóla í Laugargerði.

1969 Nr. 11 11. marz
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi.
■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi, að stærð 230×400 metrar, vestast á Hálsmóum næst Fnjóská, fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkv. mati dómkvaddra manna. Undanskilinn við sölu er veiðiréttur í Fnjóská. Andvirði hins selda lands skal verja í þágu prestssetursins í samráði við sóknarprest og héraðsprófast.

1969 Nr. 44 12. maí
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Árskógshreppi Hauganesland.
■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árskógshreppi land það, sem tilheyrir Hauganesi í þeim hreppi, fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.
□ Hreppsnefnd Árskógshrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrætt land eða hluta af því.

1969 Nr. 64 28. maí
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í Höfðahreppi.
■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Höfðahreppi í Austur-Húnavatnssýslu jarðirnar Höfðahóla með Hólagerði og Spákonufell í sama hreppi fyrir það verð, er um semst eða ákveðið verður að mati dómkvaddra manna.

1969 Nr. 66 28. maí
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða.
■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Garðahreppi landspildur úr landi Vífilsstaða.
■ **2. gr.** Landspildurnar eru:
I. Landspilda, sem afmarkast að vestan af mörkum Vífilsstaða og Hofstaða, að norðan af mörkum Fífuhvamms, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af Vífilsstaðavegi.
II. Landspilda, sem afmarkast að vestan og norðan af girðingu við Hraunholtslæk, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af mörkum Urriðavatns.
■ **3. gr.** Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.
□ Andvirði landsins skal Garðahreppi heimilt að greiða á 25 árum.
□ Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Garðahreppi var gert að greiða fyrir landið.

1972 Nr. 5 21. febr.
Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Fjós í Laxárdalshreppi.
■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Laxárdalshreppi í Dalasýslu jörðina Fjós í Laxárdalshreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið að mati dómkvaddra manna.
□ Laxárdalshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkis-

1972 Nr. 5 21. febr. sjóði umræddra jörð eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

1972 Nr. 9 13. marz **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Brekkuborg í Breiðdalshreppi og Þorsteinsstaði í Sauðaneshreppi.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Breiðdalshreppi jörðina Brekkuborg í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu. Verð jarðarinnar fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

□ Breiðdalshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jörðina eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

■ **2. gr.** ...

1972 Nr. 10 13. marz **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Búlandshreppi jarðirnar Háls og Kambshjáleigu í Búlandshreppi í Suður-Múlasýslu.

□ Verð jarðanna fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

□ Búlandshreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jarðirnar eða hluta af þeim eða hlunnindi, sem þeim fylgja.

1972 Nr. 37 24. maí **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Geithellnahreppi jarðirnar Markúsarsel, Tunguhlíð og Veturhús í Geithellnahreppi í Suður-Múlasýslu.

□ Verð jarðanna fer eftir samkomulagi, ef það næst. Að öðrum kosti skal kaupverð ákveðið að mati dómkvaddra manna.

□ Geithellnahreppi er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði jarðirnar eða hluta af þeim eða hlunnindi, sem þeim fylgja.

1973 Nr. 12 11. apríl **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildu úr prestssetursjörðinni Bjarnarnesi í Nesjahreppi.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu landspildu, allt að 8 ha. að stærð, úr prestssetursjörðinni Bjarnarnesi í Nesjahreppi.

□ Söluverðið fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

1973 Nr. 33 24. apríl **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu jarðirnar Grenivík (að undanteknum 7 ha., sem eru eign hafnarsjóðs), Svæði og Höfðabrekku í sama hreppi.

□ Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja Borgarneshreppi þann hluta lands Borgar í Borgarhreppi, sem er sunnan þjóðvegarins vestur á Snæfellsnes.

□ Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

□ Jarðirnar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði.

1973 Nr. 64 30. apríl **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi, að undanskildu heimatúni Útskála, fyrir það verð, sem um semst. Jarðirnar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

1973 Nr. 67 30. apríl **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarbæ fasteignina Ásbúðartröð 1, Hafnarfirði, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja eignina Smiðjuveg 17 í Kópavogskaupstað, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja lóðina Skeljanes 10, Reykjavík (áður Sæból í Skildinganeslandi).

1976 Nr. 75 31. maí **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reykhólahreppi jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu, jörðina Reykhóla, að undanskildu landi tilraunastöðvarinnar og Þörungaverksmiðjunnar hf. Um aðild eða eignarrétt hreppsfélagsins að hitavatnsréttindum fer eftir samningum milli ríkisins og hreppsins.

□ Náist ekki samkomulag um söluverð jarðeignarinnar, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.

(Bent skal á, að hér er sleppt ýmsum lögum er varða heimild til sölu ríkisjarða til einstaklinga.)

e. Lántökuheimildir. Sjá einnig Gjaldeyri og Banka- og lánastofnanir.

1974 Nr. 103 31. des. **Lög um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.**

■ **1. gr.** Ríkissjóði og stofnunum, er greinir í A-hluta ríkisreiknings, sbr. 6. gr. laga nr. 52/1966, er óheimilt að taka lán eða stofna til skulda erlendis nema til þess séu heimildir í sérstökum lögum. Enn fremur er ríkissjóði og framangreindum stofnunum óheimilt að taka innlend lán eða stofna til skulda innanlands nema til þess séu heimildir í sérstökum lögum eða fjárlögum. Heimilt er þó að stofna til skulda í tengslum við kaup á

1974 Nr. 103 31. des.

fasteignum, enda séu fasteignakaupin samþykkt af fjármálaráðuneytinu.

■ **2. gr.** Fjármálaráðuneytið annast allar lántökur ríkissjóðs og stofnana, er greinir í A-hluta ríkisreiknings.

■ **3. gr.** Ríkisfyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, sem getur í B-hluta ríkisreiknings, er óheimilt að stofna til skulda, taka lán eða taka ábyrgð á skuld eða láni nema til þess sé heimild í sérstökum lögum eða fjárlögum eða fyrir liggi sérstakt samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Slíkar heimildir þarf til samninga um yfirdrátt á viðskiptareikningi í bönkum, sölu á víxlum samþykktum af fyrirtækinu eða sjóðnum, svo og til sölu eða veðsetningar á verðbréfum útgefnum af fyrirtækinu eða sjóðnum.

■ **4. gr.** Aðilar, sem um ræðir í 3. gr. og hafa lántökuheimildir samkvæmt sérstökum lögum, skulu eigi síðar en 1. nóvember ár hvert gera viðkomandi ráðuneyti og fjármálaráðuneytinu grein fyrir áformuðum lántökum á næsta fjárlagaári. Ráðuneyti það, er með mál fyrirtækisins eða sjóðs fer, og fjármálaráðuneytið geta breytt slíkri lántökuáætlun. Að athugun lokinni skulu nefnd ráðuneyti staðfesta áætlunina, og er fyrirtæki eða sjóði óheimilt að taka lán umfram það, er hin staðfesta áætlun gerir ráð fyrir, nema til komi sérstakt samþykki þeirra aðila, er staðfestu áætlunina.

■ **5. gr.** Aðilum þeim, er um ræðir í 1. og 3. gr., er heimilt að eiga viðskipti innanlands án staðgreiðslu til viðsemjanda, enda sé jafnan um það samið, hvenær greiða skuli fyrir þau viðskipti. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um slík viðskipti.

■ **6. gr.** Brjóti starfsmaður ríkisins gegn lögum þessum fer um mál hans skv. III. kafla laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

1961 Nr. 103 23. des.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku hjá Alþjóðabankanum í Washington.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni hjá Alþjóðabankanum í Washington allt að 2 milljónum Bandaríkjadollara og endurlána þá fjárhæð Reykjavíkurborg til stækkunar hitaveitu gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

1962 Nr. 6 13. marz

Lög um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa skuldabréf af Sameinuðu þjóðunum fyrir allt að 80 þúsund Bandaríkjadollara og taka jafnháa fjárhæð að láni til þessara kaupa.

1962 Nr. 48 25. apríl

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna viðbyggingar Landspítalans.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka á árunum 1962 og 1963 4 milljón króna innlent lán hvort árið, og skal láninu varið til framhaldsframkvæmda við nýbyggingu Landspítalans.

1964 Nr. 59 20. nóv.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

■ **1. gr.** [Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 150 millj. kr.][1]

[1] *L. 23/1965, 1. gr.*

1964 Nr. 59 20. nóv.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega- og flugvallagerða.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að taka lán, allt að 60 millj. kr., vegna flugvalla- og vegagerða á Vestfjörðum og vegna lagningar Reykjanesbrautar.

1966 Nr. 26 6. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 13,5 millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerða á Vestfjörðum.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð $ 318 000,00 vegna sanddælingartækja, er vita- og hafnarmálastjórnin hefur fest kaup á.

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð kr. 6,0 millj. vegna öryggistækja, er flugmálastjórnin hyggst festa kaup á.

■ **4. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð kr. 45,5 millj. vegna framkvæmda í raforku- og jarðhitamálum.

■ **5. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini, að upphæð allt að 100 millj. kr.

■ **6. gr.** Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 5. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

□ Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

■ **7. gr.** Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 5. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55 1964.[1]

[1] *Nú l. 75/1981.*

■ **8. gr.** Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina samkv. 5. gr., skal verja sem hér segir: Til landshafna: kr. 18,0 milljónir; til vega: kr. 30,8 milljónir; til flugmála: kr. 26,3 milljónir; til skóla: kr. 14,9 milljónir og til sjúkrahúsa: kr. 10,0 milljónir.

■ **9. gr.** Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskírteini samkv. ákvæðum 6. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin, samkv. ákvæðum 5. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

1966 Nr. 27 6. maí

1967 Nr. 26 22. apríl

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini, að upphæð allt að 125 millj. kr.

■ **2. gr.** Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út samkv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

□ Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

■ **3. gr.** Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og

1967 Nr. 26 22. apríl

sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.[1)]

[1)] *Nú l. 75/1981.*

■ **4. gr.** Lánsfé því, sem aflast með sölu bréfa og spariskírteina samkv. 1. gr., svo og endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinum, skal verja sem hér segir:

Til landshafna	30,0 m. kr.
Til vegagerðar	53,6 m. kr.
Til flugmála	23,2 m. kr.
Til skóla	4,0 m. kr.
Til sjúkrahúsa	2,0 m. kr.
Til endurbóta á aðstöðu fyrir farþega í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli	9,8 m. kr.
Til gufuveitu vegna Kísiliðjunnar h/f	5,0 m. kr.
Til vegagerðar í Þingeyjarsýslu vegna Kísiliðjunnar h/f	29,5 m. kr.
Til raforkumála	28,0 m. kr.

■ **5. gr.** Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskírteini samkv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin, samkv. ákvæðum 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

■ **6. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 12,5 millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerðar á Vestfjörðum.

■ **7. gr.** Til viðbótar lántökuheimildum í 4. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán sem hér segir:

Til kaupa á öryggistækjum vegna flugmála	3,8 m. kr.
Til raforkumála	17,4 m. kr.
Til landshafna	3,0 m. kr.

■ **8. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ráðstafa af greiðsluafgangi ársins 1966: 27 m. kr. til vegagerðar, 13 m. kr. til bygginga við menntaskólana. 13 m. kr. til viðbyggingar Landspítalans.

■ **9. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fasteignirnar nr. 12 við Vonarstræti fyrir allt að 7030 þús. kr. og Skjaldbreiðareignina við Kirkjustræti fyrir allt að 14 millj. króna, svo og að taka andvirði fasteignanna að láni.

■ **10. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa hús að Laugarvatni til sameiginlegra afnota skólanna þar, fyrir allt að 1150 þús. kr., svo og að taka hluta kaupverðsins að láni.

1968 Nr. 24 2. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1968.

I. kafli.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríksskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

■ **2.—4. gr.** ...[1)]

[1)] *Sbr. l. 26/1967, 2., 3. og 5. gr.*

II. kafli.

■ **5. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 275 millj. kr.

■ **6. gr.** Heimilt er að endurlána fé skv. 5. gr., og skal það gert með gengisákvæði og að öðru leyti með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður.

1968 Nr. 24 2. maí

■ **7. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins (Council of Europe Resettlement Fund), sem tekið mun af Framkvæmdasjóði Íslands, að fjárhæð $ 500 þús. Lánsfé þessu skal verja til flugvalla-, hafna- og vegaframkvæmda á Vestfjörðum.

■ **8. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P. L. 480 lán) allt að $ 1425 þús.

■ **9. gr.** Heimilt er fjármálaráðherra að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 10 millj. kr. til tækjakaupa í þágu flugmála og raforkumála.

III. kafli.

■ **10. gr.** Heimilt er að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 113 millj. kr. af láni því, er um ræðir í 5. gr.

■ **11. gr.** Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr. svo og endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánum, með erlendri lántöku skv. 5. gr. að frátalinni ráðstöfun skv. 10. gr., með P. L. 480 láni skv. 8. gr., og skv. heimild í 2. gr. laga nr. 5/1968, skal verja sem hér segir:

	millj. kr.
Rafmagnsveitur ríkisins	20,3
Raforkumál, sérstakar framkvæmdir	15,0
Gufuveita í Reykjahlíð	7,2
Jarðborun á Reykjanesi	3,6
Landshafnir	40,0
Vegir	82,6
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	10,9
Flugmál	6,0
Skólar	25,6
Sjúkrahús	37,0
Lögreglustöð í Reykjavík	7,0
Búrfellsvirkjun	75,0
Alls	330,2

IV. kafli.

■ **12. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka innlend og erlend lán að jafnvirði allt að 90 millj. kr. til smíði tveggja strandferðaskipa.

1969 Nr. 23 17. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1969.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

■ **2.—4. gr.** ...[1)]

[1)] *Sbr. l. 26/1967, 2., 3. og 5. gr.*

■ **5. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P. L. 480 lán) allt að $ 1600 þús.

■ **6. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka í Danmörku lán að fjárhæð allt að 1 millj. danskra kr. til endurbóta á húsi Jóns Sigurðssonar.

■ **7. gr.** Heimilt er fjármálaráðherra að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 10 millj. kr. til tækjakaupa í þágu raforkumála og flugöryggismála.

■ **8. gr.** Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskulda-

1969 Nr. 23 17. maí

bréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánum og með P. L. 480 láni skv. 5. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Boranir og rannsóknir á Reykjanesi	24,3
Boranir við Námafjall	30,4
Rannsóknir á Efra-Þjórsársvæði	9,3
Rafmagnsveitur ríkisins	42,0
Framkvæmdir á Keldnaholti	13,4
Landshafnir	5,8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	43,5
Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík)	29,6
Reykjanesbraut í Breiðholti	2,8
Keflavíkurflugvöllur	3,9
Menntaskólinn við Hamrahlíð	10,0
Lögreglustöð í Reykjavík	7,0
Rannsóknir á perlusteinsvinnslu	3,0
Samtals	225,0

	Millj. kr.
Reykjanesbraut	27,2
Vegaframkvæmdir skv. Vestfjarðaáætlun	11,8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	12,0
Landshafnir	8,6
Rafmagnsveitur ríkisins	35,0
Rafvæðing í sveitum	15,0
Jarðvarmaveitur ríkisins	18,2
Orkurannsóknir	19,0
Laxárvirkjun	55,0
Landsvirkjun, stofnframlag	41,0
Áburðarverksmiðja ríkisins	55,0
Jarðefnaleit	2,0
Sjóefnarannsóknir	2,0
Framkvæmdir á Keldnaholti	15,0
Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	10,0
Byggingaframkvæmdir á vegum Háskóla Íslands	30,0
Samtals	356,8

1970 Nr. 34 8. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1970.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

■ **2. gr.** Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

□ Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

■ **3. gr.** Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.[1)]

[1)] *Nú l. 75/1981.*

■ **4. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum í 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

■ **5. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P. L. 480 lán) allt að $ 1500 þús. Heimilt er að verja þeim hluta lánsins, sem er andvirði fóðurvörukaupa, eða allt að 32 millj. kr., til Framkvæmdasjóðs Íslands til endurlána í þágu kornhlöðubyggingar í Reykjavík.

■ **6. gr.** Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán hjá Alþjóðabankanum og öðrum lánastofnunum að fjárhæð allt að 500 millj. kr. eða jafnvirði hennar í erlendum gjaldeyri og endurlána fé þetta vegasjóði til lagningar hraðbrauta.

■ **7. gr.** Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka erlent lán að jafnvirði allt að 115 millj. kr. vegna stækkunar verksmiðjunnar.

■ **8. gr.** Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánum og með P. L. 480 láni skv. 5. gr., sbr. þó 2. málslið þeirrar gr., skal verja sem hér segir:

1971 Nr. 29 16. apríl

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1971.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 75 millj. kr.

■ **2. gr.** Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

□ Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

■ **3. gr.** Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. nr. 55/1964.[1)]

[1)] *Nú l. 75/1981.*

■ **4. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr. að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

■ **5. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P. L. 480 lán) allt að $ 1500 þús.

■ **6. gr.** Heimilt er að ábyrgjast innlent eða erlent lán að jafnvirði allt að 80 millj. kr. vegna Áburðarverksmiðju ríkisins til stækkunar verksmiðjunnar. Enn fremur að taka lán, allt að 30 millj. kr., til rannsókna á landgrunninu.

■ **7. gr.** Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskírteinalánum og með P. L. 480 láni skv. 5. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Reykjanesbraut	42,8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	30,0
Landshafnir	6,0
Flugöryggismál	18,0
Rafmagnsveitur ríkisins	30,0

1971 Nr. 29 16. apríl

	Millj. kr.
Lagarfossvirkjun	45,0
Sveitarafvæðing	15,0
Landsvirkjun, eiginfjáraukning	50,0
Vatnsorkurannsóknir	20,0
Jarðhitarannsóknir	15,0
Jarðboranir ríkisins	7,5
Jarðvarmaveitur ríkisins	9,2
Jarðhitaleit	10,0
Laxárvirkjun	108,0
Sjóefnarannsóknir	5,7
Rannsóknastofnun iðnaðarins	9,5
Lögreglustöð í Reykjavík	12,0
Fjárvöntun frá 1970	3,9
Samtals	437,6

1972 Nr. 26 25. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 500 millj. kr.

■ **2. gr.** Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

□ Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

■ **3. gr.** Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971.[1)] Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nafn eigenda.

[1)] *Nú l. 75/1981.*

■ **4. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr. að viðbættri verðlagsuppbót.

□ Heimilt er að taka innlend lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. vegna landhelgisgæzlu til flugvélarkaupa og allt að 23 millj. kr. til að endurlána Þorgeir og Ellert hf., Akranesi, til endurbyggingar skipalyftu, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

□ Heimilt er að taka innlent lán vegna vegaáætlunar allt að 95 millj. kr., þar af vegna Djúpvegar 25 millj. kr. og Norðurlandsáætlunar 20 millj. kr.

■ **5. gr.** Heimilt er að ábyrgjast innlend eða erlend lán að jafnvirði allt að 330 millj. kr. vegna Fiskveiðasjóðs Íslands, allt að 150 millj. kr. vegna Laxárvirkjunar til framkvæmda þar, allt að 56 millj. kr. vegna Áburðarverksmiðju ríkisins vegna stækkunnar verksmiðjunnar, allt að 11 millj. kr. vegna virkjunar Mjólkár II og allt að 60 millj. kr. vegna Lánasjóðs sveitarfélaga til að endurlána sveitarfélögum vegna hitaveituframkvæmda. Enn fremur er heimilt að ábyrgjast allt að 60 millj. kr. erlent lán til byggingar flutningslínu raforku á Norðurlandi.

■ **6. gr.** Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskírteinalánum og lánsfé, sem aflað hefur verið með sölu spariskírteina skv. heimild í lögum nr. 82/1971, skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Landshafnir	28
Flugöryggismál	16
Rafmagnsveitur ríkisins, framkv.	168
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána	20
Sveitarafvæðing	57
Vatnsorkurannsóknir	15
Jarðhitarannsóknir	17
Jarðvarmaveitur	7
Blævardalsárvirkjun	4
Rannsóknastofnanir á Keldnaholti	6
Endurbætur á Landssmiðju	3
Lögreglustöð	14
Reykjanesbraut	45
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	30
Austurlandsáætlun	75
Norðurlandsáætlun	100
Halli á framkvæmdaáætlun 1971	35
	640
Til Framkvæmdasjóðs Íslands	360
Samtals	1000

1972 Nr. 26 25. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

1973 Nr. 8 25. apríl

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 350 millj. kr., en jafnframt falla niður 140 millj. kr. af heimild í 1. gr. laga nr. 26/1972.

■ **2. gr.** Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

□ Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

■ **3. gr.** Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971.[1)] Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nafn eigenda.

[1)] *Nú l. 75/1981.*

■ **4. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

■ **5. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 millj. kr. til greiðslu kostnaðar af vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið. Skulu ákvæði laga nr. 99/1971 gilda um skuldabréfaútgáfu þessa, eftir því sem við á.

■ **6. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P. L. 480 lán) allt að 600 þús. bandarískum dollurum.

■ **7. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent eða innlent lán að jafnvirði allt að 150 millj. kr. Af þeirri fjárhæð verði varið 100 millj. kr. vegna kostnaðarauka við framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt þessari áætlun, eftir því

1973 Nr. 8 25. apríl

sem þörf gerist, og 50 millj. kr. vegna væntanlegrar samtengingar raforku milli Norður- og Suðurlands, ef fé skortir til nauðsynlegra rannsókna eða nauðsynlegt reynist að kaupa efni, þannig að framkvæmanlegt verði að hefja byggingu línunnar árið 1974.

■ **8. gr.** Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast innlend eða erlend lán að jafnvirði allt að 172 millj. kr. til framkvæmda ríkisins í vega- og raforkumálum.

■ **9. gr.** Í tilefni af því, að nú er unnið að athugun á hafnargerðum á suðurströndinni vegna eldgossins í Vestmannaeyjum á vegum Alþjóðabankans í samráði við Seðlabanka Íslands og ljóst er, að niðurstaða þeirrar athugunar mun ekki liggja fyrir, áður en Alþingi lýkur störfum, er ríkisstjórninni heimilt að taka innlent eða erlent lán að jafnvirði allt að 150 millj. kr. til þeirrar hafnargerðar, ef ákveðin yrði.

■ **10. gr.** Heimilt er fjármálaráðherra að taka tækjakaupalán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 16 millj. kr. vegna radíóvita til vita- og hafnamálastjórnar og vegna fjarskiptaútbúnaðar til embættis lögreglustjórans í Reykjavík.

■ **11. gr.** Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskírteinalánum, með sölu happdrættisskuldabréfa skv. 5. gr. og fyrri heimild, með P. L. 480 láni skv. 6. gr., með erlendri lántöku skv. 8. gr. og með tækjakaupalánum skv. 10. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir	240
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána	10
Laxárvirkjun	80
Stofnlína Norður-Suðurland	13
Sveitarafvæðing	110
Orkustofnun, vatnsorkurannsóknir	20
Orkustofnun, jarðhitarannsóknir	23
Orkustofnun, jarðhitaleitarlán	4
Orkustofnun, jarðboranir	6
Skeiðarársandsvegur	230
Aðrir vegir á vegáætlun	75
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	65
Landshafnir	19
Radíó-vitar, tækjakaupalán	8
Norðurlandsáætlun, hafnir og flugvellir	42
Flugöryggismál	11
Lögreglustöðin í Reykjavík	19
Rannsóknastofnanir á Keldnaholti	9
Blævardalsárvirkjun	4
Halli á framkvæmdaáætlun 1972	30
	1018
Til Framkvæmdasjóðs Íslands	150
	1168

1973 Nr. 91 10. des.

Lög um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og um sérstaka lántökuheimild vegna hafnarframkvæmda.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 1400 m. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

■ **2. gr.** Af lánsfjárhæðinni skulu 800 m. kr. endurlánaðar Framkvæmdasjóði Íslands í samræmi við framkvæmdaáætlun, en að öðru leyti skal henni ráðstafað skv. gildandi lagaheimildum.

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka 7 milljón dollara lán hjá Alþjóðabankanum til hafnarframkvæmda í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

1973 Nr. 91 10. des.

Lög um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

1974 Nr. 11 29. mars

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út ríkisskuldabréf allt að 600 millj. króna.

■ **2. gr.** Heimilt er að verðtryggja þau skuldabréf, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

■ **3. gr.** Skuldabréf þau, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum, má ríkissjóður einungis selja Viðlagasjóði og skulu þau vera óframseljanleg. Lánsfé það, sem aflað er með sölu ríkisskuldabréfa þessara, skal lagt inn á sérstakan reikning ríkissjóðs við Seðlabankann vegna skuldbindinga Viðlagasjóðs.

■ **4. gr.** Þeim, sem fengið hafa bætur eða rétt eiga til bóta úr Viðlagasjóði vegna íbúðarhúsnæðis, sem eyðilagðist eða varð óíbúðarhæft í Heimaeyjargosinu, en hyggjast koma sér upp íbúðarhúsnæði á ný í Vestmannaeyjum, gefst kostur á að láta bætur sínar standa inni á reikningum á vegum Viðlagasjóðs. Innstæður á reikningum þessum verða verðtryggðar á sama hátt og skuldabréf þau, sem gefin kunna að vera út skv. lögum þessum, og er það forsenda verðtryggingar, að innstæðum verði varið til eigin íbúðarhúsnæðis í Vestmannaeyjum. Innlánstími og önnur kjör skulu ákveðin af fjármálaráðherra að fenginni umsögn stjórnar Viðlagasjóðs og Seðlabankans.

■ **5. gr.** Verðtryggðar innstæður á reikningum, sem stofnað verður til á vegum Viðlagasjóðs með mótvirði þeirra ríkisskuldabréfa, sem gefin kunna að verða út skv. lögum þessum, að meðtöldum vöxtum og verðbótum af þeim, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971.[1)]

[1)] *Nú l. 75/1981.*

■ **6. gr.** Skilyrði verðtryggingar skv. 4. og 5. gr. er, að óhafnar, en gjaldfallnar bætur verði færðar beint, skv. ávísan bótaþega, inn á verðtryggðan reikning hans, en þegar hafnar bætur skulu greiddar inn á verðtryggðan reikning fyrir 1. maí n. k., eigi þær einnig að falla undir verðtryggingarkjör.

■ **7. gr.** Fjármálaráðherra ákveður að öðru leyti fyrirkomulag verðtrygginga, önnur kjör og tímalengd þeirra ríkisskuldabréfa, sem út kunna að verða gefin skv. lögum þessum.[1)]

[1)] *Reglur 81/1974.*

1974 Nr. 37 8. maí

Lög um lántökuheimildir erlendis.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 569 millj. kr., sem verja skal sem hér segir:

a. til framkvæmda raforkumálum ... 149 millj. kr.,
b. til orkurannsókna ... 127 millj. kr.,
c. til flutningslínu raforku um Suður-, Vestur- og Norðurland ... 100 millj. kr.,

1974 Nr. 37 8. maí

d. til Laxárvirkjunar ..... 100 millj. kr.,
e. til landshafna ..... 18 millj. kr.,
f. til Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar í Fljótaá ..... 75 millj. kr.

■ **2. gr.** Heimilt er að ábyrgjast tækjakaupalán vegna Rafmagnsveitna ríkisins að jafnvirði allt að 90 millj. kr. vegna kaupa á þrýstivatnspípu og vélbúnaði til Mjólkárvirkjunar.

1974 Nr. 92 11. des.

Lög um lántökuheimildir erlendis.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 2120 millj. króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri.

■ **2. gr.** Andvirði lánsins skal endurlánað eða ráðstafað þannig:

1. Til Framkvæmdasjóðs Íslands 800 millj. krónur.
2. Til Landsvirkjunar, vegna virkjunarframkvæmda við Sigöldu, 474 millj. krónur.
3. Til vegagerðar 496 millj. krónur.
4. Til framkvæmda í orkumálum 350 millj. krónur.

1975 Nr. 9 13. mars

Lög um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

■ **1. gr.** Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í Danmörku að upphæð allt að 25,5 millj. danskar krónur, vegna smíða á varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna.

1975 Nr. 11 28. apríl

Lög um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

...

VIII. kafli. Lántökuheimildir vegna opinberra framkvæmda og Framkvæmdasjóðs. Ráðstöfun lánsfjár og skyldusparnaðar.

■ **32. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út ríkisskuldabréf eða spariskírteini til sölu innanlands að fjárhæð allt að 500 millj. kr., svo og happdrættisskuldabréf að fjárhæð allt að 300 millj. kr., og gilda um þau ákvæði laga nr. 7/1974. Jafnframt falla niður lántökuheimildir samkvæmt liðunum í LXII., LXIII., LXIV., LXV. og LXVI. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1975.

■ **33. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 3800 millj. kr. Af þeirri fjárhæð er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði 2000 millj. kr. en 1800 millj. kr. skal ráðstafað svo sem fyrir er mælt í 34. gr.

■ **34. gr.** Fé því, sem aflast samkvæmt heimildum í 32. gr. og 33. gr. þessara laga, samkvæmt liðnum LX. í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1975, af erlendu lánsfé vegna Þorlákshafnar, af erlendu láni Framkvæmdasjóðs hjá Viðreisnarsjóði Evrópu, af innheimtu endurlánuðu spariskírteinafé og með skyldusparnaði skv. 29. gr. VII. kafla þessara laga, en alls nema þær 5000 millj. kr., skal varið sem hér segir:

Vegaframkvæmdir	900 millj. kr.
Landshafnir	350 millj. kr.
Þangverksmiðja að Reykhólum	230 millj. kr.
Orkumál	3520 millj. kr.

a. Framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins og rafvæðing sveitanna.
b. Orkumál Norðurlands.
c. Kaup á jarðborum.
d. Virkjunarrannsóknir.
e. Orkuveitur sveitarfélaga.

1975 Nr. 11 28. apríl

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda og reksturs Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði 1260 millj. kr.

■ **2. gr.** Af lánsfé því, sem aflað er skv. 1. gr., skal verja 931 millj. kr. til að greiða skuld ríkissjóðs er myndaðist á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands vegna hallareksturs Rafmagnsveitna ríkisins og framkvæmda þeirra umfram fjárhagsáætlun til ársloka 1974.

□ Jafnframt er heimilt að verja 329 millj. kr. af lánsfé þessu til að greiða skuld ríkissjóðs er myndast hafði til ársloka 1974 á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands vegna útgjalda vegagerðar ríkisins umfram fjárveitingar.

1975 Nr. 15 23. maí

Lög um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1976.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að fjárhæð allt að 6655 millj. kr., sem varið skal til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1976.

■ **2. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 2045 millj. kr. á árinu af lánsfé skv. 1. gr.

1975 Nr. 89 31. des.

Lög um lántökuheimild til eflingar Landhelgisgæslunnar.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 600 milljónum króna, eða jafngildi allt að 9 milljóna gyllina, vegna kaupa á gæsluflugvél fyrir Landhelgisgæsluna, og allt að 140 milljónum króna vegna endurbóta á varðskipinu Óðni, og verða lánin að hluta til tekin erlendis.

1976 Nr. 69 31. maí

Lög um heimild til erlendrar lántöku vegna opinberra framkvæmda á árinu 1977.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1977 að jafnvirði allt að 9732 millj. kr.

■ **2. gr.** Af fjáröflun skv. 1. gr. skal 6870 millj. kr. varið til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1977. Auk þess er fjármálaráðherra heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði allt að 2862 millj. kr. á árinu.

■ **3. gr.** Ríkissjóði er heimilt að ábyrgjast allt að 700 millj. kr. lán eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri vegna orkuframkvæmda á vegum sveitarfélaga á árinu 1977.

■ **4. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að innlend skuldabréfalán, allt að 100 millj. kr., er sveitarfélög bjóða út vegna mikils háttar hitaveituframkvæmda á árinu 1977 skuli hljóta sömu meðferð og ríkisskuldabréf skv. 1. gr. laga nr. 7/1974, um skattalega meðferð verðbréfa o. fl.

1976 Nr. 116 31. des.

1976 Nr. 116 31. des.

☐ Heimild þessi gildir einnig þótt skuldabréfin séu verðtryggð enda fullnægi þau ákvæðum laga nr. 71/1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

1977 Nr. 82 31. des.

Lög um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlana 1978.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1978 að jafnvirði allt að 4866 millj. kr.

■ **2. gr.** Lánsfé skv. 1. gr. skal varið til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978.

■ **3. gr.** [Hverjum lífeyrissjóði sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall.

☐ Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóður geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er ríkissjóði, Framkvæmdasjóði Íslands, Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupi bréf af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna og Framkvæmdasjóði Íslands.

☐ Setja skal með sérstakri reglugerð[1] nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár svo og ákvæði um lánstíma og lánskjör.][2]

[1] *Rg. 157/1980.* [2] *L. 13/1981, 3. gr.*

■ **4. gr.** Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur, að fjárhæð allt að 1500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á kostnaði við byggingu 220 kV háspennulínu frá Geithálsi í Hvalfjörð. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

☐ Ráðherra f. h. ríkissjóðs er einnig heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar skv. 1. mgr., og endurlána Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

■ **5. gr.** Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt til viðbótar heimildum samkvæmt lögum nr. 100/1974 um Hitaveitu Suðurnesja að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán, er Hitaveita Suðurnesja tekur til hitaveituframkvæmda, að fjárhæð allt að 1800 millj. kr. eða andvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

☐ Ráðherra f. h. ríkissjóðs er einnig heimilt að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar skv. 1. mgr. og endurlána Hitaveitu Suðurnesja með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

■ **6. gr.** Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal ráðherra hafa samráð við fjárveitinganefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

1977 Nr. 82 31. des.

Lög um ráðstafanir í efnahagsmálum.

1978 Nr. 3 17. febr.

...

■ **12. gr.** Þrátt fyrir ákvæði töluliðar XLIX í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1978 skal fjármálaráðherra heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 4600 m. kr. á árinu 1978.

Lög um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

1979 Nr. 20 21. maí

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 9295 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

■ **2. gr.** Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979. Þó skal ríkissjóður standa að fullu undir afborgunum, vöxtum og öðrum kostnaði við 600 millj. kr. lántöku vegna skuldagreiðslna RARIK.

■ **3. gr.** ...[1]

[1] *Nú l. 13/1981, 3. gr.*

■ **4. gr.** Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1979 að fjárhæð allt að 6500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjarfoss og lokaframkvæmdir við Sigölduvirkjun.

■ **5. gr.** Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1979 að fjárhæð allt að 1800 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. Lán til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 1345 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

■ **6. gr.** Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1979 svo sem hér segir:

1. Reykjavíkurborg eða Rafmagnsveitu Reykjavíkur, lán að upphæð 680 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. Reykjavíkurborg eða Hafnarsjóði Reykjavíkur, lán að upphæð 340 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

3. Öðrum sveitarfélögum, lán samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila allt að 90 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

■ **7. gr.** Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að

1979 Nr. 20 21. maí

fjárhæð 465 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveitu-framkvæmdum.

■ **8. gr.** Byggðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1979 að fjárhæð 1480 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt til þess að standa undir fjármagnsútgjöldum vegna byggðalína.

■ **9. gr.** Framkvæmdasjóði er heimilt að taka erlent lán á árinu 1979 að fjárhæð 4450 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður skal lána Fiskveiðasjóði Íslands allt að 450 millj. kr. af fyrrnefndri upphæð til að mæta lækkuðum tekjum Fiskveiðasjóðs vegna laga nr. 3 frá 2. mars 1979.

■ **10. gr.** Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 5., 3. tl. 6., 7., 8. og 9. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður.

■ **11. gr.** Þrátt fyrir ákvæði II. kafla laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, með síðari breytingum, skal húsnæðismálastjórn á árinu 1979 veita Framkvæmdasjóði Íslands lán af sparnaðarfé skv. III. kafla laganna er nemi 2000 millj. kr. Lánskjör skulu vera hliðstæð og þau er Byggingarsjóður ríkisins nýtur að jafnaði af skyldusparnaðarfé ungmenna.

■ **12. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 33. gr. jarðalaga nr. 65/1976 skal framlag ríkissjóðs til Jarðasjóðs á árinu 1979 eigi fara fram úr 10 800 þús. kr.

■ **13. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1979 ekki fara fram úr 723 600 þús. kr.

■ **14. gr.** Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 3/1979, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1979 ekki fara fram úr 1 275 500 þús. kr.

■ **15. gr.** Þrátt fyrir ákvæði a-, b-, c- og d-liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skulu samanlagðar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt greindum stafliðum ekki fara fram úr 6 659 100 þús. kr. á árinu 1979. Fari tekjur skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1965 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laganna fram úr þessari fjárhæð skal það sem umfram er renna í ríkissjóð.

■ **16. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1979 eigi fara fram úr 297 000 þús. kr.

■ **17. gr.** Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1979 eigi fara fram úr 183 600 þús. kr.

■ **18. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921, um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1979 ekki fara fram úr 180 000 þús. kr. Það, sem umfram kann að innheimtast á árinu 1979 af erfðafjárskatti, rennur í ríkissjóð.

■ **19. gr.** Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1979 eigi fara fram úr 94 500 þús. kr.

1979 Nr. 20 21. maí

■ **20. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1979 eigi fara fram úr 30% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 36 000 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

■ **21. gr.** Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Jafnframt er Landsvirkjun veitt heimild til lántöku í sama tilgangi. Skal ráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

■ **22. gr.** Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán, innlent eða erlent, að fjárhæð 300 millj. kr. til að greiða framkvæmdakostnað við dreifikerfi sjónvarps á þessu ári.

Lög um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimild vegna framkvæmda á sviði orkumála 1979 o. fl.

1980 Nr. 42 23. maí

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 1570 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

■ **2. gr.** Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar 10. júlí 1979, um framkvæmdir á sviði orkumála 1979.

■ **3. gr.** Heimil er lántaka vegna hitaveituframkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 625 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

■ **4. gr.** Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 80 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar hitaveituframkvæmda.

■ **5. gr.** Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr., með þeim kjörum og skilmálum, sem hann ákveður.

■ **6. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast skuldbreytingalán, sem viðskiptabankar í eigu ríkisins veita olíufélögunum, vegna halla, sem myndast hefur til loka septembermánaðar 1979 á innkaupajöfnunarreikningum þeirra fyrir gasolíu, að fjárhæð allt að 2800 millj. króna, með skilmálum, sem fjármálaráðherra ákveður.

■ **7. gr.** Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka skammtímalán hjá Seðlabanka Íslands til að fjármagna tímabundinn mismun tekna og gjalda ríkissjóðs allt að 4500 millj. kr.

1980 Nr. 89 24. des. Lög um heimildir til lántöku á árunum 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1980 allt að 4750 m. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt miðað við gengi 1. ágúst 1980.

■ **2. gr.** Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafa með svofelldum hætti:

Til að lána Rafmagnsveitum ríkisins til framkvæmda við Kröflu	1111 m. kr.
Til að lána Jarðvarmaveitum ríkisins til framkvæmda í Bjarnarflagi	300 m. kr.
Til að lána Rafmagnsveitum ríkisins til lagningar byggðalína	174 m. kr.
Til að lána Rafmagnsveitum ríkisins til almennra framkvæmda	473 m. kr.
Til að lána Orkusjóði til fjármögnunar á virkjunarrannsóknum	260 m. kr.
Til að lána Orkubúi Vestfjarða til framkvæmda og til að mæta rekstrarhalla 1980	300 m. kr.
Til að lána Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til þess að ljúka tengingu hitaveitu í Borgarnesi	620 m. kr.
Til að lána Landhelgissjóði til kaupa á þyrlu	800 m. kr.
Til að lána Undirbúningsfélagi um saltvinnslu á Reykjanesi	60 m. kr.
Til að greiða hlut ríkissjóðs í dráttarbrautarframkvæmdum	520 m. kr.
Til að lána sveitarfélögum til hafnarframkvæmda	130 m. kr.

■ **3. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að veita aðilum skv. 2. gr. sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs ef henta þykir að þeir taki lán án milligöngu ríkissjóðs. Komi upphæð sjálfskuldarábyrgðar þá til lækkunar lántöku ríkissjóðs skv. 1. gr.

■ **4. gr.** Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 25 000 m. kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1981. Fjármálaráðherra er heimilt að verja andvirði þess til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurláns til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum í samræmi við lánsfjáráætlun 1981 þegar lánsfjárlög fyrir árið 1981 hafa verið samþykkt.

1969 Nr. 8 1. apríl Lög um lántökuheimild fyrir ríkissjóð.

■ **1. gr.** Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán og endurlána Framkvæmdasjóði Íslands eða ábyrgjast lán fyrir sjóðinn að fjárhæð allt að 300 millj. kr. eða jafngildi þess í erlendri mynt.

■ **2. gr.** Heimilt er ríkisstjórninni að taka allt að 180 millj. kr. lán í þýzkum mörkum til byggingar hafrannsóknaskips.

1971 Nr. 82 26. nóv. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

■ **1. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 200 millj. kr.

■ **2. gr.** Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

□ Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

■ **3. gr.** Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin skattlagningu og framtalsskyldu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971.[1] Skuldabréfin og spariskírteinin skulu hins vegar skráð á nafn eiganda.

[1] *Nú l. 75/1981.*

■ **4. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini, skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda, til sölu innanlands, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

1971 Nr. 82 26. nóv.

■ **5. gr.** Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina skv. 1. og 4. gr., er fjármálaráðherra heimilt að verja samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis.[1]

[1] *Sjá l. 26/1972, 6. gr.*

1972 Nr. 83 2. maí Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna kaupa á þyrlu og vegna viðgerðar á varðskipinu Þór.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að taka lán allt að 45 millj. kr. vegna kaupa á þyrlu og allt að 48 millj. kr. vegna endurnýjunarviðgerðar á varðskipinu Þór.

3. Bankar og lánastofnanir.

1961 Nr. 10 29. marz Lög um Seðlabanka Íslands.

I. kafli. Skipulag bankans og hlutverk.

■ **1. gr.** Seðlabanki Íslands (á ensku the Central Bank of Iceland) er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

□ Seðlabanki Íslands (hér eftir nefndur Seðlabankinn) tekur við öllum eignum og skuldum Landsbanka Íslands, Seðlabankans. Af stofnfé og varasjóðum Landsbanka Íslands, Seðlabankans, skulu 100 millj. kr. teljast stofnsjóður Seðlabanka Íslands.

■ **2. gr.** Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Heimili og varnarþing Seðlabankans er í Reykjavík.

■ **3. gr.** Hlutverk Seðlabankans er:

1. að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt;

2. að efla og varðveita gjaldeyrisvarasjóð, er nægi til

þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við;

3. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gengismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum;

4. að annast bankaviðskipti ríkissjóðs og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyris- og peningamál;

5. að vera banki annarra banka og peningastofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaskiptum;

6. að gera sem fullkomnastar skýrslur og áætlanir um allt, sem varðar hlutverk hans;

7. að annast önnur verkefni, sem samrýmanleg eru tilgangi hans sem seðlabanka.

■ **4. gr.** Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

II. kafli. Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

■ **5. gr.** [Framkvæmdasjóður er í vörzlu Seðlabankans, en með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

□ Sjóðurinn starfar samkvæmt eigin lögum og undir sérstakri stjórn. Að öðru leyti er umsjá og daglegur rekstur sjóðsins í höndum Seðlabankans. Sér bankinn einnig um bókhald sjóðsins, svo og skýrslugerð vegna hans.

□ Um reikningsskil, endurskoðun, fjárhagslegar skuldbindingar og annað, er varðar rekstur Framkvæmdasjóðs, fer eftir ákvæðum laga þessara, svo og reglugerð bankans, eftir því sem við getur átt.[1)]][2)]

[1)] *Rg. 8/1965.* [2)] *L. 54/1966, 1. gr. Sjá og l. 97/1976, V. kafla.*

III. kafli. Seðlaútgáfa og mynt.

■ **6. gr.** Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út peningaseðla eða annan gjaldmiðil, er geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða löglegrar myntar.

□ Seðlar þeir, sem bankinn gefur út, skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.

□ Ráðherra sá, sem fer með bankamál, ákveður samkvæmt tillögu Seðlabankans lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra, sem bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni.[1)]

[1)] *Sbr. l. 22/1968, 4. gr. Augl. 117/1980.*

■ **7. gr.** Seðlabankinn skal stefna að því að eiga ávallt á móti að minnsta kosti helmingi seðlamagnsins, sem í umferð er, gulleign, innstæður eða aðrar auðseldar og óbundnar eignir í erlendum gjaldeyri, sem nota má til greiðslu hvar sem er. Skal bankinn birta reglulegar skýrslur um það, hve miklum hluta seðlaveltunnar þessi trygging nemi.

■ **8. gr.** Fjármálaráðuneytið getur samið við Seðlabankann um, að hann taki við útgáfu myntar af ríkissjóði, og skulu þá úr gildi falla lög nr. 19 1925, um innlenda skiptimynt. Í stað þeirra skulu ákvæði 6. greinar þessara laga ganga í gildi um útgáfu myntar á sama hátt og um peningaseðla.[1)]

[1)] *Augl. 216/1966.*

IV. kafli. Innlend viðskipti Seðlabankans og eftirlit með bankastarfsemi.

■ **9. gr.** Seðlabankinn tekur við innlögum frá bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum og getur veitt þeim lán með endurkaupum tryggra víxla eða á annan hátt gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar.

■ **10. gr.** Seðlabankinn hefur með höndum eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða, innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hverrar þeirrar stofnunar annarrar, sem tekur við innstæðum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi að mati hans.

□ Bankaeftirlitið, en svo skal þessi starfsemi nefnast, skal fylgjast með því, að innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum, sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Einnig skal því heimilt að gera athugasemdir, ef það telur hag eða rekstur innlánsstofnunar óheilbrigðan, og skulu slíkar athugasemdir tilkynntar ráðherra þegar í stað. Gagnvart sparisjóðum tekur bankaeftirlitið við þeim störfum, sem sparisjóðseftirlitinu eru falin með lögum um sparisjóði, nr. 69 1941.

□ Skylt er innlánsstofnunum að láta bankaeftirlitinu í té reikninga sína og aðrar upplýsingar í því formi og svo oft sem óskað er. Einnig er bankaeftirlitinu heimilt að rannsaka bókhald og eignir innlánsstofnana, hvenær sem ástæða þykir til.

□ Seðlabankinn skal taka við vörzlu og stjórn tryggingasjóðs sparisjóða, sbr. 17. gr. laga nr. 69 1941, enda fer um endurskoðun reikninga hans eftir ákvæðum 30. gr. laga þessara.

□ [Nú óskar innlánsstofnun að setja á stofn útibú eða umboðsskrifstofu, og skal hún þá sækja um leyfi til þess til Seðlabankans. Leggur hann leyfisumsókn ásamt áliti sínu fyrir ráðherra þann, sem fer með mál viðkomandi stofnunar, og tekur þá ráðherra ákvörðun um, hvort leyfi skuli veitt.][1)]

[1)] *L. 10/1964, 1. gr.*

■ **11. gr.** Innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein, svo og aðrar opinberar lánsstofnanir og fjárfestingarsjóðir, skulu geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið.

□ [Enn fremur skulu innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. gr., eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum sem svarar tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubindingin má hæst nema 28% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun.

□ Seðlabankinn getur ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar skuli bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem sett er í 2. málsgrein.

□ Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd innlánsbindingar samkvæmt 2. og 3. málsgrein, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, en bindiskyldan skal vera hin sama fyrir allar stofnanir.][1)]

[1)] *L. 13/1979, 31. gr. Sjá og l. 12/1981, 5. gr.*

■ **12. gr.** Seðlabankanum er heimilt að ákveða, að innlánsstofnanir, sem um ræðir í 10. grein, skuli eiga ríkistryggð bréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi allt að 10% af innstæðum hjá þeim, nema hærri upphæð sé ákveðin í lögum. Einnig ákveður hann, hvaða verðbréf skuli metin gild í þessu skyni. Þegar komin eru á

regluleg kaupþingsviðskipti, skulu yfirleitt ekki önnur verðbréf metin gild en þau, sem þar eru skráð, og skal þá miða verðmæti þeirra við markaðsgengi.

■ **13. gr.** Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta, sem innlánsstofnanir, er um ræðir í 10. grein, mega reikna af innlánum og útlánum. Nær þetta vald einnig til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 58 1960. Vaxtaákvarðanir skulu birtar í Lögbirtingablaði. Ákvörðunarvald þetta nær einnig til þóknunar, sem jafngildir vöxtum að áliti Seðlabankans.

■ [**Ákvæði til bráðabirgða.** [Vaxtaákvarðanir skulu við það miðaðar, að fyrir árslok 1981 verði komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána, sbr. VII. kafla þessara laga um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.][1] Meginreglan verði sú, að höfuðstóll skuldar breytist með verðlagsþróun en jafnframt verði nafnvextir lækkaðir. Afborganir og vextir reiknist af verðbættum höfuðstól. Verðtrygging verði reiknuð í hlutfalli við verðbreytingar. Samhliða verðtryggingu verði lánstími almennt lengdur og skal setja um þetta almennar reglur, þar á meðal um heimildir til skuldabréfaskipta af þessu tilefni.][2]

[1] *L. 10/1981, 2. gr.* [2] *L. 13/1979, 33. gr.*

■ **14. gr.** Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu. Skulu allar innstæður ríkissjóðs og þeirra ríkisstofnana, sem eru á fjárlögum, geymdar í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið. Þurfi að eiga sér stað verulegar tilfærslur á innstæðum vegna þessa ákvæðis, skal Seðlabankinn leitast við að tryggja, t. d. með verðbréfakaupum á móti, að þær valdi ekki viðkomandi innlánsstofnunum erfiðleikum.

□ Heimilt er Seðlabankanum að veita ríkissjóði lán til skamms tíma, enda skal að því stefnt, að slík lán greiðist upp í lok hvers fjárhagsárs.

■ **15. gr.** Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf, og skal hann vinna að því, að á komist skipuleg verðbréfaviðskipti. Er honum í því skyni heimilt að stofna til og reka kaupþing, þar sem verzlað yrði með vaxtabréf og hlutabréf samkvæmt reglum, sem bankastjórnin setur og ráðherra staðfestir. [Seðlabankanum er heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og/eða vextir sé bundið gengi erlends gjaldeyris. Skulu slík verðbréf og vextir af þeim undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 70 1962.[1]][2]

□ [Seðlabankanum er heimilt að endurkaupa af innlánsstofnunum lán vegna útflutningsframleiðslu, sem framleiðendur og útflytjendur stofna til við þær, með þeim kjörum, að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi ákveðins erlends gjaldeyris, breytingu á meðalgengi íslenskrar krónu eða höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri. Sé höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri, skal innlánsstofnun greiða lántaka lánsfé í íslenskum krónum miðað við kaupgengi hins erlenda gjaldeyris á lántökudegi. Seðlabankinn ákveður vexti af lánum þessum svo og öll önnur lánskjör og skal tekið mið af lánskjörum erlendis.][3]

[1] *Nú l. 75/1981.* [2] *L. 10/1964, 3. gr.* [3] *L. 114/1978, 1. gr.*

■ **16. gr.** Seðlabankinn skal starfrækja greiðslujöfnunarkerfi til að auðvelda ávísanaviðskipti og vinna á annan hátt að því að greiða fyrir peningagreiðslum innanlands. [Er honum heimilt í því sambandi að taka að sér innheimtu ávísana, sem innlánsstofnanir hafa keypt og ónóg innstæða er fyrir, og áskilja innheimtugjald frá útgefanda, samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.][1]

[1] *L. 10/1964, 4. gr.*

■ **17. gr.** Heimilt er Seðlabankanum að reka önnur bankaviðskipti, sem samrýmanleg geta talizt hlutverki hans sem seðlabanka, en hann skal þó yfirleitt hvorki skipta við almenning né keppa um viðskipti við aðrar lánsstofnanir.

V. kafli. Gengismál og erlend viðskipti.

■ **18. gr.** [Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi (pari) íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli.][1] [Þá ákveður Seðlabankinn að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar mörk leyfilegs munar stofngengis og kaup- og sölugengis.][2]

□ Seðlabankinn skal leitast við að efla gjaldeyrisvarasjóð landsins og varðveita hann, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innstæðum og í gjaldeyri, sem nota má til greiðslu hvar sem er.

□ [Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og að ná settu markmiði um viðskiptajöfnuð en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina.][3]

[1] *L. 20/1962, 1. gr.* [2] *L. 103/1973, 1. gr.* [3] *L. 13/1979, 32. gr.*

■ **19. gr.** Rétt til að verzla með erlendan gjaldeyri hafa auk Seðlabankans Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands. Heimilt er bankastjórn Seðlabankans að fengnu samþykki ráðherra að leyfa öðrum bönkum, svo og póststjórninni, að verzla með gjaldeyri innan takmarka, sem hún ákveður.

■ **20. gr.** Seðlabankinn hefur með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki, svo og viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar. Hann skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnum, eftir því sem um verður samið.

□ [Seðlabankanum er heimilt að taka lán erlendis vegna almennra þarfa landsins í sambandi við gjaldeyrisviðskipti sín.

□ Seðlabankanum er enn fremur heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin.

□ Seðlabankinn er undanþeginn ákvörðun 7. gr. laga nr. 30 1960,[1] um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, að því er varðar lán skv. 2. og 3. málsgrein.][2]

[1] *Nú l. 63/1979.* [2] *L. 20/1962, 2. gr.*

■ **21. gr.** Seðlabankinn hefur umsjón með gjaldeyrisverzluninni og eftirlit með því, að lögum og reglum um verzlun með og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri sé fylgt. Gjaldeyriseftirliti bankans er heimilt vegna þessa verkefnis að krefjast hvers konar upplýsinga um gjaldeyrismál frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum.

□ Í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum Seðlabankans samkvæmt ákvæðum þessara laga og

laga nr. 30 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., skal setja nánari reglur um meðferð gjaldeyris og framkvæmd gjaldeyriseftirlits.[1)]

[1)] *Rg. 519/1979, sbr. 31/1983 (um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála).*

■ **22. gr.** Seðlabankinn er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en um leið og það kemur til framkvæmda og kvóti Íslands hjá sjóðnum flyzt á reikning Seðlabankans, falla niður skuldir ríkissjóðs við bankann vegna framlaga Íslands til sjóðsins hingað til.

VI. kafli. Hagskýrslugerð.

■ **23. gr.** Seðlabankinn starfrækir hagfræðideild, er safnar skýrslum og gerir áætlanir um greiðslujöfnuð, gjaldeyris- og peningamál og annað, sem hlutverk bankans varðar, og skal hún birta opinberlega sem rækilegastar upplýsingar um þau efni.

□ Einnig skal hagfræðideildin vinna að annarri skýrslugerð og athugunum varðandi efnahagsmál og þar á meðal taka að sér þau verkefni á því sviði, sem ríkisstjórnin kann að fela henni. Í þessum efnum skal hagfræðideildin hafa nána samvinnu við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem að hliðstæðum verkefnum vinna.

□ Skylt skal öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, að láta hagfræðideild Seðlabankans í té þær upplýsingar, sem hún þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar.

VII. kafli. Stjórn bankans.

■ **24. gr.** Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans að öðru leyti er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

■ **25. gr.** Bankastjórn Seðlabankans er skipuð þremur bankastjórum, sem ráðherra skipar að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjórnin kýs sér formann til ekki skemmri tíma en eins árs í senn.

□ Forfallist bankastjóri um stundarsakir, getur ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs, sett mann í hans stað á meðan.

□ Ekki mega bankastjórar vera í stjórn annarra peningastofnana eða fyrirtækja eða gegna öðrum störfum, sem ekki má skoða í beinum tengslum við starf þeirra við bankann, nema samþykki ráðherra komi til.

■ **26. gr.** Bankastjórnin ber ábyrgð á rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans, sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

□ Bankastjórnin heldur fundi með sér svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem einhver bankastjóranna óskar þess.

□ Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til að skuldbinda bankann. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Skal nánar kveðið á um umboð til skuldbindingar í reglugerð.

■ **27. gr.** Ráðherra getur að fengnu áliti bankaráðs vikið bankastjóra frá starfi. Ráðherra skal gera skriflega grein fyrir ástæðum fyrir uppsögninni, og skal bankastjóri eiga rétt á fullum launum í eitt til þrjú ár, svo og á eftirlaunum eftir 65 ára aldur, er nemi að minnsta kosti ⅔ hlutum launa, hvort tveggja samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Segi bankastjóri upp starfi, skal hann njóta launa í allt að eitt ár, svo og eftirlauna samkvæmt ákvörðun ráðherra.

□ Ráðherra er einnig heimilt að víkja bankastjóra frá fyrirvaralaust, og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi.

■ **28. gr.** Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

□ Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

□ Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

■ **29. gr.** Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans, og skal bankastjórnin hafa náið samráð við bankaráð um stefnu bankans almennt, svo og um ákvarðanir í mikilvægum málum, er stefnu bankans varða, svo sem um vexti og innlánsbindingu. Enn fremur skal bankastjórnin gefa bankaráði reglulegar skýrslur um störf bankans og þróun gjaldeyris- og peningamála.

□ Bankaráð gerir tillögur um reglugerð bankans og erindisbréf bankastjóra, er ráðherra gefur út.

□ Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en að jafnaði ekki sjaldnar en hálfsmánaðarlega. Bankastjórnin undirbýr fundi bankaráðs ásamt bankaráðsformanni. Bankastjórar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema þegar rætt er um mál, er varða þá sjálfa.

■ **30. gr.** Bankaráð ber ábyrgð á endurskoðun reikninga bankans og skal sérstök endurskoðunardeild starfa við bankann undir umsjón þess. Auk þess skal formaður bankaráðs, og í forföllum hans varaformaður, ásamt sérstökum bókhaldsfróðum endurskoðanda, sem til þess er ráðinn af bankaráði, fylgjast með framkvæmd endurskoðunar og gera reglulegar athuganir á bókhaldi og eignum bankans.

■ **31. gr.** Bankaráð ræður aðalféhirði Seðlabankans og forstöðumann endurskoðunardeildar. Alla aðra starfsmenn ræður bankastjórnin og segir þeim upp starfi.

□ Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna. Um laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans, svo og eftirlaun, fer eftir ákvörðun bankaráðs.

VIII. kafli. Reikningsskil.

■ **32. gr.** [Starfsár Seðlabankans er almanaksárið. Ársreikningar bankans skulu samdir svo fljótt sem auðið er eftir árslok. Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans.

□ Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. Launagreiðslur:

a. Heildarlaunagreiðslur.
b. Föst yfirvinna.
c. Önnur yfirvinna.
d. Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í lið a, b og c.

II. Bifreiðakostnaður:

a. Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
b. Notkun bílaleigubifreiða.
c. Notkun leigubifreiða.
d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

1961 Nr. 10 29. marz

III. Risnukostnaður:
a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
b. Risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. Ferðakostnaður:
a. Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
b. Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.

Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun:

Efnislegir fjármunir:
a. Húseignir, lóðir og lendur.
b. Vélar, áhöld, húsgögn o. fl.
c. Bifreiðar.
d. Aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:
1. Keypt og byggt á árinu.
2. Selt á árinu.
3. Afskrifað og fært á rekstrarreikning.
4. Endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

□ Að lokinni endurskoðun skulu ársreikningar staðfestir af bankaráði og úrskurðaðir af ráðherra. Skulu reikningarnir síðan birtir í ársskýrslu bankans og Stjórnartíðindum. Bankinn skal enn fremur birta mánaðarlegt efnahagsyfirlit.][1)]

[1)] *L. 36/1983, 1. gr.*

■ **33. gr.** Af tekjum ársins skal greiða allan rekstrarkostnað, svo og tap, sem bankinn hefur orðið fyrir á árinu.

□ Af tekjuafgangi þeim, sem þá er eftir, skal greiða 5% arð af stofnfé bankans, enda nemi arðgreiðsla aldrei hærri upphæð en helmingi tekjuafgangsins. Bankaráð getur þó eftir tillögu bankastjórnar ákveðið hærri arðgreiðslu, ef aðstæður leyfa. Þeim hluta tekjuafgangsins, sem ekki er greiddur út sem arður, skal bankaráð ráðstafa til varasjóða bankans og deilda hans eftir tillögu bankastjórnarinnar.

□ Arður sá, sem greiddur er af stofnfé samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar, rennur í sérstakan sjóð, sem Seðlabankinn varðveitir, en hálfar árlegar tekjur sjóðsins skulu renna til Vísindasjóðs, sbr. lög nr. 51 1957, um Vísindasjóð.

IX. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **34. gr.** Bankastjórar, bankaráðsmenn og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helzt, þótt látið sé af starfi.

■ **35. gr.** Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana.

□ Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

■ **36. gr.** Setja skal í reglugerð,[1)] er ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs, nánari ákvæði um starfsemi bankans, þar á meðal skal ákveða viðurlög í formi dagsekta eða refsivaxta, ef ákvörðunum bankans samkv. lögum þessum er ekki hlýtt.[2)]

[1)] *Rg. 809/1981 (fyrir Seðlabanka Íslands).* [2)] *Ath. l. 34/1977, 10. gr.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Við gildistöku laga þessara skal á Alþingi kjósa bankaráð samkvæmt ákvæðum þeirra, og skal kjörtími þess vera til ársloka 1964, en það skal ásamt ráðherra hlutast til um, að skipuð verði ný bankastjórn fyrir Seðlabankann, enda fellur þá um leið niður umboð núverandi stjórnar Seðlabankans.

□ Á meðan Seðlabankinn starfar í sama húsi og Landsbanki Íslands, geta bankarnir haft samvinnu um starfsmannahald, endurskoðun o. fl., eftir því sem um semst.

□ Heimilt er Seðlabankanum og fjármálaráðuneytinu að semja um það sín á milli, að inn á vaxtalausan reikning ríkissjóðs við Seðlabankann vegna ákvæða 5. greinar laga um efnahagsmál, nr. 4 1960, greiðist óráðstafaðar innstæður ríkissjóðs í Seðlabankanum vegna mótvirðissjóðs, svo og 50 milljón krónur af mótvirðisfé, sem geymt er á sérstökum reikningi í Seðlabankanum, sbr. 4. grein laga nr. 17 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, enda taki Seðlabankinn að sér að greiða eftirstöðvar reikningsins af rekstrartekjum ársins 1960 og næstu ára þar á eftir samkvæmt nánari ákvörðun bankaráðs.

Lög um Landsbanka Íslands.[1)]

1961 Nr. 11 29. marz

[1)] *Rg. 30/1962, sbr. 128/1964.*

I. kafli. Hlutverk og skipulag bankans.

■ **1. gr.** Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

■ **2. gr.** Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild hverju sinni.

■ **3. gr.** Hlutverk Landsbankans er að reka hvers konar bankaviðskipti og stuðla að vexti og viðgangi atvinnuvega landsmanna.

■ **4. gr.** Landsbanki Íslands hefur heimili sitt og varnarþing í Reykjavík, en auk þess getur hann haft útibú, þar sem bankastjórn og bankaráð ákveða.

II. kafli. Um starfsemi bankans.

■ **5. gr.** Hlutverk sitt leysir Landsbankinn af hendi með því:
a. að taka við fé til ávöxtunar og varðveizlu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;
b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir;
c. að kaupa og selja verðbréf;
d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;
f. að taka við geymslufé (depositum)[1)] og hafa með höndum umsjón og varðveizlu eigna;
g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

[1)] *Sbr. l. 9/1978.*

■ **6. gr.** Stjórn bankans skal gæta þess, að bankinn eigi ávallt hæfilegan hluta eigna sinna í auðseldum verðbréfum, víxlum og lánum, sem fást greidd með skömmum fyrirvara. Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum og öðrum tryggum og auðseldum verðbréfum nema að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum.

III. kafli. Um veðdeild.

■ **7. gr.** Veðdeild Landsbanka Íslands starfar sem

fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Landsbankinn.

☐ Veðdeildin lánar gegn veði í fasteignum samkv. sérstökum lögum og reglugerðum.[1)]

[1)] *Sbr. l. 1/1900.*

IV. kafli. Stjórn bankans og reikningsskil.

■ **8. gr.** Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans að öðru leyti er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

■ **9. gr.** Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

☐ Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

☐ Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

■ **10. gr.** Bankastjórn Landsbanka Íslands er skipuð þremur bankastjórum, sem bankaráð ræður. Skulu þeir ráðnir með tólf mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi. Heimilt er bankaráði að ráða aðstoðarbankastjóra.

☐ Ekki mega bankastjórar reka sjálfir atvinnu, ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja eða hafa með höndum önnur launuð störf, nema samþykki bankaráðs komi til.

■ **11. gr.** Bankaráð skal halda reglulega fundi tvisvar í mánuði. Aukafund skal halda, er formaður eða bankastjórn telur þess þörf eða meiri hluti bankaráðsmanna óskar þess.

☐ Bankaráðsfundir eru lögmætir, ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

☐ Bankastjórar eiga rétt á að sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál, er varða bankastjórana sjálfa. Þeir skulu gefa bankaráði reglulegar skýrslur um störf bankans.

■ **12. gr.** Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Landsbankans. Það gerir tillögur um reglugerð bankans, sem ráðherra setur, ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf.

■ **13. gr.** Bankaráð ræður aðalféhirði bankans, aðalbókara og forstöðumann endurskoðunardeildar og útibúa utan Reykjavíkur. Alla aðra starfsmenn ræður bankastjórnin og segir þeim upp starfi.

☐ Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna. Um laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans, svo og eftirlaun, fer eftir ákvörðun bankaráðs.

■ **14. gr.** Bankastjórn Landsbankans hefur æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

☐ Bankastjórnin ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

☐ Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni eftir reglum, er ákveðnar skulu í reglugerð. Í reglugerð má einnig setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar og eigi aðrir, svo að gilt sé.

■ **15. gr.** [Starfsár Landsbankans er almanaksárið. Ársreikning skal birta í ársskýrslum bankans og Stjórnartíðindum, en auk þess skal við hver mánaðamót birta yfirlit um efnahag bankans.

☐ Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans.

☐ Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. Launagreiðslur:

a. Heildarlaunagreiðslur.
b. Föst yfirvinna.
c. Önnur yfirvinna.
d. Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í lið a, b og c.

II. Bifreiðakostnaður:

a. Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
b. Notkun bílaleigubifreiða.
c. Notkun leigubifreiða.
d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. Risnukostnaður:

a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
b. Risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. Ferðakostnaður:

a. Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
b. Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.

Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun:

Efnislegir fjármunir:

a. Húseignir, lóðir og lendur.
b. Vélar, áhöld, húsgögn o. fl.
c. Bifreiðar.
d. Aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:

1. Keypt og byggt á árinu.
2. Selt á árinu.
3. Afskrifað og fært á rekstrarreikning.
4. Endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

☐ Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.][1)]

[1)] *L. 35/1983, 1. gr.*

■ **16. gr.** Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur bankans, svo og töp vegna afskrifaðra lána samkvæmt ákvörðun bankaráðs.

☐ Tekjuafgangi skal bankaráð ráðstafa til varasjóðs og annarra hliðstæðra sjóða bankans að fengnum tillögum bankastjórnar.

■ **17. gr.** Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er

1961 Nr. 11 29. marz

snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

□ Eigi mega bankastjórar né starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum nema veðdeild, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **18. gr.** Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana.

□ Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

■ **19. gr.** Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé eða fyrir innláni, eða viðskiptabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiptabókar með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaði, og ef enginn hefur sagt til sín, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefur viðtökuskírteinið eða viðskiptabókina, án þess að nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiptabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

■ **20. gr.** Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum.

■ **21. gr.** Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess er undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar.

■ **22. gr.** Bankinn hefur rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefur fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með átta daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, og þá skal bankinn stefna hlutaðeiganda með fjórtán daga fyrirvara til að leysa veðið með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

■ **23. gr.** Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Landsbankanum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.[1)]

[1)] *Ath. l. 34/1977, 10. gr.*

1900 Nr. 1 12. jan.

Lög um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík.[1)]

[1)] *Sjá og Lagasafn 1965, d. 280—281; 285—298.*

■ **1. gr.** Í Landsbankanum í Reykjavík skal stofna veðdeild til þess að veitt verði lán um langt árabil og með vægum vaxtakjörum gegn veði í fasteignum.

■ **2. gr.** Tryggingarfé deildarinnar er 200 000 kr.[1)] sem landssjóður leggur til, og skal það ásamt veðbréfum, sem veðdeildin fær hjá lánþegum sínum, og öllum öðrum eignum veðdeildarinnar vera til tryggingar því, að hún standi í skilum. ...

[1)] *Sbr. l. 30/1902.*

■ **3. gr.** Tryggingarfé deildarinnar skal vera í ríkisskuldabréfum; er það undir umsjá landsstjórnarinnar og vextir þess renna í landssjóð. Má eigi ráðstafa tryggingarfénu á annan hátt, nema veðdeildin sé brott felld og hafi staðið í skilum við alla.

□ Beri nauðsyn til að taka á tryggingarfénu til þess að veðdeildin geti staðið í skilum, skal endurgjalda fé það, sem notað hefur verið, undir eins og efnahagur deildarinnar leyfir.

■ **4. gr.** Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarinnar. Sýni reikningsskil tekjuhalla deildinni á hendur, skal hann greiddur úr varasjóði.

■ **5. gr.** Veðdeildin má gefa út skuldabréf, sem hljóða upp á handhafa (bankavaxtabréf), en sem má nafnskrá í deildinni. Landsstjórnin ákveður um lögun og útlit skuldabréfanna. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr sexfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðs samtals; eigi má heldur nokkru sinni vera í veltu bankavaxtabréf, er nemi meiru en veðskuldabréf þau, er veðdeildin á.

■ **6. gr.** Upphæð bankavaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum og skal landshöfðingi og stjórn Landsbankans rita undir þau. Fjárhæð þeirra skal ákveðin í reglugerð veðdeildarinnar, svo og vextir og gjalddagi vaxtanna.

■ **7. gr.** Fé veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum eða húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum, en aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda. Eigi má lána nema gegn fyrsta veðrétti. Lánsupphæðin má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar, og skal verð húsa þeirra, er á jörð eru, því aðeins telja með, að þau séu vátryggð svo sem fyrr er sagt.

■ **8. gr.** Eignir þær, er veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nákvæmar verður til tekið í reglugerð[1)] fyrir veðdeildina. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin. Enn fremur má ákveða í reglugerðinni,[1)] að þegar bankastjórnin krefst þess, skuli sýslunefndir segja álit sitt um verð fasteigna í sýslufélaginu, svo og að bæjarfógetar og hreppstjórar fyrir hæfilega þóknun, er landshöfðingi ákveður og veðdeildin borgar, hafi eftirlit með eignum þeim, sem í kaupstaðnum eða hreppnum eru veðsettar veðdeildinni.

[1)] *Rg. 19/1900, 8. og 9. gr. og rg. 4/1903.*

■ **9. gr.** Lán þau, er veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, en borga skal hann kostnað þann, sem af því leiðir.

■ **10. gr.** Lánum þeim, er veðdeildin veitir, má hún eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undir gengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða ef veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru, og talin eru með í matinu (sbr. 7. gr.), eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, er banka-

1900 Nr. 1 12. jan.

stjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

■ **11. gr.** Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs er ½ af hundraði á ári af upprunalegri upphæð lánsins, og afborgunargjaldið má eigi nema minna en svo að lánum sé lokið á 40 árum, þegar veðið er jarðeign, og á 25 árum, þegar veðið er húseign.

□ Á hinum ákveðnu gjalddögum má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó ekki minna en 100 kr. í einu, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum deildarinnar eftir ákvæðisverði þeirra.

■ **12. gr.** Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er veðdeildin hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður landshöfðingi til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara númerin á skuldabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði út borguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarinnar.[1] Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

[1] *Rg. 19/1900, 16. gr.*

■ **13. gr.** Handhafar eða eigendur skuldabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga og greiðast engir vextir af höfuðstólnum upp frá því.

■ **14. gr.** Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga. Um ógilding glataðra skuldabréfa og vaxtamiða fer eftir almennum lögum.[1]

[1] *L. 85/1936, XIX. kafli.*

■ **15. gr.** Skuldabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt með vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í sjóð veðdeildarinnar, og skal svo í lok reikningsársins brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt með vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

■ **16. gr.** Vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í Landsbankanum í Reykjavík, svo skulu og gjaldheimtumenn landssjóðs taka á móti þeim til borgunar á sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs og innleysa vaxtamiðana og skuldabréfin, eftir því sem þeir hafa fyrir hendi fé, sem á að borgast í landssjóð.

□ Í reglugerð veðdeildarinnar skal ákveða, hvar borga skuli út erlendis vaxtamiða og skuldabréf, sem komin eru í gjalddaga.[1]

[1] *Rg. 19/1900, 6. gr.*

■ **17. gr.** Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 10. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðunum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómskoti. Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

□ Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

■ **18. gr.** Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til þess að kaupa skuldabréf veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en ákvæðisverði þeirra, eða séu skuldabréfin verðlögð í kauphöllinni í Kaupmannahöfn, þá eigi hærra verði en síðasta verðlag á þeim þar, er menn vita um í Reykjavík.

■ **19. gr.** Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans. ...[1]

[1] *L. 11/1961, 7. gr.*

■ **20. gr.** Ákvæði þau, er sett eru í lögum 18. sept. 1885 um stofnun Landsbanka, 13., 14., 18.—24. og 26.—29. og 30. gr. 1. lið, um hlunnindi[1] fyrir bankann, stjórn hans og reikningsskil, skulu einnig gilda um veðdeildina, stjórn hennar og reikningsskil.

[1] *Sbr. nú l. 11/1961, IV. og V. kafla.*

■ **21. gr.** Reglugerð veðdeildarinnar skal staðfest af ráðgjafanum fyrir Ísland og auglýst í A-deild Stjórnartíðindanna.[1]

[1] *Rg. 19/1900, rg. 4/1903 og 4/1905.*

1900 Nr. 1 12. jan.

Viðaukalög við lög 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík.

1902 Nr. 30 25. sept.

■ **1. gr.** Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist vald til að auka tryggingarfé veðdeildarinnar með allt að því 200 000 kr. smám saman, eftir því sem lánsþörfin krefur, en Landsbankinn leggur fé til. Jafnótt og tryggingarféð er aukið, skal því komið fyrir á sama hátt og hinu upphaflega tryggingarfé, og skulu um það yfir höfuð gilda allar hinar sömu reglur sem um upphaflega tryggingarféð (lög 12. jan. 1900, 2. gr., 3. gr. og 5. gr.), nema að vextir af því skulu renna til bankans.

■ **2. gr.** Fyrir endurskoðun á reikningum veðdeildarinnar og til skrifstofuhalds (lög 12. jan. 1900, 19. gr.) má framvegis verja allt að 4500 kr. á ári, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð veðdeildarinnar.[1]

[1] *Rg. 4/1903.*

1928 Nr. 60 7. maí

Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa.[1]

[1] *Rg. 80/1928, 68/1929 og 81/1931.*

■ **1. gr.** Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, [allt að 14 milljónum króna].[1]

Vaxtabréfum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra er fyrst kemur til framkvæmda, 8. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefur gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur vera stærri en 3 milljónir króna. Fyrstu fjögur árin eftir að 8. flokkur er settur á stofn, veitist tillag til þessara veðdeildarflokka úr ríkissjóði, 8000 krónur á ári.

[1] *L. 44/1931, 1. gr.*

■ **2. gr.** Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

□ Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

■ **3. gr.** Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

□ Ef taka þarf til tryggingana 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

■ **4. gr.** Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabréfunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra.

□ Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

■ **5. gr.** Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hún rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig.

■ **6. gr.** Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

□ Lánsupphæð má ekki fara fram úr 3/5 af virðingarverði fasteignarinnar.

□ ...[1]

[1] *L. 44/1931, 2. gr.*

■ **7. gr.** Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minnsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fram fara á kostnað lántakanda.

■ **8. gr.** Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokksins, þó eigi meiri en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrir komið.

■ **9. gr.** Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna. Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús. Sé lánið bæjarlán, sýslulán eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

■ **10. gr.** Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

□ Veðdeildin hefur þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru[1] lagi, enda samþykki fjármálaráðherrann söluverðið.

[1] *Svo í Stjtíð., en á að vera „mörgu".*

■ **11. gr.** Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins um leið og hann tekur lánið.

□ Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu eða fernu lagi.

□ Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

□ Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi þegar um leið og kaupin gerast tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

■ **12. gr.** Vilji nýr kaupandi taka að sér greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sér, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sér.

■ **13. gr.** Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sér, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

■ **14. gr.** Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við þessa flokka og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga. Árlegt tillag til að borga kostnað við flokkana og til varasjóðs er ½% á ári af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga. Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

■ **15. gr.** Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga.

■ **16. gr.** Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa skuldabréf þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

■ **17. gr.** Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

■ **18. gr.** Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

■ **19. gr.** Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

□ Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.[1)]

[1)] *L. 85/1936, XIX. kafli.*

■ **20. gr.** Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu deildarinnar, og skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

■ **21. gr.** Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í veðdeildinni í Reykjavík.

□ Í reglugerð veðdeildarflokkanna skal ákveða, á hvern hátt borga skuli út erlendis vaxtamiða og bankavaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga.

■ **22. gr.** Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 13. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr.[1)], eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á.

□ Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

□ Veðdeildin hefur aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

[1)] *L. 95/1947, 39. gr.*

■ **23. gr.** Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

■ **24. gr.** Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsett verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokið er síðasta flokki samkv. þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur þaðan aflazt.

■ **25. gr.** Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á allt að 3 milljónum króna í bankavaxtabréfum, er gefin verða út samkvæmt lögum þessum. Vaxtabréf þau, er ríkisstjórnin kaupir samkvæmt þessu, skulu vera flokkur út af fyrir sig, og skal haga vöxtum bréfanna, verði þeirra og tímalengd útlána úr flokknum eftir lánskjörum þeim, er ríkissjóður fær, svo að hann verði skaðlaus af.

□ Verði ríkissjóður fyrir gengistapi af þessum viðskiptum, skal varasjóður flokksins, er skuldbindingum hans verður lokið að öðru leyti, ganga til þess að endurgreiða ríkissjóði slíkt tap.

■ **26. gr.** Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans,[1)] og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars nauðsynlegs kostnaðar má greiða allt að 12 000 krónum.

[1)] *L. 11/1961, 7. gr.*

1935 Nr. 122 27. des.

Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.[1)]

[1)] *Rg. 42/1936 og 9/1939.*

■ **1. gr.** Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 12 milljónum króna. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 11. flokkur veðdeildarinnar, og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefur gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki fjármálaráðherra, að hafa 2 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hvor flokkur vera stærri en 5 milljónir króna.

■ **2.—5. gr.** (Samhljóða 2.—5. gr. laga nr. 60/1928.)

■ **6. gr.** Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

□ Lánsupphæð má ekki fara fram úr ⅗ af virðingarverði fasteignarinnar.

■ **7.—8. gr.** (Samhljóða 7.—8. gr. laga nr. 60/1928.)

■ **9. gr.** Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

□ Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

■ **10.—18. gr.** (Samhljóða 10.—18. gr. laga nr. 60/1928.)

■ **19. gr.** Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni.

□ Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.[1)]

[1)] *L. 85/1936, XIX. kafli.*

■ **20.—22. gr.** (Samhljóða 20.—22. gr. laga nr. 60/1928.)

■ **23. gr.** Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

■ **24. gr.** Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflazt.

1935 Nr. 122 27. des.

■ **25. gr.** Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans, og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum þess banka.

1941 Nr. 94 9. júlí

Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.[1)]

[1)] *Rg. 105/1941 og 2/1942; rg. 15. júní 1943, Stjtíð. 1948, A nr. 74; rg. 26. apríl 1944, Stjtíð. 1948, A nr. 75.*

■ **1. gr.** Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 18 milljónum króna. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 13. flokkur veðdeildarinnar, og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir. Ráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefur gert tillögur um það. Heimilt er, með samþykki ráðherra, að hafa 3 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn. En eigi má hver flokkur vera stærri en 6 millj. króna.

■ **2. gr.** Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna. Ráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

□ Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

■ **3.—9. gr.** (Samhljóða 3.—9. gr. laga nr. 122/1935.)

■ **10. gr.** Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefur rétt til að heimta, að bankastjórnin annist um að koma bankavaxtabréfunum í gjaldgenga peninga, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir, og verðfall.

□ Veðdeildin hefur þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir þau, að frádregnum öllum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru[1)] lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

[1)] *Svo í Stjtíð. en á að vera „mörgu".*

■ **11. gr.** (Samhljóða 11. gr. laga nr. 122/1935.)

■ **12. gr.** Vilji nýr kaupandi taka að sér greiðslu á láni úr þessum flokkum, skal hann leita samþykkis Landsbankastjórnarinnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi kaupandi taki lánið að sér, skal hann innan sex mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir bankastjórninni og taka lánið að sér. Slík yfirtaka er ekki stimpilskyld.

■ **13.—19. gr.** (Samhljóða 13.—19. gr. laga nr. 122/1935.)

■ **20. gr.** Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu heldur skal ónýta þau undir eins ásamt vaxtamiðum og stofnum þeirra, á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu deildarinnar, og svo skal við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

■ **21.—22. gr.** (Samhljóða 21.—22. gr. laga nr. 122/1935.)

1941 Nr. 94 9. júlí

■ **23. gr.** Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf þessara veðdeildarflokka, en þó eigi hærra verði en á skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

■ **24.—25. gr.** (Samhljóða 24.—25. gr. laga nr. 122/1935.)

1945 Nr. 55 3. marz

Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.[1)]

[1)] *Rg. 30. nóv. 1946, Stjtíð. 1948, A nr. 76; rg. 77/1948; rg. 90/1959.*

■ **1. gr.** Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, [allt að 300 milljónum króna].[1)] Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 16. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi tölurröð þar á eftir. Ráðherra ákveður, hvenær hverjum flokki skuli lokið, er stjórn Landsbankans hefur gert tillögur um það. Heimilt er með samþykki ráðherra að hafa 3 flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn, en eigi má hver flokkur vera stærri en 10 milljónir króna.

■ **2.—5. gr.** (Samhljóða l. nr. 94/1941, 2.—5. gr.)

■ **6. gr.** Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

□ Lánsupphæðin má ekki fara fram úr ¾ af virðingarverði fasteignarinnar.

■ **7.—8. gr.** (Samhljóða l. nr. 94/1941, 7.—8. gr.)

■ **9. gr.** Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera 1000 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

□ Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

■ **10.—25. gr.** (Samhljóða l. nr. 94/1941, 10.—25. gr.)

1965 Nr. 73 22. maí

Lög um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.[1)]

[1)] *Rg. 208/1965; rg. 75/1969, sbr. 240/1970 og 84/1969; rg. 150/1970; rg. 133 og 134/1971; rg. 29/1973 og 289/1974.*

■ **1. gr.** Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, [allt að 300 milljónum króna][1)]. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 19. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi tölurröð þar á eftir.

□ Ráðherra ákveður, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands, hvenær hverjum flokki skuli lokið. Heimilt er með samþykki ráðherra að hafa fleiri en einn flokk með mismunandi vöxtum starfandi í senn.

[1)] *L. 106/1973, 1. gr.*

■ **2. gr.** Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna. Ráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

□ [Ráðherra og bankastjórar Landsbankans geta með umboði falið öðrum undirritun bankavaxtabréfanna.][1)]

□ Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

[1)] *L. 32/1971, 2. gr.*

1965 Nr. 73 22. maí

■ **3. gr.** Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessara flokka vera:

1. Varasjóður hvers flokks.
2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10%, sbr. 8. gr.
3. Einföld ábyrgð ríkissjóðs.

□ Ef taka þarf til tryggginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

■ **4. gr.** Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabréfunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra, enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.

■ **5. gr.** Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum.

■ **6. gr.** Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum, húseignum eða einstökum íbúðum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, enda sé veðið vátryggt í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda.

□ Lánsupphæðin má ekki fara fram úr ¾ af virðingarverði fasteignarinnar.

■ **7.—8. gr.** (Samhlj. 7.—8. gr. laga nr. 60/1928.)

■ **9. gr.** Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera kr. 10 000,00 og skulu lán jafnan standa á hálfum eða heilum tug þúsunda kr. Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

■ **10. gr.** Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir nafnverði þeirra. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru[1)] lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

[1)] *Svo í Stjtíð. en á að vera „mörgu".*

■ **11. gr.** Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins, um leið og hann tekur lánið.

□ Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin og skal hann sanna eignarrétt sinn með veðbókarvottorði eða þinglýstu afsali. Slík lánsyfirtaka er ekki stimpilskyld.

■ **12. gr.** Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eða afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sér, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar.

■ **13. gr.** Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða

1965 Nr. 73 22. maí

vexti, afborganir og tillög til rekstrarkostnaðar við flokka þessa og til varasjóðs í einu lagi með föstu árgjaldi. Árlegt tillag til að greiða rekstrarkostnað við flokkana og til varasjóðs er ½% á ári af eftirstöðvum lánsins, eins og þær voru fyrir hvern gjalddaga.

□ Lántakendur mega á gjalddaga lánanna, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af lánum sínum, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurgreiða lánin að fullu. Endurgreiðslur þessar mega þeir greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokks með nafnverði þeirra. Á öðrum tíma árs má greiða lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

■ **14. gr.** Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga, þó ekki hærri en Seðlabankinn ákveður þá hæsta fyrir sambærilegar skuldir.

■ **15. gr.** Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabréf þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

■ **16. gr.** Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið greiddan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

■ **17. gr.** Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

■ **18. gr.** Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu fjárhæð og það, sem glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. Um ógildingu annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

■ **19. gr.** Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið samkvæmt útdrætti eða sem aukaafborganir af lánum, skal jafnóðum ógilda ásamt vaxtamiðum þeirra og stofnum og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar og skal síðan við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda bankans, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið á árinu.

■ **20. gr.** Vaxtamiðar og bankavaxtabréf, sem gjalddaga fallin eru, greiðast í skrifstofu veðdeildarinnar í Reykjavík.

1965 Nr. 73 22. maí

■ **21. gr.** Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 12. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1947, um lögræði, og lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 frá 1949, eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin hefur ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

■ **22. gr.** Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til kaupa á bankavaxtabréfum þessara veðdeildarflokka, en þó eigi á hærra verði en skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

■ **23. gr.** Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni, eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur það aflazt.

■ **24. gr.** Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

Lög um Ríkisveðbanka Íslands.[1)]

1931 Nr. 49 8. sept.

[1)] *Um texta laganna vísast til Lagasafns 1973, d. 263—264.*

Lög um Útvegsbanka Íslands.[1)]

1961 Nr. 12 29. marz

[1)] *Rg. 31/1962, sbr. 607/1980.*

I. kafli. Hlutverk og skipulag bankans.

■ **1. gr.** Útvegsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

■ **2. gr.** Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild hverju sinni.

■ **3. gr.** Hlutverk Útvegsbanka Íslands er að reka hvers konar bankaviðskipti, styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda þessar atvinnugreinar.

■ **4. gr.** Útvegsbanki Íslands hefur heimili sitt og varnarþing í Reykjavík, en auk þess getur hann haft útibú, þar sem bankastjórn og bankaráð ákveða.

II. kafli. Um starfsemi bankans.

■ **5. gr.** Hlutverk sitt leysir Útvegsbanki Íslands af hendi með því:

a. að taka við fé til ávöxtunar og varðveizlu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;

b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir;

c. að kaupa og selja verðbréf;
d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;
e. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri og reka hvers kyns erlend bankaviðskipti;
f. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveizlu eigna;
g. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

■ **6. gr.** Stjórn bankans skal gæta þess, að bankinn eigi ávallt hæfilegan hluta eigna sinna í auðseldum verðbréfum, víxlum og lánum, sem fást greidd með skömmum fyrirvara. Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum og öðrum tryggum og auðseldum verðbréfum nema að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum.

III. kafli. Um Fiskveiðasjóð Íslands. ...[1]

[1] *L. 75/1966, 25. gr. Nú l. 44/1976.*

IV. kafli. Stjórn bankans og reikningsskil.

■ **8. gr.** Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans að öðru leyti er í höndum þriggja manna bankastjórnar.

■ **9. gr.** Bankaráð skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

□ Bankaráðsmenn eða varamenn þeirra skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

□ Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

■ **10. gr.** Bankastjórn Útvegsbanka Íslands er skipuð þremur bankastjórum, sem bankaráð ræður. Skulu þeir ráðnir með tólf mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu úr starfi. Heimilt er bankaráði að ráða aðstoðarbankastjóra.

□ Ekki mega bankastjórar reka atvinnu sjálfir, ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja eða hafa með höndum önnur launuð störf nema samþykki bankaráðs komi til.

■ **11. gr.** Bankaráð skal halda reglulega fundi tvisvar í mánuði. Aukafund skal halda, ef formaður eða bankastjórn telur þess þörf eða meiri hluti bankaráðsmanna óskar þess.

□ Bankaráðsfundir eru lögmætir, ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

□ Bankastjórar eiga rétt á að sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál er varða bankastjórana sjálfa. Þeir skulu gefa bankaráði reglulegar skýrslur um störf bankans.

■ **12. gr.** Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Útvegsbankans. Það gerir tillögur um reglugerð bankans, sem ráðherra setur, ákveður verkaskiptingu bankastjóra og setur þeim erindisbréf.

■ **13. gr.** Bankaráð ræður aðalféhirði og aðalbókara bankans og stjórnendur útibúa utan Reykjavíkur. Alla aðra starfsmenn ræður bankastjórnin og segir þeim upp starfi.

□ Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna. Um laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans, svo og eftirlaun, fer eftir ákvörðun bankaráðs.

■ **14. gr.** Bankastjórn Útvegsbankans hefur æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

□ Bankastjórnin ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankaeksturinn sé í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

□ Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni eftir reglum, er ákveðnar skulu í reglugerð. Í reglugerð má einnig setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar og eigi aðrir, svo að gilt sé.

■ **15. gr.** [Starfsár Útvegsbankans er almanaksárið. Ársreikning skal birta í ársskýrslum bankans og Stjórnartíðindum, en auk þess skal við hver mánaðamót birta yfirlit um efnahag bankans.

□ Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans.

□ Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. Launagreiðslur:
a. Heildarlaunagreiðslur.
b. Föst yfirvinna.
c. Önnur yfirvinna.
d. Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í lið a, b og c.

II. Bifreiðakostnaður:
a. Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
b. Notkun bílaleigubifreiða.
c. Notkun leigubifreiða.
d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. Risnukostnaður:
a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
b. Risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. Ferðakostnaður:
a. Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
b. Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.

Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun:

Efnislegir fjármunir:
a. Húseignir, lóðir og lendur.
b. Vélar, áhöld, húsgögn o. fl.
c. Bifreiðar.
d. Aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:
1. Keypt og byggt á árinu.
2. Selt á árinu.
3. Afskrifað og fært á rekstrarreikning.
4. Endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

□ Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveimur

1961 Nr. 12 29. marz

endurskoðendum sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.][1)]

[1)] *L. 37/1983, 1. gr.*

■ **16. gr.** Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur bankans, svo og töp vegna afskrifaðra lána samkvæmt ákvörðun bankaráðs.

□ Tekjuafgangi skal bankaráð ráðstafa til varasjóðs og annarra hliðstæðra sjóða bankans að fengnum tillögum bankastjórnar.

■ **17. gr.** Bankaráð, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

□ Eigi mega bankastjórar né starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **18. gr.** Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana.

□ Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

■ **19. gr.** Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé eða fyrir innláni, eða viðskiptabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiptabókar með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaði, og ef enginn hefur sagt til sín, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefur viðtökuskírteinið eða viðskiptabókina, án þess að nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiptabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

■ **20. gr.** Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum.

■ **21. gr.** Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess er undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar.

■ **22. gr.** Bankinn hefur rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefur fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með átta daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá bankinn stefna hlutaðeiganda með fjórtán daga fyrirvara til þess að leysa veðið með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

■ **23. gr.** Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett í Útvegsbankanum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

■ **24. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 34 frá 29. maí 1957, um Útvegsbanka Íslands, nema VI. kafli laganna.[1)]

[1)] *Ath. l. 34/1977, 10. gr.*

1961 Nr. 12 29. marz

Lög um Útvegsbanka Íslands.
I.—V. kafli. ...[1)]

1957 Nr. 34 29. maí

[1)] *L. 12/1961, 24. gr.*

VI. kafli. Um Útvegsbanka Íslands h/f.

■ **31. gr.** Ríkisstjórnin tekur eignarnámi hlutabréf þau í Útvegsbanka Íslands h/f, sem eru í einkaeign. Kemur eignarnámið til framkvæmda þegar við gildistöku laga þessara.

■ **32. gr.** Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, falla hlutabréf Útvegsbanka Íslands h/f úr gildi sem hlutabréf. Eigendur hlutabréfa geta þá þegar í stað framvísað bréfum og krafizt bóta samkvæmt mati. Skal verð bréfanna metið af þriggja manna nefnd, er hæstiréttur nefnir. Skulu tveir nefndarmenn vera sérfróðir um bankamál. Þriðji maðurinn skal vera lögfræðingur og sé hann formaður nefndarinnar. Nefndin skal miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna við gildistöku laganna og veita eigendum bréfanna rétt til að gæta hagsmuna sinna við matið.

■ **33. gr.** Úrskurðir matsnefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir um bætur til handa hluthöfum vegna eignarnáms hlutabréfanna og er hluthöfum skylt að afhenda bréf sín gegn greiðslu matsverðsins auk 7% ársvaxta af matsverðinu frá gildistöku laganna til greiðsludags.

■ **34. gr.** Matsnefndin hefur heimild til að stefna eigendum hlutabréfa fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaði, er birt sé þrisvar sinnum. Gefi einhverjir eigendur sig ekki fram innan 4 vikna frá birtingu síðustu innköllunar að telja, falla kröfur til endurgjalds fyrir hlutabréfin niður. Gefi þeir sig fram innan fjögurra ára og sanni eignarheimild sína, er þó heimilt að greiða þeim andvirði bréfa.

■ **35. gr.** Ríkissjóður greiðir andvirði bréfanna, en bankinn endurgreiðir það síðan af eigin fé sínu.

■ **36. gr.** Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, leggst Útvegsbanki Íslands h/f niður og hættir störfum að fullu og öllu, en Útvegsbanki Íslands tekur þá við starfsemi hlutafélagsins og öllum eignum þess og skuldbindingum hverju nafni sem nefnast. Eftir að hlutafélagið er hætt störfum, er öllum, sem eiga eitthvert tilkall eða kröfur á hendur því, skylt að snúa sér með þær til Útvegsbanka Íslands. Kemur hann eftir það í öllum greinum í stað Útvegsbanka Íslands h/f.

■ **37. gr.** Útvegsbanki Íslands tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjórn Útvegsbanka Íslands h/f, er hlutafélagið hættir störfum.

■ **38. gr.** Allar bækur og skjöl Útvegsbanka Íslands h/f skulu renna til Útvegsbanka Íslands.

Lög um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.[1)]

1921 Nr. 6 31. maí

[1)] *Vísast til Lagasafns 1973, d. 269.*

Lög um heimild fyrir Íslandsbanka til að gefa út bankavaxtabréf, sem hljóða upp á handhafa.[1)]

1905 Nr. 51 10. nóv.

[1)] *Lögin hafa ekki raunhæft gildi. Þau eru prentuð í Lagasafni 1965, d. 321—323.*

1976 Nr. 44 25. maí

Lög um Fiskveiðasjóð Íslands.

■ **1. gr.** Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Útvegsbanki Íslands skal veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, eins og segir í lögum þessum. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

■ **2. gr.** Hlutverk Fiskveiðasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi með því að veita stofnlán með veði í fiskiskipum, nýsmíðuðum og eldri, vinnslustöðvum, vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðsstjórnar eru í þágu sjávarútvegsins, þ. á m. skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum, veiðarfæragerðum og verbúðum.

□ Stjórn Fiskveiðasjóðs er heimilt að setja á fót sérstaka tæknideild, er sé stjórninni til ráðuneytis um tæknileg atriði í sambandi við mat á lánsumsóknum og til þess að fylgjast með smíði og búnaði fiskiskipa, fiskvinnslustöðva og annarra mannvirkja, sem Fiskveiðasjóður veitir lán til, svo og að fylgjast með nýjungum á þeim sviðum.

■ **3. gr.** Auk stofnfjár samkvæmt 3. gr. laga nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal fjáröflun til Fiskveiðasjóðs vera með eftirtöldum hætti:

a. Vextir af lánum og öðrum kröfum.

b. Útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt.

c. Til viðbótar tekjum sjóðsins skv. b-lið greiðir ríkissjóður honum árlega fjárhæð er nemi ¾ hlutum af tekjum skv. b-lið.

d. Til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. b- og c-liðum greiðir ríkissjóður honum árlega 35 millj. kr.

e. Lántökur innanlands og erlendis, sbr. þó 7. gr. laga nr. 30/1960.[1)]

[1)] *Nú l. 63/1979.*

■ **4. gr.** Stjórn Fiskveiðasjóðs getur ákveðið stofnun nýrra lánaflokka. Skal nánar kveðið á um þá í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

■ **5. gr.** Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskveiðasjóðs gagnvart innlendum aðilum og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til. Einnig ábyrgist ríkissjóður greiðslu allra lána, svo og efndir allra skuldbindinga, sem Fiskveiðasjóður tekur við af sjóðnum og stofnunum þeim, sem nefndar eru í 3. gr. laga nr. 75/1966.

■ **6. gr.** Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Skal stjórn hans vera í höndum 7 manna, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn og skulu 6 þeirra skipaðir skv. tilnefningum og 1 án tilnefningar. Hver eftirgreindra aðila tilnefnir 1 fulltrúa í stjórnina: Seðlabanki Íslands, Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna. Eftirtalin samtök í fiskiðnaði tilnefna sameiginlega 1 fulltrúa: Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Verði þessir aðilar ekki sammála um tilnefningu, skal ráðherra tilnefna fulltrúa þennan. Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands skulu tilnefna sameiginlega 1 fulltrúa, en verði þessir aðilar ekki sammála skal ráðherra tilnefna hann. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna 7 stjórnarmanna. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

□ Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

■ **7. gr.** Verkefni stjórnar Fiskveiðasjóðs eru þessi:

a. Ákvarðanir um lántöku og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins og útgáfa skjala í því sambandi.

b. Ákvarðanir um rekstrar- og greiðsluáætlanir Fiskveiðasjóðs, er gerðar skulu fyrir fram eitt ár í senn.

c. Ákvarðanir um útlán sjóðsins og lánakjör.

d. Úrskurður reikninga sjóðsins og ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og ákvörðun um afskriftir af kröfum hans.

e. Ráðning forstjóra sjóðsins. Heimilt er einnig að ráða aðstoðarforstjóra.

f. Skipun matsnefndar.

■ **8. gr.** Forstjóri sjóðsins hefur á hendi alla daglega starfsemi sjóðsins eftir nánari fyrirmælum í reglugerð og skv. ákvörðunum sjóðsstjórnar. Í reglugerð má einnig ákveða, að sjóðsstjórnin geti veitt forstjóra heimild til að ákveða lánveitingar úr sjóðnum innan tiltekinna marka. Stjórn Útvegsbanka Íslands ræður aðra starfsmenn sjóðsins en um ræðir í 7. gr., samkvæmt tillögum forstjóra sjóðsins. Um laun og kjör þeirra gilda sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbankans.

■ **9. gr.** Handbært fé Fiskveiðasjóðs skal geymt í viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Þó er sjóðnum heimilt að geyma fé í viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði, ef svo stendur á, að sú lánastofnun, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda, sem stjórn Fiskveiðasjóðs hefur samþykkt að veita lán til, enda sé innistæðunni haldið innan þess hundraðshluta útlagðs kostnaðar við verkið, sem ætla má að lánið úr sjóðnum nemi.

■ **10. gr.** Starfsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið. Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur sjóðsins svo og töp vegna afskrifaðra lána. Forstjóri sjóðsins skal sjá um að ganga frá reikningum hans fyrir 1. mars ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði stjórnar og endurskoðenda. Ársreikninga skal birta í Stjórnartíðindum og í ársskýrslu Útvegsbankans.

■ **11. gr.** Öll lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa skulu tryggð með 1. veðrétti í skipunum. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lán nema ¾ hlutum kostnaðar eða matsverðs, þess er lægra reynist, en allt að ⅔ hlutum kostnaðarverðs eða matsverðs með sama hætti, séu skipin smíðuð erlendis. Til eldri fiskiskipa mega lán nema ¼ hluta kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins, sem fyrir kunna að vera.

■ **12. gr.** Lán, sem veitt eru gegn veði í öðrum eignum en skipum, að viðbættum lánum, sem hvíla á eigninni við veðsetningu með forgangsveði, mega hæst nema 60% af matsverði.

■ **13. gr.** Stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður lánstíma að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra og stjórn Seðlabankans.

1976 Nr. 44 25. maí

1976 Nr. 44 25. maí

■ **14. gr.** Umsækjendur um lán úr Fiskveiðasjóði geta valið um, hvort heldur þeir leggi lánbeiðnir sínar fyrir Fiskveiðasjóð eða viðskiptabanka sinn. Þær lánbeiðnir, sem lagðar eru fyrir viðskiptabanka umsækjenda, skal viðskiptabankinn senda Fiskveiðasjóði ásamt umsögn sinni. Fiskveiðasjóður skal á sama hátt leita umsagnar viðskiptabanka umsækjenda um umsóknir þær, er honum berast beint, áður en þær eru afgreiddar.

■ **15. gr.** Stjórn Fiskveiðasjóðs skal ákveða vaxtakjör, dráttarvexti og lántökugjald, að höfðu samráði við sjávarútvegsráðherra og Seðlabankann, enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.

□ Vextir af lánum greiðast eftir á á gjalddögum afborgana. Stjórn sjóðsins ákveður gjalddaga lána við hina ýmsu lánaflokka.

□ Lántakendur skulu greiða matskostnað og annan beinan kostnað skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

■ **16. gr.** Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og lánar það innanlands, og er þá heimilt að semja svo um við lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenskum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

■ **17. gr.** Skylt er þeim, sem lán fá úr Fiskveiðasjóði, að láta Reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem Reikningaskrifstofan ákveður.

■ **18. gr.** Stjórn Fiskveiðasjóðs skal skipa sérstaka matsnefnd til þess að meta þær eignir, sem í ráði er að veðsetja Fiskveiðasjóði. Skal nefndin skipuð þremur mönnum. Nefndin kýs sér formann. Skal nefndinni heimilt með samþykki stjórnar Fiskveiðasjóðs að skipa menn til þess að meta eignir á sínum vegum, enda skal hún endurskoða matið og staðfesta það. Eignir skulu metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðast við rýrnun eignarinnar, frá því að hún var ný. Skal matsnefndin semja nákvæmar reglur um framkvæmd matsins, sem staðfestar skulu af stjórn Fiskveiðasjóðs. Lánbeiðendur greiða matskostnað.

□ Heimilt er matsnefndinni, eftir því sem henni þykir rétt, að notfæra sér möt, sem unnin hafa verið á vegum Fiskveiðasjóðs, Ríkisábyrgðasjóðs og Stofnlánadeildar sjávarútvegsins eftir 1961.

■ **19. gr.** Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, eru undanþegin stimpilgjöldum.

■ **20. gr.** Skylt skal lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt vátryggðar, að vel nægi fyrir áhvílandi lánum, og tekur veðréttur Fiskveiðasjóðs jafnan einnig til vátryggingarfjárins. Ef til útborgunar vátryggingarfjár kemur, getur Fiskveiðasjóður krafist þess, að honum sé greidd beint upphæð, sem svarar til áhvílandi láns eða lána hans, enda sé tekið fullt tillit til þeirra veðhafa, er á undan eru í veðröð.

□ Öllum skuldunautum Fiskveiðasjóðs er skylt að láta sjóðnum í té árlegt afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum sínum í því formi, sem hann ákveður.

■ **21. gr.** Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Fiskveiðasjóði fallin í gjalddaga án uppsagnar:

a. þegar greiðslur af lánum eru ekki inntar af hendi á réttum gjalddaga,

b. við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef veðið ferst eða rýrnar verulega í verði, er selt eða sett á uppboð, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðnum eigendaskipti þegar í stað,

c. ef hin veðsetta eign er ekki starfrækt í 6 mánuði eða meira samfleytt, eðli sínu samkvæmt og tilgangi,

d. ef hin veðsetta eign er flutt úr þeim stað, þar sem hún var starfrækt, er lán var veitt,

e. ef lántaki hættir störfum eða breytir rekstri sínum að verulegu leyti að dómi sjóðsstjórnar.

1976 Nr. 44 25. maí

■ **22. gr.** Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, hvað veð í fasteignum og skipum með tilheyrandi áhrærir, skv. lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 frá 1949, sbr. lög um veð frá 4. nóvember 1887, 3. gr., og skal í þessu sambandi heimilt að semja svo um, að uppboð á hinu veðsetta megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara. Nú er skip eða fasteign, sem Fiskveiðasjóður á veð í, seld á nauðungaruppboði og ber þá uppboðshaldara að tilkynna Fiskveiðasjóði um uppboðið svo tímanlega, að hann geti látið fulltrúa sinn mæta við uppboðið.

■ **23. gr.** Skuldunautar Fiskveiðasjóðs eru skyldir til þess að fullnægja öllum kvöðum og skuldbindingum, sem á þá eru lagðar í lögum og reglugerðum fyrir Fiskveiðasjóð.

■ **24. gr.** Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð[1] sett nánari ákvæði um starfsemi Fiskveiðasjóðs.

[1] *Rg. 278/1979, sbr. 451/1979, 331/1980, 617/1980, 232/1981 og 628/1981.*

Lög um Búnaðarbanka Íslands.

1976 Nr. 28 19. maí

I. kafli. Hlutverk og skipulag bankans.

■ **1. gr.** Búnaðarbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

■ **2. gr.** Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild hverju sinni.

■ **3. gr.** Meginhlutverk bankans er að styðja landbúnað og greiða jafnframt fyrir fjármálaviðskiptum annarra atvinnugreina.

■ **4. gr.** Búnaðarbanki Íslands hefur heimili sitt og varnarþing í Reykjavík, en auk þess getur hann haft útibú, þar sem bankaráð og bankastjórn ákveða, að fengnu áliti Seðlabanka Íslands og leyfi ráðherra.

II. kafli. Um starfsemi bankans.

■ **5. gr.** Hlutverk sitt leysir Búnaðarbankinn af hendi með því:

a. að taka við fé til ávöxtunar og varðveislu með hlaupareiknings- eða sparisjóðskjörum;

b. að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir;

c. að kaupa og selja verðbréf;

d. að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar;

e. að taka við geymslufé (depositum) og hafa með höndum umsjón og varðveislu eigna;

f. að annast önnur venjuleg viðskiptabankastörf.

■ **6. gr.** Stjórn bankans skal gæta þess, að bankinn eigi ávallt hæfilegan hluta eigna sinna í auðseldum

verðbréfum, víxlum og lánum, sem fást greidd með skömmum fyrirvara. Skal eign bankans í ríkistryggðum verðbréfum og öðrum tryggum og auðseldum verðbréfum nema að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum.

III. kafli. Um veðdeild bankans.

■ **7. gr.** Veðdeild Búnaðarbanka Íslands starfar sem fjárhagslega sjálfstæð deild undir sömu stjórn og Búnaðarbankinn. Um hana gildir áfram III. kafli laga nr. 115 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, sbr. og 26. gr. þessara laga.[1)]

[1)] *Nú l. 34/1979.*

IV. kafli. Stjórn bankans.

■ **8. gr.** Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, er fer með landbúnaðarmál. Hann setur bankaráði og bankastjórum erindisbréf og ákveður laun bankaráðsmanna. Laun bankastjóra skulu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðherra. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum þriggja manna bankastjórnar.

■ **9. gr.** Bankaráð skipa fimm menn kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn, ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann til jafnlangs tíma. Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

■ **10. gr.** Bankastjórn Búnaðarbanka Íslands er skipuð þrem bankastjórum, sem bankaráð ræður. Skulu þeir ráðnir með 12 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Þó getur bankaráð vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir uppsögn eða frávikningu hans úr starfi.

□ Heimilt er bankaráði að ráða aðstoðarbankastjóra.

□ Ekki mega bankastjórar reka atvinnu sjálfir, ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja eða hafa með höndum önnur launuð störf, nema samþykki bankaráðs komi til.

■ **11. gr.** Bankaráð skal koma saman til fundar minnst einu sinni í mánuði, og oftar ef þörf krefur að mati bankaráðs, bankastjórnar eða meirihluta bankaráðsmanna.

□ Bankaráðsfundir eru lögmætir ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum.

□ Bankastjórar eiga rétt á að sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema rætt sé um mál, er varða bankastjórana sjálfa. Þeir skulu gefa bankaráði reglulega skýrslur um starfsemi bankans.

■ **12. gr.** Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Búnaðarbankans. Það gerir tillögur um reglugerð bankans, sem ráðherra setur, og ákveður verkaskiptingu bankastjóra.

■ **13. gr.** Bankaráð ræður aðalféhirði og aðalbókara og stjórnendur útibúa bankans.

□ Alla aðra starfsmenn ræður bankastjórnin og segir þeim upp starfi.

□ Bankaráð ákveður laun starfsmanna bankans.

■ **14. gr.** Bankastjórn Búnaðarbankans hefur æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans, eftir nánari fyrirmælum reglugerðar bankans og ákvörðun bankaráðs.

□ Bankastjórnin ráðstafar fé bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum og reglugerð bankans.

□ Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni, ásamt einum bankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni, eftir reglum, sem ákveðnar skulu í reglugerð. Í reglugerð má einnig setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar og eigi aðrir, svo að gilt sé.

■ **15. gr.** [Starfsár Búnaðarbanka Íslands er almanaksárið. Ársreikning skal birta í ársskýrslum bankans og Stjórnartíðindum, en auk þess skal við hver mánaðamót birta yfirlit um efnahag bankans.

□ Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans.

□ Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. Launagreiðslur:

a. Heildarlaunagreiðslur.
b. Föst yfirvinna.
c. Önnur yfirvinna.
d. Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í lið a, b og c.

II. Bifreiðakostnaður:

a. Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
b. Notkun bílaleigubifreiða.
c. Notkun leigubifreiða.
d. Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. Risnukostnaður:

a. Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
b. Risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. Ferðakostnaður:

a. Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
b. Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.

Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun:

Efnislegir fjármunir:

a. Húseignir, lóðir og lendur.
b. Vélar, áhöld, húsgögn o. fl.
c. Bifreiðar.
d. Aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:

1. Keypt og byggt á árinu.
2. Selt á árinu.
3. Afskrifað og fært á rekstrarreikning.
4. Endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

□ Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.][1)]

[1)] *L. 39/1983, 1. gr.*

■ **16. gr.** Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur bankans, svo og töp vegna afskrifaðra lána, samkvæmt ákvörðun bankaráðs. Tekjuafgangi skal bankaráðið ráðstafa til varasjóðs og annarra hliðstæðra

1976 Nr. 28 19. maí

sjóða bankans, að fengnum tillögum bankastjórnar.

■ **17. gr.** Bankaráðsmenn, bankastjórar og allir starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hag viðskiptamanna bankans og þeir fá vitneskju um í starfi sínu.

□ Ekki mega bankastjórar né starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annarra.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **18. gr.** Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum.

□ Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

■ **19. gr.** Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefur gefið út fyrir handveði eða geymslufé eða fyrir innláni, eða viðskiptabók fyrir sparisjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur bankastjórnin stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiptabókar með sex mánaða fyrirvara og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaði, og ef enginn hefur sagt til sín, áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefur viðtökuskírteinið eða viðskiptabókina, án þess að nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiptabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

■ **20. gr.** Fé ófullráða manna og almannastofnana má setja á vöxtu í bankanum.

■ **21. gr.** Fé það, sem lagt hefur verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar.

■ **22. gr.** Bankinn hefur rétt til að láta starfsmenn sína selja verðbréf og annað, sem hann hefur fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með átta daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur eða menn vita ekki um heimili hans, og skal þá bankinn stefna hlutaðeiganda með fjórtán daga fyrirvara til þess að leysa veðið með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

■ **23. gr.** Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett í Búnaðarbankanum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

■ **24. gr.** Veðdeild bankans, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggingarstofnun landbúnaðarins taka hver um sig þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans. Skipting kostnaðarins ákveður bankastjórn með samþykki ráðherra.

■ **25. gr.** Með reglugerð[1] fyrir bankann má setja þau ákvæði um stjórn hans og starfsemi, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau eigi í bág við nein ákvæði í lögunum.

[1] *Alm. fyrirmæli 65/1930 og 77/1945. Rg. 61/1942.*

■ **26. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 115 frá 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands, nema III. kafli laganna um veðdeild bankans.[1]

[1] *Ath. l. 34/1977, 10. gr.*

1976 Nr. 28 19. maí

Lög um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

1979 Nr. 34 29. maí

■ **1. gr.** Í Búnaðarbanka Íslands skal starfa veðdeild. Hlutverk veðdeildarinnar er:

a. Útgáfa bankavaxtabréfa.

b. Að veita lán gegn veði í fasteignum.

■ **2. gr.** Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 25 milljón krónum til ársloka 1986.

2. Framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, að fjárhæð 35 milljón krónur til ársloka 1986.

3. Vaxtatekjur.

■ **3. gr.** Veðdeildin gefur út bankavaxtabréf er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans. Fjármálaráðherra og bankastjórn undirskrifa bankavaxtabréfin.

□ Bréfin skulu gefin út í flokkum og ákveður ráðherra vexti bréfanna, gjalddaga þeirra og önnur lánskjör, hvar þau skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingu um greiðslu þeirra.

■ **4. gr.** Til tryggingar vaxtabréfum veðdeildarinnar er:

1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum.

2. Varasjóður veðdeildarinnar.

3. Ábyrgð ríkissjóðs.

□ Ef taka þarf til tryggingarinnar skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

■ **5. gr.** Hlutverk deildarinnar samkv. b-lið 1. gr. er:

1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.

2. Að veita lán bæjar-, sýslu- eða sveitarfélögum eða lán tryggð með ábyrgð þeirra, enda séu lánin ætluð til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum.

■ **6. gr.** Hús og önnur mannvirki skulu eigi tekin gild sem veð, nema vátryggð séu í vátryggingastofnun er bankinn tekur gilda.

■ **7. gr.** Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrétti og aldrei yfir 3/5 virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétt, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan 3/5 virðingarverðs. Lánstíminn má aldrei vera yfir 25 ár, en nánari ákvæði um lánstíma, eftir því hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

■ **8. gr.** Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar má tiltaka í reglugerð. Má þar meðal annars ákveða að stjórn Búnaðarbankans megi tilnefna virðingarmenn. Þar má og heimila að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á veðinu eftir tilteknum reglum og ákvörðun bankastjórnar. Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef bankastjórnin krefst þess, sýna skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildinni geti verið hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki, eða

1979 Nr. 34 29. maí

hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, má láta skoðun og nýja virðingu fara fram á kostnað lántakanda.

■ **9. gr.** Nú verða eigendaskipti á fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur bankastjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til. Vilji nýr eigandi taka að sér lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir. Þegar fasteign, sem veðdeildin hefur veð í, er seld, skal kaupandi tilkynna bankastjórn eigendaskiptin í síðasta lagi á næsta gjalddaga á afborgun lánsins. Heimta má allt að 1% aukagjald af veðskuldinni, er rennur í varasjóð, ef skuldunautur veðdeildarinnar vanrækir að tilkynna bankastjórn þegar í stað, ef verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin rýrni við það í verði.

■ **10. gr.** Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim er hann hefur undirgengist. En verði árgjöld hans eigi greidd á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátryggðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða brjóti lánþegi annars í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum veðdeildarinnar eða lánssamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar án uppsagnar.

■ **11. gr.** Samningsbundnum afborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabréf þess flokks, er í hlut á, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna. Þá er hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa með 6 mánaða fyrirvara tölu- og bókstafsmerki bankavaxtabréfa þeirra, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsing þessi skal birt í Lögbirtingablaðinu.

■ **12. gr.** Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og skal eigi greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

■ **13. gr.** Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 9 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf, með sömu upphæð og það er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Um ógilding annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum reglum.

■ **14. gr.** Bankavaxtabréf þau, sem innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undireins, á þann hátt að þau með því verði ógild.

■ **15. gr.** Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslum bankans.

■ **16. gr.** Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf krefur. **1979** Nr. 34 29. maí

■ **17. gr.** Setja má með reglugerð[1] nánari ákvæði um starfsemi veðdeildarinnar.

[1] *Fyrirmæli 67/1930, rg. 142/1961 og rg. 231/1969.*

■ **18. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Með lögum þessum er felldur úr gildi III. kafli laga nr. 115 7. nóvember 1941, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Lög um viðauka við lög nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.[1] **1954** Nr. 31 8. apríl

[1] *Ekki felld úr gildi með l. 28/1976.*

■ **1. gr.** Meðan veðdeild Búnaðarbanka Íslands er ekki með frambúðarráðstöfunum séð fyrir því fé, sem henni er nauðsynlegt til að geta sinnt því margþætta hlutverki, sem deildinni er ætlað lögum samkvæmt, skal ríkisstjórnin tryggja henni með samningum við Landsbanka Íslands og aðrar peningastofnanir eða á annan hátt affallalausa sölu bankavaxtabréfa, er nemi árlega að minnsta kosti 1 200 000 krónum. Í því sambandi getur ríkisstjórnin ákveðið, að Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Söfnunarsjóður Íslands kaupi þessi bréf, og ákveður hún árlega upphæðina, eftir að hún hefur kynnt sér hag hlutaðeigandi stofnana og jafnframt leitað álits forstöðumanna þeirra.

■ **2. gr.** Fé það, er um ræðir í 1. gr., ber veðdeildinni að lána eingöngu til jarðakaupa eftirgreindum aðilum:

1. Bændum, sem eru að byrja búskap og verða að kaupa sér jarðnæði af þeim sökum.
2. Bændum, sem verða að kaupa sér jarðnæði til þess að geta haldið áfram búskap.
3. Bændum, sem verða að innleysa til sín eignarhluta meðerfingja sinna á ábýlisjörð sinni.
4. Leiguliðum, sem eiga kost á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar.

□ Engum lántakanda má veita hærra lán en 35 þúsund krónur.

Lög um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins. **1977** Nr. 34 12. maí

■ **1. gr.** Lög þessi taka til allra starfsmanna, annarra en bankastjóra og aðstoðarbankastjóra, sem ráðnir eru til lengri eða skemmri tíma í þjónustu banka í eigu ríkisins, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

□ Laun og önnur starfskjör starfsmanna, er lög þessi taka til, skulu ákveðin með kjarasamningum milli aðila þeirra, er um ræðir í 2. gr.

■ **2. gr.** Bankaráð þeirra banka, sem greindir eru í 1. gr., fara með fyrirsvar bankanna við gerð og framkvæmd kjarasamninga. Þau skulu skipa sameiginlega nefnd til að fara með samninga af sinni hendi.

□ Samband íslenskra bankamanna fer með fyrirsvar bankastarfsmanna við gerð og framkvæmd kjarasamninga. Sambandið skal skipa nefnd til að fara með samninga af sinni hendi.

□ Tilkynna skal viðskiptaráðherra eigi síðar en við

1977 Nr. 34 12. maí

uppsögn samninga, hverjir eigi sæti í samninganefndum.

■ **3. gr.** Bankastarfsmaður, sem lög þessi taka til, á rétt til að vera félagi í Sambandi íslenskra bankamanna eða félagi innan vébanda þess, eftir nánari reglum í samþykktum sambandsins.

□ Bankastarfsmaður, sem eigi er innan vébanda Sambands íslenskra bankamanna, skal greiða gjald til sambandsins og aðildarfélags þess, er hann ætti að tilheyra, sem er jafnt og það gjald, er mönnum í sambærilegri stöðu er gert að greiða, séu þeir innan vébanda sambandsins.

■ **4. gr.** Endurrit af uppsögn kjarasamninga svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum samtímis og gögn þessi eru send gagnaðila.

□ Náist ekki samkomulag milli samninganefnda, geta aðilar komið sér saman um að skjóta ágreiningsatriðum til gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður oddamanni, er samningsaðilar koma sér saman um, tveim mönnum, er oddamaður tilnefnir í dóminn utan raða samningsaðila, svo og einum manni frá hvorum aðila.

□ Hafi samningar hvorki tekist né ágreiningi verið skotið til gerðardóms á fyrstu 60 dögum uppsagnarfrests, skal sáttasemjari ríkisins taka deiluna til meðferðar. Sáttasemjari skal kveðja til tvo menn til að vinna með sér að lausn kjaradeilu. Menn þessir skulu hafa réttindi og skyldur sáttasemjara.

■ **5. gr.** Ákvæði laga nr. 33 3. nóvember 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, skulu ekki gilda um þá bankastarfsmenn, sem lög þessi taka til.

□ Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna sáttasemjara ríkisins og þeim, sem hún beinist gegn, skemmst 15 sólarhringum áður en hún skal hefjast.

□ Verkfallsboðun skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

□ Óheimilt er að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar dómum hans.

2. Ef samþykkt hefur verið sáttatillaga sáttanefndar skv. 6. gr.

3. Til stuðnings aðila í annarri kjaradeilu.

□ Hafi verkfall verið boðað skal sáttanefnd leggja fram sáttatillögu um kjarasamninga eigi síðar en 5 sólarhringum áður en verkfall skal hefjast. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hún leggur fram sáttatillögu.

□ Þegar sáttatillaga hefur verið lögð fram, getur sáttanefnd frestað boðuðu verkfalli í allt að 15 sólarhringa. Haft skal samráð við samninganefndir aðila áður en verkfallsfrestun er ákveðin.

■ **6. gr.** Um það, hvernig atkvæðagreiðslu um sáttatillögu skuli háttað, skal kveðið á í samkomulagi því, sem greinir í 9. gr.

□ Sáttatillaga telst felld, ef helmingur greiddra atkvæða hið minnsta er á móti henni, enda hafi ekki færri en helmingur atkvæðisbærra starfsmanna á kjörskrá greitt atkvæði. Annars telst sáttatillaga samþykkt.

□ Sáttanefnd úrskurðar um öll vafaatriði, sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Er úrskurður sáttanefndar endanlegur.

□ Eftir að vinnustöðvun er hafin getur sáttanefnd borið fram miðlunartillögu og fer um hana eftir sömu reglum og sáttatillögur, að því er varðar atkvæðagreiðslu.

1977 Nr. 34 12. maí

■ **7. gr.** Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum banka í eigu ríkisins, sem í verkfalli eru, skylt að starfa áfram að nauðsynlegri öryggisvörslu og sinna beinum skuldbindingum bankanna og íslenska ríkisins við erlenda aðila.

□ Um það, hvaða starfsmenn skulu halda áfram störfum og hvaða verkefni þeir skuli inna af hendi þótt verkfall sé hafið, skal nánar kveðið á í samkomulagi því, sem greinir í 9. gr.

■ **8. gr.** Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi starfsmanna og kjörskrárdeilur.

□ Þegar Félagsdómur fer með slík mál nefnir Samband íslenskra bankamanna annars vegar og bankaráð ríkisbankanna hins vegar dómara til setu í dómnum í stað þeirra, sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

□ Samband íslenskra bankamanna rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín, félaga innan vébanda sinna svo og starfsmanna, sem hlut eiga að máli. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.

■ **9. gr.** Bankaráð ríkisbankanna og Samband íslenskra bankamanna skulu gera með sér samkomulag um gerð kjarasamninga, framkvæmd vinnustöðvunar og önnur þau atriði, er máli skipta og ekki er kveðið á um í lögum þessum.

□ Viðskiptaráðherra skal staðfesta slíkt samkomulag áður en það öðlast gildi, svo og allar breytingar, er á því kunna að verða gerðar.

■ **10. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands, nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands, nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands og nr. 28/1976 um Búnaðarbanka Íslands, sem brjóta í bága við ákvæði laga þessara.

Lög um sveitabanka.

1930 Nr. 31 19. maí

I. kafli. Um sveitabanka.

■ **1. gr.** Sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands veitir rekstrarlán til bænda og annarra, er landbúnaðarframleiðslu stunda eftir reglum þeim, sem lög þessi ákveða.

■ **2. gr.** Sparisjóðsdeild Búnaðarbankans veitir lán til sparisjóða, samvinnukaupfélaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að féð sé eingöngu notað til þess að lána það út aftur til sveitabanka, sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt lögum þessum. Auk þess getur sparisjóðsdeild bankans veitt sjálf lán beint til rekstrarlánafélaga.

□ Vexti af lánum þessum ákveður stjórn Búnaðarbankans, að fengnu samþykki ráðherra.

■ **3. gr.** Samvinnukaupfélög, er gerast milliliðir um rekstrarlán samkv. 2. gr., skulu halda þeirri starfsemi algerlega aðgreindri frá kaupfélagsstarfrækslu sinni, með sérstakri bókfærslu og aðskildum fjárhag.

■ **4. gr.** Sveitabankar eru rekstrarlánafélög með

skyldum og réttindum samvinnufélaga. Þau skulu stofnuð og starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög,[1] með þeim afbrigðum, er hér segir:

a. Félagsmenn skulu allir stunda einhverja tegund landbúnaðarframleiðslu og allir vera búsettir í sama byggðarlagi. Þeir mega ekki færri vera en 10 og ekki fleiri en 50. Þó mega félagar vera fleiri, ef þeir eru allir innan sama hrepps.

b. Kjörtími stjórnenda skal eigi lengri vera en 2 ár, og er löglegt, að meiri hluti stjórnar gangi úr á sama ári.

Annar endurskoðandi félagsins skal kosinn af félaginu á venjulegan hátt, en hinn skipaður af stjórn peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við um rekstrarlán samkvæmt lögum þessum.

c. Félagsmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn allar skuldbindingar félagsins.

d. Árgjald í varasjóð félagsins og aðra óskiptilega tryggingarsjóði skal ákveða í samþykktum, eigi minna samtals en svarar ½% ársvöxtum af öllum útlánum félagsins. Allur tekjuafgangur félagsins rennur í varasjóð.

e. Sveitabanka er heimilt að taka við innlögum með sparisjóðskjörum frá mönnum, sem búsettir eru á félagssvæðinu, til útlána handa félagsmönnum eða ávöxtunar í tryggum peningastofnunum.

f. Félagsmaður getur jafnan sagt sig úr félaginu með 6 mánaða fyrirvara til næstu áramóta, en um ábyrgð hans á skuldbindingum félagsins fer eftir lögum um samvinnufélög.

g. Undirskrift formanns og minnst helmings meðstjórnenda hans skuldbindur félagið.

[1] *Sjá l. 46/1937.*

■ **5. gr.** Stjórn sveitabanka ákveður hámark rekstrarláns fyrir hvern félagsmann, í samráði við endurskoðendur, fyrir eitt ár í senn. Lánsfjárhæð skal miða við búrekstur félagsmanns, lánsþörf og greiðslugetu. Rekstrarlán hvers einstaks félagsmanns má aldrei fara fram úr 4000 kr.

□ Utanfélagsmönnum má ekki lána.

■ **6. gr.** Hver félagsmaður setur félaginu veð eða aðra tryggingu, er félagsstjórn telur fullnægjandi, fyrir rekstrarláni sínu eins og það kann að vera á hverjum tíma.

■ **7. gr.** Lán sveitabanka má veita gegn víxlum, skuldabréfum eða í reikningslánsviðskiptum.

□ Víxillán má eigi veita til lengri tíma en 6 mánaða og eigi framlengja lengur en svo, að allur lánstíminn verði eitt ár. Reikningslán má veita til eins árs í senn.

■ **8. gr.** Heimili og varnarþing sveitabanka má vera í kauptúni, þar sem félagsmenn hafa aðalviðskipti sín, þótt það sé utan félagssvæðis.

□ Þar getur og sveitabanki haft skrifstofu undir stjórn umboðsmanns, er annast reikningshald, fjárgeymslu og útborganir bankans og tekur við innlögum og greiðslum til hans. En lán má umboðsmaður sveitabanka ekki veita, né takast á hendur ábyrgð fyrir bankans hönd, nema eftir sérstökum fyrirmælum eða umboði bankastjórnar í hvert sinn.

■ **9. gr.** Sparisjóðir og aðrar peningastofnanir, er veita sveitabönkum lán, geta í þess stað keypt víxla einstakra félagsmanna með framsalsábyrgð félagsins. Slíka víxla getur stofnunin endurselt með framsalsábyrgð sinni til sparisjóðsdeildar Búnaðarbanka Íslands, enda séu víxlarnir vistaðir þar eða á þá rituð yfirlýsing um, að útgefandi og ábekingar fráfalli afsögn vegna greiðslufalls.

□ Nú verður víxill, sem sveitabanki hefur ábyrgzt fyrir félagsmann sinn, eigi sýndur á greiðslustað til borgunar á gjalddaga, og glatast þá eigi víxilrétturinn, ef útgefandi og ábekingar hafa, með orðunum „án afsagnar" eða annarri slíkri áritun á víxilinn, fráfallið afsögn vegna greiðslufalls.

□ Víxlar þeir, er sveitabanki ábyrgist fyrir félagsmann sinn, skulu jafnan meðtaldir innan takmarka láns hans samkv. 5. gr., og varasjóðsgjald greiðist af þeim eins og öðrum útlánum rekstrarlánafélaga samkv. 4. gr. d, enda skulu allir slíkir víxlar tilfærðir í bókum sveitabanka.

■ **10. gr.** Auk viðskipta sveitabanka við Búnaðarbanka Íslands, með eða án milligöngu sparisjóða og annarra peningastofnana, geta sveitabankar selt víxla sína eða tekið lán hvar sem vera skal.

■ **11. gr.** Um sparisjóðsstarfsemi sveitabanka gilda hin almennu löggjafarákvæði um sparisjóði,[1] nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

[1] *Sjá l. 69/1941.*

■ **12. gr.** Stjórn sveitabanka skal í byrjun hvers árs senda sýslumanni nafnaskrá yfir félagsmenn, og skal hún jafnan vera til sýnis þeim, er þess óska, í skrifstofu sýslumanns.

□ Samtímis skal og senda nafnaskrá félagsmanna til peningastofnunar þeirrar, er félagið skiptir við, og til Búnaðarbanka Íslands.

■ **13. gr.** Þegar eftir hvern aðalfund skal stjórn sveitabanka senda peningastofnun þeirri, er félagið skiptir við, og Búnaðarbankanum afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar. Enn fremur tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir stjórnendur þess og starfsmenn.

■ **14. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er félagsmanni sveitabanka rétt að veðsetja honum einu nafni tiltekna flokka búpenings síns, framleiðslutækja og jarðarafurða, er hann á á hverjum tíma eða eignast kann, til tryggingar skuldbindingum sínum við bankann.

□ Lausafjárveð sveitabanka víkur aðeins fyrir forgangskröfum samkv. 82. og 83. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, en gengur fyrir kröfum samkv. 84. gr. sömu laga.

□ Fjármálaráðherra er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar- og stimpilgjöld fyrir slík veðskjöl.

□ Sveitabankar hafa lögtaksrétt fyrir öllum kröfum á hendur félagsmönnum.

II. kafli. Um bústofnslánafélög.

■ **15. gr.** Bústofnslánadeild Búnaðarbankans[1] og umboðsskrifstofur hans veita lán til bústofnslánafélaga í sveitum.

[1] *Afnumin með l. 91/1935, 5. gr.*

■ **16. gr.** Bústofnslánafélögin skulu starfrækt samkvæmt lögum um samvinnufélög, með þeim skyldum og réttindum, sem ákveðin eru í þeim lögum.[1]

□ Ákvæði 4. gr. þessara laga, stafliðir a, b, c, d, f og g,

1930 Nr. 31 19. maí

gilda einnig fyrir bústofnslánafélögin.

[1] *Sbr. l. 46/1937.*

■ **17. gr.** Stjórn bústofnslánafélags skal þegar eftir aðalfund senda stjórn Búnaðarbankans afrit af endurskoðuðum reikningum félagsins fyrir umliðið ár, með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurði aðalfundar, enn fremur skrá yfir útlán félagsins og tryggingar, er félagsmenn hafa sett félaginu fyrir lánum sínum. Auk þess tilkynning um breytingar á samþykktum félagsins og nafnaskrá yfir félagsmenn, stjórnendur þess og starfsmenn.

□ Bústofnslánafélög geta falið stjórn sveitabanka í sama hreppi að fara með sín mál. En ætíð skal halda aðgreindum fjárhag og reikningum sveitabanka og bústofnslánafélaga. Reikningsár bústofnslánafélaga er almanaksárið.

■ **18. gr.** Bústofnslánafélög veita félögum sínum lán til þess að auka bústofn sinn, eða til að koma upp bústofni. Enn fremur má veita félagsmönnum lán til að kaupa verkfæri til jarðyrkju og heyvinnu. Aldrei má skuld félagsmanns við félagið nema meira en 2000 kr.

□ Utanfélagsmönnum má ekki lána.

■ **19. gr.** Útlán bústofnslánafélaga til bústofnskaupa skulu veitast til eigi lengri tíma en 10 ára og með jöfnum afborgunum. Lán til verkfærakaupa veitast eigi til lengri tíma en 5 ára.

■ **20. gr.** Hver félagsmaður skal setja félaginu veð eða aðra tryggingu fyrir lánum sínum.

□ Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í búfé lántakanda eða öðrum þeim tryggingum, er félagsstjórnin tekur gildar. Séu lánin veitt gegn veði í búfé eingöngu, mega þau ekki nema meira en helmingi verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá.

■ **21. gr.** Stjórn bústofnslánafélags ber ábyrgð á því gagnvart bústofnslánadeild Búnaðarbankans, að lánsfé sé eingöngu notað til þess, sem ákveðið er í 47. gr. laga um Búnaðarbanka Íslands. Verði félagsstjórn þess vör, að félagsmaður hafi notað lánið til annars en aukningar á bústofni sínum eða til verkfærakaupa, eða hann hefur fargað aftur af bústofni eða verkfærum, þá er lánið þegar afturkræft. Brot gegn þessum ákvæðum skulu varða 20—200 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð, nema þyngri refsing liggi við samkv. öðrum lögum.

■ **22. gr.** Nú flytur félagsmaður bústofnslánafélags burtu af félagssvæðinu, og er þá skuld hans við félagið þegar fallin í gjalddaga.

■ **23. gr.** ...[1]

[1] *Sbr. l. 91/1935, 5. gr.*

■ **24. gr.** Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um sveitabanka og bústofnslánafélög og gefið út leiðbeinandi fyrirmynd að samþykktum slíkra félaga.

1951 Nr. 113 29. des.

Lög um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

I. kafli. Um stofnun Iðnaðarbanka Íslands h/f.

■ **1. gr.** Stofna skal hlutafélag, er heiti Iðnaðarbanki Íslands h/f.

□ Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er sérstaklega hafi að markmiði að styðja verksmiðjuiðnað og handiðn í landinu.

■ **2. gr.** Heimili og varnarþing félagsins skal vera í Reykjavík. Félagsstjórninni skal þó vera heimilt að ákveða, að bankinn hafi umboðsskrifstofu og útibú utan Reykjavíkur.

1951 Nr. 113 29. des.

■ **3. gr.** Hlutafé félagsins skal nema allt að 6½ milljón króna. Ríkissjóður skal leggja fram allt að 3 milljónum króna. Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna skal safna og leggja til hvort um sig 1½ milljón kr. hlutafjár, en ½ milljónar kr. skal aflað með hlutafjársöfnun innanlands samkvæmt opinberu útboði, þegar stjórn hlutafélagsins ákveður að fengnu samþykki fjármálaráðherra.

□ [Lögmætur hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð, og skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að auknningunni í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hafi hluthafi eigi neytt forkaupsréttar síns innan þriggja mánaða frá auglýsingu bankaráðs um hlutafjárauka, skal heimilt að bjóða út innanlands það, sem á vantar samþykktan hlutafjárauka.][1]

[1] *L. 31/1963, 1. gr.*

■ **4. gr.** Á hluthafafundi félagsins skulu engar takmarkanir vera á atkvæðisrétti að því er hlutafé ríkissjóðs snertir.

II. kafli. Um stjórn hlutafélagsins.

■ **5. gr.** [Stjórn félagsins skipa 5 menn.

□ Iðnaðarmálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn, til eins árs í senn. Þrír stjórnarmenn skulu kjörnir á árlegum aðalfundi af öðrum hluthöfum en ríkissjóði. Varastjórn skal skipuð og kjörin á sama hátt.][1]

[1] *L. 31/1963, 2. gr.*

■ **6. gr.** [Stjórnin ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra og ráðningarkjör og setur þeim erindisbréf.][1]

[1] *L. 31/1963, 3. gr.*

■ **7. gr.** Á fyrsta aðalfundi félagsins skal setja því samþykktir.[1] Þá skal og setja reglugerð[2] um starfsemi bankans. Samþykktir félagsins og reglugerð bankans skulu liggja undir samþykki iðnaðarmálaráðherra. Í samþykktum og reglugerð má setja nánari ákvæði um félagið og um bankann, og skulu þar á meðal vera ákvæði um endurskoðun á reikningum bankans.

[1] *Samþykktir, sjá Stjtíð. B-deild.* [2] *Rg. 62/1982.*

III. kafli. Starfshættir bankans.

■ **8. gr.** Bankanum skal heimilt að taka við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum eða á hlaupareikning, að kaupa og selja víxla og ávísanir, að veita lán gegn tryggingum og að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

■ **9. gr.** Bankinn skal eiga a. m. k. sem svarar 10% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, verðbréfum Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef fjármálaráðherra, að fengnum tillögum fulltrúaráðs bankans, telur þess þörf.

■ **10. gr.** Hlutafélagið skal njóta sömu sérréttinda og Landsbankanum eru veitt í 50., 52. og 55.—58. grein laga nr. 10 15. apríl 1928.[1]

[1] *Nú l. 11/1961.*

IV. kafli. Um iðnlánasjóð.

■ **11. gr.** ...[1]

[1] *L. 45/1963, 21. gr. Nú l. 68/1967.*

1960 Nr. 46 10. júní

Lög um Verzlunarbanka Íslands h/f.[1)]

[1)] *Sbr. l. 48/1966.*

■ **1. gr.** Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heiti Verzlunarbanki Íslands h/f. Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja verzlun landsmanna.

■ **2. gr.** Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 10 milljónum kr. Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. stórkaupmanna skulu safna innan sinna vébanda og leggja fram sem hlutafé 5 millj. kr. og Kaupmannasamtök Íslands skulu safna innan sinna vébanda og leggja fram með sama hætti 5 millj. kr. sem hlutafé, en ábyrgðarmenn Verzlunarsparisjóðsins skulu hafa forgangsrétt til þess að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu að tiltölu við núverandi hlut þeirra í heildarábyrgðarfé Verzlunarsparisjóðsins. Forgangsrétturinn gildir í sex mánuði frá því að ábyrgðarmenn hafa með fundarsamþykkt ákveðið að leggja niður sparisjóðinn með þeim hætti, er segir í 4. gr. Innan níu mánaða frá því að lög þessi taka gildi, skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins, en hafi ofangreind samtök þá eigi safnað tilskildu hlutafé, skal stjórn sjóðsins bjóða út innanlands það, sem á vantar.

■ **3. gr.** Heimili og varnarþing Verzlunarbanka Íslands h/f er í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú.

■ **4. gr.** Verzlunarbanki Íslands h/f skal taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Verzlunarsparisjóðsins og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Verzlunarsparisjóðsins eignayfirfærsluna.

■ **5. gr.** Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningu á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð að minnsta kosti 3 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

□ [Nú er ákveðið í samþykktum félagsins, að stjórnin skuli skipuð fleiri en 3 aðalmönnum, og er þá einnig heimilt að ákveða, að stjórnarmenn skuli kosnir til lengri tíma en árs í senn og á víxl, þannig að 2 aðalmenn hið fæsta ásamt jafnmörgum varamönnum verði í kjöri á aðalfundi hverjum.

□ Heimilt er og að ákveða, að formaður stjórnarinnar skuli kosinn sérstakri kosningu á aðalfundi, til eins árs eða fleiri í senn.][1)]

[1)] *L. 93/1973, 1. gr.*

■ **6. gr.** Stjórn félagsins ræður bankastjóra, ákveður ráðningarkjör hans og setur honum erindisbréf.

■ **7. gr.** Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir.[1)] Þá skal og setja reglugerð[2)] um starfsemi bankans. Í samþykktum og reglugerð skal setja nánari ákvæði um félagið og bankann. Skulu þar á meðal vera ákvæði um aukningu hlutafjár, aðiljaskipti að hlutabréfum og endurskoðun á reikningum bankans. Samþykktir og reglugerð bankans (félagsins) skulu vera háð staðfestingu viðskiptamálaráðherra.

[1)] *Samþykktir, sjá Stjtíð. B-deild.* [2)] *Rg. 20/1961, sbr. 44/1963 og 72/1968.*

■ **8. gr.** Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé, ásamt varasjóði, nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningi og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu.

■ **9. gr.** Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.: **1960** Nr. 46 10. júní

1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis-, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annarra.
6. Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

■ **10. gr.** Bankinn skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptamálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

■ **11. gr.** Bankinn skal njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 46., 48. og 50.—54. gr. laga nr. 63 21. júní 1957.[1)]

[1)] *Nú l. 11/1961, 18., 19., 21. og 23. gr.*

1966 Nr. 48 10. maí

Lög um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (verzlunarlánasjóð).

■ **1. gr.** Bankaráði Verzlunarbanka Íslands hf. skal heimilt, að fengnu samþykki fundar hluthafa, að stofna sérstaka deild við bankann, er nefnist Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (verzlunarlánasjóður).

□ Tilgangur stofnlánadeildarinnar er að styðja verzlun landsmanna með hagkvæmum stofnlánum, eins og nánar segir í 4. gr. laga þessara.

■ **2. gr.** Stofnlánadeildin er sjálfstæð deild í bankanum, með sérstakri fjárábyrgð, er bundin sé við eignir hennar. Fjárreiðum stofnlánadeildarinnar skal haldið algerlega aðgreindum frá fjárreiðum annarra deilda bankans, og hefur deildin sérstakt bókhald.

□ Bankaráð Verzlunarbanka Íslands hf. hefur á hendi stjórn stofnlánadeildarinnar. Ákveður bankaráðið allar lánveitingar deildarinnar, að fengnum tillögum bankastjóra. Um starfsemi stofnlánadeildarinnar gilda almenn ákvæði laga um Verzlunarbanka Íslands hf., eftir því sem við getur átt.

■ **3. gr.** Stofnfé stofnlánadeildarinnar er árlegt framlag frá Verzlunarbanka Íslands hf. samkvæmt ákvörðun aðalfundar ár hvert, og skal það ekki vera lægra en tvær milljónir króna árlega fyrstu fimm árin, sem stofnlánadeildin starfar.

□ Önnur fjáröflun stofnlánadeildarinnar er sem hér segir:

1. Fé, sem fengið er með útgáfu vaxtabréfa, að fengnu samþykki Seðlabankans.
2. Vextir.
3. Fé, sem fengið kann að vera að láni til endurlána.

■ **4. gr.** Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja veiti stofnlán sem hér segir:

1. Til öflunar búnaðar og áhalda fyrir verzlunarfyrirtæki.
2. Til byggingar verzlunar- og skrifstofuhúsnæðis,

1966 Nr. 48 10. maí

svo og til meiri háttar endurbóta á slíku húsnæði. Heimilt er, ef sérstakar ástæður mæla með að mati sjóðsstjórnar, að veita verzlunarfyrirtækjum lán til kaupa á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði.

■ **5. gr.** Fjárhæð lána má nema allt að fimmtíu af hundraði af kostnaðarverði, enda sé það eigi að dómi stjórnar stofnlánadeildar hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á þeim tíma, er í framkvæmdir var ráðizt.

□ Byggingar, búnaður og áhöld skulu metin til lántöku á kostnað lánbeiðanda, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Setja má og ákvæði í reglugerð um kannanir af hendi sérfróðra manna, sem stjórn stofnlánadeildarinnar getur óskað eftir í sambandi við umsóknir um lán. Má mæla þar svo fyrir, að slíkar kannanir fari fram á kostnað lánbeiðanda.

■ **6. gr.** Lán má veita úr stofnlánadeildinni gegn öruggu veði í þeim byggingum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, svo og vátryggingarverði þeirra, eða öðrum fullgildum fasteignaveðum.

□ Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um veðtryggingar, þ. á m. um vátryggingu á veðbundnum eignum, viðhaldi þeirra o. fl. Í reglugerð er heimilt að setja ákvæði um verðtryggingu lánsfjár í samræmi við lánavísitölu, enda liggi fyrir almenn löggjöf, sem heimili slíka verðtryggingu.

■ **7. gr.** [Lánstími má eigi vera lengri en 25 ár. Lánin skulu endurgreidd með jöfnum afborgunum.][1)]

[1)] *L. 91/1981, 1. gr.*

■ **8. gr.** Stjórn stofnlánadeildarinnar ákveður, að fengnu samþykki stjórnar Seðlabankans, vexti af lánum, sem veitt eru úr stofnlánadeild. Mega þeir vera breytilegir í tilteknu hlutfalli við almenna útlánsvexti banka og sparisjóða.

■ **9. gr.** Í reglugerð skal setja ákvæði um umsóknir úr sjóðnum og hver gögn fylgja skuli umsókn.

■ **10. gr.** Nú verða eigendaskipti að eign, sem veðsett er stofnlánadeildinni, og er stjórn hennar þá heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru eða öllu. Skylt skal seljanda og kaupanda að tilkynna stjórn stofnlánadeildarinnar eigendaskiptin.

■ **11. gr.** Nú er lán úr stofnlánadeildinni eigi greitt á réttum eindaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er eigi svo tryggt sem vera skal að dómi stjórnar stofnlánadeildarinnar, eða nýr eigandi tekst eigi á hendur ábyrgð á láninu, og er stjórn stofnlánadeildar þá heimilt að heimta eftirstöðvar láns goldnar þegar í stað án uppsagnar.

■ **12. gr.** Nú er veð selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber uppboðshaldara þá að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett stofnlánadeildinni, og skal stjórn hennar gert viðvart svo tímanlega, að hún geti falið fulltrúa sínum að vera viðstaddur uppboð.

■ **13. gr.** Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnlánadeildarinnar.[1)]

[1)] *Rg. 85/1967.*

■ **14. gr.** Lög þessi taka gildi þegar í stað, og skal starfsemi deildarinnar hefjast á þeim tíma, er segir í reglugerð.

Lög um Samvinnubanka Íslands h/f.

1962 Nr. 46 21. apríl

■ **1. gr.** Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heiti Samvinnubanki Íslands h/f. Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja samvinnurekstur landsmanna.

■ **2. gr.** Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 10 millj. króna. Samband íslenzkra samvinnufélaga skal safna innan sinna vébanda og leggja fram sem hlutafé 10 millj. króna. Ábyrgðarmenn Samvinnusparisjóðsins skulu hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri upphæð núverandi hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Samvinnusparisjóðsins. Innan níu mánaða, frá því að lög þessi taka gildi, skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins, en hafi ofangreindir aðilar þá eigi safnað tilskildu hlutafé, skal stjórn Samvinnusparisjóðsins bjóða út innanlands það, sem á vantar.

■ **3. gr.** Heimili og varnarþing Samvinnubanka Íslands h/f er í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú.

■ **4. gr.** Samvinnubanki Íslands h/f skal taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Samvinnusparisjóðsins og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Samvinnusparisjóðsins eignayfirfærsluna.

■ **5. gr.** Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningu á aðalfundi ár hvert. Skal hún skipuð að minnsta kosti þrem aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

■ **6. gr.** Stjórn félagsins ræður bankastjóra, ákveður ráðningarkjör hans og setur honum erindisbréf.

■ **7. gr.** Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir.[1)] Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans.[2)] Í samþykktum og reglugerð skal setja nánari ákvæði um félagið og bankann. Skulu þar á meðal vera ákvæði um aukningu hlutafjár, aðilaskipti að hlutabréfum og endurskoðun á reikningum bankans. Samþykktir og reglugerð bankans (félagsins) skulu vera háð staðfestingu viðskiptamálaráðherra.

[1)] *Samþykktir, sjá Stjtíð. B-deild.* [2)] *Rg. 11/1963.*

■ **8. gr.** Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningum og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu.

■ **9. gr.** Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:

1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis-, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg, auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.
6. Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

■ **10. gr.** Bankinn skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og

1962 Nr. 46 21. apríl

auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptamálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

■ **11. gr.** Bankinn skal njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. gr. laga nr. 11 29. marz 1961.

1972 Nr. 45 24. maí Lög um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

■ **1. gr.** Bankaráði Samvinnubanka Íslands hf. er heimilt, að fengnu samþykki hluthafafundar, að stofna sérstaka deild við bankann, er nefnist Stofnlánadeild samvinnufélaga.

□ Tilgangur stofnlánadeildarinnar er að styðja verzlunarrekstur samvinnufélaga með hagkvæmum stofnlánum, eins og nánar segir í 4. gr. laga þessara.

■ **2. gr.** Stofnlánadeildin er sjálfstæð deild í bankanum, með sérstakri fjárábyrgð, er bundin sé við eignir hennar. Fjárreiðum stofnlánadeildarinnar skal haldið algerlega aðgreindum frá fjárreiðum annarra deilda bankans og hefur deildin sérstakt bókhald.

□ Bankaráð Samvinnubanka Íslands hf. hefur á hendi stjórn stofnlánadeildarinnar. Ákveður bankaráðið allar lánveitingar deildarinnar, að fengnum tillögum bankastjóra. Um starfsemi deildarinnar gilda almenn ákvæði laga um Samvinnubanka Íslands hf., eftir því sem við á.

■ **3. gr.** Stofnfé stofnlánadeildarinnar er árlegt framlag Samvinnubanka Íslands hf., samkvæmt ákvörðun aðalfundar ár hvert, og skal það ekki vera lægra en fimm milljónir króna árlega fyrstu fimm árin, sem stofnlánadeildin starfar.

□ Önnur fjáröflun stofnlánadeildarinnar er sem hér segir:

1. Fé, sem fengið er með útgáfu vaxtabréfa, að fengnu samþykki Seðlabankans.
2. Vextir.
3. Fé, sem fengið kann að vera að láni til endurlána.

■ **4. gr.** Stofnlánadeildin veiti stofnlán til byggingar verzlunar- og skrifstofuhúsnæðis samvinnufélaga og fyrirtækja innan þeirra vébanda, sem verzlun stunda, svo og til meiri háttar endurbóta á slíku húsnæði. Enn fremur er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með að mati sjóðsstjórnar, að veita ofangreindum aðilum lán til kaupa á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði.

■ **5. gr.** Fjárhæð lána má vera allt að fimmtíu af hundraði af matsverði byggingar.

□ Byggingar skulu metnar til lántöku á kostnað lánbeiðanda, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Setja má og ákvæði í reglugerð um kannanir af hendi sérfróðra manna, sem stjórn stofnlánadeildarinnar getur óskað eftir í sambandi við umsóknir um lán. Má mæla þar svo fyrir, að slíkar kannanir fari fram á kostnað lánbeiðanda.

■ **6. gr.** Lán má veita úr stofnlánadeildinni gegn öruggu veði í þeim byggingum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, svo og vátryggingarverði þeirra, eða öðrum fullgildum fasteignaveðum.

□ Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um veðtryggingar, þ. á m. um vátryggingu á veðbundnum eignum, viðhald þeirra o. fl. Í reglugerð er heimilt að setja ákvæði um verðtryggingu lánsfjár í samræmi við lánavísitölu, enda liggi fyrir almenn löggjöf, sem heimili slíka verðtryggingu.

■ **7. gr.** [Lánstími má eigi vera lengri en 25 ár. Lánin skulu endurgreidd með jöfnum afborgunum.][1)]

[1)] *L. 92/1981, 1. gr.*

■ **8. gr.** Stjórn stofnlánadeildarinnar ákveður, að fengnu samþykki stjórnar Seðlabankans, vexti af lánum, sem veitt eru úr stofnlánadeild. Mega þeir vera breytilegir í tilteknu hlutfalli við almenna útlánavexti banka og sparisjóða.

■ **9. gr.** Í reglugerð skal setja ákvæði um umsóknir úr sjóðnum og hver gögn fylgja skuli umsókn.

■ **10. gr.** Nú verða eigendaskipti að eign, sem veðsett er stofnlánadeildinni, og er stjórn hennar þá heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru eða öllu. Skylt skal seljanda og kaupanda að tilkynna stjórn stofnlánadeildarinnar eigendaskiptin.

■ **11. gr.** Nú er lán úr stofnlánadeildinni eigi greitt á réttum eindaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er eigi svo tryggt sem vera skal að dómi stjórnar stofnlánadeildarinnar, eða nýr eigandi tekst eigi á hendur ábyrgð á láninu, og er stjórn stofnlánadeildar þá heimilt að heimta eftirstöðvar láns goldnar þegar í stað án uppsagnar.

■ **12. gr.** Nú er veð selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber uppboðshaldara þá að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett stofnlánadeildinni, og skal stjórn hennar gert viðvart svo tímanlega, að hún geti falið fulltrúa sínum að vera viðstaddur uppboð.

■ **13. gr.** Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnlánadeildarinnar.[1)]

[1)] *Rg. 278/1972.*

■ **14. gr.** Lög þessi taka gildi þegar í stað, og skal starfsemi deildarinnar hefjast á þeim tíma, er segir í reglugerð.

Lög um Alþýðubankann h. f.

1970 Nr. 71 12. maí

■ **1. gr.** Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heiti Alþýðubankinn h. f. Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er hafi það að markmiði að efla atvinnuþróun og treysta atvinnuöryggi launafólks, svo og að styðja menningarlega og félagslega starfsemi verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi.

■ **2. gr.** Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 40 milljónum kr. Alþýðusamband Íslands og verkalýðsfélög innan þess skulu safna innan sinna vébanda og leggja fram hlutafé að fjárhæð 40 milljónir króna.

□ Ábyrgðarmenn Sparisjóðs alþýðu skulu hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri fjárhæð núverandi hluta þeirra í heildarábyrgðarfé Sparisjóðs alþýðu. Þessi réttur gildir í sex mánuði frá því að ábyrgðarmenn hafa með fundarsamþykkt ákveðið að leggja niður sparisjóðinn með þeim hætti, er segir í 4. gr.

□ Innan níu mánaða frá því að lög þessi öðlast gildi skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins.

■ **3. gr.** Heimili og varnarþing Alþýðubankans h. f. er

1970 Nr. 71 12. maí

í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú og umboðsskrifstofur, sbr. þó 10. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

■ **4. gr.** Alþýðubankinn h. f. skal taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Sparisjóðs alþýðu og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Sparisjóðs alþýðu þá yfirtöku.

■ **5. gr.** Stjórn félagsins (bankaráð) skal kosin á aðalfundi ár hvert. Skal hún skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

■ **6. gr.** Stjórn félagsins ræður bankastjóra, einn eða fleiri, ákveður ráðningarkjör og setur bankastjóra erindisbréf.

■ **7. gr.** Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir.[1] Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans.[2] Í samþykktum og reglugerð skal setja nánari ákvæði um félagið og bankann. Skulu þar á meðal vera ákvæði um aukningu hlutafjár, aðilaskipti að hlutabréfum og endurskoðun á reikningum bankans (félagsins). Samþykktir og reglugerð bankans (félagsins) skulu vera háð staðfestingu viðskiptaráðherra.

[1] *Samþykktir, sjá Stjtíð. B-deild.* [2] *Rg. 31/1971.*

■ **8. gr.** Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningum og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur innlánsvöxtum af sparifé á almennum bókum, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu.

■ **9. gr.** Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:

a. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.

b. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.

c. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.

d. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.

e. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.

f. Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

■ **10. gr.** Bankinn skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessi skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar bankans (bankaráðs), telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

■ **11. gr.** Bankinn skal njóta sömu réttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. gr. laga nr. 11 frá 29. marz 1961.

1888 Lög um Söfnunarsjóð Íslands.

1888 Nr. 2 10. febr.

■ **1. gr.** Söfnunarsjóðurinn í Reykjavík skal, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, heita Söfnunarsjóður Íslands, og heldur hann þá, undir ábyrgð landssjóðsins, áfram störfum sínum með því fyrirkomulagi og eftir þeim reglum, er lög þessi ákveða; en aldrei má eign Söfnunarsjóðsins blandast saman við landssjóð.

■ **2. gr.** Tilgangur Söfnunarsjóðsins er að geyma fé, ávaxta það og auka, og útborga vextina um ókomna tíð, eftir því sem upphaflega er ákveðið, sem og að styrkja menn til að safna sérstakri upphæð.

■ **3. gr.** Kostnað allan við stjórn Söfnunarsjóðsins, svo sem ritföng, skriftir, prentun o. fl., skal greiða af fé því, sem ákveðið er í lögum þessum að ganga skuli til kostnaðar og varasjóðs, og af sama fé skal einnig, þegar efni sjóðsins leyfa, veita sýslunarmönnum Söfnunarsjóðsins og forstjórum þóknun fyrir starfa sinn, eftir því sem það verður ákveðið með lögum. Afganginn af nefndu fé skal leggja í varasjóð, og er það augnamið hans, að standa straum af því tjóni, sem Söfnunarsjóðurinn kann að verða fyrir.

■ **4. gr.** Skyldi Söfnunarsjóðurinn verða fyrir einhverju tjóni áður en varasjóður hans er orðinn nógu mikill til að standast það, svo að taka þyrfti til ábyrgðar þeirrar, sem um er rætt í 1. gr., þá skal svo fljótt sem auðið er endurborga það af tekjum þeim, er varasjóðnum jafnóðum til falla.

■ **5. gr.** Með lögum má færa niður þann hluta vaxtanna, sem ákveðið er í 20. gr. a, að ganga skuli til kostnaðar og varasjóðs, þegar varasjóðurinn er orðinn svo mikill, að það þyki fært. Skyldi aftur á móti þessi hluti vaxtanna eigi reynast nægilegur til kostnaðar og nauðsynlegrar aukningar á varasjóðnum til frambúðar, þá má með lögum ákveða, að hluti þessi skuli hækka úr 5% í allt að 10% af vöxtum sjóðsins, að frádregnum dagvöxtum af innstæðufé.

■ **6. gr.** Söfnunarsjóðurinn hefur þessi hlunnindi:

a. Ef viðskiptabók við Söfnunarsjóðinn hefur glatazt, getur stjórn hans stefnt til sín handhafa hennar með þrítekinni auglýsingu í blaði því, sem stjórnarvaldaauglýsingar eru birtar í, og ef enginn hefur þá gert vart við sig innan eins árs, þá má gefa út og afhenda vaxtaeiganda þeim, sem tilgreindur er í bókum Söfnunarsjóðsins, eða umboðsmanni hans, nýja viðskiptabók fyrir því fé, er hin glataða viðskiptabók hljóðaði upp á, og er hún frá þeim tíma ógild.

b. Fé það, sem lagt hefur verið í Söfnunarsjóðinn, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrrsetning eða löghaldi, meðan það stendur þar.

c. Söfnunarsjóðnum er heimilt að áskilja sér hærri vöxtu en 4% um árið af útlánum gegn fasteignaveðum [þó eigi yfir 5%].[1] Söfnunarsjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti og sömuleiðis útsvari.

[1] *L. 84/1935, 1. gr.*

■ **7. gr.** Í stjórn Söfnunarsjóðsins skal vera einn framkvæmdarstjóri, er hið sameinaða alþingi kýs til 6 ára, og tveir gæzlustjórar, er kosnir eru sinn af hvorri deild alþingis til fjögra ára. Af gæzlustjórum þeim, sem í fyrsta skipti eru kosnir, skal þó annar að tveim árum liðnum fara frá eftir hlutkesti.

□ Endurkosning getur átt sér stað.

■ **8. gr.** Landshöfðingi[1] getur vikið hverjum forstjóra Söfnunarsjóðsins frá um stundarsakir, þegar honum þykir ástæða til. Þá er forstjóra er vikið frá um stund, eða hann fyrir sjúkdóm eða önnur forföll fær eigi gegnt störfum sínum, og sömuleiðis, ef sæti verður autt í forstjórninni, setur landshöfðingi mann til að gegna

störfum um stundarsakir.

[1]) *Augl. A 96/1969.*

■ **9. gr.** Heimili Söfnunarsjóðsins er í Reykjavík, og þar skulu forstjórarnir vera búsettir.

■ **10. gr.** Framkvæmdarstjóri annast dagleg störf Söfnunarsjóðsins og stýrir þeim undir umsjón gæzlustjóranna og með aðstoð þeirra. Þegar forstjórarnir eiga fund með sér, skal bóka það, er þar gerist, og þeir rita allir nöfn sín undir. Rísi ágreiningur milli þeirra um eitthvert málefni, ræður atkvæðafjöldi, nema þegar svo stendur á sem um er rætt í 19. gr. a og 23. gr., að atkvæði þeirra þurfa að vera samhljóða. Ef framkvæmdarstjóra þykir einhver ákvörðun gæzlustjóranna vera án löglegrar heimildar, getur hann þó látið fyrirfarast að fullnægja henni.

■ **11. gr.** Stjórn sjóðsins skipar bókara og féhirði Söfnunarsjóðsins og víkur þeim frá. Hún ákveður starfstímann, en þó má starfstofa Söfnunarsjóðsins eigi vera sjaldnar opin fyrir almenning en einu sinni á mánuði hverjum.

■ **12. gr.** Allar kvittanir, meðal annars fyrir fé, sem lagt er inn í viðskiptabækur, verða til þess að skuldbinda Söfnunarsjóðinn, að vera undirskrifaðar af féhirði, og með áritun bókara um, að þær séu athugaðar.

■ **13. gr.** Jafnskjótt og efni sjóðsins leyfa að framkvæmdarstjóri og féhirðir fái nokkra þóknun fyrir starfa sinn, skulu þeir setja hæfilegt veð, eftir því, sem þá verður ákveðið með lögum.

■ **14. gr.** Stjórn Söfnunarsjóðsins er ávallt skyld til að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um sjóðinn, er honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og, hvenær sem er, látið rannsaka allan hag sjóðsins.

■ **15. gr.** Stjórn Söfnunarsjóðsins skal sjá um, að bækur hans séu svo færðar, að ætíð megi sjá ástand hans, hverjar skuldbindingar á honum hvíla, og hvernig fé hans er tryggt. Af öllum þeim bókum og skjölum, er sjóðurinn eigi má án vera, skulu vera til eftirrit, er geymast á öðrum stað en frumritin. Starfsár sjóðsins er almanaksárið.

■ **16. gr.** Í desembermánuði ár hvert skal stjórn sjóðsins boða til fundar til að velja endurskoðara fyrir hið komandi ár; á fundi þessum hefur hver handhafi viðskiptabókar við Söfnunarsjóðinn, sem er fulltíða, atkvæðisrétt. Endurskoðari rannsaki reikning Söfnunarsjóðsins í hverju einstöku atriði og beri hann saman við bækur sjóðsins og heimafé. Endurskoðarinn skal að minnsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafé sjóðsins og eignir séu fyrir hendi, og gefa landshöfðingja skýrslu um það í hvert skipti. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning Söfnunarsjóðsins.

■ **17. gr.** Ársreikning skal semja svo snemma, að búið sé að leggja hann fram með eftirriti af öllum nauðsynlegum fylgiskjölum á starfstofu Söfnunarsjóðsins eigi síðar en 31. marz ár hvert; skal hann liggja þar til ársloka, til þess að allir hlutaðeigendur geti skoðað hann, og séð, hverjar skuldbindingar hvíla á sjóðnum, og hvernig og með hverri tryggingu fé hans er ávaxtað; einungis þegar sá, sem fé hefur lagt í sjóðinn, hefur beinlínis óskað þess, að óviðkomandi menn verði eigi látnir vita nafn sitt, eða með hverjum skilmálum hann hefur lagt fé í sjóðinn, skal eftir því fara, meðan hann er á lífi. Sá, sem sýnir viðskiptabók við sjóðinn, á rétt á að bera hana saman við hlutaðeigandi dálk í aðalbókinni. Útdrátt af reikningi sjóðsins skal auglýsa í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

■ **18. gr.** Í Söfnunarsjóðinn verður eigi annað fé lagt en það, sem gengið getur inn í aðaldeild hans eða útborgunardeildina eða bústofnsdeildina eða ellistyrksdeildina.

a. Aðaldeild Söfnunarsjóðsins tekur á móti fé með þeim skilmálum, að höfuðstóllinn verði aldrei útborgaður, heldur geti aðeins skipt um vaxtaeigendur samkvæmt því, sem upphaflega er ákveðið, sem og árlega megi leggja eitthvað af vöxtunum við höfuðstólinn.

Undir aðaldeild Söfnunarsjóðsins heyrir deild hinnar ævinlegu erfingjarentu, er tekur á móti fé með þeim skilmálum, að jafnan skuli árlega leggjast við höfuðstólinn hálfir vextirnir af honum, en hinn helmingurinn falla árlega til útborgunar til nafngreinds manns sem vaxtaeiganda, eða þeirra, sem vaxtaeigendur verða að innstæðunni eftir hans dag, því að að hinum nafngreinda vaxtaeiganda látnum eiga allir lögákveðnir erfingjar hans rétt til, að innstæða sú, er hann var vaxtaeigandi að, skiptist frá næstu árslokum eftir fráfall hans milli þeirra sem vaxtaeigenda, eftir þeirri tiltölu, sem fyrirskipuð er um lögerfðir, og getur þá hver þeirra fengið það, sem honum hlotnast, flutt í bókum Söfnunarsjóðsins til sín sem vaxtaeiganda og sama rétt hafa að hverjum þeirra látnum allir lögákveðnir erfingjar hvers þeirra, og sama gildir framvegis við fráfall hvers vaxtaeiganda að nokkru af umræddu fé. Sá, sem er vaxtaeigandi að fé í deild hinnar ævinlegu erfingjarentu, getur ráðstafað vöxtum þeim, er höfuðstóllinn ber til næstu ársloka eftir fráfall hans og útborgast eiga, en lengra ná eigi umráð hans yfir fé þessu.

b. Útborgunardeildin tekur á móti fé með þeim skilmálum, að höfuðstóllinn með öllum vöxtum falli til útborgunar 1. júlí það ár, sem upphaflega er annaðhvort beinlínis tilnefnt eða miðað við, að höfuðstóllinn hafi náð tiltekinni upphæð, eða sem síðar er ákveðið með 2 ára fyrirvara, enda séu þá full 15 ár liðin frá því féð fyrst var lagt í sjóðinn; innlög þau til viðbótar slíkum höfuðstól, er skemur kunna að hafa staðið í sjóðnum, falla til útborgunar 1. júlí árið eftir, en eigandinn fær eigi vexti af þeim lengur en af hinum höfuðstólnum, heldur falla þeir eftir þann tíma til varasjóðsins.

c. Bústofnsdeildin tekur á móti fé manna, er eigi hafa lifað 20 árslok, með þeim skilmálum, að allir vextirnir leggist árlega við höfuðstólinn, en ef eigandinn deyr, áður en hann hefur lifað 25 árslok, þá falli innlögin sjálf vaxtalaus til útborgunar til handhafa viðskiptabókarinnar, sbr. 21. gr. a, hálfu ári eftir að stjórn Söfnunarsjóðsins er tilkynnt andlátið; en það, sem við innlögin hefur bætzt í sjóðnum, gangi sem erfðafé til allra þeirra, sem fæddir eru sama ár sem eigandinn, og fé áttu í deild þessari um næsta nýár á undan láti hans; fé þetta skiptist milli þeirra tiltölulega eftir upphæðum þeim, er hver þeirra átti auk innlaganna í deild þessari um nefnt nýár; lifi enginn, sem fæddur er sama ár sem eigandinn, og átt hefur þá nokkuð í deild þessari, fellur

féð til varasjóðsins; en lifi eigandinn 25 árslok, þá falla til útborgunar 1. júlí næst á eftir innlögin með öllu því, er við þau hefur bætzt í sjóðnum, bæði vöxtum og nefndu erfðafé.

d. Ellistyrksdeildin er löguð eins og bústofnsdeildin, nema þar er í staðinn fyrir 20 og 25 árslok, miðað við að hafa lifað 60 og 65 árslok.

■ **19. gr.** a. Í fyrsta skipti sem fé einhvers á að leggjast í Söfnunarsjóðinn eða þegar það á að gera með öðrum skilmálum en fé hans áður hefur verið lagt inn, skal sá, er það vill gera, nákvæmlega tiltaka skriflega, hvernig með það skal fara. Vilji þá allir forstjórar Söfnunarsjóðsins taka á móti fénu með þessum skilmálum, gefa þeir skuldbinding þaraðlútandi í viðskiptabók við Söfnunarsjóðinn með árituðu nafni og tölulið, og skal fyrir hana greiða til kostnaðar og varasjóðs 1 kr., en viðskiptabókin gildir í öllu tilliti sem samningur við sjóðinn. Skuldbindinguna skal innfæra í fundarbók þá, sem um er rætt í 10. gr. Það nægir þó, að framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðsins undirskrifi einn skuldbindinguna í viðskiptabókum þeim, sem tölusettar hafa verið og fullgiltar af öllum forstjórunum, fyrir fé, sem lagt er í deild hinnar ævinlegu erfingjarentu eða bústofnsdeildina eða ellistyrksdeildina.

b. Innlögin eru tekin í gjaldgengum peningum og eigi minna en 1 kr., í hvert skipti.

c. Innlög öll skal, auk dagbókar, innfæra í aðalbók, og hefur þar hver vaxtaeigandi (hver sérstök eign) dálk sér með sömu yfirskrift og hlutaðeigandi viðskiptabók.

d. Innlög öll skal innfæra í hlutaðeigandi viðskiptabók, ef innleggjandi hefur hana með sér; að öðrum kosti getur hann fengið sérstaka kvittun fyrir innlaginu, en fyrir hana skal hann þá greiða féhirði 10 aura.

e. Stjórn sjóðsins er heimilt að neita að taka á móti innlögum í sjóðinn.

■ **20. gr.** a. Þegar búið er fyrir hvert almanaksár að gera upp reikning Söfnunarsjóðsins og sjá vextina af sjóðnum í heild sinni hið liðna ár, þá skal draga frá þeim, að frádregnum dagvöxtum af innstæðufé, 5% til kostnaðar og varasjóðs ...[1] Það sem eftir er, skiptist tiltölulega milli allra vaxtaeigenda, þar á meðal til varasjóðsins, eftir þeim upphæðum, er hverjum þeirra tilheyra og arðberandi voru í sjóðnum allt hið liðna ár; vextir hvers eins tilfærast svo í dálki hans og teljast lagðir við höfuðstólinn á nýári, að svo miklu leyti, sem þeir ekki eiga að útborgast á árinu.

b. Af fé, sem inn er lagt á árinu, reiknast dagvextir til ársloka, er séu ½% lægri um árið en vextir þeir, sem vaxtaeigendur fengu næsta ár á undan; við árslok leggjast dagvextirnir við höfuðstólinn að því leyti, sem þeir ekki eiga að útborgast; af höfuðstól, sem útborga skal á árinu, reiknast sömu dagvextir til þess tíma, er hann fellur til útborgunar, og falla þeir til varasjóðsins, nema af því fé, sem innlagt hefur verið áður en lög þessi öðlast gildi og það eigi hefur verið áskilið við; en sé höfuðstóllinn eigi tekinn sex mánuðum eftir að hann er fallinn til útborgunar, þá reiknast og frá þeim tíma af honum vextir, er einnig falla til varasjóðsins.

c. Vextirnir reiknast eigi í minni pörtum en heilum eyri af hverjum 100 kr. eða minna.

d. Vextir fyrir hvert ár fást útborgaðir, eftir að búið er að leggja fram reikning sjóðsins.

e. Þegar vextir þeir, er útborgast ættu af upphæð í einum dálki, eigi nema 10 kr., verða þeir eigi útborgaðir, heldur leggjast við höfuðstólinn; sama gildir og um vexti af upphæð, er eigi hafa verið teknir vextir af í tvö næstliðin ár, ef eigi er aðvörun gerð fyrir nýár um, að þeir eigi að takast það ár.

f. Vextir þeir, sem útborgast eiga, en óteknir eru í lok næsta septembermánaðar, leggjast þá þegar við höfuðstólinn; sé höfuðstóll eigi tekinn sex mánuðum eftir að hann er fallinn til útborgunar, fæst hann eigi útborgaður úr því nema með þriggja mánaða fyrirvara.

[1] *L. 21/1907.*

■ **21. gr.** a. Borgun á sér stað í gjaldgengum peningum á starfstofu Söfnunarsjóðsins; útborgað fé sem og tilkynningar, sem hafa útborgun í för með sér, tilfærist í dálki vaxtaeiganda í aðalbókinni og í viðskiptabókinni með áritun bókara um að það sé athugað, og skal kvittun gefin fyrir fénu í kvittunarbók af viðtakanda; svo skal hann og, ef féð er eigi hans eign, sýna að hann hafi umboð hlutaðeiganda til að taka við því, ef þess er krafizt, en enga ábyrgð hefur Söfnunarsjóðurinn á því, þótt þann, er við fénu tekur, vanti slíkt umboð, ef hann hefur viðskiptabókina; á sama hátt er og farið að, þegar fé er flutt frá einum vaxtaeiganda til annars; þó má, án þess viðskiptabók sé sýnd nokkur ár í röð, fá vexti útborgaða eftir ávísun vaxtaeiganda, ef notarius publicus hefur staðfest undirskrift hans undir ávísun og vottað, að það sé innfært í viðskiptabókina, að vextirnir fyrir umrætt ár séu ávísaðir.

b. Ef viðskiptabók hefur glatazt, verður vaxtaeigandi að fá hana gerða ógilda og nýja viðskiptabók útgefna, áður en útborgun eða flutningur á fé til annars vaxtaeiganda getur átt sér stað.

c. Þá er höfuðstóll með vöxtum er borgaður út, eða hann er fluttur til, svo að ekkert er eftir, skal aftur skila viðskiptabókinni án endurgjalds.

d. Hafi menn átt fé í bústofns- eða ellistyrksdeildinni, og þeir séu búnir að fá það útborgað, en það sannist síðar, að maður hafi dáið, er þar átti fé, og þeim beri hlutdeild í því, þá má með þrítekinni auglýsingu í blaði því, er stjórnarvaldaauglýsingar eru birtar í, skora á þá að taka téð fé sitt sem fyrst, en hafi það þá eigi verið gert, áður en ár er liðið, þá fellur það til varasjóðsins.

■ **22. gr.** Ef vaxtaeigandi eða erfingjar hans í 50 ár ekki vitja sjóðsins, eða taka eigi innan 10 ára höfuðstól, sem fallinn er til útborgunar, og þeir heldur eigi gera vart við sig innan tveggja ára eftir þrítekna auglýsingu í blaði því, sem stjórnarvaldaauglýsingar eru birtar í, er allur höfuðstóllinn með vöxtum orðinn eign varasjóðsins.

■ **23. gr.** Stjórn Söfnunarsjóðsins skal kosta kapps um að gera fé hans sem bezt arðberandi og þó einkum með nægilegri tryggingu, með því að lána það út gegn 1. veðrétti í fasteign, er sé að minnsta kosti helmingi meira virði en láninu nemur, og verður ekkert lán veitt, nema forstjórarnir allir séu því samþykkir; þegar sérstaklega stendur á, má einnig gera fé sjóðsins arðberandi á annan hátt, ef forstjórarnir eru allir samdóma um, að það sé fulltryggilegt, og landshöfðingi veitir til þess samþykki sitt. Framkvæmdarstjórinn getur þess utan til bráðabirgða lagt fé, Söfnunarsjóðnum tilheyrandi, í

1888 Nr. 2 10. febr.

Landsbankann, eða annan slíkan sjóð, sem heimilt er að láta í fé ómyndugra og annað almannafé. Forstjórar Söfnunarsjóðsins og sýslunarmenn mega eigi á neinn hátt vera skuldskeyttir honum.

■ **24. gr.** [Í skuldabréfum fyrir lánum einstakra manna skal jafnan áskilja, að séu vextir eða höfuðstóll eigi greiddir í réttan gjalddaga, þá skuli í viðbót við hina umsömdu leigu greiða 1% af vangoldnum vöxtum og afborgunum fyrir hvern mánuð, sem líður frá gjalddaga og þangað til full skil eru gerð.][1] Enn fremur skal lántakandi að minnsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna fullnægjandi skírteini fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að sjóðnum geti verið nein hætta búin.

[1] *L. 3/1934.*

1941 Nr. 69 27. júní

Lög um sparisjóði.[1]

[1] *Rg. 36/1942, sbr. 145/1981.*

■ **1. gr.** Sparisjóðir hafa það markmið að taka við innlánsfé og geyma það og ávaxta á sem tryggastan hátt, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, án þess stofnendur eða aðrir eigendur og ábyrgðarmenn hafi rétt til ágóða af rekstrarafgangi starfseminnar.

□ Sparisjóði má ekki nefna aðrar stofnanir eða sjóði en þá, sem fullnægja ákvæðum laga þessara, og mega engar aðrar stofnanir reka nein sparisjóðsstörf án sérstakrar lagaheimildar.

■ **2. gr.** Ekki má stofna sparisjóði nema með leyfi ráðherra þess, er fer með bankamál, enda hafi umsagnar sparisjóðseftirlitsins áður verið leitað. Stofnendur geta verið félag einstakra manna, bæjarfélag, sýslufélag og hreppsfélag, að fengnu leyfi sýslunefndar.

■ **3. gr.** Þegar stofna á nýjan sparisjóð, ber að senda ráðuneyti því, er fer með bankamál, samþykktir sjóðsins til staðfestingar, og má sjóðurinn ekki taka til starfa fyrr en staðfesting er fengin.[1]

□ Í samþykktum sparisjóðs skulu m. a. jafnan vera ákvæði:

a. Um stofnfé, tryggingafé og ábyrgðir.

b. Um stjórn sjóðsins og starfrækslu.

c. Um móttöku sparifjár, þar á meðal hámark innstæðu einstakra viðskiptamanna, hámark útborgana á sparifé og hvaða fresti sjóðurinn áskilur sér um uppsögn og greiðslu á því.

d. Um vaxtagreiðslu af sparifé.

e. Um lán úr sjóðnum.

f. Um ágóða sjóðsins og varasjóð.

g. Um endurskoðun og úrskurð á reikningum sjóðsins.

h. Um hvernig samþykktum sjóðsins geti orðið breytt svo löglegt sé.

[1] *T. d. samþ. 145/1943, sbr. 219/1947 og 6/1980 (Sparisjóður Ólafsfjarðar); samþ. 316/1975 (Sparisjóður Bolungarvíkur).*

■ **4. gr.** Stofnendur sparisjóða eða ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er lagt hafa fram fé til starfrækslu sparisjóðs, hvort heldur er stofnfé eða greitt ábyrgðarfé, mega ekki fá hærri arð eða vexti af slíku fé en 1% umfram innlánsvexti sjóðsins.

■ **5. gr.** Í stjórn hvers sparisjóðs mega ekki vera færri en 3 menn. Stjórnin kýs sér formann.

□ Sé sparisjóður eign sýslu eða bæjarfélags, skal stjórnin kosin af hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

□ Stjórn sparisjóðs, sem er eign félags einstakra manna og hefur á hverjum tíma minnst ábyrgð 20 manna í kaupstöðum en 12 manna utan kaupstaða, enda sé lágmark ábyrgðarfjár 5 þús. kr. í kaupstöðum og 3 þús. kr. utan þeirra, skal kosin þannig, að meiri hlutinn, t. d. 2 af 3 eða 3 af 5, skulu kosnir af ábyrgðarmönnum á aðalfundi sparisjóðsins, sem haldinn skal eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert, hinir stjórnarmennirnir skulu kosnir á sama tíma af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd. Hlutfallskosning skal viðhöfð, ef óskað er, þegar tvo eða fleiri skal kjósa.

□ Nú hefur sparisjóður, sem er eign félags einstakra manna, ekki ábyrgð svo margra manna eða svo mikið ábyrgðarfé sem í þriðju málsgrein segir, og skal stjórn hans þá kosin af sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

□ Um kosningu í stjórn sparisjóðs, sem er eign hreppsfélags, fer sem fyrir er mælt í samþykktum sjóðsins.

□ Engan má kjósa í stjórn sparisjóðs til lengri tíma en 4 ára í senn. Stjórn sparisjóðs ræður starfsmenn og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

□ Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu tafarlaust, hverjir eru kosnir í stjórn sparisjóðs og ráðnir starfsmenn hans.

□ Birta skal í Lögbirtingablaði, hverjir séu stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn og hverjir þeirra hafi umboð til að undirrita skuldbindingar og kvittanir fyrir sjóðinn.

□ Stjórnendur bera ábyrgð allir fyrir einn og einn fyrir alla á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi.

□ Tapist eitthvað af fé sparisjóðs fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða starfsmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

■ **6. gr.** Stjórnendur sparisjóðs og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr sjóðnum fyrir aðra, né reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

□ Sé stjórnandi eða starfsmaður sparisjóðs í stjórn annars fyrirtækis eða framkvæmdarstjóri þess, má ekki veita því fyrirtæki lán úr sjóðnum, nema sparisjóðsstjórn samþykki það einróma og sparisjóðseftirlitið leyfi það. Þó þarf ekki slíkt leyfi til að veita lán gegn veði í fasteign, enda fari lánið ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, ekki fram úr ⅗ matsverðs fasteignarinnar.

■ **7. gr.** Við hvern sparisjóð skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókari.

□ Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina fjárhæð úr sparisjóði eða í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann sömuleiðis tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparisjóðsins. Sömuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þótt aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er, að stjórnendur sjóðsins hafi þessi störf með höndum.

■ **8. gr.** Hafi féhirðir sparisjóðs þóknun úr sjóðnum

fyrir starf sitt, er nemi 600 kr. eða meira, skal hann setja trygging fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Sparisjóðseftirlitið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar.

■ **9. gr.** Við hvern sparisjóð skulu vera tveir endurskoðunarmenn, kosnir til eins árs af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd með hlutfallskosningu. Þeir skulu rannsaka allar bækur og reikninga sparisjóðsins og gefa gætur að því, svo oft sem þörf er á, að ekkert vanti á eigur sjóðsins. Þeir hafa jafnframt eftirlit með því, að rekstur sparisjóðsins sé í fullu samræmi við samþykktir hans.

□ Finni endurskoðunarmenn eitthvað athugavert við reikningsfærslu eða starfrækslu sparisjóðsins, annast þeir um, að stjórn sparisjóðsins bæti tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Taki stjórn sparisjóðsins athugasemdir endurskoðunarmanna ekki til greina, eða tregðist við að bæta úr ágöllum, sem þeir telja vera á starfrækslu sjóðsins, skulu endurskoðunarmenn tafarlaust tilkynna sparisjóðseftirlitinu það.

□ Ráðherra setur, eftir tillögum sparisjóðseftirlitsins, nánari reglur um endurskoðun á reikningum og bókum sparisjóðs.

■ **10. gr.** Í öllum viðskiptabókum sparisjóðs skal vera prentað ágrip af lögum þessum, eftir nánari ákvörðun ráðuneytis þess, er fer með bankamál, svo og samþykktir sparisjóðsins.

□ Taki sparisjóður við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að taka út peninga af innstæðunni gegn ávísun og án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina, að hún sýni ekki ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

□ Innstæðueigandi getur áskilið, að á áberandi stað á viðskiptabók sinni sé letrað, að hann einn, eða sá, er hann gefur skriflegt umboð til þess, geti hafið peninga úr henni.

■ **11. gr.** Ef viðskiptabók, sem gefin er út fyrir sparisjóðsinnstæður, glatast, skal heimilt að innkalla með auglýsingu, sem prentuð sé þrisvar í röð í Lögbirtingablaði, með 6 mánaða fyrirvara frá því að fyrsta auglýsingin er birt, hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefur sagt til sín áður en téður frestur er liðinn, þá má greiða þeim, sem viðskiptabókina hefur fengið, upphæðina, án þess nokkur annar, sem viðskiptabókin kann að hafa verið afsöluð, geti gert kröfu á hendur sparisjóði þeim, sem í hlut á.

□ Ef eigandi að viðskiptabók hreyfir ekki innstæðu sína í 15 ár samfleytt, skal ekki reikna vexti af innstæðunni framar. Ber þá að skora á eiganda að segja til sín, og skal það gert með auglýsingu á sama hátt og ef bók glatast. Ef hann gefur sig ekki fram áður en tilskilinn frestur er liðinn, er viðskiptabók hans ógild og féð ásamt vöxtum eign sparisjóðsins. Þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða féð, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan fimm ára.

■ **12. gr.** Af sparisjóðsinnstæðu má ekki greiða nema því aðeins, að viðskiptabókin sé sýnd, og skal upphæðin þá jafnframt skráð í hana. Þó má greiða innstæðufé gegn ávísun, ef eigandi hefur samið svo um og það er letrað á viðskiptabók hans.

□ Innlögum má veita móttöku, þótt viðskiptabók sé eigi sýnd. Skal þá gefin út sérstök kvittun og þess getið í kvittuninni, að hún sé ekki gild lengur en þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum.

■ **13. gr.** Aldrei má sparisjóður taka á móti meira innlánsfé en svo, að það, að frádregnu því, er hann á í sjóði, innistandandi í innlendum bönkum, í tryggum verðbréfum eða lánum gegn veði í fasteign, nemi 25 sinnum eigin fé sjóðsins, þar með talið stofnfé og innborgað ábyrgðarfé. Eigi má draga frá samkvæmt þessari málsgrein önnur fasteignalán en þau þar sem lánið ásamt því, er áður kann að hvíla á eigninni, nemur ekki meiru en ⅗ fasteignamatsverðs hennar.

□ Til útlána gegn sjálfskuldarábyrgð, ábyrgð héraðs eða sveitar og til fasteignaveðslána umfram 60% matsverðs má sparisjóður aldrei verja meira en sem svarar 12½ sinnum eigin fé sjóðsins. Þar af mega sjálfskuldarábyrgðarlán aldrei nema meira en tvisvar sinnum eigin fé sjóðsins.

□ Undanþegnar ákvæðum þessarar greinar eru þó sparisjóðsdeildir þeirra banka, þar sem ríkissjóður ábyrgist skil á innlánsfé.

■ **14. gr.** Eigi má veita lán úr sparisjóði nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykkur og ákveði hámark lánsupphæðar.

□ Sjálfskuldarábyrgðarlán til einstakra manna má því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að borgað sé af þeim árlega, og ekki til lengri tíma en 10 ára.

□ [Með samþykki sparisjóðsstjórnar, sem fært sé í gerðabók stjórnarinnar, er sparisjóði heimilt að ganga í ábyrgð fyrir viðskiptaaðila sína. Taka skal öruggar tryggingar fyrir öllum ábyrgðum sparisjóðs. Heildarupphæð ábyrgða, sem í gildi eru á hverjum tíma, má ekki vera hærri en sem svarar 20% af heildarinnlánum sparisjóðsins, nema með samþykki bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.][1)]

[1)] *L. 100/1980, 1. gr.*

■ **15. gr.** [Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð mega ekki nema meira en 50% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins, þ. m. t. stofnfé. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánahættu verður að skoða skuldbindingar þeirra gagnvart sparisjóðnum í einu lagi.

□ Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóðinn, þ. m. t. ábyrgðir sem sparisjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðilann. Sé skuldarheimild (yfirdráttarheimild, víxlakvóti eða önnur slík heimild) önnur en bókfærð skuldbinding, skal á hverjum tíma telja þá upphæð, sem hærri er.

□ Með heildarskuldbindingum samkvæmt 1. mgr. skal þó ekki telja:

1. Skuldbindingar ríkissjóðs, ásamt skuldbindingum fyrirtækja og stofnana, sem ríkið ber ótakmarkaða ábyrgð á. Einnig skuldbindingar tryggðar með ábyrgð ríkissjóðs.

2. Skuldbindingar tryggðar með handveði í kröfum, sem tilgreindar eru í 1. tölulið.

3. Skuldbindingar tryggðar með handveði í innstæðum í viðskiptabanka eða sparisjóði eða handveði í líftryggingarskírteini innan endurkaupsverðmætis.

4. Skuldbindingar tryggðar með veði í auðseljanlegum fasteignum allt að 60% af opinberu fasteignamati.][1)]

[1)] *L. 100/1980, 2. gr.*

■ **16. gr.** Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

□ Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að grípa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síðasta lagi búið að leiðrétta það.

□ Sparisjóðseftirlitið skal á hverjum tíma ákveða, hvaða verðbréf megi kaupa samkvæmt 13. og 16. gr.

■ **17. gr.** Hver sparisjóður greiðir árlega 2% af nettóágóða sínum í sameiginlegan sjóð, er nefnist tryggingarsjóður sparisjóða.[1)] Framlög hvers sparisjóðs, að viðbættum árlegum vöxtum, er séreign hans í sjóðnum, og fellur gjaldskylda hans niður, þegar eign sparisjóðs í tryggingarsjóði er orðin 3% af samanlögðu innstæðufé sparisjóðsins.

□ Tryggingarsjóður skal geymdur í banka með ríkisábyrgð eða í auðseljanlegum verðbréfum.

□ Ráðherra skipar einn mann í stjórn tryggingarsjóðs, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Auk þess eiga sæti í henni skrifstofustjórinn í ráðuneyti því, er fer með bankamál, og hagstofustjóri.

□ Tilgangur sjóðsins er að tryggja innstæður í sparisjóðum og greiðslur á þeim. Má hann veita sparisjóði bráðabirgðalán, gegn tryggingum, er stjórn tryggingarsjóðs metur gildar, til að fullnægja skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé.

□ Hætti sparisjóður störfum, hefur hann rétt til að fá inneign sína í tryggingarsjóði greidda, og skal hún þá ganga til greiðslu á kröfum innstæðueiganda.

□ Reikningsár tryggingarsjóðs er almanaksárið. Reikningar tryggingarsjóðs skulu endurskoðaðir af yfirskoðunarmanni landsreikninga og birtir í Stjórnartíðindum.[1)]

□ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins.[2)]

[1)] *L. 10/1961, 10. gr.* [2)] *Rg. 37/1944.*

■ **18. gr.** Innstæðueigandi skal hafa dálk í bókum sparisjóðsins, og skal þar tilgreind sú upphæð, er hann leggur í sjóðinn eða tekur úr honum. Þar skulu einnig skráðir vextir af innstæðufénu.

□ Sérstaka bók skal jafnan halda um lán úr sjóðnum, og skal hvert lán hafa dálk út af fyrir sig, og skal þar tilgreint um lántakanda, tryggingu, upphæð lánsins, afborganir og vaxtagreiðslur.

□ Halda skal skrá um eignir sparisjóðs, svo sem verðbréf o. fl. Einnig skal halda skrá um skuldunauta sjóðsins, er sýni skuldbindingar hvers og eins gagnvart sjóðnum.

□ Hafi sparisjóður sjálfur tekið lán hjá öðrum, skal í bókum sjóðsins vera sérstakur dálkur fyrir hverja slíka lántöku.

□ Enn fremur skal hver sparisjóður hafa gerðabók, er í séu skráðar ályktanir stjórnar um lánveitingar og lánsynjanir, lántökur og annað slíkt.

□ Ráðherra setur reglur um bókfærslu sparisjóða og ákveður fyrirmynd allra skjala.

■ **19. gr.** Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnarinnar má sparisjóður ekki taka lán til annars en þess að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóður taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

□ Nú lætur sparisjóður skuldabréf eða verðbréf að handveði til tryggingar slíkum lánum, og skal þess þá gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skilríki frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sparisjóðsins einnig bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

■ **20. gr.** Sparisjóður má ekki eiga aðrar fasteignir en þær, sem nauðsynlegar eru vegna rekstrar hans, og ekki hlutabréf. Þó má hann yfirtaka fasteign eða hlutabréf, sem honum hefur verið veðsett, til þess að innheimta kröfu sína, en selja skal hann eignina strax og hann á þann hátt getur fengið kröfu sína greidda. ...[1)]

[1)] *L. 100/1980, 3. gr.*

■ **21. gr.** Ekki má sparisjóður gefa út handhafaávísanir á sjálfan sig.

■ **22. gr.** Árstekjur sparisjóðs, að frádregnum kostnaði, vöxtum og því fé, sem lagt er til hliðar til að mæta fyrirsjáanlegum töpum, skal leggja í varasjóð.

□ Heimilt er að verja nokkru af ársarðinum til endurborgunar á stofnfé og greiddu ábyrgðarfé, ef varasjóður nemur meira en 10% af sparisjóðsinnstæðum.

□ Tjón, er sparisjóður kann að bíða og ársarður hrekkur eigi fyrir, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða annað þaðan, nema því aðeins, að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðum samanlögðum. Þegar hagur varasjóðs leyfir, getur sparisjóðsstjórn ákveðið, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að verja fé úr sjóðnum til almenningsþarfa.

■ **23. gr.** Reikningsár sparisjóða er almanaksárið. Ársreikningur sparisjóðs skal tilbúinn fyrir marzmánaðarlok.

□ Sparisjóðseftirlitið semur fyrirmynd að reikningum sparisjóða.

■ **24. gr.** Verði sparisjóður fyrir svo miklu tjóni, að varasjóður hrökkvi ekki til, og stjórn sparisjóðs og ábyrgðarmenn, eða aðrir þeir, er að sjóðnum standa, leggja eigi fram eða útvega sjóðnum á einhvern hátt fé það, er á vantar, að varasjóður geti borið tjónið, skal stjórn sparisjóðsins tafarlaust skýra sparisjóðseftirlitinu frá því. Komi það í ljós, eða sé ástæða til að ætla, að tapið, þar með talið væntanlegt tap á útistandandi lánum, nemi öllum varasjóði, og þar að auki 25% af stofnfé eða ábyrgðarfé, skal sparisjóðseftirlitið tafarlaust halda fund með sparisjóðsstjórninni og gera þær ráðstafanir, er það telur nauðsynlegar.

□ Verði eigi bætt úr þessu innan hæfilegs tíma, á þann hátt, að rekstur sjóðsins verði tryggur að dómi sparisjóðseftirlitsins, skal það stöðva rekstur sjóðsins.

□ Verði ákveðið, að sjóðurinn hætti störfum sínum, skal sú ráðstöfun auglýst í Lögbirtingablaði.

□ [Geta þá skuldheimtumenn sjóðsins, svo og ráð-

1941 Nr. 69 27. júní

herra, sem fer með bankamál, ákveðið, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar. Skipar ráðherra tvo skiptaforstjóra, er auglýsa innköllun til sparifjáreigenda og annarra skuldheimtumanna sjóðsins á venjulegan hátt, krefja inn skuldabréf hans og selja eignir hans.

☐ Skiptagerð sendist sparisjóðseftirliti, og úrskurðar það kostnaðarreikning við skiptin, sem greiðist af fé sparisjóðsins.

☐ Nú óska eigendur eða ábyrgðarmenn sparisjóðs á aðalfundi hans að leggja hann niður, án þess að um gjaldþrot sé að ræða, og skulu þeir þá leita samþykkis ráðherra, sem fer með bankamál.

☐ Aðalfundur kýs tvo skilanefndarmenn til þess að ljúka reikningsuppgjöri sjóðsins, og skulu þeir löggiltir af ráðherra, sem fer með bankamál.

☐ Skilanefnd getur gefið út innköllun til skuldheimtumanna sparisjóðsins, þar með eru taldir innstæðueigendur. Innköllunarfrestur skal eigi vera styttri en 6 mánuðir. Þeir, sem ekki lýsa kröfum sínum á hinum tiltekna fresti, missa kröfurétt sinn gagnvart sjóðnum. Skiptagerð skal senda sparisjóðseftirliti.][1)]

[1)] *L. 22/1944, 1. gr.*

■ **25. gr.** Heimilt er að geyma fé ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðum þeim, sem fullnægja ákvæðum laga þessara.

■ **26. gr.** Fé það, sem lagt hefur verið í sparisjóð, að vöxtum meðtöldum, er undanþegið löghaldi meðan það stendur þar.

■ **27. gr.** Sparisjóðir eru undanþegnir tekjuskatti, eignarskatti og útsvari.

■ **28. gr.** Ef sparisjóður leggst niður og engin ákvæði eru í samþykktum sjóðsins um það, hvernig fara skuli um eigur hans, getur hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveðið, að fengnum tillögum þeirra manna, er síðast voru í stjórn sjóðsins, að eignunum skuli varið til almenningsþarfa.

■ **29. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, ...[1)] nema þyngri hegning liggi við. Sektir allar renna í ríkissjóð.

☐ Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

[1)] *L. 75/1982, 4. gr.*

■ **30. gr.** Ákvæði laga þessara ná ekki til peningastofnana eða lánsstofnana þeirra, sem nú hafa rétt til sparisjóðsstarfsemi samkvæmt sérstökum lögum. ...

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Fullnægi einhverjir þeir sparisjóðir, sem nú eru starfandi, ekki öllum ákvæðum laga þessara, skal þeim, ef það telst nauðsynlegt, veittur frestur, sem sparisjóðseftirlitið ákveður í samráði við sparisjóðsstjórn, til þess að koma skipulagi sínu og starfsemi í það horf, að ákvæðum laganna sé fullnægt. Að öðru leyti gilda öll ákvæði laganna einnig um þá sparisjóði, sem frest hafa fengið meðan þeir eru að samræma skipulag sitt og starfsemi samkvæmt fyrirmælum laganna.

☐ Ráðherra sá, er fer með bankamál, og þeir aðstoðarmenn, er hann kveður til þess, fara með þau störf, sem sparisjóðseftirlitinu eru ætluð í lögum þessum, þar til lög verða sett um sérstakt eftirlit með sparisjóðum.[1)]

[1)] *Sbr. nú l. 10/1961, 10. gr.*

Lög um hlunnindi fyrir lánsfélag.[1)]

1928 Nr. 62 7. maí

[1)] *Vísast til Lagasafns 1973, d. 308.*

Lög um hlunnindi fyrir annars veðréttar fasteignalánafélög.[1)]

1932 Nr. 51 23. júní

[1)] *Vísast til Lagasafns 1973, d. 308.*

Lög um Framkvæmdastofnun ríkisins.

1976 Nr. 97 29. júní

I. kafli. Hlutverk og skipulag.

■ **1. gr.** Framkvæmdastofnun ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem annast áætlanagerð, byggðamál og lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

☐ Stofnunin starfar í þremur deildum, áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild.

☐ Framkvæmdastofnun ríkisins heyrir undir ríkisstjórnina.

■ **2. gr.** Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skal skipuð 7 mönnum, kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum. Kosnir skulu jafnmargir varamenn. Ríkisstjórnin skipar formann og varaformann úr hópi hinna þingkjörnu stjórnarmanna. Formaður stjórnarinnar boðar hana til fundar. Á fundinum ræður afl atkvæða. Ríkisstjórnin ákveður þóknun stjórnarinnar.

■ **3. gr.** Verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar eru m. a. þessi:

1. að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um ráðningu forstjóra og framkvæmdastjóra deilda;

2. að ákveða rekstraráætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn;

3. að ákveða starfsáætlun fyrir stofnunina til eins árs í senn og skera úr um, hver áætlunarverkefni skuli sitja fyrir. Starfsáætlun skal endurskoða á árinu, eftir því sem þurfa þykir;

4. að fjalla um og samþykkja allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkisstjórninni, sbr. 9. gr., svo og skýrslur stofnunarinnar um framkvæmd áætlana;

5. að fara með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands, sbr. V. kafla laga þessara;

6. að fara með stjórn Byggðasjóðs, sbr. VI. kafla laga þessara.

■ **4. gr.** Samkvæmt tillögum stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstjórnin forstjóra, er annast daglega stjórn stofnunarinnar. Á sama hátt skipar ríkisstjórnin framkvæmdastjóra áætlanadeildar, byggðadeildar og lánadeildar. Ráðning forstjóra og framkvæmdastjóra miðast við 12 mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest.

☐ Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, framkvæmdastjóra deilda og annarra starfsmanna.

■ **5. gr.** Verkefni forstjóra eru m. a.:

1. að gera tillögur til stjórnarinnar um allar áætlanir, sem gerðar eru á vegum stofnunarinnar;

2. að gera tillögur um árlega heildaráætlun fyrir Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð, svo og um einstakar lánveitingar úr þeim;

3. að ráða stofnuninni starfsfólk innan ramma fjárhagsáætlunar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra deilda, sbr. þó 3. gr. 1. tl.

II. kafli. Áætlanadeild.

■ **6. gr.** Áætlanadeild gerir áætlanir um uppbyggingu og þróun mikilvægustu atvinnugreina og um heildarþróun atvinnulífsins.

■ **7. gr.** Deildin gerir áætlanir fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir um framkvæmdir ríkisins og aðrar opinberar framkvæmdir í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir.

■ **8. gr.** Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin hafa náin samráð við aðila vinnumarkaðarins. Einnig skal haft samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna, eftir því sem við á, varðandi verkaskiptingu í áætlanagerð.

■ **9. gr.** Áætlanir skulu sendar ríkisstjórninni, og gerir hún Alþingi grein fyrir þeim. Ríkisstjórnin skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins.

□ Framkvæmdastofnunin fylgist með framkvæmd þeirra áætlana, sem stofnunin hefur annast, í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda. Áætlanir til lengri tíma en eins árs skal stofnunin endurskoða, eftir því sem tilefni gefast.

III. kafli. Byggðadeild.

■ **10. gr.** Byggðadeild gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins.

□ Deildin fjallar um áhrif opinberra aðgerða á byggðaþróun og gerir tillögur til úrbóta, ef þörf þykir.

□ Byggðadeild skal í störfum sínum hafa nána samvinnu við áætlanadeild og lánadeild.

IV. kafli. Lánadeild.

■ **11. gr.** Lánadeild hefur með höndum starfrækslu Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs, sbr. ákvæði V. og VI. kafla þessara laga.

□ Deildin semur árlega áætlun um fjáröflun og útlán Framkvæmdasjóðs Íslands og vinnur í samvinnu við aðrar stofnanir að því að samræma áætlun þessa lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.

□ Deildin fylgist með fjárhag opinberra fjárfestingarsjóða og vinnur að því að samræma lánakjör þeirra og skipuleggja fjáröflun til framkvæmda með sérstöku tilliti til þess, sem forgang þarf að hafa samkvæmt áætlun stofnunarinnar.

□ Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda.

■ **12. gr.** Lánadeildin annast rannsóknir á arðsemi og þjóðhagslegu gildi nýrra atvinnugreina og fyrirtækja, sem fyrirhugað er að setja á stofn, í samráði við hagdeildir bankanna, og einnig rannsóknir á stöðu starfandi fyrirtækja, sem þarfnast endurskipulagningar og nýrrar fjármögnunar. Um athuganir á tæknilegum forsendum nýrra atvinnugreina skal leita umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins og viðkomandi rannsóknarstofnana.

□ Lánadeildin getur átt frumkvæði að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar. Lætur hún þá vinna nauðsynleg áætlunar- og undirbúningsstörf og leitar síðan samvinnu við aðra aðila um að koma fyrirtækinu á fót.

■ **13. gr.** Lánadeildin tekur við umsóknum um lán úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði og annast athugun þeirra. Áður en lánveiting er samþykkt, beitir lánadeild sér fyrir að tryggja það með samningum við aðra fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, að nægileg stofnlán fáist til framkvæmdarinnar og að eðlileg rekstrarfyrirgreiðsla fáist hjá viðskiptabanka.

□ Nú verður ákveðið með viðeigandi breytingum á lögum um aðra opinbera stofnlánasjóði að fela Framkvæmdastofnun ríkisins umsjá þeirra, og skulu þeir þá starfræktir í lánadeild með sérstöku reikningshaldi.

■ **14. gr.** Framkvæmdastofnunin skal hafa náið samstarf við stofnlánasjóði og viðskiptabanka í því skyni að samræma sjónarmið þessara aðila og aðgerðir til eflingar íslensku efnahags- og atvinnulífi.

■ **15. gr.** Lánadeildin hefur vörslu og bókhald þeirra sjóða, sem á hverjum tíma eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins, og afgreiðslu lánsfjár og innheimtu.

□ Handbært fé Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs skal geymt á sérstökum reikningi í Seðlabanka Íslands. Þó er heimilt að geyma fé á viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði ef sérstaklega stendur á.

□ Árlega skal birta skrá yfir lánveitingar Framkvæmdastofnunarinnar.

■ **16. gr.** Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins skal leita eftir samningum við stjórnir Iðnþróunarsjóðs, Atvinnuleysistryggingasjóðs, lífeyrissjóða og tryggingarfélaga um samvinnu þessara sjóða og félaga við stofnunina varðandi lánveitingar.

V. kafli. Um Framkvæmdasjóð Íslands.

■ **17. gr.** Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland), sem stofnaður var með lögum nr. 66 13. maí 1966, er eign ríkisins. Tekur Framkvæmdastofnun ríkisins við stjórn hans, sbr. 5. tl. 3. gr., svo og umsjá allri og rekstri.

■ **18. gr.** Mótvirðisfé í vörslu sjóðsins skal, ásamt vöxtum af því, lána að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til annarrar starfsemi Framkvæmdasjóðs. Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin á efnahagsreikningi Framkvæmdasjóðs.

■ **19. gr.** Hlutverk Framkvæmdasjóðs er að beina fjármagni til aðkallandi framkvæmda, sem æskilegar eru taldar fyrir þjóðarbúið að dómi stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar og eru í samræmi við þau markmið, sem felast í áætlunum hennar.

□ Þessu hlutverki gegnir sjóðurinn með því:

1. að veita fé til þeirra fjárfestingarsjóða, sem veita lán til einstakra framkvæmda, enda sé því fé varið til lána, sem eru í samræmi við fjárfestingaráætlanir stofnunarinnar;

2. að veita lán til einstakra framkvæmda, þegar stjórn stofnunarinnar þykir sérstaka nauðsyn bera til þess og

3. að veita lán til meiri háttar opinberra framkvæmda.

■ **20. gr.** Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins tekur ákvarðanir um lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands og ráðstöfun fjármuna hans.

□ Hún tekur ákvarðanir um heildaráætlun, er gera skal árlega um ráðstöfunarfé sjóðsins, bæði eigið fé og lánsfé, og heildarútlán hans og skiptingu þeirra milli fjárfestingarlánastofnana og einstakra framkvæmda. Heimilt er henni að setja lánastofnunum skilyrði um notkun þess lánsfjár, er þær fá úr sjóðnum.

1976 Nr. 97 29. júní

□ Hún tekur enn fremur ákvarðanir um vexti og önnur útlánakjör Framkvæmdasjóðs að fengnu samþykki ríkisstjórnar og úrskurðar reikninga sjóðsins og tekur ákvörðun um afskriftir af kröfum sjóðsins.

■ **21. gr.** Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs Íslands.

■ **22. gr.** Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og endurlánar það innanlands, og skal þá svo um samið við lántakanda, að hann beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenskum krónum við slíkar breytingar.

■ **23. gr.** Heimilt er stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að veita fé til rannsókna á nýjungum í atvinnulífi. Um slíkar styrkveitingar skal leita umsagnar viðkomandi rannsóknarstofnana eða Rannsóknaráðs ríkisins, eftir því sem við á. Einnig má verja fé til undirbúnings nýrra fyrirtækja, sem stofnunin hyggst beita sér fyrir samkvæmt síðari málsgrein 12. gr.

■ **24. gr.** Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana, með sama hætti og ríkisbankar.

□ Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal Framkvæmdasjóði gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

VI. kafli. Um Byggðasjóð.

■ **25. gr.** Byggðasjóður er eign ríkisins og starfar sem hluti af Framkvæmdastofnun ríkisins og lýtur sömu stjórn, sbr. 3. gr.

■ **26. gr.** Byggðasjóður tekur við stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs, skv. lögum nr. 69/1966, greiddu og ógreiddu, og öðrum eignum hans og skuldbindingum eins og þær eru 1. janúar 1972.

■ **27. gr.** Tekjur Byggðasjóðs eru:

1. Eignir Atvinnujöfnunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 69/1966.
2. Framlag úr ríkissjóði, þannig að árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins verði eigi lægra en sem svarar 2% af útgjöldum fjárlaga.
3. Vaxtatekjur.

■ **28. gr.** Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 10. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.

■ **29. gr.** Heimilt er Byggðasjóði að veita vaxtalaus bráðabirgðalán til allt að tveggja ára til framkvæmda, sem greiðast eiga af opinberu framlagi, sem tryggt hefur verið.

□ Þá er og heimilt að veita óafturkræf framlög, ef sérstaklega stendur á.

■ **30. gr.** Stjórn Byggðasjóðs er heimilt að greiða landshlutasamtökum sveitarfélaga af fé sjóðsins sem svarar árslaunum starfsmanns, að því tilskildu, að hann vinni að undirbúningi og gerð áætlana fyrir viðkomandi landshluta í samvinnu við áætlanadeild, enda sé árlega skilað skýrslu til Framkvæmdastofnunarinnar um þá starfsemi.

1976 Nr. 97 29. júní

■ **31. gr.** Framkvæmdastofnunin gerir árlegar áætlanir um heildarútlán Byggðasjóðs á komandi ári og gerir frumvarp að slíkri áætlun á grundvelli landshlutaáætlana og leggur fyrir stjórnina. Þá tekur stjórnin einnig ákvörðun um einstakar lánveitingar og kveður á um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála hverju sinni.

□ Stjórn Byggðasjóðs skal hafa samráð við viðkomandi landshlutasamtök sveitarfélaga við ráðstöfun fjár úr sjóðnum, eftir því sem við verður komið.

■ **32. gr.** Framkvæmdastofnuninni er heimilt að afla Byggðasjóði lánsfjár allt að 600 milljónum króna á ári næstu fimm árin eftir gildistöku þessara laga, gegn ábyrgð ríkissjóðs.

■ **33. gr.** Ákvæði 24. gr. ná einnig til Byggðasjóðs.

VII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **34. gr.** Hlutaðeigandi aðilum er skylt að veita Framkvæmdastofnuninni allar upplýsingar, er hún þarf á að halda vegna skýrslugerða sinna og annarra starfa. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.

□ Um upplýsingasöfnun skal stofnunin hafa samráð við Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka Íslands, Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

■ **35. gr.** Framkvæmdasjóður, Byggðasjóður og sérstakir sjóðir, sem stofnuninni kann að verða falin umsjá með, greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar eftir nánari reglum og samkvæmt þeim hlutföllum, sem ríkisstjórnin ákveður.

■ **36. gr.** Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins, svo og þeirra sjóða, sem eru í umsjá hennar.

□ Ársreikningar sjóðanna skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn Framkvæmdastofnunarinnar til staðfestingar.

■ **37. gr.** Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins annast úrlausn þeirra verkefna, sem í öðrum lögum eru falin Efnahagsstofnuninni og Þjóðhagsstofnun eru ekki falin.

□ Nánari ákvæði um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.

■ **38. gr.** Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 66/1966 og lög nr. 69/1966, svo og önnur lög og lagaákvæði, sem brjóta kunna í bága við þessi lög.

Lög um Þjóðhagsstofnun.

1974 Nr. 54 21. maí

■ **1. gr.** Fela skal sérstakri stofnun að fylgjast með árferði og afkomu þjóðarbúsins, vinna að hagrannsóknum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum.

□ Stofnunin nefnist Þjóðhagsstofnun og heyrir undir forsætisráðherra, sem skipar forstjóra hennar, er nefnist hagrannsóknastjóri.

■ **2. gr.** Meðal verkefna Þjóðhagsstofnunarinnar eru þessi:

1. Að færa þjóðhagsreikninga.
2. Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.
3. Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári, vor og

1974 Nr. 54 21. maí

haust, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal um framleiðslu, neyslu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald, atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuvega og fjármál hins opinbera. Auk þess skal stofnunin koma niðurstöðum athugana sinna á einstökum þáttum efnahagsmála fyrir almennings sjónir, eftir því sem kostur er.

4. Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórnina og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála, eftir því sem ríkisstjórnin ákveður, og fyrir Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins, eftir því sem um semst.

5. Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.

6. Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um semst.

■ **3. gr.** Skylt er að veita Þjóðhagsstofnuninni þær upplýsingar, er hún óskar eftir og þarf á að halda vegna starfsemi sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands, og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.

□ Byggingarnefndir og oddvitar senda Þjóðhagsstofnun skýrslur um byggingarframkvæmdir í umdæmum sínum. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

□ Stofnunin skal hafa samráð við Hagstofu Íslands og aðra aðila, sem hliðstæðum upplýsingum safna, í því skyni að komast hjá tvíverknaði.

■ **4. gr.** Þjóðhagsstofnunin og starfsmenn hennar annast úrlausn þeirra verkefna, sem Efnahagsstofnuninni og starfsmönnum hennar eru falin í lögum nr. 69/1964, um breytingu á lögum nr. 97/1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun, lögum nr. 60/1965, um Laxárvirkjun, og orkulögum nr. 58/1967.

■ **5. gr.** Ríkissjóður og Seðlabanki Íslands greiða í sameiningu kostnað af starfsemi Þjóðhagsstofnunarinnar. Skulu þeir gera með sér samning um fjármál stofnunarinnar.

■ **6. gr.** ...

■ **7. gr.** Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga og starfsemi Þjóðhagsstofnunarinnar má setja með reglugerð.

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1974.

1935 Nr. 99 3. maí

Lög um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.[1)]

[1)] *Lög þessi hafa ekki framar raunhæft gildi og eru ekki prentuð hér. Vísast til Lagasafns 1965, d. 342—354.*

1939 Nr. 22 12. júní

Lög um viðauka við lög nr. 99 3. maí 1935, um Skuldaskilasjóð vélbátaeigenda.[1)]

[1)] *Sjá athugasemd við lögin hér á undan.*

1975 Nr. 13 23. maí

Lög um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

...

■ **11. gr.** Fjárfestingarlánasjóðir endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir sæta sjálfir. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að ákvæði um verðtryggingu eða gengisákvæði nái til ákveðins hluta hvers láns.

□ Ríkisstjórnin lætur fram fara árlega endurskoðun á lánskjörum sjóðanna, sbr. ákvæði 1. málsgr., og skal þá hafa hliðsjón af samsetningu þess fjármagns, sem sjóðirnir hafa yfir að ráða. Skal slík endurskoðun fyrst fara fram fyrir 15. júní n. k., vegna ársins 1975.

□ Ríkisstjórnin skal, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnunar ríkisins, setja meginreglur um lánskjör allra opinberra fjárfestingarlánasjóða í samræmi við ákvæði 1. málsgr.

□ Stjórnir sjóða þeirra, sem hlut eiga að máli, skulu síðan gera tillögur um lánskjör innan ramma meginreglnanna skv. 3. málsgr. Að fengnum þeim tillögum skal ríkisstjórnin taka endanlega ákvörðun um lánskjör fjárfestingarlánasjóða og kemur sú ákvörðun í stað lagaákvæða og reglna þeirra, sem nú gilda um þetta efni.

II. d. Skattar og gjöld.

1981 Nr. 75 14. sept.

Lög um tekjuskatt og eignarskatt.

I. kafli. Skattskyldir aðilar.

Skattskylda manna.

■ **1. gr.** Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á þessum mönnum:

1. Þeim sem heimilisfastir eru hér á landi.

2. Þeim sem heimilisfastir hafa verið hér á landi en flutt úr landi og fellt hafa niður heimilisfesti sitt hér, nema þeir sanni að þeir séu skattskyldir í öðru ríki á sama hátt og menn heimilisfastir þar og hafi fullnægt þeim skattskyldum sínum. Skattskylda þessi gildir þó aðeins í þrjú ár frá næstu áramótum eftir brottflutningsdag.

3. Þeim sem dvelja hér á landi lengur en samtals 183 daga á sama almanaksári, þar með talin eðlileg fjarvera héðan af landi vegna orlofs og þess háttar.

4. Þeim sem eigi falla undir ákvæði 1.—3. tl. þessarar greinar en starfa samtals lengur en 183 daga á sama almanaksári, þar með talin eðlileg fjarvera frá starfi vegna orlofs og þess háttar, um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi.

□ Ríkisskattstjóri hefur úrskurðarvald um hverjir skuli teljast heimilisfastir hér á landi samkvæmt þessari grein. Við ákvörðun á heimilisfesti skal miðað við reglur laga um lögheimili, eftir því sem við á. Úrskurði ríkisskattstjóra má skjóta til dómstóla að stefndum ríkisskattstjóra vegna fjármálaráðherra.

Skattskylda lögaðila.

■ **2. gr.** Skylda til að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, hvílir á þessum lögaðilum:

1. Hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð félagsaðila, enda séu þau skráð hér á landi á lögmæltan hátt.

2. Gagnkvæmum vátrygginga- og ábyrgðarfélögum, kaupfélögum, öðrum samvinnufélögum og samvinnufélagasamböndum, enda séu þau skráð hér á landi á lögmæltan hátt.

3. Sameignarfélögum með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, enda sé félagið skráð í firmaskrá hér á landi, þess óskað við skráningu að félagið sé sjálfstæður skattaðili og við skráningu afhentur félagssamningur þar sem getið sé eignarhlutfalla eigenda, innborgaðs stofnfjár svo og hvernig félagsslitum skuli háttað. Senda skal skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga. Hjón ein sér eða með ófjárráða börnum sínum geta ekki myndað sameignarfélag er sé sjálfstæður skattaðili.

4. Samlögum og samtökum sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsaðila sinna, innkaup á rekstrarvörum eða þjónustu í beinum tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi þeirra, enda séu þau skráð í firmaskrá hér á landi og þess getið við skráningu að þau séu sjálfstæðir skattaðilar. Við skráningu skal afhentur félagssamningur þar sem getið sé eignaraðildar, innborgaðs stofnfjár svo og hvernig félagsslitum skuli háttað. Senda skal skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga.

5. Öðrum félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum, sem hér eiga heimili, sbr. þó 6. tl. 4. gr., svo og dánarbúum, þrotabúum og öðrum búum sem hér er skipt.

Félag, sjóður eða stofnun telst eiga hér heimili ef það er skráð hér á landi, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi.

□ Sé þess ekki óskað við skráningu sameignarfélags að félagið sé sjálfstæður skattaðili eða fullnægi lögaðili skv. 1.—4. tl. þessarar greinar ekki skilyrðum til að teljast sjálfstæður skattaðili skal tekjum hans og eignum skipt milli félagsaðila í samræmi við félagssamning þeirra og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum félagsaðilanna. Kveði félagssamningur eigi á um skiptingu tekna og eigna skal þeim skipt milli félagsaðila eftir eignarhlutföllum. Ef eignarhlutföll eru ekki fyrir hendi eða þau óljós skal tekjum og eignum skipt jafnt milli félagsaðila.

Takmörkuð skattskylda.

■ **3. gr.** Takmarkaða skattskyldu bera þessir aðilar, enda falli þeir ekki undir ákvæði 1. eða 2. gr. eða séu undanþegnir skattskyldu skv. 4. gr.:

1. Allir menn sem dvelja hér á landi og njóta launa fyrir störf sín hér skulu greiða tekjuskatt af þeim launum. Hér með teljast þeir menn sem atvinnu stunda hér á landi, eða um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi, þótt dvöl þeirra eða starf vari 183 daga eða skemmri tíma á sama almanaksári.

2. Allir menn sem njóta frá íslenskum aðilum launa fyrir störf, þar með talin stjórnar-, endurskoðenda- eða nefndarstörf, eftirlauna, biðlauna, lífeyris, styrkja eða hliðstæðra greiðslna skulu greiða tekjuskatt af þeim greiðslum.

3. Allir aðilar sem fá greiðslu fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.

4. Allir aðilar sem reka hér á landi fasta starfsstöð, taka þátt í rekstri fastrar starfsstöðvar eða njóta hluta af ágóða slíkrar starfsstöðvar skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.

5. Allir aðilar sem eiga fasteign hér á landi eða hafa rétt yfir fasteign hér á landi er þeir hafa af tekjur eða teljast hafa af tekjur samkvæmt ákvæðum laga þessara skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.

6. Allir aðilar sem hafa hér á landi tekjur af leigu, afnotum eða rétti til hagnýtingar á lausafé, einkaleyfum, hvers konar réttindum eða sérþekkingu skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.

7. Allir aðilar sem hafa tekjur af íslenskum hlutabréfum, stofnbréfum eða öðrum réttindum til hlutdeildar í hagnaði eða af rekstri íslenskra fyrirtækja skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.

8. Erlendir sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja hér á landi og aðrir, sem úrlendisréttar njóta, skulu greiða tekjuskatt af tekjum sem þeir njóta frá innlendum aðilum og af tekjum sem um er rætt í 4.—7. tl.

9. Allir aðilar sem eiga eignir sem skattskyldar tekjur gefa skv. 4.—8. tl. skulu greiða eignarskatt af þeim eignum.

Aðilar undanþegnir skattskyldu.

■ **4. gr.** Þessir aðilar greiða hvorki tekjuskatt né eignarskatt:

1. Forseti Íslands og maki hans.

2. Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á svo og Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands.

3. Sýslu- og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á.

4. Erlend ríki og alþjóðastofnanir, af fasteignum sem þær nota vegna viðurkenndrar starfsemi sinnar hér á landi.

5. Þeir lögaðilar sem um ræðir í 2. gr. og hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.

6. Félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 5. tl. 2. gr., sem ekki reka atvinnu.

7. Aðilar sem undanþegnir eru skattskyldu með sérstökum lögum.

Skattskylda hjóna og barna.

■ **5. gr.** Hjón eru sjálfstæðir skattaðilar hvort um sig og skal þeim ákveðinn tekjuskattur og eignarskattur hvoru í sínu lagi.

■ **6. gr.** Barn, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, er ekki sjálfstæður skattaðili sé það á framfæri foreldra sinna (þ. m. t. kjörforeldrar, stjúpforeldrar, fósturforeldrar). Þó skulu þær tekjur barns sem um ræðir í 1. tl. A-liðs 7. gr. skattlagðar sérstaklega.

II. kafli. Skattskyldar tekjur.

Almenn ákvæði.

■ **7. gr.** Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, hvers

konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru, svo sem:

A.1. Endurgjald fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu, án tillits til viðmiðunar, sem innt er af hendi fyrir annan aðila. Hér með teljast til dæmis hvers konar biðlaun, starfslaun, nefndarlaun, stjórnarlaun, eftirlaun og lífeyrir, fatnaður, fæði, húsnæði, risnufé, verkfærapeningar, ökutækjastyrkir, flutningspeningar og aðrar hliðstæðar starfstengdar greiðslur, fríðindi og hlunnindi, svo og framlög og gjafir sem sýnilega eru gefnar sem kaupauki. Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum.

Vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal hann telja sér til tekna sambærilegt endurgjald fyrir starf sitt og hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða á vegum þeirra aðila sem um ræðir í 2. gr. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem innt er af hendi af maka manns eða barni hans sé starfið innt af hendi fyrir framangreinda aðila.

2. Tryggingabætur, meðlög og styrkir. Skaðabætur og vátryggingafé vegna sjúkdóms, slysa, atvinnutaps eða launamissis og hvers konar aðrar skaðabætur og vátryggingabætur, sbr. þó 2. tl. 28. gr. Þó skal hvorki teljast til tekna barnalífeyrir, sem greiddur er skv. 14. gr. og 35. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum, vegna barns ef annað hvort foreldra er látið eða barn er ófeðrað, né heldur barnsmeðlag að því leyti sem það takmarkast af fjárhæð barnalífeyris skv. 14. gr. sömu laga. Meðlög eða framfærslulífeyrir til maka eða fyrrverandi maka telst ekki til tekna hjá móttakanda hafi hjónin slitið samvistum eða eftir lögskilnað, að því leyti sem greiðslur þessar takmarkast við sömu fjárhæð og lágmarkssellilífeyrir (grunnlífeyrir) er til einstaklinga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

3. Endurgjald til höfunda og rétthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða afnot eða sölu.

4. Verðlaun og heiðurslaun, vinningar í happdrætti, veðmáli eða keppni. Beinar gjafir í peningum eða öðrum verðmætum, þar með talin afhending slíkra verðmæta í hendur nákominna ættingja, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða. Undanskildar eru þó tækifærisgjafir, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir.

B. Allar tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu, umboðslaun, þóknanir, atvinnurekstrarstyrkir, rekstrarstöðvunarbætur og hvers konar tekjur sem upp eru taldar í öðrum liðum þessarar greinar og tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

C.1. Leigutekjur og arð af hvers konar lausafé, þar með talin skip og loftför.

2. Arð, landskuld og leigu eftir hvers konar fasteignir og fasteignaréttindi, þar með talin námaréttindi, vatnsréttindi, jarðvarmaréttindi, veiðiréttur og hvers konar önnur fasteignatengd hlunnindi.

Þegar heildarleigutekjur af einstökum íbúðum ná ekki hlunnindamati húsnæðis, sbr. 116. gr., skal reikna leiguna til tekna með því mati. Af íbúðarhúsnæði sem skattaðili á og notar til eigin þarfa skal hvorki reikna tekjur né gjöld.

3. Vexti, verðbætur, afföll og gengishagnað, sbr. 8. gr.

4. Arð af hlutum og hlutabréfum í félögum, sbr. 9. gr.

5. Fé sem félög þau sem um ræðir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. færa félagsaðilum sínum til séreignar í stofnsjóði vegna viðskipta þeirra.

6. Fé sem félög þau sem um ræðir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. greiða félagsaðilum sínum vegna viðskipta þeirra, enda séu þessi viðskipti í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi félagsaðilans eða sé varið til fjárfestingar í eignum sem notaðar eru í atvinnurekstri.

7. Fé sem félög þau sem um ræðir í 4. tl. 1. mgr. 2. gr. greiða félagsaðilum sínum út í hlutfalli við viðskipti þeirra eða færa þeim til séreignar, hvort heldur í stofnsjóð eða á annan hátt.

8. Hagnað af sölu eigna, sbr. 10.—27. gr.

9. Sérhverjar aðrar tekjur eða ígildi tekna sem eigi eru sérstaklega undanskildar í lögum þessum eða sérlögum.

Skattskyldir vextir, afföll og gengishagnaður.

■ **8. gr.** Til tekna sem vextir, afföll og gengishagnaður skv. 3. tl. C-liðs 7. gr. teljast:

1. Vextir af innstæðum í innlendum bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga svo og vextir af verðbréfum sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum. Með vöxtum teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól og vexti, verðbætur á inneignir og kröfur sem bera ekki vexti og happdrættisvinningar sem greiddir eru í stað vaxta.

2. Vextir af stofnsjóðseign í félögum skv. 2. tl. 1. mgr. 2. gr.

3. Vextir hjá innlendum og erlendum aðilum af sérhverjum öðrum innstæðum og inneignum en um getur í 1. og 2. tl., þar með taldir vextir af víxlum, verðbréfum og öllum öðrum kröfum sem arð bera eða vexti. Með vöxtum teljast einnig áfallnar verðbætur og happdrættisvinningar á sama hátt og um getur í 1. tl.

4. Afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum. Afföllin skal reikna til tekna með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma. Sé krafan látin af hendi áður en afborgunartíma er lokið telst sá hluti affallanna, sem ekki hefur þegar verið tekjufærður en fæst endurgreiddur í sölu- og afhendingarverði, til tekna í einu lagi á afhendingar- eða söluári.

5. Gengishagnaður af hvers konar eignum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris í árslok.

Frá gengishagnaði ársins skal draga gengistap, sbr. 4. tl. 1. mgr. 51. gr., og færa mismuninn til tekna sem gengishagnað.

□ Til tekna sem verðbætur og gengishagnaður af kröfum eða inneignum manna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, teljast þó að-

eins gjaldfallnar verðbætur og gengishagnaður á afborganir og vexti.

Skattskyldur arður, jöfnunarhlutabréf.

■ **9. gr.** Til arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda eða hluthafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu. Til arðs telst þó ekki úthlutun jöfnunarhlutabréfa sem hefur ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareiganda eða hluthafa í hlutafélagi og telst því ekki heldur til skattskyldra tekna hlutareigandans. Útgáfa bréfanna skal byggð á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félagsins í lok þess árs sem næst er á undan útgáfuári, að teknu tilliti til opinberra gjalda sem tengd eru því ári. Til hreinnar eignar félagsins í þessu sambandi telst þó ekki varasjóður, sbr. 12. tl. 1. mgr. 31. gr. Samanlagt nafnverð jöfnunarhlutabréfanna má ekki vera hærra en svarar til hækkunar á hlutafé félagsins í samræmi við almennar verðhækkanir frá 1. janúar 1979 eða frá stofnun hlutafélags eða innborgun hlutafjár eftir þann tíma. Ríkisskattstjóri ákveður hvernig reikna skal hina almennu verðhækkun. Arður af eigin hlutum eða hlutabréfum hlutafélags telst hvorki til tekna né gjalda hjá því.

□ Nú er félagi slitið án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá teljast til arðs úthlutun við félagsslit umfram hlutafé félagsins, þ. e. nafnverð bréfanna, þar með talið nafnverð útgefinna jöfnunarhlutabréfa eða samsvarandi fjárhæð er heimilt hefði verið að úthluta sem jöfnunarhlutabréfum. Skiptir ekki máli í því sambandi hvenær eða fyrir hvaða verð hlutirnir eða hlutabréfin hafa verið keypt.

Sameiginleg ákvæði um söluhagnað eigna.

■ **10. gr.** Söluhagnaður eigna telst mismunur á söluverði þeirra og stofnverði, að teknu tilliti til fenginna fyrninga, áður fengins söluhagnaðar og verðbreytinga eftir því sem nánar er ákveðið í 11.—27. gr.

□ Stofnverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ. e. kaup- eða framleiðsluverð, ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu og sérhverjum öðrum kostnaði sem á eignirnar fellur, en að frádregnum óendurkræfum styrkjum, afsláttum, eftirgjöfum skulda og skaðabótum sem til falla í sambandi við kaup þeirra, framleiðslu, breytingar eða endurbætur.

Söluhagnaður eigna sem heimilt er að fyrna.

■ **11. gr.** Hagnaður af sölu eigna, sem heimilt er að fyrna skv. 32. gr., og af sölu réttinda, sem tengd eru þessum eignum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

□ Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra, að frádregnum áður fengnum fyrningum hins vegar, þegar stofnverð og fyrningar hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr., sbr. einnig 36. gr.

■ **12. gr.** Við ákvörðun söluhagnaðar af fyrnanlegum fasteignum, sem skattaðili hefur eignast fyrir árslok 1978, skal stofnverð og fengnar fyrningar ákvarðast í samræmi við endurmat þessara eigna á árinu 1979, sbr. bráðabirgðaákvæði IV að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 26. gr. eftir þann tíma.

■ **13. gr.** Á því ári sem skattskyldur söluhagnaður eigna skv. 11. gr. færist til tekna er skattaðila heimilt að fyrna eignir, sem fyrnanlegar eru skv. 32. gr., um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Eigi skattaðili ekki eignir, sem hann getur fyrnt á þennan hátt á því ári þegar sala fer fram, getur hann farið fram á frestun skattlagningar á söluhagnaði um tvenn áramót, enda afli hann sér eigna sem fyrna má skv. 32. gr. innan þess tíma og fyrni þær um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði. Ef eignanna er ekki aflað innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist að viðbættu 10% álagi. Fyrning eða frestun tekjufærslu samkvæmt þessari málsgrein kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

□ Þegar skattskyldur söluhagnaður er ekki tekjufærður á söluári samkvæmt heimild í þessari grein skal hækka hann eða lækka samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. fram til þess árs þegar hann er tekjufærður.

Söluhagnaður eigna sem ekki er heimilt að fyrna.

■ **14. gr.** Hagnaður af sölu fasteigna, sem ekki er heimilt að fyrna skv. 32. gr., þar með talin ófyrnanleg mannvirki, lönd, lóðir, ófyrnanleg náttúruauðæfi og réttindi tengd þessum eignum, svo sem lóðarréttindi, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

□ Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 4. mgr. þessarar greinar, og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar. Við ákvörðun á söluhagnaði íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið sérstakri fyrningu skv. 3. mgr. 44. gr., skal sú fyrning dregin frá stofnverði framreiknuð með verðbreytingarstuðli fyrningarárs. Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árslok 1978 er honum heimilt að nota gildandi fasteignamat í árslok 1979, að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 26. gr., í stað stofnverðs. Frá fasteignamati leigulóðar í þessu sambandi skal draga afgjaldskvaðarverðmæti, sbr. 2. mgr. 1. tl. 74. gr.

□ Skattaðila er jafnan heimilt að telja helming söluverðs til skattskyldra tekna í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr.

□ Skattaðili getur farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar af landi bújarða og ófyrnanlegum náttúruauðæfum á bújörðum um tvenn áramót frá söludegi, enda afli hann sér sams konar eignar eða íbúðarhúsnæðis til eigin nota í stað hinnar seldu innan þess tíma og færist þá söluhagnaðurinn framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Þessi meðferð söluhagnaðar er því aðeins heimil að seljandi hafi haft búrekstur á hinni seldu eign að aðalstarfi í a. m. k. fimm ár á síðast liðnum átta árum næst á undan söludegi og stundi búrekstur á sama hátt á hinni keyptu bújörð eða noti hið keypta húsnæði fyrir eigin íbúð í a. m. k. tvö ár eftir kaupdag. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst söluhagnaðurinn, fram-

reiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., með skattskyldum tekjum þess árs þegar skilyrðið er rofið, að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

☐ Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um söluhagnað af íbúðarhúsnæði sem er undir stærðarmörkum þeim er greinir í 16. gr. og er í eigu manna, sbr. 5. mgr. þeirrar greinar.

■ **15. gr.** Hagnaður af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna skv. 32. gr., annars en hlutabréfa og eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári, og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign. Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar.

☐ Hagnaður manns af sölu lausafjár, sem ekki er notað í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, telst þó ekki til tekna, enda geri hann líklegt að sala þess falli ekki undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans eða að eignarinnar hafi ekki verið aflað í þeim tilgangi að selja hana aftur með hagnaði, sbr. 20. gr.

Söluhagnaður af íbúðarhúsnæði.

■ **16. gr.** Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi maður átt hið selda húsnæði skemur en fimm ár, en hafi hann átt hið selda í fimm ár eða lengur telst söluhagnaðurinn ekki til skattskyldra tekna. Ákvæði þessarar greinar gilda aðeins um sölu íbúðarhúsnæðis sem er í eigu manna og aðeins að því marki sem heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis seljanda fer ekki fram úr 600 m^3 á söludegi ef um einstakling er að ræða en 1200 m^3 ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut. Stærðarmörk þau sem gilda fyrir hjón gilda einnig um sölu eftirlifandi maka á íbúðarhúsnæði sem var í eigu hjónanna. Um söluhagnað af íbúðarhúsnæði umfram þessi mörk gilda ákvæði 14. gr. Ákvæði þeirrar greinar gilda einnig um meðferð söluhagnaðar af íbúðarhúsnæði í eigu hvers konar lögaðila. Selji maður íbúðarhúsnæði innan árs frá því að hann keypti annað húsnæði eða innan tveggja ára frá því að hann hóf byggingu nýs íbúðarhúsnæðis, skal við ákvörðun á heildarrúmmáli íbúðarhúsnæðis í eigu seljanda við sölu miða við það heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis er var í eigu seljanda áður en hann keypti nýrra húsnæði eða hóf byggingu þess, enda sé söluandvirðinu varið til fjármögnunar á hinu nýja húsnæði.

☐ Maður getur farið fram á frestun söluhagnaðar um tvenn áramót frá söludegi. Kaupi hann annað íbúðarhúsnæði eða hefji byggingu íbúðarhúsnæðis í stað þess selda innan þess tíma færist söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum innan þessara tímamarka telst mismunurinn til skattskyldra tekna á kaupári hinnar nýju eignar. Ef eignarinnar er ekki aflað innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn, framreiknaður, með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist.

☐ Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst mismunur á söluverði þess annars vegar og stofnverði þess að frádregnum áður fengnum söluhagnaði, sbr. 2. mgr., hins vegar þegar stofnverðið og söluhagnaðurinn hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr.

☐ Þegar maður selur íbúðarhúsnæði sem hann hefur byggt eða endurbætt og salan fer fram innan fimm ára frá því síðast var lagt í byggingarkostnað, skal einungis sá hluti söluhagnaðarins teljast skattskyldur sem svarar til þess hlutfalls af heildarbyggingarkostnaði sem í var lagt innan fimm ára frá söludegi. Áður en þetta hlutfall byggingarkostnaðar er reiknað skal umreikna hann samkvæmt ákvæðum 26. gr.

☐ Falli sala íbúðarhúsnæðis bæði undir ákvæði þessarar greinar og 14. gr. skal söluhagnaði skipt til skattlagningar í sama hlutfalli og er milli þess rúmmáls íbúðarhúsnæðis sem seljandi átti umfram 600 m^3 á söludegi eða 1200 m^3, eftir því sem við á, sbr. 1. mgr., og heildarrúmmáls hins selda húsnæðis.

☐ Fjármálaráðherra skal ákveða með reglugerð hvernig reikna skuli rúmmál íbúðarhúsnæðis samkvæmt þessari grein.

☐ Við útreikning á söluhagnaði af íbúðarhúsnæði skal ekki telja til stofnverðs eignaauka vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

☐ Ákvæði þessarar greinar gilda um íbúðarhúsnæði án tillits til byggingarstigs og ná einnig til lóða eða lóðarréttinda sem slíku húsnæði fylgja, enda sé lóðin innan þeirra stærðarmarka sem almennt gerist um íbúðarhúsalóðir. Um söluhagnað lóðar umfram þessi mörk gilda ákvæði 14. gr.

Söluhagnaður af eignarhlutum í félögum.

■ **17. gr.** Hagnaður af sölu hlutabréfa telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hin seldu hlutabréf.

☐ Hagnaður af sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa í hendi seljanda ákvarðast annað hvort sem samanlagt nafnverð hlutabréfanna og þeirra jöfnunarhlutabréfa sem hann hefur fengið úthlutað eða heimilt hefði verið að úthluta honum, eða sem upphaflegt kaupverð þeirra þegar það hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr., sé það hærra. Kaupverð hlutabréfa sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 56. gr. skal ákvarðast jafnt framreiknuðu kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt framreiknuðu meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar í hendi sama eiganda.

■ **18. gr.** Hagnaður af sölu eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign.

☐ Hagnaður af sölu eignarhluta telst mismunur á söluverði hans annars vegar og kaupverði hins vegar. Kaupverð eignarhluta í hendi seljanda ákveðst sem hlutur hans í eigin fé félagsins í byrjun þess árs sem salan fer fram á eða sem raunverulegt kaupverð að frádreginni eigin úttekt, sé það hærra, þegar kaupverð og eigin úttekt hefur verið hækkað eða lækkað samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. Til eigin fjár í þessu sambandi telst skattskyld hrein eign

félagsins að meðtöldu stofnfé en að undanskildum 55% af skattalegum varasjóði, sbr. 12. tl. 1. mgr. 31. gr.

Ýmis ákvæði um söluhagnað.

■ **19. gr.** Söluverð eigna telst heildarandvirði þeirra að frádregnum beinum kostnaði við söluna.

■ **20. gr.** Falli sala eigna undir atvinnurekstur skattaðila eða hafi eigna verið aflað í þeim tilgangi að selja þær aftur með hagnaði telst hagnaður af sölu þeirra ávallt að fullu til skattskyldra tekna á söluári án tillits til verðbreytinga, sbr. 26. gr. Með sama hætti telst söluhagnaður af rekstrarvörubirgðum og öðrum hliðstæðum eignum sem ætlaðar eru til notkunar í atvinnurekstri ávallt til skattskyldra tekna.

■ **21. gr.** Bætur vegna altjóns eða eignarnáms teljast söluverð eigna, og reiknast söluhagnaður og fer um meðferð hans eftir ákvæðum 10.—27. gr. eftir því sem við á. Í slíkum tilvikum er skattaðila þó heimilt að færa skattskyldan söluhagnað til tekna með jöfnum fjárhæðum á allt að fimm árum, í fyrsta sinn á söluári. Ef um er að ræða eign sem ekki er heimilt að fyrna er heimilt að verja söluhagnaðinum til öflunar sams konar eignar innan þriggja ára. Söluhagnaðurinn telst þá ekki til tekna en færist til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum telst mismunurinn til skattskyldra tekna.

□ Þrátt fyrir frestun eða dreifingu skattskylds söluhagnaðar samkvæmt þessari grein skal honum ekki breytt samkvæmt verðbreytingarstuðli.

■ **22. gr.** Hafi skattaðili eignast selt íbúðarhúsnæði við arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal við ákvörðun eignartíma við sölu miða við samanlagðan eignartíma arfleifanda og arftaka.

■ **23. gr.** Tap á sölu eigna, sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, er ekki heimilt að draga frá skattskyldum tekjum. Áður en skattskyldur hagnaður af sölu eigna er ákveðinn má skattaðili þó draga frá heildarhagnaðinum það tap sem hann kann að hafa orðið fyrir vegna sölu sams konar eigna á sama ári.

□ Tap á sölu eigna sem notaðar eru í atvinnurekstri er heimilt að gjaldfæra á söluári, sbr. 34. gr., þó ekki tap á sölu eigna þeirra sem um er rætt í 17. og 18. gr.

■ **24. gr.** Þegar eign er látin af hendi við makaskipti skal það teljast sala hennar og fer um skattskyldu söluhagnaðar eftir ákvæðum 10.—27. gr. laga þessara.

□ Ef ákvörðun kaup- eða söluverðs í makaskiptasamningi er verulega frábrugðin því sem almennt gerist í hliðstæðum viðskiptum þar sem um beina sölu eða kaup er að ræða geta skattyfirvöld metið hvað telja skuli eðlilegt verð og miðað skattlagningu söluhagnaðar við það.

■ **25. gr.** Þegar seld er sérgreind fasteign eða mannvirki, ásamt lóð, landi eða réttindum tengdum þessum eignum, í heild eða að hluta, skal söluverðinu skipt í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats á söludegi. Sama gildir um skiptingu söluverðs mannvirkja eingöngu. Þegar um lóðarréttindi er að ræða skal afgjaldskvaðarverðmætið, sbr. 2. mgr. 1. tl. 74. gr., dregið frá fasteignamati áður en hlutfallið er reiknað.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um ákvörðun stofnverðs.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um skiptingu söluverðs milli mannvirkis og leigulóðar þegar selt er mannvirki sem stendur á leigulóð og endurmetið var í hendi seljanda á árinu 1979 á grundvelli upphaflegs stofnverðs.

1981 Nr. 75 14. sept.

■ **26. gr.** Verðbreytingarstuðull til notkunar við ákvörðun á verðmæti eigna, söluhagnaði og fyrningum eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum skal reiknaður árlega, í fyrsta sinn fyrir árið 1980. Stuðullinn skal miðast við breytingu á meðaltalsbyggingarvísitölu milli ára, sbr. lög nr. 93/1975.[1)]

□ Ríkisskattstjóri skal birta verðbreytingarstuðul í lok hvers tekjuárs og gildir hann fyrir það ár.

[1)] *Nú l. 18/1983.*

■ **27. gr.** Nú selur skattaðili eign með skattskyldum söluhagnaði og hluti söluandvirðis hennar er greiddur með skuldaviðurkenningum til þriggja ára eða lengri tíma og er honum þá heimilt að telja það hlutfall af söluhagnaðinum, sem svarar til hlutdeildar skuldaviðurkenninganna af heildarsöluverðmætinu, til tekna hlutfallslega eftir afborgunartíma skuldaviðurkenninganna, þó ekki á lengri tíma en sjö árum. Til skuldaviðurkenninga í þessu sambandi teljast ekki þær skuldir sem hvíla á hinni seldu eign og kaupandi tekur að sér að greiða. Skattstjóra skal tilkynnt um notkun þessarar heimildar með fyrsta framtali eftir söludag. Þessa heimild má skattaðili þó aðeins nota að því marki sem hann hefur ekki getað notað hinn skattskylda söluhagnað til að fyrna aðrar eignir, eða lækka stofnverð sams konar eigna, í samræmi við ákvæði þessara laga.

□ Þrátt fyrir dreifingu skattskylds söluhagnaðar samkvæmt þessari grein skal honum ekki breytt samkvæmt verðbreytingarstuðli.

□ Sé heimild skv. 1. mgr. notuð kemur hún í stað annarra heimilda laga þessara til frestunar á skattlagningu söluhagnaðar. Frestun tekjufærslu samkvæmt þessari grein kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

Hvað ekki telst til tekna.

■ **28. gr.** Þrátt fyrir ákvæði þessa kafla telst ekki til tekna:

1. Eignaauki vegna arftöku, fyrirframgreiðslu arfs og dánargjafa, enda hafi erfðafjárskattur verið greiddur.

2. Eignaauki sem verður vegna greiðslu líftryggingarfjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu. Einnig skaðabætur og vátryggingabætur vegna tjóns á eignum sem ekki eru notaðar í atvinnurekstri, sbr. þó 21. gr. Lækka skal stofnverð eignar vegna tjónsins að svo miklu leyti sem bótagreiðslum er ekki varið til viðgerða vegna tjónsins.

3. Eignaauki sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga, enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila.

4. Eignaauki sem stafar af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis til eigin afnota. Söluhagnaður íbúðarhúsnæðis, sbr. 14. og 16. gr., telst þó sem mismunur heildarandvirðis að frádregnum beinum kostnaði við söluna annars vegar og framreiknaðs stofnverðs án eigin aukavinnu hins vegar.

5. Fæði sjómanns er hann fær hjá útgerðarmanni um borð í skipi. Sama gildir um greiðslur sem sjómenn á íslenskum fiskiskipum fá frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs til að standa undir fæðiskostnaði sínum um borð í íslenskum fiskiskipum.

6. Staðaruppbót sem greidd er vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn á vegum utanríkisráðuneytisins við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að.

7. Persónuafsláttur og barnabætur sem um ræðir í VI. kafla laga þessara.

8. Endurmatshækkun fyrnanlegra eigna samkvæmt ákvæðum laga þessara né matshækkun búfjár samkvæmt 2. tl. 74. gr., enda kemur matslækkun ekki til frádráttar tekjum.

III. kafli. Frádráttur frá tekjum.

Almenn ákvæði.

■ **29. gr.** Frá skattskyldum tekjum manns, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., er einungis heimill sá frádráttur sem sérstaklega er getið um í þessum kafla.

□ Frá tekjum lögaðila og tekjum manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er heimilt að draga rekstrarkostnað, það er þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við.

Frádráttur manna frá tekjum utan atvinnurekstrar.

■ **30. gr.** Frá tekjum manna skv. II. kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga:

A.1. Skyldusparnað manna á aldrinum 16—25 ára sem þeim er skylt að spara samkvæmt lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

2. Fargjöld vegna ferða á vegum atvinnurekenda og vegna langferða milli heimilis og vinnustaðar í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.

3. Útgjöld vegna móttekins risnufjár og ökutækjastyrkja í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.

4. Þann hluta hlunninda sem veittur er með fatnaði, fæði, húsnæði og öðrum hliðstæðum hætti og innifalinn er í tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. en eigi er talinn manni til hagsbóta með hliðsjón af heimilisaðstæðum og öðrum atvikum að mati ríkisskattstjóra. Eigi skiptir máli hvort hlunnindi þessi eru látin í té í reiðufé eða fríðu.

5. Launatekjur sem greiddar eru embættismönnum, fulltrúum og öðrum starfsmönnum sem starfa hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum, enda sé kveðið á um skattfrelsið í samningum sem Ísland er aðili að.

6. Kostnað vegna handverkfæra innan viss hámarks er launþegar í löggiltum iðngreinum þurfa að leggja sér til vegna starfs síns. Ríkisskattstjóri skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og getur hann ákveðið hámark árlegs frádráttar mismunandi eftir iðngreinum. Þá er þeim, er hafa tekjur skv. 1. málsgr. 1. töluliðs A-liðs 7. gr. af hljóðfæraleik og leggja sjálfir til hljóðfæri, heimilt að færa til frádráttar kostnað vegna hljóðfæranna eftir nánari reglum sem ríkisskattstjóri setur.

7. Tekjur skv. 4. tl. A-liðs 7. gr. sem skattfrjálsar eru samkvæmt sérlögum eða ákvörðun fjármálaráðherra, sbr. ákvæði 120. gr.

8. Helming greiddra meðlaga með barni sem er innan 17 ára aldurs, þó að hámarki sömu fjárhæð og helming barnalífeyris sem greiddur er skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.

[9. Helming tekna samkvæmt 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—6. tl. þessa stafliðar, sem maður hefur aflað á síðustu tólf starfsmánuðum sínum, áður en hann lætur af störfum vegna aldurs.

Menn, sem náð hafa 60 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði á tekjuárinu, skulu á framtölum sínum tilgreina hvenær þeir telji sig láta af störfum vegna aldurs og skal frádráttur skv. 1. mgr. þessa tl. við það miðaður, enda kemur þessi frádráttur ekki til greina nema einu sinni fyrir hvern mann.][1)]

B.1. Vaxtatekjur, afföll og gengishagnað skv. 8. gr. enda séu tekjur þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

2. Fenginn arð, sbr. 9. gr., að hámarki 10% af nafnverði hvers einstaks hlutabréfs eða hlutar. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið skal þó aldrei vera hærri en 2500 kr. hjá einstaklingi og 5000 kr. hjá hjónum. Arður barns innan 16 ára aldurs sem er á framfæri foreldra sinna (þ. m. t. kjörforeldrar, stjúpforeldrar, fósturforeldrar) telst með arði foreldris, sbr. 1. mgr. 65. gr., og gilda framangreindar hámarksfjárhæðir um samanlagðan arð foreldris og barns.

3. Fé það sem fært hefur verið félagsmanni í félagi skv. 2. tl. 1. mgr. 2. gr. til séreignar í stofnsjóði hans á árinu, að hámarki 5% af viðskiptum hans utan atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi.

C.1. Sjómannafrádrátt að fjárhæð 27 kr. fyrir hvern dag sem lögskráður maður á íslensku skipi telst stunda sjómannsstörf. Sama regla skal gilda um hlutaráðna sjómenn og landmenn enda þótt þeir séu ekki lögskráðir.

Fjármálaráðherra ákveður nánar í reglugerð hvernig dagafjöldi í þessu sambandi skal ákveðinn.[2)]

Sjómenn á íslenskum fiskiskipum, sem þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði og njóta ekki fæðisgreiðslu frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs, skulu, auk þess sem um ræðir í 1. mgr. þessa töluliðar, fá fæðisfrádrátt fyrir hvern úthaldsdag að mati ríkisskattstjóra.

2. Fiskimannafrádrátt er nema skal 10% af beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum. Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn.

3. Námsfrádrátt hjá mönnum 16 ára og eldri er nema skal 5000 kr. enda sé nám stundað í a. m. k. sex mánuði á tekjuárinu. Sé nám stundað skemur en í sex mánuði lækkar frádrátturinn hlutfallslega. Sé nám stundað erlendis skal framangreindur frádráttur vera tvöfalt hærri.

Nú nýtist námsmanni 20 ára eða eldri eða maka hans ekki námsfrádráttur samkvæmt þessum tölulið meðan á námi eftir 20 ára aldur stendur og er honum þá heimilt að draga fjárhæð, er svarar heildarupphæð hins ónýtta námsfrádráttar, frá tekjum á næstu fimm árum eftir að námi lýkur og skal við notkun þessarar heimildar taka

tillit til þeirrar lækkunar í tekjuskattsstofni er foreldri námsmanns kynni að hafa notið samkvæmt ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Fjárhæð frádráttarins skal skipt jafnt á hvert þessara fimm ára, en frádráttarfjárhæð vegna hvers árs skal síðan hækka eða lækka samkvæmt ákvæðum 26. gr.

4. Kostnað við stofnun heimilis á því ári sem maður gengur í hjúskap. Skal frádrátturinn vera 3060 kr. fyrir hvort hjóna.

D.1. Iðgjöld af lífeyri, enda sé lífeyristryggingin keypt hjá lífeyrissjóði, vátryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir og séu þar m. a. fyrirmæli um vörslu og ávöxtun tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni. Frádráttur þessi skal þó ekki vera hærri en 11% af þeim launum sem almennt eru til viðmiðunar slíkum greiðslum. Hafi atvinnurekandi greitt hluta iðgjaldsins skerðist réttur launþega til frádráttar sem því nemur.

Fjármálaráðherra getur veitt heimild til að víkja frá framangreindu hámarki iðgjaldsfrádráttar þegar sérstaklega stendur á.

2. Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða og styrktarsjóða, þó ekki umfram 5% af þeim tekjum sem almennt eru til viðmiðunar slíkum greiðslum.

3. Iðgjald af lífsábyrgð sem maður hefur keypt sér. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 660 kr.

E.1. Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 2. mgr. 51. gr., að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.—5. tl. 1. mgr. 8. gr., allt að 25 000 kr. hjá hverjum manni, en 50 000 kr. hjá hjónum, enda séu gjöld þessi af skuldum sem sannanlega eru notaðar til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða endurbóta á því. Endurbót telst það í þessu sambandi ef heildarkostnaður við endurbæturnar á skattárinu er 7% eða meira af fasteignamati íbúðarhúsnæðisins í árslok.

Vaxtagjöld vegna annarra skulda en fasteignaveðskulda til tveggja ára eða lengri tíma er þó einungis heimilt að draga frá tekjum:

a. Að því er íbúðarkaup eða endurbætur varðar, á næstu 3 skattárum talið frá og með kaupári eða því ári er endurbætur eiga sér stað.

b. Að því er nýbyggingar varðar, á næstu 6 skattárum talið frá og með því ári sem bygging er hafin á, eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

2. Einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 10% af skattstofni gefanda áður en gjöfin hefur verið dregin frá honum, enda sé hver gjöf ekki undir 100 kr.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falli undir þennan tölulið.

3. Helming greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota enda sé hún vegna tekjuársins.

□ [Í stað frádráttar samkvæmt D- og E-liðum 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum skv. 1. tl. A-liðs 7. gr. þegar frá þeim hafa verið dregnir þeir liðir sem um ræðir í 1.—6. og 9. tl. A-liðs 1. mgr. þessarar greinar.][3] Hjón sem skattlögð eru samkvæmt 63. gr. verða bæði að velja sömu frádráttarreglu að þessu leyti. Hjá öðrum mönnum en þeim sem skattlagðir eru eftir reglum þeim sem gilda um hjón, sbr. 63. gr., skal þessi frádráttur aldrei nema lægri fjárhæð en 5500 kr., hjá einstæðum foreldrum, sbr. 69. gr., skal þessi lágmarksfrádráttur vera 75% hærri.

□ Hafi maður beinan kostnað við öflun annarra tekna en tekna skv. 1. tl. A-liðs 1. mgr. 7. gr., án þess að hún verði talin falla undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu ákvæði 1. mgr. 1. tl. 31. gr. samt sem áður gilda um slíkan kostnað eftir því sem við á, þó ekki ákvæðin um vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna. Kostnaður þessi leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á, og má frádráttur hvers árs aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur þeim tekjum sem hann leyfist til frádráttar.

[1] *L. 21/1983, 1. gr.* [2] *Rg. 310/1980.* [3] *L. 21/1983, 2. gr.*

Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri.

■ **31. gr.** Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:

1. Rekstrarkostnað, það er þau gjöld sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar á meðal vexti af skuldum, afföll, gengistöp og fyrningu eigna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum, og það sem varið er til tryggingar og viðhalds á eignum þeim sem arð bera í rekstrinum.

Til rekstrarkostnaðar telst enn fremur það endurgjald sem manni ber að reikna sér fyrir hvers konar vinnu, starf eða þjónustu sem telja ber til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. Eigi skiptir máli hvort endurgjaldið hefur verið greitt. Hafi það verið greitt skiptir heldur ekki máli hvort það hefur verið greitt í reiðufé, fært á einkareikning, greitt í fríðu eða í hlunnindum eða með vinnuskiptum.

Frá tekjum má enn fremur draga gjafir þær sem um ræðir í 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr.

2. Aðstöðugjöld og landsútsvör sem ákvörðuð eru samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Gjöld þessi má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn gjaldanna myndaðist.

3. Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Útistandandi viðskiptaskuldir í árslok, sbr. 2. mgr. 5. tl. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.

4. Matsverð vörubirgða í lok reikningsárs, sbr. 4. tl. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 10% og færa þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.

5. Veittan afslátt af vörum eða þjónustu.

6. Fé það er innlend vátryggingafélög færa í árslok í iðgjaldasjóð vegna þess hluta iðgjalda sem fellur á næsta reikningsár og í bótasjóð til að inna af hendi áfallnar skyldur sínar við vátryggingartaka.

7. Þær eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum, framreiknaðar skv. ákvæðum 26. gr., sem eigi hefur náðst að jafna með færslu úr varasjóði, sbr. 54. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.

8. Helming þess arðs sem félög þau sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 2. gr. fá úthlutað frá sams konar félögum.

9. Helming þeirrar fjárhæðar er félög, sem um ræðir

í 1. tl. 1. mgr. 2. gr. greiða eða úthluta í arð. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en sem nemur 5% af nafnverði hlutafjár. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

10. Fjárhæð þá er félög, sem um ræðir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr., greiða félagsaðilum sínum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu samkvæmt lögum um samvinnufélög.

Hafi félög þessi viðskipti við aðra en félagsaðila sína er sá hluti hreinna tekna, sem svarar hlutfalli viðskipta utanfélagsaðila af heildarviðskiptum, skattskyldur hjá félögunum. Félögum þessum er þó jafnan heimilt að draga frá skattskyldum tekjum arð af viðskiptum við félagsaðila sína á rekstrarárinu er nemi allt að ⅔ hlutum hreinna tekna enda sé sú fjárhæð greidd félagsaðilum eða færð þeim til séreignar í stofnsjóði í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu. Slíkur arður skal þó aldrei nema meiru en 5% af viðskiptum félagsaðila.

11. Fjárhæð þá er félög, sem um ræðir í 4. tl. 1. mgr. 2. gr., greiða félagsaðilum sínum í árslok í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu, þó eigi hærra hlutfall af hreinum tekjum félags en sem svarar hlutfalli viðskipta félagsaðila af heildarviðskiptum þess.

12. Tillög sem skattskyldir aðilar skv. 1. mgr. 2. gr. leggja í varasjóð. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—11. tl. þessarar málsgreinar.

□ Hvorki er heimilt að mynda rekstrartap né fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum með frádrætti skv. 9.—12. tl. 1. mgr.

Fyrnanlegar eignir.

■ **32. gr.** Fyrnanlegar eignir eru varanlegir rekstrarfjármunir, þó ekki íbúðarhúsnæði, sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi og rýrna að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur. Helstu flokkar þeirra eru þessir:

1. Lausafé, þar með talin skip, loftför, bifreiðar, vélar og tæki.

2. Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, aðrar en íbúðarhúsnæði.

3. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptur réttur til nýtingar þeirra.

4. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, svo sem höfundarréttur, útgáfuréttur, réttur til hagnýtingar upplýsinga, réttur til einkaleyfis og vörumerkis.

5. Stofnkostnaður, svo sem kostnaður vegna skráningar fyrirtækis, öflunar atvinnurekstrarleyfa, kostnaður við tilraunavinnslu, markaðsleit, rannsóknir, öflun einkaleyfis og vörumerkja.

■ **33. gr.** Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflun tekna.

■ **34. gr.** Ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur vegna sölu eða af öðrum ástæðum, þar með talið ef eign verður ónothæf, nema söluverð eða annað andvirði sé lægra en eftirstöðvar fyrningarverðs, þ. e. bókfært verð til skatts. Er þá heimilt að gjaldfæra mismuninn.

Fyrningargrunnur eigna.

■ **35. gr.** Verðmæti sem fyrning er reiknuð af hverju sinni telst fyrningargrunnur eigna.

□ Fyrningargrunnur eigna telst stofnverð þeirra, sbr. 2. mgr. 10. gr., að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 36. gr. Þegar stofnverð eigna hækkar eða lækkar eftir að hafin er nýting þeirra skal breytingin færð til hækkunar eða lækkunar fyrningargrunni þess árs þegar breytingin verður.

■ **36. gr.** Fyrningargrunn fyrnanlegra eigna, eins og hann er í byrjun hvers rekstrarárs, skal hækka samkvæmt verðbreytingarstuðli viðkomandi árs, sbr. 26. gr. Sama á við um stofnverð eigna þótt ekki sé hafin nýting þeirra við öflun tekna enda séu þær í eigu skattaðila í byrjun þess rekstrarárs þegar verðbreyting er reiknuð.

□ Heildarfjárhæð áður fenginna fyrninga, eins og hún er í byrjun þess rekstrarárs, þegar verðbreyting er reiknuð, skal breyta á sama hátt og fyrningargrunni.

□ Ef fyrningargrunnur lækkar á einhverju ári samkvæmt verðbreytingarstuðli skulu áður fengnar fyrningar einnig lækkaðar. Fyrningargrunnur skal þó ekki lækkaður niður fyrir stofnverð.

■ **37. gr.** Árlegar verðbreytingar samkvæmt 36. gr. færast til hækkunar eða lækkunar fyrningargrunni eigna og áður fengnum fyrningum. Mismunur breytinganna færist síðan á sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem teljast skal til eigin fjár.

Fyrningarhlutföll.

■ **38. gr.** Fyrning skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignarflokks sem hér segir:

1. Skip og skipsbúnaður 8%.

2. Loftför og fylgihlutir þeirra 10%.

3. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé, sem fellur ekki undir 1. eða 2. tl., 12%.

4. Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, aðrar en íbúðarhúsnæði, 2%.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð[1)] ákveðið hærra fyrningarhlutfall einstakra flokka eigna samkvæmt þessum tölulið eftir notkun, gerð eða byggingarefni, þó eigi hærra en 6%.

5. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptan rétt til nýtingar þeirra skal fyrna miðað við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessum tölulið má aldrei verða hærri en fyrningargrunnur hins fyrnda að frádregnu verðmæti því sem eftir stendur að lokinni nýtingu.

6. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, stofnkostnaður og aðrar eignir, sem um er rætt í 4. og 5. tl. 32. gr., 20%.

Fyrning eigna samkvæmt þessum tölulið er heimil í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna.

Þegar sýnt er fram á að notkunartími eigna samkvæmt þessum tölulið er skemmri en 5 ár er heimilt að fyrna þær á notkunartíma.

Stofnkostnað skv. 5. tl. 32. gr. er heimilt að færa að fullu til frádráttar tekjum á því ári þegar hann myndast.

[1)] *Rg. 134/1980.*

■ **39. gr.** Þegar notkun einstakra eigna er þannig háttað að þær falla ekki undir sama fyrningarhlutfall skal fyrningargrunni þeirra skipt eftir notkun, þó þannig að sé eign notuð að ¾ hlutum eða meira til sömu starfsemi skal eignin í heild háð sama fyrningarhlutfalli. Sé hluti eignar ekki fyrnanlegur, t. d. ef um er að ræða íbúð í fyrnanlegri eign, skal ætíð lækka stofnverð eignarinnar um hinn ófyrnanlega hluta eftir stærðarhlutföllum. Við skiptingu á fyrningargrunni bygginga skal í þessu sambandi miða við fasteignamat einstakra byggingarhluta eða við rúmmál liggi fasteignamat þeirra ekki fyrir.

■ **40. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 38. gr. er heimilt að færa kostnaðarverð lausafjár, sem hefur skemmri endingartíma en þrjú ár, að fullu til gjalda á því ári þegar eignanna er aflað og þær teknar í notkun.

■ **41. gr.** Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir 7000 kr. er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað þótt endingartími sé lengri en þrjú ár.

■ **42. gr.** Við sölu eigna, sem færðar hafa verið til frádráttar tekjum samkvæmt heimild í 40. og 41. gr., telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári. Sama gildir um tjónbætur eða annað andvirði fyrir afhendingu slíkra eigna.

■ **43. gr.** Kostnað við viðgerðir eða endurbyggingu fyrnanlegra eigna vegna tjóns má gjaldfæra á því ári þegar viðgerð fer fram, að svo miklu leyti sem kostnaðurinn fer fram úr tjónbótum. Hér er aðeins átt við kostnað við að koma eign í sama ástand og hún var í áður en tjónið varð.

■ **44. gr.** Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna. Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema má allt að 40% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr. Þegar 60% af tekjufærslu ársins skv. 53. gr. eru hærri en fjármagnskostnaður skv. 51. gr. að frádregnum fjármagnstekjum skv. 8. gr. er heimilt, auk fyrninga skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar, að fyrna þessar eignir um fjárhæð er nemur allt að þessum mun að viðbættum 6% af þeim stofni er tekjufærsla skv. 53. gr. er reiknuð af.

☐ Heimilt er að fyrna sérstakri fyrirframfyrningu þá varanlegu rekstrarfjármuni sem ætlaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, sbr. 32. gr., en ekki hafa verið teknir í notkun í ársbyrjun, enda hafi beinn fjármagnskostnaður á byggingartíma verið eignfærður. Skal hundraðshluti þessarar fyrirframfyrningar nema að hámarki sama hundraðshluta og tekjufærsla skv. 53. gr. og reiknast hann af fjárhæð sem er jafnhá fjárfestingu í þessum rekstrarfjármunum í lok næst liðins árs. Fyrirframfyrning samkvæmt þessari málsgrein og 2. málsl. 1. mgr. skal þó aldrei vera hærri en nemur heildarfjárhæð tekjufærslu samkvæmt 53. gr. vegna viðkomandi árs.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 32. gr. er heimilt að fyrna íbúðarhúsnæði, sem notað er til öflunar tekna í atvinnurekstri, sérstakri fyrningu samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

☐ Eigi má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt þessari grein, og ekki má nota þær til að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.

1981 Nr. 75 14. sept.

■ **45. gr.** Eignir skv. 1. og 2. tl. 32. gr. má aldrei fyrna meira en svo að ávallt standi eftir sem niðurlagsverð eignar 10% af fyrningargrunni hennar.

Ýmis ákvæði um fyrningar.

■ **46. gr.** Við ákvörðun fyrningargrunns eignar, sem yfirtekin er við makaskipti, skal farið eftir ákvæðum 24. gr.

■ **47. gr.** Verði eigendaskipti að eign við arftöku, þar með talda fyrirframgreiðslu arfs, skal fyrningargrunnur slíkrar eignar óbreyttur standa í hendi erfingja frá því sem hann var í hendi arfleifanda.

■ **48. gr.** Á því ári þegar rekstri er hætt, hann seldur eða látinn af hendi á annan hátt er ekki heimilt að fyrna eignir sem við hann voru bundnar. Ákvæði 40. og 41. gr. eiga þá ekki við.

■ **49. gr.** Ríkisskattstjóra er heimilt að gera öllum framtalsskyldum aðilum að halda skrá um fyrnanlegar eignir í því formi og með þeim hætti er hann ákveður.

■ **50. gr.** Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá framangreindum reglum um fyrningarhlutföll og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávika.

Vaxtagjöld, afföll og gengistöp.

■ **51. gr.** Til gjalda sem vextir, afföll og gengistöp af skuldum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 31. gr., teljast:

1. Vextir af skuldum, föstum og lausum, þar með taldir dráttarvextir. Til vaxtagjalda má og telja lántökukostnað og árlegan eða tímabundinn fastakostnað eða þóknanir af lánum, þar með talið af víxillánum og stimpilgjöld af víxlum. Með vaxtagjöldum í þessu sambandi teljast og áfallnar verðbætur á höfuðstól og vexti.

2. Afföll af seldum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldarviðurkenningum, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Afföllin skulu reiknuð til frádráttar með hlutfallslegri fjárhæð ár hvert eftir afborgunartíma. Sé skuld yfirtekin af öðrum eða falli greiðsluskylda niður áður en afborgunartíma er lokið teljast eftirstöðvar affalla ekki til frádráttar tekjum. Hafi skuld verið yfirtekin í sambandi við eignasölu er seljanda þó heimilt að lækka söluverð eignarinnar um fjárhæð sem nemur eftirstöðvum affallanna, enda hafi hann verið upphaflegur skuldari hinnar yfirteknu skuldar.

3. Vextir af stofnsjóðsinnstæðum í félögum sem um ræðir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr.

4. Gengistöp af hvers konar skuldum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast þau við sölugengi viðkomandi erlends gjaldeyris í árslok.

Frá gengistapi ársins skal draga gengishagnað, sbr. 5. tl. 8. gr., og færa mismuninn til gjalda sem gengistap.

☐ Gjöld samkvæmt þessari grein eru aðeins frádráttarbær að fullu séu þau tengd atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Um gjöld skv. 1., 2. og 4. tl., sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, fer eftir ákvæðum 1. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. Til gjalda sem verðbætur og gengistöp skv. 1. mgr., sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti.

Hvað ekki telst rekstrarkostnaður.

■ **52. gr.** Til rekstrarkostnaðar skv. 31. gr. eða til frádráttar skattskyldum tekjum á einn eða annan hátt er ekki heimilt að telja:

1. Gjafir, nema um sé að ræða kaupauka sem þá telst til endurgjalds fyrir vinnu eða starf.

2. Fjársektir eða önnur viðurlög, hverju nafni sem nefnast, vegna refsiverðs verknaðar skattaðila sjálfs, þar með talið verðmæti upptækra eigna eða greiðslur þess í stað. Enn fremur kostnað, hverju nafni sem nefnist, við öflun ólöglegs upptækis hagnaðar eða tengdan saknæmum brotum.

3. Arð eða vexti af framlögðu fé manns til atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi, hvort heldur reksturinn er á eigin ábyrgð eiganda eða með ótakmarkaðri ábyrgð í sameign með öðrum, sbr. og 2. mgr. 2. gr.

Tekjur og gjöld vegna verðbreytinga.

■ **53. gr.** Hjá lögaðilum skal árlega tekið tillit til þeirra áhrifa sem almennar verðbreytingar hafa á eignir þeirra og skuldir, eftir því sem nánar er ákveðið í grein þessari. Sama á við hjá þeim mönnum er hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi varðandi þær eignir þeirra og skuldir sem rekstrinum eru tengdar.

□ Árlega skal reikna tiltekinn hundraðshluta af mismun eigna þeirra, er um ræðir í 3. mgr., og skulda þeirra, er um ræðir í 4. mgr., og færa þá fjárhæð, er þannig reiknast, til gjalda skv. 1. mgr. 1. tl. 31. gr. séu eignirnar hærri, en til tekna skv. B-lið 7. gr. séu skuldirnar hærri.

□ Til eigna skattaðila við útreikning skv. 2. mgr. teljast allar óverðtryggðar eignir, eignir sem ekki hækka í verði við almennar verðhækkanir svo og þær eignir sem eru verðtryggðar eða hækka í verði við almennar verðhækkanir, en verðtryggingin eða verðhækkunin telst til skattskyldra tekna samkvæmt lögum þessum. Hér til teljast t. d. sjóðseign, innlendar og erlendar bankainnstæður, viðskiptakröfur, viðskiptavíxlar og aðrar skammtímakröfur, skuldabréf og aðrar langtímakröfur, fyrirframgreiðslur og vörubirgðir. Til eigna í þessu sambandi teljast hins vegar ekki verðtryggðar eignir, eignir sem halda verðgildi sínu við almennar verðhækkanir eða eignir sem heimilt er að endurmeta samkvæmt lögum þessum án þess að verðbætur af þeim, hækkun á peningaverði þeirra eða endurmat þeirra teljist til tekna samkvæmt lögum þessum. Til þessara eigna teljast t. d. fyrnanlegar eignir, íbúðarhúsnæði og aðrar ófyrnanlegar fasteignir og eignarhlutar í félögum. Helmingur af matsverði bústofns telst til eigna við útreikning þennan. Niðurfærsla skv. 4. tl. og 2. mgr. 5. tl. 74. gr. skal dregin frá viðkomandi eignum áður en útreikningur fer fram.

□ Til skulda skattaðila skv. 2. mgr. teljast hvers konar skuldir, sbr. 76. gr., en þar með telst þó ekki hlutafé, stofnsjóðir, stofnfé, endurmatsreikningur, varasjóður og aðrir eiginfjárreikningar. Ógreidd hlutafjárloforð og skuldir og inneignir eignaraðila sameignarfélaga, sbr. 3. tl. 2. gr., teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan. Ekki teljast heldur til skulda í þessu sambandi ógreiddar uppbætur á innlagðar afurðir mjólkurbúa og sláturhúsa. Hjá mönnum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast ekki með í þessu sambandi skuldir og inneignir þeirra hjá atvinnurekstrinum og ekki heldur skuldir og eignir þessara aðila sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

□ Þegar heildarskuldir skattaðila skv. 76. gr. eru hærri en heildareignir hans skv. 73. gr. í lok reikningsárs skal sá hluti reiknaðrar tekjufærslu samkvæmt þessari grein falla niður sem umfram er tap ársins og ójöfnuð töp frá fyrri árum. Með tapi ársins er í þessu sambandi átt við skattskyldar tekjur ársins að frádregnum frádráttarbærum gjöldum ársins án tillits til verðbreytingarfærslu. Hjá mönnum, er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er með heildareignum og heildarskuldum í þessari málsgrein átt við allar framtalsskyldar eignir þeirra og skuldir án tillits til þess, hvort þær eru tengdar rekstrinum eða ekki. Til eigna í þessu sambandi telst þó ekki verðmæti íbúðarhúsnæðis til eigin nota og einkabifreiðar allt að 500 000 kr. og til skulda teljast ekki þær skuldir sem sannanlega hafa verið notaðar til öflunar þessara eigna. Fjárhæð í 4. málslið þessarar mgr. er grunnfjárhæð og skal hún hækkuð eða lækkuð árlega samkvæmt verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., í fyrsta skipti við álagningu skatta ársins 1982.

□ Hinn reiknaði hundraðshluti skv. 2. mgr. skal vera jafn hundraðshluta verðbreytinga milli ára, sbr. 26. gr.

□ Verðbreytingarfærslu samkvæmt þessari grein skal reikna í lok hvers reikningsárs og skal miða við stöðu eigna og skulda í lok næst liðins reikningsárs.

IV. kafli. Ýmis ákvæði um tekjur.

Ráðstöfun varasjóðs.

■ **54. gr.** Aðilum sem myndað hafa varasjóð samkvæmt ákvæðum 12. tl. 1. mgr. 31. gr. ber að ráðstafa honum til að mæta yfirfæranlegu rekstrartapi sínu, sbr. 7. tl. 1. mgr. 31. gr. Sama gildir um þann varasjóð sem myndaður hefur verið samkvæmt ákvæðum fyrri skattalaga. Sé varasjóði ráðstafað á annan hátt skal telja þá fjárhæð, sem þannig er ráðstafað, að viðbættu 25% álagi til skattskyldra tekna.

■ **55. gr.** Það telst m. a. skattskyld ráðstöfun á varasjóði ef aðili ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti.

1. Veitir hluthöfum, aðilum samvinnufélaga, eigendum sameignarfélaga eða samlaga, stjórnendum þessara félaga eða aðilum þeim tengdum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins, eða veitir þeim nokkur fríðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun, venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur, eða úttekt af eigin fé (höfuðstól) í sameignarfélagi sem er hærra en svarar til 10% af bókfærðu eigin fé félagsins í byrjun úttektarárs eftir að tekið hefur verið tillit til opinberra gjalda sem álögð eru vegna fyrra árs. Skattalegur varasjóður telst ekki til eigin fjár í þessu sambandi.

2. Kaupir eign á óeðlilega háu verði eða selur eign á óeðlilega lágu verði. Skulu skattyfirvöld þá meta hvað telja skuli eðlilegt kaup- eða söluverð. Mismunur kaupverðs eða söluverðs annars vegar og matsverðs hins vegar telst skattskyld ráðstöfun úr varasjóði.

□ Nú ráðstafar aðili fé úr varasjóði á einhvern þann hátt sem greinir í 1. mgr. og fellur það þá til skattgreiðslu á ráðstöfunarárinu samkvæmt ákvæðum 54. gr., þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok

1981 Nr. 75 14. sept.

tekjuársins að viðbættu 25% álagi skv. 54. gr. Óheimilt er að veita frádrátt frá tekjum skv. 12. tl. 1. mgr. 31. gr. af þessari tekjufærðu fjárhæð.

Sameining félaga.

■ **56. gr.** Sé hlutafélagi slitið þannig að það sé algjörlega sameinað öðru hlutafélagi og hluthafar í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagngjald fyrir hlutafé sitt í félagi því sem slitið var, þá skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem hlutabréfin lét af hendi. Við slíkan samruna hlutafélaga skal það félag, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags sem slitið var.

□ Þegar samvinnufélög sameinast eftir 27. gr. laga nr. 46/1937 skal hið sameinaða félag taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum hinna fyrri félaga.

■ **57. gr.** Sé sameignarfélagi, sem myndað hefur varasjóð skv. 12. tl. 1. mgr. 31. gr., slitið, þannig að það sé algjörlega sameinað öðru slíku sameignarfélagi eða hlutafélagi og eigendur í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu eignarhluta eða hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagngjald fyrir eignarhluta sína í félagi því sem slitið var, þá skulu skiptin sem slík ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann sem lét eignarhluta sinn af hendi og heldur ekki fyrir félag það sem slitið var. Við slíkan samruna félaga skal það félag, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess félags sem slitið var.

□ Ef sameignarfélagi, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, er breytt í hlutafélag þannig að eigendur í fyrrnefnda félaginu fái eingöngu hlutabréf í síðarnefnda félaginu sem gagngjald fyrir eignarhluta sína í félagi því sem slitið var, þá skal þessi breyting ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir eigendur sameignarfélagsins eða félagið sjálft. Við slíka breytingu skal hlutafélagið taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum sameignarfélagsins.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. bera eigendur sameignarfélags, sem slitið er eða breytt er í hlutafélag, ótakmarkaða ábyrgð á greiðslu þeirra opinberu gjalda sem varða reikningsár fyrir slit eða breytingu.

Óvenjuleg skipti í fjármálum.

■ **58. gr.** Ef skattaðilar semja um skipti sín í fjármálum á hátt sem er verulega frábrugðinn því sem almennt gerist í slíkum viðskiptum skulu verðmæti, sem án slíkra samninga hefðu runnið til annars skattaðilans en gera það ekki vegna samningsins, teljast honum til tekna.

□ Kaupi skattaðili eign á óeðlilega háu verði eða selji eign á óeðlilega lágu verði geta skattyfirvöld metið hvað telja skuli eðlilegt kaup- eða söluverð. Mismun kaupverðs eða söluverðs annars vegar og matsverðs hins vegar skal telja til skattskyldra tekna hjá þeim aðila sem slíkra viðskipta nýtur.

Ákvörðun launa við eigin atvinnurekstur.

■ **59. gr.** Ef maður, er starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum, telur sér til tekna af starfi þessu lægri eða hærri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum aðila, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., án þess að skýringar fylgi, skal skattstjóri skriflega skora á framteljanda að láta í té skriflegar skýringar á framtöldu endurgjaldi studda nauðsynlegum gögnum, sbr. 1. mgr. 96. gr. Berist ekki fullnægjandi skýringar eða gögn innan tilskilins tíma skal skattstjóri ákvarða honum endurgjald fyrir starfið. Ríkisskattstjóri skal árlega setja viðmiðunarreglur til leiðbeiningar fyrir skattstjóra varðandi þessa ákvörðun og reglur um framkvæmd greinarinnar að öðru leyti. Ríkisskattstjóri skal miða viðmiðunarreglurnar við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma. Skal hann hafa hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein. Viðmiðunartekjur þeirra, er landbúnað stunda, skulu miðast við vinnuþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða að frádregnum einum þriðja, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem þess ef bændur ná ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis eða annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra. Skattstjóri skal við ákvörðun sína gæta aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Við ákvörðun launa elli- eða örorkulífeyrisþega skal þess gætt, að tap myndist ekki við það á rekstrinum. Við ákvörðunina skal taka tillit til launatekna frá öðrum. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má aldrei mynda tap sem er meira en nemur samanlögðum almennum fyrningum skv. 38. gr. og gjaldfærslu skv. 53. gr.

□ Telji skattyfirvöld að endurgjald fyrir starf maka manns eða barns hans innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., sé hærra en makinn eða barnið hefði aflað hjá óskyldum eða ótengdum aðila skulu þau ákvarða tekjur makans eða barnsins af starfinu.

Tekjutímabil.

■ **60. gr.** Tekjuskatt skal miða við tekjur næsta almanaksár á undan skattákvörðun, nema annað sé venjulegt rekstrarár í atvinnugrein aðila eða hann sýnir, þegar hann telur fram, að hann hafi annað reikningsár. Getur skattstjóri þá veitt honum heimild til að hafa það reikningsár í stað almanaksársins.

□ Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári sem þær verða til, þ. e. þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.

■ **61. gr.** Skattstjóri getur heimilað þeim sem atvinnurekstur stunda eða sjálfstæða starfsemi og selja þjónustu að miða tekjuuppgjör rekstrarins við innborganir vegna seldrar þjónustu, í stað þess að miða við unna og bókfærða þjónustu, í þeim tilvikum sem vinnuþáttur hinnar seldu þjónustu er almennt yfir 70%. Enn fremur getur hann heimilað þeim sem hafa mjög breytilegar tekjur milli ára af framleiðslu og sölu eigin verka, svo sem listaverka, að telja þær tekjur til skattskyldra tekna á fleiri en einu ári. Einnig er skattstjóra heimilt að leyfa sams konar dreifingu á skattlagningu björgunarlauna sem áhafnir skipa, annarra en björgunarskipa, hljóta.

V. kafli. Tekjuskattsstofn.

Almenn ákvæði.

■ **62. gr.** Tekjuskattsstofn er sú fjárhæð sem skattur er reiknaður af og ákveðst þannig:

1. Tekjuskattsstofn manna, sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, telst tekjur samkvæmt II. kafla, eftir því sem við á, að teknu tilliti

til þess frádráttar sem slíkum aðilum er heimilaður skv. 30. gr.

2. Tekjuskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr., telst tekjur samkvæmt II. kafla, að teknu tilliti til þess frádráttar sem þessum aðilum er heimilaður skv. 31. gr.

3. Tekjuskattsstofn manna, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er þessi:

a. Tekjur samkvæmt II. kafla, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 30. gr.

b. Tekjur samkvæmt II. kafla, sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður er frá þeim tekjum, sbr. 31. gr.

Samanlagðar tekjur ákveðnar eftir a- og b-liðum mynda tekjuskattsstofn aðila samkvæmt þessum tölulið. Sé tap á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þannig að b-liður þessa töluliðar verði neikvæður, telst tekjuskattsstofn einungis tekjur samkvæmt a-lið.

Tap af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi er aldrei heimilt að draga frá tekjum sem ekki eru tengdar slíkri starfsemi, en heimilt er að yfirfæra það skv. 7. tl. 1. mgr. 31. gr. og draga það frá hagnaði sem síðar kann að myndast í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi aðila.

Tekjuskattsstofn hjóna og barna.

■ **63. gr.** Hjón sem samvistum eru skulu telja fram tekjur sínar sem hér segir:

1. Hvoru hjóna um sig ber að telja fram tekjur sínar skv. A-lið 7. gr. Frá þessum tekjum skal síðan draga frádrátt skv. A- og C-liðum 1. mgr. 30. gr. svo og D-lið 1. mgr. þeirrar greinar eða fastan frádrátt skv. 2. mgr. sömu greinar velji hjónin þá frádráttarreglu.

2. Tekjur hjóna skv. C-lið 7. gr. skal leggja saman og telja til tekna hjá því hjóna sem hærri hefur hreinar tekjur skv. 1. tl. þessarar greinar. Ekki skiptir máli hvort tekjurnar eru af séreign samkvæmt kaupmála eða hjúskapareign. Frá tekjum þess hjóna skal síðan draga frádrátt skv. B-lið 1. mgr. 30. gr. svo og frádrátt skv. E-lið 1. mgr. 30. gr. velji hjón ekki fastan frádrátt skv. 2. mgr. þeirrar greinar.

3. Hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr. og 31. gr., skal telja hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum og skulu þær skattlagðar með öðrum tekjum þess, sbr. ákvæði 3. tl. 62. gr.

Þegar atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi er háð sérþekkingu eða persónubundnum rekstrarleyfum skulu hreinar tekjur af rekstrinum taldar hjá því hjóna sem sérþekkinguna eða leyfið hefur. Starfi hjón sameiginlega að atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og hafi bæði þá sérþekkingu eða leyfi sem krafist er, eða sé slíkrar sérþekkingar eða leyfa ekki krafist, skal skipta hreinum tekjum af rekstrinum í hlutfalli við vinnuframlag hvors um sig og telja til tekna hjá hvoru hjóna. Geri hjón ekki fullnægjandi og rökstudda grein fyrir vinnuframlagi hvors um sig eða þyki skýrslur þeirra tortryggilegar skulu skattyfirvöld áætla skiptingu hreinna tekna af atvinnurekstrinum eða hinni sjálfstæðu starfsemi.

Um meðferð á tapi af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi fer eftir sömu reglum og gilda um hreinar tekjur, sbr. 1. og 2. mgr. þessa töluliðs.

□ Nemi heildarfrádráttur, er um ræðir í 1. og 2. tl. 1. mgr., hærri fjárhæð hjá öðru hjóna en tekjur þær, er um ræðir í 1., 2. og 3. tl. 1. mgr., skal það, sem umfram er, dregið frá tekjum hins hjóna við álagningu.

□ Karl og kona, sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt á að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

■ **64. gr.** Þeir skattaðilar sem uppfylla skilyrði 63. gr. aðeins hluta úr ári, t. d. vegna stofnunar eða slita hjúskapar á árinu, slita á samvistum eða andláts maka, skulu telja fram tekjur sínar á þeim tíma sem umrædd skilyrði voru uppfyllt í samræmi við ákvæði 63. gr. og skulu skattlagðir sem hjón þann tíma. Tekjur á öðrum tíma ársins skal telja fram hjá þeim, sem þær hafði, sem einstaklingi, og skattleggja þær samkvæmt því. Um útreikning tekjuskatts og ónýtts persónuafsláttar fer eftir ákvæðum 2. mgr. 70. gr., en tímamörk skulu miðast við þann dag sem til hjúskapar var stofnað eða skilnaður eða sambúðarslit fóru fram eða maki andaðist. Þeim sem gengið hafa í hjúskap á árinu eða uppfyllt hafa skilyrði 3. mgr. 63. gr. er þó jafnan heimilt að telja fram allar tekjur sínar á árinu sem hjón í samræmi við ákvæði 63. gr. og fer þá um álagningu tekjuskatts og ákvörðun ónýtts persónuafsláttar samkvæmt því. Á sama hátt er eftirlifandi maka heimilt að telja fram allar tekjur sínar og hins látna maka á andlátsári hans í samræmi við ákvæði 63. gr. Þá er hjónum sem slíta hjúskap eða samvistum á árinu heimilt að telja fram allar tekjur sínar á því ári hvoru í sínu lagi.

□ Sé svo ástatt hjá hjónum að annar hvor makanna er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal sá maki sem skattskyldur er hér á landi skattlagður sem einstaklingur. Til tekna hjá honum skal telja allar sérafla- og séreignatekjur hans í samræmi við ákvæði um ótakmarkaða skattskyldu hér á landi að viðbættu sannanlegu framfærslufé frá hinum makanum. Sé eigi unnt að færa sönnur á slíkt framfærslufé skal skattyfirvöldum heimilt að áætla sanngjarnt og hæfilegt framfærslufé með hliðsjón af öllum aðstæðum hjónanna.

□ Barnabætur skv. 69. gr. skulu skiptast milli þeirra aðila sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar og miðast við tímabil framfærsluskyldu. Sá aðili sem um er rætt í 2. mgr. þessarar greinar skal njóta helmings barnabóta skv. 1. mgr. 69. gr., eftir því sem við á.

■ **65. gr.** Tekjur barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., skulu teljast með tekjum þess foreldris sem hærri hefur hreinar tekjur skv. 1. tl. 1. mgr. 63. gr. ef foreldrar þess eru skattlagðir sem hjón en ella með tekjum þess foreldris eða manns sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. 69. gr.

□ Þær tekjur barns sem um ræðir í 1. tl. A-liðs 7. gr. að frádregnum frádrætti skv. 2.—5. tl. A-liðs svo og 1. og 2. tl. C-liðs og D-lið 1. mgr. 30. gr. skulu þó skattlagðar sérstaklega hjá því í samræmi við ákvæði 2. mgr. 67. gr.

1981 Nr. 75 14. sept.

Heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni.

■ **66. gr.** Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.
3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignartjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
7. ...[1)]

□ Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett af ríkisskattstjóra. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum, sem skattstjórar veita samkvæmt þessari grein, og sjá til þess að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt.

[1)] *L. 21/1983, 3. gr.*

VI. kafli. Tekjuskattsútreikningur, afslættir og barnabætur.

Skattstigi manna.

■ **67. gr.** Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 32 413,79 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 25%, af næstu 29 655,17 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 35% en af tekjuskattsstofni yfir 62 068,96 kr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

□ Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

Persónuafsláttur.

■ **68. gr.** Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 5248,28 kr.

□ Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða eignarskatt hans á gjaldárinu og síðan sjúkratryggingagjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur sem enn er óráðstafað fellur niður, nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr., og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar sem þá verður enn óráðstafað fellur niður.

1981 Nr. 75 14. sept.

Barnabætur.

■ **69. gr.** Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 1500 kr. með fyrsta barni, en 2150 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó vera 2800 kr. með hverju barni án tillits til barnafjölda. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 650 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

□ Fjárhæð barnabóta skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis á tekjuárinu vegna barnsins.

□ Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregnar greiðslur eftirtalinna opinberra gjalda framfærandans í þessari forgangsröð:[1)]

1. Tekjuskatts sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Útsvars sem á er lagt vegna tekjuársins.
5. Aðstöðugjalds sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldins útsvars og aðstöðugjalds frá fyrri árum.
7. Annarra gjalda eða skatta en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

□ Framfærandi samkvæmt þessari grein telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

□ Hjón sem skattlögð eru samkvæmt 63. gr. teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr., enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

□ Fyrir barn, sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu, skal einungis greiða barnabætur í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

□ Þar sem innheimta þinggjalda og gjalda til sveitarsjóðs er sameiginleg er fjármálaráðherra heimilt með reglugerð að kveða svo á að þinggjöld og gjöld til sveitarsjóðs skuli vera samhliða í forgangsröðinni.

[1)] *Sjá og rg. 771/1982.*

Tekjuskattur manna sem heimilisfastir eru á Íslandi hluta úr ári o. fl.

■ **70. gr.** Hjá manni sem hefur tekjur sem um ræðir í 5. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. skal við álagningu tekjuskatts á aðrar tekjur hans nota það skattþrep sem beita skyldi ef hann hefði ekki notið frádráttar sem þar um ræðir.

□ Í tekjuskattsstofn manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. en hafa einungis verið heimilisfastir hér á landi hluta tekjuársins, skal deila með fjölda dvalarmánaða

þeirra hér á landi á árinu og margfalda síðan þá útkomu með 12. Tekjuskattur skal síðan reiknast skv. 67. gr. af þannig reiknuðum tekjuskattsstofni, að teknu tilliti til 68. gr., eins og um væri að ræða menn heimilisfasta hér á landi allt árið. Í þá fjárhæð skal deila með 12 og margfalda útkomu með fjölda dvalarmánaða þeirra hér á landi á árinu. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, skal vera endanlega ákvarðaður og álagður tekjuskattur eða ákvarðaður ónýttur persónuafsláttur.

□ Dvalarmánuði skal telja í heilum mánuðum. Brot úr mánuði skal teljast sem heill mánuður.

Tekjuskattur aðila með takmarkaða skattskyldu.

■ **71. gr.** Tekjuskatt aðila, sem skattskyldir eru skv. 3. gr., skal ákvarða sem hér segir:

1. Tekjuskatt manna, sem um ræðir í 1. tl. 3. gr., skal ákvarða á sama hátt og um er rætt í 2. mgr. 70. gr. Sama gildir ef um ónýttan persónuafslátt er að ræða.

2. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 2., 3. og 7. tl. 3. gr., skal nema 35% af tekjuskattsstofni þeirra. Þessi hundraðshluti reiknast m. a. af launum eða þóknunum til listamanna og annarra þeirra, sem fram koma í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni, en með launum og þóknunum teljast hvers konar hlunnindi, þar með talinn flutningur að og frá landinu hafi móttakandi ekki greitt hann sjálfur. Eigi skiptir máli hvort aðili kemur fram á eigin vegum eða í nafni annars aðila, eða hvort greiðsla er frá innlendum eða erlendum aðila.

Sá aðili sem kemur fram í atvinnuskyni til skemmtunar eða keppni, sbr. 1. mgr. þessa töluliðar, án ákveðinna launa eða þóknunar, en nýtur í þess stað afraksturs af slíkri starfsemi, skal greiða 20% tekjuskatt af heildartekjum af slíku starfi án nokkurs frádráttar.

3. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 4., 5., 6. og 8. tl. 3. gr., skal, ef um mann er að ræða, reiknast af tekjuskattsstofni skv. 1. mgr. 67. gr. Tekjuskatt lögaðila, sbr. 3. gr., skal reikna skv. 72. gr.

Tekjuskattsstofn erlendra vátryggingafélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldatekna af allri starfsemi þeirra.

Tekjuskattur lögaðila.

■ **72. gr.** Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 65% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

VII. kafli. Eignarskattur.

Skattskyldar eignir.

■ **73. gr.** Til skattskyldra eigna skal telja allar fasteignir, lausafé og hvers konar önnur verðmæt eignarréttindi, með þeim takmörkunum sem um ræðir í 75. gr., og skiptir ekki máli hvort eignirnar gefa af sér arð eða ekki.

■ **74. gr.** Við mat skattskyldra eigna gilda eftirfarandi reglur:

1. Allar fasteignir, hverju nafni sem nefnast, skal telja til eignar á gildandi fasteignamatsverði. Sé fasteignamatsverð ekki fyrir hendi skal eignin talin til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum fengnum fyrningum og að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr., eða á áætluðu fasteignamatsverði sambærilegra eigna, hvort sem hærra er. Skattstjóri skal áætla fasteignamatsverð í þessu sambandi með hliðsjón af gildandi ákvæðum um fasteignamat.

Eiganda leigulóðar skal talið afgjaldskvaðarverðmæti hennar til eignar en leigjanda skal talinn til eignar mismunur fasteignamatsverðs og afgjaldskvaðarverðmætis.

2. Búpening skal telja til eignar svo sem hann væri framgenginn að vori næst á eftir, með verði er ríkisskattstjóri ákveður til eins árs í senn.

3. Lausafé, þar með talin skip og loftför, telst til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum heimiluðum og notuðum fyrningum og að teknu tilliti til endurmats samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV og verðbreytinga eftir árið 1979 skv. 26. gr.

Lausafé manna, sem ekki er heimilt að fyrna og ekki er notað í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, skal telja til eignar á upphaflegu kaup- og kostnaðarverði án endurmats.

4. Vörubirgðir verslana og framleiðsluaðila, þar með taldar rekstrarvörubirgðir, svo sem hráefni, eldsneyti, veiðarfæri og vörur á framleiðslustigi, skal telja til eignar á kostnaðar- eða framleiðsluverði eða dagverði í lok reikningsárs, að frádregnum afföllum á gölluðum og úreltum vörum. Þó skal heimilt að draga allt að 10% frá þannig reiknuðu matsverði.

5. Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess. Sama gildir um stofnsjóðsinneignir hjá samvinnufélögum og stofnfjáreignir í sameignarfélögum. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól. Séu hlutabréf eða önnur verðbréf skráð á opinberu kaupþingi skal telja þau til eignar á kaupþingsverði síðasta kaupþingsdags fyrir lok reikningsárs.

Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól í lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi viðskiptaskulda er þó heimilt að draga allt að 5% og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast hafa vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því að til þeirra var stofnað.

6. Erlenda peninga, innstæður og kröfur skal telja til eignar á kaupgengi í árslok.

7. Réttindi til stöðugra tekna skal telja til eignar eftir því endurgjaldi sem hæfilegt væri fyrir þau í lok hvers árs. Skattstjóri getur metið verð þessara réttinda.

Hvað ekki telst til eignar.

■ **75. gr.** Til eignar, sbr. 73. gr., telst ekki:

1. Skilyrt fjárréttindi, svo sem réttur til líftryggingarfjár sem ekki er fallið til greiðslu.

2. Réttur til eftirlauna, lífeyris, framfærslu eða annarra slíkra tímabilsgreiðslna sem bundinn er við einstaka menn.

3. Réttur til leigulauss bústaðar og hliðstæð afnotaréttindi, sbr. þó 2. mgr. 1. tl. 74. gr.

4. Til eignar hjá mönnum telst ekki fatnaður til einkanota, húsgögn, húsmunir, bækur og munir sem hafa persónulegt gildi.

5. Eigin hlutabréf hlutafélags, sbr. 1. tl. 1. mgr. 2. gr.

Frádráttur frá eignum.

■ **76. gr.** Frá eignum, sbr. 73. gr., skal draga skuldir skattaðila. Með skuldum í þessu sambandi teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól þeirra. Skuldir í erlendum verðmæli skal telja á sölugengi í árslok. Til skulda teljast öll opinber gjöld er varða viðkomandi reikningsár, þó ekki þau gjöld sem lögð eru á tekjur eða hreina eign á næsta ári eftir lok reikningsárs.

□ Frá eignum aðila, sem um ræðir í 4. tl. 3. gr., má einungis draga skuldir sem beint eru tengdar starfsemi þeirra hér á landi.

□ Frá eignum aðila, sem um ræðir í 5.—8. tl. 3. gr., má einungis draga skuldir sem á eignum þessum hvíla.

■ **77. gr.** Lögaðilum skv. 2. gr. er heimilt að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., hlutafé, stofnsjóði og nafnskráð stofnfé.

■ **78. gr.** Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr. innstæður sínar í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, svo og verðbréf, sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, að því marki sem innstæður þessar og verðbréf eru umfram skuldir, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Tímaviðmiðun eignarskattsstofns.

■ **79. gr.** Eignarskatt skal miða við eignarskattsstofn skattaðila í árslok. Þó mega þeir, er með leyfi skattstjóra nota annað reikningsár en almanaksár, telja fram eignir sínar í lok þess reikningsárs síns sem er næst á undan skattálagningu.

Eignarskattsstofn.

■ **80. gr.** Eignarskattsstofn eru þær eignir, sem eftir verða, þegar frá verðmæti eigna, sem um ræðir í 73. gr., hafa verið dregnar fjárhæðir, sem um ræðir í 76., 77. og 78. gr., eftir því sem við á.

□ [Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun eignarskattsstofns hans þegar svo stendur á sem í 9. tl. A-liðs 1. mgr. 30. gr. og 1. tl. 1. mgr. 66. gr. greinir, enda hafi gjaldþol mannsins skerst verulega af þeim ástæðum.][1] Eignarskattsstofn skal ákvarða í heilum tugum króna og sleppa því sem umfram er.

[1] *L. 21/1983, 4. gr.*

■ **81. gr.** Hjón sem samvistum eru, sbr. 5. gr., skulu telja saman allar eignir sínar og skuldir og skiptir ekki máli þótt um sé að ræða séreign eða skuldir tengdar henni. Eignarskattsstofni skal skipta að jöfnu milli þeirra og reikna eignarskatt af hvorum helmingi fyrir sig skv. 83. gr. Karl og kona, sem búa saman í óvígðri sambúð og eiga sameiginlegt lögheimili, eiga rétt til að telja fram og vera skattlögð sem hjón, sem samvistum eru, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. tvö ár, enda óski þau þess bæði skriflega við skattyfirvöld.

■ **82. gr.** Eignir barns, sem er innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sbr. 6. gr., teljast með eignum foreldra eða hjá þeim manni sem nýtur barnabóta vegna barnsins, sbr. 69. gr. Gilda ákvæði 78. gr. einnig um þar greindar eignir barns.

Eignarskattsútreikningur.

■ **83. gr.** Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 150 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns sem umfram er greiðist 1,2%.

■ **84. gr.** Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr., skal vera 1,2% af eignarskattsstofni.

VIII. kafli. Skattumdæmi, skattstjórar, ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattanefnd o. fl.

Skattumdæmi.

■ **85. gr.** Á landinu skulu vera þessi skattumdæmi:

1. Reykjavíkurumdæmi; nær yfir Reykjavíkurborg.
2. Vesturlandsumdæmi; nær yfir Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
3. Vestfjarðaumdæmi; nær yfir Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað og Strandasýslu.
4. Norðurlandsumdæmi vestra; nær yfir Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
5. Norðurlandsumdæmi eystra; nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstað.
6. Austurlandsumdæmi; nær yfir Múlasýslur, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
7. Suðurlandsumdæmi; nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.
8. Vestmannaeyjaumdæmi; nær yfir Vestmannaeyjakaupstað.
9. Reykjanesumdæmi; nær yfir Gullbringusýslu, Kjósarsýslu, Seltjarnarneskaupstað, Kópavogskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað og Keflavíkurflugvöll.

□ Fjármálaráðherra ákveður aðsetur skattstjóra í hverju umdæmi. Þá getur fjármálaráðherra, ef sérstaklega stendur á, ákveðið önnur mörk milli einstakra skattumdæma en í 1. mgr. segir.

Skattstjórar.

■ **86. gr.** Tekju- og eignarskattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjórum, en þeir eru einn í hverju skattumdæmi. Fjármálaráðherra skipar skattstjóra. Engan má skipa skattstjóra nema hann uppfylli eftirgreind skilyrði:

1. Hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.
2. Sé lögráða og hafi forræði fjár síns.
3. Sé íslenskur ríkisborgari.
4. Hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði eða sé löggiltur endurskoðandi. Víkja má þó frá ákvæði þessa töluliðar ef maður hefur aflað sér víðtækrar sérmenntunar eða sérþekkingar um skattalöggjöf og framkvæmd hennar eða hefur áður verið skipaður skattstjóri.

Umboðsmenn skattstjóra.

■ **87. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að skipa umboðsmann skattstjóra utan aðseturs skattstjóra. Hreppstjóra, sveitarstjóra, bæjarstjóra og oddvita er skylt að gegna störfum umboðsmanns sé þess óskað.

1981 Nr. 75 14. sept.

□ Fjármálaráðherra skal gefa út erindisbréf fyrir umboðsmenn.

Ríkisskattstjóri o. fl.

■ **88. gr.** Fjármálaráðherra skipar ríkisskattstjóra. Engan má skipa í það embætti nema hann fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í 86. gr., um embættisgengi skattstjóra.

□ Þá skipar fjármálaráðherra vararíkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra. Fullnægja skulu þeir hinum sömu skilyrðum um embættisgengi og ríkisskattstjóri.

Ríkisskattanefnd.

■ **89. gr.** Fjármálaráðherra skipar sex menn í ríkisskattanefnd og hefur nefndin aðsetur í Reykjavík og skulu tveir nefndarmanna hafa nefndarstörfin að aðalstarfi og fer um heimild þeirra til að gegna öðrum störfum eftir 2. mgr. 34. gr. laga nr. 38/1954. Fjármálaráðherra skipar annan þessara manna formann nefndarinnar, en hann skal fullnægja skilyrðum til að verða skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn skulu hafa lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, vera löggiltir endurskoðendur eða hafa aflað sér sérmenntunar í skattarétti og skattamálum. Um skipunartíma þeirra tveggja nefndarmanna, sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi, fer eftir almennum reglum um skipun opinberra starfsmanna, sbr. 4. gr. laga nr. 38/1954. Aðrir nefndarmenn skulu skipaðir til sex ára í senn.

□ Ríkisskattanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um ákvörðun skattstofna og skatta eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Þrír nefndarmenn skulu úrskurða í hverju máli eftir nánari ákvörðun formanns nefndarinnar. Jafnan skal annar hinna fastráðnu nefndarmanna taka þátt í úrlausn hvers máls og ætíð skal löglærður nefndarmaður úrskurða í hverju máli.

□ Eigi má maður taka þátt í meðferð máls ef honum bæri að víkja sæti í því sem dómari samkvæmt lögum um meðferð einkamála í héraði.

IX. kafli. Framtöl og skýrslugjafir.

Framtals- og skattlagningarstaður.

■ **90. gr.** Menn, sem um ræðir í 1. gr., skulu telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuári. Þó skulu menn, sem um ræðir í 2. tl. 1. gr., telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir áttu síðast lögheimili fyrir brottflutningsdag. Þá skulu þeir, er um ræðir í 4. tl. 1. gr., telja fram og vera skattlagðir þar sem skip þeirra eða loftfar er skrásett.

□ Aðilar, sem um ræðir í 2. gr., skulu telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir eiga heimili, en heimili þeirra telst þar sem þeir eru skráðir, telja heimili sitt samkvæmt samþykktum sínum eða þar sem raunveruleg stjórn þeirra er. Dánarbú, þrotabú og önnur bú undir skiptum skulu telja fram og skattleggjast þar sem skipti fara fram.

□ Aðilar sem hér eru skattskyldir skv. 3. gr. skulu telja fram og vera skattlagðir þar sem þeir eiga eignir eða hafa tekjur.

□ Megi samkvæmt framangreindu skattleggja skattaðila á fleiri stöðum en einum eða sé annars vafi á hvar skattaðili skuli skattlagður skal ríkisskattstjóri skera úr.

Skattframtöl.

1981 Nr. 75 14. sept.

■ **91. gr.** Allir, sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla laga þessara, svo og þeir sem telja sig undanþegna skattskyldu skv. 5. tl. 4. gr., skulu afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skriflega skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður þar sem greindar eru að viðlögðum drengskap tekjur á síðastliðnu ári og eignir í árslok, svo og önnur atriði sem máli skipta við skattálagningu. Skýrslu bókhaldsskyldra aðila skal fylgja ársreikningur í samræmi við ákvæði bókhaldslaga ásamt þeim breytingum sem nauðsynlegar kunna að vera til samræmis við ákvæði skattalaga. Skýrslu þeirra sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, en ekki eru bókhaldsskyldir samkvæmt ákvæðum bókhaldslaga, skal enn fremur fylgja rekstrar- og efnahagsreikningur.

□ Framtalsskyldan hvílir á hverjum manni. Fjárhaldsmenn skulu telja fram fyrir þá sem ekki eru fjárráða. Erfingjar skulu telja fram fyrir bú sem er undir einkaskiptum. Skiptaráðendur og skiptaforstjórar skulu telja fram fyrir þrotabú, dánarbú og önnur bú er þeir hafa undir skiptum. Skattframtölin skulu undirrituð af framteljendum. Ef um bókhaldsskylda aðila er að ræða skal ársreikningurinn, sbr. 1. mgr., undirritaður af sömu aðilum.

□ Framtalsskyldan hvílir á stjórnum lögaðila. Sé um bókhaldsskylda aðila að ræða skal framtalinu fylgja ársreikningur, sbr. 1. mgr., undirritaður af stjórninni. Í skráðum félögum er nægilegt að jafnmargir stjórnarmenn og binda félagið undirriti ársreikninginn.

□ Ef skattaðili er búsettur erlendis, dvelur erlendis eða getur af öðrum ástæðum eigi talið fram sjálfur er honum heimilt að veita manni, er lögheimili hefur hér á landi, umboð til að gera framtal og undirrita það og skal þá skriflegt umboð fylgja.

□ Nú er framtalsskyldur maður að mati skattstjóra ófær um að gera framtal sitt sökum hrumleika, sjúkdóms eða annarra hliðstæðra ástæðna og skal þá skattstjóri eða umboðsmaður hans veita honum aðstoð til þess, en framteljandi skal láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn. Sá er aðstoð veitir skal rita á skattframtalið yfirlýsingu um að hann hafi aðstoðað við gerð þess.

Launaskýrslur o. fl.

■ **92. gr.** Allir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða þeim endurgjald fyrir starfa, þar með talin ágóðaþóknun, ökutækjastyrkur, húsaleigustyrkur og hvers konar önnur fríðindi og hlunnindi, eftirlaun, biðlaun og lífeyrir, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur þessar ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Ef framangreindar greiðslur eru inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila og sá, er unnið var fyrir, getur eigi látið umkrafðar upplýsingar í té, hvílir skýrslugjafarskyldan á milligönguaðilanum.

□ Allir, sem hafa á leigu eða hafa afnot gegn gjaldi af fasteign, námurétti eða veiðirétti, lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur vegna leigunnar eða afnotanna ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

□ Skylt er móttakanda greiðslu samkvæmt þessari

grein að sýna greiðanda nafnskírteini sitt, en á greindum skýrslum skal nafnnúmers móttakanda getið.

☐ Ríkisskattstjóri getur ákveðið almenna skyldu til að afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu ókeypis og í því formi sem hann ákveður um önnur atriði sem máli skipta varðandi álagningu skatta samkvæmt lögum þessum, svo sem um greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu, kaup og sölu á hráefnum og afurðum, hlutafé og arð, stofnfé og stofnfjárvexti og vinninga í happdrætti og keppni.

Framtalsfrestur.

■ **93. gr.** Framtalsskyldir menn, sbr. 90. gr., sem eigi hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 10. febrúar ár hvert. Skattstjóra er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita frest til að skila framtali, þó ekki lengur en til febrúarloka.

☐ Framtalsskyldir menn, sbr. 90. gr., sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skulu skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 15. mars ár hvert. Skattstjóri getur veitt þessum aðilum skilafrest til 15. apríl.

☐ Framtalsskyldir lögaðilar skulu skila framtali til skattstjóra eða umboðsmanns hans eigi síðar en 31. maí ár hvert.

☐ Þeir menn sem skattskyldir eru hér á landi samkvæmt 1. tl. 3. gr. og eru á förum úr landi skulu skila framtali til skattstjóra eigi síðar en viku fyrir brottför sína.

☐ Ríkisskattstjóri skal eigi síðar en 1. janúar ár hvert ákveða hvenær skila skuli gögnum er um ræðir í 92. gr.

Upplýsingaskylda og eftirlitsheimildir.

■ **94. gr.** Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila, sem beiðninni er beint til, eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með henni.

☐ Vegna skatteftirlits samkvæmt lögum þessum getur skattstjóri, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og menn, sem þeir fela skatteftirlitsstörf, krafist þess að framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og bókhaldsgögn, svo og önnur gögn er varða reksturinn, þar með talin bréf og samningar. Enn fremur hafa þessir aðilar aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Sömu heimildir hefur skattrannsóknarstjóri vegna rannsókna skv. 102. gr.

☐ Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri hafa enn fremur heimildir þær er um getur í 2. mgr. þessarar greinar gagnvart þeim aðilum sem ekki eru framtalsskyldir, svo sem öllum stofnunum, bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum.

☐ Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri þá leitað um hann úrskurðar sakadóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

X. kafli. Álagning, kærur o. fl.

Álagning.

■ **95. gr.** Þegar framtalsfrestur er liðinn skal skattstjóri leggja tekjuskatt og eignarskatt á skattaðila samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar reikningsskekkjur. Enn fremur getur skattstjóri leiðrétt fjárhæðir einstakra liða ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli skattyfirvalda, svo og einstaka liði framtals ef telja má að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattaðila viðvart um slíkar breytingar. Þá skal skattstjóri ákvarða um ívilnanir skv. 66. gr.

☐ Telji skattaðili eigi fram innan tilskilins framtalsfrests, sbr. 93. gr., skal skattstjóri áætla tekjur hans og eign svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru og ákvarða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. 106. gr.

■ **96. gr.** Komi í ljós fyrir eða eftir álagningu að framtal eða einstakir liðir þess eða fylgigögn séu ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt eða ófullnægjandi undirrituð eða skattstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði, skal hann skriflega skora á framteljanda að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn, þar með talið bókhald og bókhaldsgögn, sem skattstjóri telur þörf á að fá. Fái skattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma leggur hann skatt á eða endurákvarðar skattinn samkvæmt framtali og fengnum skýringum og gögnum, sbr. þó 106. gr. Ef eigi er bætt úr annmörkum á framtali, svar frá framteljanda berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir, send gögn eru ófullnægjandi eða tortryggileg eða bókhald og önnur gögn, sem skattframtal byggist á, verða ekki talin nægilega örugg heimild um atvinnurekstur eða starfsemi, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattaðila svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru og ákvarða eða endurákvarða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó 106. gr.

☐ Hafi skattaðili eigi talið fram til skatts og álagning skatta því byggð á áætlun, en síðar kemur í ljós að áætlun hefur verið of lág, skal áætla honum skattstofna að nýju og reikna skatta hans í samræmi við það. Á sama hátt skal ákvarða eða endurákvarða skattaðila skatt ef í ljós kemur að honum hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum eða ef ekki hefur verið lagt á skattaðila. Séu skattar endurákvarðaðir samkvæmt þessari málsgrein skal gæta ákvæða 1. mgr. þessarar greinar, sbr. einnig 106. gr., eftir því sem við á.

☐ Sé framtali breytt fyrir álagningu með stoð í 1. mgr. þessarar greinar skal skattstjóri tilkynna skattaðila eða þeim, sem framtalsskyldan hvílir á, skriflega um breytingarnar, þar með talin áætlun, og af hvaða ástæðum þær eru gerðar. Sé ekki kunnugt um dvalarstað skattaðila, framteljanda eða umboðsmanns hans má þó skattstjóri gera breytingar án þess að tilkynna um þær.

☐ Sé gerð breyting á framtali eða sköttum eftir álagningu eða fari fram ný skattákvörðun, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal gæta ákvæða 3. mgr. eftir því sem við á og senda tilkynningu um breytinguna í ábyrgðar-

bréfi. Tilkynning um skattbreytingu skal þó eigi send viðkomandi innheimtumanni fyrr en að loknum kærufresti til skattstjóra eða að loknum úrskurði kæru, hafi breytingin verið kærð, sbr. 99. gr. Samrit tilkynningar til innheimtumanns ríkissjóðs skal sent til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

☐ Hafi skattstjóri grun um að veruleg skattsvik hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra sem ákveður hver annast skuli rannsókn í málinu.

■ **97. gr.** Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 96. gr. nær til skatts vegna tekna og eigna síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram.

☐ Hafi skattaðili látið í té í framtali sínu eða fylgigögnum þess fullnægjandi upplýsingar, sem byggja mátti rétta álagningu á, er þó eigi heimilt að endurákvarða honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram þótt í ljós komi að álagning hafi verið of lág.

■ **98. gr.** Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skv. 95. gr. og eftir því sem við á skv. 3. mgr. 96. gr. og skulu skattstjórar þá semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir skv. lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m. a. í Lögbirtingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggi frammi. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

☐ Þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 99. gr., skulu skattstjórar semja og leggja fram skattskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu en í henni skal tilgreina álagðan tekjuskatt og eignarskatt hvers gjaldanda og aðra skatta eftir ákvörðun ríkisskattstjóra. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar skattskrá liggur frammi.

Kærur til skattstjóra.

■ **99. gr.** Nú telur skattaðili skatt sinn eða skattstofn, þar með talin rekstrartöp, eigi rétt ákveðinn og getur hann þá sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 30 daga frá og með dagsetningu auglýsingar skattstjóra um að álagningu skv. 1. mgr. 98. gr. sé lokið eða innan 30 daga frá og með póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun. Skattframtal, sem berst eftir lok framtalsfrests, en áður en álagningu er lokið skv. 1. mgr. 98. gr., skal tekið sem kæra til skattstjóra hvort sem skattaðili kærir skattákvörðun eða ekki. Innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests skal skattstjóri hafa úrskurðað kærur. Úrskurðir skattstjóra skulu rökstuddir og sendir kærendum í ábyrgðarbréfi. Samrit úrskurða skulu þegar í stað send ríkisskattstjóra. Breytingar á skatti skal jafnframt senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

☐ Úrskurðir skulu uppkveðnir og undirritaðir af skattstjóra eða af þeim starfsmönnum hans sem fengið hafa sérstaka heimild ríkisskattstjóra til þess starfs.

Kærur til ríkisskattanefndar.

■ **100. gr.** Úrskurði skattstjóra, sbr. 99. gr., má skjóta til ríkisskattanefndar. Kærufrestur skattaðila til ríkisskattanefndar skal vera 30 dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra.

☐ Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurði skattstjóra til ríkisskattanefndar á næstu þremur mánuðum eftir dagsetningu úrskurðar skattstjóra.

☐ Kærur skulu vera skriflegar og studdar þeim gögnum sem kærandi telur nauðsynleg.

☐ Ríkisskattanefnd skal tafarlaust senda ríkisskattstjóra endurrit kæru skattaðila ásamt endurriti af þeim gögnum sem kunna að fylgja kæru hans. Hafi ríkisskattstjóri kært úrskurð skattstjóra, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal ríkisskattanefnd senda skattaðila endurrit kæru ásamt gögnum, sem henni kunna að hafa fylgt, og gefa honum kost á, innan hæfilegs frests, að koma fram með andsvör sín og gögn.

☐ Ríkisskattstjóri skal koma fram fyrir hönd fjármálaráðherra gagnvart ríkisskattanefnd. Hann skal rökstyðja kröfur sínar og rita greinargerð í málum að því marki sem hann telur ástæðu til. Greinargerð skal hann hafa sent ríkisskattanefnd innan mánaðar frá því að honum barst málið.

☐ Skattaðila er heimilt að krefjast þess að hann eða umboðsmaður hans með skriflegu umboði fái að flytja mál sitt fyrir ríkisskattanefnd. Ríkisskattanefnd getur einnig ákveðið sérstakan málflutning ef mál er flókið eða hefur að geyma vandasöm úrlausnarefni. Málflutningur má vera munnlegur ef ríkisskattanefnd ákveður. Um málflutning skulu gilda almennar reglur um málflutning fyrir héraðsdómi, eftir því sem við á. Í þessum málum er nefndin ekki bundin við þau tímatakmörk um afgreiðslu máls sem sett eru í 8. mgr.[1)] þessarar greinar.

☐ Nú telur nefndin mál ekki nægilega upplýst og getur hún þá beint til málsaðila að afla frekari gagna eða upplýsinga máli til skýringar.

☐ Berist ríkisskattanefnd kæra og hún er rökstudd með skattframtali, sem ekki hefur sætt efnisúrlausn hjá skattstjóra, getur nefndin sent kæruna til skattstjóra til uppkvaðningar kæruúrskurðar að nýju. Nefndin skal tilkynna skattaðila, umboðsmanni hans og ríkisskattstjóra um þá ákvörðun. Skattstjóri skal hafa kveðið upp kæruúrskurð í slíku máli innan 30 daga frá því honum barst það til meðferðar.

☐ Ríkisskattanefnd skal hafa lagt úrskurði á allar kærur sex mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir nefndarinnar skulu rökstuddir þannig, að aðilar megi sjá á hvaða kæruatriðum og skattheimildum skattstofn eða álagning sé byggð. Breytingar á gjöldum skal tilkynna innheimtumanni skattsins og ríkisskattstjóra. Afrit úrskurða skal ríkisskattanefnd senda viðkomandi skattaðilum, skattstjóra og ríkisskattstjóra.

☐ Ríkisskattanefnd skal gefa út úrskurði nefndarinnar árlega. Heimilt er að stytta úrskurði í útgáfu þessari, en tryggt skal að úrskurðir, sem almennt gildi hafa, birtist þar.

☐ Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður

um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má bera undir dómstóla.

☐ Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur um gjöld sem skattstjórar leggja á samkvæmt ákvæ" ım laga um þau efni. Gilda ákvæði þau, sem að framan eru rakin, um slíkar kærur, eftir því sem við á. Ríkisskattstjóri skal koma fram gagnvart ríkisskattanefnd fyrir hönd gjaldkrefjanda.

[1])*Nú 9. mgr., sbr. 25. gr. l. 25/1981.*

XI. kafli. Ýmis ákvæði um skattyfirvöld.

Ríkisskattstjóri.

■ **101. gr.** Ríkisskattstjóri skal auk þeirra starfa, sem honum eru falin með öðrum ákvæðum laga þessara, hafa eftirlit með störfum skattstjóra og gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og ákvörðunum. Hann skal setja þeim framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum og kynna þeim úrskurði og dóma sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Ríkisskattstjóri skal gefa út og hafa til sölu fyrir almenning reglur og gögn sem hann metur að rétt sé að kynnt skuli almenningi.

☐ Ríkisskattstjóri getur af sjálfsdáðum kannað framtöl aðila og hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara og annarra laga um skatta og gjöld sem álögð eru af skattstjórum. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og aðilum sem um ræðir í 94. gr.

☐ Telji ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ákvörðun skattstjóra um skattstofn eða skattálagningu samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum um skatta og gjöld, sem skattstjórar leggja á, getur hann ákvarðað skattaðila skattstofn og skatt að nýju eða falið það skattstjóra, enda séu uppfyllt skilyrði 96. og 97. gr., ef um hækkun er að ræða. Heimilt er skattaðila að kæra breytingar eftir reglum 99. og 100. gr.

Skattrannsóknarstjóri, skatteftirlit.

■ **102. gr.** Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild er hafi með höndum skatteftirlit og rannsóknir samkvæmt lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri stýrir starfsemi deildarinnar.

☐ Skattrannsóknarstjóri skal hafa með höndum skatteftirlit og rannsóknir samkvæmt lögum þessum og lögum um aðra skatta og gjöld sem á eru lögð af skattstjórum. Hann skal fylgjast með eftirlitsstörfum skattstjóra og afla upplýsinga um þau, leiðbeina skattstjórum um eftirlitsaðgerðir og veita þeim upplýsingar um atvinnugreinar, atvinnuvegi eða önnur atriði sem þýðingu hafa við skatteftirlit.

☐ Skattrannsóknarstjóri getur hafið rannsókn á hverju því atriði er varðar skatta lagða á samkvæmt lögum þessum eða aðra skatta og gjöld, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Hann skal annast rannsóknir eftir kröfu ríkisskattstjóra og hann skal annast rannsóknir í málum sem til hans er vísað, sbr. 4. mgr. 96. gr., nema hann feli skattstjóra rannsóknina. Hann getur einnig falið skattstjórum athugun eða rannsókn á hverju því atriði sem um er getið í þessari málsgrein.

☐ Þegar aðgerðir skattrannsóknarstjóra gefa tilefni til endurákvörðunar á sköttum, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal ríkisskattstjóri annast endurákvörðunina, sbr. 3. mgr. 101. gr., nema hann feli hana skattstjóra.

Vanhæfi skattyfirvalda.

■ **103. gr.** Eigi má maður taka þátt í rannsókn eða annarri meðferð máls, hvorki skattákvörðun né kæru, ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómara í málinu.

Gerðabækur.

■ **104. gr.** Skattstjórar, skattrannsóknarstjóri, ríkisskattstjóri og ríkisskattanefnd skulu halda gerðabækur um þau atriði og í því formi, er fjármálaráðherra gefur fyrirmæli um.

Eftirlit fjármálaráðherra.

■ **105. gr.** Fjármálaráðherra hefur eftirlit með því að skattstjórar, skattrannsóknarstjóri og ríkisskattstjóri ræki skyldur sínar. Hann hefur rétt til að fá til athugunar skattframtöl og gögn varðandi þau og krefja framangreinda aðila skýringa á öllu því er framkvæmd laga þessara varðar.

☐ Ráðherra skal enn fremur fylgjast með því að ríkisskattanefnd ræki skyldur sínar og skal nefndin senda ráðherra árlega skýrslu um störf sín.

XII. kafli. Viðurlög og málsmeðferð.

Álag.

■ **106. gr.** Telji framtalsskyldur aðili ekki fram til skatts innan tilskilins frests má skattstjóri bæta 25% álagi við þá skattstofna sem hann áætlar. Berist framtal, sem álagning verður byggð á, eftir lok framtalsfrests, en áður en álagningu skattstjóra er lokið, má þó aðeins bæta 1% álagi á skattstofna fyrir hvern dag sem skil hafa dregist fram yfir frestinn, þó ekki hærra álagi en 15%.

☐ Séu annmarkar á framtali, sbr. 96. gr., eða einstakir liðir ranglega fram taldir má skattstjóri bæta 25% álagi við áætlaða eða vantalda skattstofna. Bæti skattaðili úr annmörkum eða leiðrétti einstaka liði á framtali áður en álagning fer fram, má skattstjóri þó eigi beita hærra álagi en 15%.

☐ Fella skal niður álag samkvæmt grein þessari ef skattaðili færir rök að því að honum verði eigi kennt um annmarka á framtali eða vanskil þess, að óviðráðanleg atvik hafi hamlað því að hann skilaði framtali á réttum tíma, bætti úr annmörkum á framtali eða leiðrétti einstaka liði þess.

☐ Um kæru til skattstjóra og ríkisskattanefndar fer eftir ákvæðum 99. og 100. gr. laganna.

Refsingar.

■ **107. gr.** Skýri skattaðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því sem máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt skal hann greiða sekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin. Einnig má, að fullnægðum sömu saknæmisskilyrðum, sekta skattaðila, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífalda þá skattfjárhæð sem áætlun reyndist of lág, ef skattur er reiknaður að nýju skv. 2. mgr. 96. gr. Skattur af álagi skv. 106. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

☐ Skýri framteljandi rangt eða villandi frá einhverjum atriðum er varða framtal hans, má gera honum sekt allt að 10 000 kr., enda þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur.

☐ Verði brot skv. 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús skal úr búinu greiða sekt allt að fjórfaldri þeirri skatt-

fjárhæð sem undan var dregin. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir má gera búinu sekt allt að 5000 kr.

☐ Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi skattframtöl annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt 92. gr., skal greiða sekt allt að jafnhárri þeirri fjárhæð er undan skyldi dregin með upplýsingunum eða vanrækt var að gefa upplýsingar um. Sömu sekt skal sá sæta sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda. Að öðru leyti skal hver sá sem vísvitandi vanrækir skyldu sína samkvæmt ákvæðum 91. og 94. gr. greiða sekt allt að 10 000 kr.

☐ Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður félags, stofnunar, samtaka eða annars lögaðila framið brot, sem refsivert er skv. 4. mgr. þessarar greinar, má einnig gera lögaðila þeim sem í hlut á sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

☐ Sé brotið ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti varðar brot auk sektar varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

☐ Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, og varða slík brot sektum allt að 10 000 kr. nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.

Málsmeðferð og opinber rannsókn. Fyrningarreglur.

■ **108. gr.** Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 107. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. eftir því sem við á og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir.

☐ Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum svo og eftir ósk sökunauts, ef hann vill eigi hlíta því að mál verði afgreidd af ríkisskattanefnd skv. 1. mgr.

☐ Mál út af brotum gegn skattalöggjöf skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

☐ Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

☐ Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum ríkisskattanefndar. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um skatta skv. lögum þessum, þar á meðal um lögtaksrétt.

☐ Sök samkvæmt 107. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

XIII. kafli. Innheimta og ábyrgð.
Innheimtuaðilar

■ **109. gr.** Skattar álagðir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð og hafa lögreglustjórar á hendi innheimtu þeirra, sbr. þó 2.—4. mgr. þessarar greinar.

☐ Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að fela öðrum aðila en lögreglustjóra innheimtu skatta samkvæmt lögum þessum í tilteknu umdæmi eða umdæmum. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að sami innheimtumaður annist innheimtu í fleiri en einu umdæmi.

☐ Þá er fjármálaráðherra, sveitarstjórnum og forráðamönnum annarra opinberra stofnana heimilt að semja svo um að innheimta skuli í einu lagi öll gjöld sem greiða ber þessum aðilum. Má fela gjaldheimtuna innheimtumanni ríkissjóðs, sveitarfélagi eða sérstakri innheimtustofnun. Allar heimildir og skyldur innheimtumanna ríkissjóðs, sveitarfélaga og stofnana vegna gjaldheimtu skulu þá færast til þess aðila sem tekur gjaldheimtuna að sér.

☐ Fjármálaráðherra skal setja nánari ákvæði með reglugerð[1)] um framkvæmd slíkrar sameiginlegrar gjaldheimtu, m. a. um samræmingu gjalddaga einstakra opinberra gjalda sem innheimt verða með þessum hætti, um samræmingu dráttarvaxtareglna og um skyldur launagreiðenda.

[1)] *Rg. 95/1962, sbr. 100/1965, 333/1979 og 129/1981 (Reykjavík), rg. 320/1974 (Seltjarnarnes).*

Gjalddagar.

■ **110. gr.** Tekjuskattur og eignarskattur hvers gjaldanda skal greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

☐ Þar til álagning liggur fyrir skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga ákveðinn hundraðshluta skatta er honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðinn með reglugerð[1)] fyrir hvert ár og skal við ákvörðun hans gæta tekjubreytinga, sem orðið hafa, svo og almenns efnahagsástands.

☐ Hafi tekjur gjaldanda á liðnu ári verið mun lægri en á næsta ári þar áður eða ástæður hans hafa með öðrum hætti breyst mjög má lækka mánaðarlega fyrirframgreiðslu samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.[1)]

☐ Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

☐ Vangreiðsla að hluta veldur því að skattar gjaldandans falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

☐ Séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

☐ Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á tekju- og eignarskatti sínum fyrir brottför af landinu.

☐ Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð sams konar fyrirkomulag og ákveðið er í þessari grein á fyrirframinnheimtu annarra þinggjalda.

[1)] *Rg. 771/1982 (um innheimtu þinggjalda og greiðslu barnabóta á árinu 1983).*

■ **111. gr.** Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga tekju- eða eignarskatts né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans. Víkja má frá þessu, ef sérstaklega stendur á, samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi eða fellur niður skal endurgreiðsla þegar fara fram.

Vextir.

■ **112. gr.** Sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 1.—4. og 6.—8. mgr. 110. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 110. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

□ Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur eða við endurákvörðun skatta, að gjaldandi hefur greitt meira en endanlega álögðum sköttum nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Skyldur launagreiðanda.

■ **113. gr.** Allir þeir er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., skulu senda innheimtumanni skrá um alla launþega sína. Eru launagreiðendur skyldir að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum skv. lögum þessum og gjöldum skv. IV. kafla laga nr. 73/1980. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

□ Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

□ Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

□ Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 1. mgr. 112. gr. frá þeim degi sem skila átti fénu til innheimtumanns.

Ábyrgð á skattgreiðslum.

■ **114. gr.** Hjón, sbr. 63. og 81. gr., bera óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lagðir og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja. Rétt er því hjóna, er skattgreiðslur annast, að krefjast endurgreiðslu af hinu hjóna á þeim hluta skatts er það hefur greitt umfram það sem að réttum hlutföllum kemur í þess hlut miðað við tekjur og eign hvors hjóna.

□ Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Eigendur sameignarfélags, sem er sjálfstæður skattaðili, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þess. Erfingjar í dánarbúi, sem skipt er einkaskiptum, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum hins látna og dánarbúsins. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. og 4. tl. 3. gr., bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þessara lögaðila.

□ Þeir sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslausa menn, er fengið hafa landvistar- eða dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Þeir sem greiða aðilum, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur, sem um er rætt í 3. gr., bera ábyrgð á sköttum viðtakenda vegna þessara greiðslna.

□ Óheimilt er að slíta félagi fyrr en allir skattar þess hafa verið að fullu greiddir. Hafi félagi verið slitið án þess að skattar hafi verið greiddir bera skilanefndarmenn búskipta ábyrgð á skattgreiðslum.

□ Gera má lögtak hjá þeim, sem ábyrgð ber á skatti, til tryggingar þeim sköttum er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

□ Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfskuldarábyrgð.

□ Fjármálaráðherra er heimilt að krefjast þess að aðilar, sem um ræðir í 3. gr., setji tryggingu fyrir væntanlegum sköttum sínum og gjöldum svo og fyrir skattgreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

XIV. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **115. gr.** Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra og ríkisskattanefnd er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Hið sama gildir um þá er veita þessum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl. Þagnarskyldan helst þó menn þessir láti af störfum.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gefa Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur, í því formi er þeir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð þeirra. Þá er skattyfirvöldum heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því.

■ **116. gr.** Ríkisskattstjóri skal árlega gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þarf til verðs samkvæmt lögum þessum.

■ **117. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á tekju- og eignarskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi skattalöggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu tekjum eða eignum bæði á Íslandi og erlendis.[1)]

□ Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu opinberra gjalda við önnur ríki.[2)]

□ Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur og eignir skv. 1. mgr. og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. og 2. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af tekjum sínum og eignum sem skattskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattaðila eða ábendingu skattstjóra, að lækka tekjuskatt og eignarskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans.

[1)] *Tvísköttunarsamningar: Augl. C 13/1970, sbr. 23/1973 (Danmörk), 15/1973 (Finnland), 7/1966, sbr. 6/1972 (Noregur), 6/1964 (Svíþjóð), 11/1962 og 22/1975 (Bandaríki N-Ameríku), 21/1970 og 79/1931 (Belgía), 4/1930 (Bretland), 18/1976 (Luxemborg) og 13/1971, sbr. 21/1973 (V-Þýskaland.* [2)] *Augl. C 25/1972, sbr. 10/1973 og 11/1977 (Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum).*

1981 Nr. 75 14. sept.

■ **118. gr.** Heimilt er fjármálaráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum sem um ræðir í 93., 98., 99. og 100. gr. ef brýna nauðsyn ber til.

■ **119. gr.** Fjármálaráðherra setur með reglugerð[1)] nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, svo sem nánar um ákvörðun tekna og eigna, störf skattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar.

□ Ráðherra getur kveðið á í reglugerð um sérstakt bókhald framtalsskyldra aðila, þar á meðal birgðabókhald. Einnig getur hann kveðið á um form reikningsskila og geymslu bókhalds og annarra gagna er varða skattframtöl.

[1)] *Rg. 245/1963, sbr. 79/1966, 307/1968, 74/1969, 167/1970, 383/1974,9/1976 og 434/1978 (um tekju- og eignarskatt).*

■ **120. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, fyrir eitt ár í senn, að vinningar í tilteknum happdrættum teljist ekki til skattskyldra tekna, enda sé öllum ágóða af happdrættunum varið til menningarmála, mannúðarmála eða kirkjulegrar starfsemi.

■ **121. gr.** Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 2. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1981.

■ **122. gr.** Nú hafa undirskattanefndum eða yfirskattanefndum verið falin sérstök störf samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum og skulu þá skattstjórar leysa þau störf af hendi uns öðruvísi verður ákveðið.

■ **123. gr.** Ákvæði 2. mgr. 3. tl. C-liðs 1. mgr. 30. gr. og ákvæði 3. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. skulu eigi koma til framkvæmda fyrr en við álagningu skatta á árinu 1982 vegna tekna ársins 1981.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð félagsaðila, sem stofnuð hafa verið fyrir gildistöku laga þessara og verið hafa sjálfstæðir skattaðilar en fullnægja ekki skilyrðum 3. tl. 1. mgr. 2. gr., skulu eigi síðar en með skattframtali sínu á árinu 1980 senda skattstjóra þar tilgreind gögn um að skilyrðum hafi verið fullnægt, æski þau þess að teljast áfram sjálfstæðir skattaðilar.

■ **II.** Úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem byggð er á raunverulegu verðmæti hreinnar eignar félags í árslok 1978 að teknu tilliti til opinberra gjalda sem tengd eru því ári, er ávallt heimil án þess að hún teljist til arðs, sbr. 9. gr. Til hreinnar eignar félags í þessu sambandi telst þó ekki varasjóður sem myndaður hefur verið samkvæmt eldri skattalögum, sbr. einnig 12. tl. 1. mgr. 31. gr. Skattfrelsi slíkrar úthlutunar er því skilyrði bundið að hún hafi ekki í för með sér breytta eignarhlutdeild hlutareigenda eða hluthafa í hlutafélagi.

□ Um úthlutun jöfnunarhlutabréfa, sem byggð er á breytingu hreinnar eignar eftir árslok 1978, fer eftir ákvæðum 9. gr.

■ **III.** Yfirfæranleg rekstrartöp, sem myndast hafa fyrir ársbyrjun 1979, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr. laga nr. 68/1971, skal heimilt að flytja milli ára og draga frá tekjum, sbr. ákvæði 7. töluliðs 1. mgr. 31. gr., og skulu þau framreiknuð með sama stuðli og gildir um tap ársins 1979.

■ **IV.** Á árinu 1979 skal framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. þessara laga og 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, sem voru í eigu skattaðila í byrjun þessa árs. Endurmatið skal þannig framkvæmt að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar nýjan fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1979. Hafi gengistap eða verðbætur af skuldum verið fært til hækkunar heildarfyrningarverði eigna fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1971, skal það ekki teljast til kostnaðarverðs í þessu sambandi og fer um meðferð þess eftir ákvæði til bráðabirgða VII.

□ Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr., eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1978. Auk þessara fyrninga reiknast til frádráttar áður fengnar fyrningar á tekjuárunum 1971 til 1978 vegna þessara eigna samkvæmt ákvæðum lokamálsgreinar D-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 og skulu þær margfaldaðar með verðbreytingarstuðli þess árs þegar þær voru notaðar. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning, en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. þessara laga.

□ Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. Aðrar áður fengnar fyrningar skv. 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, skulu ekki hafa áhrif á eftirstöðvar fyrningarverðs í þessu sambandi.

□ Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 1979 reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem skattaðili hefur eignast á árunum 1964 til 1978. Stuðullinn skal miðast við breytingu á meðaltalsbyggingarvísitölu milli ára, sbr. nú lög nr. 93/1975. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tl. 32. gr. þessara laga fyrir ársbyrjun 1964 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tl. 32. gr., sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur, skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

□ Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tl. 32. gr., er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1979 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Fengnar fyrningar á tekjuárunum 1971 til 1978 vegna þessara eigna samkvæmt ákvæðum lokamálsgreinar D-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 skulu margfaldaðar með verðbreytingarstuðli þess árs þegar þær voru notaðar. Samtala þessara fyrninga, þannig framreiknaðra, telst fengin heildarfyrning. Aðrar áður fengnar fyrningar skv. 15. gr. laga nr. 68/1971, með síðari breytingum, skulu ekki hafa áhrif á eftirstöðvar fyrningarverðs þegar fasteignamatið er notað sem endurmatsverð samkvæmt þessari málsgrein.

□ Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

1981 Nr. 75 14. sept.

1981 Nr. 75 14. sept.

□ Skattaðilar, sem eiga eignir í ársbyrjun 1979 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra eigi síðar en með skattframtali 1980, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

□ Á árinu 1979 skal útreikningur skv. 53. gr. miðast við verðbreytingarstuðul þess árs, en það skal vera sami stuðull og notaður er til framreiknings á eignum sem aflað er á árinu 1978.

□ Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

■ **V.** Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir árið 1979, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

□ Þegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tl. 32. gr., sem skattaðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1964, eru seldar, skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

■ **VI.** Komi í ljós á skattframtali fyrir árið 1979 að skattaðili hafi ekki talið fram til skatts á liðnum árum eignir sem um ræðir í 78. gr. eða tekjur af þeim, sem skattfrjálsar hafa verið við viss skilyrði, skal eigi lagður eignarskattur vegna fyrri ára á hinar óframtöldu fjárhæðir né tekjuskattur á tekjur af fjármunum þessum, enda hafi eignir þessar myndast fyrir ársbyrjun 1978.

■ **VII.** Þann hluta gengistaps eða verðbóta sem fallið hefur á skuldir fyrir gildistöku laga þessara og enn er ógjaldfærður, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1971, skal gjaldfæra sérstaklega án endurmats með sama hætti og gert hefur verið samkvæmt eldri lögum. Þó skal skattaðila jafnan vera heimilt að gjaldfæra eftirstöðvarnar með jöfnum fjárhæðum á fimm árum, í fyrsta sinn á árinu 1979.

□ Ákvæði þetta gildir um gengistap og verðbætur hvort sem það hefur verið fært til hækkunar á heildarfyrningarverði eða fyrnt sérstaklega.

□ Gengistap og verðbætur, er um ræðir í þessu ákvæði, skulu ekki teljast til skattskyldrar eignar.

■ **VIII.** Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. tl. 1. mgr. 31. gr. og 4. tl. 74. gr. skal heimilt að færa matsverð vörubirgða í árslok 1979 niður um 25%. Síðan skal hámark niðurfærsluheimildarinnar lækka um 5% árlega uns 10% markinu er náð í árslok 1982.

■ **IX.** Hafi skattaðili fyrir gildistöku laga þessara notað heimild í 11. mgr. E-liðs 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/1971 til frestunar skattlagningar söluhagnaðar og slíkur hagnaður hefur ekki verið tekjufærður í árslok 1978 skal hækka hann eða lækka samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. fram til þess árs þegar hann er tekjufærður. Heimilt er skattaðila að fyrna eignir þær, sem um ræðir í 32. gr. þessara laga, um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði framreiknuðum á því ári þegar söluhagnaðurinn færist til tekna. Ákvæði þessara laga um tímalengd frestunar talið frá söluári gilda einnig um ótekjufærðan söluhagnað samkvæmt eldri lögum.

■ **X.** Þrátt fyrir ákvæði XIII. kafla laga þessara skulu lög nr. 1/1980 gilda, eftir því sem við á, um greiðslu opinberra gjalda á fyrri hluta ársins 1980.

1981 Nr. 75 14. sept.

■ **XI.** Þrátt fyrir ákvæði III. kafla laga nr. 51/1968 um bókhald, XII. kafla laga nr. 32/1978 um hlutafélög og laga nr. 46/1937 um samvinnufélög, sbr. 2. málslið 1. mgr. 91. gr. þessara laga, er öllum bókhaldsskyldum aðilum heimilt að miða gerð ársreikninga sinna við ákvæði þessara laga að því er varðar endurmat, fyrningar og færslu vegna verðbreytinga. Lögin raska þó ekki ákvæðum tilvitnaðra laga um að eignir í ársreikningi skuli ekki tilfæra með hærra verði en raunverulega svarar til verðmætis þeirra.

■ **XII.** Við skattlagningu á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 skulu lán með sjálfskuldarábyrgð til tveggja ára eða lengri tíma lögð að jöfnu við sambærileg fasteignaveðlán að því er varðar frádráttarbærni vaxtagjalda, sbr. 1. tölulið E-liðs 1. mgr. 30. gr. laga þessara.

■ **XIII.** Ríkisskattstjóri getur veitt gjaldendum heimild til fyrningar skv. 1. mgr. 44. gr. vegna rekstrarársins 1979, enda komi fram umsókn um það frá gjaldanda.

□ Fjármálaráðherra skal fela ríkisskattstjóra að kanna í hvaða mæli reglur laga nr. 40/1978 með síðari breytingum, er lúta að fyrningum af endurmetnu stofnverði, meðferð fjármagnskostnaðar og reiknuðum verðbreytingarfærslum, hafa leitt til verulegrar þyngingar á skattbyrði miðað við reglur eldri laga hjá einstökum hópum manna er stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Skal könnun þessari lokið fyrir nóvemberlok 1981 og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir Alþingi.

□ Ákvæði 1. mgr. 98. gr. varðandi samningu og framlagningu álagningarskrár öðlist ekki gildi fyrr en við álagningu 1982 vegna tekna ársins 1981 og eigna í lok þess árs.

Lög um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

1975 Nr. 11 28. apríl

...

VII. kafli. Skyldusparnaður.

■ **29. gr.** Allir menn sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og ekki voru orðnir 67 ára fyrir 1. janúar 1975 skulu á árinu 1975 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem hér segir:

a. Einstaklingar: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádreginni 1 000 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 9. gr. laga þessara.

b. Samsköttuð hjón og fólk í óvígðri sambúð sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1974 að frádreginni 1 250 000 kr., auk 75 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 9. gr. laga þessara.

c. Hjón sem telja fram hvort í sínu lagi: 5% af skattgjaldstekjum hvors um sig, að frádregnum 750 000 kr. hjá hvoru, auk 37 750 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 9. gr. laga þessara.

1975 Nr. 11 28. apríl

☐ Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri upphæð en 250 000 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi en 375 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a, b og c um þá upphæð sem munurinn er umfram þessar upphæðir, eftir því sem við á, og reiknast skyldusparnaður þá miðað við þessar upphækkuðu skattgjaldstekjur, sbr. stafliði a, b og c.

☐ Hjá þeim skattþegnum sem heimilt væri að beita ákvæðum 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, skal hækka framangreindar vergar tekjur til skatts á þann veg er þar um ræðir.

☐ Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á.[1)]

☐ Skyldusparnaður skv. þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast jafnhliða þinggjöldum til ríkissjóðs. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

☐ Þegar maður hefur greitt skyldusparnað sinn að fullu skv. 1. og 3. mgr. skal ríkissjóður viðurkenna móttöku hans með afhendingu sérstakra skyldusparnaðarskírteina.

☐ Skírteinin skulu skráð á nafn þess er sparar og er honum óheimilt að framselja þau eða veðsetja.

☐ Skírteini þessi skulu bera 4% ársvexti frá 1. janúar 1976 að telja eða lokagreiðsludegi skyldusparnaðar ef síðar er.

☐ Skírteini þessi eru lengst til 15. desember 1990, en frá 1. febrúar 1978 er eiganda í sjálfsvald sett hvenær hann fær skírteinið innleyst.

[1)] *Nú l. 75/1981, samsvarandi kaflar.*

■ **30. gr.** Við endurgreiðslu skyldusparnaðarskírteina skv. 29. gr. greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól og vexti í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. nóvember 1975 til 1. nóvember næst á undan endurgreiðslu.

☐ Skyldusparnaður skv. 29. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en skyldusparnaðarskírteini, svo og vextir og verðbætur af þeim, eru framtalsskyld, en njóta að öðru leyti skattfrelsis á sama hátt og skyldusparnaður skv. III. kafla laga nr. 30/1970.[1)]

[1)] *Nú l. 51/1980, VII. kafli.*

■ **31. gr.** Fjármálaráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um framkvæmd þessa kafla.

1976 Nr. 20 5. maí

Lög um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga.

...

III. kafli. Skyldusparnaður.

■ **10. gr.** Allir menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og ekki voru orðnir 67 ára fyrir 1. janúar 1976, skulu á árinu 1976 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem hér segir:

a. Einstaklingar: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1975 að frádreginni 1 275 000 kr., auk 96 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

b. Samsköttuð hjón og fólk í óvígðri sambúð, sem telur fram saman, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 5% af skattgjaldstekjum skattársins 1975 að frádreginni 1 595 000 kr., auk 96 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

c. Hjón sem telja fram hvort í sínu lagi: 5% af skattgjaldstekjum hvors um sig að frádregnum 960 000 kr. hjá hvoru, auk 48 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

☐ Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri upphæð en 312 500 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna, sem telja fram hvort í sínu lagi, en 468 700 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a, b og c um þá upphæð, sem munurinn er umfram þessar upphæðir, eftir því sem við á, og reiknast skyldusparnaður þá af þessum upphækkuðu skattgjaldstekjum, sbr. stafliði a, b og c.

☐ Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 2. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um þá upphæð, sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að laun þessara aðila miðað við vinnuframlag þeirra hefðu orðið, ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila.

☐ Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum, eftir því sem við á.[1)]

☐ Skyldusparnaður samkvæmt þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast til ríkissjóðs jafnhliða þinggjöldum. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

☐ Þegar maður hefur greitt skyldusparnað sinn að fullu samkvæmt þessari grein skal ríkissjóður viðurkenna móttöku hans með afhendingu sérstakra skyldusparnaðarskírteina.

☐ Skírteinin skulu skráð á nafn þess er sparar og er honum óheimilt að framselja þau eða veðsetja.

☐ Skírteini þessi skulu bera 4% ársvexti frá 1. janúar 1977 að telja eða lokagreiðsludegi skyldusparnaðar ef síðar er.

☐ Skírteini þessi eru lengst til 15. desember 1991 en frá 1. febrúar 1979 er eiganda í sjálfsvald sett hvenær hann innleysir skírteinið.

[1)] *Nú l. 75/1981, samsvarandi kaflar.*

■ **11. gr.** Við endurgreiðslu skyldusparnaðarskírteina skv. 10. gr. greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól og vexti í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. nóvember 1976 til 1. nóvember næst á undan endurgreiðslu. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrr en eftir 30. júní 1977 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. nóvember það ár er greiðsla fer fram.

1976 Nr. 20 5. maí

☐ Skyldusparnaður skv. 10. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en sparnaður þessi, svo og vextir og verðbætur af honum, er framtalsskyldur. Hann nýtur að öðru leyti skattfrelsis á sama hátt og skyldusparnaður skv. III. kafla laga nr. 30/1970.[1)]

[1)] *Nú l. 51/1980, VII. kafli.*

■ **12. gr.** Fjármálaráðherra skal með reglugerð[1)] mæla nánar fyrir um framkvæmd þessa kafla.

[1)] *Rg. 424/1976 (um skyldusparnaðarskírteini).*

1977 Nr. 77 31. des.

Lög um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum.

■ **1. gr.** Allir menn, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og ekki eru orðnir 67 ára fyrir 1. janúar 1978, skulu á árinu 1978 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem hér segir:

a. Einstaklingar: 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 2 400 000 kr., auk 186 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

b. Samsköttuð hjón og karl og kona sem búa saman í óvígðri sambúð, sbr. 5. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum: 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að frádregnum 3 100 000 kr., auk 186 000 kr. fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

c. Hjón sem telja fram hvort í sínu lagi: 10% af skattgjaldstekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádreginni 1 860 000 kr. hjá hvoru, auk 93 000 kr. hjá hvoru fyrir hvert barn sem er á framfæri þeirra, sbr. 1. mgr. C-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 9. gr. laga nr. 11/1975.

☐ Nemi munur vergra tekna til skatts og skattgjaldstekna hærri fjárhæð en 532 000 kr. hjá einstaklingi og hvoru hjóna sem telja fram hvort í sínu lagi, en 798 000 kr. hjá samsköttuðum hjónum, skal hækka skattgjaldstekjur samkvæmt stafliðum a, b og c um þá fjárhæð, sem munurinn er umfram þessar fjárhæðir, eftir því sem við á, og reiknast skyldusparnaður þá af þessum upphækkuðu skattgjaldstekjum, sbr. stafliði a, b og c.

☐ Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 2. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um þá upphæð sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að laun þessara aðila miðað við vinnuframlag þeirra hefðu orðið ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila.

☐ Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum eftir því sem við á.[1)]

☐ Skyldusparnaður samkvæmt þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast til ríkissjóðs jafnhliða þinggjöldum. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

☐ Skyldusparnaður skal lagður inn á sérstakan reikning hjá ríkissjóði á nafni þess er sparar.

1977 Nr. 77 31. des.

☐ Hið sparaða fé skal bundið vaxtalaust á reikningum til 1. febrúar 1984 en með verðtryggingu skv. 2. gr. Standi inneign á reikningi fram yfir 1. febrúar 1984 greiðir ríkissjóður af innistæðum ársvexti jafnháa og greiddir eru af almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma. Hafi innistæður eigi verið teknar út í síðasta lagi 31. janúar 1994 falla þær til ríkissjóðs finnist eigi að þeim réttur eigandi.

☐ Óheimilt er að framselja eða veðsetja innistæður á reikningum þeim sem hér um ræðir.

[1)] *Nú l. 75/1981, samsvarandi kaflar.*

■ **2. gr.** Þann 30. janúar 1984 greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. janúar 1979 til 1. janúar 1984. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. febrúar 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum.

■ **3. gr.** Skyldusparnaður skv. 2. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en innistæður svo og verðbætur af þeim skulu hlíta sömu reglum um framtalsskyldu og skattlagningu og sparifé, sbr. nú ákvæði 21. gr. laga nr. 68/1971.[1)]

[1)] *Sjá nú l. 75/1981, 78. gr.*

■ **4. gr.** Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð tilhögun alls reikningshalds svo og önnur þau atriði er varða framkvæmd skyldusparnaðar.

■ **5. gr.** Á árinu 1978 skal innheimta gjöld skv. 2. gr. laga um flugvallagjald nr. 8 frá 27. febrúar 1976 með 100% álagi.

■ **6. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að á árinu 1978 megi leyfisgjald af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum samkvæmt 10. gr. laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., sbr. 6. gr. laga nr. 69/1967, nema allt að 2% af fjárhæð þeirri sem leyfi hljóðar um. Ríkisstjórn ákveður hvernig gjaldi þessu er ráðstafað.[1)]

[1)] *Rg. 459/1977.*

Lög um ráðstafanir í efnahagsmálum.

1978 Nr. 3 17. febr.

...

IV. kafli. Um skyldusparnað félaga og stofnana.

■ **5. gr.** Öll þau félög og stofnanir, sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum og tekjuskattskyld eru skv. ákvæðum þeirra laga, skulu á árinu 1978 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði sem nemur 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að viðbættum þeim varasjóðstillögum sem heimiluð hafa verið til frádráttar við ákvörðun skattgjaldstekna á því ári skv. 2. mgr. 17. gr. nefndra laga.

☐ Skattstjórar sjá um útreikning skyldusparnaðar samkvæmt lögum þessum og gilda um hann ákvæði VI., VII. og VIII. kafla laga nr. 68/1971 með síðari breytingum eftir því sem við á.[1)]

☐ Skyldusparnaður samkvæmt þessari grein skal reiknaður í heilum þúsundum króna og lægri fjárhæð sleppt. Skal hann greiðast til ríkissjóðs jafnhliða þinggjöldum. Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.

☐ Skyldusparnaður skal lagður inn á sérstakan

1978 Nr. 3 17. febr. reikning hjá ríkissjóði á nafni þess félags eða stofnunar er sparar.

□ Hið sparaða fé skal bundið vaxtalaust á reikningum til 1. febrúar 1984 en með verðtryggingu skv. 6. gr. Standi inneign á reikningi fram yfir 1. febrúar 1984 greiðir ríkissjóður af innstæðum ársvexti jafnháa og greiddir eru af almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma. Hafi innstæður eigi verið teknar út í síðasta lagi 31. janúar 1994 falla þær til ríkissjóðs finnist eigi að þeim réttur eigandi.

□ Óheimilt er að framselja eða veðsetja innstæður á reikningum þeim sem hér um ræðir. Fjármálaráðherra getur með reglugerð heimilað frávik frá þessu.

[1] *Nú l. 75/1981, samsvarandi kaflar.*

■ **6. gr.** Þann 30. janúar 1984 greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. janúar 1979 til 1. janúar 1984. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. febrúar 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum.

■ **7. gr.** Skyldusparnaður skv. 5. gr. er ekki frádráttarbær til tekjuskatts en innstæður svo og verðbætur af þeim skulu hlíta sömu reglum um framtalsskyldu og skattlagningu og sparifé, sbr. nú ákvæði 21. gr. laga nr. 68/1971.[1]

[1] *Nú l. 75/1981, 78. gr.*

■ **8. gr.** Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð tilhögun alls reikningshalds svo og önnur þau atriði er varða framkvæmd skyldusparnaðar.

1974 Nr. 7 13. mars **Lög um skattalega meðferð verðbréfa o. fl., sem ríkissjóður selur innanlands.**

■ **1. gr.** Ríkisskuldabréf og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 6. gr. LXIII fjárlaga fyrir árið 1974, svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971.[1] Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nafn eigenda.

[1] *Nú l. 75/1981, 78. gr.*

■ **2. gr.** Happdrættisskuldabréf þau, sem gefin verða út skv. 6. gr. LXVI fjárlaga fyrir árið 1974, skulu lúta ákvæðum laga nr. 99/1971 um framtalsfrelsi, skattfrelsi, verðtryggingu og aðra skilmála, eftir því sem við getur átt. Fjármálaráðherra ákveður fjárhæð vinninga í hverjum flokki og setur reglugerðir[1] um einstaka flokka með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd fjárlagaheimilda og laga þessara.

[1] *Rg. 59/1974, sbr. 220/1974; rg. 453/1975; rg. 60/1976; rg. 398/1976 og 148/1977.*

■ **3. gr.** Ákvæði 1. og 2. gr. skulu, eftir því sem við getur átt, eiga við nýjar útgáfur ríkisskuldabréfa, spariskírteina og happdrættisskuldabréfa ríkissjóðs, sem út kunna að verða gefin á grundvelli heimilda í fjárlögum eða öðrum lögum.

1957 Nr. 44 3. júní **Lög um skatt á stóreignir.**

■ **1. gr.** [Fyrir febrúarlok 1958][1] skal leggja sérstakan skatt á eignir allra einstaklinga, sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. kafla laga nr. 46 1954, og skal skattálagningin miðuð við eignir þeirra hinn 31. des. 1956.

[1] *L. 19/1958.*

■ **2. gr.** Mat á verðmæti eigna skal fara fram eftir ákvæðum laga nr. 46 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, og hrein eign skal ákveðin eins og þar segir með eftirtöldum breytingum:

1. Fasteignir skulu metnar með því verði, sem ákveðið er í nýja fasteignamatinu samkv. lögum nr. 33 1955, er gekk í gildi 1. maí 1957. Þó skal landsnefndin, sem starfaði samkv. lögum nr. 33 1955, endurskoða mat á lóðum og hækka matsverð á þeim lóðum, sem hún telur nauðsynlegt að hækka í mati, til þess að það sé í samræmi við matsverð á öðrum fasteignum, miðað við áætlað söluverð. Er nefndin þá ekki bundin af hámarksákvæði 6. gr. laga nr. 33 1955, og heimilt er að ákveða misjafnlega mikla hækkun á matsverðinu, eftir því sem rétt þykir. Nú er eigandi lóðar óánægður með mat landsnefndarinnar, og getur hann þá kært yfir því til nefndarinnar, en úrskurði hennar um kæruatriði má skjóta til yfirnefndar, er skipuð sé fimm mönnum. Fjórir þeirra séu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, en sá fimmti skipaður af hæstarétti og sé hann formaður nefndarinnar. Um kærufresti og kæruúrskurðun skal setja ákvæði í reglugerð.

Frá matsverði frystihúsa, sláturhúsa og annarra húseigna, sem notaðar eru fyrir vinnslustöðvar sjávarafurða og landbúnaðarafurða, skal draga 20% — tuttugu af hundraði.

Við matsverð fasteignanna, eins og það er ákveðið samkv. framansögðu, skal bæta 200% álagi.

Nú hvílir sú kvöð á fasteign, að eigi megi selja hana nema fyrir verð, sem er innan ákveðinna takmarka, og skal þá eignin talin með því hámarksverði, ef það er lægra en matsverð samkv. lögum þessum.

2. Fiskiskip skulu reiknuð með vátryggingarverði að frádregnum 40% — fjörutíu af hundraði. Önnur skip skulu talin með vátryggingarverði að frádregnum 25% — tuttugu og fimm af hundraði. Nú telur skipseigandi eða fjármálaráðuneytið, að matsverð skips sé í ósamræmi við mat á öðrum skipum, miðað við áætlað söluverð, og getur þá hvor framangreindra aðila krafizt endurmats til samræmingar. Mat þetta sé framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sé þannig skipuð, að fjármálaráðherra tilnefni einn nefndarmann, Fiskifélag Íslands annan og hæstiréttur hinn þriðja.

Flugvélar teljast með vátryggingarverði að frádregnum 40% — fjörutíu af hundraði.

Um matsverð á vélum, áhöldum og öðru lausafé, sbr. c-lið 19. gr. laga nr. 46 1954, skulu settar sérstakar reglur. Er heimilt að ákveða þar álag á bókfært verð þeirra eigna (þ. e. kostnaðarverð að frádregnum lögleyfðum afskriftum), þó þannig að matsverðið verði ekki hærra en það verð, sem ætla má, að eignirnar séu seljanlegar fyrir.

3. Ógreiddur söluskattur vegna viðskipta 1956 og ógreidd slysatrygginga- og atvinnurekendaiðgjöld vegna ársins 1956, samkv. lögum um almannatryggingar, teljast með skuldum til frádráttar eignum. Sömuleiðis ógreidd gjöld til atvinnuleysistryggingasjóðs.

Yfirfærslugjald samkv. lögum nr. 86 1956, um útflutningssjóð o. fl., sem leggst á erlendar skuldir, er stofnað var til fyrir árslok 1956, telst með skuldum.

Fyrirframgreiðsla upp í arf á árinu 1956, að frádregnum greiddum erfðafjárskatti, leggst við eign þess, er greiðsluna innti af hendi, en dregst frá eign viðtakanda.

1957 Nr. 44 3. júní

Skal sá skattur, sem á þá eign kemur, innheimtur hjá arfleifanda, en viðtakandi eignar ber einnig ábyrgð á greiðslu hans. Ef eignarhluti í félagi hefur verið afhentur sem fyrirframgreiðsla upp í arf, skal þó sá skattur, sem á þá eign kemur, innheimtur hjá félaginu, sbr. 7. gr.

■ **3. gr.** Ákvæði 3. kafla laga nr. 46 1954 um skattfrelsi sparifjár gilda við álagningu skatts samkvæmt lögum þessum, og ríkisskuldabréf og skuldabréf með ríkisábyrgð eru undanþegin skattinum eftir sömu reglum.

■ **4. gr.** Hreinum eignum félaga, reiknuðum samkv. ákvæðum laga þessara, skal skipt niður á eigendur félaganna í réttu hlutfalli við hlutafjár- og stofnfjáreign þeirra hvers um sig, og teljast þær eignir með öðrum eignum einstaklinga við skattálagningu. Gildir þetta einnig um eignir félaga, sem njóta undanþágu frá skatti samkv. sérstökum lögum.

□ Með eignum félaga, sem skiptast samkv. framansögðu, telst ekki innstæðufé í sameignarsjóðum, sem samkvæmt landslögum er óheimilt að skipta milli félagsmanna við félagsslit, en á þá að afhendast því opinbera til varðveizlu, sbr. lög nr. 46 1937.

□ Eignum dánarbúa skal skipt niður á erfingja, samkvæmt reglum erfðalaga, við útreikning á skattskyldri eign. Nú skortir fullnægjandi greinargerð um, hvernig búi skuli skipt, og skal það þá skattlagt sem einstaklingur.

■ **5. gr.** Skattur samkv. lögum þessum reiknast þannig: Af 1 milljón kr. hreinni eign hjá hverjum einstaklingi greiðist enginn skattur. Af 1—1½ milljón kr. eign greiðist 15% af því sem er umfram 1 milljón kr. Af 1½—3 millj. kr. eign greiðist 75 þús. kr. af 1½ millj. og 20% af afgangi. Af 3 millj. kr. eign og þar yfir greiðist 375 þús. kr. af 3 millj. og 25% af afgangi.

■ **6. gr.** Skatturinn skal greiðast í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að skattupphæð var tilkynnt gjaldanda. Nú er skattur hærri en kr. 10 000,00, og er gjaldanda þá heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir, með skuldabréfum, er hann gefur út, en ríkisstjórnin ákveður form og texta skuldabréfanna. Andvirði bréfanna greiðist með jöfnum afborgunum á eigi lengri tíma en 10 árum og séu ársvextir af þeim 6%.

□ Til tryggingar greiðslu skuldabréfanna skal ríkissjóður fá veð í eign gjaldanda, og er eign veðhæf fyrir fjárhæð, sem samsvarar matsverði hennar til þessa skatts. Hlutabréf eru ekki veðhæf. Skipa skal nefnd eftir tilnefningu hæstaréttar, er hefur rétt til að ákveða, að niður falli kvöð á gjaldanda um veðsetningu, ef nefndin telur, að veðsetningin muni hindra eðlilegan atvinnurekstur gjaldanda.

■ **7. gr.** Félög skulu annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á félagsmenn þeirra eða hluthafa vegna eigna í félögunum, þar með taldar hlutafjár- og stofnfjáreignir. Skal sá hluti skattsins innheimtur hjá félögunum. Slík útborgun frá félögum vegna félagsmanna eða hluthafa telst ekki skattskyld, hvorki sem arður til hluthafa né ráðstöfun á varasjóði. Félögin hafa rétt til þess að endurkrefja félagsmenn eða hluthafa um þær skattupphæðir, er þau þurfa að greiða vegna eigna þeirra í félögunum, en eigi sæti þeir lakari greiðslukjörum en ákveðin eru samkv. 6. gr. Samvinnufélögum er þó aðeins heimilt að endurkrefja félagsmenn um þann hluta af skatti, sem lagður hefur verið á séreignir þeirra í félögunum, þ. e. stofnsjóðsinnstæður þeirra. Ákvörðun félags um það, hvort nota skuli endurkröfuheimild samkvæmt þessari grein, skal tekin á aðalfundi þess. Nú krefur hlutafélag hluthafa um endurgreiðslu á þeim skatti, sem það varð að greiða hans vegna, og er honum þá heimilt að greiða félaginu með hlutafjáreign sinni í því, á verði, sem svarar til mats á eignum félagsins til þessa skatts. Nú eignast hlutafélag af þessum ástæðum meira en 10% af greiddu hlutafé, og er því það þá heimilt án þess að hafa áður fengið leyfi atvinnumálaráðherra samkvæmt ákvæðum 2. málsgr. 28. gr. laga nr. 77 1921.

□ Við útreikning á þeim hluta skatts, er félagi ber að greiða, skal fyrst finna, hvað einstaklingi ber að greiða af nettó-eign sinni, annarri en eign í félagi. Það, sem er umfram þá fjárhæð í skatti, skal greitt af félagi. Ef um fleiri en eitt félag er að ræða, skiptist skatthluti félaganna hlutfallslega milli þeirra eftir eign gjaldanda í þeim. Nú á félag eignarhlut í öðru félagi, og skal þá það félag greiða þann hluta skattsins, sem svarar til slíkrar eignarhlutdeildar, eftir hlutfallinu milli þess eignarhluta og heildareignar félagsins, að hlutafé eða stofnfé meðtöldu.

□ Dánarbú skal annast greiðslu á þeim hluta skatts, sem lagður er á eign arftaka í búinu samkv. síðustu málsgr. 4. gr., nema að því leyti sem um er að ræða skatt af eignarhluta í félagi sem innheimtur er hjá því. Skattur, sem dánarbú borgar vegna arftaka, dregst frá arfahluta hans.

■ **8. gr.** Skattur samkv. lögum þessum er ekki frádráttarbær frá tekjum við ákvörðun tekjuskatts samkv. l. nr. 46 1954.

■ **9. gr.** Skatti þeim, sem innheimtur verður samkv. lögum þessum, skal skipt þannig: ⅓ hluti renni til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands og ⅔ hlutar til byggingarsjóðs ríkisins.

■ **10. gr.** Skattur samkvæmt lögum þessum skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins. Úrskurði skattstjóra má þó áfrýja til ríkisskattanefndar. Skattgreiðandi og fjármálaráðherra geta — hvor um sig — skotið úrskurði ríkisskattanefndar til dómstólanna, enda sé mál höfðað innan þess tíma, sem ákveðinn verður með reglugerð.

□ Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um álagningu skattsins, kærur út af honum, fresti, úrskurði og gjalddaga. Um framtöl og aðra skyldu til skýrslugjafar, innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt, viðurlög og önnur þau atriði, sem ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum eða reglugerðum, settum samkv. þeim, fer eftir ákvæðum laga nr. 46 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

Lög um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

1983 Nr. 20 23. mars

■ **1. gr.** Eigendur þeirra fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1983 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

■ **2. gr.** Skattskyldan hvílir á þeim aðilum, sem skatt-

1983 Nr. 20 23. mars

skyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

■ **3. gr.** Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1982 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

□ Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

■ **4. gr.** Við ákvörðun á því, hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts, skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1982.

□ Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

■ **5. gr.** Með skattframtali 1983 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1982. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

□ Þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattskyldu, skulu fyrir 31. maí 1983 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

■ **6. gr.** Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

□ Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 2000 kr., skal fella niður við álagningu.

■ **7. gr.** Ákvæði VII.—XIV. kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

■ **8. gr.** Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1983 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1984. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

■ **9. gr.** Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

■ **10. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1983.

1982 Nr. 65 19. maí

Lög um skattskyldu innlánsstofnana.

■ **1. gr.** Viðskiptabankar, sparisjóðir og Söfnunarsjóður Íslands skulu, með þeim takmörkunum er síðar greinir, skyldir til þess að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

□ Skattskyldan tekur til þessara aðila sem lögaðila samkvæmt 2. gr. laga nr. 75/1981 þrátt fyrir undanþáguákvæði 4. gr. sömu laga eða ákvæði annarra laga sem kunna að hafa undanþegið einstakar stofnanir opinberum gjöldum og sköttum.

1982 Nr. 65 19. maí

■ **2. gr.** Til skattskyldra tekna og eigna aðila samkvæmt 1. gr. þessara laga teljast þó ekki tekjur og eignir Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Iðnlánasjóðs Íslands, Stofnlánadeildar verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóðs) og Stofnlánadeildar samvinnufélaga, enda sé fjárhagur þessara sjóða greinilega aðskilinn fjárhag annarra deilda viðkomandi stofnana.

■ **3. gr.** Ákvæði 2. málsliðs 3. tl. 1. mgr. 31. gr. og 2. og 3. málsliðs 2. mgr. 5. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981 um heimild til niðurfærslu útistandandi viðskiptaskulda gilda ekki við ákvörðun á tekjuskatts- og eignarskattsstofni aðila sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum.

■ **4. gr.** Sé sparisjóði slitið, þannig að hann sé algjörlega sameinaður öðrum sparisjóði, ríkisstofnun eða hlutafélagi þá skulu slitin sjálf ekki hafa í för með sér skattskyldar tekjur fyrir þann aðila sem við tekur og heldur ekki fyrir þann sem slitið var. Við slíkan samruna skal sá aðili, er við tekur, taka við öllum skattaréttarlegum skyldum og réttindum þess sparisjóðs sem slitið var.

■ **5. gr.** Þar til álagning liggur fyrir, skulu skattskyldir aðilar skv. lögum þessum greiða mánaðarlega fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar tekju- og eignarskatts, sem ákvarðast með eftirgreindum hætti: Fyrirframgreiðslan skal vera 0,06% af heildarinnlánum þeirra aðila, sem skattskyldir eru skv. lögum þessum. Stofn til fyrirframgreiðslu skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og 31. gr. laga nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu frá 21. desember 1981. Fyrirframgreiðslan skal innheimt af Seðlabanka Íslands og greidd fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjalddagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.

□ Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðastliðins mánaðar.

□ Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um fyrirframgreiðslu þessa eftir því sem við á.

□ Að öðru leyti skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði XIII. kafla laga nr. 75/1981 um innheimtu og ábyrgð á fyrirframgreiðslu skv. þessari grein.

■ **6. gr.** Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna á árinu 1983 og eigna í lok þess árs. Ákvæði 5. gr. kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1983.

□ Ákvæði til bráðabirgða IV kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1982 og

skal skattur vegna mánaðanna janúar, febrúar og mars greiddur 15. maí ásamt greiðslu fyrir apríl.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Á árinu 1983 skulu aðilar, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum þessara laga, framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sem voru í eigu þeirra í byrjun þess árs.

□ Endurmatið skal framkvæma þannig að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1983.

□ Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr. laga nr. 75/1981, eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1982. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning, en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1981.

□ Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessa ákvæðis, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981.

□ Ríkisskattstjóri skal reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem aðili skv. 1. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis hefur eignast á árunum 1968 til 1982. Stuðullinn reiknast í samræmi við ákvæði 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV í lögum nr. 75/1981, sbr. 26. gr. sömu laga. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981 fyrir ársbyrjun 1968 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tl. greindrar 32. gr., sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur, skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

□ Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981, er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1983 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Sé fasteignamatið notað sem fyrningargrunnur samkvæmt þessari málsgrein reiknast ekki fyrningar skv. 3. mgr. þessa bráðabirgðaákvæðis fyrir liðinn tíma.

□ Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá skyldu til endurmats samkvæmt ákvæði þessu að því er varðar eignir skv. 1., 3., 4 og 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981 og veitir ríkisskattstjóri heimild til slíkra frávika.

□ Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

□ Aðilar skv. 1. mgr. þessa ákvæðis, sem eiga eignir í ársbyrjun 1983 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1984, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

□ Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

■ **II.** Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I hefur eignast fyrir árið 1983, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I, eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. laga nr. 75/1981 um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

□ Þegar eignir skv. 1., 3., 4. og 5. tl. 32. gr. laga nr. 75/1981, sem aðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1968, eru seldar skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

□ Nú hefur ríkisskattstjóri veitt undanþágu frá endurmati eigna, sbr. 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I, og telst þá söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári.

■ **III.** Aðilar sem skattskyldir eru skv. 1. gr. þessara laga skulu reikna verðbreytingarfærslu samkvæmt 53. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt í fyrsta sinn vegna ársins 1983 miðað við stöðu eigna og skulda í lok ársins 1982.

■ **IV.** Á árinu 1982 skal leggja skatt á aðila sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum er nema skal 0,06% af heildarinnlánum þeirra, svo sem nánar greinir í ákvæði þessu. Undanþegnir skatti þessum eru þeir sparisjóðir þar sem innstæður námu lægri fjárhæð en 30 millj. kr. hinn 31. 12. 1981.

□ Skattur þessi rennur í ríkissjóð.

□ Stofn til skattsins skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands og 31. gr. laga nr. 13/1979 um breyting á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu frá 21. desember 1981.

□ Skatturinn skal innheimtur af Seðlabanka Íslands og greiddur fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjalddagi skattsins er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.

□ Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðastliðins mánaðar.

□ Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um skatt þennan eftir því sem við á.

■ **V.** Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 40/1969 um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna skulu bankar þeir, sem versla með erlendan gjaldeyri, greiða ríkissjóði frá gildistöku laga þessara til ársloka 1982 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis.

□ Lög þessi og lög nr. 40/1969 skulu endurskoðast af

1982 Nr. 65 19. maí starfandi bankamálanefnd fyrir þingbyrjun haustið 1982.

1952 Nr. 21 31. jan. **Lög um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins.**[1)]

[1)] *Þessi lög hafa ekki verið afnumin beinlínis, en hafa ekki raunhæft gildi. Vísast til Lagasafns 1965, d. 414.*

1948 Nr. 83 26. nóv. **Lög um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs.**[1)]

[1)] *Rg. 105/1948, sbr. 5/1949.*

■ **1. gr.** Nú ákveður fjármálaráðherra að nota gildandi lagaheimildir til lántöku fyrir ríkissjóð á þann hátt, að út verði boðin happdrættislán, og skulu þá vinningar þeirra undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

■ **2. gr.** [Krafa um áfallinn vinning fyrnist á 15 árum frá gjalddaga. Sé vinningsins ekki vitjað innan þess tíma, verður hann eign ríkissjóðs.][1)]

[1)] *L. 74/1953, 1. gr.*

■ **3. gr.** Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936, um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf happdrættislána þeirra, er um getur í 1. gr.

1953 Nr. 74 17. des. **Lög um breyting á lögum nr. 83 26. nóv. 1948, um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs.**

■ **1. gr.** ...[1)]

[1)] *Felld inn í lög nr. 83, 26. nóv. 1948.*

■ **2. gr.** Ákvæði 1. gr. taka einnig til vinninga þeirra, sem þegar hafa verið útdregnir.

1976 Nr. 13 20. apríl **Lög um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.**

■ **1. gr.** Bókmennta- og tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari þegar þau falla íslenskum ríkisborgurum í skaut.

1977 Nr. 20 10. maí **Lög um skattfrelsi jarðstöðvar til fjarskiptasambands við umheiminn.**

■ **1. gr.** Innflutningur af hálfu eignaraðila á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til byggingar og reksturs jarðstöðvar og tengdra mannvirkja til fjarskiptasambands við umheiminn skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

■ **2. gr.** Jarðstöðin og eignaraðilar hennar skulu undanþegnir tekjuskatti, eignarskatti, aðstöðugjaldi og fasteignaskatti varðandi rekstur stöðvarinnar.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og halda gildi sínu uns Póstur og sími hefur öðlast fulla eignaraðild að jarðstöðinni.

1965 Nr. 14 15. marz **Lög um launaskatt.**

■ **1. gr.** [Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem ákveðið er í lögum þessum.

□ Þó er heimilt að ákveða að greiða skuli 2½% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.

□ Um hlutdeild opinberra byggingarsjóða í tekjum af skatti þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, svo og ákvæðum lánsfjárlaga og fjárlaga hverju sinni.][1)]

[1)] *L. 5/1982, 3. gr.*

■ **2. gr.** Skattskyldir samkvæmt lögum þessum eru allir launagreiðendur, svo sem einstaklingar, félög, sjóðir og stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður, ríkisstofnanir, erlendir verktakar og aðrir þeir aðilar, sem greiða laun eða hvers konar þóknanir fyrir starf. Enn fremur hver sá, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða stundar sjálfstæða starfsemi.

□ [Skattskyldan nær til allra tegunda launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt og skattskyld eru skv. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, þar með talið reiknað endurgjald.

□ Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra sem hann greiðir laun, svo og vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda á bújörðum. Enn fremur tekjur sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með taldar tekjur hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða.][1)]

[1)] *L. 5/1982, 4. gr.*

■ **3. gr.** [Gjalddagar launaskatts eru fimm, sbr. þó 6. gr. Gjalddagi vegna launa, sem greidd eru fyrir mánuðina janúar, febrúar og mars, er 15. apríl, fyrir mánuðina apríl og maí 15. júní, fyrir mánuðina júní og júlí 15. ágúst, fyrir mánuðina ágúst, september og október 15. nóvember og fyrir mánuðina nóvember og desember 15. janúar. Eindagi er mánuði eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Skattinn ber launagreiðanda, ótilkvöddum, að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

□ Sé launaskattur ekki greiddur fyrir eindaga skal greiða dráttarvexti af því sem vangreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

□ Þeim gjaldendum, sem eigi greiða hærri laun til annarra á mánuði en 15 000 kr., er heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á því uppgjörstímabili þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 150 000 kr. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 150 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða. Fjárhæðir í þessari málsgrein eru grunnfjárhæðir. Ráðherra er heimilt að hækka þær allt að því að þær hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem verða kann á vísitölu framfærslukostnaðar, sbr. 4. gr. laga nr. 10/1981. Grunnfjárhæðir eru miðaðar við framfærsluvísitöluna 144 stig hinn 1. febrúar 1982.

□ Ríkisskattstjóri lætur gera eyðublöð fyrir greinar-

1965 Nr. 14 5. marz

gerð um greiðslu launaskatts samkvæmt þessari grein. Skattstjórar skulu dreifa eyðublöðum þessum til gjaldenda, sem greiða eiga launaskatt skv. 1. mgr. þessarar greinar, svo tímanlega að þau séu komin í hendur þeirra fyrir gjalddaga. Auk þess skulu eyðublöðin jafnan vera fyrir hendi til afnota fyrir gjaldendur hjá innheimtumönnum ríkissjóðs.

□ Eigi leysir það gjaldanda frá skilaskyldu á launaskatti skv. 1. og 3. mgr. þessarar greinar þó að honum hafi ekki borist eyðublað frá skattstjóra skv. 4. mgr.][1)]

[1)] *L. 5/1982, 5. gr.*

■ **4. gr.** [Skattstjóri ákveður árlega launaskatt sem hér segir:

a. Launaskatt af reiknuðu endurgjaldi sem manni með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ber að telja sér, maka sínum og börnum til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.

b. Launaskatt af launum sem ekki eru greidd í peningum, svo sem ef laun eru greidd í fríu fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum.][1)]

[1)] *L. 5/1982, 6. gr.*

■ **5. gr.** [Innheimtumenn ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóri, skulu mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum um launaskattsgreiðslur sem þeim hafa borist í síðastliðnum mánuði.

□ Skattstjórar skulu kanna launaskattsskil þeirra sem greiða eiga launaskatt skv. 3. gr., m. a. með samanburði við skattframtöl, launaframtöl og launamiða og önnur gögn sem fyrir hendi eru.

□ Komi í ljós að aðili sem greiða átti launaskatt skv. 3. gr. hafi vanrækt greiðslu hans að hluta eða öllu leyti eða ekki skilað greinargerð, sbr. 8. gr., skal skattstjóri ákvarða launaskattinn ásamt dráttarvöxtum sem á eru fallnir, sbr. 2. mgr. 3. gr., og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.][1)]

[1)] *L. 5/1982, 7. gr.*

■ **6. gr.** [Að lokinni ákvörðun launaskatts skv. 4. gr. laga þessara skulu skattstjórar semja skrá um alla þá sem greiða eiga launaskatt samkvæmt þeirri grein og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.

□ Gjalddagi launaskatts, sem skattstjóri ákvarðar skv. 4. gr., er 15. dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu tilkynningar til gjaldanda og eindagi mánuði síðar.][1)]

[1)] *L. 5/1982, 8. gr.*

■ **7. gr.** [Ákvæði VIII.—XIV. kafla laga nr. 75/1981 gilda eftir því sem við getur átt um launaskatt samkvæmt þessum lögum, þ. á m. um kærufresti, úrskurði á kærum, áfrýjun úrskurða og annað þar að lútandi.][1)]

[1)] *L. 5/1982, 9. gr.*

■ **8. gr.** [Skylt er hverjum þeim sem innir af hendi greiðslur sem eru skattskyldar samkvæmt lögum þessum að senda skattstjórum sérstaka greinargerð, launaframtal, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður innan þess frests sem settur er um skil launaskýrslna, sbr. 92. gr. laga nr. 75/1981.][1)]

[1)] *L. 5/1982, 10. gr.*

■ **9. gr.** [Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi, sem ýmist skal greiða af 3½%, 2½% eða engan launaskatt skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

□ Af launaskattsskyldum greiðslum fyrir yfirstjórn og af öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal ávallt greiða 3½%, sbr. 1. mgr. Þó skal einungis greiða 2½%, sbr. 2. mgr. 1. gr., af því hlutfalli umræddra greiðslna sem er á milli heildargreiðslna og greiðslna skv. 2. mgr. 1. gr., áður en umræddar greiðslur eru meðtaldar.

□ Ef slík aðgreining er ekki fyrir hendi í bókhaldinu eða ef hún er í verulegum atriðum röng eða ófullnægjandi skal skattstjóri áætla skiptinguna.][1)]

[1)] *L. 5/1982, 11. gr.*

■ **10. gr.** [Innheimtu launaskatts og dráttarvaxta sem ákvarðast skv. 4. og 5. gr., sbr. 6. gr. þessara laga, annast sömu aðilar og greinir í 1. mgr. 3. gr. þessara laga. Ákvæði 114. gr. laga nr. 75/1981 um ábyrgð á skattgreiðslum og lögtaksrétt skulu gilda um innheimtu launaskatts.][1)]

[1)] *L. 5/1982, 12. gr.*

■ **11. gr.** [Launaskattur telst rekstrarkostnaður skv. 1. tl. 31. gr. laga nr. 75/1981 að því leyti sem hann er ákvarðaður af launum sem teljast rekstrarkostnaður samkvæmt sömu grein.][1)]

[1)] *L. 5/1982, 13. gr.*

■ **12. gr.** [Ráðherra setur með reglugerð[1)] nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um þær iðngreinar er 2. mgr. 1. gr. þessara laga tekur til, og hverjir skuli gera skil á launaskatti þegar um er að ræða ákvæðisvinnu eða verktakasamninga o. þ. h.][2)]

[1)] *Rg. 145/1982, sbr. 187/1983.* [2)] *L. 5/1982, 14. gr.*

Lög um lestagjald af skipum.

1946 Nr. 10 2. apríl

■ **1. gr.** Af hverju skipi, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hér á landi, skal greiða í ríkissjóð 1 kr. 50 aura gjald á ári af brúttó smálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

■ **2. gr.** Lögreglustjórar innheimta gjald þetta í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert. Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð fer sem um aukatekjubókargjöld.

■ **3. gr.** Gjald þetta hefur lögtaksrétt og gengur í 2 ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipi.

■ **4. gr.** Gjaldfrjáls eru þau skip, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

Opið bréf um nokkrar ákvarðanir þeim til trausts, er þinggjaldi eiga að lúka.

1847 10. febr.

■ **1.** Hver sýslumaður er skyldur til að hafa á manntalsþingum manntalsbók þá, er amtmaður hefur gert löggilda, og albúin skal vera gjaldamegin fyrir þing, og heimta eftir henni þinggjaldið; skal hann rita í bókina á þinginu, hvað goldið er, og nafn sitt undir að þinglokum og þingvottar með honum.

■ **2.** Svo skal og hver sá, er þinggjaldi á að lúka, hafa kvittunarbók, og sýslumaður rita þar í, hvað goldið sé á þingum og endranær, er eitthvað er greitt af þinggjaldinu, og allt sem gjalda skal eftir manntalsbókinni. Gjaldi nokkur í reikning sýslumanns í kaupstað, skal sýslumaður flytja það, sem goldið er, úr kaupabók gjaldanda í kvittunarbók hans, ekki síðar en á næsta manntalsþingi.

■ **3.** Kvittunarbók þá, sem um er getið í annarri grein hér á undan, og vera skal að minnsta kosti eitt ark í

1847 10. febr. kápu, skal sýslumaður gera löggilda og innsigla borgunarlaust og er hann þar að auk skyldur til að selja hverjum manni kvittunarbók, sem enga hefur og á þarf að halda, við sanngjörnu verði fyrir pappírinn, kápuna og bandið.

1970 Nr. 58 12. maí **Lög um skemmtanaskatt.**

■ **1. gr.** Greiða skal skatt samkvæmt lögum þessum, þegar aðganga er seld að skemmtunum fyrir almenning.

□ Í sveitarfélögum, sem hafa færri en 1500 íbúa, skal þó ekki innheimta skatt af verði aðgöngumiða á skemmtanir, sem taldar eru í 1., 2. og 3. flokki.

■ **2. gr.** Þessar skemmtanir teljast skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur.
a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
b. Sjónleikar.
c. Danssýningar.
d. Fyrirlestrar og upplestrar.
e. Hlutaveltur, í hverju skyni sem haldnar eru.

Af skemmtunum, er til þessa flokks teljast, greiðist 10% skattur af brúttóverði seldra aðgöngumiða. Af hlutaveltum greiðist sami skattur, einnig af brúttóverði seldra hlutaveltumiða.

2. flokkur. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar. Af skemmtunum, sem til þessa flokks teljast, greiðist 15% skattur af brúttóverði seldra aðgöngumiða.

3. flokkur.

a. Dansleikir allir, hvort sem einstök félög eða dansskólar stofna til þeirra eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, enn fremur dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi félag dansleik og sé aðganga ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.

b. Trúðleikasýningar.

c. Fjölleikasýningar.

d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að og eru ekki taldar sérstaklega. Af skemmtunum þeim, er til þessa flokks teljast, greiðist 20% skemmtanaskattur af brúttóverði seldra aðgöngumiða.

4. flokkur. Af hverju knattborði (billiard) fyrir almenning greiðist 300 kr. skemmtanaskattur fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem knattborðið er notað handa almenningi eða félögum. Gjalddagi á skattinum er síðasti dagur hvers mánaðar.

Skattinn greiðir eigandi knattborðs, enda er knattborðið að veði fyrir skattinum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum í eitt ár frá gjalddaga skattsins.

Nú eru fleiri en eitt knattborð í sama húsnæði, og er þá nægilegt, að eitt sé notað, til að öll séu skattskyld.

5. flokkur. Nú eru vínveitingar um hönd hafðar í veitinga- eða samkomuhúsi, án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkvæmt ákvæðum 1. eða 3. flokks, og skal þá greiða kr. 8,00 í skemmtanaskatt og kr. 2,00 í Menningarsjóð fyrir hvern mann, er aðgang fær að húsinu að kvöldi á þeim tíma, er ákveðinn verður í reglugerð.

■ **3. gr.** Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

a. Hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, svo og aðrir klassískir tónleikar og klassískar söngskemmtanir, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

b. Leiksýningar Þjóðleikhússins, svo og hliðstæðar leiksýningar annarra aðila, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

c. Sýningar á listdansi og þjóðdönsum.

d. Fræðandi fyrirlestrar.

e. Sýningar á íslenzkum kvikmyndum, og telst það sýning á íslenzkri kvikmynd, ef hún tekur a. m. k. helming venjulegs sýningartíma, þótt erlend kvikmynd sé sýnd með henni.

f. Íþróttasýningar, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.

g. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara ásamt gestum þeirra og haldnar undir umsjá skólastjórnar.

h. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem eru aðeins fyrir félagsmenn og gesti þeirra. En sannist það, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr., 3. flokki.

□ Ráðherra er heimilt að láta haldast að nokkru eða öllu leyti undanþágur þær frá greiðslu skemmtanaskatts, er þær skemmtanir hafa notið, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerðar-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrasjóði með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili, æskulýðsheimili, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.

□ Ráðherra er enn fremur heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansleiki, sem unglingar frá 16 til 21 árs aldurs eiga einir aðgang að, enda sé aðgangur seldur vægu verði og fullnægt öðrum skilyrðum, er ráðherra setur.

□ Loks er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansskemmtanir, með eða án minni háttar skemmtiatriða, enda sé vín ekki um hönd haft á þessum skemmtunum og þær ekki haldnar í danshúsum, sem löggilt eru fyrir 300 gesti eða fleiri í sæti. Ráðherra ákveður, hvaða skemmtistaðir skuli teljast danshús í þessu sambandi. Þó skulu samkomu- eða veitingahús, þar sem dans fer að jafnaði fram 20 sinnum á mánuði, ávallt talin danshús. Þeir, sem fá undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts samkvæmt framansögðu, eru skyldir til að greiða þann kostnað af löggæzlu, sem nauðsynleg er talin í þessu sambandi.

■ **4. gr.** Til að halda skemmtun, sem aðgangur er seldur að, skal fá leyfi lögreglustjóra, og skal tilkynna honum, hvar og hvenær hún skuli haldin.

■ **5. gr.** Lögreglustjóri innheimtir skemmtanaskattinn og fær 2% í innheimtulaun. Setja skal nánari ákvæði um innheimtuna í reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 127/1937, sbr. 73/1963 og 91/1983.*

■ **6. gr.** Skemmtanaskattur rennur í Félagsheimilasjóð, nema annars sé getið í lögum þessum.

□ Að því er tekur til reglugerða fyrir bæjar- og hreppsfélög, sem settar hafa verið og staðfestar samkvæmt lögum um skemmtanaskatt, nr. 34 22. nóv. 1918, og enn eru í gildi, þá skal haldast réttur viðkomandi bæjar- og hreppsfélaga til að innheimta í bæjar- eða sveitarsjóði skemmtanaskatt, svo sem í reglugerðunum greinir, enda fer og um önnur atriði, sem skattinn varða, eftir ákvæðum reglugerðanna. Skattur samkvæmt lögum þessum lækkar um þann hluta, sem fellur til hrepps- eða

1970 Nr. 58 12. maí

bæjarfélaga samkvæmt reglugerðunum. Felld er niður undanþága sú frá greiðslu skemmtanaskatts, sem kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum Sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóða Akraness og Hafnarfjarðar hafa notið samkvæmt d-lið 3. gr. laga nr. 56/1927, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1963, svo og undanþágur, sem kvikmyndahúsum hafa verið veittar skv. 2. mgr. 3. gr. l. nr. 56/1927, sbr. l. nr. 24/1963. Skemmtanaskattinn skal þó ráðherra heimilt að endurgreiða þeim aðilum, sem að undanförnu hafa notið tekna vegna framannefndra undanþága, með þeim skilmálum, að fé verði notað í því skyni, sem var ástæða undanþágunnar. Endurgreiðsluréttur nær þó eigi til þess hluta skemmtanaskattsins, sem renna á til Sinfóníuhljómsveitar og Menningarsjóðs, sbr. 7. og 8. gr. Heimilt er ráðherra að veita sams konar endurgreiðslurétt vegna eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé fénu varið til menningar- eða mannúðarmála.

■ **7. gr.** Af skemmtanaskatti samkvæmt 2. gr. renna 10% til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

■ **8. gr.** Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða samkvæmt 2. flokki 2. gr., að undanteknum kvikmyndasýningum fyrir börn, og að dansleikjum samkvæmt a-lið 3. flokks sömu greinar. Nemur gjald þetta 1,5% af bruttóverði seldra aðgöngumiða að kvikmyndahúsum og 3% af bruttóverði seldra aðgöngumiða að dansleikjum.

☐ Gjald þetta rennur óskipt í Menningarsjóð.

☐ Um innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um innheimtu annars skemmtanaskatts samkvæmt lögum þessum.

■ **9. gr.** Gjalddagi skemmtanaskatts er næsti virki dagur eftir að skemmtunin hefur verið haldin. Heimilt er þó að leyfa kvikmyndahúsum og öðrum skemmtistofnunum, sem rekin eru sem föst atvinnufyrirtæki, að greiða skattinn mánaðarlega.

☐ Þeim, er skemmtun heldur eða lætur halda, ber að sjá um skilvísa greiðslu skattsins. Eigandi húsnæðis þess, sem skemmtun er haldin í, ber ábyrgð á greiðslu skattsins.

☐ Ef ágreiningur verður um skattskyldu, sker ráðherra úr honum, en bera má úrskurð hans undir dómstólana.

☐ Deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skatturinn er lækkaður eða felldur niður með úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

Lög um gjald af kvikmyndasýningum.

1952 Nr. 28 4. febr.

■ **1. gr.** Sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) er heimilt að leggja sérstakt gjald á kvikmyndasýningar, aðrar en sýningar íslenzkra kvikmynda og fræðslukvikmynda.

■ **2. gr.** Gjaldið má vera allt að 10% af aðgangseyri að kvikmyndasýningum, þegar frá honum hefur verið dreginn álagður skemmtanaskattur, enda séu þá eigendur kvikmyndahúsanna undanþegnir sætagjaldi.

■ **3. gr.** Gjaldið skal ákvarðað af sveitarstjórn, sem einnig setur nánari reglur um gjalddaga þess og annað, er að innheimtu lýtur.

■ **4. gr.** Gjaldinu skal varið til menningar- og líknarmála í viðkomandi sveitarfélagi eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

1952 Nr. 28 4. febr.

■ **5. gr.** Gjald samkvæmt lögum þessum má innheimta með lögtaki.

☐ [Ef gjaldandi lætur ekki í té upplýsingar, sem skipta máli um innheimtu gjaldsins, skal hann sæta allt að 1000 króna dagsektum. Brot gegn lögum þessum og reglugerð samkvæmt þeim varða sektum.][1)]

[1)] *L. 10/1983, 8. gr.*

Lög um erfðafjárskatt.

1921 Nr. 30 27. júní

■ **1. gr.** Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans, og sé búið tekið til skipta hér á landi, skal gjalda skatt í [erfðafjársjóð][1)].

[1)] *L. 50/1972, 1. gr.*

■ **2. gr.** [Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafé, sem hverfur til maka, niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungs hluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af hverjum arfshluta: Af fyrstu 1200 þúsundum króna 5 af hundraði. Af næstu 1200 þúsundum króna 6 af hundraði. Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 1 af hundraði á hverjum 1200 þúsundum króna sem arfurinn hækkar, þar til hann hefur náð 10 hundraðshlutum.

B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af hverjum arfshluta: Af fyrstu 1200 þúsundum króna 15 af hundraði. Af næstu 1200 þúsundum króna 17 af hundraði. Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 2 af hundraði á hverjum 1200 þúsundum króna, sem arfurinn hækkar, þar til hann hefur náð 25 hundraðshlutum.

C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, sem ekki heyra undir stafliði A eða B hér að framan, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af hverjum arfshluta: Af fyrstu 1200 þúsundum króna 30 af hundraði. Af næstu 1200 þúsundum króna 34 af hundraði. Og svo áfram þannig að skatturinn eykst um 4 af hundraði á hverjum 1200 þúsundum króna, sem arfurinn hækkar þar til hann hefur náð 50 hundraðshlutum.

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana, skal greiða 10 af hundraði.][1)]

[1)] *L. 46/1978, 1. gr.*

■ **3. gr.** Erfðafjárskatt skal greiða af öllu því, er nefnist arfur í eiginlegum skilningi, og enn fremur af gjafaarfi, dánargjöfum og arfi fyrirframgreiddum, sbr. [erfðalög nr. 8 14. marz 1962][1)].

☐ Enn fremur skal greiða erfðafjárskatt af verðmætum eigum eða réttindum, er við andlát manns hverfa til erfingja, eftir samningi hins látna manns við annan, eða fyrir fjárgreiðslu af hendi hins látna. Undanþegið skatti er þó tryggingarfé og lífeyrir, sem keyptur er fyrir annan samkvæmt ákvæðum laga eða opinberri fyrirskipan.

☐ Af fasteignum hér á landi, er falla í arf við skipti, er fara fram í útlöndum, skal greiða erfðafjárskatt eftir þessum lögum til [erfðafjársjóðs][1)]. Skip, sem skrásett eru hér á landi, skal fara með sem fasteign.

[1)] *L. 50/1972, 3. gr.*

1921 Nr. 30 27. júní

■ **4. gr.** Erfðafjárskatt skal og greiða:

1. Af gjöfum, er gefnar eru í lifanda lífi, er gefandi hefur áskilið sér tekjur eða not gjafarinnar til dauðadags eða fyrir ákveðið tímabil, sem eigi er á enda runnið á dánardægri hans.

2. Af gjöfum, er gefnar eru á hinu síðasta ári fyrir andlát gefanda, ef eigur hans hafa fyrir gjafirnar rýrnað um 10 af hundraði eða meira.

3. Af öllum fjármunum, er gefnir hafa verið eða afhentir í því skyni að komast hjá að greiða skatt eftir lögum þessum.

■ **5. gr.** Þá er annað hjóna deyr, og það, sem lengur lifir, situr í óskiptu búi skal eigi greiða erfðafjárskatt af fé því, sem óskipt er, en upphæð búsins skal þá ákveðin á þann hátt, er segir í 10. gr.

□ Ef það hjóna, er situr í óskiptu búi, borgar erfingjum hins látna, einum eða fleirum, allan arf þeirra eða nokkurn hluta hans, áður en til skipta kemur, skal gjalda erfðafjárskatt af arfahlutum þessum, þegar búið kemur til skipta, og greiðist skatturinn af erfðafé þeirra erfingja, er þá taka arf, í réttu hlutfalli eftir skyldleika þeirra við arfleifanda.

□ Hafi það hjóna, er situr í óskiptu búi, gefið erfingjum hins látna meira en svarar hálfri upphæð búsins, skal telja gjafir þessar með til erfðafjárskatts, þó svo, að hækkunin nemi ekki meira en helmingi upphaflegrar búsupphæðar.

■ **6. gr.** Nú nemur fjárhæð sú, er til erfingja fellur, eigi [60 000][1] krónum samtals, og skal þá dánarbúið undanþegið erfðafjárskatti.

□ Skattur skal talinn af hverjum [1000][2] krónum af fjárhæð hvers fjárerfðahluta, en minni fjárhæð eigi til greina tekin.

□ Undanþegin erfðafjárskatti eru handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripir, er verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða vísindi, ef hlutir þessir eru ánafnaðir eða gefnir opinberum söfnum landsins eða alþjóðlegum stofnunum.

□ Af erfðafé, sem ánafnað er til guðsþakka, líknarstofnana eða almenningsnota, er [félagsmálaráðuneytinu][3] heimilt að færa erfðafjárskattinn niður í 5 af hundraði hverju.

[1] *L. 46/1978, 2. gr.* [2] *L. 50/1972, 4. gr., 2. mgr.* [3] *L. 50/1972, 4. gr., 3. mgr.*

■ **7. gr.** Fjárhæð erfðafjárskattsins skal reikna eftir skyldleika erfingjans við arfleifanda, hvort heldur arfurinn fellur til erfingja að lögum eða eftir arfleiðsluskrá.

□ Nú eru hjón skilin að borði og sæng, en arfur dæmist öðru þeirra eftir hitt látið og skal þá telja erfðafjárskattinn eftir skyldleika þess við hið látna.

□ Af erfðafé, sem tilfellur hjónum, er búa sameignarbúi, skal telja erfðafjárskatt eftir skyldleika þess hjóna, er nærskyldara er hinu látna, ef erfðafé rennur inn í sameign þeirra. Þegar fjárhæð sú, er til arfs fellur, er falin í árgreiðslum, svo sem árlegum lífeyri, vaxta- eða afgjaldsnotum eða því líku, þá skal telja erfðafjárskatt af fjárhæðinni tífaldaðri, ef árgreiðslan er bundin við lífstíð eins eða fleiri, er á lífi eru, þegar arfurinn fellur, eða við óákveðna áratölu; en ef endurgreiðslan er miðuð við ákveðna áratölu, skal margfalda fjárhæðina með áratölunni, þó aldrei meira en 25 árum, en sé fjárgreiðslan ævarandi, skal hún tuttugu og fimm földuð.

■ **8. gr.** Erfðafjárskattur kemur í gjalddaga við lát arfleifanda, og skal, þegar opinber skipti fara fram, greiddur í skiptalok. Í dánarbúum, er myndugir erfingjar eða sérstakir skiptaráðendur skipta, eða þegar arfur er tekinn án skipta, skal skattinn greiða á 12 mánaða fresti frá andláti arfleifanda, nema innköllun hafi verið gefin út með 12 mánaða fyrirvara,[1] en þá skal skattinn greiða á 3 mánaða fresti frá því, er innköllunarfrestur er útrunninn.

1921 Nr. 30 27. júní

□ Erfðafjárskattur skal talinn af hverjum erfðahluta um sig, og skal allt það, er hver erfingi um sig hlýtur úr búinu að arfi, gjöf, gjafaarfi o. s. frv., taliðʼí einu lagi.

□ Nú hefur arfleifandi fyrir andlát sitt gefið eða afhent einhverjum erfingja svo mikið, að það, er honum ber af búinu, hrekkur eigi fyrir erfðafjárskatti hans, og skal þá greiða það, er til vantar, samkvæmt því, sem segir í 5. gr.

[1] *L. 19/1924, 2. gr.*

■ **9. gr.** Nú deyr maður, er arf hefur hlotið, áður en erfðafjárskattur eftir þessum lögum er greiddur, en arfurinn fellur síðan til annarra, og skal þá aðeins greiða skatt eitt skipti af arfi þessum, en fjárhæð skattsins skal, þegar svo ber við, miða við skyldleika erfingjanna við þann arfleifanda, er fjær þeim stendur að skyldleika.

■ **10. gr.** Í öllum þeim dánarbúum, þar er opinber skipti fara eigi fram, svo og þegar það hjóna, er lengur lifir, situr í óskiptu búi, skulu erfingjar semja erfðafjárskýrslu og senda hana hinum reglulega skiptaráðanda áður en liðinn er frestur sá, er ákveðinn er í 8. gr.

□ Erfðafjárskýrslur skal semja eftir fyrirmynd, er [félagsmálaráðuneytið][1] setur, og skal í henni skýrt frá öllum verðmætum eignum búsins og skuldum þess og skyldleika erfingja við hinn látna, svo og, ef skiptin hafa farið fram, hvernig féð skiptist milli erfingja. Í erfðafjárskýrslu skal einnig skýrt frá gjöfum, afsölum eða samningum, er hinn látni kann að hafa gert og skattskylda fylgir eftir þessum lögum.

[1] *L. 50/1972, 5. gr.*

■ **11. gr.** Skiptaráðandi skal hafa eftirlit með, að erfðafjárskýrslur séu rétt samdar og sendar ásamt greiðslu skattsins á ákveðnum fresti. Sé erfðafjárskýrsla eigi send í réttan tíma, skal skiptaráðandi setja bréflega hlutaðeigendum frest til að gera skýrsluna, og leggja við dagsektir.

□ Allir erfingjar skulu undirskrifa skýrsluna, og bera þeir allir ábyrgð á, að hún sé rétt og send á réttum tíma.

■ **12. gr.** [Ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði á fjármunum, öðrum en fasteignum, sem falla í erfðir, skal skiptaráðandi útnefna óvilhalla menn til þess að meta fjármunina til peninga, ef ætla má, að þeir nemi samtals [600 000][1] krónum. Fasteignir skal telja á fasteignamati.][2]

□ Ef skiptaráðandi álítur, að arfleifandi hafi afhent eða gefið fjármuni í lifanda lífi, sem greiða ætti af erfðafjárskatt samkvæmt 4. gr., getur skiptaráðandi krafizt skriflegrar yfirlýsingar um það af hálfu þeirra, sem honum þykir líklegt, að hlotið hafi þessa fjármuni. Ef einhver skorast undan að gefa slíkar skýrslur, skal skiptaráðandi bréflega setja hlutaðeiganda frest til þess og leggja við dagsektir.

[1] *L. 46/1978, 3. gr.* [2] *L. 50/1972, 6. gr.*

■ **13. gr.** Allir embættismenn og aðrir, sem opinber

1921 Nr. 30 27. júní

störf hafa á hendi, sömuleiðis stjórnendur banka, vátryggingarfélaga, hlutafélaga, kaupfélaga, sparisjóða og annarra slíkra stofnana eða félaga, eru skyldir að gefa ókeypis, í fyrirskipuðu stuttu formi, allar þær skýrslur, er þeir geta í té látið og mega verða skiptaráðanda að liði við starf hans, svo sem skýrslur um hlutabréf, skuldabréf, þinglesin eða óþinglesin, inneignir, veðvottorð o. s. frv.

☐ Ef einhver skorast undan að gefa þær skýrslur, sem krafizt er, sker [félagsmálaráðuneytið][1] úr, hvort hann sé skyldur til þess, og getur, ef þörf krefur, lagt við dagsektir, unz skýrslurnar eru gefnar.

[1] *L. 50/1972, 7. gr. (Á væntanlega við 13. gr., 2. mgr.)*

■ **14. gr.** Nú verður sú raun á, að arfi hefur leynt verið vísvitandi eða rangt skýrt frá atvikum, er áhrif hafa á skattinn, eða einhverju því leynt, er til greina ber að taka til hækkunar skattsins, og skal þá greiða fimmfalda þá fjárhæð, er lækkun skattsins fyrir þessar sakir mundi nema. [Með mál út af þessum efnum skal farið að hætti opinberra mála.][1]

[1] *L. 50/1972, 8. gr.*

■ **15. gr.** Erfðafjárskatt og dagsektir eftir lögum þessum má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

1976 Nr. 120 31. des.

Lög um tollskrá o. fl.

A. Tollskrá.

Vöruskrá með tolli.

■ **1. gr.**[1] Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum lögum. Skulu gjöldin vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi **tollskrá.**

...

Almennar reglur um túlkun tollskrárákvæða.

☐ Við skýringar á tollskránni skal fylgja eftirfarandi reglum:

1. Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Tollflokkunin skal byggð á orðalagi tollskrárnúmera, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla, og brjóti það eigi í bága við orðalag tollskrárnúmeranna eða athugasemdanna skal fylgt eftirfarandi reglum:

2. a. Þegar talað er um tilteknar vörur í tollskrárnúmeri tekur það einnig yfir ófullgerðar vörur eða vörur sem eitthvað vantar á, ef þær við innflutning að öllu verulegu leyti líta út eins og hinar fullgerðu vörur. Enn fremur tekur það yfir þessar vörur fullgerðar eða heilar (eða vörur sem flokkast þannig samkvæmt þessum lið) þegar þær eru fluttar inn ósamsettar eða sundurteknar.

b. Þegar talað er um tiltekið efni í tollskrárnúmeri tekur það eigi einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. liðs hér á eftir.

3. Nú kemur til álita skv. 2. lið að framan, eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri tollskrárnúmera og skal þá tollflokkunin fara eftir því sem hér segir:

a. Tollskrárnúmer sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu skal tekið fram yfir tollskrárnúmer með almennri vörulýsingu.

1976 Nr. 120 31. des.

b. [Blöndur, samsettar vörur, úr ýmsum efnum eða hlutum svo og vörusamstæður (sett), sem eigi verða flokkaðar eftir reglunni í 3 a, skulu flokkaðar eftir því efni eða þeim hluta sem helst einkennir þær, enda verði slíku mati komið við.][2]

c. [Ef eigi er unnt að flokka vörur eftir reglunum í 3 a eða 3 b hér á undan skal telja þær til þess tollskrárnúmers sem síðast er þeirra tollskrárnúmera sem að jöfnu koma til álita.][2]

4. Vörur, sem eigi falla undir neitt tollskrárnúmer, skulu taldar til sama tollskrárnúmers og þær vörur sem þeim eru líkastar.[3]

...

[1] *Efni 1. gr. er sleppt að öðru leyti en hér kemur fram; sjá Stjtíð. A 1976, bls. 339—555.* [2] *L. 82/1978, 1. gr.* [3] *Um breytingar á tollflokkum sjá l. 24/1977; 82/1978, 31/1981; 2/1982.*

Tollfrjáls innflutningur.

■ **2. gr.** Auk þeirra vara sem tollfrjálsar eru samkvæmt 1. gr. skulu eftirtaldar vörur einnig undanþegnar gjöldum:

1. Fylgifé fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum og er að mati tollyfirvalds ekki umfram það sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar fars og ferða þess, enda verði fylgifé ekki flutt úr viðkomandi fari.

2. Hæfilegar vistir og aðrar nauðsynjar í fari sem er í utanlandsferðum, enda verði þær áfram í farinu til neyslu og notkunar áhafnar og farþega.

3. Vörur sem ekki á að flytja hér úr fari en eiga að fylgja því aftur til útlanda.

4. Vanalegur farangur áhafnar fars sem kemur hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalds um hæfilegan fatnað og aðrar ferðanauðsynjar til eigin notkunar áhafnar í fari að ræða.

5. Vanalegur farangur ferðamanna sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda sé að mati tollyfirvalds um hæfilegan fatnað og aðrar ferðanauðsynjar til eigin nota ferðamannanna á ferðalaginu að ræða.

6. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna sem látist hafa erlendis.

7. Notaðir heimilismunir manna sem flytja búferlum hingað til lands, enda hafi viðkomandi verið búsettur erlendis í a. m. k. eitt ár áður en hann flutti til landsins og munirnir verið í eigu hans allt það ár. Ökutæki og önnur farartæki teljast ekki til heimilismuna í þessu sambandi.

8. Vörur til sendiráða, sendiræðismannsskrifstofa, diplómatískra sendimanna og sendiræðismanna erlendra ríkja, enda

a. séu vörurnar fluttar inn af þessum aðilum eða keyptar af þeim fyrir milligöngu aðilja sem fá þær tollafgreiddar fyrir þá,

b. fram hafi verið borin ósk um það við utanríkisráðuneytið að hlutaðeigandi innflytjandi eða kaupandi njóti hér tollfrelsis,

c. viðkomandi afhendi fullfrágengna aðflutningsskýrslu um hina innfluttu eða keyptu vöru. Skýrslan sé einnig undirrituð af forstöðumanni viðkomandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu, ef annar á í hlut, og jafnan með embættisstimpli hlutaðeigandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu,

d. og því sé lýst yfir að vörurnar séu einungis til

starfseminnar hér, eigin nota hlutaðeigandi, fjölskyldu hans og/eða til heimilishalds hans hér.

Tollfrelsið má binda því skilyrði að íslenskir sendimenn og sendisveitir njóti sams konar tollfrelsis hjá viðkomandi ríki.

9. Skjaldarmerki, flögg, innsigli, stimplar og áprentuð eyðublöð, sem umbjóðendur kjörræðismanna erlendra ríkja senda þeim, enda beri vörur þessar það með sér að þær séu ætlaðar til afnota í sambandi við ræðismannsstörfin.

10. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum svo og verðlaun fyrir íþróttaafrek og önnur afrek sem unnin eru erlendis.

11. Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.

12. Endursendar tómar umbúðir, enda séu færðar sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af útfluttum vörum héðan.

☐ Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um tollfrelsi samkvæmt þessari grein.[1)]

[1)] *Rg. 313/1983 (um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.).*

Undanþágu- og lækkunarheimildir.

■ **3. gr.** Fjármálaráðuneytinu er heimilt:

1. Að fella niður gjöld af vöru sem send er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda greiði hlutaðeigandi kostnað tollgæslunnar af eftirliti með henni, geymslu hennar og flutningi og ákvæði laga nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur, eigi ekki við um framhaldsflutninginn, sbr. einkum IV. kafla laganna.[1)]

2. Að fella niður gjöld af vöru, sem hefur eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslum tollyfirvalda eða í viðurkenndum geymslum farmflytjanda, enda sé eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki sök viðtakanda og vörunni sé fleygt undir tolleftirliti.[2)]

3. Að heimila — gegn fullnægjandi tryggingu um endurútflutning og greiðslu gjalda ef endurútflutningur bregst — tollfrjálsan innflutning á vörum sem aðeins verða hér til sýningar eða flutnings um stundarsakir, svo og á vélum, tækjum og öðrum áhöldum sem aðeins eru send hingað til reynslu um stuttan tíma.

4. Að heimila — án eða gegn fullnægjandi tryggingu um endurútflutning og greiðslu gjalda ef endurútflutningur bregst — tollfrjálsan innflutning um stuttan tíma á tækjum, verkfærum og öðru þvílíku sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota við athuganir sínar hér, rannsóknir og starfsemi.[3)]

5. Að lækka eða fella niður gjöld af vöru sem er send hingað til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.

6. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tollækkunarákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum.[4)]

7. Að lækka eða fella niður gjöld af venjulegum brúðargjöfum frá aðilum búsettum erlendis, enda hafi brúður eða brúðgumi haft fasta búsetu erlendis í tvö ár fyrir brúðkaupið. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja eða annarra farartækja.

8. Að lækka eða fella niður gjöld af notuðum munum sem hafa fallið í arf erlendis. Heimildin tekur þó ekki til ökutækja eða annarra farartækja.

9. Að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra eða þvílíkra. Enn fremur af gjöfum sem aðilar búsettir erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, [allt að 10 000 kr. verðmæti][5)] að mati tollyfirvalds.

10. Að heimta ekki gjöld af bifreiðum og bifhjólum sem skráð eru erlendis og flutt eru til landsins af mönnum sem þar hafa haft fasta búsetu í a. m. k. tvö ár og ekki jafnframt átt lögheimili hér á landi. Gildir undanþága þessi í þrjá mánuði frá komu ökutækisins til landsins. Heimilt er að framlengja hana um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls, enda færi viðkomandi fyrir tollyfirvöldum fullgildar sönnur á að hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:

a. Að hann hafi hvorki launaða atvinnu hér á landi né reki hér atvinnufyrirtæki.

b. Að hann hafi ekki tekið sér búsetu hér á landi.

c. Að hann hafi ekki flutt búslóð sína hingað til lands.

Nú uppfyllir viðkomandi ekki framangreind skilyrði til framlengingar undanþágu frá greiðslu gjalda og er þá heimilt að framlengja hana um þrjá mánuði í senn, allt að tólf mánuðum alls frá komu ökutækisins til landsins, gegn greiðslu sérstaks gjalds sem nema skal ákveðnum hundraðshluta á mánuði af cif-verði viðkomandi ökutækis.

Undanþága þessi er að öðru leyti háð því að viðkomandi skuldbindi sig til að hlíta eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. Að hann aki ökutækinu sjálfur, maki hans eða launaðir ökumenn hans, útlendir eða innlendir.

b. Að ökutækið verði ekki lánað, leigt eða notað til neins konar flutninga gegn greiðslu.

c. Að hann hafi ökutækið með sér til útlanda þegar hann fer þangað. Ökutæki skal þó ætíð flutt utan þegar að tólf mánuðum liðnum frá því að það var flutt hingað til lands.

d. Að hann hlíti þeim nánari reglum sem fjármálaráðuneytið setur um ökutæki þessi og eftirlit með þeim.

Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir undanþágu frá greiðslu gjalda falla niður að dómi tolleða lögreglustjóra mega þeir taka viðkomandi ökutæki þegar í stað úr umferð og tollyfirvald láta selja ökutækið á opinberu uppboði til lúkningar á gjöldum og kostnaði eða hlutast til um endurútflutning þess á kostnað innflytjanda.

Ákvæði töluliðar þessa gilda með sama hætti um nýjar bifreiðar og bifhjól sem keypt eru hér á landi og hafa hvorki verið skráð hérlendis né erlendis. Ökutæki þessi skulu skráð sérstaklega og frekari skilyrði uppfyllt sem dómsmálaráðuneytið kann að setja. Undanþága frá greiðslu gjalda samkvæmt þessari málsgrein miðast við skráningardag ökutækis.

Fjármálaráðuneytið getur í undantekningartilvikum heimilað framlengingu undanþágu samkvæmt 1. og 2.

1976 Nr. 120 31. des.

málsgr. án greiðslu hins sérstaka gjalds af cif-verði viðkomandi ökutækis.[6)]

11. Að endurgreiða, lækka eða fella niður að hluta eða öllu leyti gjöld

a. af efnivörum í innlendar framleiðsluvörur og

b. af umbúðum og efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, enda verði hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar eða sérstakar ástæður séu fyrir hendi og hægt sé að ganga úr skugga um magn og verð umbúða og efnivara.

Ef hentugra þykir má greiða hinum innlendu framleiðendum bætur er svari sem næst til þeirra gjalda er greidd hafa verið eða rétt þykir að endurgreiða.[7)]

12. Að endurgreiða eða fella niður gjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE), svo og af vélum, vélahlutum og varahlutum sem notaðir eru til aðvinnslu sömu vara. Jafnframt að lækka eða fella niður gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni.[8)]

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa töluliðar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið og samtök iðnaðarins.

13. Að samræma gjöld af vörum ef vara úr tilteknu efni ber hærra gjald en hliðstæð vara úr öðru efni.[9)]

14. Að fella niður gjöld af bifreiðum ráðherra og sendiráðsstarfsmanna í samræmi við reglur um bifreiðamál ríkisins.[10)]

15. Að fella niður gjöld af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum sem eru eingöngu notaðir í kirkjum eða sérstaklega framleiddir til notkunar í þeim. Undanþáguheimildin tekur ekki til hljóðfæra.

16. Að fella niður gjöld af umbúðum sem eru lánaðar eða leigðar hingað til lands.

17. Að fella niður gjöld af vörum sem teljast til tnr. 34.02.09 og 38.19.49 og notaðar eru sem hráefni eða hjálparefni í iðnaðarvörur.[11)]

18. Að fella niður gjöld af munum sem aðilar búsettir erlendis senda Norræna húsinu að gjöf.

19. Að fella niður gjöld af fræðandi skuggamyndum sem yfirvöld fræðslumála flytja til landsins.

20. Að fella niður gjöld af bókum á íslensku, prentuðum erlendis, enda séu bækurnar gerðar í samvinnu við erlenda aðila og verði ekki gerðar hér á landi á viðhlítandi hátt.

21. Að fella niður með nánar ákveðnum skilyrðum gjöld af vélum, tækjum, rafmagnsvörum og öðrum fylgihlutum og viðgerðarefnum sem ætluð eru til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.[12)]

22. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vélum sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á vörum í nýjum útflutningsiðngreinum eða til framleiðslu á ótollverndaðum vörum.

[23. Að heimila tímabundna afhendingu vara án greiðslu gjalda, til þess að fram geti farið á vörum þessum á ábyrgð farmflytjanda og innflytjanda nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum. Heimild þessa má binda skilyrðum um vörslu og meðferð vörunnar, svo og að fullnægjandi tryggingar séu settar fyrir greiðslu áfallinna gjalda og öðrum kostnaði sem leiða kann af leyfisveitingunni. Heimild þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka.][13)14)]

24. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.

25. Að heimila að gjöld af tækjum, sem send eru hingað til notkunar um stuttan tíma og endursend eru þegar að notkun lokinni, séu reiknuð af leigu eða áætlaðri leigu fyrir tækin í stað venjulegs tollverðs.

26. Að fella niður gjöld af lifandi dýrum í dýragarða.

27. [Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 550 fólksbifreiðum fyrir fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 12 000 krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 24 000 krónum.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 40 bifreiðum árlega um allt að 24 000 krónur fyrir þá sem mestir eru öryrkjar en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 48 000 krónum af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

Fjármálaráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum skv. 2. og 3. málsgr. til samræmis við þróun framfærsluvísitölu og vegna breytinga sem kunna að verða á aðflutningsgjöldum af bifreiðum.

Öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf gjalda af bifreið samkvæmt ákvæðum þessarar heimildar, getur sótt um eftirgjöf að nýju að fjórum árum liðnum talið frá tollafgreiðsludegi bifreiðar vegna eldri eftirgjafar. Þó getur öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf skv. 3. málsgr., sótt um eftirgjöf að nýju að þremur árum liðnum.

Aðilar, sem njóta tollívilnunar skv. 41. tl. 3. gr., geta notið hálfrar ívilnunar skv. 2. málsgr.

Fjármálaráðherra skipar sex manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu fimm nefndarmenn vera læknar og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands en sá sjötti skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum sem ekki verða gerðir hér á landi svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki.][15)]

28. Að endurgreiða með nánar ákveðnum skilyrðum gjöld af efni, vélum og tækjum í báta og skip sem smíðuð eru, gert er við, breytt eða endurbætt eru innanlands.[16)]

29. Að lækka í 30% toll af hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.

30. Að endurgreiða toll af þrýstivatnspípum, hverflum svo og hreyflum minni en 400 hestöfl DIN, til notkunar við raflýsingu á sveitabæjum, sem svari því að af vörum þessum sé greiddur 10% tollur.

31. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af bæklingum og ritum sem seld eru eða er dreift erlendis til landkynningar.

32. Að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutnings-

gjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru ef varan er flutt inn flugleiðis, þó aðeins gjald fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél er vöruna flytur hingað.[17)]

33. Að fella niður gjöld af vörum til lækninga sem nefndar eru í a—e lið 3. athugasemdar við 30. kafla tollskrár og teljast til tnr. 30.05.00.[18)]

34. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum sem notaðar eru við vélpökkun á kornvörum, sykri og kaffi, enda séu umbúðirnar með viðeigandi áletrun.

35. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af tækjum sem gefin verða til mannúðar- eða líknarstarfsemi.

37. [Að fella niður eða endurgreiða gjöld af segulbandstækjum og segulböndum fyrir sjónskert fólk svo og af stöfum, úrum og öðrum öryggis- og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa sjón- og heyrnarskertra. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd heimildarákvæðis þessa í samráði við augndeild Landakotsspítala og Tryggingastofnun ríkisins, sé um tæki fyrir sjónskerta að ræða, og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, sé um tæki fyrir heyrnarskerta að ræða.][19)]

38. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á niðursoðnum sjávarafurðum til útflutnings.

39. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði sem íslenskar vísindastofnanir eiga kost á endurgjaldslaust frá erlendum aðilum.

40. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af vísindatækjum og búnaði til Norrænu eldfjallarannsóknastöðvarinnar.

41. Að lækka toll úr 90% í 40% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa akstur leigubifreiða til fólksflutninga, akstur sendiferðabifreiða eða kennslu í bifreiðaakstri að aðalstarfi. Enn fremur er heimilt að lækka toll úr 90% í 65% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa slíkan akstur að aukastarfi.[20)]

42. Að fella niður gjöld af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum, umfram þá muni sem greinir í 4. og 5. tölulið 2. gr., enda sé ekki um innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu þessa má takmarka við ákveðna vöruflokka eða hámarksverðmæti tiltekinna vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki aðrar innflutningshömlur um slíkan varning en settar eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.[21)]

43. Að fella niður eða endurgreiða gjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í sveitarfélögum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu fyrir hvert sveitarfélag.

44. Að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum sem góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni.

45. Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugarða, svo og af tækjum til sjálfvirkrar vökvunar í gróðurhúsum, sem svari því að greiddur sé 7% tollur.

46. Að fella niður gjöld af áteknum og óáteknum myndsegulböndum fyrir Ríkisútvarp/sjónvarp.

48. Að ákveða að sameina megi í eitt tollskrárnúmer vörur sem falla í mismunandi tollskrárnúmer og fluttar eru til landsins í smásendingum að fob-verðmæti allt að kr. 10 000, enda verði greidd af þeim gjöld miðað við tolltaxta þess tollskrárnúmers sem verðmætasti hluti sendingarinnar fellur undir.

49. Að fella niður gjöld af sýnishornum verslunarvara og auglýsingarefnis, svo og varningi sem gerður hefur verið ónothæfur sem almenn verslunarvara, enda sé um óverulegt verðmæti að ræða og vörurnar verði einungis notaðar til að ákveða eftir þeim pantanir.

[51.][22)] Að semja svo um að gjöld af framangreindum númerum í 1. gr. sem merkt eru með stjörnu (*) skuli vera bundin og eigi hærri en þar greinir. Enn fremur að gjöld af eftirtöldum númerum skuli ekki vera hærri en hér segir:

06.01.00	80%	08.12.03	40%	10.06	0
08.05.00	90%	08.12.09	40%	11.01.11	0
08.06.10	12%	10.01.00	0	11.01.12	0
08.12.02	40%	10.05.00	0	11.01.22	0
11.01.23	0	33.06.04	125%	73.12.00	15%
11.01.24	0	34.02.01	110%	73.13.10	15%
11.02.21	0	34.02.09	110%	73.13.20	15%
15.07.89	30%	37.07.00	1 kg 50 kr.	73.13.30	15%
15.10.19	30%	38.19.19	50%	73.13.51	15%
15.12.09	35%	39.02.87	35%	73.13.59	15%
18.03.00	40%	39.02.99	40%	73.15.82	15%
18.04.00	40%	39.07.89	70%	73.18.31	15%
18.05.00	50%	40.09	35%	73.27.02	20%
19.03.00	80%	44.23.01	40%	78.04.01	15%
19.07.00	80%	53.07	50%	82.02.00	35%
19.08.00	80%	55.09.23	50%	82.03.00	35%
20.02.00	60%	58.04.30	65%	82.05.00	35%
20.06.00	50%	64.01.01	25%	82.06.00	35%
20.07.01	40%	64.01	50%	83.07.05	70%
20.07.09	50%	64.02.01	80%	84.09.00	25%
21.05.00	100%	64.02.09	80%	84.19.09	25%
21.07.01	40%	64.06.00	100%	84.23.09	25%
22.05.01	20%	69.11.00	100%	84.30.05	10%
22.05.02	20%	69.12.00	100%	84.32.00	25%
22.05.03	20%	70.04.00	35%	84.35.00	25%
22.05.09	20%	70.05.00	35%	84.36.00	25%
22.09.05	20%	70.06.00	35%	84.37.01	25%
22.09.09	20%	70.07	50%	84.37.09	25%
23.07.00	0	70.08.00	50%	84.40.11	35%
28.30.01	20%	70.10.09	60%	84.42.00	25%
30.04.00	35%	73.09.00	15%	84.45.00	25%
31.04.22	0	73.10.11	15%	84.47.01	25%
32.05.00	25%	73.10.19	35%	84.49.00	25%
32.07.00	25%	73.10.21	35%	84.59.23	25%
32.09.09	60%	73.10.23	35%	85.05.00	35%
32.12.00	60%	73.10.29	15%	87.07.00	25%
33.06.02	125%	73.11.10	15%	90.16.00	35%
33.06.03	125%	73.11.20	15%		

[52.][22)] Að endurgreiða eða fella niður gjöld af ökutækjum sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar.

[53.][22)] Að lækka í 15% toll af bifreiðum sem hjálpar- og björgunarsveitir festa kaup á og þegar eftir tollafgreiðslu verða sérstaklega útbúnar til leitar og sjúkraflutninga.

[54.][22)] Að endurgreiða eða lækka í 50% toll af merktum borðbúnaði í tnr. 69.11.00, 69.12.00, 70.13.00, 73.38.11, 73.38.19, 82.09.01 og 82.14.00, sem

fluttur er inn til veitingarekstrar af hótel- og veitingahúseigendum, svo og af merktum borðbúnaði fyrir spítala, hæli, elliheimili og aðrar heilsugæslustöðvar.

[56.][22] Að endurgreiða með nánar ákveðnum skilyrðum gjöld af efni, vélum og tækjum í hitaveitur.

[58.][22] Að fella niður gjöld af skíðalyftum.

[59.][22] Að lækka í 7% toll af reykháfum fiskimjölsverksmiðja sem settir verða upp að kröfu heilbrigðisyfirvalda.

☐ Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um undanþágu- og lækkunarheimildir samkvæmt þessari grein.

[1]*Augl. 220/1968.* [2]*Augl. 270/1968, augl. 132/1967.* [3]*Augl. 188/1969.* [4]*Augl. 680/1980, 287/1981, 267/1980, 384/1980, 569/1982.* [5]*L. 82/1978, 2. gr.* [6]*Reglur 229/1981, 548/1982, 246/1975.* [7]*Augl. 282/1966.* [8]*Augl. 8/1981, 88/1981, 219/1982, 93/1983, 192/1983, 541/1982.* [9]*Augl. 89/1981, 268/1981.* [10]*Rg. 6/1970, 11. gr.* [11]*Augl. 758/1981.* [12]*Augl. 8/1982, 63/1982.* [13]*L. 11/1981, 2. gr.* [14]*Reglur 564/1982.* [15]*L. 11/1981, 1. gr.* [16]*Reglur 507/1979, 551/1980, 332/1982.* [17]*Augl. 3/1971.* [18]*Augl. 190/1977.* [19]*L. 30/1982, 1. gr.* [20]*Reglur 234/1980.* [21]*Rg. 313/1983.* [22]*Svo í Stjtíð., en númeraröðin hefur greinilega brenglast.*

Vörur úr viðgerð og annarri aðvinnslu.

■ **4. gr.** Nú eru vörur sendar til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, gyllingar, silfrunar eða annarrar aðvinnslu, og þær breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning þeirra er fullnægt þeim skilyrðum sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgreinar, og skal þá greiða af aðvinnslukostnaði, að viðbættum sendingarkostnaði báðar leiðir, þann hundraðshluta í aðflutningsgjöld sem sams konar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni, þó ekki lægri verðtoll en 5%. Ef sams konar erlendar aðfluttar vörur eru undanþegnar gjöldum skal greiða af vörunum 5% af fyrrnefndum kostnaði, að viðbættum sendingarkostnaði báðar leiðir. Undanþága, sem felst í þessum ákvæðum, er þó bundin þeim skilyrðum

a. að vöru sé framvísað fyrir tollstarfsmanni áður en hún er flutt til útlanda,

b. að við útflutning skrái útflytjandi á þar til gert eyðublað nákvæma lýsingu á vöru og fyrirhugaðri viðgerð eða aðvinnslu hennar,

c. að viðkomandi tollstarfsmaður votti á eyðublaðið að vöru hafi verið framvísað og lýsing útflytjanda sé rétt,

d. að við endurinnflutning vöru sé hinni staðfestu lýsingu framvísað við tollafgreiðslu.

☐ Breyti vörur þær, sem sendar eru til útlanda til aðvinnslu, svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir skal greiða af þeim gjöld eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

☐ Undanþegnar framangreindu gjaldi eru viðgerðir á íslenskum skipum, bátum og flugvélum sem fram fara erlendis.

☐ Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður eða endurgreiða gjald það, sem um ræðir í þessari grein, af aðvinnslukostnaði íslenskra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi.

B. Tollmeðferð o. fl.

Tollverð vara og verðtollun.

■ **5. gr. Tollverð** (tollreikningsverð) verðtollsskyldrar vöru er **eðlisverð** (normalverð) hennar, og er með því átt við það verð, sem myndi fást fyrir vöruna á frjálsum markaði í viðskiptum kaupanda og seljanda, sem eru óháðir hvor öðrum, á þeim tíma sem varan er tekin til tollmeðferðar.

☐ Við ákvörðun eðlisverðs skal við það miðað

a. að varan sé afhent kaupanda á innflutningsstað í innflutningslandinu,

b. að seljandi beri allan kostnað, gjöld og önnur útgjöld við sölu og flutning vörunnar til innflutningsstaðar og afhendingu hennar þar, en

c. kaupandi greiði alla tolla og önnur gjöld sem falla á vöruna í innflutningslandinu.

☐ Innflutningsstaður vöru telst sá staður þar sem hún er affermd úr því fari sem flutti hana til landsins.

■ **6. gr.** Kostnaður sá, gjöld og önnur útgjöld, sem greind eru í b-lið 2. málsgr. 5. gr., skulu innifalin í eðlisverði og telst þar til m. a.:

1. Flutningsgjald og annar flutningskostnaður.
2. Vátrygging.
3. Umsýsluþóknun.
4. Miðlaraþóknun.
5. Kostnaður, gjöld og önnur útgjöld við að gefa út utan innflutningslandsins skjöl sem nauðsynleg eru við flutning vöru þangað, þar með talin gjöld til ræðismanna.
6. Tollar og önnur gjöld sem falla á vöru utan innflutningslandsins, að frádregnum endurgreiðsluupphæðum.
7. Umbúðakostnaður, vinnulaun og annar kostnaður við umbúðir.
8. Fermingarkostnaður.

☐ Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er unnt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefur haft í för með sér, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka. Þá skal og heimilt með sama skilyrði að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, eða vegna þess að far affermir á fleiri stöðum en einum, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

☐ Sé vara vernduð með einkaleyfi eða mynsturvernduð eða hún er flutt hingað með erlendu vörumerki eða í því skyni að seljast hér með slíku vörumerki skal eðlisverðið taka til verðmætis réttarins til að nota einkaleyfið, mynstrið eða vörumerkið.

■ **7. gr.** Við sölu á frjálsum markaði milli kaupanda og seljanda, sem eru óháðir hvor öðrum, skal við það miðað

a. að verðið sé eina endurgjaldið fyrir vöruna,

b. að það hafi ekki áhrif á verðið að sérstakt samband, fjárhagslegt, viðskiptalegt eða einhvers annars eðlis, hvort heldur er samkvæmt samningi eða á einhvern annan hátt, sé á milli seljanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, annars vegar, og kaupanda eða einhvers aðila í viðskiptalegum tengslum við hann, hins vegar, og

c. að enginn hluti þess arðs, sem hefur orðið til við síðari endursölu, notkun eða ráðstöfun vörunnar, falli í hlut seljanda, beint eða óbeint, eða til nokkurs annars aðila sem stendur í viðskiptalegu sambandi við hann. Um viðskiptalegt samband tveggja aðila er að ræða, beint eða óbeint, ef

a. annar þeirra hefur einhverra hagsmuna að gæta í

sambandi við viðskiptarekstur eða eignir hins, eða

b. báðir hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta í sambandi við einhvern annan viðskiptarekstur eða eignir, eða

c. einhver þriðji aðili hefur hagsmuna að gæta í sambandi við viðskiptarekstur eða eignir þeirra beggja.

☐ Þegar um kaup á vöru er að ræða skal yfirleitt leggja hið umsamda kaupverð til grundvallar, þó með þeim leiðréttingum sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að færa vöruna til rétts eðlis- og tollverðs samkvæmt lögum þessum.

☐ Við leiðréttingu á verði má, þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar vara er flutt inn af dótturfyrirtæki eða útibúi, hafa hliðsjón af því verði sem innflytjandi fær fyrir hana í endursölu.

☐ Því aðeins skal leiðrétta tollverð vegna verðbreytinga á vöru, sem keypt er til landsins, að lengri tími en 6 mánuðir líði frá því að kaup eru gerð og þar til varan er tekin til tollmeðferðar.

■ **8. gr.** Fjármálaráðuneytinu er heimilt að setja nánari ákvæði um ákvörðun eðlis- og tollverðs, m. a. að ákveða hvers konar afsláttur skuli undanþeginn tolli og hvað sé eðlilegt flutningsgjald og aðrir eðlilegir kostnaðarliðir í eðlis- og tollverði.

■ **9. gr.** Nú fást ekki fullnægjandi gögn um verð vöru og skal þá verðtollur greiddur af verði sem svarar til verðs á sams konar vöru eða vöru af svipuðu tagi, með umbúðum en án tolls, frá heildsala til smásala hér á landi á þeim tíma sem vara er tekin til tollmeðferðar.

■ **10. gr.** Nú er verð vöru eigi tilgreint eða tollstarfsmenn telja við tollmeðferð vöru að verð það sem staðfest kann að vera með framlögðum skjölum sé ekki hið rétta tollverð hennar og skulu þeir þá ákveða verðið í samræmi við ákvæði laga þessara.

☐ Þurfi að fara fram mat á vörunni í þessu skyni er tollyfirvaldi þó jafnan heimilt að láta dómkveðja menn til að framkvæma matið á kostnað viðtakanda. Skal það einkum gert ef viðtakandi vöru finnst ekki, viðtöku hennar er neitað, vara er til muna skemmd eða matið þykir aðeins vera á færi sérfróðra manna.

☐ Sætti viðtakandi vöru sig ekki við það verð sem ákveðið hefur verið skv. 1. og 2. málsgr., getur hann gert skriflega kröfu um yfirmat til viðkomandi tollyfirvalds, áður en það afhendir eða samþykkir að afhenda megi viðtakanda vöruna. Tollyfirvald getur einnig krafist yfirmats innan sama tíma. Eftir að fram er komin krafa um yfirmat skal tollyfirvald gera ráðstafanir til að matið verði framkvæmt af þrem dómkvöddum matsmönnum sem tilkynna skulu viðtakanda vöru og tollyfirvaldi hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Matsmenn skulu ákveða verð vörunnar, eftir ákvæðum laga þessara um tollverð eftir því sem við verður komið, og skal úrskurður þeirra vera endanlega bindandi fyrir báða aðila. Sá, sem yfirmats krefst, skal greiða matskostnaðinn, nema matið gangi honum í vil. Ákvæði 54. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit skulu gilda eftir því sem við á um matskostnað.[1)]

☐ Nú fær innflytjandi bætur fyrir rýrnun eða skemmdir, sem verða á vöru á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslum tollyfirvalda eða í viðurkenndum geymslum farmflytjanda, áður en hún er afhent honum, og hann eða aðrir eiga ekki sök á rýrnuninni eða skemmdunum, og má þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar sem svarar bótunum, enda hafi tollstarfsmenn verið viðstaddir skoðun og mat vörunnar og telji bæturnar ekki of háar miðað við ástand hennar.[2)]

[1)] *Augl. 59/1970, 132/1967, 441/1979, 6. gr. (Nú rg. 287/1983.)* [2)] *Augl. 270/1968.*

■ **11. gr.** [Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess tilgreint í erlendri mynt, og skal þá því eða hluta þess við ákvörðun tollverðs breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi þegar varan er tekin til tollmeðferðar. Fjármálaráðuneytið getur þó ákveðið með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að sölugengi sem skráð er í bönkum hér á landi skuli við ákvörðun tollverðs gilda sem tollafgreiðslugengi fyrir ákveðinn tíma, þó eigi lengur en til eins mánaðar í senn. Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að breytist skráð sölugengi gjaldmiðils eða tollafgreiðslugengi eftir að vara hefur verið tekin til tollmeðferðar, sbr. 14. gr., skuli miða við hið nýja gengi við endanlega tollafgreiðslu vöru.][1)]

☐ Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. að innflytjanda vöru, sem eigi hefur verið greidd eða greiðsla tryggð fyrir í viðskiptabanka, skuli heimilt að tollafgreiða vöruna á því gengi sem gilti er tollskjöl voru afhent tollyfirvaldi. Tollskjölin skulu þó hafa verið afhent innan þess tíma er fjármálaráðuneytið ákveður skv. 23. gr. og formleg breyting eigi orðið á skráðu gengi íslenskrar krónu eða hlutaðeigandi erlendrar myntar.

☐ Bönkum og útibúum þeirra er skylt að gefa tollyfirvöldum upplýsingar um gengi er þau æskja þess. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á einhverri mynt eða ekki fæst vitneskja um það og skal þá breyta eftir því gengi sem fjármálaráðuneytið ákveður.[2)]

[1)] *L. 2/1983, 10. gr.* [2)] *Rg. 25/1983 (um tollafgreiðslugengi).*

■ **12. gr.** Ef verð vara, sem greiða ber af mismunandi háan verðtoll, er tilgreint í einni fjárhæð skal greiða af öllum vörunum þann verðtollshundraðshluta sem hvílir á þeirri af vörunum sem ber hæstan verðtoll.

☐ Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur ef viðtakandi afhendir til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar vöru á innkaupsstað, og deilir niður á aðflutningsskýrslu hinum ósundurliðaða flutningskostnaði milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

■ **13. gr.** Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að greiða skuli tiltekna fjárhæð af hverri einstakri nánar tilgreindri vöru, sem tollskyld telst í farangri farþega og áhafna, í stað venjulegra gjalda samkvæmt tollskránni.

☐ Fjármálaráðuneytinu skal einnig heimilt að setja sérstakar reglur[1)] um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs. Má ráðuneytið m. a. ákveða að tollverðið miðist við verð bifreiðanna nýrra að frádregnum hundraðshluta fyrir hvert ár eða hluta úr ári af aldri þeirra og má í því skyni krefja innflytjendur um upplýsingar um verð nýrra bifreiða sem þeir hafa umboð fyrir hér á landi.

[1)] *Augl. 59/1970 og augl. 411/1979. (Nú rg. 287/1983.)*

■ **14. gr.** Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

□ Þó skal, er breyting verður á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg, taka hin nýju aðflutningsgjöld af þeim vörum, er eigi hafa verið teknar til tollmeðferðar er breytingin öðlast gildi, þó að inn hafi verið fluttar fyrir breytinguna. Í þessu sambandi telst vara tekin til tollmeðferðar þegar fyrir hendi er eitthvert þeirra tilvika sem um ræðir í 1.—3. tölulið hér á eftir:

1. Hlutaðeigandi tollyfirvald hefur tekið við skjölum þeim yfir vöruna sem afhenda ber vegna tollmeðferðar hennar, enda fullnægi skjölin að öllu leyti skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða hana þegar í stað.

2. Tollyfirvald hefur afhent eða leyft að afhenda vöruna gegn tryggingu, sbr. 21. gr. laga þessara.

3. Tollyfirvald lætur selja vöruna á uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 54. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

□ Ef aðflutningsgjöld lækka, eftir að skjöl eru afhent skv. 1. tölulið en áður en tollafgreiðsla fer fram, skal þó greiða hin lægri gjöld.

□ Nú hefur vara komist í hendur viðtakanda án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollyfirvalds og skal þó heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutningsgjöld, er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu frá því varan var flutt inn, þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

Aðflutningsskýrsla.

■ **15. gr.** Áður en viðtakandi (innflytjandi, eigandi eða annar) vitjar innfluttrar vöru eða sendingar skal hann afhenda hlutaðeigandi tollyfirvaldi skriflega skýrslu (aðflutningsskýrslu) um vöruna eða sendinguna. Enn fremur skal hann framvísa eða láta framvísa vörunni eða innihaldi sendingarinnar fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar. Þetta tekur þó ekki til sendinga sem póststofnanir — eftir nánari reglum settum af fjármálaráðuneytinu — mega afhenda beint til viðtakenda. Fjármálaráðuneytið hefur þó heimild til að mæla svo fyrir að ekki þurfi að gefa skriflega skýrslu um vörur eða sendingar af vissu tagi, sem ekki eru á farmskrá, svo og að fresta framvísunarskyldu viðtakenda á vörum eða innihaldi sendinga fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar.

□ Viðtakanda vöru er heimilt að telja gjald fyrir framvísun vörunnar í kostnaðarverði vöru, samkvæmt gjaldskrá sem ráðuneytið setur.

■ **16. gr.** Eftirtalin atriði skal viðtakandi tilgreina í aðflutningsskýrslu:

1. Nafn viðtakanda eða firma hans og heimilisfang.

2. Hvernig varan eða vörurnar eru komnar til þess staðar þar sem tollafgreiðslan á að fara fram og hvenær þær komu þangað (heiti fars, komudagur o. þ. h.).

3. Stykkjatölu og tegund umbúða, ef vara eða sending er í umbúðum.

4. Auðkenni á stykkjum (nöfn, merki, númer o. s. frv.).

5. Tollskrárnúmer hverrar einstakrar vörutegundar, með fullri 6 stafa tölu.

6. Í hvaða landi vara er framleidd og í hvaða landi hún er keypt.

7. Tegund vara eða vöru sem nákvæmast.

8. Brúttó- og/eða nettóþyngd hverrar einstakrar vörutegundar eftir því sem nánar er ákveðið af fjármálaráðuneytinu. Enn fremur stykkjatölu, lítratölu eða rúmmál vörusendingar, þar sem það á við, samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

9. Verð eða verðmæti hverrar einstakrar vöru kominnar um borð í far sem flytur hana hingað til lands (fob-verð eða fob-verðmæti), bæði í erlendri og innlendri mynt.

10. Flutningsgjald hverrar einstakrar vöru og skal tilgreina það án sérstaks afsláttar.

11. Vátryggingariðgjald, miðlaraþóknun, umboðslaun (þóknun fyrir innkaup vöru) og annan kostnað á leiðinni hingað til lands sérstaklega fyrir einstaka vöru án sérstaks afsláttar.

12. Önnur atriði, sem fjármálaráðuneytinu þykir ástæða til að tekin verði upp í aðflutningsskýrslu og varða innkaup, viðskipti, innflutning, vöru, sendingu o. þ. h. og eyðublöð, sem gerð eru fyrir aðflutningsskýrslur, gera ráð fyrir að tilgreind verði.

Þá skal vera í aðflutningsskýrslu eftirgreind yfirlýsing viðtakanda, eða sams konar yfirlýsing vera skráð af honum á framlagðan vörureikning, þar sem hann lýsir því yfir, að viðlagðri ábyrgð að lögum, sbr. 32. gr. þessara laga,

að framanlagður vörureikningur og önnur framlögð skjöl séu rétt,

að hið tilgreinda tollverð í skýrslunni sé í samræmi við ákvæði 5.—7. gr. þessara laga,

að öll sölu- og viðtökuskilyrði séu tilgreind í vörureikningnum og/eða skýrslunni,

að frá tollverðinu í skýrslunni hafi ekki verið og sé ekki dreginn afsláttur eða önnur verðhækkun, sem ekki komi greinilega fram í vörureikningnum og/eða skýrslunni,

að hann viti ekki til þess, að hið tilgreinda söluverð á vörureikningnum sé undir markaðsverði erlendis á þeim stað og tíma sem kaup voru gerð.

□ Í stað þess eða jafnframt því að tollflokkun vara, umreikningsverð erlendrar myntar, tollverð og aðflutningsgjöld séu tilgreind í framlagðri aðflutningsskýrslu má setja fyrirmæli um að þessi atriði skulu vera skráð á framlagðan vörureikning.

□ Fjármálaráðuneytið má setja nánari fyrirmæli um aðflutningsskýrslur og útfyllingu þeirra og ákveða í hve mörgum eintökum þær skuli afhentar.[1)]

□ Nú hefur verið ákveðið í lögum að hver einstaklingur og hvert fyrirtæki skuli hafa auðkennisnúmer, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að mæla svo fyrir, að sérhver innflytjandi skuli tilgreina númer sitt í aðflutningsskýrslu og skjöl skuli ekki tekin til tollmeðferðar nema þessari skyldu sé fullnægt. Jafnframt getur fjármálaráðuneytið ákveðið að tollyfirvald geti krafist þess af innflytjanda að hann framvísi skírteini til sönnunar því að rétt númer sé tilgreint í aðflutningsskýrslu.[2)]

[1)] *Rg. 257/1970.* [2)] *Rg. 258/1970.*

■ **17. gr.** Tollyfirvald getur neitað að taka við skjölum til tollmeðferðar ef aðflutningsskýrslueyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent eða öðrum settum skilyrðum ekki fullnægt.

□ Ef síðar kemur í ljós að afhentum skjölum er áfátt getur tollyfirvald neitað um tollafgreiðslu uns úr er bætt.

1976 Nr. 120 31. des.

Vörureikningar og önnur staðfestingarskjöl.

■ **18. gr.** Viðtakendur eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu frumrit eða samrit af sölu- eða vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu og skal tollyfirvald halda þessu reikningseintaki eftir.

□ Sé vara eða sending endanlega seld hingað til lands skal sölureikningurinn undirritaður af seljanda eða þeim er samkvæmt lögum í landi seljanda hefur rétt til að skuldbinda hann eða firma hans. Þá skal sölureikningurinn tilgreina eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili sendanda.
2. Hvar og hvenær reikningurinn er gefinn út og enn fremur með hvaða fari sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands.
3. Nafn og heimili kaupanda.
4. Tölu stykkja og þunga þeirra með umbúðum, tegund umbúða, nöfn, merki, númer o. þ. h. á stykkjum, og séu í sendingu, sem í eru fleiri en eitt stykki, tvær eða fleiri vörutegundir skal tilgreina á reikningnum hvaða vörur séu í hverju stykki og hvernig það stykki sé merkt og hver sé þungi þess.
5. Nöfn vörutegunda, sem reikningurinn hljóðar um, og má ekki nota verð- eða vörulistanúmer o. þ. h. í stað vörutegundarheita.
6. Framleiðsluland vörunnar.
7. Söluverð hverrar einstakrar vörutegundar, bæði einingar- og heildarverð, og skulu allir töluliðir reikningsins lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.
8. Nettóþyngd hverrar einstakrar vörutegundar í sendingu, svo og stykkjatölu.
9. Afslátt og annan frádrátt, sem er veittur, upphæð hans og hvers vegna frádrátturinn er gerður, og nægja þar ekki almenn orðatiltæki eins og t. d. verslunarafsláttur o. þ. h.
10. Hvenær sala fór fram, hvernig vara er seld (fob, cf, cif o. þ. h.) og í hvaða mynt reikningsverð er tilgreint.
11. Greiðsluskilmála og önnur greiðsluskilyrði.
12. Yfirlýsing seljanda um,

að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur sem eru í sendingu með tilgreindu fari,

að vörurnar séu tilgreindar með því verði sem þær eru seldar fyrir, og

að hann viti ekki til þess að hið tilgreinda verð sé lægra en markaðsverðið á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma sem kaup voru gerð. Sé markaðsverðið lægra skal einnig tilgreina það á reikningnum.

□ Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að viðtakendur aðfluttra vara skuli sjá svo um að vörureikningur tilgreini nákvæmlega tollskrárnúmer vara samkvæmt tollskránni.[1)]

□ Sé vara ekki endanlega seld hingað til lands skal á vörureikningi, sem afhenda skal til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu og gerður er og undirritaður af sendanda vöru eða sendingar erlendis, tilgreina eftir því sem við á sömu atriði og sölureikningar yfir selda vöru, sbr. 1.—11. tölulið 2. málsgr. þessarar greinar. Sem verðmæti skal tilgreina markaðsverð á sams konar vöru eða hliðstæðri vöru til útflutnings á þeim stað og tíma sem sendingin er send til Íslands. Hafi vara ekki verið til sölu eða að öðru leyti á markaði skal tilgreina framleiðsluverð hennar eða áætlað notagildi ásamt áætlaðri hæfilegri álagningu.

□ Einn og sami sölu- eða vörureikningur skal vera fyrir hverja innflutta sendingu (þ. e. einn sölu- eða vörureikningur yfir vöru eða sendingu á einu og sama farmskírteini, flugfarmbréfi, fylgibréfi eða öðru flutningsskilríki). Annist sendandi erlendis innkaup hjá einum eða fleiri aðilum fyrir viðtakanda hérlendis skal sendandi láta fylgja sendingunni einn heildarreikning yfir innkaupin, þóknun sína og annan útlagðan kostnað á sendingarstað, ásamt sölu- eða vörureikningi frá hverjum einstökum aðila, sem keypt er hjá, og skulu þessir reikningar afhentir til tollmeðferðar ásamt heildarreikningi. Þessir einstöku sölu- eða vörureikningar skulu að öðru leyti fullnægja fyrirmælum þessarar greinar um einstök atriði.

□ Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð eða öðrum fyrirmælum að tilgreina skuli í vörureikningum fleiri atriði en talin eru í þessari grein, svo og að veita undanþágu frá einstökum atriðum ef þurfa þykir.

[1)] *Augl. 92/1972.*

■ **19. gr.** Viðtakendur vöru eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu viðurkenningu (kvittun) viðskiptabanka um greiðslu eða tryggingu kröfu samkvæmt sölu- eða vörureikningi, farmskírteini, flugfarmbréf, fylgibréf eða annað flutningsskilríki, reikning yfir umbúðarkostnað, pökkunarlista, efnagreiningu og önnur skjöl og gögn, sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og sölu- eða vörureikningi, eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetning hennar, magn og verð. Krefjast má þess að farmskírteini, flugfarmbréf, fylgibréf eða annað flutningsskilríki sé afhent í fleirriti og má tollyfirvald þá halda eftir einu eintaki eða fleiri eftir þörfum. Tollyfirvald má gera afrit af staðfestingarskjölum ef ástæða þykir til.

□ Nú gerist Ísland aðili að alþjóðasamningi um niðurfellingu eða lækkun á gjöldum af vörum með uppruna í ákveðnum löndum, og má þá binda slíka tollmeðferð því skilyrði að innflytjandi leggi fram nauðsynlegar upplýsingar og sannanir fyrir uppruna varanna. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um þetta atriði ásamt því hvernig nauðsynlegu eftirliti verði við komið.[1)]

[1)] *Augl. 680/1980, 287/1981, 267/1980, 384/1980, 569/1982.*

■ **20. gr.** Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn, sem 18. og 19. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki atriði, sem fyrirskipuð eru í 18. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða toll af því tollverði sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara, með 10% viðauka við það.

□ Ef tilgreint er rangt tollskrárnúmer í aðflutningsskýrslu eða hún er röng á þann hátt að tollur eða önnur gjöld eru vanreiknuð, má innheimta 10% viðauka á þann toll eða þau gjöld önnur sem greiða ber samkvæmt leiðréttri skýrslu. Þó skal viðauki aldrei vera hærri en gjaldamismunur í rangri skýrslu og leiðréttri skýrslu.

1976 Nr. 120 31. des.

□ Ef ekki er um venjulega verslunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á, má tollyfirvald sleppa 10% viðauka við tollverð, toll eða önnur gjöld sem um ræðir í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar.

■ **21. gr.** Nú gerir viðtakandi vöru það sennilegt að hann hafi ekki fengið þau gögn sem 18. og 19. gr. taka til, eða þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og afhendi eða leiðrétti gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka fjártryggingu upp í þau.[1)]

□ Heimila má farmflytjendum að afhenda neyðarsendingar án fullnaðartollafgreiðslu, enda taki farmflytjandi tryggingu er nægi til greiðslu hins erlenda kaupverðs og allra ríkissjóðsgjalda og sé ábyrgur fyrir greiðslu þeirra ef innflytjandi stendur ekki sjálfur í skilum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur[1)] um þetta atriði.

[1)] *Reglur 23/1982.*

■ **22. gr.** Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, söluog vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind er tollyfirvaldi heimilt að krefjast aðgangs að verslunarbókum hlutaðeigandi, bréfaviðskiptum og öðrum skjölum sem að dómi þess geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

■ **23. gr.** Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð[1)] eða öðrum fyrirmælum að viðtakandi vöru skuli, innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins, afhenda til tollmeðferðar fullgild aðflutningsskjöl um vöruna eða tiltekin skjöl um hana. Má leggja viðurlög við ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.

[1)] *Rg. 38/1969.*

■ **24. gr.** Fjármálaráðuneytinu er heimilt að koma á sérstöku vörureikningseftirliti til athugunar á hvort verð, sem tilgreint er á vörureikningi, sé undir eðlilegu verði eða hvort um undirboð o. þ. h. sé að ræða.

□ Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um slíkt eftirlit.

■ **25. gr.** Tollyfirvaldi er heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörum sem teknar hafa verið til tollskoðunar. Sýnishorn þessi skulu geymd í sérstöku sýnishornasafni við tollstjóraembættið í Reykjavík og skal gefa þaðan upplýsingar um tollflokkun varanna.

□ Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um sýnishornasafnið.

Undirboðs- og jöfnunartollar.

■ **26. gr.** Nú má ætla að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum (dumping) og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun og má þá fjármálaráðherra leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

□ Þá má fjármálaráðherra í sama skyni og með sömu skilyrðum leggja á sérstakan jöfnunartoll ef ætla má að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o. þ. h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. málsgr. þessarar greinar.

□ Ákvarðanir fjármálaráðherra um þetta efni taka gildi frá og með þeim degi sem þær eru birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

□ Undirboðs- og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en 6 mánaða í senn.

■ **27. gr.** Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við það, ef erlend vara er flutt inn eða boðin fram

a. á verði sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarandi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða

b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort

1. á verði sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarandi vöru til einhvers annars lands, eða

2. á verði sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

□ Við samanburð þann er um ræðir í 1. málsgr. skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar sem skipt getur máli.

■ **28. gr.** Undirboðstollur má ekki vera hærri en sem svarar undirboðinu, þ. e. a. s. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu sem tekið er til samanburðar.

□ Jöfnunartollur má ekki vera hærri en sem svarar greiðslum eða uppbótum sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

■ **29. gr.** Leggja má undirboðs- og jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

□ Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka bráðabirgða undirboðs- og jöfnunartolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en eins mánaðar og skal sá mánaðartími vera innifalinn í þeim 6 mánuðum sem um ræðir í síðustu málsgr. 26. gr., ef um það er að ræða.

□ Fjármálaráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Um lögvernd tolla þessara fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

■ **30. gr.** Fjármálaráðherra skal, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðunum fyrir álagningu þeirra.

■ **31. gr.** Til rannsóknar á því hvort skilyrði séu fyrir hendi til að leggja á undirboðs- og jöfnunartoll skal fjármálaráðuneytinu heimilt að krefja atvinnurekendur um upplýsingar og láta athuga verslunarbækur hlutaðeigandi, bréfaviðskipti og önnur skjöl sem að áliti þess geta skipt máli við ákvörðun tollsins.

■ [**32. gr.** Ráðherra skal heimilt að leggja jöfnunarálag á tollverð innfluttra húsa og húshluta sem flokkast skv. 1. gr. í tnr. 44.23.01, 44.23.04, 44.23.09, 73.21.01, 73.21.03, 73.21.09 og 76.08.00.

□ Jöfnunarálagið skal byggt á áætlun um hlutdeild uppsafnaðra aðflutningsgjalda í verksmiðjuverði eða

byggingarkostnaði sambærilegra mannvirkja eða mannvirkjahluta sem framleiddir eru hér á landi. Með aðflutningsgjöldum í þessu sambandi er átt við tolla og önnur gjöld sem lögð eru á innflutt hráefni, efnivörur og annað sem notað er til framleiðslu innanlands á nefndum vörum og sérinnflutt flokkast undir önnur tollskrárnúmer 1. gr. laganna en innflutt mannvirki og mannvirkjahlutar. Við áætlun þessa skal miða við sams konar eða hliðstæð mannvirki eða mannvirkjahluta á sama eða svipuðu byggingar- eða framleiðslustigi þessara vara hér á landi. Við ákvörðun jöfnunarálags skal auk þeirra atriða, sem að framan getur, taka tillit til gerðar mannvirkis og mannvirkjahluta og skal heimilt að flokka vörur þessar í mannvirkjaflokka og ákveða jöfnunarálag fyrir hvern flokk fyrir sig.

☐ Ráðherra skal heimilt, þegar innflutt mannvirki eða mannvirkjahlutar teljast í verulegum atriðum að efni og gerð frábrugðnir þeim mannvirkjum eða mannvirkjahlutum, sem framleiddir eru hér á landi, að ákveða að jöfnunarálag skuli lagt á tollverð þeirra hráefna, efnivara eða annars sem notað hefur verið til framleiðslu nefndra innflutningsvara.

☐ Innheimta jöfnunarálags samkvæmt þessari grein hefur eigi áhrif á innheimtu tolls skv. 1. gr. af vörum sem eigi geta notið tollmeðferðar samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu.

☐ Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd jöfnunarálags fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

☐ Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um jöfnunarálag og flokkun til gjaldskyldu og ákveðið hvað telja skuli verksmiðjuverð eða byggingarkostnað samkvæmt þessari grein.][1)2)]

[1)] *L. 83/1981, 1. gr. Ákvæðið gildir til 31. des. 1983, sbr. 1. gr. l. 98/1982.* [2)] *Rg. 634/1981.*

Refsiákvæði.

■ **[33. gr.]**[1)] Hver, sem lætur tollyfirvaldi í té aðflutningsskýrslu eða vörureikning með áritaðri yfirlýsingu og öðrum upplýsingum, sbr. 15., 16. og 18. gr., sem ekki er í samræmi við innihald sendingar, tegund vöru, magn eða verð, sæti sektum, nema hann geti óvefengjanlega sýnt fram á, að ósamræmið verði rakið til atriða sem hann eða sá sem gaf skýrslu fyrir hans hönd gátu ekki haft áhrif á.

☐ Ef röng aðflutningsskýrsla er hins vegar látin í té með þeim ásetningi að svíkja undan toll eða önnur gjöld, eða til að losna við þau, eða ef sá sem skýrslu gaf hefði mátt vita að skýrslan gat haft þessi áhrif, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Samsvarandi refsingu skal sá sæta sem leggur fram röng gögn til staðfestingar verði, sem upp er gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða hlaut að vita að voru röng og gætu haft framangreind áhrif.

☐ Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

☐ Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í þessari grein, má svipta þann, sem verður sekur um þar nefnd brot, leyfi til verslunar um tiltekinn tíma, eða ævilangt ef brot er margítrekað.

[1)] *L. 83/1981, 1. gr.*

■ **[34. gr.]**[1)] Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verslunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum sem tollyfirvöld halda eftir.

[1)] *L. 83/1981, 1. gr.*

Ýmis ákvæði.

■ **[35. gr.]**[1)] Nú er lagður á vörumagnstollur og skal hann þá miðaður við þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé tekið fram.

☐ Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining.

☐ Fjármálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um vörumagnstoll, þ. á m. ákveðið að séu saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, skuli greiða af öllum vörunum þann vörumagnstoll sem hvílir á þeirri vörunni sem ber hæstan vörumagnstoll.

☐ Um aðflutningsskýrslur og önnur skjöl viðvíkjandi vörumagnstolli skulu gilda sömu reglur og um verðtoll, eftir því sem við á.

[1)] *L. 83/1981, 1. gr.*

■ **[36. gr.]**[1)] Nú rís ágreiningur um hvort tiltekin vara sé gjaldskyld eða gjaldfrjáls eftir lögum þessum, eða hvort tiltekin vara skuli teljast fremur til eins en annars tollskrárnúmers, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi. Sá úrskurður er fullnaðarúrskurður í málinu. Enn fremur skal fjármálaráðherra eiga fullnaðarúrskurð um hvað teljast skuli eðlis- og tollverð vöru, markaðsverð hennar, eðlilegt flutningsgjald eða annar eðlilegur kostnaður sem fellur á vöru.

☐ Fjármálaráðherra er heimilt að skipa sérstaka nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði þá sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar greinar.

☐ Þegar leitað er úrskurðar samkvæmt þessari grein skulu fylgja erindinu öll þau skjöl sem skipta máli um tollun vöru, s. s. aðflutningsskýrsla, sölu- eða vörureikningur og önnur staðfestingargögn sem talin eru í 19. gr. laga þessara. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni. Verði því ekki við komið skal senda nákvæma teikningu, mynd eða lýsingu á vöru þeirri sem ágreiningur er um.

☐ Fjármálaráðuneytinu er heimilt að halda eftir nauðsynlegum sýnishornum og gögnum, enda sé um óverulega verðmæti að ræða og skal með sýnishornin farið svo sem fyrir er mælt í 25. gr. laga þessara.

☐ Fjármálaráðuneytinu og nefnd þeirri, sem um ræðir í 2. málsgr. þessarar greinar, skal heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn, svo og að krefja einstaklinga, félög, fyrirtæki og stofnanir um upplýsingar er nauðsynlegar þykja við flokkun vara eða við ákvörðun tollverðs.

[1)] *L. 83/1981, 1. gr.*

■ **[37. gr.]**[1)] Viðtakandi aðfluttrar vöru skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð sem nauðsynleg er við tollmeðferð vöru að dómi tollstarfsmanna.

☐ Tollyfirvaldi er heimilt að ráða ákveðna menn til að láta í té nauðsynlega vinnu og aðstoð við tollmeðferð vöru og krefja viðtakendur um þóknun fyrir þessi störf eftir gjaldskrá sem fjármálaráðuneytið setur. Má neita um tollafgreiðslu uns gjaldið er greitt en viðtakanda skal heimilt að leggja gjald þetta á vöruna.

[1)] *L. 83/1981, 1. gr.*

1976 Nr. 120 31. des

■ **[38. gr.]**[1)] Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig, að 50 aurar og þar yfir teljist 1 króna en lægri upphæð sé sleppt.

[1)] *L. 83/1981, 1. gr.*

■ **[39. gr.]**[1)] Í byrjun hvers mánaðar skulu tollyfirvöld senda Ríkisendurskoðun og Hagstofu Íslands, hvorri stofnun um sig, eintak af öllum aðflutningsskýrslum afgreiddum í undangengnum mánuði. Fjármálaráðuneytið getur að fenginni tillögu Ríkisendurskoðunar og Hagstofu Íslands kveðið nánar á um skil tollyfirvalda á aðflutningsskjölum.

[1)] *L. 83/1981, 1. gr.*

■ **[40. gr.]**[1)] Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð eða öðrum fyrirmælum.

[1)] *L. 83/1981, 1. gr.*

■ **[41. gr.]**[1)] Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 6 5. mars 1974 um tollskrá o. fl., svo og 20. og 21. gr. laga nr. 11 28. apríl 1975 um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara. Reglugerðir og önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt nefndum tollskrárlögum skulu halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

□ Hafi innflytjandi, áður en lög þessi öðlast gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vörur þegar í stað, skal, ef aðflutningsgjöld hækka á vörunum samkvæmt lögum þessum, taka hin eldri og lægri aðflutningsgjöld, en þó því aðeins að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 10 daga frá gildistöku laganna.

[1)] *L. 83/1981, 1. gr.*

1983 Nr. 52 28. apríl

Lög um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

■ **1. gr.** Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

□ Til íslenskra afurða telst afli, sem skip, skrásett hér á landi veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

■ **2. gr.** Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum skal vera 5,5% af fob-verðmæti útflutnings.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., skal útflutningsgjald af söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum vera 2,5% af fob-verðmæti.

■ **3. gr.** Ef útflytjandi sannar, að hlutfall hráefniskostnaðar af fob-verði hinnar útfluttu vöru sé lægra en 30%, er sjávarútvegsráðherra heimilt að lækka útflutningsgjald skv. 2. gr. um allt að 0,3% fyrir hvert 1%, sem hlutfall hráefniskostnaðar er lægra en 30%, þó skal útflutningsgjald aldrei vera lægra en 1% af fob-verði.

□ Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða, að áður en gjald er lagt á saltsíld og söltuð matarhrogn samkvæmt 2. gr. skuli draga frá fob-verði samanlagt verð umbúða og sérstakra hjálparefna. Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að gjald samkvæmt 2. gr. skuli ekki innheimt af ediksöltuðum síldarflökum og öðrum síldarflökum, sem verkuð eru á svipaðan hátt. Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða að útflutningsgjald, samkvæmt 1. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr., skuli ekki innheimt af afurðum, sem unnar eru úr kolmunna til manneldis. Ákvæði síðasta málsliðs tekur til landaðs afla á árunum 1982, 1983 og 1984.

□ Þegar íslensk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skal gjald skv. 2. gr. reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur. Þrátt fyrir ákvæði þessarar og 2. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld og loðnu skuli vera allt að því eins hátt og greiða bæri við sams konar verkun hér á landi og hún fer til erlendis.

□ Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

■ **4. gr.** Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs:	
a. Almenn deild	15,0%
b. Verðjöfnunardeild	20,0%
c. Áhafnadeild	21,0%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja:	
a. Til greiðslu á hluta af vátryggingarkostnaði fiskiskipa, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	20,0%
b. Til aldurslagatryggingar til úthlutunar skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	3,0%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs:	
a. Til Fiskveiðasjóðs	18,0%
b. Til Fiskimálasjóðs	0,8%
4. Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	1,0%
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0,5%
6. Til samtaka sjómanna	0,6%
Samtals	100,0%

□ Stjórn Aflatryggingasjóðs er þó heimilt, ef þörf krefur, að færa fé milli verðjöfnunardeildar og almennu deildar Aflatryggingasjóðs, er nemi allt að fjórðungi hlutar verðjöfnunardeildar í útflutningsgjaldinu samkvæmt lögum þessum, þannig að hlutur verðjöfnunardeildar nemi hæst 25% af útflutningsgjaldinu, en lægst 15%. Sjávarútvegsráðherra staðfestir ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar í þessu efni.

□ Hlutur samtaka sjómanna skv. 6. tl. þessarar greinar skiptist, sem hér segir:

a. Sjómannasamband Íslands	42%
b. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	40%
c. Alþýðusamband Austurlands	9%
d. Alþýðusamband Vestfjarða	9%

■ **5. gr.** Í þeim reglum um greiðslu hluta af vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í a-lið í 2. tl. 4. gr., má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutaðeigandi tryggingarfélag sé aðili að endurtryggingarsamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjaldatryggingarskilmála og vátryggingarfjárhæða. Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þess-

1983 Nr. 52 28. apríl

um skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu, sbr. a-lið í 2. tl. 4. gr., í stað greiðslu iðgjaldsstyrkja. Þá skal og endurgreiða hvalveiðiskipum hlut Aflatryggingasjóðs, skv. 1. tl. 4. gr., enda njóti þau ekki bóta úr sjóðnum.

■ **6. gr.** Tekjuafgangi, er verða kann eftir greiðslu iðgjaldsstyrkja skv. 5. gr., er heimilt að úthluta til aldurslagatrygginga, sbr. b-lið 2. tl. 4. gr.

■ **7. gr.** Gjald skv. 2. og 3. gr. skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip í þeirri höfn, er þær fyrst fara frá. Ef afurðir eru seldar cif eða með enn öðrum skilmálum, skal reikna söluverð til fobverðs eftir reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur.

☐ Séu afurðir sendar úr landi óseldar, skal gjaldstofn útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. ákveðinn skv. lágmarksútflutningsverði eins og það er tilgreint í útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru.

☐ Nú sannar sendandi, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á útfluttar óseldar sjávarafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, og er þá fjármálaráðuneytinu rétt að endurgreiða tilsvarandi mismun útflutningsgjaldsins, enda liggi fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytisins á því, að leyfi til að selja við hinu lægra verði hafi verið veitt.

■ **8. gr.** Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

■ **9. gr.** Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap.

☐ Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

☐ Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

■ **10. gr.** Skip og farmur eru að veði fyrir útflutningsgjöldum, eftir því sem við getur átt.

■ **11. gr.** Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

■ **12. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan. Sektir allar renna í ríkissjóð.

1983 Nr. 52 28. apríl

☐ Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, sem um getur í 9. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

■ **13. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **14. gr.** Ríkisbókhaldið skal annast gerð sérstakra heildarskýrslna um ráðstöfun tekna af útflutningsgjaldi, sem birta skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skýrslur þessar skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að fá yfirsýn yfir allar greiðslur sjóða sjávarútvegsins.

■ **15. gr.** Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð[1] frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

[1] *Rg. 107/1980, sbr. 221/1980 og 426/1980 (um aldurslagatryggingu vegna úreltra og óhagkvæmra fiskiskipa).*

Lög um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

1982 Nr. 43 30. apríl

■ **1. gr.** Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum grásleppuhrognum og öðrum afurðum, sem unnar eru úr grásleppu.

☐ Til grásleppuafurða teljast grásleppuafli, sem skip skrásett hér á landi veiða, og vörur, sem úr honum eru unnar til sölu á erlendum mörkuðum.

☐ Verð umbúða skal dragast frá þegar útflutningsgjald er lagt á unnar afurðir.

■ **2. gr.** Útflutningsgjald samkvæmt lögum þessum skal vera 3,25% af fob-verðmæti útflutnings.

■ **3. gr.** Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds, og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingum skipverja, sams konar þeim, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna ... 41%
2. Til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 20%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands 24%
4. Til samtaka grásleppuhrognaframleiðenda .. 15%

■ **4. gr.** Sá hluti tekna af útflutningsgjaldi, sem verja skal til greiðslu á iðgjöldum samkvæmt 1. lið 3. gr., skal vera í vörslu samtaka grásleppuhrognaframleiðenda, sem semja um umræddar tryggingar og greiða iðgjöld af þeim. Eignir sjóðsins ávaxta samtökin með bestu fáanlegum vaxtakjörum bankakerfisins. Ráðherra skal setja reglur um Iðgjaldasjóð.

☐ Þeir útgerðaraðilar, sem kaupa vilja þessar tryggingar sjálfir, eiga rétt á endurgreiðslu þess hluta útflutningsgjaldsins, sem þeir hafa greitt í þessu skyni.

■ **5. gr.** Gjald samkvæmt 2. gr. skal miða við söluverð með umbúðum í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 5/1976, sbr. þó 3. mgr. 1. gr. Séu afurðir fluttar milli innlendra hafna í því skyni að auðvelda útflutning eða til að umpakka vöru til að tryggja rétta vigt og vörugæði, er heimilt að reikna útflutningsgjald af fob-verðmæti frá endanlegri útflutningshöfn.

■ **6. gr.** Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Sjávarútvegs-

1982 Nr. 43 30. apríl

ráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

■ **7. gr.** Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap. Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumann skipa. Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

■ **8. gr.** Skip og farmur eru að veði fyrir útflutningsgjaldi, eftir því sem við getur átt.

■ **9. gr.** Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

■ **10. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan. Sektir allar renna í ríkissjóð. Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður hefur grun um, að skilríki þau, sem um getur í 7. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

■ **11. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **12. gr.** Ríkisbókhaldið skal annast gerð sérstakra heildarskýrslna um ráðstöfun tekna af útflutningsgjaldi, sem birta skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skýrslur þessar skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að fá yfirsýn yfir allar greiðslur til verkefna samkvæmt 3. gr. laga þessara.

■ **13. gr.** Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

■ **14. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982 og taka til allra afurða samkvæmt lögum þessum, sem út verða fluttar frá sama tíma. Jafnframt fellur úr gildi 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 5 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

1974 Nr. 52 20. maí

Lög um sérstakt útflutningsgjald af loðnuafurðum framleiddum á árinu 1974.

■ **1. gr.** Greiða skal 5% útflutningsgjald af fob-verðmæti loðnuafurða framleiddra á árinu 1974, svo sem loðnumjöli, loðnulýsi, frystri loðnu og loðnuhrognum. Þó ekki niðursoðnum eða niðurlögðum loðnuafurðum. Skal gjald þetta reiknað og innheimt á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru samkvæmt lögum nr. 19 16. apríl 1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

1974 Nr. 52 20. maí

■ **2. gr.** Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt 1. gr. skulu renna í sérstakan sjóð. Skal sjóðnum varið til þess að greiða niður verð á brennsluolíum til íslenskra fiskiskipa, sem taka olíu hérlendis, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur. Skal við það miðað, að olíuverð hérlendis til fiskiskipa verði ekki hærra á fyrstu 5 mánuðum ársins 1974 en það var í nóvembermánuði 1973.

□ Þá skal 25 milljónum króna af tekjum sjóðsins varið til lífeyrissjóða sjómanna, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins. Jafnframt skal tryggja, að sjóðirnir miði eftirlaunagreiðslur til sjómanna við lægri aldur en gert hefur verið.

1980 Nr. 77 23. des.

Lög um vörugjald.

■ **1. gr.** Greiða skal í ríkissjóð vörugjald. Gjaldið skal greitt í tveimur gjaldflokkum af vörum sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, svo sem kveðið er á um í eftirfarandi gjaldskrá:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 7% gjald:

Tollskrárnr.	Vöruheiti
17.04.01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.
17.04.04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað
17.04.05	Karamellur
17.04.06	Vörur úr gúmmí arabikum
17.04.09	Aðrar vörur sem teljast til nr. 17.04., ót. a.
18.06.04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri
18.06.05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt
18.06.06	Fyllt súkkulaði og súkkulaðihúðað sælgæti, þ. m. t. konfekt
18.06.09	Aðrar vörur sem teljast til nr. 18.06., ót. a., þó ekki súkkulaðiís og ís húðaður með súkkulaði
úr 19.08.03	Kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur
úr 19.08.04	sem innihalda 20% eða meira af
úr 19.08.09	súkkulaði miðað við þyngd
21.07.04	Sælgæti sem í er hvorki sykur né kakaó

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist [17%][1] gjald:

Tollskrárnr.	Vöruheiti
úr 20.07	Efni tilreidd til framleiðslu á vörum sem
úr 21.07	falla undir nr. 22.02 samkvæmt nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins

22.01.01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru
22.02.01 og 22.02.09	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 20.07
22.03.01 og 22.03.09	Öl gert úr malti

[1] *L. 12/1981, 3. gr.*

■ **2. gr.** Vörugjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum en á verksmiðjuverð innlendrar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

□ Um ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum.

□ Við ákvörðun verksmiðjuverðs innlendrar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skal leggja til grundvallar útreikningi gjaldsins söluverð vöru frá verksmiðju. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar vöru, skal verksmiðjuverð teljast jafnt heildarandvirði hennar. Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um gjaldstofn innlendrar framleiðsluvöru og vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.

□ Við skil í ríkissjóð á vörugjaldi samkvæmt lögum þessum af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu vörugjaldi vegna sölu eða annarrar afhendingar það vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt samkvæmt lögum þessum við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

■ **3. gr.** Vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt lögum þessum, sbr. 6. gr., um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim lögum.

■ **4. gr.** Vörugjaldsskyldir vegna innlendrar framleiðslu, vinnslu eða pökkunar á vörum sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum eru allir þeir aðilar sem hafa með höndum einhvern slíkan atvinnurekstur eða starfsemi.

□ Aðilar þeir sem gjaldskyldir eru skv. 1. mgr. þessarar greinar skulu innan eins mánaðar frá því að lögin öðlast gildi tilkynna skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir um rekstur sinn eða starfsemi. Aðilar sem hefja gjaldskyldan rekstur eða starfsemi eftir að lög þessi öðlast gildi skulu tilkynna það með sama hætti um leið og starfsemi hefst.

□ Að því leyti sem ekki er ákveðið í lögum þessum eða reglugerð eða öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim, sbr. 6. gr., um álagningu, gjalddaga, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10 10. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um flokkun hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, sbr. 3. gr. laga þessara.

■ **5. gr.** Óheimilt er vegna álagningar vörugjalds samkvæmt lögum þessum að hækka verð vörubirgða sem vörugjald samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald hefur verið greitt af.

□ Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti með áorðnum breytingum nema þyngri refsingar eða viðurlög liggi við samkvæmt ákvæðum annarra laga.

■ **6. gr.** Ráðherra getur í reglugerð[1] eða öðrum fyrirmælum kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, sbr. 3. og 4. gr. Í reglugerð má m. a. ákveða að leggja megi á og innheimta í einu lagi vörugjald samkvæmt lögum þessum og sérstakt vörugjald samkvæmt lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstaka vöru gjaldskyldu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

[1] *Rg. 634/1980, sbr. 234/1981 og 67/1983.*

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 9 16. mars 1979 um vörugjald.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt lögum þessum sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir 1. janúar 1981 og vörugjald verið greitt af samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald skal eigi innheimta gjald samkvæmt lögum þessum. Frá og með 1. janúar 1981 skal hins vegar innheimta gjald skv. 1. gr. þessara laga af vörum sem ótollafgreiddar voru hinn 31. desember 1980.

□ Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga eða heimildir í öðrum lögum, skal í stað vörugjalds samkvæmt lögum nr. 9/1979 um vörugjald greiða vörugjald skv. 1. gr. laga þessara nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

□ Af birgðum sem innlendir framleiðendur gjaldskyldra vara skv. 1. gr. eiga hinn 31. desember 1980 skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 9/1979 um vörugjald og kemur greiðsla gjalds samkvæmt ákvæðum þeirra laga í stað greiðslu gjalds samkvæmt ákvæðum þessara laga þrátt fyrir að sala eða afhending fari fram eftir 1. janúar 1981, enda liggi fyrir staðfesting af hálfu tollyfirvalds um stöðu birgða hinn 31. desember 1980. Skal gjaldi þessu skilað ásamt gjaldi vegna sölu eða afhendingar í desember eigi síðar en 1. febrúar

1980 Nr. 77 23. des.

1980 Nr. 77 23. des.

1981, ásamt skýrslu um vörusölu í desember 1980 svo og skýrslu um magn og verksmiðjuverð birgða í árslok.

☐ Gjaldi vegna sölu eða afhendingar frá framleiðanda á árinu 1981 skal síðan skilað á reglulegum gjalddögum samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim og skal í því sambandi telja að fyrstar séu seldar eða afhentar vörur er framleiðandi átti í birgðum hinn 31. desember 1980. Þannig skal draga heildarandvirði birgða um áramót frá heildarandvirði seldra eða afhentra vara í janúar 1981 og greiða vörugjald samkvæmt ákvæðum þessara laga af mismuninum. Sé heildarandvirði birgða um áramót hærra en vörusala í janúar skal mismunurinn á sama hátt dreginn frá sölu í febrúar og síðan mánaðarlega uns vörusala ársins fer fram úr verðmæti vörubirgða um áramót.

☐ Framleiðendur vörugjaldsskyldra vara mega stunda framleiðslu samkvæmt leyfum sem í gildi eru við gildistöku laga þessara og útgefin voru samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 9/1979 um vörugjald miðað við gildistíma leyfisbréfs, en að þeim tíma liðnum skulu viðkomandi framleiðendur afla sér iðnaðarleyfis samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 til áframhaldandi reksturs.

1978 Nr. 107 30. des.

Lög um sérstakt tímabundið vörugjald.

■ **1. gr.** [Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1983 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 32% gjald:][1)]

03.01.11	11.01.25	19.03.00	20.07.70
04.06.00	11.02.10	19.04.01	21.07.04
04.07.00	11.02.29	19.04.09	21.07.05
05.13.00	11.02.31	19.05.00	21.07.06
06.02.01	11.02.32	19.07.01	21.07.07
06.02.09	11.04.00	19.07.02	21.07.08
06.04.01	11.05.01	19.07.09	21.07.11
06.04.09	11.05.09	19.08.01	21.07.12
07.02.00	11.08.01	19.08.02	21.07.19
07.03.00	11.08.02	19.08.03	22.01.01
07.04.00	11.08.03	19.08.04	22.02.01
07.06.00	11.08.09	19.08.09	22.02.09
08.01.50	11.09.00	20.01.00	22.03.01
08.01.60	13.03.03	20.02.02	22.03.09
08.01.79	17.01.10	20.02.03	22.10.00
08.03.00	17.01.21	20.02.04	25.01.01
08.04.21	17.01.22	20.02.05	27.08.20
08.04.22	17.01.25	20.02.06	29.04.50
08.10.00	17.01.26	20.02.07	30.03.44
08.11.00	17.02.01	20.02.08	30.05.00
08.12.01	17.02.02	20.02.09	34.07.00
08.12.02	17.02.03	20.03.00	36.02.00
08.12.03	17.02.09	20.04.00	36.04.00
08.12.09	17.03.02	20.05.01	38.14.00
08.13.00	17.03.09	20.05.02	38.17.00
09.03.00	17.04.01	20.05.03	38.19.31
09.04.00	17.04.03	20.05.09	38.19.32
09.05.00	17.04.04	20.06.10	38.19.35
09.06.00	17.04.05	20.06.20	39.01.25
09.07.00	17.04.06	20.07.11	39.01.35
09.08.00	17.04.09	20.07.19	39.01.44
09.09.00	18.06.04	20.07.20	39.01.45
09.10.10	18.06.05	20.07.30	39.01.54
09.10.20	18.06.06	20.07.40	39.01.69
11.01.23	18.06.09	20.07.50	39.01.79
11.01.24	19.02.09	20.07.60	39.01.89
39.01.96	44.13.11	68.06.00	73.36.12
39.02.16	44.13.19	68.07.00	73.36.13
39.02.24	44.22.09	68.08.09	73.36.14
39.02.37	44.25.09	68.10.01	73.36.20
39.02.45	45.02.00	68.12.01	73.36.30
39.02.46	45.03.09	68.12.02	73.38.11
39.02.48	45.04.02	68.14.00	73.38.12
39.02.52	48.05.10	68.16.01	73.38.19
39.02.62	48.05.49	69.04.00	73.38.23
39.02.63	48.07.31	69.05.00	73.38.29
39.02.65	48.07.45	69.07.00	73.40.47
39.02.67	48.07.46	69.08.00	73.40.56
39.02.73	48.10.00	69.09.00	74.07.09
39.02.94	48.11.00	69.10.00	74.08.00
39.03.14	48.12.00	69.11.00	74.10.00
39.03.35	48.13.00	69.12.00	74.15.00
39.03.55	48.15.31	70.11.00	74.16.00
39.03.83	48.15.32	70.12.00	74.17.00
39.04.09	48.21.10	70.14.02	74.18.10
39.05.09	48.21.52	70.15.00	74.18.20
39.06.29	58.01.10	70.16.00	74.19.06
39.07.12	58.01.20	70.17.09	75.04.00
39.07.36	58.02.10	70.18.00	75.06.02
39.07.39	58.02.20	70.20.20	75.06.03
39.07.49	58.02.30	70.20.32	76.03.01
39.07.64	58.02.40	73.10.12	76.06.09
39.07.65	58.02.50	73.10.13	76.07.00
39.07.73	58.02.60	73.10.21	76.10.01
39.07.74	58.02.70	73.13.51	76.11.00
39.07.78	58.02.80	73.17.00	76.12.00
40.08.02	58.02.90	73.18.19	76.15.10
40.09.09	58.03.00	73.18.22	76.15.20
40.11.10	59.02.10	73.18.29	76.16.04
40.11.20	59.06.02	73.20.02	76.16.13
40.11.40	59.08.01	73.20.03	76.16.15
40.11.50	59.10.00	73.20.09	77.02.00
40.11.61	59.11.02	73.23.02	77.04.20
40.11.69	59.11.09	73.24.00	78.05.00
40.12.00	59.12.09	73.25.01	78.06.09
40.13.01	59.15.00	73.25.09	79.04.00
40.14.06	62.05.01	73.26.00	79.06.01
40.14.08	62.05.04	73.27.01	79.06.02
41.06.00	62.05.05	73.27.02	79.06.03
42.03.03	62.05.07	73.27.09	79.06.05
42.05.03	65.01.00	73.29.02	79.06.09
42.06.00	65.02.00	73.29.09	80.05.00
44.03.42	65.07.00	73.32.00	80.06.02
44.03.49	66.01.00	73.33.00	82.01.09
44.04.10	66.02.00	73.34.01	82.02.00
44.04.20	66.03.00	73.34.09	82.03.10
44.09.23	68.03.00	73.35.09	82.03.20
44.09.29	68.04.00	73.36.11	82.03.30
82.04.00	84.19.21	84.58.00	85.12.41
82.05.00	84.19.31	84.59.20	85.12.49
82.08.00	84.22.19	84.59.50	85.12.53

82.09.01	84.22.21	84.59.82	85.12.54
82.09.02	84.22.29	84.59.89	85.12.55
82.12.01	84.22.39	84.59.91	85.12.56
82.12.09	84.22.41	84.61.03	85.12.57
82.13.01	84.22.49	84.61.04	85.12.59
82.13.09	84.22.50	84.61.09	85.12.61
82.14.00	84.22.69	84.61.12	85.12.69
82.15.00	84.22.79	84.61.13	85.12.70
83.01.01	84.23.10	84.61.14	85.15.20
83.04.00	84.23.21	84.61.15	85.15.25
83.06.09	84.23.22	84.61.19	85.15.30
83.08.00	84.23.29	84.62.00	85.15.35
83.11.00	84.23.30	84.63.03	85.15.40
83.13.04	84.23.40	84.63.04	85.15.59
84.06.39	84.23.50	84.63.05	85.16.00
84.06.70	84.23.61	84.63.06	85.17.01
84.08.31	84.23.69	84.63.07	85.17.09
84.08.39	84.23.70	84.63.09	85.19.12
84.08.41	84.40.10	84.64.00	85.19.14
84.08.49	84.40.21	84.65.09	85.19.15
84.08.60	84.40.50	85.01.10	85.19.18
84.09.00	84.40.61	85.01.29	85.19.21
84.10.10	84.40.69	85.01.31	85.19.29
84.10.20	84.40.71	85.01.39	85.20.10
84.10.39	84.40.72	85.01.40	85.20.20
84.10.49	84.51.10	85.01.59	85.20.40
84.10.50	84.51.21	85.01.60	85.20.50
84.10.69	84.51.29	85.01.74	85.21.10
84.11.19	84.51.31	85.01.80	85.21.20
84.11.29	84.51.39	85.01.89	85.21.39
84.11.30	84.52.10	85.01.90	85.21.60
84.11.49	84.52.20	85.02.00	85.22.20
84.12.00	84.52.30	85.03.09	85.23.01
84.13.09	84.52.40	85.05.00	85.23.09
84.15.10	84.53.10	85.06.11	85.25.10
84.15.20	84.53.20	85.06.19	85.25.20
84.15.31	84.53.30	85.06.20	85.25.30
84.15.32	84.53.40	85.06.31	85.26.10
84.15.41	84.53.50	85.06.39	85.26.20
84.15.42	84.53.60	85.06.40	85.26.30
84.17.10	84.54.10	85.06.50	85.27.00
84.18.12	84.54.20	85.07.03	85.28.00
84.18.13	84.55.10	85.07.04	87.01.10
84.18.21	84.55.21	85.08.00	87.01.39
84.18.22	84.55.29	85.09.00	87.04.09
84.18.29	84.55.30	85.10.09	87.06.09
84.18.31	84.56.10	85.12.10	87.07.11
84.18.39	84.56.20	85.12.21	87.07.19
84.19.10	84.56.40	85.12.29	87.07.20
87.13.01	90.10.10	90.24.01	92.13.01
87.13.09	90.10.20	90.24.09	93.03.00
87.14.29	90.10.39	90.25.00	93.04.03
87.14.31	90.11.00	90.26.01	94.02.00
87.14.39	90.12.00	90.26.02	96.01.04
90.01.01	90.13.00	90.26.09	96.05.00
90.01.09	90.14.20	90.27.09	96.06.00
90.03.00	90.16.10	90.28.10	97.04.01
90.04.09	90.16.20	90.28.20	97.04.02
90.05.00	90.17.10	90.28.39	97.04.04
90.06.00	90.17.20	90.28.40	97.04.09
90.08.11	90.17.30	90.28.50	97.05.00
90.08.19	90.18.01	90.29.09	...[2]
90.08.21	90.18.09	91.05.00	
90.08.29	90.20.00	91.06.00	
90.08.31	90.23.01	92.11.31	97.08.00
90.08.39	90.23.02	92.12.11	98.01.01
90.09.01	90.23.03	92.12.23	98.06.01
90.09.09	90.23.09		

[B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald en á tímabilinu frá og með 23. ágúst 1982 til og með 28. febrúar 1983 skal þó greiða 40% gjald:][1]

27.10.82	37.07.01	59.06.09	82.11.09
27.11.11	38.11.10	65.04.00	83.01.02
27.11.19	38.11.20	65.06.09	83.01.05
27.11.20	38.11.30	67.01.00	83.01.09
27.11.30	38.11.40	67.02.00	83.02.03
32.10.00	38.11.50	67.03.00	83.02.09
32.13.20	38.19.49	67.04.00	83.03.09
33.06.01	39.07.30	68.10.09	83.05.09
33.06.02	39.07.99	68.12.09	84.06.31
33.06.03	40.14.19	68.13.09	84.06.32
33.06.04	40.16.09	68.16.09	84.06.33
33.06.05	42.05.09	69.14.00	84.06.40
33.06.06	44.02.00	70.13.00	84.06.51
33.06.07	44.28.95	70.14.03	84.06.52
33.06.08	44.28.99	70.14.09	84.06.53
33.06.11	45.04.09	70.19.00	84.06.61
33.06.12	46.02.03	70.20.39	84.06.62
33.06.19	46.02.09	70.21.09	84.06.69
34.05.03	46.03.09	71.13.01	84.25.11
34.05.09	48.07.59	71.13.09	84.25.19
35.03.09	48.14.01	71.14.09	84.25.51
36.01.00	48.14.02	71.15.00	85.07.02
36.05.00	48.14.03	71.16.00	85.07.09
36.08.00	48.14.09	73.40.59	85.12.30
37.01.09	48.15.20	74.19.09	85.13.10
37.02.02	48.15.39	75.06.09	85.13.20
37.02.09	48.21.29	76.16.19	85.14.10
37.03.09	48.21.39	80.06.09	85.14.20
37.04.00	48.21.69	82.09.09	85.15.19
37.05.09	55.03.01	82.11.01	85.15.60
85.15.79	91.10.00	92.11.39	93.07.29
85.15.81	91.11.00	92.11.40	95.05.00
85.15.82	...[2]	92.12.19	95.08.09
85.15.89			98.03.00
87.10.00		92.12.29	98.04.00
87.12.09		92.13.09	98.05.00
87.14.10		93.01.00	98.06.09
87.14.49		93.02.00	98.08.00
90.07.29		93.04.04	98.09.00
90.07.39		93.04.05	98.10.00
91.02.00		93.04.09	98.11.00
91.03.00		93.05.00	98.14.00
91.04.00		93.06.00	98.15.00
91.07.00	92.11.10	93.07.10	98.16.00
91.08.00	92.11.20	93.07.22	99.06.00
91.09.00			

[1] *L. 2/1983, 7. gr.* [2] *L. 33/1980, 3. gr., sjá og 5. og 6. gr. sbr. l. 80/1980, 5. gr.*

■ **2. gr.** [Hið sérstaka vörugjald skv. 1. gr. skal lagt á tollverð gjaldskyldrar innfluttrar vöru að viðbættum

1978 Nr. 107 30. des.

aðflutningsgjöldum og vörugjaldi, en á verksmiðjuverð innlendrar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi að viðbættu vörugjaldi.

□ Um ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

□ Við ákvörðun verksmiðjuverðs innlendrar framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skal leggja til grundvallar útreikningi gjaldsins söluverð vöru frá verksmiðju. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t. d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar vöru, skal verksmiðjuverð teljast jafnt heildarandvirði hennar. Ráðherra setur í reglugerð nánari reglur um gjaldstofn innlendrar framleiðsluvöru og vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi.][1)]

[1)] *L. 80/1980, 2. gr.*

■ **3. gr.** [Hið sérstaka vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skv. 1. gr. skal innheimt með aðflutningsgjöldum.

□ Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollfrjáls er eða undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti skv. 2.—4. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. eða heimildum í öðrum lögum, er heimilt að veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Ráðherra setur í reglugerð[1)] nánari ákvæði um undanþágur skv. 1. málslið þessarar málsgreinar og má þar einnig heimila endurgreiðslu sérstaka vörugjaldsins sé slíkt heimilt að því er tolla varðar samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum. Nú er vara tollfrjáls skv. 1. gr. nefndra tollskrárlaga og ákvæði 1. málsliðar þessarar málsgreinar eiga því ekki við og getur ráðherra þá í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum heimilað niðurfellingu eða endurgreiðslu sérstaks vörugjalds í sömu tilvikum og um ræðir í 2. til 3. gr. tollskrárlaga.

□ Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald.

□ Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með síðari breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt lögum þessum.][2)]

[1)] *Rg. 8/1981, sbr. 88/1981, 219/1982 og 93/1983 (um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar); rg. 758/1981 (um niðurfellingu aðflutningsgjalda af hráefnum og hjálparefnum í iðnaðarvörur); rg. 8/1982, sbr. 63/1982 (um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær); rg. 541/1982 (um niðurfellingu tolls af ýmsum efnisvörum).* [2)] *L. 80/1980, 3. gr.*

1978 Nr. 107 30. des.

■ **4. gr.** [Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtugjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefnum og efnivörum til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

□ Að því leyti sem ekki er ákvæði í lögum þessum um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10 10. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um ágreining vegna flokkunar hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 1. gr. skulu þó gilda ákvæði 35. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, sbr. 3. gr. laga þessara.][1)]

[1)] *L. 80/1980, 4. gr.*

■ **5. gr.** Ráðherra setur í reglugerð[1)] nánari ákvæði um tilkynningarskyldu, gjaldstofn, gjaldskyldu, gjalddaga og aðra framkvæmd laga þessara. Ráðherra er heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu, einnig að færa þær milli gjaldflokka skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

[1)] *Rg. 467/1982, sbr. 540/1982, 66/1983 og 69/1983 (um sérstakt tímabundið vörugjald).*

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 49 20. maí 1977 um sérstakt tímabundið vörugjald og lög nr. 84 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum svo og V. kafla laga nr. 3 17. febrúar 1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Lög um jöfnunargjald.

1980 Nr. 78 23. des.

■ **1. gr.** Greiða skal í ríkissjóð 3% jöfnunargjald af öllum innfluttum vörum sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar og fríverslunarsamnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Sama skal gilda um innfluttar vörur upprunnar í öðrum löndum sem flokkast undir sömu tollskrárnúmer samkvæmt lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og vörur sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. nefndra laga til samræmis við tolltaxta tollskrárnúmera sem nefndir samningar taka til.

□ Jöfnunargjald skv. 1. mgr. skal einnig innheimt af innfluttum vörum sem tollar hafa verið felldir niður af án tillits til uppruna skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, enda falli vörur þessar undir tollalækkunarákvæði samninga þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. þessarar greinar og sams konar eða hliðstæðar vörur séu framleiddar hér á landi.

■ **2. gr.** Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal greiða af tollverði innfluttrar vöru. Um ákvörðun tollverðs skulu gilda þar að lútandi ákvæði laga nr. 120/1976 um toll-

1980 Nr. 78 23. des.

skrá o. fl. með síðari breytingum. Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal innheimt með aðflutningsgjöldum.

□ Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi jöfnunargjald af gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o. fl. með síðari breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt lögum þessum.

■ **3. gr.** Af vörum sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. skal ekki innheimta jöfnunargjald skv. 1. gr. laga þessara. Ráðherra er heimilt í reglugerð[1] eða með öðrum fyrirmælum að fella niður eða endurgreiða jöfnunargjald af vörum sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

[1] *Rg. 8/1981, sbr. 88/1981, 219/1982 og 93/1983.*

■ **4. gr.** Ráðherra ákveður með reglugerð[1] hvaða vörur skulu gjaldskyldar skv. 1. gr. svo og önnur atriði varðandi framkvæmd laga þessara.

□ Ráðherra skal heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

[1] *Rg. 628/1980 (um jöfnunargjald); rg. 541/1982.*

■ **5. gr.** Tekjum af jöfnunargjaldi skal ráðstafað í fjárlögum ár hvert að hluta til eflingar iðnþróunar.

1982 Nr. 5 27. febr.

Lög um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

I. kafli. Tollafgreiðslugjald.

■ **1. gr.** Greiða skal í ríkissjóð tollafgreiðslugjald vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum. Skal gjaldið annars vegar vera hlutfall af tollverði innfluttrar vöru en hins vegar tiltekin fjárhæð fyrir hverja tollafgreiðslu eins og nánar er ákveðið í lögum þessum.

□ Tollafgreiðslugjald skal nema 1% af tollverði vöru eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Undanþegnir gjaldi samkvæmt þessari málsgrein sbr. 2. mgr. 2. gr., eru þó eftirtaldir vöruflokkar:

1. Vörur sem falla undir I.—IV. flokk 1. gr. tollskrárlaga og ætlaðar eru til manneldis.

2. Vörur sem við tollafgreiðslu eru undanþegnar tolli samkvæmt ákvæðum samnings um aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) eða samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu, sbr. 1. gr. tollskrárlaga.

3. Aðföng til innlendrar framleiðslu, þ. e. hráefni, efnivörur og vélar og varahlutir sem eru toll- og vörugjaldsfrjáls við innflutning samkvæmt ákvæðum tollskrárlaga og laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.

4. Flugvélaeldsneyti, gasolía og brennsluolía.

5. Skip, flugvélar og varahlutir til þeirra.

□ Nú nemur tollafgreiðslugjald, ákveðið skv. 2. mgr. þessarar greinar, lægri fjárhæð en tollafgreiðslugjald eins og það er ákveðið skv. 5. mgr. og skal þá greiða tollafgreiðslugjald af viðkomandi vörusendingu samkvæmt ákvæðum 5. mgr. þessarar greinar.

□ Séu í vörusendingu vörur sem ýmist eru gjaldskyldar skv. 2. eða 5. mgr. skal tollverð þeirra vara sem gjaldskyldar eru skv. 2. mgr. lagt til grundvallar við ákvörðun tollafgreiðslugjaldsins, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

1982 Nr. 5 27. febr.

□ Ráðherra skal heimilt að ákveða með reglugerð[1] að fyrir afgreiðslu á hverri aðflutningsskýrslu vegna innflutnings vöru sem undanþegin er gjaldi skv. 2. mgr. skuli greiða 200 kr. tollafgreiðslugjald, en sé tollverð vörusendingar innan við 5000 kr. skuli gjaldið þó vera 50 kr. Fjárhæðir í þessari málsgrein eru grunnfjárhæðir. Ráðherra er heimilt að hækka þær allt að því að þær hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem verða kann á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93/1975. Grunnfjárhæðir eru miðaðar við byggingarvísitölu 909 stig hinn 1. janúar 1982.

[1] *Rg. 230/1982, sbr. 542/1982 (um tollafgreiðslugjald).*

■ **2. gr.** Tollafgreiðslugjald skv. 1. gr. skal innheimt við tollafgreiðslu með aðflutningsgjöldum og skulu m. a. um innheimtu og lögvernd gjaldsins gilda ákvæði laga nr. 47/1960, um tollvörugeymslur o. fl., laga nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og laga nr. 120/1976, um tollskrár o. fl., með síðari breytingum.

□ Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæða þessa kafla. Þ. á m. hvaða vörur skuli undanþegnar gjaldskyldu skv. 2. mgr. 1. gr. svo og að gjald skv. 5. mgr. sömu greinar skuli falla niður sé tollverð vörusendingar innan tiltekinna marka.

1969 Nr. 59 28. maí

Lög um tollheimtu og tolleftirlit.

I. kafli. Um tollstjórn, tollsvæði, hafnir o. fl.

■ **1. gr.** Í lögum þessum merkir: Tollyfirvald: Tollstjórar og tollgæzlustjóri. Vara: Sérhver hlutur, sem farið er með sem vöru skv. tollskránni. Farartæki: Sérhvert tæki, sem nota má til flutnings á vörum. Skip: Sérhvert fljótandi farartæki. Flugfar: Sérhvert fljúgandi farartæki. Far: Skip eða flugfar. Aðkomufar: Far, sem kemur frá útlöndum og ekki hefur fengið fyrstu aðkomuafgreiðslu í þeirri ferð. Aðkomufar skoðast einnig far, sem tekið hefur við vörum eða mönnum utan tollhafnar úr öðru fari, sem er í utanlandsferðum, eða hefur haft önnur þess háttar samskipti við slík för. Far í utanlandsferðum: Far telst vera í utanlandsferðum, ef það flytur ótollafgreiddar vörur frá útlöndum eða ferð þess er gerð til að lesta vörur til útlanda.

■ **2. gr.** Yfirstjórn tollmála hefur fjármálaráðherra.

□ Tollstjórar annast tollheimtu og tolleftirlit. Í Reykjavík er sérstakur tollstjóri, en sýslumenn í sýslum, bæjarfógetar í kaupstöðum og sérstakir lögreglustjórar í kauptúnum eru tollstjórar í umdæmum sínum. Fjármálaráðherra getur þó með reglugerð breytt mörkum tollumdæma, ef sérstaklega stendur á.

□ Fjármálaráðherra getur falið tollstjóranum í Reykjavík yfirstjórn ákveðinna þátta tollmála, eftir því sem henta þykir.

□ Við tollstjóraembættið í Reykjavík skal vera sérstakur tollgæzlustjóri, skipaður með sama hætti og héraðsdómarar að fengnum tillögum tollstjóra, og skal hann fullnægja skilyrðum 1.—6. tölul. 32. gr. laga nr. 85 frá 1936. Tollgæzlustjórinn annast í umboði tollstjóra stjórn tollgæzlunnar í Reykjavík, eftir því sem nánar verður ákveðið, og yfirstjórn tollgæzlunnar utan

Reykjavíkur, eftir því sem fjármálaráðherra ákveður í erindisbréfi, er hann setur honum.

■ **3. gr.** Tollyfirvöldum til aðstoðar eru tollgæzlumenn og aðrir tollstarfsmenn. Með reglugerð skulu sett fyrirmæli um störf, starfssvið og stjórn tollstarfsmanna.

□ Í tollhöfnum, þar sem tollstjóri er ekki búsettur, skal vera fastur tollgæzlumaður eða annar umboðsmaður tollstjóra.

■ **4. gr.** Utan Reykjavíkur eru fastir tollgæzlumenn skyldir til að gegna jafnframt almennum löggæzlustörfum eftir ákvörðun viðkomandi tollstjóra. Sama á við um fasta tollgæzlumenn í Reykjavík, að fengnu samþykki fjármálaráðherra. Ekki verða þó tollgæzlumenn, sem skipaðir hafa verið í starf fyrir gildistöku laga nr. 56 frá 20. apríl 1963, um lögreglumenn, skyldaðir til að gegna almennum löggæzlustörfum gegn vilja sínum.

□ Með samkomulagi dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra og viðkomandi sveitarstjórnar má ákveða, að lögreglumenn gegni jafnframt tollgæzlustörfum, þar sem henta þykir.

□ Fela má áhöfnum skipa og flugvéla landhelgisgæzlunnar að vinna við tolleftirlit.

□ Þegar lögreglumönnum, starfsmönnum landhelgisgæzlunnar eða öðrum er falið að vinna tollgæzlustörf, án þess að þeir hafi tollgæzlu að aðalstarfi, hafa þeir sömu heimildir til starfa og gegna sömu starfsskyldum og fastir tollgæzlumenn.

■ **5. gr.** Við embætti tollstjórans í Reykjavík skal vera tollskóli, er veiti tollstarfsmönnum kennslu í tollfræðum.

□ Gera má það að skilyrði fyrir veitingu í fastar tollstöður, að viðkomandi hafi lokið prófi frá skólanum.

□ Ráðherra setur reglugerð[1)] um námstilhögun og prófkröfur í skólanum.

[1)] *Rg. 85/1983.*

■ **6. gr.** Tollsvæði ríkisins er landið ásamt eyjum og útskerjum, sem því tilheyra, og hafið 4 sjómílur út frá stórstraumsfjöruborði, talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma. Firðir og víkur teljast til tollsvæðisins 4 sjómílur til hafs frá línu, sem dregin er þar sem 12 sjómílur verða milli nesja, næst fjarðarmynni. Fjármálaráðuneytið getur þó ákveðið með reglugerð, að hafsvæðið milli þessarar línu og fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 3 frá 11. marz 1961, skuli einnig teljast til tollsvæðis ríkisins.

■ **7. gr.** Aðaltollhöfn er höfn, þar sem för í utanlandsferðum mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi og þar sem hvers konar tollmeðferð vöru má fara fram.

□ Eftirtaldar hafnir eru aðaltollhafnir:

1. Reykjavík.
2. Akranes.
3. Ísafjörður.
4. Siglufjörður.
5. Akureyri.
6. Húsavík.
7. Seyðisfjörður.
8. Neskaupstaður.
9. Eskifjörður.
10. Vestmannaeyjar.
11. Keflavík.
12. Keflavíkurflugvöllur.
13. Hafnarfjörður.

□ Tollhöfn er höfn, þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

□ Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkvæmt lögum þessum:

1. Borgarnes.
2. Ólafsvík.
3. Stykkishólmur.
4. Patreksfjörður.
5. Þingeyri.
6. Flateyri.
7. Suðureyri.
8. Bolungarvík.
9. Hólmavík.
10. Hvammstangi.
11. Blönduós.
12. Sauðárkrókur.
13. Ólafsfjörður.
14. Raufarhöfn.
15. Vopnafjörður.
16. Reyðarfjörður.
17. Fáskrúðsfjörður.
18. Djúpivogur.
19. Höfn í Hornafirði.
20. Þorlákshöfn.

□ Þegar sérstaklega stendur á, geta viðkomandi tollstjórar í samráði við tollgæzlustjóra veitt til þess leyfi hverju sinni, að ferma megi eða afferma vörur úr fari utan tollhafna. Þeim, sem slíkt leyfi fær, er skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem tollstjórar setja fyrir undanþágunni, og greiða allan kostnað, sem af henni leiðir. Tollgæzlustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á og með sama hætti, leyft fari að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi utan aðaltollhafna.

□ Fjármálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð, að tilteknar vörur, svo sem lyf, eiturefni og aðrar slíkar vörur, skuli aðeins tollafgreiddar á einum stað fyrir allt landið.

□ Við ráðstöfun á hafnarsvæðum og hafnarlóðum, sem ætlaðar eru til uppskipunar eða geymslu á ótollafgreiddum vörum, skulu sveitar- og hafnarstjórnir hafa samráð við tollgæzlustjóra og viðkomandi tollstjóra.

□ Séu skilyrði til tolleftirlits og vörzlu á vörum í aðaltollhöfn eða tollhöfn ófullnægjandi að dómi fjármálaráðherra, falla tollhafnarréttindi hafnarinnar niður.

■ **8. gr.** Fjármálaráðherra setur reglur um almennan tollafgreiðslutíma. Tollyfirvöld geta heimilað, að afgreiðsla fari fram á öðrum tímum, enda greiði viðkomandi þann kostnað, sem af því leiðir.

□ Fjármálaráðherra ákveður einnig, fyrir hvaða störf tollstarfsmanna skuli tekin greiðsla, upphæð hennar og lögvernd. Krafa þessi nýtur lögtaksréttar.

II. kafli. Almenn ákvæði um tolleftirlit.

■ **9. gr.** Þegar tollgæzlumenn eru að störfum, skulu þeir vera einkennisklæddir eða hafa í vörzlum sínum og sýna, ef með þarf, einkennismerki, sem ber skjaldarmerki ríkisins og áletrunina „Tollmerki Íslands". Rétt er og, að farartæki tollgæzlumanna hafi tollfánann, sem skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34 frá 17. júní 1944 er þjóðfáninn, klofinn að framan, með upphafstéi (T) í efra stangarreit fánans.

□ Tollstarfsmenn, sem koma fram í einkennisbúningi

1969 Nr. 59 28. maí

sínum, sýna framangreint einkennismerki eða draga tollfánann að hún, hafa á fullnægjandi hátt gefið til kynna, að þeir séu réttir tollgæzlumenn að starfi.

□ Lögreglan og áhafnir varðskipa skulu veita tollgæzlunni aðstoð og vernd við framkvæmd tollgæzlustarfa.

□ Skylt er mönnum að verða við kvaðningu um aðstoð við tollgæzlumenn á sama hátt og mælt er fyrir um aðstoð við lögreglumenn í 41. gr. laga nr. 82 frá 1961.

■ **10. gr.** Tollgæzlumönnum er heimil umferð hvarvetna um strendur landsins og meðfram þeim, um hafnarsvæði og flugvelli. Þeir skulu hafa frjálsan og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á vörum, sem geymdar eru í vörugeymsluhúsum á framangreindum svæðum, svo og að öðrum húsum og stöðum, þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur er tollgæzlumönnum heimill aðgangur að verzlunum og vörugeymslum þeirra, ef ætla má, að þar séu geymdar vörur, sem skotið hefur verið undan greiðslu lögboðinna gjalda.

□ Tollgæzlumönnum er heimilt að veita þeim mönnum eftirför, sem skjóta sér undan eða grunaðir eru um að hafa skotið sér undan tolleftirliti með innfluttar vörur, og mega af sjálfsdáðum framkvæma leit í húsum, þegar um beina eftirför er að ræða og bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

■ **11. gr.** Öll för, sem eru á tollsvæði ríkisins, eru háð eftirliti tollgæzlunnar.

□ Tollgæzlumönnum er heimilt að framkvæma leit og rannsókn alls staðar í skipum og flugförum, sem eru á tollsvæði ríkisins. Einnig er þeim heimilt að gera leit í öllum farartækjum, sem eru á eða koma frá fermingar- og affermingarstöðum skipa og flugfara, svo og öðrum þeim stöðum, þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar. Tollgæzlumönnum er enn fremur heimilt að leita í öllum farartækjum, sem þeir hafa grun um að flytji ólöglega innfluttar vörur.

□ Stjórnendum farartækja er skylt að stöðva þau, þegar tollgæzlumaður gefur um það merki.

□ Stjórnendum farartækja er skylt að veita tollgæzlumönnum, sem eru að störfum við farartæki þeirra, alla þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á, til þess að störfin gangi sem greiðast, og gefa þeim nauðsynlegar upplýsingar. Þeim er einnig skylt að fara eftir fyrirmælum tollgæzlunnar, sem lúta að því að tryggja eftirlit með fermingu og affermingu.

■ **12. gr.** Tollgæzlumönnum er heimilt að leita á mönnum, sem eru í farartækjum, húsum eða á svæðum eða á leið frá farartækjum eða stöðum, þar sem tollgæzlumönnum er heimil rannsókn og skoðun á vörum samkvæmt ákvæðum 10. og 11. greina hér að framan.

□ Leit á manni má aðeins framkvæma samkv. skipun æðsta tollgæzlumanns, sem við er staddur, þegar leitarinnar er þörf. Skal framkvæma hana með svo mikilli tillitssemi sem unnt er, og má hún aldrei verða víðtækari en nauðsynlegt er vegna tolleftirlitsins. Við leit á manni getur viðkomandi krafizt þess, að ákveðið vitni sé tilkvatt. Við nákvæma leit á manni skal þess gætt, að hún sé framkvæmd af persónu af sama kyni.

□ Þegar leit er talin nauðsynleg, getur tollgæzlumaður óskað aðstoðar lögreglunnar, ef með þarf.

■ **13. gr.** Tollgæzlumönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur, hverjar sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem um er að ræða vörur á farmskrá, póstflutning, farþegaflutning eða annað. Heimilt er að krefjast þess, að vörurnar séu fluttar í tollbúð eða á annan tiltekinn stað, þar sem tolleftirlit er framkvæmt, og framvísað þar til skoðunar.

□ Tollgæzlumönnum er heimilt að skrá og merkja muni, sem eru í íslenzkum förum, hvort sem um er að ræða búnað þeirra eða einkaeign áhafnarinnar. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum, ef þeir hverfa úr fari, nema gerð sé grein fyrir, að þeir hafi farizt eða verið fluttir úr farartækinu erlendis.

■ **14. gr.** Tollgæzlumönnum er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna, ef nauðsyn krefur.

□ Tollgæzlumönnum er heimilt að handtaka mann, sem staðinn er að eða grunaður um tolllagabrot, og færa hann til yfirheyrslu eða fá hann lögreglunni í hendur.

□ Rétt er tollgæzlumönnum að leggja hald á muni, sem teljast til sakargagna eða ætla má að hafi sönnunargildi í málum vegna tolllagabrota.

■ **15. gr.** Heimilt er að innsigla eða setja læsingar tollgæzlunnar fyrir farmrúm og vistageymslur farartækja, vörugeymslur eða aðra staði, þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar. Enn fremur að innsigla eða auðkenna ótollafgreiddar vörusendingar, meðan á geymslu eða flutningi stendur. Skylt er stjórnendum farartækja og forstöðumönnum vörugeymslna að veita tolleftirlitsmönnum aðstoð við innsiglun og lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem innsiglun eða læsing mundu ekki koma að haldi.

□ Tollgæzlustjóri ákveður gerð innsigla og úthlutar tækjum og efni, sem til þeirra þarf. Óheimilt er tollgæzlumönnum að nota önnur innsigli við innsiglun í fari, nema sérstakt leyfi tollgæzlustjóra komi til hverju sinni.

□ Verði læsingu eða innsiglun ekki við komið, geta tollyfirvöld krafizt þess, að varzla varanna eða flutningur fari fram undir tolleftirliti á kostnað vörzluhafa eða farmflytjanda.

□ Innsigli eða læsingar, sem tollgæzlumenn setja, má enginn nema tollgæzlumaður rjúfa innan íslenzkra tollmarka eða í fari á leið milli staða á tollsvæðinu.

■ **16. gr.** Tollgæzlumenn geta afkvíað far, sem komið er í höfn eða á flugvöll, svo og bannað umferð á svæðum, þar sem ferming eða afferming vöru fer fram eða farþegar fara um á leið til eða frá fari í utanlandsferðum. Þeir geta ákveðið, að farþegar eða aðrir megi einungis fara úr fari eða stíga um borð á ákveðnum stað. Einnig geta þeir ákveðið, í samráði við hafnaryfirvald, að ferming eða afferming fars skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentugastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

□ Óheimilt er að fara um borð í aðkomufar fyrr en tollgæzlumaður leyfir.

□ Enginn, sem er um borð í aðkomufari, má fara frá borði fyrr en tollgæzlumaður leyfir.

□ Hverjum, sem staddur er á hafnarsvæði, flugvöllum eða annars staðar, þar sem ótollafgreiddar vörur eru eða hafa verið geymdar, ber að nema staðar, þegar tollgæzlumaður óskar þess, og gera grein fyrir, hvort hann hafi meðferðis ótollafgreiddar vörur.

■ **17. gr.** Óheimilt er að flytja úr fari ótollafgreidda vöru, sem ekki er á farmskrá, nema henni sé samtímis framvísað við tollgæzluna og leyfi fengið fyrir flutningi hennar úr farinu. Ákveða má, að slíka vöru skuli flytja úr farinu innan ákveðins frests frá komu farsins og á þeim tíma og með þeim hætti, sem tollgæzlan tiltekur eða ákveðið verður í reglugerð.

□ Skylt er farþegum og áhöfn að opna töskur og aðrar umbúðir um farangur, þegar tollgæzlumaður óskar þess, taka upp úr þeim og veita alla aðstoð og gefa þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

□ Nú tekur tollgæzlan farangur manns eða föggur skipverja í vörzlur sínar til skoðunar síðar, og getur viðkomandi þá krafizt þess, að þær séu innsiglaðar, þar til skoðun fer fram, og hlutaðeiganda þá gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina.

■ **18. gr.** Tollyfirvald getur krafið hvern þann, sem flytur eða ætla má að flytji inn gjaldskyldar vörur eða hefur slíkar vörur til sölu, um skýrslu varðandi þessar vörur, kaupverð þeirra og magn. Tollyfirvald getur enn fremur krafið kaupsýslumenn, sem hér á landi selja mönnum búsettum í landinu útlenda vöru til afhendingar erlendis, um allar upplýsingar um kaupin og vöruna.

□ Gjaldeyrisstofnanir eru skyldar að láta tollyfirvöldum í té allar nauðsynlegar upplýsingar og skýrslur, er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té, um kaupverð vöru, greiðsluskilmála, yfirfærslur í sambandi við kaup vöru eða sölu og annað því um líkt.

□ Nú eru tilteknar vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda, að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim, sem bjóða vörur þessar til sölu eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.

□ Í reglugerð má ákveða, að tollyfirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum, um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merkingarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tollyfirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

III. kafli. Um för í utanlandsferðum.

■ **19. gr.** Skylt er aðkomufari að hafa fyrstu viðkomu hér á landi í aðaltollhöfn, sbr. þó 5. málsgr. 7. gr. Má það ekki hafa neitt samband við land eða menn úr landi fyrr en aðkomuafgreiðsla þess hefur farið fram og að fengnu leyfi tollgæzlunnar.

□ Íslenzk för mega ekki utan tollhafna taka við mönnum eða vörum úr aðkomuförum, hleypa mönnum út í þau né hafa við þau önnur samskipti, nema tilneydd séu.

□ Ef tollgæzlumenn óska að komast um borð eða frá borði, er stjórnanda fars skylt að veita til þess nauðsynlega aðstoð.

□ Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki fyrr en að fengnu leyfi tollgæzlunnar, sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnaryfirvöld, hvar í höfn skipið skuli leggjast. Flugför skulu afgreidd þar á flugvelli, sem tollgæzlan ákveður í samráði við vallarstjóra.

□ Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef ástæða þykir til, að mæla svo fyrir, að skip megi ekki liggja eða hafast við innan tollsvæðisins nema í tollhöfnum.

□ Far, sem statt er í neyð eða þarf að leita hafnar vegna veikinda eða slyss áhafnar eða farþega, er undanþegið ákvæðum fyrstu málsgreinar þessarar greinar, en tilkynna skal þó stjórnandi farsins viðkomandi tollstjóra komu sína svo fljótt sem verða má og forðast öll ónauðsynleg samskipti við land, þar til tollafgreiðslu er lokið.

■ **20. gr.** Stjórnanda fars ber að tilkynna tollgæzlunni um komu þess með hæfilegum fyrirvara.

□ Flugumferðarstjórnin skal gefa tollgæzlunni allar nauðsynlegar upplýsingar um komu og brottför flugvéla í utanlandsferðum. Slíkar upplýsingar skal jafnan gefa svo fljótt sem við verður komið. Flugumferðarstjórninni ber einnig að öðru leyti að veita tollgæzlunni þá aðstoð, sem hún má, í sambandi við framkvæmd starfa hennar.

□ Starfsmenn hafna og skipaðir hafnsögumenn skulu gefa tollgæzlunni allar nauðsynlegar upplýsingar um ferðir skipa. Þeir skulu einnig gera henni viðvart, ef þeir í starfi sínu eða stöðu komast að því, að brotin hafi verið eða brjóta eigi ákvæði laga þessara.

■ **21. gr.** Þegar eftir komu fars frá útlöndum ber stjórnanda þess að afhenda tollgæzlunni eftirtalin skjöl og skilríki:

1. Þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars.
2. Aðkomuskýrslu í fyrirskipuðu formi.
3. Sóttvarnaryfirlýsingu.
4. Farmskrá ásamt skriflegri yfirlýsingu um, að á skrána séu færðar allar þær vörur, sem á farmskrá eiga að vera samkvæmt gildandi reglum.
5. Skrá yfir farþega.
6. Skrá yfir áhöfn farsins og eigur þær, sem henni tilheyra.
7. Skrá yfir vista- og birgðaforða farsins.
8. Skrá yfir allar aðrar vörur, sem farið kann að flytja.
9. Öll önnur tollskjöl, sem farið hefur fengið við brottför úr erlendum höfnum.
10. Önnur skjöl og skilríki, sem ákveðið kann að verða, eða samkvæmt venju eru afhent eða sýnd við komu fars frá útlöndum.

□ Auk þess, sem segir í 23.—25. gr. hér á eftir, skulu í reglugerð sett nánari fyrirmæli um skjöl þessi.

□ Stjórnanda fars ber að veita tollgæzlunni allar upplýsingar, sem þörf er á, um farið, farm þess og farþega. Hann skal vísa á alla innganga í farmrúm, svo og allar geymslur og aðra staði, þar sem geyma má vörur og honum er eða ætti að vera kunnugt um. Heimila má, að miðlarar eða aðrir umboðsmenn geti fyrir hönd stjórnanda fars afhent þau skjöl og gefið þær upplýsingar, sem honum ber að annast samkvæmt lögum þessum.

■ **22. gr.** Tollgæzlunni er jafnan heimilt að taka í sínar

vörzlur þjóðernisskírteini og mælibréf skips eða loftferðaskírteini flugfars svo og áhafnaskrá og önnur skjöl, sem þörf er á. Skjöl þessi ber í hverri höfn að afhenda stjórnanda farsins, er hann hefur greitt lögboðin gjöld vegna farsins og innt af hendi aðrar lögboðnar skyldur.

■ **23. gr.** Aðalfarmskrá skal samin í minnst fjórum samhljóða eintökum. Þrjú eintakanna skulu afhent tollgæzlunni, en eitt þeirra ber stjórnanda fars að hafa í farinu, þar til affermingu er lokið, og færa í það hvaða vörusendingar eru affermdar í hverri höfn.

☐ Á aðalfarmskrá skulu færðar allar vörur, sem farið hefur meðferðis. Eigi er þó nauðsynlegt, að settar séu á farmskrá vörur, sem ætlaðar eru farinu sjálfu, áhöfn eða farþegum, og venjulegur farangur ferðamanna og áhafnar, allt eftir því sem ákveðið verður í reglugerð.

☐ Í farmskrá skal greina vörusendingar í óslitinni töluröð ásamt stykkjatölu, merki og númeri, vöruheiti og þunga, eða rúmmáli, ef um trjávið er að ræða. Enn fremur skal greina sendanda og viðtakanda hverrar vörusendingar. Sé viðtakandi ókunnur, skal greina nafn þess, sem annast ber vörusendinguna fyrir hans hönd.

☐ Farmskrá frá hverri höfn skal heft saman og innsigluð, ef um fleiri blöð en eitt er að ræða. Farmskránni skal fylgja vottorð, undirritað af stjórnanda farsins og afgreiðslumanni í viðkomandi höfn, er greini blaðsíðutal farmskrárinnar, tölu vörusendinga og heildarþunga þeirra, svo og breytingar og leiðréttingar, sem gerðar hafa verið á skránni. Í vottorðinu skal vera yfirlýsing um, að farið hafi ekki tekið í viðkomandi höfn aðrar eða meiri vörur en í farmskránni greinir. Undirskriftirnar undir vottorðið skulu staðfestar af íslenzkum ræðismanni eða tollgæzlumanni á staðnum.

☐ Vörur skulu settar á farmskrá til þeirrar hafnar, þar sem þær eiga að flytjast úr farinu, sem flytur þær hingað til lands.

☐ Tollgæzlan getur krafizt þess af útgerð fars eða umboðsmanni, að eitt af eintökum aðalfarmskrárinnar sé sent til landsins á undan farinu, ef við verður komið, og afhent tollgæzlunni svo fljótt sem verða má.

☐ Eftir að aðalfarmskrá hefur verið afhent tollgæzlunni, er óheimilt að breyta skránni nema með samþykki tollyfirvalds.

■ **24. gr.** Á hverri innlendri höfn, sem far tekur til þess að afferma ótollafgreiddar vörur, ber stjórnanda þess að afhenda tollgæzlunni útdrátt úr aðalfarmskrá yfir vörur þær, sem þar eiga að affermast, og vottorð um það, að á þeim stað verði ekki affermdar aðrar eða meiri ótollafgreiddar vörur en þær, sem á útdrættinum eru.

☐ Komi síðar í ljós, að þar verði affermdar úr farinu meiri vörur en á útdrætti greinir, skal stjórnandi þess áður tilkynna það tollgæzlunni og afhenda farmskrár um þær vörur, ásamt leiðréttingu á fyrra vottorði sínu, áður en afferming hefst.

☐ Verði vörur ekki allar affermdar úr fari í þeirri höfn, sem farmskrá eða útdrættir greina, skal það tilkynnt og leiðrétting við farmskrárvottorðið afhent tollgæzlunni þegar að lokinni affermingu.

☐ Tollgæzlumenn skulu í fyrstu höfn, sem farið tekur hér á landi, athuga, hvort það hefur meðferðis alla útdrætti þá úr farmskrá, sem um ræðir í 1. mgr.

■ **25. gr.** Forði aðkomufars og birgðir, sem eru umfram það, sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota í fari, skulu þegar sett undir innsigli. Á sama hátt skal farið með tollskyldan varning áhafnar. Afhenda skal tollgæzlunni skrá um vörur þessar (innsiglisskrá farsins), eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

☐ Tollgæzlumenn geta krafizt þess, að ótollafgreiddar vörur, forði og birgðir, svo og varningur áhafnar, sé flutt úr fari til geymslu, meðan það hefur dvöl hérlendis.

☐ Setja má í reglugerð ákvæði um, hvað telja beri hæfilegan forða og birgðir fars, svo og venjulegan farangur áhafnar.

☐ Verði far á leið til útlanda að snúa við til sama lands, ber stjórnanda þess, er innsigli hafa verið opnuð eða ótollafgreiddur forði tekinn í notkun, að gæta þess, að hvorki farþegar né áhöfn hverfi brott frá farinu eða af afgreiðslustað fyrr en tollgæzlan hefur gefið leyfi til þess.

☐ Aldrei má gefa eða selja í land af birgðum eða forða fars, nema tollar séu greiddir af slíku og fullnægt öðrum fyrirmælum um innflutning, sem lög hafa að geyma.

■ **26. gr.** Afferming fars er háð eftirliti tollgæzlunnar og má ekki hefjast nema með leyfi hennar. Slíkt leyfi skal að jafnaði ekki veitt fyrr en afhent hafa verið í fyrirskipuðu formi skjöl þau, sem um ræðir í 21., 23. og 24. gr.

☐ Við affermingu í neyð ber stjórnanda fars að tilkynna um hana strax og auðið er.

☐ Að lokinni affermingu í hverri höfn, er stjórnanda fars eða afgreiðslumanni þess skylt að láta tollgæzlunni í té nákvæma skrá um talningu á þeim vörum, sem affermdar hafa verið í höfninni. Sé talning þessi ekki framkvæmd, má tollgæzlan láta gera hana á kostnað farsins.

☐ Finnist í fari ótollafgreidd vara, sem ekki hefur verið gerð grein fyrir samkvæmt lögum þessum eða settum ákvæðum, skal farið greiða allan kostnað við leit í því, og má kyrrsetja farið á þess kostnað, unz leit er lokið. Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða smávægilegan ólöglegan innflutning í vörzlum áhafnar eða farþega.

■ **27. gr.** Áður en far í utanlandsferðum lætur úr fyrstu höfn, sem það hefur tekið hérlendis, til annarrar innlendrar hafnar, ber stjórnanda þess að taka tollvegabréf fyrir það.

☐ Tollgæzlan gefur út tollvegabréf í fyrirskipuðu formi.

☐ Stjórnanda fars ber að vitja tollvegabréfa samkv. 1. mgr. til tollgæzlunnar og gefa jafnframt allar upplýsingar um farið, ferðir þess og farm og annað, sem máli kann að skipta í sambandi við gerð tollvegabréfsins. Tollgæzlumenn geta krafizt, að stjórnandi fars sýni þau skjöl, sem hann hefur með höndum, til staðfestingar upplýsingum, sem hann gefur, svo sem farmskrá farsins eða önnur hleðsluskilríki.

☐ Stjórnanda fars ber að varðveita tollvegabréfið, meðan farið er hér við land, og sýna það tollgæzlumanni, hvenær sem krafizt er.

☐ Á síðari höfnum, sem farið tekur, geta tollgæzlumenn fært á tollvegabréfið þær upplýsingar, sem þörf er á vegna framkvæmdar tollgæzlustarfsins. Brottfararleyfi til annarra innlendra hafna skal veitt með áritun á vegabréfið.

1969 Nr. 59 28. maí

□ Ákvæði þessarar greinar taka ekki til fiskiskipa, nema þau flytji ótollafgreiddar vörur milli hafna.

■ **28. gr.** Með far, sem er í utanlandsferðum og tekið hefur fyrstu höfn, en sýnir ekki tollvegabréf skv. 27. gr. laga þessara við komu til síðari hafna, skal farið á sama hátt sem um aðkomufar væri að ræða.

□ Tollgæzlumenn geta jafnan ákveðið, að með far, sem kemur frá innanlandshöfnum, eða skip, sem kemur af veiðum, skuli farið sem aðkomuför að því er tolleftirlit varðar.

■ **29. gr.** Áður en afferming fars í utanlandsferðum hefst í síðari höfnum, ber stjórnanda þess að afhenda tollgæzlunni útdrátt úr farmskrá um allar ótollafgreiddar vörur, sem eiga að affermast á þeirri höfn, sbr. 24. gr. Einnig ber honum að sýna aðalfarmskrá farsins og leyfa tollgæzlunni afnot hennar, meðan farið stendur við.

□ Hafi farið jafnframt meðferðis ótollafgreiddar vörur, sem það hefur ekki flutt til landsins í þeirri ferð, ber stjórnanda þess að leggja fram sérstaka farmskrá um þær. Flytji farið einnig tollafgreiddar vörur eða innlendan varning, ber enn fremur að leggja fram farmskrá yfir þær.

□ Afferming má ekki hefjast fyrr en þessum skyldum hefur verið fullnægt, sbr. og 26. gr.

■ **30. gr.** Án leyfis tollgæzlunnar má enginn ferma vörur í far, sem ætlar til útlanda. Þetta nær þó ekki til afla, sem tekinn er um borð í skip á veiðisvæðum.

□ Sé varan flutt í far án samþykkis tollgæzlunnar, ber stjórnanda farsins að afferma þær aftur, ef tollgæzlan telur það nauðsynlegt vegna eftirlits með vörunni eða ákvörðunar gjalda af henni.

■ **31. gr.** Áður en far leggur af stað úr innlendri höfn, ber stjórnanda þess eða afgreiðslumanni að afhenda tollgæzlunni farmskrá í fyrirskipuðu formi um allar vörur, sem farið hefur tekið til útflutnings þaðan.

□ Áður en far leggur af stað úr seinustu höfn hérlendis, ber stjórnanda þess að afhenda tollgæzlumanni heildarfarmskrá í fyrirskipuðu formi um allar vörur, sem farið hefur meðferðis til útflutnings, ásamt vottorði um, að farið hafi ekki tekið og taki ekki hér á landi aðrar eða meiri vörur til útflutnings. Eigi er þó nauðsynlegt, að settar séu á farmskrá vörur, sem ætlaðar eru farinu sjálfu, áhöfn eða farþegum til neyzlu í því, svo og venjulegur farangur ferðamanna og skipverja.

□ Enn fremur ber stjórnanda farsins að afhenda farþegaskrá í tvíriti um alla þá farþega, sem fara úr landi með farinu.

■ **32. gr.** Skip, sem er á leið til útlanda, skal hafa seinustu viðkomu hérlendis í aðaltollhöfn, sbr. þó 7. gr. Ákvæði þetta á ekki við um fiskiskip, sem fer til veiða eða siglir til útlanda beint af veiðum og eingöngu með afla.

□ Áður en far leggur upp í ferð til útlanda, ber stjórnanda þess að tilkynna tollgæzlunni um það með hæfilegum fyrirvara.

□ Tollgæzlan gefur fari tollvegabréf til útlanda í fyrirskipuðu formi, þegar stjórnandi farsins hefur fullnægt öllum skyldum, sem honum ber að rækja áður en farið lætur úr höfn.

□ Tollvegabréfið skal gert í tvíriti, og ber að senda tollgæzlustjóra annað eintakið svo fljótt sem unnt er, ásamt innsiglisskrá farsins og innanlands tollvegabréfi þess.

■ **33. gr.** Skylt er útgerðarmönnum skipa og flugfara, sem annast reglubundnar ferðir milli landa, að leggja tollgæzlunni til án endurgjalds nægilegt húsrými til eftirlits með farþegum og áhöfn. Kjósi tollgæzlan að koma upp slíku húsrými, ber þeim að greiða fyrir afnot þess eftir því, sem ákveðið verður.

□ Kostnað við flutning tollgæzlumanna frá tollstöð til og frá skipi við komu þess og brottför, svo og að og frá flugvelli við komu og brottför flugfars, ber förunum að greiða. Kostnaði þessum fylgir lögveð í förunum, og má innheimta hann með lögtaki.

□ Stjórnanda fars ber að sjá tollgæzlumönnum, sem sendir eru með farinu hafna á milli til eftirlits, fyrir farrými og fæði endurgjaldslaust og eftir því sem hæfa þykir opinberum starfsmönnum.

■ **34. gr.** Ef stjórnandi fars, afgreiðslumaður eða útgerð fullnægja ekki skyldum sínum samkv. ákvæðum þessa kafla, ber þeim að greiða tollgæzlunni allan kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem hún telur nauðsynlegar vegna vanrækslunnar. Kostnað þennan má innheimta með lögtaki.

■ **35. gr.** Ákvæði þessa kafla taka ekki til erlendra herskipa eða herflugfara, sem leita hér hafnar. Stjórnendur þeirra eru þó skyldir til að gera tollgæzlumönnum fullnægjandi grein fyrir, að um herfar sé að ræða, og má krefjast þess, að slík greinargerð sé gefin skriflega.

□ Með þeim undantekningum, sem leiðir af varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, sbr. lög nr. 110 frá 1951, eru för, sem í 1. mgr. getur, undanþegin innsiglun vista, birgða eða annars varnings um borð.

□ Ef tollskyldar vörur eru fluttar í land úr förum þeim, sem um ræðir í 1. málsgr., ber yfirmanni þeirra áður að afhenda tollgæzlunni tvíritaða skrá um vörurnar. Tollgæzlan hefur sömu heimildir til hvers konar eftirlits með slíkum vörum sem öðrum varningi, sem fluttur er til landsins.

□ Ákveða má, að ákvæði þessarar greinar skuli einnig gilda að einhverju eða öllu leyti um önnur för en herskip og herflugför, sem eru opinber eign og ferðast eingöngu í opinberum erindagerðum og ekki flytja vörur eða farþega gegn greiðslu.

□ Skemmtiferðaskip, sem koma hingað eingöngu með farþega og hvorki taka hér né setja í land farþega eða vörur, eru undanþegin ákvæðum um innsiglun forða, enda greiði þau kostnað af varðstöðu um borð.

IV. kafli. Um vörzlu og tollmeðferð aðfluttra vara.

■ **36. gr.** Tollgæzlunni er jafnan heimilt að taka ótollafgreiddar vörur í sínar vörzlur.

□ Tollgæzlan getur jafnan ákveðið, að ótollafgreiddar vörur skuli fluttar beint úr farartæki í húsrými, sem hún hefur umráð yfir, til rannsóknar á kostnað farmflytjanda, svo og geymslu og tollafgreiðslu, ef henta þykir.

□ Ákveða skal í reglugerð gjald fyrir geymslu og meðferð varanna. Einnig má þar setja ákvæði, er tryggi tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.

■ **37. gr.** Eigendur eða umráðamenn farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum eða ótollafgreiddar vörur milli

tollhafna innanlands, skulu hafa til umráða eða eiga aðgang að nægum geymslu- og afgreiðslustöðum fyrir slíkar vörur, þar sem þeim er haldið aðgreindum frá öðrum varningi.

□ Geymslu- og afgreiðslustaðir þessir skulu viðurkenndir af viðkomandi tollstjóra og tollgæzlustjóra. Skulu það vera hús eða afgirt svæði, eftir eðli vörunnar, liggja vel við affermingu og eftirliti og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett verða um slíkar geymslur. Hús þessi og svæði má, ef þurfa þykir, setja undir lás tollgæzlunnar, og skal þannig frá þeim gengið, að því verði auðveldlega við komið.

□ Þeim, sem geyma ótollafgreiddar vörur, er skylt að láta tollgæzlunni ókeypis í té hæfilegt aðgreint rúm í vörugeymslum sínum til rannsóknar á vörum.

□ Ef geymsluhús eða svæði eru ekki í fullnægjandi ásigkomulagi á hverjum tíma, og geymsluhafi bætir ekki úr því innan þess frests, sem tollyfirvald tiltekur, getur tollyfirvald látið bæta úr ágöllum á kostnað hans eða svipt hann rétti til að nota geymsluna.

□ Nú er ótollafgreidd vara flutt úr fari í geymsluhús eða á svæði, sem er það langt frá farinu, að þaðan má ekki fullkomlega fylgjast með flutningi varanna á geymslustaðinn að dómi tollgæzlunnar, og ber stjórnanda fars þá að greiða þann aukakostnað, sem leiðir af þeim öryggisráðstöfunum, sem tollgæzlan telur nauðsynlegar til að tryggja fullt eftirlit með flutningi varanna á geymslustaðinn.

□ Fjármálaráðuneytið setur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum nánari ákvæði um vörugeymslur og vörzlu ótollafgreiddrar vöru. Má þar ákveða viðurlög við því, ef afgreiðslumenn eða aðrir óhlýðnast settum fyrirmælum um vörzlu og meðferð ótollafgreiddrar vöru.

□ Geymsluhöfum ber að greiða ríkissjóði kostnað við tolleftirlit í vörugeymslum sínum eftir því, sem ráðherra ákveður með reglugerð.

□ Geymsluhafi hefur haldsrétt í vörunni fyrir kröfu sinni um geymslugjald. Haldsrétturinn útilokar þó ekki, að tollstjóri geti selt vöruna á opinberu uppboði og að tollur og önnur opinber gjöld séu greidd af uppboðsandvirðinu á undan geymslugjaldinu.

□ Heimilt er þó ráðherra að greiða af uppboðsandvirði vöruleigu fyrir geymslu hennar í einn mánuð frá komu hennar til landsins.

■ **38. gr.** Utan þeirra húsa eða geymslusvæða, sem tollgæzlan rekur eða viðurkennd hafa verið samkvæmt 37. gr., er óheimilt að geyma ótollafgreiddar vörur, nema að fengnu sérstöku leyfi viðkomandi tollstjóra í hvert sinn. Þeim er slíkt leyfi fær, skal skylt að hlíta þeim skilyrðum, sem tollstjórinn í samráði við tollgæzlustjóra setur fyrir leyfinu, og greiða allan kostnað við eftirlit með vörunni.

■ **39. gr.** Stjórnendum farartækja, sem flytja ótollafgreiddar vörur, er óheimilt að fá þær til geymslu eða umsjár öðrum en tollgæzlunni eða þeim, sem hefur umráð viðurkenndrar vörugeymslu samkvæmt 37. gr., nema sérstakt leyfi viðkomandi tollstjóra komi til hverju sinni. Skal hann setja þau skilyrði fyrir leyfinu, sem hann telur nauðsynleg, til þess að tryggilega sé með vöruna farið og að sá, sem leyfið fær, greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

■ **40. gr.** Stjórnendum farartækja, skipaafgreiðslum og öðrum þeim, sem hafa ótollafgreiddar vörur í sínum vörzlum til flutnings eða geymslu, er óheimilt að afhenda þær viðtakanda eða láta þær á annan hátt af hendi úr vörugeymslu eða farartæki án leyfis tollstjóra eða tiltekins umboðsmanns hans.

□ Vöru, sem komin er í viðurkennt geymsluhús eða á viðurkennt eða leyft geymslusvæði, má ekki flytja þaðan, nema að fengnu leyfi tollstjóra, hvort sem um flutning milli geymslustaða innan sama tollumdæmis er að ræða, flutning milli tollumdæma eða endursendingu til útlanda.

■ **41. gr.** Póststjórnin annast vörzlu á ótollafgreiddum póstsendingum. Tollgæzlumenn skulu jafnan hafa aðgang að húsakynnum, þar sem ótollafgreiddar póstsendingar eru geymdar eða teknar til póstmeðferðar.

□ Ákvæði 36. gr. gilda einnig um póstsendingar.

■ **42. gr.** Þegar lokið er affermingu úr farartæki á vörum frá útlöndum, ber stjórnanda farartækis eða afgreiðslumanni að afhenda viðkomandi tollyfirvaldi eða umboðsmanni þess skrá um allar sýnilegar vantanir og skemmdir, sem komið hafa í ljós við affermingu varanna. Tollyfirvald lætur þegar fara fram rannsókn á vöruvöntun og skemmdum eftir því, sem við verður komið.

■ **43. gr.** Áður en vara er tekin til tollafgreiðslu, ber innflytjanda að afhenda tollstjóra um hana aðflutningsskýrslu ásamt fylgiskjölum samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tollskrárlögum.

□ Um vinnu og aðstoð innflytjenda við tollmeðferð vöru fer eftir því, sem fyrir er mælt í tollskrárlögum. Nánari ákvæði um þetta efni má setja í reglugerð eða öðrum fyrirmælum fjármálaráðuneytisins.

V. kafli. Um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands.

■ **44. gr.** Flutningur á ótollafgreiddum vörum innanlands er háður leyfi og eftirliti tollgæzlunnar.

□ Ótollafgreiddar vörur er einungis heimilt að senda eða flytja til ákvörðunarstaðar, sem er tollhöfn, og í viðurkennda vörugeymslu, sbr. þó 4. mgr. 7. gr. Póstsendingar, sem eru í vörzlum póststjórnarinnar, eru undanþegnar þessu ákvæði.

■ **45. gr.** Um farmskrá fara í innanlandsferðum, sem flytja ótollafgreiddar vörur, gilda ákvæði 29. gr. og önnur ákvæði 3. kafla laga þessara, eftir því sem við á.

□ Fjármálaráðuneytið getur ákveðið, að önnur farartæki en för, sem flytja ótollafgreiddan varning innanlands, skuli hafa meðferðis skrá um þann flutning, og setur jafnframt fyrirmæli um gerð þeirra.

□ Skrá samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar ber afgreiðslumanni viðkomandi farartækis að afhenda tollgæzlunni á sendingarstaðnum áður en farartækið leggur af stað, svo og tollgæzlunni á ákvörðunarstað áður en afferming hefst.

■ **46. gr.** Ef flytja á milli tollhafna ótollafgreidda vöru, sem hefur verið affermd hérlendis, skal sendandi afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans á sendingarstaðnum framsendingarbréf um vöruna. Fylgibréf þetta sendir tollstjóri á sendingarstaðnum, eða umboðsmaður hans, tollstjóra í því umdæmi, sem varan á að flytjast til, með tilkynningu um, að vörusendingin sé ótollafgreidd. Fjármálaráðuneytið ákveður nánar gerð slíkra fylgibréfa og tilkynninga.

■ **47. gr.** Á framsendingarbréfi, sem fylgir ótollafgreiddri vöru, skal greinilega skráð, að varan sé ótollafgreidd og að hana megi ekki afhenda viðtakanda, nema að fengnu leyfi viðkomandi tollstjóra.

□ Framsendingarbréf skal afhent tollstjóra eða umboðsmanni hans á sendingarstað vörunnar svo tímanlega, að skoðun á vörunni geti farið fram áður en henni er komið í farartæki.

■ **48. gr.** Ákveða má í reglugerð, að sérstakt leyfi þurfi til að annast flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands, eða að slíkir flutningar séu þeim einum heimilir, sem fullnægja ákveðnum skilyrðum. Enn fremur má ákveða, að slíkar vörur megi aðeins flytja með sérstaklega útbúnum farartækjum.

■ **49. gr.** Sá, sem fengið hefur leyfi til að framsenda vöru, ábyrgist, að hún sé send af stað án ónauðsynlegrar tafar og sé strax lögð fram við tollstjóra eða umboðsmann hans á ákvörðunarstað í óbreyttu ástandi.

□ Sendandi og flutningsmaður ótollafgreiddrar vöru, sem flutt er milli tollhafna, bera ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af vöru, sem ekki kemur fram á ákvörðunarstað, nema þeir geti fært að því sönnur, að varan hafi glatazt í flutningi af ástæðum, sem þeim verður ekki um kennt.

□ Aðflutningsgjöldum af þeim hluta sendingar, sem glatazt hefur eða farizt í flutningi innanlands, fylgir lögveð í þeim hluta vörusendingarinnar, sem komið hefur til skila.

VI. kafli. Um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda.

■ **50. gr.** Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga, þegar far tekur höfn, þar sem vara verður affermd.

□ Greiða skal í einu lagi aðflutningsgjöld af vörum, sem skráðar eru í sama farmskrárnúmeri.

□ Um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda af vörum, sem látnar hafa verið í tollvörugeymslu, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 47 11. júní 1960.

■ **51. gr.** Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra, þar sem varan er flutt úr fari því, sem hana flytur til landsins. Sé vara framsend ótollafgreidd, sbr. 5. kafla laga þessara, skal þó greiða gjöldin í því umdæmi, sem varan er send til.

■ **52. gr.** [Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiðsla aðflutningsgjalda af vöru skuli fara fram innan ákveðinna tímatakmarka frá komudegi hennar til landsins eða hún sett innan sama tíma í tollvörugeymslu, sbr. lög nr. 47/1960, og skal frestur þessi vera minnst 6 mánuðir. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið, að leggja skuli viðurlög við því, ef skyldu samkvæmt ákvæðum reglugerðar settrar samkvæmt þessari málsgrein er ekki fullnægt, svo sem um greiðslu dráttarvaxta, dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðilja. Dráttarvextir samkvæmt þessari málsgrein skulu greiddir ríkissjóði talið frá gjalddaga samkvæmt 50. gr. og vera hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.][1]

□ Í reglugerðinni má einnig ákveða, að hafi aðflutningsgjöldin ekki verið greidd innan mánaðar frá eindaga, eins og hann verður ákveðinn skv. 1. mgr. þessarar greinar, megi tollyfirvald láta selja vöruna á uppboði, er fari fram skv. ákvæðum 54. gr., og áætla tollverð hennar, hafi fullnægjandi innflutningsskjöl um vöruna ekki verið lögð fram.

[1] *L. 31/1979, 1. gr.*

■ **53. gr.** Fjármálaráðherra getur með reglugerð[1] heimilað tollstjórum að veita innflytjendum tiltekinn greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Greiðslufrestur þessi skal aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu eða annarri hliðstæðri tryggingu, sem fjármálaráðherra tekur gilda, og bundinn því skilyrði, að varan sé tollafgreidd og flutt úr vöruafgreiðslu innan þess frests, sem ákveðinn verður í reglugerð, og má hann eigi vera lengri en einn mánuður frá komudegi fars þess, er vöruna flutti til landsins.

□ Takmarka má greiðslufrest samkvæmt þessari grein við ákveðnar tegundir vöru.

□ [Af aðflutningsgjöldum, sem greiðslufrestur hefur verið veittur á samkvæmt 1. mgr., skal heimilt að reikna sömu vexti og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Vextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.][2]

[1] *Reglur 23/1982.* [2] *L. 31/1979, 2. gr.*

■ **54. gr.** Hinar aðflutningsgjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum, sektum, dráttarvöxtum og kostnaði, og hefur eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim fyrr en búið er að greiða gjöld þessi, sektir, dráttarvexti og kostnað. Veðrétturinn helzt eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu skil ekki gerð, hefur tollstjóri eða umboðsmaður hans vald til að selja vörurnar, án undanfarins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjöldum, dráttarvöxtum, sektum og kostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má tollstjóri eða umboðsmaður hans krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst ekki til þeirrar vöru, sem gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir aðflutningsgjöldum, sektum, dráttarvöxtum og kostnaði í öðrum eignum viðtakanda og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um gjaldskylda vöru. Enn fremur getur tollstjóri neitað þeim, sem á ógreidd aðflutningsgjöld samkvæmt framangreindu, um tollgreiðslu á öðrum vörum, þar til skil eru gerð.

□ Aðflutningsgjöldin greiðast af uppboðsandvirðinu með forgangsrétti næst á eftir uppboðskostnaði. Sé uppboðsandvirði vörunnar hærra en nemur aðflutningsgjöldum ásamt dráttarvöxtum, sektum og áföllnum kostnaði, skal greiða vörueigandanum afganginn, ef hann gefur sig fram innan 1 árs frá uppboðsdegi. Að þeim tíma liðnum fellur upphæðin til ríkissjóðs.

VII. kafli. Um vantanir, skemmdir og endursendingu á vörum.

■ **55. gr.** Ef vöru vantar úr aðkomufari, má draga verðmæti þess, sem vantar, frá tollverði vörusendingar, enda hafi vöntunin verið könnuð á þann hátt, sem segir í 42. gr.

□ Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð heimilað lækkun á tollverði vegna vöntunar, þótt ákvæðum 1. mgr. hafi ekki verið fullnægt, ef svo stendur á, að vöntunar í vörusendingu verður ekki vart þrátt fyrir nákvæma athugun ytri umbúða vörunnar. Beiðni um frádrátt vegna vöntunar verður því aðeins tekin til

greina, að hún berist innan ákveðins frests, sem fjármálaráðuneytið ákveður, og á hann færðar þær sönnur, sem tollyfirvald tekur gildar.

■ **56. gr.** Hafi vara orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands eða við affermingu, má lækka tollverð hennar sem svarar þeirri verðrýrnun, sem orðið hefur á vörunni vegna skemmdanna, enda sé henni framvísað til skoðunar og mats innan þess tíma og á þann hátt, sem ákveðinn verður í reglugerð.

□ Með reglugerð má heimila lækkun á tollverði ótollafgreiddrar vöru, sem orðið hefur fyrir skemmdum í vörzlum tollgæzlunnar eða viðurkenndum vörugeymslum farmflytjenda eða í flutningi milli tollhafna innanlands, áður en hún er afhent viðtakanda, og hann getur ekki talizt eiga sök á skemmdum.

■ **57. gr.** [Heimilt er samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða í reglugerð[1] eða með öðrum fyrirmælum:

1. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru, sem send er aftur til útlanda ónotuð í því ástandi, sem hún var, er hún var flutt hingað til lands, enda hafi hún ekki verið boðin fram til sölu;

2. að heimta ekki aðflutningsgjöld af vöru, sem ekki hefur verið vitjað, viðtakandi hefur ekki fundist að eða neitað hefur verið um viðtöku á, og send er aftur til útlanda innan þess tíma, sem ákveðinn verður í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum, enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutningur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða þar að lútandi;

3. að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum, sem reynast gallaðar og endursendar eru til útlanda innan eins árs frá því að þær komu hingað til lands, ef ekki var hægt að ganga úr skugga um gallana fyrr en við notkun vélanna og seljandi hefur viðurkennt, að hann taki þær aftur vegna gallanna. Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum.

□ Tollstjórar, hver í sínu umdæmi, annast endurgreiðslur samkvæmt þessari grein.][2]

[1] *Rg. 410/1979.* [2] *L. 31/1979, 3. gr.*

VIII. kafli. Um útflutning.

■ [**58. gr.** Útflytjendur skulu afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans í því umdæmi, sem vara er tekin í far það, sem flytja á hana til útlanda, skýrslu um vöruna, ásamt samriti af farmskírteini, útflutningsleyfi og matsvottorði, þar sem þess er krafizt, svo og sölureikningum um vöruna.

□ Setja má í reglugerð nánari ákvæði um gerð skjala þessara og hverra skjala og skilríkja er annars krafizt varðandi útflutningsvöru. Í reglugerð má enn fremur kveða svo á, að útflutningsskýrsla og útflutningsskilríki skuli afhent, áður en vara er flutt í far, og svo tímanlega, að áður geti farið fram rannsókn á henni.

□ Skýrslu um afla íslenzkra veiðiskipa, sem flytja sjálf út eigin veiði til sölu á erlendum markaði, skal skipstjóri gefa á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi á leið sinni frá útlöndum, eða — ef skipið tekur ekki höfn, áður en það flytur aftur afla á erlendan markað — þegar það næst leitar hafnar hér á landi. Taki veiðiskipið ekki fyrstu höfn á þeim stað, þar sem það er gert út, ber að senda skýrslu þessa tollstjóra útgerðarstaðar skipsins.

□ Greiða skal útflutningsgjöld og fullnægja útflutningsskilyrðum í því umdæmi, sem útflutningsvara er flutt í far það, sem flytja á vöruna til útlanda.

□ Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð eða fyrirmælum í öðru formi vikið frá ákvæðum 4. mgr. þessarar greinar.][1]

[1] *L. 2/1970, 1. gr.*

■ [**59. gr.** Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi, sem kveður á um tollalækkanir eða aðra tilhliðrun fyrir íslenzkar útflutningsvörur við tollafgreiðslu í viðkomandi landi eða löndum, og að vörunum skuli fylgja skilríki um uppruna, tollendurgreiðslur o. fl., er það skylda tollyfirvalda, sé fram á það farið, að veita aðstoð um upplýsingar, vottorðagjöf og þess háttar.

□ Öll skjöl og vottorð um uppruna vöru, tollendurgreiðslur af þeim o. fl., skv. 1. málsgr. þessarar greinar, skulu vera að formi og frágangi eins og ákveðið verður af ráðherra.

□ Fjármálaráðherra getur með nánar ákveðnum skilyrðum veitt aðilum, sem þess óska, leyfi til að gefa út sum eða öll þau skjöl og vottorð, sem fjallað er um í 1. mgr.

□ Nú óskar aðildarríki að milliríkjasamningi skv. 1. mgr. að sannreyna sannleiksgildi skjala eða vottorða um uppruna, tollendurgreiðslur o. s. frv., um útfluttar vörur, sem fluttar eru til viðkomandi landa, eða nauðsynlegt telst af öðrum ástæðum að framkvæma slíka rannsókn, og getur tollyfirvald þá krafið atvinnurekanda og aðra, sem hlut eiga að máli, um upplýsingar um atriði, sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina, og getur eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila.

□ Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um ákvæði 1. og 4. mgr. þessarar greinar.

□ Fjármálaráðherra getur skv. nánari ákvæðum löggilt innlend samtök til að gefa út ábyrgðarskjöl (carneter), sem ábyrgjast gagnvart yfirvöldum í öðrum ríkjum greiðslu gjalda af vörum, sem fluttar eru út héðan til tímabundinna nota eða til gegnumflutnings í því ríki, þegar um er að ræða útflutningsvörur, sem lúta sérstakri meðferð, samkvæmt milliríkjasamningi, sem Ísland er aðili að.][1]

[1] *L. 2/1970, 2. gr.*

IX. kafli. Um refsingar og önnur viðurlög.

■ **60. gr.** Það er ólöglegur innflutningur, ef vara er flutt til landsins frá útlöndum eða frá tollfrjálsu svæði, án þess að tollyfirvöldum sé gerð grein fyrir henni samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Sama gildir, ef gjaldskyld vara er fjarlægð úr geymslu fyrir ótollafgreiddar vörur án heimildar tollyfirvalda.

□ Það telst enn fremur ólöglegur innflutningur, ef ótollafgreidd vara, sem flutt hefur verið um borð í far til útflutnings, eða vara, sem útflutningur hefur verið leyfður á gegn lækkun eða niðurfellingu á tolli eða öðrum gjöldum, er án heimildar tollyfirvalda flutt aftur úr farinu eða á annan hátt skotið undan útflutningi.

□ Nú kemur í ljós, að um borð í fari er vara, sem ekki er færð á farmskrár eða aðrar tilskildar skrár samkvæmt lögum þessum og tollyfirvöldum hefur ekki verið gerð fyrirskipuð grein fyrir, og skal þá litið svo á, að eigandi

hennar hafi gerzt sekur um tilraun til ólöglegs innflutnings. Verði eigandi vörunnar ekki fundinn, ber stjórnandi fars ábyrgð á brotinu.

□ Það varðar sektum samkv. lögum þessum, ef stjórnendur eða aðrir yfirmenn gera ekki það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir ólöglegan innflutning með förum þeirra eða vanrækja nauðsynlegt eftirlit í því skyni.

■ **61. gr.** Brot gegn ákvæðum 60. gr. varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ [Sömu refsingu skal sá sæta, sem selur eða afhendir, kaupir eða veitir viðtöku vörum, enda viti hann eða megi vita, að þær séu ólöglega innfluttar.][1)]

[1)] *L. 71/1976, 1. gr.*

■ **62. gr.** Fyrir tilraun til brots á lögum þessum skal refsað eins og fyrir fullframið brot.

□ Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild skal beitt um brot á lögum þessum.

□ Nú varðar brot, sem refsing er lögð við í lögum þessum, þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, og skal þá refsað eftir þeim lögum.

■ **63. gr.** Nú gefur maður tollstarfsmanni ranga skýrslu eða leggur fram gögn, sem eru röng eða villandi um tegund, magn eða verðmæti farms eða vöru, og skal hann þá sæta sektum, nema hann sanni, að hvorki honum né þeim, sem kemur fram fyrir hans hönd, verði um kennt.

□ Nú verður maður uppvís að því að láta tollstarfsmanni í té rangar upplýsingar, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í því skyni að svíkja undan eða fá ívilnun á tolli eða gjöldum, og skal hann þá sæta sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað. Sömu refsingu skal sá sæta, sem veit eða má vita, að upplýsingar, sem hann lætur tollstarfsmönnum í té, eru til þess fallnar að hafa framangreind áhrif.

□ Að svo miklu leyti sem brot er ekki refsivert samkvæmt 60. til 62. grein, skal beita ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar við þá, sem gefa rangar eða villandi yfirlýsingar eða leggja fram röng eða villandi skjöl í sambandi við tollmál.

□ [Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, að láta í té eða valda því, að látin séu í té skjöl eða vottorð, sem eru röng í mikilvægum atriðum, um uppruna íslenzkrar útflutningsvöru eða önnur atriði um hana, sem eiga að tryggja, að varan njóti fríðinda við innflutning í annað ríki eða skoðist hæf til svæðistollmeðferðar þar, vegna milliríkjasamninga. Þó má falla frá málsókn, ef sá, sem misgert er við, hefur ekki krafizt hennar eða málsókn reynist ekki réttmæt á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem fyrir liggja.

□ Nú hefur fjármálaráðherra veitt einstaklingi, félagi eða stofnun leyfi til að gefa út skjöl þau og vottorð, sem nefnd eru í næstu mgr. hér að framan, sbr. 3. mgr. 59. gr. laganna, en ekki verður sannað, hver hafi undirritað þau, og skal þá viðkomandi leyfishafi, sé um einstakling að ræða, eða framkvæmdastjóri, sé um félag eða stofnun að ræða, bera refsiábyrgðina.][1)]

[1)] *L. 2/1970, 3. gr.*

■ **64. gr.** Það varðar sektum eða varðhaldi að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr fari forða eða aðra muni eða vöru, sem heimilt er að hafa tollfrjálst í fari, nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrirmælum laga um innflutning fullnægt.

■ **65. gr.** Sá, sem af ásetningi eða gáleysi rýfur eða fjarlægir tollinnsigli eða önnur tolleinkenni, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að 6 mánuðum.

□ Sé lás eða innsigli tollgæzlunnar brotið eða fjarlægt, án þess að sá seki finnist, varðar það þann, sem ábyrgð ber á lásnum eða innsiglinu, sektum, nema hann geti gert sennilegt, að brotið sé ekki vanrækslu hans eða starfsfólks hans að kenna, og hann tilkynni tollgæzlunni um brotið þegar í stað og geri nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því, að hin innsiglaða vara verði fjarlægð eða ástandi hennar breytt.

□ Ákvæðum 1. mgr. skal einnig beita, ef maður aflar sér aðgangs að vörum, sem eru undir tollinnsigli, án þess að rjúfa innsiglið eða skemma.

■ **66. gr.** Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi að selja eða láta á annan hátt af hendi vöru, sem flutt hefur verið tollfrjálst til landsins skv. ákv. laga nr. 110 frá 1951, ef viðtakandi nýtur ekki tollfríðinda samkv. þeim lögum. Sömu refsingu varðar að taka við slíkum vörum, svo og að taka að sér að selja slíkar vörur, enda liggi ekki fyrir, er viðskiptin fara fram, fullar sannanir fyrir því, að aðflutningsgjöld hafi verið greidd af vörunum og öðrum innflutningsskilyrðum fullnægt.

□ Sömu viðurlögum varðar það enn fremur að flytja eða reyna að flytja út af samningssvæðum samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, vörur, sem fluttar hafa verið inn tollfrjálst. Sé varan flutt í farartæki og verði eigandi hennar ekki fundinn, ber stjórnandi farartækis ábyrgð á brotinu.

■ **67. gr.** Það varðar sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, ef maður misnotar leyfi, ívilnanir eða tollfríðindi, sem honum hafa verið veitt samkvæmt heimild í lögum þessum eða öðrum tollalögum og reglugerðum eða fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim.

■ **68. gr.** Ef maður tregðast við að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar, leggja fram skjöl eða veita aðstoð, sem hann er skyldur til samkvæmt lögum þessum, má knýja hann til þess með stöðvun tollafgreiðslu til hans, svo og dagsektum allt að 500 krónum á dag, og getur tollyfirvald ákveðið sektirnar í bréfi til viðkomanda, og má gera aðför í eignum hans fyrir sektunum.

■ **69. gr.** Það varðar stjórnanda fars eða útgerðarmann sektum, ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki fari, ef á þær eru ekki færðar allar vörur, sem skylt er, eða skrárnar eru að öðru leyti ekki gerðar eins og mælt er fyrir í lögum eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda tollgæzlumanni farmskrár, útdrætti eða skrá um talningu á vörum. Ef svo stendur á sem að framan greinir eða það kemur í ljós við rannsókn á farmi fars, að á farmskrána eru ekki færðar allar vörur, sem þar eiga að vera, ber útgerð fars allan kostnað við rannsóknina og eftirlit með affermingu, þ. á m. talningu á farmi.

□ [Það varðar stjórnanda fars sektum, ef við komu fars frá útlöndum eru eigi gefnar upp á innsiglisskrá, eigi finnast í farinu né heldur er á annan hátt gerð viðhlítandi grein fyrir áfengis- og/eða tóbaksbirgðum, sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins

erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir, sem samkvæmt innsiglisskrá hafa verið geymdar meðal innsiglisbirgða farsins, enda sé um að ræða verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta, sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsiglisskrá yfir slíkan varning.][1)]

[1)] *L. 66/1973, 1. gr.*

■ **70. gr.** Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef stjórnandi farartækis eða afgreiðslumaður vörugeymslu afhendir ótollafgreidda vöru án leyfis tollstjóra eða umboðsmanns hans. Auk þess ábyrgist eigandi eða umráðamaður farartækis eða vöruafgreiðslu greiðslu aðflutningsgjalda af vörunni, og má gera lögtak í eignum þeirra fyrir þeim gjöldum ásamt kostnaði. Hafi fullnægjandi skjöl til ákvörðunar aðflutningsgjalda af hinni afhentu vöru ekki verið lögð fram, skal tollyfirvald áætla gjöldin þannig, að þau megi örugglega teljast nógu hátt ákveðin. Sömu viðurlögum varðar það að veita viðtöku vöru, sem er ólöglega afhent samkvæmt framansögðu.

■ **71. gr.** Önnur brot gegn lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum, sem sett eru samkv. þeim, varða sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað. [Sektir samkvæmt lögum þessum mega nema allt að kr. 4 000 000.][1)]

[1)] *L. 71/1976, 2. gr.*

■ **72. gr.** Heimilt er að gera upptæka vöru, sem hefur verið flutt eða reynt að flytja ólöglega inn, eða á annan hátt farið með andstætt ákvæðum laga þessara eða fyrirmæla, sem sett eru samkvæmt þeim, án tillits til þess, hver er eigandi hennar, eða til eignarhafta, sem á henni hvíla, nema vörzlumaður hafi komizt yfir vöruna á saknæman hátt.

□ Nú þykir ekki ástæða til að gera vöru upptæka eða upptöku verður ekki við komið, og er þá heimilt að gera upptækt hjá sökunaut verð vörunnar auk tolla og gjalda af henni.

□ Ef um stórfellt brot er að ræða eða sakir eru að öðru leyti mjög miklar, er heimilt að gera farartæki upptæk, sem notuð hafa verið til þess að fremja brotið. Upptaka er heimil, þótt sökunautur sé annar en eigandi farartækis, ef ástæða er til að ætla, að eigandinn hafi vitað eða mátt vita, í hvaða tilgangi nota átti farartækið.

□ Í stað farartækis má gera verðmæti þess upptækt.

□ Nú verður refsiábyrgð ekki fram komið, og er þó heimilt að beita eignaupptöku. Verði ekki upplýst, hver sökunautur er, skal varan innan mánaðar frá því hún var flutt inn eða finnst verða eign ríkissjóðs án dóms eða úrskurðar.

■ **73. gr.** Farartæki, sem hefur verið notað eða reynt hefur verið að nota til þess að flytja vörur ólöglega til landsins eða til flutnings á slíkum vörum á tollsvæði ríkisins, skal vera að veði til tryggingar gjöldum, sektum og kostnaði, sem stjórnanda farartækis, áhöfn eða öðrum starfsmönnum þess verður gert að greiða, og má kyrrsetja það og selja á opinberu uppboði til lúkningar framangreindum gjöldum og kostnaði án undangenginnar aðfarargerðar og með þeim hætti, sem segir í 54. gr. Sé sökunautur búsettur hér á landi eða eigi eignir hér, skal þó jafnan reynd aðför hjá honum áður en gengið er að veðinu, en eigi raskar það rétti til kyrrsetningar, skv. 1. mgr.

■ **74. gr.** Heimilt er að svipta þann, sem sekur hefur gerzt um stórfellt eða margítrekað brot á lögum þessum, réttindum samkv. 68. gr. hegningarlaganna.

■ **75. gr.** Sektir fyrir brot á lögum þessum og andvirði upptækrar vöru skulu, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum, renna í ríkissjóð.

■ **76. gr.** Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

□ [Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 350 000, enda játist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 500 000.][1)]

□ Senda skal saksóknara ríkisins skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, eftir þeim reglum, er hann ákveður.

□ Nú telur saksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar, eða maður hafi ranglega verið látinn sæta upptöku eignar, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn ganga undir fjarstæð málalok að öðru leyti, eða mál, sem lokið er samkvæmt sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun tollyfirvalda.

□ Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu sína til landsins meira í fórum sínum en heimilt er af varningi, sem ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á, og framvísar því við tollgæzluna áður en tollskoðun hefst á farangri hans, og skal honum þá heimilt að halda því gegn því að greiða einkasölugjald til hlutaðeigandi einkasölu samkv. gjaldskrá, er fjármálaráðherra setur, án þess þá að sæta kæru fyrir brotið, enda sé um takmarkað magn að ræða, sem nánar má ákveða í reglugerð.[2)]

[1)] *L. 31/1979, 4. gr.* [2)] *Rg. 272/1969 (um sektagerðir og eignaupptöku tollyfirvalda o. fl.).*

X. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **77. gr.** Póstafgreiðslumenn innheimta aðflutningsgjöld af póstsendingum samkv. reglum, sem ráðherra setur.

■ **78. gr.** Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð[1)] eða öðrum fyrirmælum.

[1)] *Rg. 122/1940 og 41/1957, sbr. 7. gr. rg. 362/1975 og rg. 6/1966. Rg. 356/1982, sbr. 145/1983 (um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum).*

■ **79. gr.** Fjármálaráðherra getur samið við önnur ríki um samstarf til að vinna gegn ólöglegum innflutningi og gert nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmda á slíku samkomulagi.

■ **80. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 68 frá 1956 og önnur lagafyrirmæli, sem fara í bága við lög þessi. Reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem sett hafa verið samkvæmt nefndum lögum, skulu halda gildi sínu eftir því sem við á, þar til nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

Lög um tollvörugeymslur o. fl.

I. kafli. Almennar tollvörugeymslur.

■ **1. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða, að tollgæzlan stofni og reki almennar tollvörugeymslur á höfnum, þar sem þess þykir þörf og húsakynni og aðrar aðstæður eru til að reka slíkar geymslur. Í geymslum þessum lætur tollgæzlan þeim aðilum, er í 3. gr. getur, í té aðstöðu til að koma aðfluttum vörum í tollgeymslu.

□ Ef sérstaklega stendur á, getur ráðherra heimilað sveitarfélögum, félögum eða einstaklingum að koma á fót og reka almenna tollvörugeymslu. Leyfi skal binda því skilyrði, að þeir aðilar, sem í 3. gr. getur, eigi þess kost að fá leigð afnot af geymslum með kjörum, sem ráðuneytið samþykkir. Ákvæði 9. og 10. greinar gilda um geymslur þessar.

■ **2. gr.** Óheimilt er að setja í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla vörur, sem innflutningur er bannaður á vegna sóttvarna, varna gegn alidýra- eða jurtasjúkdómum eða af öðrum öryggisástæðum.

□ Í tollvörugeymslur, sem tollgæzlan rekur, er enn fremur óheimilt að setja efni, sem eru eldfim eða sprengihætta stafar af, eða vörur, sem annars getur stafað hætta af fyrir tollvörugeymsluna eða vörur, sem þar eru geymdar.

□ Að öðru leyti en því, er í 1. og 2. málsgrein getur, ákveður fjármálaráðherra með auglýsingu, hverjar vörur megi setja í tollgeymslu.

■ **3. gr.** Með þeim takmörkunum, sem í 2. gr. segir, geta innflutningsverzlanir, iðnrekendur, útgerðarfyrirtæki og aðrir, sem svipaðra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við innflutning, komið vörum í tollvörugeymslur þær, sem í þessum kafla greinir, án undanfarandi greiðslu tolla eða annarra aðflutningsgjalda. Vörur, sem settar eru í slíkar geymslur, hljóta endanlega tollafgreiðslu, þegar þær eru fluttar úr geymslunni. Þó má senda vörur úr tollvörugeymslu til annarra tollhafna samkvæmt þeim reglum, sem gilda um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands. Einnig er heimilt að flytja vörur milli almennra tollvörugeymslna, eða úr slíkri geymslu í forðageymslu samkvæmt II. kafla, og í tollfrjálsar birgðageymslur samkvæmt 1. málsgrein 15. gr.

□ Nú er innlent tollvörugjald, eða aðflutningsgjald af erlendu hráefni, endurgreitt af innlendri iðnaðarvöru við útflutning hennar, og er þá heimilt að setja slíkar útflutningsvörur í tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla. Heimilt er að endurgreiða framangreind gjöld, þegar varan er komin í tollvörugeymsluna.

□ Vöru, sem sett hefur verið í almenna tollvörugeymslu, skal tollafgreiða endanlega innan eins árs frá því hún kom til landsins, nema fjármálaráðherra samþykki lengri frest.

□ Ef um er að ræða vörur þær, er um getur í 2. mgr. þessarar gr., skal flytja þær úr landi innan eins árs frá því, er þær voru settar í tollvörugeymslu, að öðrum kosti ber að greiða af þeim þau gjöld, sem endurgreidd voru, þegar varan var flutt í geymslu.

■ **4. gr.** Hver sá, er setur vörur í tollvörugeymslu, skal setja ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu opinberra skuldbindinga sinna, þar með talið geymslugjald eða leiga, ef tollgæzlan rekur geymsluna. Ráðherra ákveður fjárhæð og form slíkrar tryggingar.

■ **5. gr.** Sá, sem óskar að koma vöru í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla, skal afhenda tollstjóra innflutningsskýrslu um vöruna. Í skýrslunni skal greina: Eiganda vöru eða umráðamann, innflutningsfarartæki, farmskrárnúmer, tölu og tegund stykkja og merkingu þeirra. Enn fremur öll þau atriði, sem krafizt er í venjulegri tollinnflutningsskýrslu um vörumagn, verðmæti vöru og annað, sem máli skiptir um tollflokkun hennar og útreikning aðflutningsgjalda af henni. Skýrslunni skulu fylgja þau gögn til staðfestingar verðmæti, vörutegund og vörumagni, sem krafizt er að fylgi venjulegum tollinnflutningsskýrslum. Í skýrslunni eða gögnum þeim, sem henni fylgja, skal koma greinilega fram, hvert er innihald hvers einstaks stykkis, sem sett er í tollgeymslu.

□ Skýrslur og gögn samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar skulu lögð fram í tvíriti. Annað eintakið geymir tollstjóri í því umdæmi, þar sem varan er í geymslu. Hitt eintak skjalanna varðveita tolleftirlitsmenn þeir, sem hafa umsjón með vörzlu vörunnar. Sé varan flutt ótollafgreidd í annað tollumdæmi, skulu skjöl þessi send tollstjóra þar.

■ **6. gr.** Ákveða má í reglugerð lágmark þess vörumagns, sem hverju sinni má setja í tollvörugeymslu eða taka úr henni. Ekki má þó leyfa, að vörur séu teknar úr venjulegum heildsöluumbúðum í tollvörugeymslu til að skipta þeim í smærri einingar til tollafgreiðslu. Heimilt skal þó að taka úr geymslu sýnishorn af vöru, þótt í smærri stíl sé en hér var greint, samkvæmt reglum, sem um það verða settar.

■ **7. gr.** Í reglugerð skulu sett ákvæði um birgðabókhald og aðra bókfærslu í sambandi við tollvörugeymslur. Á sama hátt skal setja reglur um tollafgreiðslu vara í tollgeymslu og færslu vara milli tollvörugeymslna.

II. kafli. Um tollfrjálsar forðageymslur.

■ **8. gr.** Ráðherra getur leyft skipaútgerðum og flugfélögum, sem eiga farartæki að staðaldri í förum milli Íslands og annarra landa, að geyma vistir, útbúnað og annan forða fyrir þau farartæki í sérstökum geymslum án greiðslu aðflutningsgjalda.

□ Ákvæði 1. mgr. taka ekki til veiðiskipa, sem sigla með eigin afla á erlendan markað.

■ **9. gr.** Ekki má reka tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla í öðrum húsum en þeim, sem tollyfirvöld hafa samþykkt til þeirra nota. Slíkt samþykki verður því aðeins veitt, að hús séu traust og vel búin til geymslu á vörum. Gluggar og dyraumbúnaður skal vera öruggt og þannig sett, að auðvelt sé að hafa eftirlit með allri umferð í geymslurnar og úr þeim. Úr tollvörugeymslu má aldrei vera innangengt til húsakynna, sem höfð eru til annarra nota.

□ Skylt er þeim, sem tollvörugeymslu rekur, að leggja tollgæzlunni til endurgjaldslaust nægilegt og hæfilega búið athafnapláss til vöruskoðunar og annars eftirlits í hverri vörugeymslu og enn fremur þau áhöld og tæki, sem nauðsynleg eru til slíks eftirlits.

□ Tollyfirvöld geta fyrirskipað, að vörur, sem eru í hæstu gjaldaflokkum eða eru að einhverju leyti vandgeymdar, megi aðeins geyma í sérstaklega lokuðum rúmum innan tollvörugeymslnanna.

□ Aldrei má geyma samtímis í sömu húsakynnum tollgeymsluvörur og annan varning.

1960 Nr. 47 11. júní

■ **10. gr.** Engar breytingar má gera á húsakynnum tollvörugeymslu né umbúnaði hennar nema að fengnu samþykki tollyfirvalda.

□ Gangi húsakynni tollvörugeymslu svo úr sér, vegna skorts á viðhaldi eða annars, að þau fullnægja ekki lengur kröfum tollyfirvalda, geta þau bannað afnot þeirra, unz úr hefur verið bætt. Verði geymsluhafi ekki við áskorun um að bæta úr því, sem aflaga hefur farið, innan hæfilegs tíma, má svipta hann leyfi til að reka tollvörugeymslu.

■ **11. gr.** Í geymslur þær, er um ræðir í þessum kafla laganna, má setja vörur:

a. sem fluttar eru inn í því skyni,

b. sem keyptar eru hérlendis ótollafgreiddar og fluttar eru í geymsluna úr almennri tollvörugeymslu samkvæmt I. kafla eða úr vörugeymslu skipa- eða flugfélags, sem hefur heimild til að geyma ótollafgreiddar vörur,

c. úr birgðum skipa eða flugvéla geymsluhafa,

d. innlendar framleiðsluvörur.

□ Þegar heimilt er að endurgreiða innlent tollvörugjald eða aðflutningsgjöld af hráefni í iðnaðarvöru við útflutning, má einnig endurgreiða þessi gjöld, þegar vöru hefur verið komið í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla.

■ **12. gr.** Úr tollvörugeymslum samkvæmt þessum kafla má aðeins flytja vörur sem birgðaforða beint í farartæki, sem er í utanlandsferðum, enda séu vörurnar einungis notaðar í því farartæki. Þó getur ráðuneytið leyft endurútflutning eða endursendingu á þessum vörum. Enn fremur má, ef sérstaklega stendur á, svo sem að vörur liggi undir skemmdum, heimila tollafgreiðslu á þeim til neyzlu eða sölu innanlands, að fullnægðum lögboðnum innflutningsskilyrðum.

■ **13. gr.** Vörur úr tollvörugeymslum samkvæmt þessum kafla má senda í veg fyrir skip og önnur farartæki til annarra tollhafna, ef fylgt er þeim skilyrðum, sem tollyfirvöld setja hverju sinni um eftirlit og tryggilegan umbúnað við flutninginn. Undanskilja má vissa vöruflokka slíkum flutningi.

■ **14. gr.** Ákvæði 1. og 3. mgr. 2. gr., 4., 5. og 7. gr. laga þessara gilda og um tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við á. Ákvæði 5. gr. um innflutningsskýrslur og fylgiskjöl þeirra gilda þó ekki um skipsforða eða forða flugvéla, sem settur kann að verða í tollvörugeymslu. Ákvæði um innflutningsskjöl og tollmeðferð slíks forða skulu sett í reglugerð.

□ Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasala ríkisins geta, ef sérstaklega stendur á, heimilað, að vörur, sem einkasala þeirra nær til, séu settar í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla.

III. kafli. Um tollfrjálsar verzlanir.

■ **15. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að reka verzlanir með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli. Birgðir þeirra verzlana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum, sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

□ [Verzlunum samkvæmt 1. málsgrein er eingöngu heimilt að selja vörur sínar áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla. Þegar selt er farþega, sem er að leggja af stað til útlanda, skal fyrirskipa, að vörurnar séu afhentar í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum, sem kaupandi ber ábyrgð á að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrr en komið er út úr íslenzkri tolllandhelgi. Enn fremur er verzlunum þeim, sem hér um ræðir, heimilt að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis samkvæmt reglum, er ráðherra setur.][1)]

□ Verzlanir og vörugeymslur samkvæmt þessari grein eru háðar tolleftirliti, og gilda um vörugeymslurnar ákvæði 5., 7., 9., 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. laga þessara, eftir því sem við á.

□ Verzlanir og vörugeymslur á Keflavíkurflugvelli skulu lúta yfirstjórn ráðherra þess, er fer með utanríkismál.

□ Ráðherra getur heimilað einkasölum ríkisins að selja skipum og flugvélum í utanlandsferðum vörur sínar sem neyzluforða tollfrjálst og samkvæmt sérstökum reglum um álagningu. Einkasölum skulu endurgreidd aðflutningsgjöld af þeim vörum, sem þannig eru seldar.

[1)] *L. 61/1970, 1. gr.*

IV. kafli. Um flutningageymslur (transitgeymslur).

■ **16. gr.** Heimila má skipaútgerðum og flugfélögum, sem reka millilandaferðir, að leggja hér á land vörur og geyma í sérstökum vörugeymslum án greiðslu aðflutningsgjalda, meðan þær bíða hér endurflutnings. Ákvæði 4., 7., 9. og 10. gr. laga þessara eiga við um tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla. Ráðherra getur undanþegið útgerðarfélög og flugfélög því að setja tryggingu samkv. 4. gr. í sambandi við rekstur geymslu samkvæmt þessum kafla.

■ **17. gr.** Þegar vara er sett í geymslu samkvæmt þessum kafla, skal gerð um hana innflutningsskýrsla, er greini innflutningsfarartæki, farmskrárnúmer, tölu, tegund og merkingu stykkja og ákvörðunarhöfn vörunnar. Skýrslan skal lögð fram í tvíriti til þeirra aðila, sem í 2. mgr. 5. gr. segir.

□ Ef ástæða þykir til, getur tollstjóri eða tollgæzlumenn krafizt nánari skýrslna eða gagna um tegund, magn og verðmæti vöru, sem lögð er í geymslu samkvæmt þessum kafla.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **18. gr.** Tollvörugeymslur þær, er um ræðir í I.—IV. kafla, skulu að jafnaði vera bæði undir lás geymsluhafa og lás og innsigli tollgæzlunnar.

□ Tolleftirlitsmenn skulu hafa óhindraðan aðgang að vörugeymslum til rannsóknar og eftirlits. Þeir rannsaka vörur, sem fluttar eru í tollvörugeymslur og úr þeim, eftir því sem þurfa þykir til að staðreyna, að rétt sé frá skýrt um vörutegund og vörumagn. Þeim ber að gæta þess, að óviðkomandi mönnum sé ekki leyfð umferð um tollvörugeymslur, og hafa vald til að rannsaka allar vörur og muni, sem þar eru eða fluttar eru í geymslurnar eða úr þeim. Rannsóknarheimild þessi nær til leitar í hvers konar farartækjum, sem um geymslurnar fara eða flytja menn eða muni að þeim eða frá, svo og til leitar á mönnum, sem starfa við slíka flutninga, eru staddir í geymslunum eða eru á leið út úr þeim.

■ **19. gr.** Tollgæzlumenn geta, hvenær sem er, gert birgðatalningu í tollvörugeymslum og krafizt þess, að geymsluhafi leggi til þá aðstoð, sem þarf til að talning verði framkvæmd.

□ Geymsluhafi er skyldur til að sýna tolleftirlits-

1960 Nr. 47 11. júní

mönnum birgðabókhald sitt, hvenær sem krafizt er. Hann og starfsmenn hans eru skyldir til að gefa tolleftirlitsmönnum hverjar þær upplýsingar, sem þeir óska varðandi geymsluvörur, og veita þeim hvers konar aðstoð við eftirlitsstörf þeirra.

■ **20. gr.** Óheimilt er að flytja vörur í tollvörugeymslu, nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því umdæmi, þar sem tollvörugeymsla er. Ákvæði þetta gildir þó hvorki um vörur, sem fluttar eru í tollfrjálsa forðageymslu úr birgðaforða skips eða flugvélar sbr. c-lið 11. gr., né um vörur, sem settar eru í flutningageymslur, samkvæmt ákvæðum IV. kafla.

■ **21. gr.** Vörur má ekki flytja úr tollvörugeymslu, nema fyrir liggi skriflegt leyfi tollstjóra í því umdæmi, þar sem tollvörugeymslan er. Ákvæði þetta gildir hvorki um vörur í forðageymslum samkvæmt II. kafla, né um vörur, sem seldar eru úr verzlunum þeim, er um ræðir í III. kafla.

■ **22. gr.** Óheimilt er að neyta varnings, sem er í tollgeymslu, eða nota hann á annan hátt innan tollvörugeymslunnar.

□ Brot gegn ákvæðum 1. mgr. þessarar gr. varða refsingu samkv. 27. gr. Refsingu samkvæmt þeirri gr. varðar það einnig, ef farið er með tollgeymsluvörur andstætt því, sem ákveðið er í leyfi tollstjóra.

■ **23. gr.** Við tollafgreiðslu á vörum úr tollvörugeymslu skal, um tollflokkun, greiðslu aðflutningsgjalda, fullnægingu innflutningsskilyrða og annarra opinberra fyrirmæla um aðfluttar vörur fara eftir þeim reglum, sem í gildi eru, þegar fullnaðartollafgreiðsla fer fram.

□ Aðflutningsgjöld miðast við það vörumagn, sem sett var í geymslu.

□ Nú kemur fram óeðlileg rýrnun eða vöntun á vörum, sem settar hafa verið í tollvörugeymslu, og er geymsluhafi þá skyldur að greiða tolla og önnur aðflutningsgjöld af því, sem vantar.

■ **24. gr.** Gjald, sem geymsluhafa ber að greiða í ríkissjóð fyrir kostnað við tolleftirlit með tollvörugeymslu, skal ákveðið með reglugerð. Á sama hátt skulu ákveðin geymslugjöld fyrir vörur, sem geymdar eru í tollvörugeymslum, sem tollgæzlan rekur, eða gjald fyrir afnot slíkra geymslna.

■ **25. gr.** Lögveð samkvæmt 28. gr. laga nr. 68 frá 1956,[1] um tollheimtu og tolleftirlit, hvílir á vörum, sem settar eru í tollvörugeymslu, og nær það til allra gjalda til ríkissjóðs, einnig þeirra, sem falla á vöruna í sambandi við tollgeymsluna, svo sem eftirlitsgjalds og geymslugjalds.

[1] *Nú l. 59/1969, 54. gr.*

■ **26. gr.** Fjármálaráðherra setur með reglugerð[1] nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

[1] *Rg. 56/1961, sbr. 633/1980 (um tollvörugeymslur). Rg. 95/1981 (um tollfrjálsar verslanir á Keflavíkurflugvelli á vegum ríkisins).*

■ **27. gr.** Brot á lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, svo og varðhaldi eða fangelsi, ef brot er stórvægilegt eða margítrekað. Fyrir tilraun til brots eða hlutdeild í því skal refsað sem fyrir fullframið brot. Upptaka á vöru eða andvirði hennar, sem farið er með andstætt ákvæðum laga þessara, er heimil samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi vöru en sá, sem sekur hefur reynzt um brot á lögunum.

1960 Nr. 47 11. júní

■ **28. gr.** Sektir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim, svo og upptæk verðmæti, renna í ríkissjóð.

■ **29. gr.** Mál út af brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skulu rekin að hætti opinberra mála.

Lög um aukatekjur ríkissjóðs.

1975 Nr. 79 23. des.

I. kafli. Dómsmálagjöld í einkamálum.

■ **1. gr.** Eftirtalin dómsmálagjöld skulu greidd samkvæmt reglugerð er dómsmálaráðherra setur:

1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu.
2. Gjald fyrir þingfestingu.
3. Gjald fyrir vitnaleiðslu.
4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls.
5. Gjald fyrir dómkvaðningu.
6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða.
7. Kærugjald (fyrir kæru til Hæstaréttar).
8. Gjald fyrir sjóferðapróf.
9. Útivistargjald (fyrir Hæstarétti).

□ Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

II. kafli. Gjöld fyrir fógetagerðir.

■ **2. gr.** Fyrir fjárnáms-, lögtaks-, löggeymslu- og kyrrsetningargerð, svo og lögbann, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna telst eigi aðeins lausafé og fasteignir heldur og skuldakröfur á hendur öðrum mönnum og önnur þau fjárréttindi sem greinir í 3. kafla laga frá 4. nóv. 1887, um aðför — skal greiða: Þegar fjárhæðin er 50 000 kr. eða minni, 1000 kr. og síðan 100 kr. í viðbót fyrir hver tíu þúsund eða brot úr þeirri fjárhæð sem fram yfir er.

■ **3. gr.** Fyrir aðrar fógetagerðir skal greiða gjald er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Fyrir lausnargerðir skal þó greiða gjald eftir 2. gr. þegar fé er með henni laust látið.

■ **4. gr.** Nú er aðfarar beiðst hjá einum og sama manni eftir fleiri dómum en einum, sáttum eða þinglýstum veðbréfum og skal þá gjaldið greitt fyrir hverja þeirra um sig.

□ Þegar fjárnáms er beiðst eftir sama dómi, sátt eða veðbréfi hjá fleirum en einum skal gerð fara fram hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gerð. Þetta gildir þó eigi ef hlutaðeigendur eiga muni í sameiningu, er fjárnám er gert í. Eigi skal heimta hærra gjald þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, séu eigi allir á sama stað né í sama lögsagnarumdæmi.

■ **5. gr.** Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrirfram skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gerðina, þá er hann krefst þess. Gjaldið er eigi afturkræft þótt gerðarbeiðnin sé kölluð aftur eða fógeti synji um framgang gerðarinnar, nema svo sé, að hærra gjald hafi verið greitt fyrirfram fyrir gerðina en greiða hefði átt er hún var leidd til lykta.

■ **6. gr.** Í gjafsóknarmálum og fyrirskipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekinn er fjárnámi eða

1975 Nr. 79 23. des.

lögtaki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða maka, er hann hefur slitið samvistum við eða skilið að borði og sæng eða að fullu og öllu, skal því aðeins greiða réttargjald að það náist hjá þeim er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sé kröfu gerðarbeiðanda áður fullnægt.

☐ Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum, eftir ráðstöfun hins opinbera, skal engin gjöld greiða.

III. kafli. Skiptagjöld.

■ **7. gr.** [Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með, skal greiða skiptagjald 1 ½% af öllum eignum búsins — þar með talin búshelft maka — án tillits til skulda er á því hvíla.][1]

☐ Ekkert gjald skal þó greiða í þeim búum þar sem eigurnar nema minna en 50 000 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

[1] *L. 103/1976, 1. gr.*

■ **8. gr.** Nú tekur skiptaráðandi bú til skiptameðferðar, en framselur það á fyrsta skiptafundi erfingjum eða öðrum er hlut eiga að máli, og skal þá greiða helming gjalds þess er um ræðir í 7. gr.

■ **9. gr.** Þá er skiptaráðendur eða skiptaforstjórar lúka skiptum í búum kemur gjaldið í gjalddaga við skiptalok og bera þeir, hver um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því að það sé rétt talið.

☐ Þegar bú er framselt til erfingjaskipta skal gjaldið greitt um leið og búið er afhent erfingjum.

■ **10. gr.** Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða gjald er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð.

IV. kafli. Gjöld fyrir uppboðsgerðir.

■ **11. gr.** Þegar seld eru við opinbert uppboð fasteignir, skip og flugvélar, svo og önnur fasteignaréttindi, samkvæmt II. kafla laga um nauðungaruppboð nr. 57 25. maí 1949, skal greiða uppboðslaun sem hér segir:

Af fyrstu 500 000 kr.	3%
Af fjárhæð yfir 500 000 kr. allt að 2 500 000 kr.	2%
Af fjárhæð hærri en 2 500 000 kr.	1%

■ **12. gr.** Þegar seld eru við opinbert uppboð önnur verðmæti en í II. kafla uppboðslaganna greinir skal greiða 6%.

■ **13. gr.** Gjöld fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð, gjöld fyrir árangurslaus uppboð og gjöld vegna uppboðsbeiðna, sem afturkallaðar eru, skulu ákveðin af dómsmálaráðherra með reglugerð. Á sama hátt skulu ákveðin gjöld fyrir útgáfu afsalsbréfs fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, svo og gjöld fyrir undirboðsþing. Fyrir uppboð á óskilafénaði í réttum skal ekkert gjald greiða.

V. kafli. Gjöld fyrir notarialgerðir.

■ **14. gr.** Fyrir víxilafsögn, sem notarius framkvæmir, skal greiða 600 kr. sé fjárhæð 10 000 kr. eða lægri og síðan 50 kr. til viðbótar fyrir hver tíu þúsund eða brot af þeirri fjárhæð. Þó skal gjald fyrir víxilafsögn aldrei vera hærra en 1500 kr.

■ **15. gr.** Fyrir aðrar notarialgerðir skal greiða gjald er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð.

VI. kafli. Gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

■ **16. gr.** [Fyrir þinglýsingu á skjölum skal greiða fast gjald, er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Á sama hátt skal ákveðið gjald fyrir áritun um heimildarbrest o. fl. skv. 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928.[1]][2]

[1] *Ath. nú l. 39/1978, 54. gr.* [2] *L. 13/1978, 1. gr.*

■ **17.—19. gr.** ...[1]

[1] *L. 13/1978, 2. gr.*

VII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **20. gr.** Fjármálaráðherra skal með reglugerð[1] ákveða gjöld fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini og skráningar, enda sé ákvörðun þess eigi falin öðrum ráðherra með lögum.

☐ Á sama hátt skal fjármálaráðherra ákveða eftirtalin gjöld:

1. Gjöld fyrir afgreiðslu vöru- og mannflutningsskipa, er koma frá útlöndum, svo og gjöld fyrir að afgreiða útlend fiskiskip.
2. Gjöld fyrir löggildingu manna til starfa sem veitt eru samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum.
3. Gjöld fyrir borgaralega hjónavígslu.
4. Gjöld fyrir löggildingu verslunarbóka.
5. Gjöld fyrir löggildingu leiðarbóka eða véladagbóka.
6. Gjöld fyrir útnefningu matsmanna.
7. Gjöld fyrir embættisvottorð.
8. Gjöld fyrir lögskráningu skipshafna.
9. Ritlaun fyrir endurrit eða ljósrit er gefin eru út úr embættisbókum og skjalasöfnum.

[1] *Rg. 781/1982 (um dómsmálagjöld o. fl.) og rg. 773/1982 (um aukatekjur ríkissjóðs).*

■ **21. gr.** Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

■ **22. gr.** Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal, sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á, ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

☐ Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

☐ Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

■ **23. gr.** Það varðar sektum að gefa rangar skýrslur um þau atriði er máli skipta við ákvörðun gjalds samkvæmt lögum þessum enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

■ **24. gr.** Fjármálaráðuneytið ákveður hvort ríkissjóður skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum er hann varða.

■ **25. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

1975 Nr. 79 23. des.

Opið bréf um meðöl til að frama innlausn veitingarbréfa frá stjórnarráðunum.[1]

1827 23. nóv.

[1] *Sbr. kansbr. 27. maí 1828.*

■ 1) Sérhver, sem öðlazt hefur konunglegt veitingareða náðarbréf, hvort sem það er meðal þeirra, sem undirskrifast af sjálfum konunginum, ellegar hinna, sem að boði konungs (ad mandatum) útgefast frá stjórnarráðunum, skal skyldur vera í seinasta lagi innan 6 vikna frá þeim tíma, sem hann fékk ávísun um útgáfu veitingarbréfsins, að útleysa það. Þó má undantekning frá þessu leyfast, hafi hann þar aðsetur, sem gera kann honum nauðsynlegan lengri frest, í hverju tilfelli það stjórnarráð, frá hverju veiting út gefin verður, skal myndugleika hafa til að tiltaka þann frest í ávísuninni um veitinguna.

1827 23. nóv.

■ **2)** Láti hann þann frest út renna, án þess að gera nauðsynlega ráðstöfun um útlausn veitingarbréfsins, á viðkomandi stjórnarráð að um annast, að lausnargjaldið verði út heimt, annaðhvort með ráðstöfun hjá viðkomandi ráði, að andvirði þess verði af dregið embættislaunum hlutaðeiganda, ellegar, hvar því líkt ekki á heima, þetta gjald með aðför[1] út tekið. Samt ber í þessu síðara tilfelli skipun til þess ætíð að út gefa frá því danska kansellíi,[2] hvers ráðstöfunar hin stjórnarráðin, þá nauðsyn krefur, þar um leita skulu.

[1] *Sbr. l. 29/1885, 1., 4. og 8. gr.* [2] *Nú dómsmálaráðuneytinu.*

■ **3)** Þar sem ekki tekst að innkalla lausnargjaldið með neinum af þeim í 2) tilnefndu meðölum, á viðkomandi stjórnarráð annaðhvort að ónýta veitingarbréfið, sé það þess háttar, sem eftir skipun (ad mandatum) út gefst, en ella að tjá konunginum málavexti til úrskurðar.

...

■ **6)** Hafi nokkur í einstökum tilfellum öðlazt frest með borgun lausnargjaldsins, og afgreiði þetta samt ekki í ákveðinn gjalddaga, ber að setja honum nýjan frest samkvæmt 1) og síðan fram að fara eftir öðrum fyrrnefndum reglum.

...

■ **8)** ... Ekki heldur skal nokkur upp á einbera ávísun um honum unnta veitingu, mega hagnýta sér hana við dómstólana, ellegar nokkur ráðstöfun af embættismanni eftir henni gerast, áður en veitingarbréfið er af hendi látið, hvert þess vegna einnig skal framleggja eður sýna.

1978 Nr. 36 10. maí

Lög um stimpilgjald.

I. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Greiða skal stimpilgjald af þeim skjölum sem um ræðir í III. kafla laga þessara.

■ **2. gr.** Sé ekki annars getið í lögum þessum varðandi einstakar tegundir skjala gilda svofelldar almennar reglur um ákvörðun stimpilgjalds:

a. [Þegar stimpilgjald er hundraðshluti af fjárhæð skjals og gjaldið stendur eigi í heilli krónu skal færa gjaldið upp í næstu heila krónu ef um er að ræða 50 aura eða meira en ella skal færa það niður í næstu heila krónu.

Stimpilgjald einstaks skjals má þó aldrei vera minna en 1 kr.][1]

b. Í stimpilskyldum skjölum skal jafnan getið þeirrar fjárhæðar sem stimpilskyldan er bundin við.

c. Hljóði stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem áskilin eru eða lofuð um ótiltekinn tíma eða fyrir ákveðið tímabil sem er 25 ár eða lengra, skal reikna stimpilgjald af árgjaldinu tuttugu og fimmföldu. Ef árabil er ákveðið innan við 25 ár telst stimpilgjaldið af árgjaldinu margfölduðu með áratölunni. Sé árgjaldið mismunandi skal taka meðalgjaldið.

[1] *L. 82/1980, 1. gr.*

■ **3. gr.** Eftirgreind skjöl eru ávallt stimpilskyld hér á landi:

1. Afsöl fyrir fasteignum hér á landi og skipum, sem hér eru skrásett, svo og önnur skjöl er veita eða framselja réttindi yfir slíkum eignum.

2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti hér á landi, nema sannað sé að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hér.

3. Víxlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hér á landi.

4. Skjöl sem þinglýst er hér á landi eða eru grundvöllur fyrir skráningu í opinbera skrá hér á landi.

■ **4. gr.** Enda þótt skjal falli ekki undir ákvæði 3. gr. er það stimpilskylt ef allir aðilar þess eru heimilisfastir hér á landi.

■ **5. gr.** Stimpilskylda skjals fer eftir réttindum er það veitir en eigi nafni þess eða formi.

□ Eftirrit af sáttum og notarialgerðum, er skapa réttindi eða skyldur sem eigi hefur áður verið gert skjal um, stimplast eftir tegund og verðmæti þeirra skyldna og réttinda er um ræðir.

■ **6. gr.** Ef í sama skjali er falin fleiri en ein tegund gerninga, svo sem afsal veitt og veð sett, eru báðar eða allar tegundir stimpilskyldar.

■ **7. gr.** Þegar skjöl eru gefin út í fleiri en einu eintaki er aðeins eitt þeirra stimpilskylt nema öðruvísi sé ákveðið sérstaklega.

■ **8. gr.** Áletranir á skjöl, sem áður eru stimpluð, svo sem áletrun um breytingu á veði, áletrun um ábyrgð, vexti, borgunarskilmála eða annað þess háttar, eru eigi stimpilskyldar, svo framarlega sem áletrunin hefði ekki breytt stimpilgjaldinu ef hún hefði staðið í skjalinu frá byrjun. Ella skal greiða gjald fyrir áletrunina og skal gjaldið nema hækkun þeirri, er orðið hefði, ef hún hefði verið í skjalinu frá byrjun.

■ **9. gr.** Ef skjal stofnar til réttinda eða skyldna er meta má mismunandi hátt telst stimpilgjaldið af hæstu fjárhæðinni.

II. Um greiðslu stimpilgjalds, stimplun og endurskoðun gjaldsins.

■ **10. gr.** Greiðsla stimpilgjalds skal staðfest með því að líma stimpilmerki á skjalið.

□ Fjármálaráðuneytið lætur gera stimpilmerki og ákveður útlit þeirra og fjárhæð.

□ Ráðuneytinu er heimilt að ákveða að í stað stimpilmerkja megi staðfesta greiðslu gjaldsins með ástimplun stimpilmerkjavélar, notkun stimpils eða með annarri áletrun á hið stimpilskylda skjal.

■ **11. gr.** Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hér á landi, skulu stimpluð áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi, nema eindagi sé fyrr, og þá fyrir eindaga. Ef aðilar hafa eigi undirritað samtímis telst fresturinn frá því er hinn fyrsti undirritaði.

□ Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út erlendis, skal stimpla með sama fresti og innlend skjöl, talið frá þeim tíma er skjal kom hingað til lands, og skal sá, er stimpla lætur, votta á skjalið hvenær það var. Fjármálaráðuneytið getur lengt frest þennan ef sérstaklega stendur á.

■ **12. gr.** [Opinberir starfsmenn, sem fjármálaráðuneytið felur stimplun skjala, eru skyldir til að stimpla skjöl, sem þeir gefa út eða afgreiða, án endurgjalds fyrir stimplunina.

□ Bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla skjöl er um hendur þeirra fara. Skulu þeir inna stimplunina af hendi endurgjaldslaust.

□ Fjármálaráðuneytinu er heimilt að veita einstökum mönnum, félögum eða stofnunum rétt til stimplunar skjala, enda sé fullnægt þeim skilyrðum um reikningshald, bókfærslu gjaldsins og aðra framkvæmd sem það kann að setja.

□ Þeir aðilar, sem fengið hafa heimild fjármálaráðuneytisins til þess að staðfesta greiðslu stimpilgjalds á annan hátt en þann að líma stimpilmerki á skjal, sbr. 3. mgr. 10. gr., skulu gera viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skil á innheimtu stimpilgjaldi fyrir 15. dag næsta mánaðar eftir að stimplunin á sér stað, nema öðruvísi kunni að vera sérstaklega ákveðið af fjármálaráðuneytinu. Mánaðarlegum stimpilgjaldsskilum skal fylgja skýrsla um stimpilgjaldsinnheimtuna í því formi sem ráðherra ákveður.

□ Skili þeir aðilar, sem um ræðir í 4. mgr. þessarar greinar, ekki innheimtu stimpilgjalda á gjalddaga skal þeim skylt að greiða dráttarvexti af hinni vangoldnu fjárhæð, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

□ Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.][1)]

[1)] *L. 82/1980, 2. gr.*

■ **13. gr.** Þeir sem hafa á hendi stimplun skjala skulu gæta þess að hin stimpilskylda fjárhæð hvers skjals sé rétt tilgreind og geta krafist allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra er stimplunar beiðast. Sé sá sem stimplunar beiðist óánægður með ákvörðun gjaldsins getur hann skotið því undir úrskurð fjármálaráðuneytisins innan tveggja mánaða, en jafnan skal fylgja umsögn þess er ákvað gjaldið. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una úrskurði ráðuneytisins getur hann lagt málið fyrir dómstóla.

■ **14. gr.** Stimpilmerki eða aðra staðfestingu um greiðslu stimpilgjalds, sem færð hefur verið á fullgild skjöl, er óheimilt að má af þeim aftur. Fjármálaráðuneytið hefur þó heimild til að endurgreiða stimpilgjaldið eða hluta af því þegar skjal er ógilt með öllu að lögum eða eigi verður af því að það réttarástand skapist sem skjalið ráðgerði.

□ Ef skjal er af vangá stimplað of hátt skal endurgreiða það sem ofborgað er.

□ Endurgreiðslur samkvæmt þessari grein mega því aðeins fara fram að beiðni um þær hafi borist fjármálaráðuneytinu áður en tvö ár eru liðin frá útgáfu þess skjals sem beiðnin varðar. Heimilt er þó að víkja frá þessum fresti ef sérstaklega stendur á.

□ Beiðni um endurgreiðslu skal að jafnaði fylgja frumrit þess skjals, sem beiðnin varðar, eða staðfest eftirrit af því.

■ **15. gr.** Krafa ríkissjóðs um stimpilgjald fyrnist ekki nema svo sé ástatt að opinber starfsmaður eigi sök á því að eigi var stimplað. Fyrnist krafan þá á fjórum árum. Krafa til stimpilgjalds fellur enn fremur niður þegar liðin eru fimm ár frá þeim tíma er skjalið var með öllu úr gildi.

III. Um stimpilgjald einstakra skjala.

■ **16. gr.** [Fyrir stimplun afsalsbréfa fyrir fasteignum og skipum yfir 5 brúttósmálestum skal greiða 4 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af verði viðkomandi eignar. Sama gildir um afsöl við fógetagerðir, skipti og uppboð svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og þau erfðafestubréf sem veita rétt til að selja eða veðsetja.][1)]

□ Þegar fasteign eða skip er afsalað hlutafélagi eða sameignarfélagi og eigandinn gerist eignaraðili að félaginu eða eykur eignarhlut sinn í því lækkar stimpilgjaldið í hlutfalli við eignarhluta hans í félaginu.

□ Þegar fasteign eða skipi er úthlutað félagsmanni í hlutafélagi eða sameignarfélagi við félagsslit greiðist stimpilgjald að því marki sem eignarhluti hans í eigninni verður meiri en eignarhluti hans var í félaginu.

□ Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa greiðist hálft gjald.

□ Útdrættir úr skiptabókum eða öðrum embættisbókum eða vottorð embættismanna, félaga eða einstakra manna, er sýna eigendaskipti að fasteign eða skipi eða eru notuð sem afsöl, stimplast sem afsöl. Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur eða maka upp í búshelming hans, enda sé eigi samhliða um sölu eða um söluafsal að ræða.

[1)] *L. 82/1980, 3. gr.*

■ **17. gr.** Stimpilgjald af heimildarbréfum fyrir fasteignum telst eftir fasteignamati þeirra að leigulóð meðtalinni. Nú hefur fasteignamat ekki farið fram eða liggur ekki fyrir þegar bréf er stimplað og skal gjaldið þá teljast af áætluðu fasteignamatsverði. Fjármálaráðuneytið getur, að höfðu samráði við Fasteignamat ríkisins, sett nánari reglur um áætlun slíks matsverðs. Ef áætlun matsverðs er sérstökum örðugleikum háð má miða við kaupverð eignar, teljist það sennilegt.

□ Stimpilgjald af heimildarbréfum fyrir skipum telst eftir því kaupverði sem sett er á eignina í bréfunum, enda teljist það sennilegt, þó aldrei lægri fjárhæð en nemur áhvílandi veðskuldum.

■ **18. gr.** Þegar kaupsamningur er stimplaður er afsalsbréf til sama kaupanda stimpilfrjálst.

■ **19. gr.** Ef heimildarbréf er framselt ber að stimpla framsalið sem afsal.

■ **20. gr.** [Fyrir stimplun leigusamninga um jarðir og lóðir, heimildarskjala um veiðiréttindi og skjala sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign skal greiða 20 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af áskilinni leigu eða endurgjaldi. Framsöl þessara réttinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum. Erfðafestubréf, sem eigi veita heimild til að selja eða veðsetja, stimplast samkvæmt þessari grein.][1)]

[1)] *L. 82/1980, 4. gr.*

■ **21. gr.** [Fyrir stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaðri ábyrgð, skal greiða 2% af fjárhæð bréfanna. Framsal hlutabréfa og jöfnunarhlutabréfa er stimpilfrjálst.

□ Hlutabréf, sem gefin eru út í stað eldri hlutabréfa, er sannanlega hafa verið stimpluð, og jöfnunarhlutabréf, sem gefin eru út í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu þó undanþegin gjaldi fyrir stimplun, enda beri hvert einstakt hlutabréf með sér að um endurútgefið bréf eða jöfnunarhlutabréf sé að ræða. Þeir, sem gjaldfrjálsrar stimplunar beiðast, skulu sýna fram á að þau hlutabréf, sem hin nýju hlutabréf leysa af hólmi, hafi verið úr gildi felld eða að viðkomandi útgáfa jöfnunarhlutabréfa hafi ekki í för með sér raunverulega verðmætisaukningu hlutafjár í viðkomandi félagi. Gjaldfrjáls stimplun skal fara fram áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfu hlutabréfa þeirra sem um ræðir

1978 Nr. 36 10. maí

í þessari málsgrein. Að öðrum kosti ber að innheimta stimpilgjald af þeim í samræmi við ákvæði 1. mgr.

□ Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.][1)]

[1)] *L. 61/1982, 1. gr.*

■ **22. gr.** Skilríki fyrir eignarhluta í félögum með takmarkaða ábyrgð, öðrum en hlutafélögum, skulu stimpluð á sama hátt og hlutabréf. Hið sama gildir um skilríki fyrir eignarhluta þeirra manna sem bera takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félags þar sem sumir félagsaðilar bera ótakmarkaða ábyrgð en aðrir takmarkaða (kommandit félög).

■ **23. gr.** Félagssamningar félaga með ótakmarkaðri ábyrgð skulu stimplaðir með 2% af því fé sem í félagið er lagt.

□ Leggi félagi fram persónulega vinnu til félagsins, auk fjárframlags eða í stað þess, skal vinnan metin til samræmis við framlagt fé annarra félaga. Aldrei skal vinnuframlag þó metið lægra en fjárframlag þess félaga sem minnst fé leggur fram til félagsins.

□ [Hljóði félagssamningur ekki um nein fjárframlög skal hann stimplaður með 100 kr.][1)]

□ Framsöl á réttindum í félögum, sem falla undir 22. og 23. gr., eru stimpilfrjáls.

[1)] *L. 82/1980, 6. gr.*

■ **24. gr.** [Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 15 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs. Fyrir stimplun annarra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 5 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs.][1)]

□ [Fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa vegna afurðalána með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal greiða 3 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs.][2)]

[1)] *L. 82/1980, 7. gr.* [2)] *L. 5/1982, 15. gr.*

■ **25. gr.** Ef veðréttur er stofnaður eða trygging er sett fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð sem frekast er ætlast til að tryggja.

■ **26. gr.** Nú er skuld endurnýjuð með nýju bréfi og skal þá sá sem stimplun annast innheimta helming gjalds þess er í 24. gr. getur. Sé skuld færð yfir á nafn annars aðila greiðist ekkert stimpilgjald.

■ **27. gr.** [Fyrir stimplun víxla og samþykktra ávísana, nema tékka, skal greiða 0,25% af hverju byrjuðu þúsundi af fjárhæð skjalsins.][1)]

□ Endurnýjaður víxill telst nýr víxill.

□ Ef skjal fullnægir eigi kröfum löggjafarinnar um víxla stimplast það sem skuldabréf.

[1)] *L. 82/1980, 8. gr.*

■ **28. gr.** Nú hljóðar víxill eða samþykkt ávísun um borgun í erlendri mynt og reiknast þá stimpilgjaldið eftir sölugengi þeirrar myntar hér á landi á þeim tíma er stimplun fer fram. [Sama á við um önnur stimpilskyld skjöl er kveða á um greiðslur í erlendri mynt.][1)]

[1)] *L. 82/1980, 9. gr.*

■ **29. gr.** Framsal á skuld er stimpilfrjálst.

■ **30. gr.** Greiða skal stimpilgjald af vátryggingarsamningum. Ef vátryggingarskírteini er gefið út skal það stimplað, ella samningur, fyrsta greiðslukvittun eða annað skjal er vátrygginguna varðar.

□ Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð[1)] fjárhæð stimpilgjalds af einstökum tegundum vátrygginga. Skal stimpilgjald annaðhvort miðað við vátryggingarfjárhæð eða iðgjald.

□ Fjármálaráðuneytið hefur heimild til þess að gera samninga við vátryggingarfélög um greiðslu stimpilgjalds á ákveðnum tímum gegn eftirliti sem ráðuneytið telur fullnægjandi. Enn fremur getur það veitt vátryggingarfélögum undanþágu frá því að framkvæma stimplun gegn annars konar tryggingu fyrir greiðslu stimpilgjalds. Loks getur það undanþegið einstakar tegundir vátrygginga stimpilgjaldi, ef sérstök ástæða þykir til.

[1)] *Rg. 219/1978.*

■ **31. gr.** [Fyrir stimplun kaupmála, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar, skal greiða 50 kr.

□ Fyrir stimplun kaupmála, sem gerðir eru síðar, skal greiða 4 kr. fyrir hvert byrjað þúsund þeirrar fjárhæðar sem verður séreign samkvæmt þeim. Verðmæti fasteigna skal í þessu sambandi metið samkvæmt ákvæðum 17. gr. en frá verði þeirra þannig ákvörðuðu má draga eftirstöðvar áhvílandi þinglýstra veðskulda. Frá veði annarra eigna má draga eftirstöðvar þinglýstra skulda er á þeim hvíla. Lágmarksgjald samkvæmt þessari málsgrein skal vera 50 kr.][1)]

[1)] *L. 82/1980, 10. gr.*

IV. Ýmis ákvæði.

■ **32. gr.** Þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal, svo sem afsal þegar kaupsamningur er stimplaður, skal í hinu stimpilfrjálsa skjali vísa til hins stimplaða og þess getið hversu hátt það er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi heldur er sannað að skjal, er stimpilfrelsinu veldur, sé löglega stimplað ber að stimpla hið síðara skjal eftir efni þess.

□ Það breytir eigi stimpilskyldu skjals þótt það sé gefið út til tryggingar greiðslu á öðru stimpilskyldu skjali, svo sem víxli.

■ **33. gr.** Á samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala skal rita, hvernig aðalskjalið er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi er heldur sannað, að frumritið sé löglega stimplað, skal stimpla samritið eða eftirritið eins og það væri frumrit.

■ **34. gr.** [Öllum opinberum starfsmönnum, skiptaforstjórum og öðrum þeim er heimild hafa til stimplunar er skylt að hafa nákvæmar gætur á að lög þessi séu haldin og kæra brot er þeir verða áskynja um.

□ Þegar stimpilskyld skjöl eru afhent til þinglýsingar er opinberum starfsmönnum sem hana annast skylt að athuga hvort þau séu stimpluð. Ef svo er ekki ber að heimta stimpilgjaldið þá þegar. Sama á við þegar stimpilskyld skjöl eru afhent aðilum, er heimild hafa til stimplunar skjala, til meðferðar, svo sem til vörslu eða innheimtu. Sinni þeir ekki þessari skyldu bera þeir þá ábyrgð á greiðslu stimpilgjaldsins.

□ Handhafar stimpilskyldra skjala bera ábyrgð á greiðslu stimpilgjalds af þeim.][1)]

[1)] *L. 82/1980, 11. gr.*

■ **35. gr.** Fjármálaráðuneytið sker úr hvort ríkissjóður skuli greiða stimpilgjald af skjölum er snerta hann.

■ **36. gr.** Ef stimpilskylt skjal er ekki stimplað innan tilskilins frests skulu þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala gera stimpilbeiðanda að greiða stimpilgjaldsálag

1978 Nr. 36 10. maí

er nemi hinu vangoldna stimpilgjaldi tvöföldu, þegar um víxla er að ræða, en vegna annarra skjala skal álagið vera 10% fyrir hvert byrjað 7 daga tímabil umfram tilskilinn frest, allt að hálfu grunngjaldinu. Álag þetta má innheimta með lögtaki.

☐ Fjármálaráðuneytinu er heimilt eftir atvikum að lækka eða láta niður falla stimpilgjaldsálag samkvæmt grein þessari ef sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

■ **37. gr.** Brot á lögum þessum varða sektum. Sömu refsingu skal sá sæta sem gefur rangar skýrslur um atriði er máli skipta við ákvörðun stimpilgjalds, neitar ranglega að hafa skjal í vörslum sínum til þess að komast hjá stimpilgjaldi eða álagi, ritar rangt vottorð á samrit eða eftirrit skjals um stimplun frumrits eða dagsetur skjal ranglega til að leyna broti á lögum þessum, nema um ásetningarbrot sé að ræða er varði þyngri refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga.

☐ Heimilt er að refsa fyrir brot á lögum þessum ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

☐ Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

☐ Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **38. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978. Skulu skjöl, sem afhent verða til stimplunar eftir þann tíma, stimpluð eftir ákvæðum þessara laga. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 75 27. júní 1921 um stimpilgjald og lög nr. 91/1938, nr. 80/1940, nr. 80/1953, nr. 24/1971 og nr. 104/1976 um breytingu á þeim lögum, lög nr. 62 28. des. 1977 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við lög þessi. Þó skulu sérákvæði um stimpilfrelsi í einstökum lögum halda gildi sínu.

1948 Nr. 100 29. des.

Lög um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

I. kafli. Um ríkisábyrgð á útflutningsvörum o. fl.

■ **1. gr.** ...

■ **5. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 5 milljónum króna til þess að lækka kostnað við framleiðslu sjávarafurða. ...

■ **7. gr.** Við samninga um sölu íslenzkra afurða erlendis skal þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og er ríkisstjórninni heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði náð.

☐ ...

■ **8. gr.** ...

■ **9. gr.** ...

☐ Ríkisstjórnin getur krafizt þess, að útvegsmenn, eigendur hraðfrystihúsa og þeir, er saltfisk verka, láti henni í té rekstrarreikninga um starfsemi sína.

■ **10. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða verð á beitu. Getur hún bundið niðurfærslu á verði á beitu því skilyrði, að útvegsmenn geri þær ráðstafanir, er ríkisstjórnin telur heppilegar til að spara útgjöld við beitu.

☐ Nú gerir meiri hluti útvegsmanna í tiltekinni verstöð á fundi, er allir útvegsmenn þar hafa verið boðaðir til, samþykkt um notkun beitu og sparnað á henni, og bindur þá slík samþykkt alla útgerðarmenn í verstöðinni, er ráðherra hefur staðfest hana.

☐ Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða hámarksleigu fyrir verbúðir.

☐ Brot gegn ákvæðum þessarar greinar og samþykktum, settum samkvæmt henni, varða allt að 50 000 króna sekt til ríkissjóðs.

1948 Nr. 100 29. des.

■ **11. gr.** Ríkisstjórnin lætur nú þegar endurskoða reglur um verðlag á viðgerðum á skipum, vélum, veiðarfærum og öðrum útgerðarvörum. Ráðherra skipar tvo fulltrúa með þekkingu á útvegsmálum og skipaviðgerðum, að fengnum tillögum frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og Fiskifélagi Íslands, til aðstoðar verðlagsyfirvöldunum við verðlagsákvörðunina. [Fulltrúar þessir hafa atkvæðisrétt á fundum viðskiptanefndar um verðlagsákvarðanir á útgerðarvörur og skipaviðgerðir.][1)]

[1)] *L. 9/1950, 1. gr.*

II. kafli. ...

III. kafli. Um dýrtíðarsjóð. ...[1)]

[1)] *Nú l. 10/1960.*

1947 Nr. 67 5. júní

Lög um eignakönnun.

I. kafli. Um útgáfu ríkisskuldabréfa.

■ **1. gr.** Ríkissjóður gefur út ríkisskuldabréf, sem hljóða á handhafa. Heildarfjárhæð bréfanna skal ákveðin með forsetaúrskurði. Bréfin skulu tölusett, og kveður fjármálaráðherra á um tölu þeirra og fjárhæð. Nafn hans skal standa undir texta bréfanna.

■ **2. gr.** Vextir af bréfunum skulu vera 1% — einn af hundraði — á ári. Fjármálaráðherra ákveður og auglýsir, hvar og hvenær greiddir verði vextir, sem fallnir eru í gjalddaga.

■ **3. gr.** Skuldabréfin greiðast upp á 25 árum. Skal 1/25 hluti bréfanna dreginn út og greiddur á ári hverju, í fyrsta sinn 1. ágúst 1948, og síðan sama dag árlega, unz útdrætti og greiðslu allra bréfanna er lokið. Notarius publicus í Reykjavík annast útdráttinn.

■ **4. gr.** Skuldabréfin skulu vera til sölu almenningi frá 1. júlí til 15. ágúst 1947. Landsbanki Íslands annast söluna. Bréfin skulu fást keypt á þeim stöðum og hjá þeim aðilum, sem bankinn ákveður í samráði við fjármálaráðherra.

■ **5. gr.** Bréfin seljast við nafnverði gegn greiðslu í peningum, opinberum verðbréfum og skuldabréfum með veði í fasteign, sem gild eru metin af Landsbanka Íslands.

☐ Opinber verðbréf, sem ekki bera lægri vexti en 4 af hundraði, skulu keypt við nafnverði. Ef bréfin bera lægri vexti, skal Landsbanki Íslands meta þau til verðs eftir vaxtahæð og greiðslutíma.

☐ Veðskuldabréf skulu keypt við nafnverði, ef þau bera 5% vexti eða meira, enda séu þau þinglesin fyrir 1. júlí 1946 og tryggingin metin gild af Landsbanka Íslands. Ef bréfin bera lægri vexti, metur bankinn þau til verðs eftir vaxtahæð og lánstíma.

■ **6. gr.** Ríkisskuldabréf þau, er gefin verða út samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu eigi talin með skattskyldum eignum skattþegns í hinu sérstaka framtali, sem í II. kafla laganna greinir. Þau skulu og ásamt vöxtum vera skattfrjáls til 31. des. 1952, en þá skal eigandi þeirra sýna þau skattyfirvöldum til skrásetningar, ef hann vill halda vöxtum af bréfunum, enda verða

1947 Nr. 67 5. júní

þau skattskyld frá þeim tíma. Ef eigandi sýnir ekki bréfin til skrásetningar á tilskildum fresti, verða vextir ekki greiddir, en þá haldast skatthlunnindin, sem að framan greinir.

□ Verði lagður á sérstakur eignarskattur í eitt skipti, má, þrátt fyrir framanskráð ákvæði, skattleggja bréfin í samræmi við aðrar eignir, enda sé þá eiganda þeirra heimilt að greiða skattinn með hlutfallslegum afslætti af nafnverði bréfanna.

■ **7. gr.** Þegar innlausnar er krafizt á útdregnu bréfi, skal sá, er við greiðslu tekur, greina skriflega frá nafni sínu og heimilisfangi svo og því, hver verið hafi eigandi bréfsins, þegar það var dregið út. Stofnun sú, er greiðslu innir af hendi, tilkynnir viðkomandi skattyfirvöldum um greiðslu bréfsins og nafn og heimilisfang eiganda þess.

□ Þegar bréf hefur verið dregið út og greitt, skal sá, er bréfið átti, telja fram í næsta framtali sínu til eignarskatts fé það, er fyrir bréfið kom, svo og þá vexti af því, sem safnazt kunna að hafa fyrir, enda telst þá það fé með skattskyldum eignum hans.

■ **8. gr.** Ef skattþegn telur, að hann hafi eftir 1. ágúst 1947 varið fé til kaupa á skuldabréfum, sem í þessum kafla getur skal honum skylt að greina frá því í framtali sínu, hver verið hafi hinn fyrri eigandi bréfanna. Ef það fæst ekki upplýst, skal fé það, er skattþegninn kveðst hafa goldið fyrir bréfin, talið til skattskyldra eigna hans.

□ Nú kemur fram eignarauki hjá skattþegni eftir 1. ágúst 1947, sem hann telur stafa af sölu ofangreindra ríkisskuldabréfa, og skal hann þá skýra skattyfirvöldum frá, hver sé kaupandi og hvert söluverð hafi verið. Ef þessi atriði fást ekki upplýst, skal skýrsla hans um söluna eigi tekin til greina, þegar honum er ákveðinn skattur.

...[1]

[1] *II.—VI. kafli hafa ekki lengur raunhæft gildi og eru ekki prentaðir hér, sbr. Lagasafn 1965, d. 502—509, um IV.—VI. kafla.*

1960 Nr. 10 22. marz

Lög um söluskatt.

I. kafli.

■ **1. gr.**[1] [Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

□ Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess sem um ræðir í 1. mgr.

□ Auk skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða í ríkissjóð söluskattsauka og gilda ákvæði II. og IV. kafla laga þessara um söluskattsaukann.][2]

[1] *Ath. l. 11/1975, 22. gr., sbr. 36. gr.* [2] *L. 76/1975, 1. gr.*

II. kafli. Um söluskatt af viðskiptum.

■ **2. gr.** [Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 20% — tuttugu af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.][1]

□ Hver sá, sem selur eða afhendir í atvinnuskyni vöru eða verðmæti, og hver sá, sem innir af höndum vinnu og þjónustu, skal með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í lögum þessum, innheimta söluskatt samkv. 1. málsgr. og standa skil á honum í ríkissjóð.

[1] *L. 23/1980, 1. gr.*

1960 Nr. 10 22. marz

■ **3. gr.** Söluskattsskylda af seldri vöru eða vinnu skal almennt bundin við síðasta stig viðskipta, það er sölu til neytenda, en neytandi telst sá, sem ekki endurselur vöru eða vinnu í atvinnuskyni, sbr. næstu málsgr. hér á eftir.

□ Sé eigi annað fram tekið í lögum þessum, er sala á vörum skattfrjáls til aðila, sem kaupir þær til að selja aftur í atvinnuskyni eða sem efni í vöru, er hann hefur atvinnu af að framleiða eða selja, enda hafi hann tilkynnt starfsemi sína samkv. 11. gr. Með sama hætti og með sömu skilyrðum er skattfrjáls sala á vinnu til aðila, sem endurselur verðmæti hennar.

□ Ákvæði 2. málsgreinar þessarar greinar taka ekki til hjálparefna eða óvaranlegra rekstrarvara, og skulu seljendur slíkra verðmæta ávallt innheimta söluskatt af þeim, nema þau séu sérstaklega undanþegin skatti skv. ákvæðum 6. og 7. gr. þessara laga.

■ **4. gr.** Til skattskyldrar sölu og þjónustu telst meðal annars:

a. Sala eða afhending frá smásala eða smásölufyrirtæki, þar með talin pöntunarfélög, lausaverzlun, tilboðasöfnun, sala vara í umboðssölu og sala við frjáls uppboð. Einnig sala eða afhending frá heildsala eða heildsölufyrirtæki til neytenda.

b. Afhending vöru til greiðslu á vöru, vinnu, þjónustu eða öðru, sem láta á eða látið hefur verið í té.

c. Sala eða önnur afhending vara, vinna eða þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum eða iðju- og iðnaðarfyrirtækjum, þar með talin afhending vöru, sem framleidd er eða unnið er að eftir pöntun.

d. Sala eða önnur afhending vara, vinnu eða þjónustu annarra aðila, sem stunda sjálfstæða starfsemi.

e. Úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki, hvort sem um er að ræða vöru, vinnu eða þjónustu, þar með talin þjónusta viðgerðarverkstæða vegna eigin rekstrar.

f. Hvers konar sala, afhending eða þjónusta látin í té í matsölu-, veitinga- og gistihúsum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum, rakarastofum og öðrum snyrtistofum, flutningastarfsemi, sem ekki er sérstaklega undanþegin, kvikmyndaleiga, véla- og önnur lausafjárleiga, afgreiðsla farartækja, fyrirgreiðsla ferðaskrifstofa og önnur slík starfsemi, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum og hvers konar skemmtistarfsemi, og tekur þetta einnig til sölu, afhendingar og þjónustu fyrir hina skattskyldu aðila sjálfa.

g. Leiga gistihúsa og samkomuhúsa.

h. Sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum.

i. Sala hvers konar vátrygginga, sem lög nr. 20/1954 taka til, þó ekki líftrygginga.

j. Innflutningur vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda. Skal skatturinn þá reiknaður af tollverði vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum, innflutningssöluskatti, innflutningsgjaldi, ef það er á vörunni, og viðbætt 10% áætlaðri álagningu. Skatt þennan skal greiða við tollmeðferð vöru.

□ Ráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um skattskyldu.

■ **5. gr.** Söluskattsskyldir eru:

a. Allir þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt,[1] og hafa með

höndum einhvern þann atvinnurekstur eða starfsemi, sem skattskyld er skv. lögum þessum, og ekki eru sérstaklega undanþegnir söluskattsskyldu.

b. Allir þeir aðilar, sem skattfrjálsir eru skv. fyrrgreindum lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eða sérstökum lögum, ef þeir hafa með höndum sams konar eða svipaða starfsemi eða viðskipti og þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. a-lið þessarar greinar, einnig opinber fyrirtæki, enda þótt starfsemi þeirra sé ekki sama eðlis. Má ákveða þetta nánar í reglugerð og einnig um skattfrelsi fyrir tiltekna flokka, sem skattskyldir verða eftir þessum staflið.

c. Umboðsmenn og aðrir aðilar, sem eru í fyrirsvari fyrir erlenda aðila, sem hafa hér á landi söluskattsskylda starfsemi eða viðskipti.

[1] *Nú l. 75/1981.*

■ **6. gr.** Undanþegin söluskatti er sala eftirtalinna vara og verðmæta:

1. Vörur, sem seldar eru úr landi.
2. Nýmjólk, nema um veitingasölu sé að ræða.
3. Fiskumbúðir og kjötpokar.
4. Fiskinet, fiskilínur, önglar og öngultaumar, þó ekki sporttæki.
5. Salt, annað en í smásöluumbúðum.
6. Beitisíld.
7. Tilbúinn áburður, annar en í smásöluumbúðum.
8. Grasfræ.
9. Fóðurvörur.
10. Flugvélaeldsneyti.
11. Innlend dagblöð og hliðstæð blöð, svo og tímarit, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni.
12. Fasteignir, skip, flugvélar og flugvélavarahlutir.
13. Lausafé, sem seljandi hefur notað í eigin þágu eða við starfsemi sína, enda geti salan ekki talizt til atvinnurekstrar.
14. Heimilisnotkun bónda á eigin framleiðsluvörum.
15. Vörur, sem taldar eru í 2. gr. tollskrárlaga.

[16. Rekaviður.][1]

☐ Heimilt er að endurgreiða söluskatt af efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.

☐ [Enn fremur er heimilt að endurgreiða söluskatt af vogum og rafeindabúnaði í flokkunarvélar, enda séu tæki þessi eingöngu ætluð til notkunar í fiskiðnaði.][2]

☐ [Heimilt er að endurgreiða söluskatt af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar og tiltekur gögn er sveitarstjórnir þurfa að leggja fram til að öðlast rétt til endurgreiðslu.][3]

[1] *L. 106/1978, 1. gr.* [2] *L. 41/1981, 1. gr.* [3] *L. 24/1983, 1. gr.*

■ **7. gr.** Eftirtalin starfsemi og þjónusta er undanþegin söluskatti:

1. Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Undanþága þessi tekur einvörðungu til þeirrar vinnu, sem unnin er á byggingarstað, en ekki til vinnu við framleiðslu eða aðvinnslu byggingarvara í verksmiðju, verkstæði eða starfsstöð. [Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa, barnaheimila og leikskóla megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hin ýmsu afhendingarstig þeirra húsa, sem um ræðir í 3. málslið, og taka mið af því, að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.][1]
2. Vinna við skipaviðgerðir og flugvélaviðgerðir.
3. Vöruflutningar, enn fremur fólksflutningar almennra leigubifreiða á bifreiðastöðvum, eftir því sem ráðherra ákveður nánar.
4. Húsaleiga, þó ekki leiga gistihúsa og samkomuhúsa.
5. Útfararþjónusta.
6. Rekstur sjúkrahúsa, fæðingarstofnana, heilsuhæla og annarra þvílíkra stofnana.
7. Sala fasteigna, skipa, flugvéla, verðbréfa og annarra þvílíkra verðmæta.
8. Lækningar og lögfræðistörf og önnur hliðstæð þjónusta, eftir því sem ráðherra ákveður.
9. Sala listamanna á eigin verkum.
10. Sala neyzluvatns.
11. [Þjónusta banka og sparisjóða.][2]

[12. Vinnsla á rekavið unnin af eiganda eða rétthafa rekans.][3]

☐ Ráðherra kveður nánar á um það, hvað fellur undir undanþáguákvæði þessarar greinar og næstu greinar hér á undan.[4]

[1] *L. 23/1982, 1. gr.* [2] *L. 76/1967, 1. gr.* [3] *L. 106/1978, 2. gr.* [4] *Augl. 291/1978; augl. 493/1981; augl. 8/1982, sbr. augl. 63/1982 og augl. 317/1978.*

■ **8. gr.** Reki aðili margháttaða starfsemi, þannig að sumir þættir hennar eru skattskyldir, en aðrir skattfrjálsir, er það skilyrði fyrir því, að þau viðskipti, sem stafa af hinni skattfrjálsu starfsemi, geti við framtal og skattútreikning komið til frádráttar heildarveltu aðila, að hin skattfrjálsu og skattskyldu viðskipti séu greinilega aðgreind bæði í bókhaldi hans og í framtali, svo að fullnægjandi sé talið að dómi skattyfirvalda.

☐ Eigi er seljanda vöru eða þjónustu heimilt að falla frá innheimtu söluskatts, nema óyggjandi sé, að ekki sé um sölu til neytenda að ræða.

☐ Ráðherra getur ákveðið, að þeir aðilar, sem viðskipti hafa bæði við neytendur og endurseljendur, skuli heimta söluskatt af verði allrar vöru og þjónustu, er þeir selja, afhenda eða inna af hendi.

☐ Nú hefur endurseljandi keypt vöru, vinnu eða þjónustu og greitt af því söluskatt, og er honum þá heimilt að draga innkaupsverðið frá söluskattsskyldri veltu sinni. Hafi hann hins vegar enga söluskattsskylda veltu fram að telja eða söluskattsskyld velta hans nemur lægri fjárhæð en nefnd innkaup, þá skal hann fá endurgreiddan þann söluskatt, sem hann þannig hefur ofgreitt. Endurgreiðsla kemur þó eigi til greina, nema hinn ofgreiddi söluskattur sé minnst kr. 1000,00 á ári.

■ **9. gr.** Söluskattur miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði vöru, starfsemi og þjónustu án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds, án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Söluskattur samkv. þessum kafla laganna telst þó ekki með heildarandvirðinu.

☐ Sé um að ræða skipti á vöru eða þjónustu, gjafir, afhending vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin

fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum.

□ Við sölu vara í umboðssölu skal skatturinn reiknast af heildarandvirði vörunnar. Framreiðsla á veitingastöðum telst ekki umboðssala.

■ **10. gr.** Nú vanrækir aðili að taka söluskatt af vöru, vinnu eða annarri þjónustu, sem skattskyld er eftir lögum þessum, og ber honum eigi að síður að standa skil á skattinum.

■ **11. gr.** Allir þeir, sem skattskyldir eru samkv. II. kafla laga þessara skulu innan eins mánaðar frá því lögin öðlast gildi tilkynna skattstjóra eða skattanefnd, þar sem þeir eru heimilisfastir, um rekstur sinn eða starfsemi. Í tilkynningu skal greina nafn og heimilisfang aðila, firmanafn atvinnu, ef það er notað, hvers konar rekstur er um að ræða, hver eða hverjir séu eigendur og hver eða hverjir stjórnendur.

□ Þeir, sem hefja skattskylda starfsemi eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu tilkynna það skattstjóra eða skattanefnd þar, sem þeir eru heimilisfastir, um leið og starfsemi hefst, og láta fylgja þær upplýsingar, sem getið er um í næstu málsgrein hér á undan.

□ Sá, sem tilkynnt hefur starfsemi sína samkv. 1. og 2. mgr. og er heimilt að kaupa vöru eða vinnu án söluskatts samkv. 2. mgr. 3. gr., fær hjá skattstjóra eða skattanefnd skírteini um, að hann hafi tilkynnt starfsemi sem endurseljandi vöru eða vinnu. Slík skírteini skulu gefin út til ákveðins tíma, en falla þó jafnskjótt úr gildi og aðili hættir starfsemi þeirri, sem þau taka til, enda ber honum þegar í stað að tilkynna það viðkomandi skattyfirvöldum. Ofangreind skírteini veita eigi rétt til kaupa á öðrum vörum eða vinnu án söluskatts en þeim, sem 2. mgr. 3. gr. tekur til.

□ Hætti aðili starfsemi, sem er skattskyld skv. lögum þessum, eða breyti um starfshætti eða heimilisfang, ber að tilkynna það skattstjóra eða skattanefnd í viðkomandi umdæmi.

□ Heimilt skal að krefja alla húseigendur um upplýsingar um atvinnurekendur og aðra, sem hafa verzlun, verkstæði, skrifstofur eða aðra starfsstöð í húsum þeirra.

□ Með reglugerð má setja nánari ákvæði um þau atriði, er grein þessi fjallar um.

■ **12. gr.** [Söluskattsskyldir aðilar og aðrir, sem tilgreindir eru á söluskattsskrá, skulu ótilkvaddir greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, söluskatt þann, sem þeim ber að standa skil á samkvæmt lögum þessum. Greiðslum skal fylgja skýrsla, á þar til gerðum eyðublöðum, um heildarveltu fyrir síðasta mánuð, þar með talin úttekt til eigin nota, svo og upplýsingar um frádrátt, söluskattsskylda veltu og söluskatt þann, sem inna ber af hendi.

□ Söluskattsskýrslu með upplýsingum um heildarveltu og frádrátt ber einnig að skila innheimtumanni fyrir hvert uppgjörstímabil, þótt ekki hafi verið um söluskattsskylda veltu að ræða. Innheimtumenn skulu veita skýrslu viðtöku, þótt eigi fylgi greiðsla.

□ Sérhver aðili, sem rekur starfsemi í fleiri en einni starfsgrein, skal eftir nánari ákvörðun skattstjóra, láta í té sérstaka söluskattsskýrslu fyrir hverja þeirra. Skattstjóri getur ákveðið, að aðili, sem rekur starfsemi á fleiri en einum stað, skuli láta í té sérstaka skýrslu fyrir hvern starfsstað.

□ Söluskatti ásamt söluskattsskýrslu skal skila fyrir hvern mánuð. Gjalddagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag, færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

□ Skattstjóri getur heimilað þeim, sem hafa smávægilegan rekstur með höndum, að greiða söluskatt við framvísun söluskattsskýrslu einu sinni á ári, enda sé árleg söluskattsskyld velta yfirleitt minni en 10 000 kr.

□ Skattstjóri skal rannsaka söluskattsskýrslu og leiðrétta skattinn, ef hann er rangt tilgreindur. Einnig skal skattstjóri áætla söluskatt af viðskiptum þeirra, sem ekki hafa skilað fullnægjandi söluskattsskýrslu innan tilskilins tíma.

□ Hafi einhver, sem greiða skal söluskatt, eigi gert fullnægjandi skil á eindaga, skal hann sæta álagi skv. 21. gr. auk þess sem hann getur sætt viðurlögum skv. 25. gr.

□ Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera fullnægjandi skil á skattinum eða álagi skv. 21. gr., á tilskildum tíma, með því m. a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til full skil eru gerð.

□ Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.][1)]

[1)] *L. 33/1982, 1. gr.*

■ **13. gr.** Þeir, sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra eða skattanefndar á söluskatti, geta kært hann til þeirra innan 10 daga frá því að skattur var ákveðinn. Skattstjóri eða skattanefnd skal kveða upp úrskurð um kæruna og tilkynna úrskurðinn í ábyrgðarbréfi innan 10 daga frá lokum kærufrests.

□ Úrskurðum þeirra má áfrýja til ríkisskattanefndar, sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

□ Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera 15 dagar frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra eða skattanefndar og úrskurðarfrestur ríkisskattanefndar jafnlangur.

□ Fjármálaráðherra hefur heimild til að skjóta ákvörðunum skattstjóra eða skattanefndar til ríkisskattanefndar án tillits til kærufresta.

□ Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

■ **14. gr.** Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, en það skal þó gert innan 6 mánaða, frá því að ríkisskattanefnd úrskurðaði málið.

■ **15. gr.** Skattstjórum og skattanefndum er heimilt að krefjast af þeim, sem telja má gjaldskylda, allra nauðsynlegra gagna til skýringar á framtali. Enn fremur er skattyfirvöldum heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum aðila, samningum, verzlunarbréfum og öðrum slíkum skjölum, til athugunar og endurskoðunar. Á sama hátt er heimilt að krefja skattþegn og ábyrga forstöðumenn skattskyldra fyrirtækja eða stofnana um nauðsynlegar upplýsingar svo og að þeir veiti eftirlitsmönnum eða endurskoðendum skattyfirvalda aðgang að skrifstofum, vinnustöðvum, vörugeymsluhúsum og öðrum þess háttar stöðum til birgðakönnunar og annars

1960 Nr. 10 22. marz

1960 Nr. 10 22. marz

eftirlits með viðskiptum hlutaðeiganda.

☐ Þá hafa skattstjórar og skattanefndir rétt til þess að krefjast upplýsinga af þeim, er hafa keypt af söluskattsskyldum aðila eða selt honum vörur eða haft við hann önnur viðskipti. Einnig skulu félög og félagasamtök atvinnurekenda, iðnaðarmanna og annarra viðkomandi aðila skyld að gefa upplýsingar um meðlimi sína og atvinnu þeirra.

☐ Opinberar stofnanir skulu veita aðgang að öllum gögnum, er að dómi skattstjóra og skattanefnda eru nauðsynleg til endurskoðunar framtals og ákvörðunar skatts, og er forstöðumönnum og starfsmönnum nefndra stofnana skylt að láta skattstjóra, skattanefnd eða starfsmönnum þeirra í té alla nauðsynlega aðstoð og upplýsingar, sem óskað er eftir og unnt er að veita.

☐ [Hafi skattstjóri grun um, að verulegur undandráttur á söluskatti hafi átt sér stað, skal hann senda [skattrannsóknarstjóra][1] skýrslu um málið. Þegar [skattrannsóknarstjóra][1] hefur borist slík skýrsla, skal hann, ef hann telur ástæðu til, hefja rannsókn í málinu sjálfur eða fela hana skattstjóra.][2]

[1] *L. 33/1982, 2. gr.* [2] *L. 10/1974, 10. gr.*

■ **16. gr.** [Ríkisskattstjóri skal hafa eftirlit með störfum skattstjóra og sjá um, að sem best samræmi sé í söluskattsákvörðunum hvarvetna á landinu. Hann skal leiðbeina skattstjórum um allt, er að söluskattsákvörðunum og söluskattsframtali lýtur, m. a. með því að senda þeim jafnharðan eftirrit af dómum og úrskurðum, sem almennt gildi hafa.

☐ Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri geta af sjálfsdáðum rannsakað hvert það atriði, er varðar framkvæmd laga þessara, og skal rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra hafa með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum. Geta þessir aðilar í því skyni krafist allra upplýsinga hjá söluskattsskyldum aðilum og öðrum sem framkvæmd þessara laga varðar, á sama hátt og skattstjórar skv. 15. gr. Einnig hafa þeir heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim, sem ætla má, að geti gefið upplýsingar, er máli skipta.

☐ Nú telur ríkisskattstjóri ástæðu til að breyta ályktun skattstjóra um söluskattsákvörðun, og getur hann þá gert aðila söluskatt að nýju. Ætíð skal gera aðila viðvart í ábyrgðarbréfi, áður en söluskattur er reiknaður að nýju samkvæmt þessari grein. Heimilt er aðila að kæra slíka álagningu til ríkisskattanefndar eftir ákvæðum 13. gr.][1]

[1] *L. 10/1974, 11. gr.*

■ **17. gr.** [Ráðherra er heimilt að ákveða, að í öllum verslunum, sölu- eða afgreiðslustöðum, þar sem söluskattur er innheimtur, skuli taka upp peningakassa, sem auðvelt sé að stimpla í öll söluskattsskyld viðskipti, þannig að eftirlitsmenn fjármálaráðuneytisins geti gengið úr skugga um, að allur innheimtur söluskattur komi fram. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.][1]

[1] *L. 10/1974, 12. gr.*

III. kafli. ...[1]

[1] *L. 7/1963, 40. gr.*

IV. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **20. gr.** Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur fjármálaráðherra ákveðið að undanþiggja söluskatti tilteknar tegundir vörusölu, vinnu eða þjónustu umfram það, sem undanþegið er í 6. og 7. gr.

☐ Skattstjóri eða skattanefnd getur ákveðið, að innheimta megi allan söluskatt ársins á gjalddaga síðasta ársfjórðungs, ef um smávægileg viðskipti er að ræða hjá þeim, sem á að standa skil á skattinum.

☐ Fjármálaráðherra má ákveða, að ekki skuli leggja söluskatt á viðskipti, ef ársvelta nemur eigi meira en kr. 1000,00.

☐ Ákveða má, að söluskattur af aðgangseyri að skemmtunum sé innheimtur með skemmtanaskatti.

☐ Að því er varðar þær vörur, sem Tóbakseinkasala ríkisins selur, er ráðherra heimilt að ákveða, að þeir aðilar, sem hafa með höndum smásölu slíkra vara, skuli greiða til einkasölunnar söluskatt skv. II. kafla laganna af þeim vörum, um leið og þeir greiða kaupverð þeirra, og miðast skatturinn við smásöluverð.

☐ Ráðherra er einnig heimilt að ákveða, að innflytjendur olíu og benzíns skuli taka söluskatt, skv. II. kafla laganna, við sölu eða afhendingu þessara vara til umboðsmanna sinna eða annarra aðila. Skal skatturinn miðast við smásöluverð.

☐ Ráðherra kveður nánar á um, hvaða tegundir olíu skuli falla undir ákvæði þessarar málsgreinar.

■ **21. gr.** [[Sé söluskattur ekki greiddur á tilskildum tíma, skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt söluskattsskýrslu, eða til viðbótar þeim söluskatti, sem honum bar að standa skil á, sbr. 10. gr.][1] Sama gildir, ef söluskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og söluskattur því áætlaður, nema aðili hafi greitt fyrir eindaga söluskattsins upphæð, er til áætlunar svarar, eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.

☐ [[Álög][1] skv. 1. mgr. skulu vera sem hér segir:

1. 4% [álag][1] af þeirri upphæð, sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 20%.

2. [Álög][1] til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga, er séu hin sömu og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.][2]

☐ Við útreikning á [álagi][1] á áætlaðan söluskatt telst eindagi sá sami og eindagi söluskatts þess mánaðar, sem áætlað er fyrir. Sama gildir um [álag][1] á vangreiddan eða ógreiddan söluskatt eldri tímabila.

☐ Sendi aðili fullnægjandi söluskattsskýrslu innan kærufrests, skal hann greiða söluskatt samkvæmt skýrslunni auk [álags][1] skv. 2. mgr. þessarar greinar. Kæri aðili áætlaðan söluskatt, skal hann greiða söluskatt samkvæmt kæruúrskurði auk [álags][1] skv. 2. mgr. þessarar greinar.

☐ Komi í ljós, að aðila, sem greiða átti söluskatt, hafi ekki verið áætlaður skattur eða áætlun verið lægri en sá skattur, sem honum bar að greiða, skal hann greiða þann skatt, sem honum bar, auk [álags][1] skv. 2. mgr. þessarar greinar.

☐ Fella má niður [álag][1] samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, ef aðili færir gildar ástæður sér til afsökunar, og geta skattyfirvöld metið það í hverju tilviki, hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Breyta má fyrri áætlun eftir lok kærufrests, ef sérstakar ástæður eru

1960 Nr. 10 22. marz

fyrir hendi, og fær aðili þá kærufrest að nýju, nema um lækkun á fyrri áætlun hafi verið að ræða.

☐ Heimilt er að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur, að söluskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald skv. lögum nr. 51/1968 eða ákvæði reglugerðar um söluskatt um tilhögun bókhalds. Jafnframt er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef í ljós kemur að færsla á sölu í bókhald eða öðrum þeim þáttum, sem söluskattsskýrsla á að byggjast á, styðst ekki við þau gögn, sem ákvæði reglugerðar um söluskatt mæla fyrir um, eða ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir á söluskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg. Enn fremur er heimilt að áætla söluskatt aðila, ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn, sem skattyfirvöld kunna að biðja um til sannprófunar á söluskattsskýrslu, sbr. 15. gr. Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eiga einnig við um áætlanir skv. þessari málsgrein.

☐ Sé skattur vanreiknaður eða viðskipti dregin undan, má gera aðila að greiða söluskatt 6 ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs, þegar álagning fer fram. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða [hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins][1] á söluskattsskilum aðila, reiknast heimild til endurreiknings frá byrjun þess árs, þegar rannsókn hófst.][3]

[1] *L. 33/1982, 3. gr.* [2] *L. 26/1978, 1. gr.* [3] *L. 10/1974, 13. gr.*

■ **22. gr.** Söluskatt, bæði af innfluttum vörum og af öðrum viðskiptum, skal greiða til tollyfirvalda — tollstjórans í Reykjavík, bæjarfógeta í öðrum kaupstöðum, sýslumanna í sýslum og sérstakra lögreglustjóra.

☐ Sömu embættismenn — í Reykjavík borgarfógeti — skulu tilkynna skattstjóra eða skattanefndum um þá atvinnurekendur og aðra söluskattsskylda aðila, sem andast eða verða gjaldþrota.

■ **23. gr.** Verð vöru, vinnu og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur.

■ **24. gr.** Skatt- og tollyfirvöldum, starfsmönnum þeirra og erindrekum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þessi þagnarskylda og ábyrgð hennar helzt, þó að hlutaðeigandi starfsmenn láti af starfi sínu.

■ **25. gr.** [Skýri söluskattsskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því, er máli skiptir um söluskatt hans, eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma söluskattsskýrslu eða þann söluskatt, sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta, skal hann auk ógreidds söluskatts greiða sekt allt að tífaldri þeirri fjárhæð, sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Álag skv. 1. tl. 2. mgr. 21. gr. dregst frá sektarfjárhæð.

☐ Ef aðili vanrækir tilkynningarskyldu sína eftir 2. og 4. mgr. 11. gr., misnotar skírteini það, sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr., vanrækir þá skyldu sína að halda tilskilið bókhald samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum reglna sem settar eru skv. 28. gr., vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju, er varðar söluskattsskýrslu hans, þótt upplýsingarnar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur, skal hann sæta sektum allt að 50 000 kr., enda liggi eigi við brotinu þyngri refsing eftir þessum eða öðrum lögum.

☐ Verði brot á 1. mgr. uppvíst við skipti dánarbús, skal greiða úr búinu sekt, er nemi allt að fjórfaldri þeirri skattfjárhæð, sem undan var dregin eða vanrækt var greiðsla á. Sé svo ástatt sem í 2. mgr. segir, má gera búinu sekt allt að 25 000 kr.

☐ Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn um atriði varðandi söluskattsskýrslur annarra aðila eða gegnir ekki skyldu sinni skv. 15. gr., skal greiða sekt allt að 100 000 kr. Sömu sekt skal sá sæta, sem aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda.

☐ Sektir eftir lögum þessum má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðila framið brot á lögum þessum, má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu.

☐ Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti, má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

☐ Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, og varða slík brot sektum allt að 100 000 kr., nema öðruvísi sé ákveðið í grein þessari.][1]

[1] *L. 33/1982, 4. gr.*

■ **26. gr.** [Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 25. gr., nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni, þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir ríkisskattanefndar um sektir eru fullnaðarúrskurðir. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

☐ Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum svo og eftir ósk sökunautar, ef hann vill eigi hlíta því, að mál hans verði afgreitt af ríkisskattanefnd.

☐ Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

☐ Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu skatta eftir lögunum, þar á meðal um lögtaksrétt. Einnig má beita ákvæðum 8. mgr. 12. gr. við innheimtu þeirra.

☐ Sök skv. 25. gr. fyrnist á 6 árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins eða hjá löglærðum fulltrúum þeirra gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.][1]

[1] *L. 33/1982, 5. gr.*

■ [**27. gr.** Skattstjórar skulu árlega semja og leggja fram söluskattsskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu

1960 Nr. 10 22. marz

en í henni skal tilgreina ákvarðaðan söluskatt hvers söluskattsskylds aðila. Söluskattsskrá skal liggja frammi til sýnis í tvær vikur á hentugum stað í hverju sveitarfélagi. Skattstjóri eða umboðsmaður hans auglýsir í tæka tíð hvar söluskattsskrá liggur frammi.][1]

[1] *L. 33/1982, 6. gr.*

■ [**28. gr.** Um þau atriði, sem ekki eru sérstök ákvæði um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

□ Fjármálaráðherra getur með reglugerð[1] sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal reglur um sérstakt bókhald, fylgiskjöl þess og færslu, þar með talið birgðabókhald fyrir alla söluskattsskylda aðila, skráningu í bókhald, á reikninga, strimla, staðgreiðslusölulista og önnur gögn til sönnunar færslum, löggildingu bóka og gagna, færslu þeirra og geymslu.][2]

□ Í sömu reglugerð má mæla fyrir um framtalsgögn og skjöl, sem þeim skulu fylgja.

□ Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, þar á meðal dagsektir.

□ [Þá má ákveða í reglugerðinni, að söluskatt, söluskattsauka, viðlagagjald af söluskattsstofni, sbr. lög nr. 4/1974, og sérstakt gjald af söluskattsstofni til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, sbr. lög nr. 5/1974, megi leggja á og innheimta í einu lagi og nefna til hagræðis safnheitinu: **sölugjald.** Ríkisbókhaldið skal síðan skipta sölugjaldinu milli aðila, eftir því sem lög mæla fyrir.][3]

[1] *Rg. 486/1982, sbr. 585/1982 og 147/1983 (um söluskatt). Sjá ennfremur reglur 507/1979, sbr. 55/1980 og 332/1982; rg. 8/1981, sbr. 88/1981, 219/1982 og 93/1983, og rg. 206/1975.* [2] *L. 33/1982, 7. gr.* [3] *L. 10/1974, 16. gr.*

1980 Nr. 12 11. apríl

Lög um orkujöfnunargjald.

■ **1. gr.** Leggja skal 1 ½% orkujöfnunargjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum taka til. Gjaldið rennur óskipt til ríkissjóðs.

■ **2. gr.** Ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim lögum skulu gilda að fullu um álagningu, innheimtu og aðra framkvæmd orkujöfnunargjalds.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast gildi frá og með 14. apríl 1980.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar orkujöfnunargjaldi, nema sannað sé að gjaldið hafi verið talið með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

■ **II.** Nú hefur innflytjandi áður en lög þessi ganga í gildi afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað og skal þá ekki innheimt orkujöfnunargjald af henni við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 21. apríl 1980.

■ **III.** Af vörum söluskattsskyldum við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 14. apríl 1980 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða orkujöfnunargjald, nema því aðeins að fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. júní 1980.

1980 Nr. 12 11. apríl

■ **IV.** Vegna aprílmánaðar 1980 skulu framteljendur skila tveimur söluskattsskýrslum, annarri vegna söluskattsskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með 13. apríl en hinni vegna sölu- og orkugjaldsskyldrar starfsemi frá og með 14. apríl og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattsskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

1975 Nr. 11 28. apríl

Lög um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

...

V. kafli. Heimild til lækkunar eða niðurfellingar söluskatts og afnáms tolla af nokkrum mikilvægum matvörum og hráefnum til matvælagerðar.

...

■ **22. gr.** Fjármálaráðherra er heimilt að lækka eða fella niður söluskatt af einstökum matvörum eða matvöruflokkum, sbr. lög nr. 10/1960 með áorðnum breytingum. Fjármálaráðherra setur með reglugerð[1] nánari ákvæði um framkvæmd þessarar lækkunar, þar með skrá yfir þær vörur sem hún tekur til, svo og um bókhald og söluskattsframtal þeirra sem versla með vörur þessar.

[1] *Rg. 206/1975.*

1975 Nr. 48 27. maí

Lög um iðnaðarmálagjald.

■ **1. gr.** Leggja skal 0,1% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnrekstur í landinu, sem af er greitt iðnlánasjóðsgjald samkv. ákvæðum 5. gr. laga nr. 68 10. október 1967. Skal gjaldstofn þess vera hinn sami og iðnlánasjóðsgjaldsins samkv. ákvæðum þessum. Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki að öllu leyti í eign opinberra aðila, svo og fyrirtæki, sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti, nema annars sé getið í þeim lögum.

□ Iðnaðarmálagjald skal lagt á af skattstjórum með iðnlánasjóðsgjaldi og innheimt af innheimtumönnum ríkisins. Gjalddagi skal vera hinn 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. desember 1885.

□ Iðnaðarmálagjald skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts, svo og tekjuútsvars, ef um er að ræða. Óheimilt er að leggja gjaldið við verð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja.

■ **2. gr.** Tekjum af iðnaðarmálagjaldi skal þannig varið:

1. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds Sambands ísl. samvinnufélaga og kaupfélaga innan þess, skal renna til starfsemi í þágu iðnaðar samvinnufélaganna eftir nánari ákvörðun stjórnar sambandsins.

2. Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds lagmetisframleiðenda, sem eru aðilar að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, skal renna til þeirra samtaka sem ráðstafa þeim hluta til eflingar lagmetisiðnaðinum í landinu.

3. Eftirstöðvar iðnaðarmálagjaldsins skiptast að

1975 Nr. 48 27. maí

jöfnu milli Félags íslenskra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, sem hvort um sig ráðstafar sínum hluta til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu.

□ Aðilar þeir, sem iðnaðarmálagjaldið rennur til samkv. framansögðu, skulu senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis þess.

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal í fyrsta sinn lagt á iðnaðarmálagjald árið 1975 á gjaldstofn ársins 1974.

1976 Nr. 6 13. febr.

Lög um gjald af gas- og brennsluolíum.

■ **1. gr.** Greiða skal gjald af gasolíu, tnr. 27.10.40, og brennsluolíu, tnr. 27.10.50. Skal gjald þetta nema kr. 1,33 af hverju kg.

■ **2. gr.** Gjald þetta skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Skulu ákvæði laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl., svo og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit gilda um gjald samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

■ **3. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu gjalds þessa, er miðist við sölu birgða.

1976 Nr. 8 27. febr.

Lög um flugvallagjald.

■ **1. gr.** [Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa. Frá og með 1. janúar 1980 skal tekjum af gjaldi þessu varið til eflingar flugmála.][1)]

□ Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi skv. farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

□ Heimilt er að innheimta tilsvarandi gjald vegna farþega sem fara með skipum frá Íslandi til annarra landa. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar málsgreinar skulu sett í reglugerð. Að öðru leyti gilda um gjöld skv. þessari málsgrein ákvæði 2., 4., 5., 6. og 7. gr. þessara laga, svo og ákvæði 2. mgr. 3. gr.

[1)] *L. 110/1978, 1. gr.*

■ **2. gr.** [Flugvallagjald skal vera 8800 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald en fyrir yngri farþega skal ekkert gjald greiða. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.][1)]

□ Flugvallagjalds skal getið í verði farseðils.

[1)] *L. 18/1980, 1. gr.*

■ **3. gr.** [Flugfélög, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald er nemi 650 kr. á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum og eldri eru en 12 ára. Fyrir farþega á aldrinum 2—12 ára skal greiða hálft gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar enda vari viðdvöl ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.

□ Flugvallagjald skv. 2. gr. og skv. þessari grein skal vera grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 31. desember 1975. Grunntaxti flugvallagjalds er miðaður við vísitölu 1. janúar 1980, þ. e. 398 stig.][1)]

[1)] *L. 18/1980, 2. gr.*

1976 Nr. 8 27. febr.

■ **4. gr.** Eigandi loftfars og sá er ábyrgð ber á rekstri þess bera ábyrgð á greiðslu gjalda skv. lögum þessum.

□ Fyrir brottför loftfars frá Íslandi skal afhenda umboðsmanni ríkissjóðs á flugstöð skrá um farþega með því, áhöfn þess og hverjir séu gjaldfrjálsir skv. 2. mgr. 1. gr. eða greiða skulu hálft gjald skv. 2. gr. Skrá þessi skal undirrituð af flugstjóra eða umboðsmanni flugfélags á flugvelli.

■ **5. gr.** Flugvallagjald vegna farþega, er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis, og allra loftfara, sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða umboðsmanni ríkissjóðs fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá skv. 2. mgr. 4. gr.

□ Flugvallagjald vegna farþega, sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, svo og gjald skv. 3. gr., skal greiða til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför.

■ **6. gr.** Sé gjöldum skv. lögum þessum ekki skilað á réttum gjalddaga skal sá, sem gjaldinu ber að skila, greiða af því viðurlög, er nemi 1% fyrir hverja byrjaða viku frá gjalddaga. Nú er skrifstofa innheimtumanns lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

□ Gjöld skv. lögum þessum njóta lögtaksréttar.

□ Heimilt er innheimtumanni að láta lögregluna stöðva atvinnurekstur þess, er eigi gerir skil á réttum gjalddaga, þar til skil eru gerð, m. a. með því að setja skrifstofur, starfsstofur og flutningatæki hans undir innsigli.

■ **7. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerð,[1)] sem ráðherra kann að setja um nánari framkvæmd laganna, varða sektum, ...[2)] nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum, svo og sviptingu starfsleyfis.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1976.[3)]

[1)] *Rg. 615/1982.* [2)] *L. 75/1982.* [3)] *Ath. l. 11/1975, VI., sbr. IX. kafla.*

1980 Nr. 81 23. des.

Lög um álag á ferðagjaldeyri.

■ **1. gr.** Leggja skal 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið rennur í ríkissjóð og skal innheimt af gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjármálaráðherra setur.

1980 Nr. 73 26. nóv.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga.

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

a. Fasteignaskattur.
b. Framlög úr Jöfnunarsjóði.
c. Útsvör.
d. Aðstöðugjöld.

□ Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því, er lög þessi ákveða.

■ **2. gr.** Auk tekna samkvæmt 1. gr. hafa sveitarfélög

tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum, sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o. fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem leyfisgjöld o. fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

II. kafli. Um fasteignaskatt.

■ **3. gr.** Á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. þó 5. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélags, þar sem fasteign er.

□ Skattur þessi skal miðaður við fasteignamat og vera svo sem hér segir:

a. ½% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda og jarðeigna, sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihúsa og mannvirkja á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði.

b. 1% af öllum öðrum fasteignum, sem metnar eru í fasteignamati.

□ Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 2. málsgrein þessarar greinar, samkvæmt öðrum hvorum eða báðum stafliðum.

□ Í sveitarfélagi, þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli, er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt, sbr. 3. mgr.

□ Auk þess skatts, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, er sveitarstjórn heimilt að leggja skatt á hlunnindi, sem eru í eign utansveitarmanna, sem nemur 4% af virðingarverði þeirra.

■ **4. gr.** Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu skattsins, sem reiknast af heilum þúsundum matsverðs, og skal sleppa því, sem umfram er.

□ Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

□ Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn, og sker þá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstólanna.

□ [Sveitarstjórn ákveður hvenær fasteignaskattur fellur í gjalddaga og er henni heimilt að kveða á um að skatturinn greiðist með sem næst jöfnum greiðslum á fleiri en einum gjalddaga.][1)]

[1)] *L. 95/1982, 1. gr.*

■ **5. gr.** Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, [heimavistir, þar með taldir stúdentagarðar og hjónagarðar,][1)] íþróttahús, endurhæfingastöðvar, barnaheimili, orlofsheimili launþegasamtaka, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, félagsheimili og samkomuhús sem ekki eru rekin í ágóðaskyni, öryrkja- og elliheimili og heilsuhæli, þó ekki húsnæði slíkra stofnana, sem notað er til atvinnurekstrar, bókasöfn og önnur safnhús, svo og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

□ Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot.

□ [Skylt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt, sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.][2)]

□ Heimilt er sveitarstjórn að undanþiggja nýjar íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum fasteignaskatti í allt að tvö ár, eftir að afnot hefjast.

□ Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af fasteignum, sem einvörðungu eru notaðar til tómstundaiðju, sem viðurkennd er af viðkomandi sveitarstjórn.

[1)] *L. 95/1982, 2. gr.* [2)] *L. 47/1982,,1. gr.*

■ **6. gr.** Nú er afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, þann veg háttað, að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt báðum gjaldflokkum 2. mgr. 3. gr., og skulu þá þeir, sem annast mat nýbygginga og endurbóta fasteigna, ákveða hlutfallslega skiptingu matsverðs slíkra eigna eftir afnotum.

■ **7. gr.** Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

III. kafli. Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

■ **8. gr.** Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

a. Að greiða framlag til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

b. Að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.

c. Að leggja út greiðslur þær milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær voru inntar af hendi fyrir.

d. Að greiða aukaframlag, sbr. 15. gr.

e. Að greiða fólksfækkunarframlag, sbr. 16. gr.

f. Að greiða 1% af tekjum sjóðsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga og 1% til landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem skiptist jafnt á milli þeirra.

g. Að greiða árlega 5% af vergum tekjum sjóðsins til Lánasjóðs sveitarfélaga, sbr. lög nr. 35/1966 og lög nr. 99/1974.

h. Að greiða útgjöld samkvæmt lögum nr. 54 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

■ **9. gr.** Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

a. Framlag úr ríkissjóði, sem nemur 8% af söluskatti þeim, sem innheimtur er í ríkissjóð skv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt, svo og 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs, samkvæmt lögum nr. 6/1974, um tollskrá o. fl.

Framlagið greiðist Jöfnunarsjóði mánaðarlega eftir á.

b. Landsútsvör samkvæmt 10.—12. gr. laga þessara.

■ **10. gr.**[1)] Landsútsvör greiða:

a. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.

b. Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins.

c. Síldarverksmiðjur ríkisins, Landssmiðjan, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg og Ferðaskrifstofa ríkisins.

d. Olíufélög, sem flytja inn olíur, olíuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu innanlands.

e. Bankar.

[1)] *Rg. 182/1962, sbr. 6/1965.*

■ **11. gr.** Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

a. 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja, samkvæmt 10. gr. a.

b. 2% af heildarsölu stofnana þeirra, sem um getur í 10. gr. b.

c. 10% af tekjum stofnana þeirra, sem um ræðir í 10. gr. c, sbr. 23. gr. laga þessara.

d. 1⅓% af heildarsölu olíufélaga, sbr. 10. gr. d.

e. 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta banka, sbr. 10. gr. e.

■ **12. gr.** Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara samkv. 10.—11. gr.

□ Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin, samkv. gjaldskrá, sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

■ **13. gr.** Tekjur Jöfnunarsjóðs, sbr. 9. gr., að frádregnum útgjöldum samkvæmt stafliðum b og d—h í 8. gr., koma til úthlutunar til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

□ Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar. Öðru úthlutunarfé skal skipt á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum og útsvörum gjaldársins sbr. þó 8. gr. d.

□ Landsútsvar samkvæmt 11. gr. e rennur óskipt í Jöfnunarsjóð.

■ **14. gr.** Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga samkvæmt 13. gr. skal greitt mánaðarlega.

□ Nú eru ekki gerð skil á ársreikningum sveitarfélags, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58 29. mars 1961, og greiðist því sveitarfélagi þá ekki framlag samkv. 1. mgr., fyrr en skil hafa verið gerð.

□ Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

■ **15. gr.** Aukaframlag skal veita þeim sveitarfélögum, sem skortir tekjur til greiðslu lögboðinna eða óhjákvæmilegra útgjalda.

□ Enn fremur er heimilt að greiða aukaframlög til sveitarfélaga, sem verða fyrir fjárhagstjóni vegna laga nr. 94 30. desember 1975.

□ Skilyrði þess, að sveitarfélag fái aukaframlag skv. 1. mgr. þessarar greinar, er:

a. að sveitarfélag hafi lagt á fullt útsvar samkvæmt 25. gr.,

b. að sveitarfélag hafi innheimt fasteignaskatt með álagi skv. 3. mgr. 3. gr., ef félagsmálaráðuneytið hefur krafist þess, sbr. þó 13. gr. laga nr. 11/1975,[1)]

c. að sveitarfélag hafi fyrir 1. október sent umsókn um aukaframlag til félagsmálaráðuneytisins og látið fylgja umsókn nauðsynleg gögn um þörf aukaframlags, svo sem ársreikninga næstliðins árs, fjárhagsáætlun líðandi árs, greinargerð um nýtingu tekjustofna og nauðsyn aukaframlags.

□ Heimilt er að greiða aukaframlag skv. 2. mgr. þessarar greinar, þótt ekki sé fullnægt öllum skilyrðum skv. stafliðum a—c hér að framan.

□ Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 14. gr.

□ Félagsmálaráðuneytið ákveður aukaframlög að fenginni umsögn stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðuneytið getur krafið sveitarfélag, sem sótt hefur um aukaframlag, um frekari gögn og upplýsingar en greinir í c-lið.

□ Við ákvörðun aukaframlags til einstakra sveitarfélaga skal hafa hliðsjón af því, hverjar tekjur eru af einstökum tekjustofnum í hlutaðeigandi landshluta og landinu í heild á íbúa á því ári, sem framlag er veitt.

□ Til að mæta útgjöldum samkvæmt þessari grein má verja 6% af tekjum sjóðsins, svo og vaxtatekjum sjóðsins og því fé, sem ekki kemur til úthlutunar samkvæmt 2. mgr. 13. gr.

[1)] *4. mgr. 3. gr. þessara laga.*

■ **16. gr.** Nú hefur fólksfækkun orðið í sveitarfélagi næstliðið ár og skal þá sveitarfélagið fá sérstakt aukaframlag úr Jöfnunarsjóði sbr. e-lið 8. gr., enda sendi sveitarstjórn sjóðnum kröfu um það fyrir árslok ár hvert. Framlagið skal vera allt að meðalútsvari á íbúa í landinu næstliðið ár margfaldað með íbúafækkunartölunni.

□ Félagsmálaráðuneytið úrskurðar fólksfækkunarframlög samkvæmt 1. mgr. og greiðir þau hlutaðeigandi sveitarfélögum fyrir 15. nóvember.

■ **17. gr.** Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Skal sjóðurinn vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga, greiðslur samkv. 8. gr., svo og afgreiðslur á vegum sjóðsins.

■ **18. gr.** Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

■ **19. gr.** Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af ríkisendurskoðuninni.

□ Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

■ **20. gr.** Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um álagningu, áfrýjun úrskurða, gjalddaga og innheimtu landsútsvara, samkv. 9.—12. gr.

IV. kafli. Um útsvör.

■ **21. gr.** Þeir menn, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 40/1978[1)] um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar af tekjum sínum til sveitarfélags eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

[1)] *Nú l. 75/1981.*

■ **22. gr.** Hver maður, útsvarsskyldur samkvæmt lögum þessum, skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fellur það óskipt til þess.

□ Þeir menn, sem um ræðir í 1. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 40/1978,[1)] skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuárinu.

□ Þeir menn, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 40/1978,[1)] skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags, þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á tekjuárinu.

[1)] *Nú l. 75/1981.*

■ **23. gr.** Útsvar skal leggja á tekjur þær sem skattskyldar eru samkvæmt II. kafla laga nr. 40/1978.[1)]

□ Frá tekjum þessum skal draga frádrátt samkvæmt A-lið, 1. tl. B-liðar, 3. tl. C-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.[1)]

□ Frá útsvarsskyldum tekjum manna, sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr.

laga nr. 40/1978,[1] skal draga gjöld þau sem talin eru í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978,[1] eftir því sem við getur átt.

☐ Enn fremur skal draga frá útsvarsskyldum tekjum elli- og örorkulífeyri samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

☐ Þá skal lækka stofn til útsvars um sömu fjárhæð og skattstjóri veitir til lækkunar á tekjuskattsstofni samkvæmt 66. gr. laga nr. 40/1978.[1]

☐ Við ákvörðun stofns til útsvars samkvæmt þessari grein gilda reglur 62.—65. gr. laga nr. 40/1978,[1] eftir því sem við getur átt.

[1] *Nú l. 75/1981.*

■ **24. gr.** Skattstjórar annast álagningu útsvars.

☐ Ákvæði VIII.—XIV. kafla laga nr. 40/1978[1] gilda um útsvar, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

[1] *Nú l. 75/1981.*

■ **25. gr.** Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs, sem þó má ekki hærri vera en 11% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á alla menn í hverju sveitarfélagi.

☐ Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 40/1978,[1] skal vera 3% af útsvarsstofni og skal barn ekki njóta lækkunar skv. 26. gr., sbr. þó 7.—9. mgr. þeirrar greinar.

☐ Við samningu fjárhagsáætlunar fyrir næsta almanaksár ákveður sveitarstjórn, hver hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári, og tilkynnir skattstjóra um ákvörðun sína, eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

☐ Nú hrökkva útsvör samkvæmt 1. mgr. ekki fyrir áætluðum útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka þau um 10% að fengnu samþykki ráðherra.

[1] *Nú l. 75/1981.*

■ **26. gr.** Hjá þeim mönnum, sem um ræðir í 2. mgr. 22. gr. og heimilisfastir hafa verið hér á landi allt tekjuárið, skal við álagningu lækka útsvarið um 35 000 kr.

☐ Fyrir hvert barn innan 16 ára á tekjuárinu, sem var heimilisfast hjá framfæranda hér á landi allt það ár, skal lækka útsvar hans um 7000 kr. Þegar um fleiri en þrjú börn er að ræða skal útsvar framfæranda lækkað að auki um 7000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.

☐ Lækkun útsvars vegna barna skal skipt á milli framfærenda eftir reglum 4. og 5. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1978.[1]

☐ Þegar um hjón er að ræða og lækkun skv. 1.—3. mgr. nemur samtals hærri fjárhæð hjá öðru þeirra en álagt útsvar þess, þá skal sá hluti lækkunar, sem umfram er, bætast við lækkun hjá hinu.

☐ Hjá mönnum, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 22. gr. og dveljast hér á landi hluta úr ári, skulu ofangreindar fjárhæðir miðast við hlutfallslegan dvalartíma þeirra og barna þeirra hér á landi. Dvalartíma skal telja í heilum mánuðum og telst brot úr mánuði sem heill mánuður.

☐ Ákvæði þessarar greinar taka ekki til þeirra manna sem um ræðir í 2.—8. tl. 3. gr. laga nr. 40/1978.[1]

☐ Fella skal niður útsvar sem nemur 10 000 kr. eða lægri fjárhæð.

☐ Ofangreindar fjárhæðir skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.[1]

☐ Útsvar skal lagt á í heilum þúsundum króna, þannig að lægri fjárhæð en 1000 kr. skal sleppt.

[1] *Nú l. 75/1981.*

■ **27. gr.** Að lokinni álagningu útsvara getur sveitarstjórn tekið ákvörðun um umsókn manna um lækkun álagðra útsvara, þegar svo stendur á sem greinir í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 40/1978,[1] fari þeir fram á frekari lækkun en skattstjóri veitti. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum. Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum viðkomandi manna svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra og viðkomandi manns.

☐ Þeim, sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

[1] *Nú l. 75/1981.*

■ **28. gr.** Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattumdæmi sínu þegar hann hefur lokið álagningu útsvara. Skrá þessa skal hann senda viðkomandi sveitarstjórn.

■ **29. gr.** Sveitarstjórn annast innheimtu útsvara.

☐ Sveitarstjórn er heimilt að gera samning við fjármálaráðherra og forráðamenn annarra stofnana um að innheimta skuli í einu lagi öll gjöld sem greiða ber þessum aðilum. Má fela gjaldheimtuna sveitarfélagi, innheimtumanni ríkissjóðs eða sérstakri innheimtustofnun. Allar heimildir og skyldur sveitarfélaga, innheimtumanns ríkissjóðs og stofnana vegna gjaldheimtu skulu færast til þess aðila sem tekur gjaldheimtuna að sér.

☐ Útsvar skal greitt á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar hinn fyrsti dagur hvers mánaðar, nema mánuðina janúar og júlí. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða að útsvar skuli greiðast á einum eða tveimur gjalddögum, 15. júlí og 15. október.

☐ Þar til álagning útsvara liggur fyrir, skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga upp í útsvar fjárhæð, sem nema skal ákveðnum hundraðshluta af því útsvari, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðast fyrir hvert ár í samræmi við þá reglugerð sem fjármálaráðherra setur um innheimtu tekju- og eignarskatts.

☐ Álagt útsvar að frádregnu því, sem greiða ber fyrir álagningu skv. 4. mgr. þessarar greinar, skal greiða með jöfnum afborgunum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

☐ Vangreiðsla að hluta veldur því að útsvar gjaldandans fellur í gjalddaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

☐ Séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

☐ Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á útsvari sínu fyrir brottför af landinu.

□ Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum, sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður eftir úrskurði eða dómi, skal endurgreiðsla þegar fara fram.

■ **30. gr.** Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 40/1978,[1] skulu senda ótilkvaddir viðkomandi sveitarstjórn skrá um þá launþega sem þar eiga að greiða útsvar. Eru launagreiðendur skyldir að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar útsvari þeirra. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

□ Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfsskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

□ Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

□ Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi fé, er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 43. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til sveitarstjórnar.

□ Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

[1] *Nú l. 75/1981.*

■ **31. gr.** Gjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til launagreiðanda, getur krafið viðkomandi sveitarstjórn um það sem ofgreitt kann að vera, og skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.

□ Sveitarstjórn getur ekki krafið gjaldanda um útsvar er launagreiðandi hefur haldið eftir af launum gjaldandans, þó að launagreiðandinn hafi ekki staðið skil á fénu til sveitarstjórnar.

■ **32. gr.** Hjón, sbr. 63. gr. laga nr. 40/1978,[1] bera óskipta ábyrgð á greiðslu útsvars sem á þau er lagt, og getur sveitarstjórn gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu þess. Rétt er því hjóna, er útsvarsgreiðslur annast, að krefjast endurgreiðslu af hinu hjóna á þeim hluta útsvars er það hefur greitt umfram það sem að réttum hlutföllum kemur í þess hlut miðað við tekjur hvors hjóna.

□ Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á útsvarsgreiðslum þeirra. Erfingjar í dánarbúi, sem skipt er einkaskiptum, bera óskipta ábyrgð á útsvarsgreiðslum hins látna.

□ Þeir, sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslausa menn, er fengið hafa landvistar- eða dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á útsvarsgreiðslum þeirra. Þeir, sem greiða aðilum, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur sem um er rætt í 3. gr. laga nr. 40/1978,[1] bera ábyrgð á útsvari viðtakenda vegna þessara greiðslna.

□ Gera má lögtak hjá þeim, sem ábyrgð ber á útsvari, til tryggingar því útsvari er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

□ Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfsskuldarábyrgð.

□ Sveitarstjórn er heimilt að krefjast þess að aðilar, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 40/1978,[1] setji tryggingu fyrir væntanlegu útsvari sínu svo og fyrir útsvarsgreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

[1] *Nú l. 75/1981.*

■ **33. gr.** Sama rétt og gjaldendur hafa til þess að kæra út af útsvari til skattstjóra og áfrýja úrskurðum til ríkisskattanefndar hafa og sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli.

■ **34. gr.** Nú þykir sýnt, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda á reikningsárinu, og getur þá sveitarstjórn ákveðið hækkun álagðra útsvara, sem svarar því, sem á vantar, þannig að öll útsvör verði hækkuð eftir ákveðnu hundraðshlutfalli.

□ Álögð útsvör, að viðbættri hækkun, mega ekki hærri vera en fyrir er mælt í 25. gr.

■ **35. gr.** Nú ákveður sveitarstjórn að nota heimild í 34. gr. um hækkun útsvara, og skal hún þá auglýsa þá ákvörðun sína í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti. Viðbótargjöld þessi falla í gjalddaga viku eftir birtingu auglýsingarinnar.

V. kafli. Um aðstöðugjald.[1]

[1] *Rg. 81/1962.*

■ **36. gr.** Sveitarstjórnum er heimilt að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá þeim aðilum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

□ Undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu eru eftirtaldir aðilar:

1. Þeir sem um ræðir í 1.—4. tl. 4. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt.[1] Varðandi sveitarfélög tekur undanþága þessi einungis til þeirrar starfsemi sem þau eða fyrirtæki þeirra stunda í eigin umdæmi. Heimilt er að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir sem um ræðir í c-lið 10. greinar með síðari breytingum.
2. Félög, sjóðir og stofnanir er um ræðir í 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 40/1978,[2] að því marki sem þau reka ekki atvinnu.
3. Olíufélög, sem greiða landsútsvar.
4. Íslenskir kirkjusjóðir.

□ Eftirtalin starfsemi er undanþegin aðstöðugjaldi: Rekstur skóla, barnaheimila, sjúkrahúsa, elliheimila, orkuvera til almenningsþarfa, sláturhúsa, mjólkurbúa, banka og innlánsstofnana.

[1] *Nú l. 75/1981.* [2] *Nú 6. tl. l. 75/1981.*

■ **37. gr.** Aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978.[1] Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst gjaldfærsla skv. 53. gr. laga nr. 40/1978[1] en frá honum dregst tekjufærsla skv. sömu grein.

□ Undanþeginn aðstöðugjaldi er rekstrarkostnaður samkv. 2. mgr. 1. tl. 31. gr. laga nr. 40/1978,[1] enn fremur sá hluti rekstrarkostnaðar sem umfram er heildartekjur, og telst tekjufærsla skv. 53. gr. laga nr. 40/1978[1] þá ekki til heildartekna.

□ Hafi aðili með höndum fjölþættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, skal telja verðmæti, sem þannig eru flutt, til heildartekna hjá þeim þætti rekstrarins, er af hendi lætur, en aðstöðugjaldsskylds rekstrarkostnaðar hjá þeim þætti sem á móti tekur.

□ Aðstöðugjaldsskyldir aðilar skulu skila skattstjóra sérstakri greinargerð um aðstöðugjaldsskyldan rekstrarkostnað í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Greinargerð þessari skal skila með skattframtali framtalsskyldra aðila samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en þeir, sem undanþegnir eru þeirri framtalsskyldu, skulu fyrir 31. maí ár hvert skila greinargerð þessari ásamt ársreikningi til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

[1] *Nú l. 75/1981.*

■ **38. gr.** Aðstöðugjald má eigi hærra vera en hér greinir:

a. Allt að 0,33% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.

b. Allt að 0,65% af rekstri verslunarskipa og af fiskiðnaði.

c. Allt að 1% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum.

d. Allt að 1,3% af öðrum atvinnurekstri.

■ **39. gr.** Um álagningu og innheimtu aðstöðugjalds gilda ákvæði 24., 28., 29., 32., 33. og 43. greinar eftir því sem við á.

□ Aðstöðugjald skal álagt í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en 1000 kr. skal sleppt.

■ **40. gr.** Heimilt er að innheimta aðstöðugjald hjá aðila sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur atvinnurekstur[1] sinn ef:

a. hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun, hefur þar með höndum húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar,

b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

□ Í þeirri greinargerð, sem aðstöðugjaldsskyldum aðila ber að gera skv. 4. mgr. 37. gr., skal koma fram hvað af rekstrarkostnaði hans tilheyri þeirri starfsemi sem hann rekur í öðrum sveitarfélögum. Skattstjóri skal senda upplýsingar um aðstöðugjaldsstofn til skattstjóra í því umdæmi, þar sem viðkomandi starfsemi fer fram.

[1] *Mun eiga að vera aðalatvinnurekstur, sbr. 16. og 21. gr. l. 13/1980.*

■ **41. gr.** Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um innheimtu aðstöðugjalds, og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té upplýsingar um, hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 38. gr.

□ Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 31. mars ár hvert.

■ **42. gr.** Telji skattstjóri ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu og gjaldflokka ganga lengra en heimilað er eða brjóta á einhvern hátt í bága við lög eða reglugerð um aðstöðugjald, skal leita úrskurðar félagsmálaráðherra og fresta álagningu að því leyti, uns úrskurður er fenginn.

□ Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurðinn svo fljótt sem auðið er og senda hann viðkomandi skattstjóra og sveitarstjórn án tafar.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **43. gr.** [Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarfélagi dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr. og 3.—5. mgr. 29. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 6. mgr. 29. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.][1]

□ Nú verður ljóst, þegar álagningu sveitarsjóðsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra, að gjaldandi hefur greitt meira en endanlegu álögðu gjaldi nemur, og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu sveitarfélags. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

[1] *L. 95/1982, 3. gr.*

■ **44. gr.** Gjöld samkvæmt lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

■ **45. gr.** Heimilt er sveitarstjórn að breyta gjalddögum þeirra gjalda, sem renna eiga í sveitarsjóð, til samræmis við gjalddaga útsvara.

■ **46. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á útsvörum þeirra erlendra og íslenskra aðila, sem eftir gildandi útsvarslögum ríkjanna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

□ Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur skv. 1. mgr. og maður, sem útsvarsskyldur er hér á landi samkvæmt 22. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki útsvar af tekjum sínum sem útsvarsskyldar eru hér á landi, og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn manns eða ábendingu skattstjóra, að lækka útsvar hans hér á landi með hliðsjón af þessum útsvarsgreiðslum hans.

■ **47. gr.** Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði með reglugerð[1] um framkvæmd laga þessara.

[1] *Rg. 467/1981 (um aukaframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga).*

■ **48. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara, aðstöðugjalds og innheimtu fasteignaskatts á árinu 1980 vegna tekna og gjalda á árinu 1979. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 51 10. júní 1964, lög nr. 67 23. desember 1964, lög nr. 67 21. maí 1965, lög nr. 43 6. maí 1966, lög nr. 59 16. apríl 1968 og lög nr. 69 12. maí 1970.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Við ákvörðun stofna til útsvars og aðstöðugjalds skulu ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum[1] gilda eftir því sem við á.

[1] *Nú l. 75/1981.*

■ **II.** Við álagningu útsvars á árinu 1980 vegna tekna á árinu 1979 skal við ákvörðun gjaldstofns til útsvars draga frádrátt skv. 2. og 4. tl. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978.[1] Enn fremur skulu vaxtatekjur og verðbætur manna á árinu 1979 af verðtryggðum sparisk írteinum ríkissjóðs vera frádráttarbærar að fullu frá tekjum við álagningu útsvars á árinu 1980.

[1] *Nú 1.—2. tl. B-liðar 1. mgr. 30. gr. l. 75/1981.*

■ **III.** Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu lög nr. 1/1980 gilda eftir því sem við á um greiðslu útsvara á fyrri hluta ársins 1980.

■ **IV.** Hvarvetna þar sem í lögum þessum er vísað til laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt,[1] er vísað til þeirra laga með síðari breytingum eftir því sem við

1980 Nr. 73 26. nóv. getur átt. Verði síðari breytingar sem gerðar hafa verið á lögum nr. 40/1978, felldar inn í meginmál þeirra og útgefin ný lög, skal við framkvæmd á 2. mgr. 21. gr. laga þessara[2] breyta vísunum til laga nr. 40/1978 til samræmis við það.

[1] *Nú l. 75/1981.* [2] *2. mgr. 21. gr. l. 13/1980.*

1959 Nr. 29 30. apríl **Lög um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat.**

■ **1. gr.** Heimilt er sveitarstjórnum að ákveða að innheimta skuli með álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við gildandi fasteignamat og renna eiga í sveitarsjóði. Þó má aldrei innheimta hærri gjöld af einstakri fasteign eftir þessum lögum en þau gátu orðið hæst fyrir 1. maí 1957. Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til vatnsskatts.

1970 Nr. 99 12. des. **Lög um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.**[1]

[1] *Tímabundin lög, sjá og lög 100/1971, 103/1972, 94/1973, 94/1974, 75/1975, 102/1976 og 62/1977.*

1971 Nr. 3 23. febr. **Lög um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda.**

■ **1. gr.** Nú er í lögum heimilað að innheimta fyrir fram upp í opinber gjöld á fyrstu 6 mánuðum byrjaðs árs 50% af gjöldum næstliðins árs. Hækka má þann hundraðshluta með úrskurði fjármálaráðuneytisins þannig, að í stað 50% megi innheimta allt að 60% fyrir árið 1971.

1962 Nr. 68 27. apríl **Lög um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda.**

■ **1. gr.** Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, forráðamönnum sveitarfélaga, svo og opinberum stofnunum að semja sín í milli um, að innheimt skuli í einu lagi gjöld, er greiða ber þessum aðiljum. Má fela gjaldheimtuna innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða eða sérstakri innheimtustofnun.

■ **2. gr.** Nú takast samningar um gjaldheimtu samkvæmt 1. gr., og skal þá samið um hlutdeild hvers aðilja í kostnaði við hana til eigi skemmri tíma en eins árs í senn.

■ **3. gr.** Allar skyldur, sem innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða og opinberra stofnana eru lagðar á herðar lögum samkvæmt, svo og allar heimildir, sem þeim eru veittar til þess að framfylgja gjaldheimtunni, skulu falla til þess aðilja, sem samkvæmt samningi tekur innheimtuna að sér.

■ **4. gr.** Heimilt er að samræma gjalddaga einstakra opinberra gjalda, sem innheimt verða með þessum hætti, setja sameiginleg ákvæði um dráttarvexti, vangreiðslu á hluta gjalda fyrirframgreiðslu, skyldur kaupgreiðenda til að halda eftir af kaupi fyrir opinberum gjöldum og annað það, er einvörðungu lýtur að innheimtu gjalda. Nánari ákvæði um þetta má setja í reglugerð.[1]

[1] *Rg. 320/1974 (Seltjarnarnes), rg. 95/1962, sbr. 100/1965, 333/1979 og 129/1981 (Rvík).*

■ **5. gr.** Sé sjúkrasamlag aðili að innheimtu, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs, samkv. 58. gr. laga nr. 24 frá 1956, um almannatryggingar,[1] sbr. 21. gr. laga nr. 13 frá 1960, miðast við innheimtar tekjur samlagsins, eins og þær verða samkvæmt samningi aðilja um innheimtuna.

□ Í samþykktum slíks samlags má ákveða:

1. Að iðgjald hjóna skuli krafið í einu lagi.
2. Að víkja frá reglum 78. gr., sbr. 50. og 51. gr. almannatryggingalaga um greiðslufrest iðgjalda og viðurlög við vangreiðslu.

[1] *Nú l. 67/1971.*

1962 Nr. 68 27. apríl

1980 Nr. 79 23. des. **Lög um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda.**

■ **1. gr.** Allir skattar og opinber gjöld svo og greiðslur til opinberra aðila fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini, skráningar og vottorð, hvort sem þær eru innheimtar samkvæmt aukatekjulögum eða öðrum heimildum, skulu lögð á í heilum krónum þannig að lægri fjárhæð en 50 aura skal færa niður í næstu heila krónu en 50 aura eða hærri fjárhæð skal hækka upp í næstu heila krónu.

■ **2. gr.** Innheimta á gjöldum skv. 1. gr. skal einnig fara fram í heilum krónum þannig að innheimtuaðila er óskylt að taka við greiðslum í minni einingum en heilum krónum.

■ **3. gr.** Ákvæði 2. gr. eiga einnig við um innheimtu opinberra gjalda sem lögð hafa verið á fyrir 1. janúar 1981 en eigi hafa verið innheimt fyrir það tímamark. Standi gjöld þessi eða eftirstöðvar þeirra á minni einingu en heilli krónu við gildistöku laga þessara skal lækka þá fjárhæð niður í næstu heila krónu og innheimta þannig.

1971 Nr. 83 16. des. **Lög um tekjur sveitarfélaga, samkvæmt gjaldskrám og reglugerðum.**

■ **1. gr.** Tekjur sveitarfélaga, sem miðast við fasteignamat, svo sem vatnsskattur, holræsagjöld, gangstéttargjöld, sorphreinsunargjöld og lóðarleiga, skulu vera óbreytt í krónutölu frá því, sem nú er, þrátt fyrir gildistöku nýs fasteignamats, unz staðfestar hafa verið nýjar gjaldskrár og reglugerðir um tekjur þessar.

1972 Nr. 111 31. des. **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sem undirritaður var í Stokkhólmi 9. nóvember 1972 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.[1]

[1] *Um texta fylgiskjals vísast til Stjtíð. A 1972, bls. 269—295.*

■ **2. gr.** Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið fullgiltur, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.[1]

[1] *Augl. C 25/1972, sbr. 10/1973, 11/1977 og 4/1982. Augl. B 601/1982 og 602/1982.*

■ **3. gr.** ...

1977 Nr. 8 29. mars **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Ís-

1977 Nr. 8 29. mars lands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sem undirritaður var í Stokkhólmi 21. júlí 1976, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.[1)]

[1)] *Um texta fylgiskjals, sjá Stjtíð. A 1977, bls. 22—35.*

■ **2. gr.** Þegar viðbótarsamningur, er um ræðir í 1. gr., hefur verið fullgiltur skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.[1)]

[1)] *Augl. C 11/1977.*

1981 Nr. 87 29. des. **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við Norðurlandasamning um aðstoð í skattamálum.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sem undirritaður var í Stokkhólmi 11. júní 1981, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.[1)]

[1)] *Um texta fylgiskjals, sjá Stjtíð. A 1981, bls. 282—297.*

■ **2. gr.** Þegar viðbótarsamningur er um ræðir í 1. gr. hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.[1)]

[1)] *Augl. C 4/1982.*

1978 Nr. 44 10. maí **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum sem undirritaður var í Bonn 11. október 1977. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.[1)]

[1)] *Um texta fylgiskjals sjá Stjtíð. A 1978, bls. 221—228.*

■ **2. gr.** Þegar samningurinn hefur verið fullgiltur skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.[1)]

[1)] *Augl. C 9/1978.*

■ **3. gr.** Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

1980 Nr. 94 31. des. **Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.[1)]

[1)] *Um texta fylgiskjals, sjá Stjtíð. A 1980, bls. 241—344.*

■ **2. gr.** Þegar samningurinn hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.[1)]

[1)] *Augl. C 19/1981 og 12/1982.*

■ **3. gr.** Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

II. e. Félagsmálefni.

Lög um almannatryggingar.[1)] **1971** Nr. 67 20. apríl

[1)] *Rg. 83/1981, um greiðslur sjúkrasamlaga fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum. Rg. 242/1981 um matartækna. Rg. 246/1982 um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði. Rg. 804/1982 um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði sjúkrasamlaga.*

I. kafli. Skipulag og stjórn.

■ **1. gr.** Almannatryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Lífeyristryggingar.
2. ...[1)]
3. Slysatryggingar.
4. Sjúkratryggingar.

[1)] *L. 11/1975, 19. gr.*

■ **2. gr.** Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingar, ...[1)] og slysatryggingar, en sjúkratryggingar eru í höndum sjúkrasamlaga og Tryggingastofnunar eftir því, sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Sjúkrasamlög eru undir umsjón og yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar, en ríkisstjórnin (heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið) hefur yfirumsjón með allri starfsemi hennar.

□ Hver grein tryggginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar. Að öðru leyti er forstjóra heimilt, að fengnu samþykki tryggingaráðs og ráðherra, að skipa starfsemi stofnunarinnar í deildir eftir því, sem henta þykir.

□ Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

[1)] *L. 11/1975, 19. gr.*

■ **3. gr.** Ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, að fengnum tillögum tryggingaráðs.

□ Ráðherra skipar og skrifstofustjóra, tryggingafræðing, tryggingayfirlækni, aðalgjaldkera og deildarstjóra, að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs, og tryggingalækni, að fengnum tillögum forstjóra, tryggingaráðs og tryggingayfirlæknis.

□ Um ákvörðun launa fastra starfsmanna samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

■ **4. gr.** Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru. Hann ræður alla starfsmenn stofnunarinnar, sem ekki eru skipaðir af ráðherra.

□ Deildarstjórar annast venjulega afgreiðslu mála, hver fyrir sína deild. Hvers konar nýbreytni og afbrigði frá venju skal bera undir forstjóra.

■ **5. gr.** Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

□ Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna.

■ **6. gr.** Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti þess.

□ [Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið. Þeim úrskurði má áfrýja til tryggingadóms, sem sett verði um sérstök löggjöf.][1)]

□ Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:
a. Hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar.
b. Ársreikningum stofnunarinnar.
c. Ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir.
d. [Öllum heimildarsamningum við heilbrigðisstéttir og heilbrigðisstofnanir.][2]
e. Meginreglum um notkun heimildarákvæða.
f. Öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og sölum.
g. Öðrum þeim atriðum, sem lög þessi ákveða.

□ Önnur mál skulu borin undir tryggingaráð, ef ráðið óskar þess eða forstjóra finnst ástæða til.

[1] *L. 96/1971, 1. gr.* [2] *L. 112/1972, 1. gr.*

■ **7. gr.** ...[1]

[1] *L. 59/1978, 1. gr.*

■ **8. gr.** [Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

□ Utan Reykjavíkur skal Tryggingastofnunin hafa umboðsskrifstofur, og fer um staðarval, fyrirkomulag og rekstur eftir ákvörðun tryggingaráðs.

□ Í hverju sveitarfélagi, þar sem ekki er umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins, skal sveitarstjórn heimilt í samráði við tryggingaráð að tilnefna sérstakan trúnaðarmann Tryggingastofnunarinnar, sem annast upplýsingastörf og tengsl íbúa sveitarfélags við umboðsskrifstofu. Tryggingastofnunin ákveður og greiðir þóknun til trúnaðarmanna.][1]

[1] *L. 112/1972, 2. gr.*

■ **9. gr.** Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

□ Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs skulu reikningarnir sendir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem síðan lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

□ Tryggingastofnunin skal með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar.

□ Tryggingastofnunin skal kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi.

II. kafli. Lífeyristryggingar.

A. Almenn ákvæði.

■ **10. gr.** Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, mæðralauna, ...[1] ekkjubóta og ekkjulífeyris.

[1] *L. 59/1978, 2. gr.*

B. Bætur.

■ **11. gr.** Rétt til ellilífeyris eiga þeir, sem eru 67 ára eða eldri og átt hafa lögheimili hér á landi a. m. k. 3 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs.

□ Fullur árlegur ellilífeyrir einstaklings skal vera sem hér segir:

Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 72 ára aldri eða síðar	kr. 117 888,00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 71 árs aldri eða síðar	kr. 105 828,00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 70 ára aldri eða síðar	kr. 94 224,00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 69 ára aldri eða síðar	kr. 85 416,00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 68 ára aldri eða síðar	kr. 76 560,00
Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 67 ára aldri eða síðar	kr. 70 560,00

□ Fullur ellilífeyrir greiðist þeim einstaklingum, sem átt hafa lögheimili hér á landi a. m. k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Sé um skemmri tíma að ræða, greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við lögheimilistímann.

□ Hækkun lífeyris vegna frestunar fram yfir 67 ára aldur skal ekki veitt, nema umsækjandi hafi þann tíma átt lífeyrisrétt hér á landi eða í landi, sem samið er við um gagnkvæman rétt til ellilífeyris. Frestun á töku lífeyris telst lokið, þegar hlutaðeiganda er úrskurðaður ellilífeyrir í fyrsta sinn.

□ Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Heimilt er þó að miða lífeyri beggja við lögheimilistíma þess, sem á lengri réttindatíma, sbr. síðasta málslið 2. málsgr. [Á sama hátt má reikna lögheimilistíma eftirlifandi maka frá upphafi lögheimilistíma hins látna.][1] Þá er og heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri, ef þau eru eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar.

□ Nú andast maður, sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, og lætur eftir sig maka á lífi, og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin ellilífeyri eiga rétt á þeirri hækkun, sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar. ...[2]

□ [Hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.][3]

□ [Nú hefur sjómaður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur að hluta eða öllu leyti á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brl., eða af öðrum ástæðum ekki borið skylda til lögskráningar og er þá heimilt að úrskurða honum ellilífeyri frá og með 60 ára aldri, enda sé sannað að sú sjómennska hafi verið aðalstarf viðkomandi meðan á henni stóð.][4]

[1] *L. 62/1974, 1. gr.* [2] *L. 96/1971, 2. gr.* [3] *L. 30/1981, 1. gr.* [4] *L. 21/1982, 1. gr.*

■ **12. gr.** Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn, sem lögheimili eiga á Íslandi, eru á aldrinum 16—67 ára og:

a. hafa átt lögheimili á Íslandi a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram, eða haft óskerta starfsorku, er þeir tóku hér lögheimili;

b. eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim, með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

□ [Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim, sem skortir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti en því, er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris (grunnlífeyris án

bóta tengdra honum). Örorkustyrk má enn fremur veita þeim, sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar, og heimilt er að greiða slíkan styrk vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef hún hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki, og skulu þær staðfestar af ráðherra.][1]

☐ Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur.

☐ Fullur árlegur örorkulífeyrir skal vera kr. 21 660 og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, eftir því sem við getur átt. Við ákvörðun lögheimilistíma, sbr. 2. málsgr. 11. gr., skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs umsækjanda.[2]

[1] *L. 30/1981, 2. gr.* [2] *Rg. 116/1974, sbr. 453/1983.*

■ **13. gr.** Greiða má maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

■ **14. gr.** [Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.][1]

☐ [Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn, þegar eins stendur á. Þó skal ekki greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpföður, ef barnið á framfærsluskyldan föður á lífi. Eigi skal heldur greiða barnalífeyri vegna fráfalls eða örorku ættleiðanda, nema barnið hafi verið á framfæri hans a. m. k. tvö síðustu árin, áður en lífeyrisréttur gat stofnazt. Heimilt er tryggingaráði að stytta þennan frest, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.

☐ Tryggingaráð getur ákveðið að greiða barnalífeyri með barni ellilífeyrisþega svo og með barni manns, sem sætir gæzlu- eða refsivist, enda hafi vistin varað a. m. k. þrjá mánuði.][2]

☐ [Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um að barn verði ekki feðrað.][3]

☐ [Barnalífeyrir greiðist foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

☐ Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 36 108,00. Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna, er njóta örorkulífeyris.][4]

[1] *L. 11/1982, 1. gr.* [2] *L. 96/1971, 3. gr.* [3] *L. 85/1980, 1. gr.* [4] *L. 96/1971, 3. gr.*

■ **15. gr.** Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa börn sín undir 16 ára aldri á framfæri sínu og eiga lögheimili hér á landi.

☐ Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr. 6 192,00
Með tveimur börnum	kr. 33 600,00
Með þremur börnum eða fleiri	kr. 67 200,00

☐ [Tryggingaráði er heimilt að greiða einstæðum feðrum, sem halda heimili fyrir börn sín, sambærileg laun, svo og einstæðu fósturforeldri.][1]

[1] *L. 112/1972, 3. gr.*

■ [**16. gr.** Foreldri, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

☐ Heimilt er að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir töku fæðingarorlofs, telst fæðingarorlof hafið á fæðingardegi.

☐ Nú hefur móðir tekið a. m. k. tveggja mánaða fæðingarorlof og á þá faðir rétt til fæðingarorlofs í stað móður, ef móðir óskar þess. Fæðingarorlof föður má nema allt að einum mánuði, enda sé um að ræða síðasta mánuð fæðingarorlofsins.

☐ Vilji móðir hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi, skal hún tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara. Faðir, sem ætlar að taka hluta fæðingarorlofs, skal tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

☐ Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þau eiga rétt á, falla niður orlofsgreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

☐ Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við 530 221 gkr. á mánuði miðað við 1. desember 1980 og breytast ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma skv. 8. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.

☐ Fæðingarorlof greiðist sem hér segir:

1. Foreldri, sem unnið hefur 1032—2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á rétt á óskertri mánaðarlegri orlofsgreiðslu í þrjá mánuði.

2. Foreldri, sem unnið hefur 516—1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á með sama hætti rétt á ⅔ hlutum heildargreiðslna skv. tl. 1 í þrjá mánuði.

3. Foreldri, sem er utan vinnumarkaðar eða hefur unnið 515 dagvinnustundir eða minna á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á með sama hætti rétt á ⅓ hluta heildargreiðslu skv. 1. tl.

☐ Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur í reglugerð.

☐ Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

☐ Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð, sé um að ræða fleirburafæðingu eða alvarlegan sjúkleika barns, sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni sínu hinn fjórða mánuð. Fæðingarorlofsgreiðslur í þessu tilviki skulu vera skv. 6. mgr. og 7. mgr.

☐ Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. og 7. mgr. í þann tíma, sem nauðsyn krefur, til viðbótar þremur mánuðum, þó aldrei

lengri tíma samtals en 4 mánuði. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg skv. þessu ákvæði.

☐ Fæðingarorlof fellur niður frá þeim degi að telja, er foreldri lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis, eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein svo og ef móðir fæðir andvana barn, skal fæðingarorlof aldrei vera minna en einn mánuður eftir fæðingu. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát sem jafna má til fæðingar.

☐ Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri eiga rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofsgreiðslum vegna töku barns til fimm ára aldurs.

☐ Heimilt er foreldri, ef samkomulag er um það við atvinnurekanda, að semja um lengra fæðingarorlof án þess að orlofsupphæð breytist.

☐ Ákvæði þessarar greinar skerða ekki þann heildarrétt, sem verkalýðsfélög hafa samið um umfram það, sem hér greinir.][1)]

[1)] *L. 97/1980, 1. gr.*

■ **17. gr.** [Hver, sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í sex mánuði eftir lát maka, kr. 7368,00 á mánuði.][1)]

☐ [Hafi bótaþegi barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, á hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar, kr. 1696 á mánuði.][2)]

[1)] *L. 96/1971, 4. gr.* [2)] *L. 11/1982, 2. gr.*

■ **18. gr.** Þegar niður falla bætur samkvæmt 17. gr., á hver sú kona, sem lögheimili á hér á landi og orðin var 50 ára við lát mannsins, rétt á ekkjulífeyri til 67 ára aldurs, enda hafi hún átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram, eða hinn látni hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en hann lézt.

☐ Ekkjulífeyrir miðast við aldur konunnar, þegar lífeyrisréttur stofnaðist, og lögheimilistíma þess hjónanna, sem lengri réttindatíma átti. Við ákvörðun lögheimilistímans, sbr. 2. málsgr. 11. gr., skal reikna með tímann fram til 67 ára aldurs. Sé lögheimilistíminn a. m. k. 40 ár og aldur konunnar a. m. k. 60 ár, greiðist fullur lífeyrir. Fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á 60 ára aldur, lækkar lífeyririnn um 5%. Sé lögheimilistíminn skemmri en 40 ár, greiðist hlutfallslega lægri ekkjulífeyrir.

☐ Ákvæði 1. og 2. málsgr. skulu, eftir því sem við getur átt, einnig gilda um ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður, ef þær eru orðnar 50 ára, þegar þær hætta að taka barnalífeyri eða meðlag.

☐ Tryggingaráði er heimilt að veita ekkju ekkjulífeyri frá 50 ára aldri, þótt hún hafi verið yngri, er maður hennar lézt, enda hafi hjónabandið staðið a. m. k. 20 ár.

☐ Ekkjulífeyrir fellur niður, ef ekkja gengur í hjónaband. Fullur árlegur ekkjulífeyrir skal vera kr. 70 560,00.

■ **19. gr.** [Ef aðrar tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginganna fara ekki fram úr 37 500 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 80 000 kr. á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 37 500 kr. á ári, skal skerða uppbótina um helming þeirra tekna, sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.][1)] [Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður, sem frádráttarbær eru frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns.][2)]

☐ [Einhleypingi, sem nýtur óskertrar uppbótar (tekjutryggingar) skv. 1. mgr. og er einn um heimilisrekstur, án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót kr. 10 000,00 á mánuði. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.][3)]

☐ [Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án þess.][4)]

☐ [Þá er og heimilt að greiða enn frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, svo og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar, ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af eða rekið bifreið án uppbótarinnar.][5)]

☐ [Við ákvörðun [um hækkanir bóta samkv. 1.—4. málsgr.][5)] hér að framan skulu umsóknir rökstuddar t. d. með skattaframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega, eftir því sem spurningar á eyðublöðum fyrir umsóknir um uppbætur veita tilefni til. Hliðsjón skal höfð af því, hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti, að það valdi synjun hækkunar.][6)]

☐ [Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd [lífeyrishækkana][5)] samkv. þessari grein, þar á meðal um nánari skilyrði fyrir rétti til heimilisuppbótar [og uppbóta samkv. 3. og 4. málsgrein].[5)][7)8)]

[1)] *L. 62/1974, 3. gr.* [2)] *L. 58/1980, 1. gr.* [3)] *L. 69/1977, 1. gr.* [4)] *L. 96/1971, 5. gr.* [5)] *L. 36/1980, 1. gr.* [6)] *L. 69/1977, 3. gr.* [7)] *L. 69/1977, 4. gr.* [8)] *Rg. 351/1971, 394/1980, sbr. 359/1982.*

C. Tekjur.

■ **20. gr.** [Útgjöld lífeyristrygginga skulu ríkissjóður og atvinnurekendur bera.

☐ Framlag atvinnurekenda skal vera 2% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs. Sama er hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt en í peningum, t. d. í hlunnindum, skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt skv. lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum.][1)]

[1)] *L. 103/1980, 1. gr.*

■ **21. gr.** Fyrir lok júlímánaðar ár hvert skal Tryggingastofnunin hafa gert áætlun um útgjöld lífeyristrygginganna fyrir næsta almanaksár, sem þá þegar skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til staðfestingar. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs, allt að 2% af áætluðum útgjöldum, samkvæmt II. og III.[1)] kafla laga þessara.

☐ [Samkvæmt þessari staðfestu áætlun skal ákveðið framlag ríkisins næsta ár.

☐ Nú verður veruleg breyting fyrir árslok á einhverjum þeim atriðum í framlagi ríkisins, sem miðað er við, þegar grundvöllur fjárhagsáætlunar var lagður, og getur ráðherra þá breytt framlögum ríkisins í samræmi við þá breytingu.

☐ Komi í ljós við reikningslok, að hið áætlaða framlag ríkisins hafi verið of hátt eða of lágt, skal áætlað framlag

ríkisins fyrir næsta ár við það miðað, að leiðrétting náist.][2]

[1] *Felldur niður með l. 11/1975.* [2] *L. 103/1980, 2. gr.*

■ **22. gr.** Framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginganna samkvæmt 20. og 21. gr. skal greitt Tryggingastofnuninni með jöfnum mánaðargreiðslum fyrir 10. hvers mánaðar.

■ **23. gr.** ...[1]

[1] *L. 112/1972, 5. gr.*

■ **24. gr.** ...[1]

[1] *L. 112/1972, 6. gr.*

■ **25. gr.** ...[1]

[1] *L. 103/1980, 3. gr.*

III. kafli. Fjölskyldubætur.

■ **26. gr.** ...[1]

[1] *L. 11/1975, 19. gr.*

IV. kafli. Slysatryggingar.

A. Almenn ákvæði.

■ **27. gr.** Slysatryggingar taka til slysa við vinnu, iðnnám, björgunarstörf og stjórnun aflvéla og ökutækja, [hvers konar íþróttaæfinga, íþróttasýninga, íþróttakeppni],[1] enda sé sá, sem fyrir slysi verður, tryggður samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr. Það jafngildir slysi við stjórnun aflvélar eða ökutækis, ef stjórnandi verður fyrir slysi í beinu sambandi við viðhald eða aðra meðhöndlun tækisins.

☐ Maður telst vera við vinnu:

a. Þegar hann er á vinnustað, á þeim tíma, sem honum er ætlað að vera að störfum, svo og í matar og kaffitímum.

b. Í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um lengri ferðir af þessu tagi, ef starfsmaður er á launum hjá vinnuveitanda í ferðinni.

☐ Slys telst ekki verða við vinnu, ef það hlýzt af athöfnum slasaða sjálfs, sem ekki standa í neinu sambandi við vinnuna. Tryggingin tekur þó til allra slysa á sjómanni, sem verða um borð í skipi hans, eða þegar hann ásamt skipinu er staddur utan heimahafnar skips eða útgerðarstaðar.

☐ Til slysa teljast sjúkdómar, er stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstæðu, sem ríkjandi eru í hæsta lagi fáeina daga og rekja verður til vinnunnar.

☐ Ákveða skal með reglugerð, að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir samkvæmt þessum kafla.

[1] *L. 39/1975, 1. gr.*

■ **28. gr.** Þegar að höndum ber slys, sem ætla má bótaskylt samkvæmt þessum kafla, skal atvinnurekandi, eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið í því formi, sem Tryggingastofnunin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík til Tryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Hinum slasaða eða þeim öðrum, sem gera vilja kröfu til bóta vegna slyssins, ber að fylgjast með því, að tilkynningarskyldunni sé fullnægt, og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra, ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla, að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin eða annar hvor aðila, atvinnurekandi eða hinn slasaði eða fyrirsvarsmaður hans, óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið fyrir rétti.

☐ Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefur vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið, frá því að slysið bar að höndum. Tryggingaráð getur þó ákveðið að greiða bætur, þó að lengri tími líði, ef atvik eru svo ljós, að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði, er máli skipta.

■ **29. gr.** Slysatryggðir samkv. þessum kafla eru:

a. Launþegar, sem starfa hér á landi, að undanskildum erlendum ríkisborgurum, sem gegna embætti fyrir erlend ríki, og erlendu starfsliði slíkra embættismanna. Starf um borð í íslenzku skipi eða íslenzkri flugvél jafngildir starfi hér á landi samkvæmt þessum lið.

b. Nemendur við iðnnám ...[1] samkvæmt iðnfræðslulögum.

c. Stjórnendur aflvéla og ökutækja, er þeir hafa umráð yfir, sbr. 5.[2] málsgr. 36. gr.

d. Útgerðarmenn, sem sjálfir eru skipverjar.

e. Þeir, sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.

[f. Íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni og orðið er 16 ára.][3] [Með reglugerðarákvæði má ákveða nánar gildissvið þessa ákvæðis.][4]

☐ Tryggingaráð getur veitt undanþágu frá slysatryggingu samkvæmt a-lið 1. málsgr., ef hlutaðeigandi er sannanlega tryggður samkvæmt erlendri slysatryggingalöggjöf. Þá er tryggingaráði heimilt að verða við beiðni íslenzks fyrirtækis um slysatryggingu starfsmanna þess, sem erlendis starfa.

☐ Launþegi telst hver sá, sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi án þess að vera sjálfur atvinnurekandi í því sambandi, hvort sem um er að ræða tímakaup, föst laun, aflahlut eða greiðslu fyrir ákvæðisvinnu.

☐ Undanskilin slysatryggingu samkvæmt þessari grein er lausavinna, sem ekki er í sambandi við atvinnurekstur né hefur í för með sér sérstaka áhættu. Með reglugerð skal ákveða nánar, hvað telja skuli lausavinnu í þessu sambandi.

☐ Maki atvinnurekanda og börn hans, yngri en 16 ára, teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein.

[1] *L. 96/1971, 6. gr.* [2] *Nú 4. mgr., sbr. l. 59/1978.* [3] *L. 39/1975, 2. gr.* [4] *L. 59/1978, 4. gr.*

■ **30. gr.** Eftirtöldum mönnum skulu tryggðar slysabætur samkvæmt lögum þessum, nema tekið sé fram í skattframtali í byrjun árs, að tryggingar sé ekki óskað.

a. Atvinnurekendum í landbúnaði, sem vinna landbúnaðarstörf, mökum þeirra og börnum á aldrinum 12—16 ára.

b. Atvinnurekendum, sem starfa að eigin atvinnurekstri i öðrum atvinnugreinum.

c. Launþegum, sem að staðaldri vinna störf, sem falla undir ákvæði [4. málsgr. 29. greinar].[1]

□ Þeir, sem heimilisstörf stunda, geta tryggt sér rétt til slysabóta við þau störf með því að skrá í skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi. Á sama hátt geta atvinnurekendur samkvæmt b-lið tryggt mökum sínum og börnum innan 16 ára, sem með þeim starfa að atvinnurekstrinum, rétt til slysabóta. Sama gildir um börn atvinnurekenda í landbúnaði innan 12 ára aldurs.

[1] *L. 96/1971, 7. gr.*

B. Bætur.

■ **31. gr.** Bætur slysatrygginga eru sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur.

■ **32. gr.** Nú veldur bótaskylt slys sjúkleika og vinnutjóni í minnst 10 daga, og skal þá greiða nauðsynlegan kostnað vegna lækningar hins slasaða og tjóns á gervilimum eða hjálpartækjum svo sem hér segir:

1. Að fullu skal greiða:

a. Læknishjálp samkvæmt samningum hlutaðeigandi sjúkrasamlags.

b. Sjúkrahúsvist, svo lengi sem afleiðingar slyssins gera hana nauðsynlega. Greiðsla sjúkrahúsvistar færist þó yfir á sjúkratryggingarnar, þegar hinn slasaði er orðinn 70 ára, enda séu þá full tvö ár frá slysdegi.

c. Lyf og umbúðir.

d. Viðgerð vegna brots eða löskunar á heilbrigðum tönnum eða vel viðgerðum. Greiðslu fyrir sams konar viðgerðir á lélegri tönnum má takmarka við kostnað, sem ætla má að orðið hefði, ef þær hefðu verið heilbrigðar.

e. Gervilimi, eða svipað hjálpartæki, svo og viðgerð á þeim, eða endurnýjun, ef viðgerð telst ekki fullnægjandi. Sama gildir um gervitennur.

f. Sjúkraflutning með sjúkraflugvél eða sjúkrabíl, fyrst eftir slys, eða þegar ella verður nauðsynlegt að senda sjúkling með slíkum farartækjum til meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, þó ekki fyrir einstakar ferðir, þegar um stundun er að ræða. Sama gildir um flutning með skipi, þegar öðrum farartækjum verður ekki við komið.

g. Sjúkraþjálfun og orkulækningar.

2. Að hluta skal greiða:

a. Að hálfu ferðakostnað til læknis með leigubíl, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Ekki skal þó greitt fyrir flutning með bifreið manns af sama heimili eða sama bæ né bifreið í eigu venzlamanna hins slasaða.

b. Að ¾ kostnað við sams konar ferðir með áætlunarbíl eða skipi, enda sé um meira en 15 km vegalengd að ræða. Geti sjúklingur ekki ferðazt með áætlunarbíl, skal greiða ferð með áætlunarflugvél að ¾.

3. Heimilt er að greiða:

a. Hjúkrun í heimahúsum, veitta af vandalausum.

b. Styrk upp í kostnað vegna löskunar á tönnum, þegar framkvæmdar hafa verið kostnaðarsamar aðgerðir á þeim, sem ónýtzt hafa við slysið.

□ Að svo miklu leyti sem samningar sjúkrasamlaga eða sérstakir samningar slysatryggingarinnar ná ekki yfir sjúkrahjálp samkvæmt framansögðu, getur tryggingaráð ákveðið endurgreiðslu, að nokkru eða öllu leyti.

□ Nú veldur slys ekki óvinnuhæfni í 10 daga, en hefur þó í för með sér kostnað, sem um ræðir í grein þessari, og má þá greiða hann, að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá hlutaðeigandi sjúkrasamlagi.

■ **33. gr.** Dagpeningar greiðast frá og með 8. degi eftir að slysið varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningar greiðast þangað til hinn slasaði verður vinnufær, úrskurður er felldur um varanlega örorku hans eða hann deyr, þó ekki lengur en 52 vikur.

□ Tryggingaráði er heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddir lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum og óvíst er hvort um varanlega örorku verður að ræða, og líkur eru til, að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu.

□ [Dagpeningar eru kr. 317,00 á dag fyrir hvern einstakling og kr. 75,00 fyrir hvert barn á framfæri,][1] þar með talin börn utan heimilis, sem hinn slasaði sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

□ Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr ¾ af vinnutekjum bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, er slysið varð, og mega ekki, ásamt vinnutekjum, nema meiru en upphæð dagpeninga að viðbættum þriðjungi. Í reglugerð skal ákveðið, hvernig meta skuli í þessu sambandi vinnutekjur maka og barna atvinnurekenda, sem tryggð eru samkvæmt a-lið 1. málsgr. eða 2. málsgr. 30. gr.

□ Nú greiðir vinnuveitandi hinum slasaða laun í slysaforföllum, og renna þá dagpeningagreiðslur samkvæmt þessari grein til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur ¾ hlutum launanna.

[1] *L. 96/1971, 8. gr.*

■ **34. gr.** Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða þeim, er fyrir því varð, örorkulífeyri eftir reglum 12. gr., síðustu málsgr., eða örorkubætur í einu lagi.

□ Ef örorkan er 50% eða meiri, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

□ [Nú er örorkan metin meiri en 50%, og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 18 ára, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys bar að höndum, eftir reglum 35. gr. b. og c. Ef örorkan er 75% eða meiri, skal greiða fullar bætur, og gildir það bæði vegna barna, sem voru á framfæri bótaþega þegar slys átti sér stað, svo og þeirra, sem hann framfærir síðar. Sé orkutapið minna en 75%, lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku.][1]

□ Ef orkutap er minna en 50%, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur, sem jafngilda lífeyri hlutaðeiganda um tiltekið árabil, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Ella greiðist lífeyrir í hlutfalli við örorkuna.

□ Örorkubætur greiðast ekki, ef orkutapið er minna en 15%.

[1] *L. 93/1982, 1. gr.*

■ **35. gr.** Ef slys veldur dauða innan tveggja ára frá því er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hlýtur bætur, kr. 7 368,00 á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur samkvæmt þessum staflið falla ekki niður, þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný. Nú andast ekkja eða

ekkill, sem bóta hefur notið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, áður en bætur hafa verið greiddar að fullu, og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tímabilsins, ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.

b. Ef ekkja eða ekkill eru orðin 50 ára eða hafa tapað meiru en 50% af starfsorku sinni, er slysið ber að höndum, greiðist auk bóta samkv. a-lið lífeyrir til 67 ára aldurs, kr. 70 560,00 á ári miðað við 60 ára aldur eða 75% örorku. Lífeyrir lækkar um 5% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á 60 ára aldur, og 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku. Lífeyrir samkvæmt þessum staflið fellur niður, ef bótaþegi gengur í hjónaband á ný.

c. Barnalífeyrir, kr. 36 108,00 á ári fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 14. gr.

d. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur eigi minni en kr. 92 088,00 og allt að kr. 276 264,00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna, þegar eins stendur á.

e. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 92 088,00 og allt að kr. 276 264,00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

☐ Bætur samkvæmt a-, d- og e-liðum skulu eigi vera lægri en kr. 128 924,00 fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eigi til bóta samkvæmt þessum staflíðum, og skal þá bæta slysið með kr. 128 924,00, sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna, ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans.

☐ Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar, hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvort tveggja er á lífi.

☐ Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið í einu lagi samkvæmt 4. málsgr. 34. gr. vegna sama slyss.

C. Tekjur.

■ **36. gr.** [Útgjöld slysatrygginga skulu borin af atvinnurekendum með greiðslu iðgjalda, álagðra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr., skulu þó standa skil á greiðslum vegna tryggingar þeirra, og sömuleiðis skulu launþegar samkvæmt c-lið 30. gr. standa skil á iðgjöldum sínum. Þá skal með reglugerð ákveða árlegt framlag til að standast kostnað af bótum vegna þeirra, sem getur í f-lið 29. gr.

☐ Tryggingastofnunin skal ár hvert gera áætlun um bótagreiðslur og rekstrarkostnað slysatrygginga næsta almanaksár, að meðtöldu tillagi til varasjóðs, allt að 5% af útgjöldum.

☐ Iðgjald af launþegum, sbr. a-lið 29. gr., skal reiknað sem hundraðshluti af greiddum launum, eins og þau eru skilgreind í 25. gr.[1] Hundraðshluti iðgjalds skal ákveðinn með reglugerð fyrir eitt ár í senn með hliðsjón af fjárhagsáætlun Tryggingastofnunarinnar ásamt leiðréttingu vegna tekjuafgangs eða tekjuhalla næsta reikningsárs á undan.

☐ Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald vegna trillubáta, bifhjóla, vélsleða, reiðhjóla með hjálparvél og heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisaflvéla.

☐ Iðgjöld til slysatrygginga, önnur en þau, sem nefnd eru í 3. og 4. málsgr., skulu ákveðin sem hundraðshluti af hæfilega áætlaðri stofnfjárhæð vegna hvers einstaklings.][2)3)]

[1)] *Felld niður með l. 103/1980, 3. gr.* [2)] *L. 59/1978, 5. gr.* [3)] *Rg. 94/1979, sbr. 623/1980, 201/1981.*

V. kafli. Sjúkratryggingar.

A. Almenn ákvæði.

■ **37. gr.** Í hverjum kaupstað og í hverri sýslu skal vera sjúkrasamlag til þess að annast sjúkratryggingar.

☐ Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að sameina í eitt samlag samlagssvæði tveggja eða fleiri sjúkrasamlaga. Á sama hátt er heimilt að skipta samlagssvæði á milli tveggja eða fleiri nærliggjandi samlaga.

☐ Samþykktir sjúkrasamlaga skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

■ **38. gr.** Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjúkrasamlags, að fengnum tillögum tryggingaráðs, en bæjarstjórn eða sýslunefnd kýs til viðbótar fjóra menn í stjórnina og jafnmarga til vara. [Ríkisendurskoðunin annast endurskoðun reikninga sjúkrasamlaganna.][1)]

☐ Nú standa fleiri en eitt sýslufélag, eða kaupstaður og sýsla eða sýslur, að einu sjúkrasamlagi, og skal þá hver sýsla og kaupstaður kjósa tvo menn í stjórn sjúkrasamlagsins.

☐ Kjörtímabil allra stjórnarnefndarmanna skal vera fjögur ár, og skulu þeir skipaðir og kosnir þegar að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.

☐ Tryggingastofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagssjóði.

[1)] *L. 112/1972, 7. gr.*

B. Bætur.

■ **39. gr.** Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar er:

a. Að annast sjúkratryggingar samkvæmt 2.-4. mgr. 42. gr.

b. [Að veita styrk til öflunar hjálpartækja, sem nauðsynleg eru vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi eða vöntunar líkamshluta.

c. Að veita styrk til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.

d. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 44. gr. nær til, þegar um er að ræða meðfædda galla, svo sem klofinn góm eða meiri háttar tannvöntun.][1)]

e. Að annast málefni sjúkrasamlaga, sbr. 2. gr.

f. Að greiða kostnað vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.

g. Að greiða sjúkrasamlögum hluta þeirra af framlagi ríkissjóðs til sjúkratrygginganna, samkvæmt 49. gr.

h. Að greiða ferðastyrki til sjúklinga, sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra, þegar alveg sérstaklega stendur á. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun styrkja samkv. þessum staflið.

[i. Að greiða kostnað samkv. nánari ákvörðun tryggingaráðs, vegna psoriasissjúklinga, sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofn-

unum psoriasissjúklinga erlendis sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða, auk hámarksfjölda psoriasissjúklinga sem árlega geti notið slíkrar fyrirgreiðslu.][2]

□ [Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja, samkv. stafliðum b-d. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnuninni fyrir fram. Tryggingayfirlæknir getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis eða þjálfunar.][1]

□ Ráðherra getur ákveðið, að sjúkratryggingadeild greiði:

a. Gjald fyrir rannsóknir og læknishjálp, sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar heilbrigðisstofnanir, að þær annist fyrir sjúkrasamlögin.

b. Kostnað samkvæmt milliríkjasamningum vegna sjúkrahjálpar til erlendra ríkisborgara, sem dveljast hér um stundarsakir.

[1] *L. 59/1978, 6. gr. Aðrir stafliðir breytast skv. þessu.* [2] *L. 50/1979, 1. gr.*

■ **40. gr.** [Allir landsmenn eru sjúkratryggðir í sjúkrasamlagi, þar sem þeir eiga lögheimili. Hjón skulu vera í sama sjúkrasamlagi og með þeim skulu tryggð börn þeirra, 16 ára og yngri. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.

□ Sjúkrasamlag gefur út réttindaskírteini til hvers samlagsmanns og gildir það meðan hann er í samlaginu.][1]

[1] *L. 112/1972, 8. gr.*

■ **41. gr.** [Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, sem ríkið rekur (ríkisspítölum), svo og þeim sjúkrahúsum öðrum, sem rekin eru með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum hverju sinni, enda taki ákvæði 46. gr. um daggjöld ekki til þeirra. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir.][1]

[1] *L. 59/1982, 1. gr.*

■ **42. gr.** Sjúkrasamlög tryggja ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, [þ. á m. fæðingarstofnun][1] sem samizt hefur við, sbr. 45. gr.[2], eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálp og lyfjum svo og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir. Greiðsla samlags fellur þó niður, þegar sjúkrahúslega hefur orðið lengri en 12 mánuðir undanfarandi 2 ár, sbr. næstu málsgrein.

□ Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga nauðsynlega sjúkrahúsvist, sbr. 1. mgr., þann tíma, sem samlög tryggja hana ekki samkvæmt þeirri málsgrein.

□ Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga ókeypis vist, sem nauðsynleg er vegna ellikramar, fávitaháttar eða langvinns sjúkdóms, ásamt hjúkrun, læknishjálp, lyfjum og annarri þjónustu, sem veitt er á hælum og stofnunum, sem Tryggingastofnunin hefur samning við, og sjúkrahúsum, sbr. 1. og 2. málsgr. þessarar greinar. Sama gildir um dagvistir þessara stofnana eða sérstakra viðurkenndra dagvistarstofnana fyrir sjúka eða vangefna. Tryggingayfirlæknir úrskurðar um nauðsyn vistunar samkv. þessari málsgrein, sbr. þó 11. gr. laga nr. 53/1967.[3]

□ Nú er samlagsmanni brýn nauðsyn að vistast í erlendu sjúkrahúsi, vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslenzku sjúkrahúsi, og greiðir þá sjúkratryggingadeildin þann hluta kostnaðar við sjúkrahúsvistina, ásamt læknishjálp og annarri þjónustu á sjúkrahúsinu, sem umfram er hæsta daggjald íslenzkra sjúkrahúsa, eða allan kostnaðinn, ef niður er fallinn réttur sjúklings á hendur samlagi, samkv. 1. mgr. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálp, sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvistinni þar. Ráðherra skipar nefnd, sem úrskurðar um, hvort téð skilyrði eru til staðar, svo og hvar samlagsmenn skuli vista erlendis. Nú er samlagsmaður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið, og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað, sem greiða hefði átt á þeim stað, sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landsspítalann, yfirlækni við Borgarspítalann og yfirlækni við St. Jósefsspítalann, Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari, og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

[1] *L. 59/1978, 7. gr.* [2] *Nú 46. gr.* [3] *Ath. l. 47/1979, 32. gr.*

■ **43. gr.** [Auk þeirra réttinda, sem um ræðir í 42. gr., skal sjúkrasamlag veita þá hjálp, sem hér er talin:][1]

a. Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Fyrir hvert viðtal á lækningastofu og hverja vitjun til sjúklings greiði samlagsmenn lækni þó gjald, er ákveða skal með reglugerð. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.

b. [Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis hjá sérfræðingum, þó þannig að samlagsmaður greiði kr. 600,00 fyrir hverja komu til sérfræðings.][2]

c. [Lyf, sem samlagsmanni er brýn nauðsyn að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir samlagsmaður ávallt fyrstu 300 kr. samkvæmt Lyfjaverðskrá I og fyrstu 600 kr. samkv. Lyfjaverðskrá II, en sjúkrasamlag það sem á vantar fullt verð. Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk, greiðir samlagsmaður það.][2]

d. [Röntgengreiningu og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá, sem daggjaldanefnd setur, þó þannig að samlagsmaður greiði ávallt 600 kr. fyrir hverja röntgengreiningu.][2]

e. Sjúkradagpeninga samkvæmt 44. gr.[3]

[f. Við fæðingu í heimahúsum, kostnað vegna aðstoðar ljósmóður, ákveðinn með þeim hætti, sem um ræðir í 46. gr., og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því að fæðing hefst.

g. Tannlækningar samkvæmt 44. gr.

h. [Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, þó þannig að samlagsmaður greiði ávallt 20 kr. fyrir hverja ferð. Þetta gildir þó ekki á svæðum þar sem í gildi er númerasamningur um læknishjálp.][4]

i. [Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands að ⅞ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþega- og flutnings-

leiðum. Þó greiði samlagssjúklingur aldrei meira en 500 kr. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns úr sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sé fylgd nauðsynleg greiðast 7/8 af fargjaldi fylgdarmanns jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða.

Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi, sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.][4]

j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum, sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir, fyrir sjúklinga, sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi, með eða án innlagningar.][5]

☐ [Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum samlagsmanna samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga lyfjaávísana.][2]

☐ [Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða víðtækari hjálp vegna veikinda en ákveðin er í þessari grein, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 44. gr. og ákveða, með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar, hvernig þátttöku skuli haga í tannlækniskostnaði viðbótarhópa.][5][6]

[1] *L. 112/1972, 10. gr.* [2] *L. 95/1975, 1. gr.* [3] *Nú 45. gr.* [4] *L. 54/1982, 1. gr.* [5] *L. 59/1978, 8. gr.* [6] *Rg. 165/1978, 298/1978, sbr. 418/1979, 435/1980, 572/1980, 70/1982 sbr. 72/1983, 81/1982.*

■ **[44. gr.]**[1] [Fyrir tannlæknaþjónustu, veitta af heilsugæslustöðvum, skólatannlæknum eða á stofum tannlækna, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við, greiða sjúkrasamlög svo sem hér segir:

1. Fyrir börn 5 ára eða yngri 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.

2. Fyrir börn og unglinga 6-15 ára 50% af kostnaði við tannlækningar, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerðir og tannréttingar, en 37,5% af þessum aðgerðum. Sveitarfélögum skal skylt að leggja fram jafnmikið á móti. Þjónustan skal veitt hjá skólatannlækni eða heilsugæslustöð ef þess er kostur.

3. Fyrir 16 ára unglinga 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.

4. Fyrir unglinga, þótt eldri séu en 16 ára, skal greiða 75% kostnaðar við tannréttingarmeðferð, sem hafin hefur verið áður en þeir urðu 16 ára, þar til meðferð er lokið.

Heimilt er að greiða 75% aðgerðar á 17-18 ára unglingi ef þörfin hefur komið upp fyrr, enda sé tryggingayfirlækni gerð grein fyrir því, þegar þörfin kemur upp eða a. m. k. áður en unglingurinn verður 17 ára, að rétt sé að fresta aðgerðinni og tryggingayfirlæknir samþykki það.

5. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki við gullfyllingar, krónur eða brýr.

☐ Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega, eftir reglum sem tryggingaráð setur, í 75%, eða fyrir langsjúkt fólk á stofnunum í 100%.

☐ Í 100% er með sama hætti einnig heimilt að hækka greiðslur fyrir vangefna, sem metnir eru 75% öryrkjar og njóta fullrar tekjutryggingar.][2]

[1] *Með l. 62/1974, 6. gr., kom inn ný 44. gr., númer annarra greina breytist til samræmis.* [2] *L. 59/1978, 9. gr.*

■ **[45. gr.]**[1] [Sjúkrasamlag greiðir sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem orðinn er 17 ára og nýtur ekki elli- og örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur, sé um þær að ræða, falli niður.

☐ Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að sjúklingurinn verður innan skamms annaðhvort vinnufær eða að unnt verði að ákveða örorku hans, tímabundið eða til bráðabirgða. Dagpeningar, sem nema minna en fullum sjúkradagpeningum, sbr. 4. og 5. mgr., skulu að jafnaði ekki greiddir lengur en 3 mánuði.

☐ Samlagsmenn njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. í 14 daga. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, er óvinnuhæfni er staðreynd af lækni.

☐ Fullir dagpeningar skulu nema kr. 1647 fyrir einstakling og kr. 448 fyrir hvert barn á framfæri innan [18 ára][2] þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

☐ Fullra dagpeninga njóta þeir, sem fella niður heils dags launaða vinnu. Hálfra dagpeninga njóta þeir, sem fella niður launaða vinnu, sem nemur minna en heils dags vinnu, en a. m. k. hálfs dags starfi. Sé felld niður launuð vinna, sem nemur minna en hálfs dags starfi, greiðast dagpeningar er nema 3/4 misstra launatekna, allt að hálfum dagpeningum. Launuð vinna merkir í grein þessari alla vinnu að beinni tekjuöflun, jafnt atvinnurekenda sem launþega.

☐ Dagpeningar vegna starfa við eigið heimili, sem falla að fullu niður vegna veikinda, skulu nema fjórðungi fullra dagpeninga, að viðbættum 3/4 hlutum sannaðra greiðslna fyrir heimilishjálp til fólks utan heimilis umfram heimilishjálp 1/2 dag í viku allt að fullum dagpeningum. Slík útgjöld skulu sönnuð með skýrum kvittuðum reikningum, er tilgreini vinnutíma, greidd laun og nafnnúmer viðtakanda. Útgjöld umfram dagvinnukaup samkvæmt taxta hlutaðeigandi stéttarfélags teljast ekki með.

☐ Umsækjandi sem nýtur dagpeninga vegna niðurfelldrar launavinnu, fær ekki fjórðung dagpeninga vegna niðurfalls heimilisstarfa en aftur á móti viðbót vegna útgjalda, samkvæmt framanskráðu.

☐ Það skal ekki tálma greiðslu hálfra eða fullra dagpeninga vegna niðurfalls launaðrar vinnu samkv. 5. mgr. þótt umsækjandi geti sinnt léttu heimilisstarfi.

☐ Nú tekur sjúklingur, sem unnið hefur heils dags launavinnu, upp allt að hálfs dags launað starf í afturbata og er þá heimilt að greiða honum hálfa dagpeninga meðan svo stendur, þó ekki lengur en í 3 mánuði.

☐ Við ákvörðun dagpeninga skal að jafnaði við það miða, hvernig störfum umsækjanda hefur verið háttað síðustu 2 mánuðina áður en hann varð óvinnufær. Námsfólk á ekki rétt til dagpeninga vegna forfalla frá námi, nema að því leyti sem forföllin valda töfum á að námsáfangi náist.

☐ Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaforföllum og renna þá dagpeningagreiðslur til hans þann tíma, að undanskilinni barnaviðbót, sem fellur niður, þó aldrei hærri greiðsla en nemur ¾ hlutum launanna.

☐ Dagpeningar eru ekki greiddir þeim, sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga áður en verkfall hófst.][3)4)]

[1)]*L. 62/1974, 6. gr.* [2)]*L. 11/1982, 3. gr.* [3)]*L. 59/1978, 10. gr.* [4)]*Rg. 113/1980.*

■ **[46. gr.]**[1)] [Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera um greiðslur til fullnægingar ákvæðum 42. og 43. greinar. Samningar sem gilda fyrir samlög almennt eða tiltekinn flokk samlaga, eru þó að jafnaði gerðir af Tryggingastofnuninni fyrir hönd viðkomandi samlaga. Sé um að ræða héraðslækni, sem situr í kauptúni eða kaupstað, getur sjúkrasamlag á þeim stað með samþykki Tryggingastofnunarinnar krafizt þess, að hann taki að sér að gegna heimilislæknisstörfum gegn föstu gjaldi. Takist samningar ekki, ákveður heilbrigðisstjórnin greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga um heimilislæknisstörf á samsvarandi stöðum.

☐ Náist ekki samkomulag, skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði dómurinn ekki fullskipaður þannig, tilnefnir Hæstiréttur þá, sem vanta kann.][2)]

☐ [Daggjöld sjúkrahúsa, sem 41. gr. nær ekki til, svo og daggjöld hjúkrunarheimila og annarra stofnana, sem 42. gr. tekur til, ásamt gjaldskrám sömu stofnana vegna utansjúkrahússjúklinga, skulu ákveðin af 5 manna nefnd, daggjaldanefnd.][3)] Nefndin sé þannig skipuð, að hver eftirtalinna aðila skipi fulltrúa í nefndina: Fjármálaráðherra, Tryggingastofnun ríkisins, Samband íslenzkra sveitarfélaga, Landssamband sjúkrahúsa og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og skal fulltrúi hans vera formaður nefndarinnar. Verði jöfn atkvæði í nefndinni, ræður atkvæði formanns. Nefndin ákveður daggjöld og gjaldskrár þannig, að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma, miðað við þá þjónustu, er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að stofnunin veiti. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfshættu og starfssvið nefndarinnar.

☐ Sé um sjálfseignarstofnun eða einkaaðila að ræða, jafngildir það samningi, ef hlítt er ákvörðun nefndarinnar um daggjöld, er vera skulu í einu lagi fyrir vist og þjónustu, en að öðrum kosti getur Tryggingastofnunin ákveðið, að sjúklingum skuli greidd tiltekin upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

[1)]*L. 62/1974, 6. gr.* [2)]*L. 112/1972, 12. gr.* [3)]*L. 59/1982, 2. gr.*

■ **[47. gr.]**[1)] Nú er samlagsmanni nauðsyn að leita sér lækninga utan samlagssvæðis, og skal þá samlag hans greiða kostnað af því, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

☐ Ef tryggður maður veikist eða verður fyrir slysi, þegar hann er staddur utan samlagssvæðis síns, á hann rétt á endurgreiðslu sjúkrakostnaðar, þó eigi hærri upphæð en kostnaðurinn hefði numið á samlagssvæðinu. Þetta nær þó ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálp, sem samningarnir fjalla um.

☐ Nú verður tryggður maður fyrir verulegum kostnaði vegna veikinda eða slyss utan samlagssvæðis og fær hann ekki endurgreiddan nema að litlu leyti af samlagi sínu, og er þá tryggingaráði heimilt að ákveða, að sjúkratryggingadeild taki þátt í slíkum kostnaði.[2)]

[1)]*L. 62/1974, 6. gr.* [2)]*Rg. 114/1974.*

■ **[48. gr.]**[1)] [... Í reglum, sem Tryggingastofnunin setur og ráðherra staðfestir, skulu sett nánari fyrirmæli um flutning manna milli samlaga og um greiðslu sjúkrabóta, þegar svo stendur á. Má þar ákveða, að hinn tryggði skuli sjálfur bera kostnað sinn að nokkru eða öllu leyti, ef hann vanrækir að flytja tryggingu milli samlaga í samræmi við reglurnar.

☐ Í reglum, settum á sama hátt, má og ákveða gagnkvæma þjónustu og aðstoð samlaganna hvers við annars meðlimi. Að svo miklu leyti sem slík gagnkvæm aðstoð verður ákveðin, fer um greiðslur til lækna, lyfjabúða og annarra, sem láta læknishjálp í té, eftir sömu reglum og um greiðslur fyrir eigin meðlimi samlagsins.][2)]

[1)]*L. 62/1974, 6. gr.* [2)]*L. 112/1972, 14. gr.*

C. Tekjur.

■ **[49. gr.]**[1)] ...[2)]

[1)]*L. 62/1974, 6. gr.* [2)]*L. 112/1972, 15. gr.*

■ **[50. gr.]**[1)] [Af kostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóður 15%. Framlagi sveitarsjóða skal Tryggingastofnun ríkisins jafna niður á sveitarfélög samlagssvæðisins í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.][2)] [Fyrir lok júlímánaðar ár hvert skal Tryggingastofnun ríkisins hafa gert áætlun um útgjöld sjúkratrygginganna, þ. e. einstakra sjúkrasamlaga og sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, fyrir næsta almanaksár. Áætlunina skal þá þegar senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til staðfestingar. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs sjúkratryggingadeildar, allt að 2% af áætluðum útgjöldum.

☐ Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginganna greiðist Tryggingastofnun ríkisins með jöfnum mánaðargreiðslum fyrir 10. hvers mánaðar. Tryggingastofnun ríkisins greiðir sjúkrasamlögunum af framlagi ríkissjóðs í samræmi við fjárhagsáætlun, þegar tekið hefur verið tillit til hluta sveitarfélaga, sem sjúkrasamlögin innheimta sjálf.][3)]

☐ [Framlög sveitarfélaga greiðast til sjúkrasamlaga mánaðarlega miðað við fjárhagsáætlun.][4)]

☐ [Þegar uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1977 liggur fyrir, skal Tryggingastofnun ríkisins kanna hver breyting hefur orðið á útgjöldum hvers sjúkrasamlags vegna þessara laga og gera tillögur um hvernig jafna megi þá kostnaðarbreytingu. Frá gildistöku laganna áætlar Tryggingastofnun ríkisins útgjöld sjúkrasamlaga þeirra vegna og greiðir ársfjórðungslega inn á reikning þeirra samlaga, er fyrir útgjöldum verða, jafnháa upphæð og hinni áætluðu útgjaldaaukningu nemur. Með reglugerð skal kveða nánar á um tilfærslu fjármuna.][5)]

[1)]*L. 62/1974, 6. gr.* [2)]*L. 117/1976, 3. gr.* [3)]*L. 112/1972, 16. gr.* [4)]*L. 95/1975, 2. gr.* [5)]*L. 117/1976, 4. gr.*

VI. kafli. Sameiginleg ákvæði.

A. Bætur.

■ **[51. gr.]**[1)] [Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og

slasaðra, sem veitt er á annan hátt.

☐ Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

a. Bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt a-lið 35. greinar og allar bætur aðrar en ekkjubætur samkvæmt 17. grein.

b. Barnalífeyrir, ekkjubætur samkvæmt 17. gr. og dagpeningar.

c. Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur samkvæmt 17. gr. og dagpeningar vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis. Enn fremur mega fara saman mæðralaun og örorkubætur eða ellilífeyrir.

d. Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.

e. [Örorkubætur og bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt 17. gr.][2)]

f. Aðrar bætur, ef svo er mælt fyrir í lögunum.

☐ Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta, sem veittar eru til langs tíma, og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

☐ Sjúkrakostnað slysatrygginga vegna manns, sem einnig er tryggður í sjúkrasamlagi, greiðir sjúkrasamlagið gegn endurgreiðslu frá slysatryggingum.

☐ Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í stofnun, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, fellur lífeyrir hans niður, ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði.

☐ [Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum tímamörkum, ef sérstaklega stendur á.][3)] Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því, sem á vantar. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% lágmarksbóta.][4)]

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.* [2)] *L. 62/1974, 7. gr.* [3)] *L. 62/1974, 8. gr.* [4)] *L. 112/1972, 17. gr.*

■ **[52. gr.]**[1)] Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt í 2 ár. Sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr.

☐ Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft, ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðarkonu slysabætur.

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **[53. gr.]**[1)] Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlag getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur, ef ástæða er til að ætla, að bæturnar séu notaðar á þann hátt, að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd, ef um er að ræða fjölskyldubætur eða barnalífeyri.

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **[54. gr.]**[1)] Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki, ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **[55. gr.]**[1)] Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar, eftir því sem hentugt þykir.

1971 Nr. 67 20. apríl

☐ Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að hægt sé að úrskurða bætur eða endurskoða bótarétt.

☐ Ekki verður krafizt umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

☐ [Starfsfólk sjúkrasamlaga, Tryggingastofnunarinnar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjenda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkv. lögum þessum, reglugerðum og starfsreglum stofnananna.][2)]

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.* [2)] *L. 96/1971, 11. gr.*

■ **[56. gr.]**[1)] Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á, og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi, sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna. Bætur samkvæmt II. og III. kafla, aðrar en fæðingarstyrkur, og lífeyrir samkvæmt IV. kafla reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir, að bótaréttur er fyrir hendi, og falla niður í lok þess mánaðar, er bótarétti lýkur.

☐ Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en 2 ár. Sjúkradagpeningar skulu að jafnaði eigi úrskurðaðir lengra aftur í tímann en 2 mánuði, en heimilt er sjúkrasamlagsstjórn að lengja þetta tímabil í allt að 6 mánuði í tilvikum, þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður.

☐ Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum, sem orðið hafa.

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **[57. gr.]**[1)] Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma, og ekki er skylt að greiða eins og tveggja barna fjölskyldubætur oftar en fjórum sinnum á ári. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

☐ Úrskurðaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný, ef rökstudd umsókn berst.

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **[58. gr.]**[1)] Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum, og á þá Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlag endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Má og draga upphæðina frá bótum, sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

☐ Ef greiðsla samkvæmt 1. málsgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega, getur Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlagsstjórn látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu, sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **[59. gr.]**[1)] Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun vegna tjóns, sem hann eða hún ber ábyrgð á vegna ásetnings eða gáleysis eða samkvæmt ákvæðum 67. greinar umferðarlaga, nr. 40/1968, eiga tryggingarnar endurkröfurétt fyrir þeim bótum, sem þær hafa innt af hendi vegna tjónsins, án þess að til

komi framsal. Endurkröfurétturinn gildir þó ekki gagnvart atvinnurekanda, að því er varðar bætur vegna slysa, er starfsmenn hans verða fyrir, nema hann eða trúnaðarmenn hans hafi valdið slysinu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

[1] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **[60. gr.]**[1] Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun, skulu falla niður allar bætur til hans, meðan hann dvelst þar, sbr. þó síðustu málsgr. 50. gr.[2]

□ Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, konu hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila, sem sér um, að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

[1] *L. 62/1974, 6. gr.* [2] *Nú 51. gr.*

■ **[61. gr.]**[1] Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

[1] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **[62. gr.]**[1] Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 35 30. maí 1960, og skal hún þá leita úrskurðar dómara, enda getur hún beiðzt rannsóknar og úrskurðar með sama hætti og þjóðskrá og sveitarfélag samkvæmt 14. gr. nefndra laga. Sjúkrasamlög eiga einnig rétt á að óska rannsóknar og úrskurðar um lögheimili samlagsmanna.

[1] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **[63. gr.]**[1] Tryggingaráði er heimilt að greiða bótaþegum, búsettum erlendis, aðrar bætur en ellilífeyri, ef sérstaklega stendur á.

[1] *L. 62/1974, 6. gr.*

B. Um iðgjöld, innheimtu o. fl.

■ **[64. gr.]**[1] ...[2]

[1] *L. 62/1974, 6. gr.* [2] *L. 112/1972, 18. gr.*

■ **[65. gr.]**[1] [Iðgjöld samkvæmt 25. og 36. gr. skal skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 68 1971,[2] og skulu ákvæði 40.—43. gr. þeirra laga gilda um iðgjöld eftir því, sem við á. Þó skulu iðgjöld af ökumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt fyrir fram fyrir hvert bifreiðaskattár.

□ Í reglugerð samkvæmt 4. málsgr. 36. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

□ Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.][3]

[1] *L. 62/1974, 6. gr.* [2] *Nú l. 75/1981.* [3] *L. 59/1978, 11. gr.*

■ **[66. gr.]**[1] ...[2]

[1] *L. 62/1974, 6. gr.* [2] *L. 59/1978, 12. gr.*

■ **[67. gr.]**[1] [Iðgjöld til lífeyris- og slysatrygginga skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs og sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum, sbr. þó ákvæði 1. málsgr. 65. gr. um iðgjöld af ökumönnum bifreiða og ákvæði næstu málsgreina hér á eftir. Ákvæði laga nr. 68 1971,[2] þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalda, svo og um innheimtu framlags sveitarfélaga til sjúkrasamlaga.][3]

□ [Tryggingastofnun ríkisins innheimtir sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði ber að greiða. Þá er stofnuninni heimilt að annast sjálf innheimtu iðgjalda tiltekinna ríkisstofnana, svo og annarra aðila, ef það þykir henta. Um gjald fyrir innheimtu iðgjalda til lífeyris- og slysatrygginga fer eftir launalögum og samningum samkvæmt lögum nr. 68/1962.][4]

[1] *L. 62/1974, 6. gr.* [2] *Nú l. 75/1981.* [3] *L. 59/1978, 13. gr.* [4] *L. 112/1972, 20. gr.*

■ **[68. gr.]**[1] ...[2]

[1] *L. 62/1974, 6. gr.* [2] *L. 112/1972, 21. gr.*

■ **[69. gr.]**[1] ...[2]

[1] *L. 62/1974, 6. gr.* [2] *L. 112/1972, 22. gr.*

■ **[70. gr.]**[1] ...[2]

[1] *L. 62/1974, 6. gr.* [2] *L. 112/1972, 23. gr.*

■ **[71. gr.]**[1] Iðgjöld samkv. [25. og 36. gr.][2] vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

[1] *L. 62/1974, 6. gr.* [2] *L. 112/1972, 24. gr.*

C. Önnur ákvæði.

■ **[72. gr.]**[1] Tekjur varasjóðs lífeyristrygginga eru vextir af höfuðstólnum og tillag samkvæmt 1. málsgr. 21. gr. [Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi samkvæmt 2. málsgr. 36. gr.][2] Heimilt er að veita lán úr varasjóðum lífeyris- og slysatrygginga til sveitarfélaga eða annarra aðila, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, til að koma upp elliheimilum, sjúkrahúsum eða öryrkjastofnunum, gegn öruggum tryggingum. Fé, sem ekki þarf að nota til daglegs rekstrar tryggingana, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

□ Tekjur varasjóðs sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar eru vextir af höfuðstólnum ásamt tillagi samkvæmt 49. gr. Heimilt er að veita lán eða styrk úr varasjóði sjúkratryggingadeildar til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óeðlilega miklum sjúkrakostnaði. Reglur um slíkar fyrirgreiðslur skulu settar af tryggingaráði og staðfestar af ráðherra.

[1] *L. 62/1974, 6. gr.* [2] *L. 59/1978, 14. gr.*

■ **[73. gr.]**[1] [Foreldri sem fær úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög skv. 19. gr. barnalaga, nr. 9/1981, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur skv. úrskurði innan þeirra marka, er 14. gr. setur um fjárhæð meðlags og aldur barna.

□ Framlag til menntunar og starfsþjálfunar samkvæmt 17. gr. barnalaga, nr. 9/1981, er þó heimilt að greiða samkvæmt úrskurði til 20 ára aldurs.

□ Á sama hátt getur barnsmóðir fengið skv. yfirvaldsúrskurði greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins:

a. Framfærslulífeyri í allt að 3 mánuði skv. 25. gr. 1. mgr. barnalaga nr. 9/1981.

b. Hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að 9 mánuði skv. 25. gr. 2. mgr. barnalaga.

c. Kostnað vegna meðgöngu og fæðingar skv. 26. gr. 1. mgr. barnalaga.

□ Þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, þ. e. a. s. eftir að dómari hefur veitt viðtöku ósk frá réttum aðila um að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð, getur móðir fengið meðlag greitt með barninu innan þeirra marka, er 14. gr. getur.

□ Þeir sem annast framfærslu barns að foreldri látnu

eða af öðrum lögmætum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri eftir því, sem við getur átt.

☐ Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður eða vottorð um höfðun barnsfaðernismáls berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 14. gr. ekki við.

☐ Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem feður eða fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.][2)]

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.* [2)] *L. 11/1982, 4. gr.*

■ **[74. gr.]**[1)] [Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu skv. 73. gr. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi.

☐ Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1.—3. mgr. 73. gr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlendis, mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Skiladagar vegna óinnheimtra skulda skulu vera 1. mars, 1. júní og 1. október, en þann dag skulu fullnaðarskil gerð.

☐ Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 4. mgr. 73. gr. þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.][2)]

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.* [2)] *L. 11/1982, 5. gr.*

■ **[75. gr.]**[1)] Tryggingastofnunin getur tekið að sér að annast reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir einstaka lífeyrissjóði.

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **[76. gr.]**[1)] Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út vátryggingarskírteini. Enn fremur getur stofnunin með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

☐ Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal, að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu, sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **[77. gr.]**[1)] Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja áhættu þá vegna bótaskyldra slysa og veikinda, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga nr. 67 31. desember 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum tryggða fullt kaup eða aflahlut jafnlangan tíma og sjómannalög ákveða hverju sinni.

☐ Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Dagpeningar samkvæmt 33. og 44. gr. skulu renna til Tryggingastofnunarinnar þann tíma, sem greiðsla kaups eða aflahlutar á sér stað, og skulu iðgjöld útgerðarmanna fyrir aukatryggingu þessa ákveðin með það fyrir augum, að þau ásamt dagpeningum nægi fyrir útgjöldum.

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **[78. gr.]**[1)] [Heimilt er ríkisstjórninni að semja við erlend ríki og ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæman rétt til þeirra hlunninda, sem almannatryggingar veita. Í slíkum samningum má m. a. kveða svo á, að lögheimilistími í öðru samningsríki skuli talinn jafngilda lögheimilistíma á Íslandi, hvort sem um er að ræða íslenska þegna eða þegna annarra samningsríkja. Enn fremur er heimilt að kveða þar á um rétt til bótagreiðslna samkvæmt almannatryggingalögum við búsetu í öðru samningsríki, sbr. 11. gr., 62. gr. og 1. tölulið ákvæða til bráðabirgða.][2)]

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.* [2)] *L. 62/1974, 10. gr.*

■ **[79. gr.]**[1)] [Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum og greiðslum samkvæmt 73. gr. í samræmi við það.][2)] [Heimilt skal, að fjárhæðir samkv. 1. mgr. 19. gr. taki sömu hlutfallsbreytingum og kveðið er á um í 1. ml. þessarar greinar um upphæðir bóta og greiðslur skv. 73. gr.][3)4)]

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.* [2)] *L. 96/1971, 12. gr.* [3)] *L. 36/1976, 2. gr.* [4)] *Rg. 358/1982, 71/1983.*

■ **[80. gr.]**[1)] Ráðherra skal, að fengnum tillögum tryggingaráðs, koma á fót deild í Tryggingastofnun ríkisins, sem hafi það hlutverk að annast velferðarmál aldraðra og annarra bótaþega samkvæmt lögum þessum.

☐ Nánari ákvæði um deild þessa skulu sett með reglugerð, sem ráðherra staðfestir.

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **[81. gr.]**[1)] Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972.

[1)] *L. 62/1974, 6. gr.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** 1. Bætur, sem úrskurðaðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu ekki skerðast vegna ákvæða II. kafla um bótagreiðslur í hlutfalli við þann tíma sem bótaþegi hefur átt lögheimili á Íslandi, sbr. þó 2. málsgr.

Nú á ellilífeyrisþegi eða umsækjandi um ellilífeyri ekki lögheimili á Íslandi, og skal þá einungis reikna til réttindatíma samkvæmt 12. gr. þann tíma, sem hlutaðeigandi hefur átt lögheimili á Íslandi eftir árslok 1946. Heimilt er tryggingaráði að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

2. Fresta skal til ársloka 1972 gildistöku þeirra ákvæða laga þessara, er varða fækkun og stækkun sjúkrasamlaga. Til sama tíma gildi þau ákvæði laga, er varða héraðssamlög og hlutverk þeirra, tekjur þeirra, gjöld og stjórn.

Fyrir árslok 1971 skal Tryggingastofnun ríkisins, eða sérstök nefnd, gera áætlun um það, hvernig störfum hinna nýju sjúkrasamlaga skuli fyrir komið, hvar þau skuli hafa starfsstöðvar og hvernig innheimtu og útborgun skuli háttað. Kynna skal hlutaðeigandi sveitarstjórnum áætlunina, jafnskjótt og hún hefur verið gerð, og gefa þeim kost á að láta uppi álit um hana. Hin nýja skipan tekur þó ekki gildi, sbr. 1. málsgr., ef ⅗ þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli, kjósa fremur óbreytt fyrirkomulag.

3. Þegar núverandi sjúkrasamlög hætta störfum, yfirfærast eignir þeirra og skuldir á sjúkrasamlag það, sem tekur við hlutverki þeirra, þannig, að helmingur hreinna eigna samlags þess, sem niður er lagt, skal renna í varasjóð hins nýja samlags, en helmingur skal ganga upp í framlög hlutaðeigandi sveitarfélags til hins nýja samlags. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins ábyrgist skuldir samlaga þeirra, sem niður eru lögð, sem eigin skuld.

1971 Nr. 67 20. apríl

1971 Nr. 67 20. apríl

4. Þegar héraðssamlög hætta störfum, yfirfærast eignir þeirra og skuldir á sjúkrasamlag það, sem tekur við tryggingahlutverki þeirra.

5. Stjórnir sjúkrasamlaga, sbr. 38. gr., skulu skipaðar eigi síðar en 1. júlí 1972.[1)]

[1)] *Um önnur ákvæði til bráðabirgða er varða l. 67/1971, sjá: l. 96/1971, l. 112/1972, l. 13/1975, l. 59/1978, l. 85/1980, l. 97/1980.*

1980 Nr. 91 23. des.

Lög um skráningu lífeyrisréttinda.

■ **1. gr.** Skrá skal í eina heildarskrá lífeyrisréttindi allra landsmanna eins og nánar er mælt fyrir í lögum þessum. Skal skráningin framkvæmd af fjármálaráðuneytinu.

■ **2. gr.** Skrásetja skal, að því er hvern mann varðar, iðgjaldagreiðslur hans, þann lífeyrissjóð eða þá sjóði sem greitt hefur verið til og þau réttindi sem hver maður á samkvæmt reglum þess sjóðs er hann á aðild að.

■ **3. gr.** Skráningin skal byggð á upplýsingum lífeyrissjóða. Skulu allir lífeyrissjóðir, sem starfa samkvæmt lögum eða viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu, afhenda lífeyrisskránni skýrslur með öllum nauðsynlegum upplýsingum til skráningar lífeyrisréttinda og iðgjaldagreiðslna. Skulu skýrslur þessar afhentar ókeypis og í því formi og á þeim tíma sem skráin ákveður.

■ **4. gr.** Atvinnurekendum, sem hafa í þjónustu sinni iðgjaldsskylda menn, er skylt að láta lífeyrisskránni í té upplýsingar sem varðað geta lífeyrisréttindi eða iðgjaldagreiðslur starfsmanna, í því formi sem óskað er. Á sama hátt er öllum einstaklingum, sem skyldir eru til greiðslu iðgjalda, skylt að veita skránni umbeðnar upplýsingar. Þá er skattyfirvöldum skylt að veita skránni upplýsingar úr skattframtölum eða öðrum skattgögnum er varðað geta skráningu lífeyrisréttinda og ákvörðun eða greiðslu iðgjalda.

■ **5. gr.** Lífeyrisskráin skal veita einstaklingum og atvinnurekendum upplýsingar um til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greiða fyrir hvern mann eða um hvaða sjóði er að velja eigi það við. Úrskurður um ágreiningsmál um sjóðsaðild fer skv. 2. gr. laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

■ **6. gr.** Lífeyrisskráin skal veita upplýsingar um greiðslur iðgjalda og lífeyrisréttindi. Þá skal skráin gefa út árlega yfirlit um lífeyrisréttindi og iðgjaldagreiðslur landsmanna.

■ **7. gr.** Lífeyrisskráin skal eftir því sem kostur er fylgjast með því að ákvæðum laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé framfylgt að því er varðar greiðslu iðgjalda.

1980 Nr. 95 31. des.

Lög um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

■ **1. gr.** Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í lögum þessum.

□ Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

■ **2. gr.** Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlátnum mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara.

■ **3. gr.** Fjármálaráðherra skipar sjö menn og jafnmarga varamenn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn. Skulu tveir stjórnarmanna skipaðir eftir tilnefningu stjórnar Sambands almennra lífeyrissjóða, tveir eftir tilnefningu stjórnar Landssambands lífeyrissjóða, einn eftir tilnefningu stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður sjóðstjórnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Stjórnin skal halda gerðarbók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meiri hluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

■ **4. gr.** Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

□ Bókhald sjóðsins skal vera hjá ríkisbókhaldi. Að öðru leyti er stjórn sjóðsins heimilt að ráða starfsfólk eða semja við annan aðila um að sjá um störf þau sem nauðsynlegt er að vinna til að tryggja starfrækslu sjóðsins.

■ **5. gr.** Fimmta hvert ár skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins. Hann skal semja skýrslu um athugun sína og gera upp efnahagsreikning á grundvelli útreikninganna.

□ Tryggingafræðingurinn skal athuga sérstaklega hvort hann telur sjóðinn þess megnugan að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri, sbr. 14. gr. Skal hann gera tillögur um að hve miklu leyti kaupgjaldshækkanir á næsta 5 ára tímabili skuli hafa áhrif á lífeyrisgreiðslur, og hafa í því efni hliðsjón af niðurstöðu athugana sinna á fjárhag sjóðsins ásamt heildarútgjöldum hans til þeirra tegunda lífeyris er að ofan greinir.

□ Telji tryggingafræðingurinn, með hliðsjón af kaupgjaldsþróun og öðrum atriðum sem máli skipta, athugun sína leiða í ljós að fjárhagur sjóðsins sé svo ótryggur að við svo búið megi ekki standa, skal hann gera tillögur til sjóðstjórnar um aðgerðir til eflingar sjóðnum.

■ **6. gr.** Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum, allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði sem ákveðið er af tveim mönnum sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

□ Sjóðstjórnin ákveður ráðstöfun þess fjár sem hún telur að ávaxta megi í lánum til langs tíma. Skulu sjóðfélagar hafa forgangsrétt til íbúðalána samkvæmt reglum sem sjóðstjórn setur. Ákveði sjóðstjórn að lána fé til uppbyggingar atvinnufyrirtækja skulu vinnuveitendur, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum, hafa forgangsrétt til lántöku.

■ **7. gr.** Skylda til greiðslu iðgjalda nær til allra launþega svo og þeirra sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og skylt er að reikna sér endurgjald fyrir starf við eigin rekstur skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. laga nr. 40/1978,[1)] sbr. 59. gr. sömu laga, enda hafi þessir aðilar náð 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og hafa ekki fullnægt tryggingar-

skyldu sinni með aðild að og greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða sem lögbundnir eru eða eru viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu.

[1)] *Nú l. 75/1981.*

■ **8. gr.** Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af launum þeim sem tilgreind eru í 2. málsgr. þessarar greinar eða ákveðin af sjóðstjórn skv. 3. málsgr. Iðgjald launþega er 4% launa en iðgjald launagreiðanda 6%.

□ Iðgjaldsskyldar launatekjur eru sem hér segir:

1. Iðgjald skal greiða af öllum tekjum starfsmanna á mánuði hverjum er teljast greiddar fyrir dagvinnu eða jafngildi dagvinnu, þ. m. t. vaktaálag.

2. Sé unnið á föstu mánaðarkaupi í vaktavinnu skal greiða iðgjald af vaktakaupinu.

3. Iðgjald skal greitt af orlofsfé af launum skv. 1. og 2. tl.

□ Stjórn sjóðsins setur reglur um við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga sem ekki eru launþegar svo og hvað teljast skuli laun fyrir dagvinnu, sbr. 1. tl. 2. málsgr.

□ Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Þeir sjóðfélagar sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sbr. 7. gr., skulu á sama hátt standa skil á iðgjaldi sínu mánaðarlega.

□ Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar.

□ Dragist lengur en 30 daga fram yfir gjalddaga að iðgjöldum sé skilað ber launagreiðanda að greiða dráttarvexti jafnháa þeim dráttarvöxtum sem greiða ber vegna vanskila opinberra gjalda.

□ Þeir sem eiga stig í sjóðnum, sbr. 9. gr., teljast sjóðfélagar.

□ Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

■ **9. gr.** Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

□ Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvern almanaksmánuð fast vikukaup miðað við næstlægsta taxta Dagsbrúnar og fulla starfsaldurshækkun í 4 ⅓ viku. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum sjóðfélaga almennt skal hún ákveða annan stigagrundvöll svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

□ Stig ársins reiknast þannig að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins skv. 2. málsgr. Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30 skal þó aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára sem afgangs verða.

□ Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 75 ára aldri.

□ Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

□ Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 4. mgr., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 16. gr.

■ **10. gr.** Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 70 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

□ Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 60 mánuði áður en taka lífeyris hefst og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8.

□ Heimilt er sjóðfélaga að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 70 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 67 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka frá því sem í 2. málsgr. segir um ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 70 ára aldur er taka hans hefst.

□ Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 70 ára aldurs um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað.

□ Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu stig hans reiknuð á ný er hann hefur náð 75 ára aldri, en reikna skal með sama meðaltali launa, sbr. 2. málsgr., og gert var við fyrri úrskurð.

■ **11. gr.** Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 3. mgr. 13. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

□ Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 10. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofneyslu áfengis, deyfi- eða fíknilyfja skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

□ Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. málsgr.

□ Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

□ Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx,

ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

☐ Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 70 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

■ **12. gr.** Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá maki hans rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagans, hjúskapur hafi staðið a. m. k. í 5 ár og til hans stofnað áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

☐ Láti sjóðfélaginn eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lést. Ennfremur skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans ef tryggingayfirlæknir telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

☐ Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. málsgr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt framangreindum ákvæðum og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 24 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans.

☐ Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni eða sambúðarkonu lífeyri í samræmi við ákvæði 2. og 3. málsgr.

☐ Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 60 mánuði, áður en taka hans hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður.

☐ Auk áunninna stiga skal telja með þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hafi áunnið sér fram til 70 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 11. gr. en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

☐ Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

1980 Nr. 95 31. des.

■ **13. gr.** Nú andast sjóðfélagi sem naut örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig yngri en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs.

☐ Veiti fráfall sjóðfélagans börnum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þá bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjald til þessa sjóðs.

☐ Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og fullur lífeyrir úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er hinn samanlagði lífeyrir tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal fullur lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 6. málsgr. 12. gr., eru a. m. k. 0,5. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,1.

☐ Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum vegna 100% örorku. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé einnig 100%. Sé örorka skv. 11. gr. metin lægra en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri.

☐ Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og verða mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

■ **14. gr.** Nú verður hækkun á kauptaxta þeim sem stigaútreikningur miðast við, sbr. 2. mgr. 9. gr., eftir að lífeyrir skv. 10., 11. eða 12. gr. hefur verið úrskurðaður, og skal þá ráðherra, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, taka ákvörðun um hvort breyting skuli gerð á slíkum lífeyrisgreiðslum og hve mikil hún skuli vera. Aldrei má þó hækka lífeyri meira en að því marki sem tryggingafræðingur hefur lagt til, sbr. 5. gr.

☐ Nú ávaxtar sjóðurinn mikinn hluta höfuðstóls síns í verðtryggðum skuldabréfum eða ávöxtun hans að öðru leyti bendir til að hann sé fær um að verðbæta lífeyrisgreiðslur betur en gert er ráð fyrir í 1. málsgr., og er þá ráðherra heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum tryggingafræðings og sjóðstjórnar, að lífeyrir skv. 10., 11. og 12. gr. skuli miðaðar við hærri grundvallarlaun en meðaltal 60 mánaða. Aldrei skal þó miðað við hærri grundvallarlaun en tryggingafræðingur hefur lagt til.

☐ Verðbætur, sem ákveðnar hafa verið samkvæmt þessari grein, falla ekki niður þótt ekki verði talið fært að veita áframhaldandi hækkanir.

■ **15. gr.** Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabilið, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma er uppfyllt.

☐ Falli iðgjaldagreiðslur niður skulu áunnin stig geymd

1980 Nr. 95 31. des.

nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda skv. 16. gr. eða flutnings réttinda til annars lífeyrissjóðs skv. 17. gr.

□ Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig.

■ **16. gr.** Erlendur ríkisborgari, sem hverfur úr sjóðnum í lifanda lífi vegna brottflutnings úr landi og ekki á rétt á elli- eða örorkulífeyri, á rétt á að fá endurgreiddan iðgjaldahluta launþega (4% iðgjald) sem hann hefur greitt til sjóðsins. Endurgreiðsla skal þó ekki eiga sér stað ef hlutaðeigandi hefur öðlast áframhaldandi geymdan rétt til elli-, örorku- og makalífeyris, annaðhvort samkvæmt:

a. síðasta málslið 3. málsgr. 15. gr. þannig að áunnin stig séu a. m. k. 3,

b. samkomulagi, er sjóðurinn hefur gert við aðra lífeyrissjóði um samlagningu áunninna réttinda, eða

c. ákvæðum milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að.

□ Endurgreiðsla vegna þess almanaksárs, er hún á sér stað, skal vera í samræmi við innborganir, en iðgjöld vegna fyrri ára skulu reiknuð í samræmi við áunnin stig og grundvallarlaun næstliðins almanaksárs án vaxta og án tillits til hvenær stigin voru áunnin.

□ Af iðgjöldum sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna sem náð hafa 75 ára aldri, sbr. 4. málsgr. 9. gr., skal hann endurgreiða iðgjaldshluta launþega. Skal slík endurgreiðsla eiga sér stað eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

■ **17. gr.** Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn hans heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með sömu vöxtum og sjóður sá er við tekur greiðir er iðgjöld eru flutt úr honum. Sama gildir ef sjóðfélagi kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði er hann flyst til eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilsvarandi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru keypt, eins og samkvæmt þessum lögum.

□ Fé sem yfirfært kann að vera úr öðrum lífeyrissjóði veitir ekki viðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum sem það er yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings síns, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

■ **18. gr.** Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma.

■ **19. gr.** Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð er lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknað frá byrjun þess mánaðar er umsókn barst sjóðnum.

1980 Nr. 95 31. des.

□ Hafi lífeyrisgreiðslu ekki verið vitjað í 5 ár getur stjórn sjóðsins úrskurðað að réttur til hennar falli niður, og rennur þá fjárhæðin til sjóðsins.

■ **20. gr.** Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

■ **21. gr.** Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

■ **22. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981 og tekur Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda þá við eignum og skuldum og öllum verkefnum Biðreiknings lífeyrissjóðsiðgjalda.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þeir ríkisstarfsmenn, sem greitt hafa iðgjöld til biðreiknings þess, sem stofnaður var 26. sept. 1974, fyrir gildistöku laga þessara og greiða nú iðgjöld í lögbundna lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, eiga þess kost, ef þeir óska, að fá iðgjöld sín vegna starfa í þjónustu ríkisins flutt úr biðreikningnum til lögbundinna lífeyrissjóða.

□ Sama gildir þótt þeir ríkisstarfsmenn, er um ræðir í 1. mgr., öðlist ekki aðild að lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna fyrr en á árinu 1981.

Lög um atvinnuleysistryggingar.

1981 Nr. 64 2. júní

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Þeir félagar í stéttarfélögum, sem atvinnulausir verða, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

■ **2. gr.** Stéttarfélög eru samtök manna, sem vinna í þjónustu annarra og taka laun fyrir vinnu sína, og hafa það meginverkefni að koma fram sem samningsaðili við atvinnurekendur um kaup og kjör félagsmanna sinna og fullnægja að öðru leyti reglum um stéttarfélög samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

■ **3. gr.** Ákvæði laga þessara taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, lækna, lögfræðinga, endurskoðenda, verkfræðinga né annarra sambærilegra aðila.

■ **4. gr.** Félagi í stéttarfélagi, sem auk þess að stunda vinnu hjá gjaldskyldum atvinnurekanda, sbr. 9. gr., stundar sjósókn á eigin fari, á rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði, enda óski hann þess í skattframtali sínu og geri örugga grein fyrir tímalengd sjósóknar sinnar.

II. kafli. Um stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs o. fl.

■ **5. gr.** Atvinnuleysistryggingasjóður skal inna af hendi þær bætur, er um ræðir í 1. gr. Árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

a. Iðgjöld atvinnurekenda skv. 10. gr.
b. Framlag frá sveitarfélögum skv. 14. gr.
c. Framlag úr ríkissjóði skv. 15. gr.
d. Vextir af innistæðufé sjóðsins og verðbréfum.

■ **6. gr.** Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og fjórir kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir. Skipun stjórnar fer fram að

loknum hverjum almennum alþingiskosningum.

□ Ráðherra skipar formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi aðalmanna. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna, sem greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

■ **7. gr.** Tryggingastofnun ríkisins skal annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðsstjórnar og undir umsjá hennar.

□ Sjóðurinn skal greiða stofnuninni þóknun fyrir þjónustu hennar samkvæmt samkomulagi milli aðila. Náist ekki samkomulag skal ráðherra skera úr ágreiningi.

□ Handbært fé sjóðsins skal Tryggingastofnun ríkisins ávaxta, eftir því sem við verður komið, í lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

■ **8. gr.** Reikningar Atvinnuleysistryggingasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir ár hvert í Lögbirtingablaði.

III. kafli. Um iðgjöld.

■ **9. gr.** Hver launagreiðandi, sem hefur í þjónustu sinni mann, 16 ára og eldri, er tekur laun samkvæmt kjarasamningi eða launataxta stéttarfélags, sbr. þó 2. og 3. gr., svo og iðnnema, skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þeir sem um ræðir í 4. gr. skulu greiða iðgjöld vegna sjósóknar sinnar.

■ **10. gr.** Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu, skv. 8. launaflokki A. Verkamannasambands Íslands, lægsta starfsaldursþrepi, vegna hverrar vinnuviku, sem starfsmaður vinnur í þjónustu hans. Sé um að ræða fasta starfsmenn, reiknast árið 52 tryggingarvikur, en hjá öðrum starfsmönnum reiknast hverjar unnar 40 klukkustundir ein tryggingarvika. Tryggingarvikufjöldi sjómanna er skráningar- eða ráðningartími í skipsrúm.

□ Við ákvörðun iðgjalds skal miða við meðalkaup á s. l. ári skv. umræddum taxta og skal það reiknast af Hagstofu Íslands.

□ Við ákvörðun iðgjalds skv. 4. gr., sbr. 2. mgr. 9. gr., jafngildir hver róðrardagur 12 vinnustundum.

■ **11. gr.** Allir þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun, sbr. 9. og 10. gr., eru skyldir til þess að skýra frá því ókeypis á launamiðum og launaframtali í því formi, sem ríkisskattstjóri ákveður. Sama skylda hvílir á þeim aðila, sem hefur milligöngu um greiðslu launa. Á launamiða skal greina í vikum eða vinnustundum lengd starfstíma starfsmanna á árinu og það stéttarfélag, sem gert hefur samning eða sett taxta þann, sem launamanni er greitt eftir.

□ Um skilafrest launaframtals, meðferð þess og viðurlög skulu gilda ákvæði X.—XII. kafla laga nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980 um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.[1)]

[1)] *Nú l. 75/1981.*

■ **12. gr.** Iðgjöld samkvæmt 10. gr. skal skattstjóri leggja á með tekjuskatti og eignarskatti. Fer um skráningu og birtingu álagningar eftir 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980. Um kærur, gjaldfresti og úrskurði fer eftir 99. og 100. gr. sömu laga.

□ Gjalddagar skulu vera hinir sömu og gjalddagar tekjuskatts og eignarskatts.

□ Iðgjöld af lögskráðum sjómönnum skulu lögð á og innheimt fyrirfram af lögskráningarstjórum.

1981 Nr. 64 2. júní

■ **13. gr.** Iðgjöld skv. 10. gr. skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs eða sérstökum innheimtustofnunum. Skulu ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalds að svo miklu leyti sem við getur átt.

□ Iðgjöld vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs og almannatrygginga.

■ **14. gr.** Sveitarsjóður skal greiða framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er sé árlega jafnhátt heildariðgjöldum skv. 10. gr. í því sveitarfélagi. Innheimtumenn ríkisins skulu innheimta framlag þetta án endurgjalds. Áætlað framlag sveitarfélags greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skulu gerð þegar iðgjöld skv. 10. gr. hafa endanlega verið ákveðin.

□ Um dráttarvexti skulu gilda reglur laga um tekjuskatt og eignarskatt.

■ **15. gr.** Ríkissjóður greiðir framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er skal nema tvöfalt hærri fjárhæð en heildariðgjöld skv. 10. gr.

□ Áætlað ríkissjóðsframlag greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skulu gerð þegar iðgjöld skv. 10. gr. hafa endanlega verið ákveðin. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir framlag þetta.

□ Um dráttarvexti gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt.

IV. kafli. Um bótarétt.

■ **16. gr.** Rétt til atvinnuleysisbóta skv. lögum þessum hafa þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 24. gr.:

1. Eru 16 ára að aldri.
2. Dvelja hér á landi.
3. Eru fullgildir félagsmenn í stéttarfélögum.
4. Hafa á síðustu 12 mánuðum unnið samtals a. m. k. 425 dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu. Hver róðrardagur við sjósókn, sbr. 4. gr., telst 12 klst., en þó reiknast slík vinna samtals aldrei fleiri klukkustundir en nemur tvöföldum þeim vinnustundafjölda, sem umsækjandi hefur unnið tryggingarskylda dagvinnu hjá öðrum. Hafi maður stundað samfellt vinnu fyrir og eftir að hann náði 16 ára aldri, öðlast hann rétt til bóta, ef hann hefur unnið í tryggingarskyldri vinnu a. m. k. þriðjung tilskilins dagvinnutíma, eftir að hann varð 16 ára.
5. Sanna með vottorði vinnumiðlunarstofu skv. lögum um vinnumiðlun, að hann hafi verið atvinnulaus[1)] 3 eða fleiri heila vinnudaga. Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, er maður hefur verið í verkfalli eða verkbann tekur til.

[1)] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera „þeir hafi verið atvinnulausir".*

■ **17. gr.** Sá, sem fullnægir skilyrðum bótaréttar samkvæmt 16. gr., en tekur starfi, sem ekki er tryggingarskylt skv. lögum þessum, og stundar það allt að 24 mánuðum, heldur að loknu því starfi bótarétti þeim, sem hann hafði áunnið sér, enda taki ákvæði annarra laga eða samninga um atvinnuleysistryggingar ekki til

starfsins. Sama gildir um þá, sem taka að stunda nám eða heimilisstörf allt að 24 mánuðum.

□ Ef sá, sem hefur áunnið sér rétt til bóta, verður að hverfa frá vinnu vegna veikinda, heldur hann þeim bótarétti, þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann veikindin með læknisvottorði, svo og vinnuhæfni sína, ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum.

□ Bótarétt getur enginn öðlast vegna atvinnuleysis, sem stafar af veikindum hans.

□ Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar gilda eftir því sem við á um þá, sem taldir eru í 3. tl. 21. gr.

■ **18. gr.** Sá sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf, nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að sex vikur, ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfun eða dvölin á námskeiðinu hófst, enda njóti hann ekki launa. Sama gildir, þegar bótaþegi sækir námskeið verkalýðssamtaka eða almenn námskeið, sem miða að aukinni starfshæfni hans, allt að sex vikum. Úthlutunarnefnd skal tilkynna hlutaðeigandi vinnumiðlunarskrifstofu ákvarðanir sínar samkvæmt þessari málsgrein. Úthlutunarnefnd krefur bótaþega um sannanir um þátttöku hans skv. framansögðu að viðlagðri sviptingu bóta.

□ Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrki til rekstrar starfsþjálfunarnámskeiða á vinnustað eða utan hans, enda verði það talið nauðsynlegt vegna verulegra breytinga og nýjunga í starfsháttum, eða ef atvinnuleysi eða hliðstæðir erfiðleikar eru fyrirsjáanlegir í ákveðnum starfsgreinum. Styrkur má nema allt að þeim atvinnuleysisbótum, sem hver einstakur þátttakandi hefur áunnið sér rétt til, auk óhjákvæmilegs ferðakostnaðar þátttakanda, sem miðast við fargjöld með almenningsfarartækjum.

□ Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu styrkja samkvæmt þessari grein.

■ **19. gr.** Maður, sem fengið hefur rétt til bóta, en bótatíma hans er lokið skv. 22. gr., heldur bótarétti sínum ef hann er áfram atvinnulaus og fullnægir ákvæðum um skráningu hjá vinnumiðlun skv. lögum þessum.

□ Elli- og örorkulífeyrisþegar öðlast því aðeins bótarétt að loknu fyrsta bótatímabili, að þeir sanni vinnuhæfni sína með læknisvottorði.

■ **20. gr.** Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem honum er unnt, að viðlögðum missi bóta skv. framansögðu.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ákveða að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram oftar en vikulega, enda verði slíkt talið eðlilegt með hliðsjón af atvinnuástandi.

■ **21. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 16.—20. greinar eiga eftirtaldir menn ekki rétt á atvinnuleysisbótum:

1. Þeir sem taka þátt í verkfalli eða verkbann tekur til.

2. Þeir sem njóta slysa- eða sjúkrapeninga skv. lögum um almannatryggingar.

3. Þeir sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.

4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna, eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta skv. þessum tölulið fellur niður í fyrsta sinn 30 bótadaga og skerðist bótatímabil sem þessu nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótaréttindi að nýju, nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunarstofu, að hann hafi stundað vinnu í samfellt 6 vikur eftir að hann missti bótarétt sinn.

5. Þeir sem ófærir eru til vinnu af heilsufarsástæðum.

6. Þeir sem neita starfi, sem þeim býðst fyrir milligöngu vinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við gildandi kjarasamninga. Bótaréttur glatast þó ekki þótt umsækjandi hafni vinnu ef hann með læknisvottorði sannar, að hann geti eigi stundað þá vinnu sem hann á kost á. Eigi fellur heldur niður bótaréttur þótt hafnað sé vinnu í starfsgrein, sem umsækjandi hefur eigi áður stundað, enda fylgi starfinu að mati úthlutunarnefndar mun meiri áreynsla og vosbúð en þeim störfum er hann áður hefur stundað. Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt heimilisástæðna umsækjanda.

Þegar hafnað er vinnu í annarri starfsgrein eða fjarri heimili, sbr. 3. og 4. mgr. þessa töluliðar, getur úthlutunarnefnd fellt niður bætur þegar umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur.

7. Þeir sem stunda vinnu í eigin þágu, sem gefur þeim tekjur eða tekjugildi, er samsvarar 8. taxta Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi, fyrir hverja vinnuviku.

8. Þeir sem firrt hafa sig bótarétti skv. 40. gr.

■ **22. gr.** Maður, sem öðlast bótarétt skv. ákvæðum þessa kafla, á rétt á bótum fyrir þá daga, sem hann er atvinnulaus, frá og með 1. skráningardegi, sbr. þó 4. mgr. 24. gr.

□ Atvinnuleysisbætur greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga. Enginn skal þó fá bætur fyrir fleiri en 180 daga á 12 mánuðum.

V. kafli. Atvinnuleysisbætur.

■ **23. gr.** Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga skulu jafngilda launum fyrir 8 klukkustunda dagvinnu samkvæmt efsta starfsaldursþrepi 8. launaflokks Verkamannasambands Íslands. Lágmarksdagpeningar eru ¼ hluti sömu launa.

□ Að auki skal greiða bótaþegum, sem hafa börn sín yngri en 17 ára á framfæri á heimili sínu eða greiða sannanlega með þeim meðlag utan heimilis, 4% af framangreindum launum með hverju barni.

□ Af atvinnuleysisbótum greiðir bótaþegi 4% í lífeyrissjóð og Atvinnuleysistryggingasjóður 6%.

■ **24. gr.** Fjárhæð bóta miðast við unnar dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum fyrir fyrsta skráðan atvinnuleysisdag. Hámarksbætur greiðast þeim, sem unnið hafa í 1700 dagvinnustundir eða fleiri. Lágmarksbætur greiðast, þegar dagvinnustundir eru 425. Annars greiðast bætur í hlutfalli við dagvinnustundafjölda.

□ Bætur vegna barna skv. 23. gr. skerðast ekki.

□ Vinna í reglubundinni vaktavinnu svo og vinna, sem eðli sínu samkvæmt er jafnan unnin utan venjulegs

dagvinnutíma, telst dagvinna í þessu sambandi, þó aldrei yfir 40 klukkustundir á viku.

☐ Nú ber nauðsyn til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis og skal þá greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta, sem þeir eiga rétt á, sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess, ef um fleiri en eina er að ræða.

☐ Nú hefur umsækjandi, sem hefur áunnið sér bótarétt, auk þess stundað skólanám á síðustu 12 mánuðum í ekki skemmri tíma en 6 mánuði og lokið námi eða einsýnt þykir, að hann hafi hætt námi og skal þá reikna honum 520 dagvinnustundir vegna námsins til viðbótar vinnustundum hans að námi loknu.

☐ Nú á umsækjandi geymdan bótarétt, sbr. 17. gr., og fær hann þá bætur í samræmi við það, nema starfstími hans eftir að hann hóf að nýju tryggingarskyld störf, gefi tilefni til annars.

☐ Hafi umsækjandi notið atvinnuleysisbóta á síðustu 12 mánuðum, skal reikna honum bótadaga á því tímabili til starfstíma. Hafi hann notið fullra bóta, reiknast tímabilið með fullum dagvinnutíma, ella skerðist það í sama hlutfalli og bætur sem hann naut.

☐ Atvinnuleysistryggingasjóður leggur úthlutunarnefndum til skrá um ákvörðun dagpeninga. Skráin skal tilgreina 76 þrep, frá 25% til 100% bóta, þannig að bætur hækki um 1% hámarksbóta við hvert þrep eftir starfstíma.

VI. kafli. Úthlutunarnefndir og greiðsla bóta.

■ **25. gr.** Úthlutunarnefnd hefur á hendi úthlutun bótafjár fyrir hvert félag eða félagasamband. Úthlutunarnefnd skal skipuð fimm mönnum, þremur frá því stéttarfélagi eða félagasambandi, sem hlut á að málum, einum frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einum frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Nefndin kýs sér sjálf formann og ritara.

☐ Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður þóknun nefndarmanna og úrskurðar um kostnað vegna nefndarstarfanna. Allur kostnaður vegna nefndarstarfa greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

■ **26. gr.** Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Skulu eyðublöð þessi þannig úr garði gerð, að þau séu hvort tveggja í senn, umsóknir um atvinnu, til afnota fyrir vinnumiðlun og umsóknareyðublöð um bætur, sbr. 7. gr. laga nr. 52/1956, um vinnumiðlun.

☐ Umsókn ásamt nauðsynlegum gögnum sendist úthlutunarnefnd.

■ **27. gr.** Úthlutunarnefnd skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Nefnd er því aðeins ályktunarfær, að meirihluti nefndarmanna sitji fund.

☐ Úthlutunarnefnd úrskurðar um umsóknir til samþykktar eða synjunar. Hún úrskurðar hvaða hundraðshluta hámarksbóta skal greiða umsækjanda. Allar ákvarðanir varðandi bótarétt skal færa í gerðabók, svo og úrskurði um ágreiningsatriði. Nefndarmenn skulu undirrita gerðabók.

☐ Þegar úthlutunarnefnd hefur ákveðið hvaða bætur skal greiða umsækjanda, getur hún falið einstökum nefndarmönnum eða starfsmönnum sínum frekari afgreiðslu, útreikning framhaldsbóta samkvæmt dagpeningavottorðum vinnumiðlunar og útborgun bóta.

☐ Bótafjárhæðir samkvæmt úrskurðum nefndarinnar skal færa á bótaskrá. Í bótagögnum skal sérstaklega geta þess, ef ágreiningur hefur verið um úrskurð, svo og rita á þau þær athugasemdir eða skýringar, sem nefndin telur ástæðu til.

☐ Að þessu loknu skal senda bótaskrá ásamt umsóknum og fylgiskjölum til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanna hennar.

■ **28. gr.** Þegar skrá um bætur hefur borist frá úthlutunarnefnd, sbr. 27. gr., skal Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar þegar í stað kanna skrána og fylgiskjöl hennar. Telji þessir aðilar, að einhverjum hafi verið úrskurðaðar bætur, sem ekki eiga rétt á þeim, eða að bætur séu rangt ákveðnar, skulu þeir leiðrétta skrána í samráði við úthlutunarnefnd. Verði ekki samkomulag um leiðréttingu, frestast að svo stöddu greiðsla bóta að þeim hluta, sem ágreiningur er um, og fer um ágreininginn samkvæmt 29. gr.

☐ Að lokinni könnun og leiðréttingu bótaskrár, skal Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar afhenda úthlutunarnefnd eintak af henni ásamt nægilegu fé til greiðslu bóta. Að lokinni greiðslu skal úthlutunarnefnd skila eintaki af skránni með áritaðri kvittun bótaþega.

■ **29. gr.** Verði ágreiningur með nefndarmönnum í úthlutunarnefnd, sbr. 2. mgr. 27. gr., getur sá nefndarmaður, sem eigi vill una úrskurði meirihluta, skotið ágreiningi til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Á sama hátt getur úthlutunarnefnd og Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar skotið til sjóðsstjórnar ágreiningi skv. 1. mgr. 28. gr., sem eigi hefur náðst samkomulag um. Þá getur umsækjandi um bætur, sem eigi vill una ákvörðun úthlutunarnefndar eða Tryggingastofnunar ríkisins, skotið máli sínu til sjóðsstjórnar.

☐ Sá, sem áfrýja vill máli til sjóðsstjórnar, skal senda henni greinargerð ásamt öllum sömu gögnum, sem lögð höfðu verið fyrir úthlutunarnefnd eða eftir atvikum Tryggingastofnun ríkisins, er þessir aðilar kváðu upp úrskurð sinn. Berist ný gögn, skal málið tekið upp að nýju og úrskurðað, áður en stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur það til afgreiðslu.

☐ Úrskurðir stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um bætur eru endanlegir.

■ **30. gr.** Úthlutunarnefndir annast greiðslu bóta til einstakra bótaþega nema þær kjósi að fela það Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmönnum hennar.

☐ Umboðsmenn Tryggingastofnunar ríkisins skulu mánaðarlega senda Tryggingastofnuninni bótaskrár, sem þeir hafa afgreitt í liðnum mánuði, ásamt fylgiskjölum.

☐ Heimilt er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að annast afgreiðslu atvinnuleysisbóta annarra aðila, ef eftir því er leitað og samkomulag verður um fyrirkomulag.

■ **31. gr.** Stjórn sjóðsins skal fylgjast með störfum úthlutunarnefnda og Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanna hennar um allt, er atvinnuleysisbætur varðar.

1981 Nr. 64 2. júní

1981 Nr. 64 2. júní

VII. kafli. Um fjárreiður Atvinnuleysistryggingasjóðs.

■ **32. gr.** Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um ávöxtun fjár sjóðsins. Skal þess gætt, að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar. Við ávöxtun fjár sjóðsins skal þess jafnan gætt að örva atvinnu á þeim stöðum, þar sem slíks er þörf.

■ **33. gr.** Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán með lágum vöxtum eða vaxtalaus til eflingar atvinnulífi á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysi er alvarlegt.

□ Áður en slík lán eru veitt skal liggja fyrir rannsókn á atvinnuþáttum og atvinnumöguleikum á þeim stöðum, þar sem skal lána samkvæmt þessari grein. Er stjórn sjóðsins heimilt að láta fara fram slíka rannsókn á sinn kostnað ef þurfa þykir.

□ Sjóðsstjórn skal leita umsagnar vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytisins áður en veitt eru lán samkvæmt þessari grein.

■ **34. gr.** Stjórn sjóðsins er heimilt að veita stéttarfélögum, samtökum þeirra, félögum atvinnurekenda og samtökum þeirra lán með lægri vöxtum en almennum útlánsvöxtum, til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi þeirra svo og veita slík lán til orlofsheimila launþega.

■ **35. gr.** Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrk úr sjóðnum til einstakra sveitarfélaga með þeim forsendum:

1. að verulegt atvinnuleysi sé eða sé fyrirsjáanlegt í hlutaðeigandi sveitarfélagi sem útlit sé fyrir að verði langvarandi,
2. að sveitarfélagið láti hefja vinnu við tilgreindar framkvæmdir og ráði í því skyni til vinnu ákveðinn fjölda atvinnulausra manna í héraðinu til ákveðins tíma,
3. að sveitarfélagið greiði laun fyrir þessa vinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi eða taxta verkalýðsfélags,
4. að hlutaðeigandi verkalýðsfélög og samtök atvinnurekenda samþykki styrkveitinguna,
5. að réttur atvinnulausra manna til bóta að framkvæmdum loknum verði a. m. k. hinn sami og hann var þegar þeir hófu umrædda vinnu, ef þeir verða þá atvinnulausir.

□ Nú verður víðtækt og mikið atvinnuleysi af völdum náttúruhamfara, t. d. hafíss er lokar höfnum á stóru landsvæði, og er þá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að greiða í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir aukakostnað við að koma í veg fyrir atvinnuleysi á svæðinu, t. d. flutningskostnað á afla milli byggðarlaga og landshluta.

□ Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs leggur sjálfstætt mat á það, hvort, hvernig eða hvenær henni þykir ástæða til að nota þessa heimild.

■ **36. gr.** Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán með lægri vöxtum en venjulegum útlánsvöxtum til að koma á fót vinnu- og þjálfunarstöðvum fyrir öryrkja. Ekki mega slík lán þó nema meira en 40% stofnkostnaðar.

□ Þá er stjórninni heimilt að greiða allt að þriðjungi rekstrshalla slíkra stöðva, enda mæli endurhæfingarráð með því, að slíkur styrkur verði veittur.

□ Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til endurþjálfunar starfsmannahópa, sem misst hafa atvinnu sína vegna breyttra atvinnuhátta. Stjórn sjóðsins er heimilt með styrkjum að greiða fyrir tilfærslu starfsmanna milli starfsgreina og vegna búferlaflutninga í atvinnuskyni.

1981 Nr. 64 2. júní

■ **37. gr.** Til lánveitinga og styrkja samkvæmt þessum kafla er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins.

■ **38. gr.** Nú skortir sjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar. Skal stjórn sjóðsins þegar í stað tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal leggja fram fé til að bæta úr fjárskortinum, annað hvort sem fjárframlag eða lán.

VIII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **39. gr.** Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótum samkvæmt lögum þessum, sem eigi hafa verið greiddar bótaþega. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda.

■ **40. gr.** Sá, sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar um hagi sína, missir rétt til bóta.

□ Fyrsta brot varðar missi bóta í 2 mánuði, en ítrekað brot í eitt ár. Úthlutunarnefnd úrskurðar um missi bótaréttar af þessum sökum, en úrskurðum hennar má skjóta til stjórnar sjóðsins, sem úrskurðar endanlega um málið.

■ **41. gr.** Ráðherra skal að tillögum sjóðsstjórnar setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

■ **42. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1981. Jafnframt falli úr gildi lög nr. 57 27. apríl 1973 um atvinnuleysistryggingar, lög nr. 29 2. maí 1974, lög nr. 56 27. maí 1975, lög nr. 30 14. maí 1976 og lög nr. 18 11. maí 1977[1] um breytingar á þeim lögum.

[1] *Á væntanlega að vera l. 28/1977.*

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Atvinnurekandi, sem gert hefur samkomulag við launþega í fiskvinnu, sem tryggi honum dagvinnukaup fyrir fyrstu fimm atvinnuleysisdaga í viku hverri á tímabilinu frá 1. mars 1980, á rétt á endurgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði á allt að 40% slíkra launagreiðslna til 1. mars 1981, en endurgreiðslan lækkar þann dag í 30% og lækkar síðan um 10% á ári hverju, uns hún fellur niður með öllu frá og með 1. mars 1984. Setja skal í reglugerðina ákvæði um nánari tilhögun endurgreiðslunnar.

Samkomulag samkvæmt grein þessari skal vera skriflegt og öðlast ekki gildi fyrr en það hefur verið tilkynnt trúnaðarmanni hlutaðeigandi úthlutunarnefndar og hann hefur staðfest samninginn með áritun sinni.

■ **II.** Á meðan kjararannsóknarnefnd starfar, skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

Verði breyting á starfsemi kjararannsóknanefndar, er ráðherra heimilt að samþykkja greiðslu kostnaðar af hliðstæðri starfsemi og kjararannsóknarnefnd hefur annast, þótt ákveðið verði, að hún yrði unnin af öðrum aðilum.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslegt öryggi.

1981 Nr. 66 18. maí

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 5. mars 1981 og

prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

■ **2. gr.** Þegar samningur sá er um ræðir í 1. gr. hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.[1)]

[1)] *Lög þessi koma væntanlega í stað l. 53/1956, sbr. l. 21/1962.*

Fylgiskjal.

Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem telja að norrænir ríkisborgarar, sem starfa eða dveljast í öðru norrænu landi en sínu eigin, eigi að njóta sama félagslegs öryggis og ríkisborgarar landsins, sem gera sér ljóst að löggjöf norrænna landa tryggi að miklu leyti slíkt jafnrétti, sem telja þó að á vissum sviðum sé þörf fyrir ítarlegri reglur, að nokkru til þess að veita þeim, sem starfa eða dveljast utan heimalands síns, fullnægjandi vernd og að nokkru til þess að samræma löggjöf landanna, sem álíta að Norðurlandasamningurinn frá 1955 um félagslegt öryggi hafi haft mikla þýðingu í þessu tilliti, en að með tilliti til þróunarinnar beri nú að setja nýjar reglur í hans stað, hafa komið sér saman um að gera nýjan Norðurlandasamning um félagslegt öryggi, svo hljóðandi:

I. hluti.

Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Í þessum samningi merkja orðin:

a. „norrænt land" sérhvert samningsríkjanna,

b. „norrænn ríkisborgari" ríkisborgara norræns lands,

c. „löggjöf" lög, reglugerðir og aðrar tilskipanir um þær greinar félagslegs öryggis, sem um ræðir í 1. málsgrein 2. greinar, þó ekki að því leyti, sem í þeim felast reglur um samskipti eins norræns lands eða fleiri annars vegar og eins eða fleiri annarra landa hins vegar,

d. „hlutaðeigandi stjórnvald" í Danmörk félagsmálaráðuneytið, í Finnlandi félags- og heilbrigðismálaráðuneytið, á Íslandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, í Noregi félagsmálaráðuneytið, í Svíþjóð ríkisstjórnina eða það stjórnvald, sem nefnd stjórnvöld ákveða.

e. „stofnun" stjórnvald eða stofnun, sem veitir bætur,

f. „aðstoð" annars vegar undanþágu frá greiðslu, eftirgjöf eða endurgreiðslu kostnaðar vegna sjúkrahjálpar, þar með taldar tannlækningar, hjálp vegna meðgöngu og fæðingar, lyf, gervilimir og önnur stoðtæki, og hins vegar greiðslur vegna ferða, sem farnar eru vegna slíkrar sjúkrahjálpar,

g. „dagpeningar" greiðslu í reiðufé, er miðast við dag eða viku og innt er af hendi vegna veikinda, barnsburðar eða ættleiðingar,

h. „grunnlífeyrir" almennan lífeyri, sem ekki miðast við starfstíma, fyrri atvinnutekjur né iðgjaldagreiðslur, svo og viðbótargreiðslur við slíkan lífeyri,

i. „viðbótarlífeyrir" almennan lífeyri, sem miðast við starfstíma, fyrri atvinnutekjur eða greidd iðgjöld, svo og viðbótargreiðslur við slíkan lífeyri,

j. „iðgjald" tillag, miðað við ár eða annað ákvarðað tímabil, sem maður, er samningur þessi tekur til, eða vinnuveitandi hans greiðir til þess að standa straum af bótagreiðslum, sem um ræðir í þessum samningi,

k. „búsettur" að maður sé búsettur í landi samkvæmt þjóðskrá þess, ef sérstakar ástæður leiða ekki til annars.

■ **2. gr.** 1. Þessi samningur tekur til allra þeirra laga í norrænum löndum, sem á hverjum tíma gilda um eftirtaldar greinar hins félagslega réttindakerfis:

a. bætur vegna veikinda, barnsfæðinga eða ættleiðinga,

b. bætur vegna örorku, elli eða dauða,

c. bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma,

d. bætur vegna atvinnuleysis,

e. almennar bætur í peningum til barna,

f. félagslega aðstoð.

□ 2. Þegar norrænt land fullgildir þennan samning skal það leggja fram skrá yfir þá löggjöf, sem fjallar um þær greinar félagslegs öryggis, sem nefndar eru í 1. málsgrein. Síðan skal sérhvert land fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert tilkynna danska utanríkisráðuneytinu þær breytingar á skránni, sem verða vegna löggjafar, sem sett hefur verið á næstliðnu almanaksári.

□ 3. Í viðauka við samning þennan er að finna sérstök ákvæði um framkvæmd samningsins í vissum tilvikum að því er varðar hvert land fyrir sig.

■ **3. gr.** Samningur þessi tekur til:

a. norrænna ríkisborgara,

b. flóttamanna, sem um ræðir í 1. grein samnings frá 28. júlí 1951 um réttarstöðu flóttamanna eða bókun með þeim samningi frá 31. janúar 1967,

c. ríkisfangslausra manna, sem um ræðir í 1. grein samnings frá 28. september 1954 um réttarstöðu ríkisfangslausra manna,

d. annarra manna, sem löggjöf norræns lands tekur eða hefur tekið til,

e. manna, sem rekja rétt sinn til einhvers þeirra manna, sem nefndir eru í stafliðum a—d.

■ **4. gr.** Við framkvæmd löggjafar í norrænu landi njóta ríkisborgarar annarra norrænna landa sama réttar og eigin borgarar landsins að svo miklu leyti sem ekki leiðir annað af ákvæðum í III. hluta þessa samnings.

■ **5. gr.** Nú skerðast bætur samkvæmt löggjöf norræns lands ef þær lenda með öðrum bótum og skal þá einnig unnt að skerða þær, ef þær lenda með tilsvarandi bótum samkvæmt löggjöf annars norræns lands.

II. hluti.

Ákvæði um hvaða löggjöf skuli beitt.

■ **6. gr.** 1. Sá, sem búsettur er í norrænu landi, fellur undir löggjöf búsetulandsins að svo miklu leyti sem annað leiðir ekki af öðru ákvæði í þessum hluta.

□ 2. Norrænn ríkisborgari, sem er í skiprúmi á skipi, sem siglir undir fána norræns lands, telst búsettur og ráðinn til starfs í því landi.

□ 3. Nú er skip, sem siglir undir fána norræns lands, selt á leigu að mestu ómannað til útgerðarmanns í öðru norrænu landi og skal þá ákvæðið í 2. málsgrein aðeins gilda um þá, sem ráðnir eru af eiganda skipsins eða einhverjum í hans umboði. Norrænn ríkisborgari, sem ráðinn er á skip af útgerðarmanni eða einhverjum í hans umboði, telst búsettur og ráðinn í síðar nefnda landinu.

■ **7. gr.** 1. Sá, sem ráðinn er til starfa í öðru norrænu landi en því, sem hann er búsettur í, skal með tilliti til þess starfs falla undir löggjöf starfslandsins að því er tekur til bótaréttar, sem byggist á launuðu starfi eða tekjum af slíku starfi.

□ 2. Þegar maður er ráðinn til starfa í tveim eða fleiri norrænum löndum skal litið svo á að hann starfi þar sem

vinnuveitandinn er búsettur eða fyrirtækið á heima.

□ 3. Sá, sem er í starfsliði og í ferðum hjá fyrirtæki, sem annast flutninga í lofti eða á landi, skal teljast starfa þar sem hið fasta starfsaðsetur hans er.

□ 4. Það skal einnig talið starf í norrænu landi, þegar unnið er við rannsóknir og nýtingu náttúruauðlinda á landgrunni þess lands eins og það er skilgreint í Genfarsamþykktinni frá 29. apríl 1958 um landgrunnið.

■ **8. gr.** 1. Nú sendir atvinnurekandi starfsmann frá norrænu landi til annars norræns lands til þess að inna þar af hendi á atvinnurekandans reikning starf, sem ætlað er að taki í mesta lagi tólf mánuði, og skal hann þá enn vera undir lögum fyrrnefnda landsins að því er tekur til bótaréttar, sem um ræðir í 7. grein.

□ 2. Nú tekur starfið í landinu, sem starfsmaður var sendur til, lengri tíma en búist var við og meira en tólf mánuði og getur þá það, sem segir í 1. málsgrein, gilt áfram þar til starfinu lýkur, enda sé það samþykkt af hlutaðeigandi stjórnvöldum í löndum þeim, sem hlut eiga að máli.

□ 3. Við beitingu ákvæða þessarar greinar skal það gilda, sem segir í 7. grein, 4. málsgrein.

■ **9. gr.** Þessi samningur snertir ekki þau ákvæði í Vínarsamningnum frá 18. apríl 1961 um stjórnmálasamband né Vínarsamningnum frá 24. apríl 1963 um ræðissamband, sem varða þá löggjöf, sem nefnd er í 2. grein, 1. málsgrein. Sérstök ákvæði um rétt til aðstoðar er að finna í III. hluta, 1. kafla.

■ **10. gr.** Iðgjöld vegna bóta, sem þessi samningur fjallar um, skulu innt af hendi í því landi, er löggjöf um rétt til bóta, sem byggjast á atvinnu eða atvinnutekjum, gildir í. Slíkra iðgjalda skal ekki krafist í öðru landi.

■ **11. gr.** Að því er varðar sérstaka flokka manna eða einstaklinga geta hlutaðeigandi stjórnvöld tveggja eða fleiri norrænna landa samið um undantekningar frá reglunum í þessum hluta. Tilkynningar um slíkt samkomulag skal senda danska utanríkisráðuneytinu, en því ber að tilkynna hlutaðeigandi stjórnvöldum í þeim löndum, sem ekki eru aðilar að samkomulaginu.

III. hluti.

Sérstök ákvæði um bótarétt.

1. kafli. Bætur vegna veikinda, barnsfæðinga og ættleiðinga.

■ **12. gr.** 1. Sá, sem flyst frá einu norrænu landi til annars, getur að því er varðar rétt til bóta vegna veikinda, barnsburðar eða ættleiðingar í landinu, sem flust er til, skírskotað til aðstæðnanna á þeim tíma, sem hann var háður löggjöf landsins, sem hann fluttist frá. Við veitingu bóta í landinu, sem flust var til, skal taka tillit til bóta, sem veittar eru í landinu, sem flust var frá.

□ 2. Réttur til bóta samkvæmt þessari grein er einnig fyrir hendi vegna sjúkdóms, meðgöngu eða fæðingar, sem átti sér stað áður en búseta var tekin upp í landinu, sem flust var til. Þessi samningur veitir þó ekki rétt til bóta ef ætla má að tilgangurinn með flutningnum til landsins hafi verið sá, að fá slíkar bætur þar.

□ 3. Nú er maður aðnjótandi dagpeninga frá landinu, sem hann flyst frá, þegar flutningur á sér stað og skal hann þá eftir flutninginn fá dagpeninga frá landinu, sem hann fluttist til, samkvæmt löggjöf þess. Þegar nauðsynlegt er skal taka tillit til atvinnutekna í landinu, sem flust var frá.

□ 4. Ákvæði þessarar greinar skulu á samsvarandi hátt gilda fyrir þann mann, sem af öðrum ástæðum en vegna flutnings samkvæmt ákvæðum í II. hluta þessa samnings á rétt til bóta vegna sjúkdóms, barnsburðar eða ættleiðingar frá öðru norrænu landi en því hvers löggjöf hann áður var háður.

■ **13. gr.** Maður, sem ráðinn er til starfa í öðru norrænu landi en því, sem hann er búsettur í, á í veikindum rétt á dagpeningum frá starfslandinu meðan ráðningin stendur, eigi þó skemur en 90 daga. Síðan greiðast dagpeningar frá búsetulandinu og gilda um það ákvæði 12. greinar.

■ **14. gr.** 1. Um mann, sem búsettur er í norrænu landi og á þar rétt til aðstoðar, gildir það, að verði hann þurfandi sjúkrahjálpar meðan hann dvelur í öðru norrænu landi skal hann njóta aðstoðar frá dvalarlandinu samkvæmt löggjöf þess. Hið sama gildir um mann, sem án þess að vera norrænn ríkisborgari á rétt á aðstoð í norrænu landi vegna þess að hann vinnur á skipi, sem siglir undir fána norræns lands.

□ 2. Réttur til bóta samkvæmt þessari grein er þó ekki fyrir hendi ef telja má að tilgangur með dvöl í landinu sé að njóta aðstoðar þar. Sá sem dvelst í einhverju landanna vegna annars en atvinnu eða náms á því aðeins rétt á aðstoð vegna barnsfæðingar að ekki hafi verið ástæða til þess að ætla að fæðingin mundi eiga sér stað meðan á þeirri dvöl stæði.

□ 3. Réttur til bóta samkvæmt þessari grein fellur niður um leið og ástand bótaþegans leyfir að hann ferðist til landsins, sem hann er búsettur í. Þó skal halda bótagreiðslum áfram þegar þannig er ástatt að ekki er sanngjarnt að vísa hinum sjúka til umönnunar í búsetulandinu.

□ 4. Við heimför til búsetulandsins skal dvalarlandið standa straum af þeim aukakostnaði, sem af því leiðir að maður vegna sjúkdóms síns verður að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

■ **15. gr.** Menn, sem samkvæmt samningum þeim, sem nefndir eru í 9. grein, falla ekki undir löggjöf landsins, sem þeir starfa í, skulu þó eiga rétt á aðstoð vegna veikinda, barnsfæðinga og ættleiðinga samkvæmt löggjöf starfslandsins. Eigi skal krafið um iðgjöld í starfslandinu.

■ **16. gr.** Ákvæði í löggjöf norræns lands um takmarkanir á greiðslu dagpeninga til þeirra, sem dveljast erlendis, gilda ekki þegar sá, sem á rétt á dagpeningum, dvelst í öðru norrænu landi.

■ **17. gr.** Nú greiðir vinnuveitandi í norrænu landi laun í fjarvist frá vinnu vegna veikinda, barnsfæðingar eða ættleiðingar til starfsmanns, sem fyrir sama tíma og vegna sömu tekna fær dagpeninga frá öðru norrænu landi, og á þá vinnuveitandinn rétt á nefndum dagpeningum í stað starfsmannsins, eins og dagpeningarnir væru greiddir frá starfslandinu.

2. kafli. Bætur vegna örorku, elli og dauða. Grunnlífeyrir.

■ **18. gr.** 1. Meðan ríkisborgari norræns lands er búsettur í öðru norrænu landi, á hann rétt til grunnlífeyris frá búsetulandinu á sömu forsendum og gilda fyrir ríkisborgara landsins og með þeim skilyrðum, sem annars eru sett í þessari grein.

□ 2. Í þeim tilvikum, sem nefnd eru í 1. málsgrein, greiðist grunnlífeyrir

1. að því er varðar ellilífeyri, þegar sá, sem um lífeyri sækir, hefur dvalist í landinu að minnsta kosti þrjú síðustu árin samfleytt,

2. að því er varðar örorkulífeyri, þegar sá, sem um lífeyri sækir,

a. hefur dvalist í landinu samfleytt að minnsta kosti þrjú síðustu árin, eða

b. hefur dvalist í landinu samfleytt að minnsta kosti síðasta árið og hefur á þeim dvalartíma verið samfellt í að minnsta kosti eitt ár líkamlega og andlega fær um að inna af hendi almenn arðbær störf,

3. að því er varðar lífeyri til eftirlifenda,

a. þegar hinn eftirlifandi hefur dvalist í landinu samfleytt að minnsta kosti þrjú síðustu árin, eða

b. þegar hinn látni var aðnjótandi örorkulífeyris frá þessu landi er hann lést eða fullnægði þeim kröfum, sem greinir í 2 a eða b, hvort tveggja með því skilyrði, að hinn eftirlifandi hafi verið búsettur í landinu, þegar andlátið bar að.

□ 3. Þegar maður, sem nýtur örorkulífeyris eða eftirlifendalífeyris samkvæmt þessari grein, nær almennum lífeyrisaldri, sem gildir í búsetulandinu, kemur ellilífeyrir í stað þess lífeyris án tillits til dvalartíma.

□ 4. Við athugun á því hvort fullnægt sé skilyrði 2. málsgreinar um tiltekna samfellda dvöl skal ekki tekið tillit til fjarveru um stundarsakir. Sem slík fjarvera skal jafnan teljast fjarvera sem hverju sinni stendur ekki lengur en fjóra mánuði, ellegar einn mánuð að því er varðar skilyrðið um eins árs samfellda dvöl. Tímabil fjarveru um stundarsakir teljast ekki dvalartími.

■ **19. gr.** 1. Grunnlífeyrir samkvæmt 18. grein miðast við samanlagðan búsetutíma lífeyrisþegans í einu eða fleiri hinna norrænu landa.

□ 2. Ef búsetutími samkvæmt 1. málsgrein er að minnsta kosti 40 ár, greiðist grunnlífeyrir án skerðingar vegna búsetutíma. Í öðrum tilvikum er grunnlífeyririnn að minnsta kosti einn fertugasti hluti fyrir hvert búsetuár. Í þessum útreikningi er sleppt tímanum fyrir fullnaðan 16 ára aldur og tímanum eftir að almennum lífeyrisaldri í búsetulandinu er náð. Ef lífeyrisgreiðslur hefjast áður en lífeyrisþegi nær hinum almenna lífeyrisaldri reiknast honum einnig til góða tíminn, sem á vantar að hann hafi náð lífeyrisaldri.

□ 3. Eftirlifendalífeyrir til maka reiknast á samsvarandi hátt á grundvelli búsetutíma hins látna ef sá tími er lengri en búsetutími lífeyrisþegans. Hið sama á við um útreikning ellilífeyris til eftirlifandi maka, sem mundi hafa átt rétt á eftirlifendalífeyri, ef hann hefði ekki þegar náð lífeyrisaldri. Eftirlifendalífeyrir til barna greiðist án skerðingar vegna lengdar búsetutímans.

□ 4. Ef grunnlífeyrir er samkvæmt löggjöf norræns lands miðaður við búsetutíma í landinu, skal búsetutími borgara þess lands í öðru norrænu landi teljast sem búsetutími í heimalandinu.

□ 5. Nú á norrænn ríkisborgari, sem nýtur grunnlífeyris frá búsetulandinu, einnig rétt á grunnlífeyri frá öðru norrænu landi samkvæmt löggjöf þess og greiðist þá lífeyrir frá síðarnefnda landinu einungis að því marki sem hann er hærri en lífeyrir frá búsetulandinu. Þetta gildir þó ekki, ef hvor tveggja lífeyririnn miðast eingöngu við búsetutíma í hlutaðeigandi landi og sá búsetutími, sem lagður er til grundvallar við útreikning lífeyrisins frá búsetulandinu, er skemmri en 40 ár.

1981 Nr. 66 18. maí

■ **20. gr.** 1. Nú flyst ríkisborgari norræns lands frá einu þeirra til annars og lífeyrisatburðurinn skeður áður en svo langur tími er liðinn að unnt sé að greiða grunnlífeyri frá landinu, sem flust var til, og skal þá greiða lífeyrinn frá því landi þar sem tímaskilyrðinu fyrir rétti til grunnlífeyris var síðast fullnægt eins og maðurinn væri enn búsettur þar. Þetta gildir því aðeins að sótt sé um lífeyri innan þriggja ára frá því hann fór frá síðarnefnda landinu.

□ 2. Nú nýtur norrænn ríkisborgari grunnlífeyris frá landi, sem hann er ríkisborgari í, en flyst frá því landi til annars norræns lands, og skal hann þá halda rétti sínum til grunnlífeyris frá því landi, sem lífeyrinn greiðir.

□ 3. Grunnlífeyrir samkvæmt 1. eða 2. málsgrein greiðist þar til lífeyrisþeginn fær grunnlífeyri frá landinu, sem hann fluttist til, eða hefur dvalist þar svo lengi að hann uppfyllir skilyrðið um ákveðinn dvalartíma í landinu til þess að öðlast rétt til þess grunnlífeyris, sem um er að ræða, í mesta lagi þó í þrjú ár. Að því er varðar mann, sem flyst til heimalands síns, fellur réttur til lífeyris, sem hér um ræðir, niður í öllum tilvikum þegar hann nær þeim lífeyrisaldri, sem gildir í heimalandinu.

□ 4. Nú á maður rétt á grunnlífeyri samkvæmt löggjöf landsins, sem hann fluttist til, og sá lífeyrir miðast einungis við búsetutíma í því landi og skal þá slíkur lífeyrir ekki koma í veg fyrir að hann fái lífeyri í samræmi við ákvæði þessarar greinar frá landinu, sem hann fluttist frá. Lífeyrir frá landinu, sem flust var frá, greiðist þó aðeins að því marki, sem hann er hærri en lífeyririnn frá landinu, sem flust var til.

Viðbótarlífeyrir.

■ **21. gr.** Í sambandi við skilyrði fyrir rétti til viðbótarlífeyris frá norrænu landi eru tryggingatímabil, sem maður á að baki samkvæmt löggjöf um viðbótarlífeyri í fleiri en einu norrænu landi, lögð saman að svo miklu leyti sem þau taka ekki yfir sama tímaskeið.

■ **22. gr.** Einungis í þeim tilvikum, sem um ræðir í 23. grein, hefur það áhrif á viðbótarlífeyri, að maður á einnig rétt á viðbótarlífeyri frá öðru norrænu landi.

■ **23. gr.** 1. Nú uppfyllir maður í fleiri en einu norrænu landi þau skilyrði, sem gilda um útreikning viðbótarlífeyris einnig á grundvelli áætlunar um tryggingatímabil, sem hefðu náðst, ef lífeyrisatburðurinn hefði ekki skeð, og skal þá slíkur útreikningur einungis gerður í því landi þar sem hækkun lífeyrisins, er af útreikningnum leiðir, verður mest.

□ 2. Nú er kveðinn upp nýr úrskurður um einstakt lífeyrismál í einhverju landanna eða fyrra úrskurði breytt og skal þá að nýju athuga frá hvaða landi skuli greiða viðbótarlífeyri, sem reiknaður er á grundvelli áætlunar eins og í 1. málsgrein segir.

□ 3. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki gilda þegar maður hefur áunnið sér lífeyrisrétt í fleiri en einu landi samtímis á tveimur síðustu árum áður en tryggingaratburðurinn átti sér stað.

3. kafli. Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma.

■ **24. gr.** 1. Það hefur ekki áhrif á bótarétt vegna

vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms, að rétthafi er búsettur eða dvelst í öðru norrænu landi en landinu, er löggjöf sú, sem skaðinn skal bættur eftir samkvæmt II. hluta þessa samnings, gildir í.

☐ 2. Ákvæði samningsins um rétt til aðstoðar í búsetu- eða dvalarlandinu gilda einnig um vinnuslys og atvinnusjúkdóma.

■ **25. gr.** 1. Nú er unnt að greiða bætur vegna atvinnusjúkdóms samkvæmt löggjöf fleiri en eins norræns lands og skulu þá bæturnar greiddar einungis samkvæmt löggjöfinni í landinu þar sem það starf, sem sýkingarhættan fylgir, var síðast innt af hendi fyrir þann tíma er sjúkdómurinn kom í ljós.

☐ 2. Nú elnar atvinnusjúkdómur, sem bættur er samkvæmt löggjöf norræns lands, og skal það land þá einnig bæta það heilsuhrak, ef það verður ekki rakið til vinnu í öðru norrænu landi.

4. kafli. Bætur vegna atvinnuleysis.

■ **26. gr.** Nánari ákvæði um rétt til bóta vegna atvinnuleysis er að finna í samningnum frá 28. júní 1976 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um reglur varðandi viðurkenningu á rétthæfingarskeiði m. m. vegna réttar til dagpeninga fyrir þá, sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi.

IV. hluti.

Önnur ákvæði.

■ **27. gr.** Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu í samvinnu semja þær reglur, sem þörf er á til þess að tryggja samræmda norræna framkvæmd þessa samnings.

■ **28. gr.** Í sambandi við framkvæmd þessa samnings skulu stjórnvöld og stofnanir veita gagnkvæmt liðsinni eftir þörfum. Í sérhverju norrænu landi skal vera stofnun tilnefnd af hlutaðeigandi stjórnvaldi sem sérstakur tengiliður.

■ **29. gr.** 1. Nú afhendir maður stofnun í norrænu landi umsókn um bætur samkvæmt löggjöf annars norræns lands og skal þá sú stofnun þegar í stað senda umsóknina til viðeigandi stofnunar í hlutaðeigandi landi. Umsókn skal talin fram komin þar þann dag, sem hún var lögð fram í fyrrnefnda landinu.

☐ 2. Nú er svo kveðið á í löggjöf norræns lands að kæru eða öðru erindi, er um ræðir í 1. málsgrein, skuli framvísað innan ákveðins tíma til þess að það verði tekið til greina og skal þá talið að þessu skilyrði sé fullnægt ef erindinu hefur verið framvísað til stofnunar í öðru norrænu landi innan hins tilskilda tíma. Sú stofnun skal þegar í stað senda erindið til hlutaðeigandi stofnunar.

■ **30. gr.** 1. Nú hefur stofnun í norrænu landi greitt bætur með þeim hætti að skylda til endurgreiðslu skapast og má þá draga frá bótum greiddum í öðru norrænu landi það sem ofgreitt var að svo miklu leyti sem réttarreglurnar í því landi leyfa.

☐ 2. Nú hefur stofnun í norrænu landi veitt bætur til bráðabirgða meðan beðið er endanlegs úrskurðar og síðar kemur í ljós að bótaþeginn átti ekki rétt á bótum eða átti aðeins rétt á lægri bótum og má þá halda eftir, í heild eða að hluta, samsvarandi bótum frá öðru norrænu landi fyrir sama tíma. Sama gildir þegar bætur eru greiddar án þess að gætt hafi verið ákvæða í þessum samningi eða þegar síðari framkvæmd samningsins leiðir til þess að bætur í fyrrnefnda landinu hefði ekki átt að greiða eða aðeins greiða með lægri fjárhæð.

☐ 3. Fjárhæðir, sem haldið er eftir samkvæmt 1. eða 2. málsgrein, skal afhenda stofnun þeirri, sem ekki hefði átt að greiða bætur eða hefði átt að greiða lægri bætur.

■ **31. gr.** 1. Skjal um rétt til meðlags, sem gefið er út í norrænu landi, skal einnig talið gildur grundvöllur fyrirframgreiðslu meðlags í öðru norrænu landi. Ef skjalið geymir ekki úrskurð dómstóls eða annars opinbers stjórnvalds, skal það áritað vottorði um að samkvæmt því sé unnt að innheimta hjá hinum meðlagsskylda í landinu, sem það var gefið út í.

☐ 2. Ekki er skylt að inna af hendi fyrirframgreiðslu meðlags að því leyti sem hún hefur verið innt af hendi í öðru norrænu landi fyrir sama tíma.

■ **32. gr.** Norrænt land, sem að staðaldri veitir ríkisborgara annars norræns lands framfærslu eða aðra félagslega umönnun að mestu leyti, getur ekki af þeim sökum krafist þess að heimaland styrkþegans taki við honum ef fjölskylduástæður hans, tengsl við búsetulandið eða aðstæður að öðru leyti mæla með því að hann fái að vera þar áfram og alls ekki ef hann hefur fimm síðustu árin verið búsettur í landinu.

■ **33. gr.** Þessi samningur veitir ekki rétt til greiðslu grunnlífeyris til nokkurs manns, sem ekki er búsettur í norrænu landi. Samningurinn veitir ekki heldur rétt til öflunar réttinda utan norrænu landanna.

■ **34. gr.** 1. Samningur þessi gildir ekki um bætur og iðgjöld vegna tímans fyrir gildistöku hans.

☐ 2. Við ákvörðun réttar til bóta samkvæmt þessum samningi skal einnig taka tillit til tímabila trygginga, starfs og búsetu fyrir gildistöku hans.

☐ 3. 23. grein þessa samnings skal einnig gilda um lífeyri, sem við gildistöku hans er greiddur samkvæmt 5. grein b í samningnum frá 15. september 1955.

■ **35. gr.** Þessi samningur skal ekki hafa í för með sér lækkun bóta, sem greiddar eru þegar hann tekur gildi.

■ **36. gr.** 1. Vilji eitthvert land segja samningnum upp, skal það tilkynna danska utanríkisráðuneytinu það skriflega, en það skal skýra ríkisstjórnum annarra norrænna landa frá því.

☐ 2. Uppsögnin gildir aðeins fyrir það land, sem segir upp, og gildir frá og með byrjun þess almanaksárs, sem hefst að liðnum a. m. k. sex mánuðum frá því að danska utanríkisráðuneytinu barst tilkynning um uppsögnina.

☐ 3. Sé samningnum sagt upp, haldast þau réttindi, sem fengist hafa samkvæmt honum.

■ **37. gr.** 1. Samning þennan skal fullgilda og skal fullgildingarskjölunum komið til varðveislu í danska utanríkisráðuneytinu.

☐ 2. Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir heilir almanaksmánuðir frá því að fullgildingarskjöl allra landanna voru afhent til varðveislu.

■ **38. gr.** Þegar þessi samningur gengur í gildi fellur úr gildi samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 15. september 1955 um félagslegt öryggi ásamt síðari breytingum og viðaukum við hann svo og samningur sömu ríkja frá 6. febrúar 1975 um bætur vegna veikinda, meðgöngu og barnsburðar.

☐ Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

1981 Nr. 66 18. maí

□ Gjört í Kaupmannahöfn hinn 5. mars 1981 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku, og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Viðauki við samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi.
Ákvæði um beitingu löggjafar einstakra landa.

A. Danmörk.

1. Um 6. gr. Ákvæðin í 2. og 3. málsgrein 6. greinar hafa ekki áhrif á réttinn til aðstoðar í Danmörk vegna veikinda eða barnsfæðingar til handa þeim, sem búsettir eru þar í landi.

2. Um 14. gr. Ákvæðin um aðstoð vegna veikinda taka ekki til greftrunarstyrks samkvæmt lögum um almennar sjúkratryggingar.

3. Um 18. gr. Þegar fullnægt er skilyrðum til þess að fá eftirlifendalífeyri samkvæmt 18. grein, 2. málsgrein, tölulið 3 b, skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma í Danmörk er meta skal hvort fullnægt sé skilyrðinu um að minnsta kosti eins árs búsetu í Danmörk, eftir að náð er lægra aldursmarkinu til vinnslu lífeyrisréttar á grundvelli búsetutíma. Þetta ákvæði gildir á samsvarandi hátt um danska ríkisborgara.

4. Um 19. gr.

a. Ríkisborgarar annarra norrænna landa skulu eiga rétt á fullum dönskum ellilífeyri samkvæmt ákvæði almannalífeyrislaga um rétt til fulls lífeyris til handa þeim, sem hefur verið búsettur í Danmörk að minnsta kosti tíu ár á því aldursskeiði, sem menn geta áunnið sér rétt til lífeyris á grundvelli búsetutíma, og þar af að minnsta kosti fimm síðustu árin áður en venjulegum lífeyrisaldri er náð. Búsetutími í öðrum norrænum löndum er ekki talinn með þegar ákvörðun er tekin um það, hvort fullan lífeyri megi greiða samkvæmt nefndu ákvæði.

b. Við beitingu 19. greinar, 2. málsgreinar, 3. málsliðs, er við útreikning lífeyris til manns, sem samkvæmt samningnum skal fá lífeyri frá Danmörk, talinn með búsetutími í norrænu löndunum eftir að náð er lægra aldursmarkinu, sem samkvæmt dönsku lífeyrislöggjöfinni er krafist til þess að maður geti áunnið sér rétt til lífeyris á grundvelli búsetutíma.

c. Ákvæðin í 19. grein, 3. málsgrein, taka á tilsvarandi hátt til örorkulífeyris samkvæmt dönsku lögunum um örorkulífeyri o. fl. með þeim skilyrðum, sem í þeim lögum greinir.

d. Við útreikning á ekkjulífeyri, örorkulífeyri og ellilífeyri samkvæmt danskri löggjöf til þeirra, sem misst hafa maka sinn, miðuðum við búsetutíma hins látna maka í norrænu löndunum, skal fullnægt þeim skilyrðum, sem um það gilda samkvæmt örorkulífeyrislögum, ekkjulífeyrislögum og almannalífeyrislögum. Við útreikning búsetutíma frá því er lífeyrisgreiðslur hefjast þar til lífeyrisaldri, sem gildir í búsetulandinu, er náð er lagður til grundvallar aldur eftirlifandi maka, þegar réttur til lífeyris stofnast.

5. Um 20. gr.

a. Norrænn ríkisborgari, sem er búsettur í öðru norrænu landi en Danmörk, getur ekki samkvæmt 20. gr., 1. málsgrein, fengið danskan ellilífeyri fyrir aldursmörk eða undanþágu frá aldursskilyrðum vegna atvinnuleysis eða álíka skorts á möguleika til atvinnu.

b. Einstæð kona, sem er orðin 62 ára, fær ellilífeyri frá Danmörk samkvæmt 20. grein, 2. málsgrein, umfram þriggja ára tímann eftir flutning samkvæmt 3. málsgrein greinarinnar svo lengi sem lífeyrisþeginn hefur ekki náð almennum lífeyrisaldri í búsetulandinu.

c. Að því er tekur til manna, sem með undanþágu frá aldursskilyrðum fá ellilífeyri fyrir aldursmörk frá Danmörk eftir flutning til annars norræns lands fyrir 1. janúar 1978, veitist lífeyririnn umfram þriggja ára tímabilið eftir flutninginn samkvæmt 20. grein, 3. málsgrein, þar til lífeyrisþeginn hefur náð almennum lífeyrisaldri í búsetulandinu.

6. Um 21. gr. Við beitingu 21. greinar skulu þeir aðilar að viðbótarlífeyrissjóði vinnumarkaðarins, sem greiddur hefur verið fyrir á einu almanaksári sá fjöldi iðgjaldagreiðslna, sem krafist er til þess að ná fullum réttindum, teljast hafa lokið heils árs tryggingartíma. Þeir aðilar, sem greiddar hafa verið fyrir færri iðgjaldagreiðslur, skulu teljast hafa lokið tryggingartíma, er nemi svo miklum hluta árs sem svarar til hlutfallsins milli fjölda greiddra iðgjaldagreiðslna og þess fjölda, sem krafist er til þess að ná fullum réttindum.

B. Finnland.

1. Um 5. gr. Við ákvörðun réttar til dagpeninga vegna barnsfæðingar samkvæmt finnskri löggjöf skal einnig taka tillit til dagpeninga, sem samkvæmt löggjöf annars norræns lands eru greiddir hinu foreldrinu vegna sömu barnsfæðingar eða ættleiðingar.

2. Um 18.—20. gr.

a. Þegar grunnlífeyrir er veittur manni, sem er búsettur í öðru norrænu landi en Finnlandi, skal lífeyririnn og viðbótargreiðslur honum tengdar reiknast eftir þeim reglum, sem gilda fyrir lífeyrisþega búsetta í sveitarfélagi, sem er í lægsta bótaflokki, sem um ræðir í 27. grein almannalífeyrislaganna.

b. Við ákvörðun réttar til húsnæðisstyrkja samkvæmt lögum um húsnæðisstyrki til lífeyrisþega skal einungis taka tillit til húsnæðiskostnaðar í Finnlandi.

c. Við beitingu 18. greinar skal litið á atvinnuleysislífeyri samkvæmt 20. og 22. grein C í almannalífeyrislögunum sem örorkulífeyri.

d. Ákvæðin í 20. grein taka ekki til atvinnuleysislífeyris samkvæmt 20. og 22. grein almannalífeyrislaganna.

3. Um 21. grein. Við beitingu 21. greinar skal þeim, sem hefur verið tryggður samkvæmt lögunum um lífeyri til launþega í skammtíma störfum, reiknaður tryggingartími, er sé einn mánuður fyrir hvern almanaksmánuð, sem iðgjald hefur verið greitt til lífeyrissjóðsins hans vegna.

C. Ísland.

1. Um 18.—20. gr. Þegar dvalartíminn, sem nefndur er í 18. grein, 2. málsgrein, er liðinn og ákvarða skal tryggingartíma á Íslandi, skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma þar. Þetta á við hvort sem sá, sem sest að á Íslandi, er ríkisborgari Íslands eða annars norræns lands. Um íslenska ríkisborgara, sem taka sér búsetu á Íslandi, skal það gilda að þegar þeir hafa náð þeim lífeyrisaldri, sem þar gildir, skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma á Íslandi, án þess að krafist sé þess lágmarksbúsetutíma sem nefndur er í 18. grein, 2. málsgrein.

1981 Nr. 66 18. maí

2. Um 19. gr. Við beitingu 19. greinar skulu greiðslur vegna barna til elli- og örorkulífeyrisþega samkvæmt 14. grein almannatryggingalaga reiknast sem full fjárhæð án tillits til búsetutíma.

3. Um 21. gr. Við beitingu 21. greinar skulu félagar íslenskra lífeyrissjóða, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu, taldir hafa lokið heils árs tryggingartímabili ef fyrir þá hafa á einu almanaksári verið greidd iðgjöld, er nema a. m. k. 10% af sex mánaða launum samkvæmt þeim launataxta, sem dagpeningagreiðslur atvinnuleysistrygginga miðast við.

4. Um 22. gr. Við útreikning lífeyris samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra skal viðbótarlífeyrir frá öðru norrænu landi dragast frá á sama hátt og lífeyrir frá íslenskum lífeyrissjóði.

D. Noregur.

1. Um 5. gr. Við ákvörðun réttar foreldris til fæðingarstyrks samkvæmt norskri löggjöf skal taka tillit til dagpeninga, sem hitt foreldrið fær samkvæmt löggjöf annars norræns lands.

2. Um 6. gr. Þrátt fyrir ákvæði 6. greinar skulu ríkisborgarar Danmerkur, Finnlands, Íslands og Svíþjóðar, sem eru í skiprúmi á norsku skipi í utanlandssiglingum, því aðeins falla undir lögin um lífeyristryggingar sjómanna að þeir séu raunverulega búsettir í Noregi.

3. Um 10. gr. Ákvæði almannatryggingalaganna um að iðgjöld vinnuveitenda vegna bóta til erlends ríkisborgara vegna starfa erlendis skuli því aðeins greidd að hann sé búsettur í Noregi eða í skiprúmi á norsku skipi í utanlandssiglingum á ekki við í sambandi við beitingu 7. og 8. greinar.

4. Um 12.—17. gr. Ákvæðin í 12.—17. grein gilda ekki um bætur samkvæmt 12. kafla almannatryggingalaganna til foreldra sem ógiftir eru, fráskildir eða skildir að borði og sæng.

5. Um 18.—20. gr. Þegar fullnaður er sá búsetutími, sem nefndur er í 18. grein, 2. málsgrein, og ákvarða skal tryggingartíma í Noregi skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma í Noregi. Þetta gildir bæði fyrir norska ríkisborgara, sem setjast að í Noregi, og ríkisborgara annarra norrænna landa. Um norska ríkisborgara, sem taka sér búsetu í Noregi, skal það gilda, að þegar þeir hafa náð þeim lífeyrisaldri, sem þar gildir, skal búsetutími í öðru norrænu landi jafngilda búsetutíma í Noregi, án þess að krafist sé þess lágmarksbúsetutíma, sem nefndur er í 18. grein, 2. málsgrein.

6. Um 19. gr.

a. Eftirtaldar bætur frá almannatryggingunum skulu greiddar með fullri fjárhæð án tillits til búsetutíma:

1. Greiðslur vegna barna, sem fylgja lífeyri frá almannatryggingum.

2. Grunnstyrkur samkvæmt almannatryggingalögum, grein 8–2, fyrstu málsgrein a.

3. Hjálparstyrkur samkvæmt almannatryggingalögum, grein 8–2, fyrstu málsgrein b.

4. Styrkur til barnagæslu samkvæmt almannatryggingalögum, grein 10 – 2.

b. Við beitingu 19. greinar, 2. málsgreinar, skal sem búsetutími einnig reiknast það almanaksár, sem hlutaðeigandi nær 67, 68 eða 69 ára aldri og hefur áunnið sér stig til lífeyrisréttinda.

c. Barnalífeyrir, sem greiðist með fyrsta barni þegar báðir foreldrarnir eru látnir og nemur sömu fjárhæð og eftirlifendalífeyrir til þess foreldranna, sem í því tilfelli hefði fengið hærri þess konar lífeyri, reiknast eftir reglunum í 19. grein, 1. málsgrein, sbr. 2.– 4. málsgrein.

7. Um 20. gr.

a. Uppbót á bætur frá almannatryggingunum samkvæmt lögum frá 19. desember 1969 greiðist einungis þeim, sem búsettir eru í Noregi.

b. Grunnstyrkur, hjálparstyrkur og styrkur til barnagæslu greiðist norrænum ríkisborgurum, sem búsettir eru í öðru norrænu landi en Noregi, einungis að því marki, sem leiðir af norskri löggjöf.

8. Um 21.—23. gr. Að því er tekur til viðbótarlífeyris til norrænna ríkisborgara skal dvöl eða búseta í öðru norrænu landi jafngilda dvöl eða búsetu í Noregi.

E. Svíþjóð.

1. Um 5. gr. Við ákvörðun réttar foreldris til foreldrapeninga samkvæmt sænskri löggjöf skulu dagpeningar vegna barnsburðar eða ættleiðingar samkvæmt löggjöf annars norræns lands frádregnir á sama hátt og foreldrapeningar til hins foreldrisins.

2. Um 6. gr.

a. Sá, sem samkvæmt ákvæðum 6. greinar, 2. málsgreinar, skal falla undir sænska löggjöf um foreldrapeninga vegna atvinnu á sænsku skipi, skal eiga rétt á foreldrapeningum, jafnvel þótt barnið sé búsett í öðru norrænu landi en Svíþjóð.

b. Ákvæði 6. greinar hafa ekki áhrif á þann rétt til sjúkrahjálpar, sem maður á rétt á vegna innritunar á sænska sjómannaskrá.

3. Um 7. gr. Sá, sem samkvæmt ákvæðum 7. greinar skal falla undir sænska löggjöf um foreldrapeninga, án þess að vera búsettur í Svíþjóð, skal eiga rétt á slíkum styrk jafnvel vegna barns, sem búsett er í sama landi og hinn tryggði sem í hlut á.

4. Um 12. gr. Foreldrapeningar samkvæmt sænskri löggjöf, sem ekki eru hærri en hið tryggða lágmark, skulu greiddir ef innflytjandanum hefur við fæðingu barnsins eða áætlaðan fæðingartíma þess verið tryggð aðstoð í norrænum löndum samanlagt a. m. k. 180 undanfarandi daga.

5. Um 15. gr. Aðstoð samkvæmt 15. grein skal, að því er Svíþjóð varðar, veitt öllum þeim, sem sænska sjúkratryggingin tekur ekki til vegna tengsla þeirra við sendiráð eða ræðisskrifstofu norræns lands í Svíþjóð.

6. Um 18. gr. Við beitingu 18. greinar skal litið á lífeyri fyrir aldursmörk samkvæmt sænskri löggjöf sem örorkulífeyri.

7. Um 19. gr.

a. Ákvæðin í 19. grein taka ekki til norrænna ríkisborgara, sem búsettir eru í Svíþjóð og fullnægja skilyrðum sænskrar löggjafar fyrir rétti til sænsks almannalífeyris.

b. Viðbótargreiðslur vegna barna til almannalífeyrisþega, styrkur til aðhlynningar og styrkir vegna örorku, sem ekki eru veittir sem uppbót á almannalífeyri, greiðast með fullri fjárhæð án tillits til búsetutíma.

8. Um 20. gr. Ekki er unnt með skírskotun til 20. greinar að greiða norrænum ríkisborgara, sem er búsettur í öðru norrænu landi en Svíþjóð, ellilífeyri áður en

1981 Nr. 66 18. maí

náð er almennum lífeyrisaldri, sem gildir í Svíþjóð, styrk til aðhlynningar, eða þess konar bætur vegna örorku, sem ekki eru viðauki við almannalífeyri.

9. Um 21. gr., 21. grein á ekki við um rétt til sjómannalífeyris samkvæmt sænskri löggjöf.

1957 Nr. 7 21. jan.

Auglýsing um samning milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

Hinn 19. desember 1956 var undirritaður í Kaupmannahöfn samningur milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir. Samkvæmt ákvæðum 14. gr. samningsins gengur hann í gildi 1. janúar 1957. ...[1)]

[1)] *Samningurinn er birtur í Stjtíð. A 7/1957.*

1947 Nr. 80 5. júní

Framfærslulög.

I. kafli. Um framfærsluskyldu.

■ **1. gr.** Framfærslustyrk skal veita hverjum þeim manni, er sökum fátæktar, vanheilsu, atvinnuskorts eða af öðrum orsökum getur eigi aflað sér þess, er sjálfur hann og skyldulið hans má eigi án vera til lífsframfærslu, og telst þar til læknishjálp og hjúkrun í veikindum, enda verði eigi bætt úr þörf hans á annan hátt.

□ Framfærslustyrkur skal vera svo mikill sem nauðsyn krefur, að dómi sveitarstjórnar eða framfærslunefndar, og honum haga svo sem hún telur rétt vera, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum.

■ **2. gr.** Skylt er hjónum að framfæra hvort annað, meðan hjónabandi þeirra er eigi slitið að lögum.

■ **3. gr.** Skylt er foreldrum í félagi og hvoru fyrir sig að framfæra og ala upp börn sín þangað til þau eru 16 ára.

■ **4. gr.** Nú gengur maður að eiga konu þá, er átt hefur áður með öðrum manni barn eða börn, og er honum þá skylt að framfæra og ala upp til 16 ára aldurs það eða þau börn hennar er ekki hafa náð þeim aldri, enda hafi hún foreldraráð yfir þeim, og helzt sú skylda hans, þótt konan deyi, en hverfur, ef hjónabandinu er slitið að lögum af öðrum orsökum. Framfærsluskylda föður slíkra barna er eins fyrir það söm og áður en konan giftist þessum manni sínum.

□ Sömu skyldu að sínu leyti hefur og kona við börn eiginmanns síns, þau er hann hefur átt með annarri konu, áður en hún giftist honum. Framfærsluskylda móður þeirra barna er einnig hin sama og áður en maðurinn kvæntist aftur.

■ **5. gr.** Skylt er kjörforeldri að ala upp og framfæra kjörbarn sitt sem eigið barn, og verður eigi krafizt framfæris og uppeldis af sönnum foreldrum barnsins.

■ **6. gr.** Börn skulu ala önn fyrir foreldrum sínum, ef þau eru til þess fær, að svo miklu leyti sem lífeyrir samkv. lögum um almannatryggingar og aðrar tekjur hrökkva ekki til. Á sama hátt skulu foreldrar ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri. Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnum.

■ **7. gr.** Framfærslumaður á rétt á að taka á heimili sitt þau skyldmenni sín, sem honum er lögskylt að framfæra, enda sé ekki öðruvísi fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum og heimili framfærslumannsins ekki aðfinnsluverður dvalarstaður styrkþegans.

□ Ef styrkþegi er giftur og framfærslumaður eigi skyldur að framfæra hitt hjóna, þá skal framfærslumanni skylt að greiða meðlag af hendi, nema hann kjósi heldur að taka bæði hjónin á heimili sitt. Nú á styrkþegi tvo eða fleiri jafnnána framfærslumenn, er eigi kemur saman um hver þeirra skuli taka hann heim til sín og hver gjalda meðlag, og skal þá yfirvald, þar sem styrkþegi á lögheimili eða er staddur, skera úr.

■ **8. gr.** Nú fullnægir framfærslumaður ekki framfærsluskyldu sinni eða veitir ekki styrkþega sínum góða aðbúð, og er þá dvalarsveitinni skylt að annast framfærsluna gegn endurgjaldi frá framfærslumanni. Endurgjaldið ákveður yfirvald með úrskurði, eftir efnum og ástæðum framfærslumanns, og má skjóta slíkum úrskurði til ráðherra.

□ Ákvæði þessarar greinar á ekki við um framfærslu hjóna á milli, barna yngri en 16 ára né um framfærslu samkvæmt 12. gr.

■ **9. gr.** Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum 8. gr., ákveður yfirvald meðlag barna með foreldrum, kjörbarna með kjörforeldrum, foreldra með börnum, stjúpbörnum eða kjörbörnum, hjóna hvors með öðru, upphæð barnsfararkostnaðar svo og barnalífeyri, eftir því sem mælt er í lögum um almannatryggingar og lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.[1)]

[1)] *Nú l. 9/1981.*

■ **10. gr.** Nú er meðlag, lífeyrir eða barnsfararkostnaður samkvæmt úrskurði valdsmanns eða samningi staðfestum af valdsmanni, eigi greitt í tæka tíð, og er þá rétt að taka fúlguna lögtaki hjá framfærslumanni samkvæmt lögum nr. 29 frá 16. des. 1885.

□ Ef ekki er greidd í gjalddaga fúlga sú, sem framfærslumaður á að greiða með skilgetnu barni sínu yngra en 16 ára, er ekki fylgir honum eða stjúpbarni sínu á sama aldri, þá skal um greiðslu fúlgunnar fara sem í lögum um greiðslu meðlags af hálfu barnsföður með óskilgetnu barni sínu.

■ **11. gr.** Ekki er Tryggingastofnun ríkisins skylt að greiða aðrar eða hærri fjárhæðir samkvæmt úrskurði eða samningi um meðlag eða lífeyri með börnum en mælt er í lögum um almannatryggingar.

■ **12. gr.** 1. Um réttindi og skyldur sveitarstjórna út af framfærslu hjóna og skilgetinna barna og óskilgetinna fer eftir sifjalögum og almannatryggingalögum, að því leyti, sem lög þessi ná ekki til.

2. Um framfærsluskyldu húsbænda gagnvart hjúum sínum fer eftir hjúalögum.

3. Um framfærsluskyldu útgerðarmanns gagnvart skipverjum fer eftir sjómannalögum.

4. Um framfærsluskyldu lærimeistara gagnvart iðnnemum fer eftir lögum um iðnaðarnám.

□ Framfærslumaður eða framfærslusveit hjúa, skipverja og iðnnema á sömu framfærslukröfur á hendur húsbónda, útgerðarmanni og lærimeistara eins og aðili sjálfur, ef hann neytir ekki réttar síns.

II. kafli. Um framfærslurétt.

■ **13. gr.** Sérhver íslenzkur ríkisborgari, eldri en 16 ára, á framfærslurétt í heimilissveit sinni, en heim-

1947 Nr. 80 5. júní

ilissveit er sá kaupstaður eða hreppur, þar sem maður á lögheimili. Þar er lögheimili manns, er hann hefur fast aðsetur.

□ Verði eigi upplýst um lögheimili manns, er leitar framfærslustyrks, þá skal sú sveit, er hann dvelur í, þegar hann verður styrkþurfi, teljast framfærslusveit hans.

■ **14. gr.** Nú flyzt maður milli sveita, og skal hann þá eiga framfærslurétt í þeirri sveit, er hann flyzt í, þegar er hann hefur tekið sér þar lögheimili, nema öðruvísi sé fyrir mælt í þessum lögum eða öðrum. Enginn öðlast þó framfærslurétt í annarri sveit með dvöl sinni þar í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Meðan hann dvelst þar á hann framfærslurétt í þeirri sveit, er hann átti framfærslurétt í, er slík dvöl hans hófst, en öðlast framfærslurétt í heimilissveit sinni að dvölinni lokinni, er hann hefur komizt af styrklaust í 2 ár óslitið. Sá, er dvalið hefur í skóla, öðlast þó þegar framfærslurétt í þeirri sveit, er hann tekur sér lögheimili í að skólavistinni lokinni.

■ **15. gr.** Nú flyzt milli sveita maður, er þegið hefur framfærslustyrk á síðustu 2 árum áður en hann flutti, og skal hann þá halda óbreyttri sveitfesti, þar til hann hefur komizt af styrklaust í 2 ár óslitið í hinni nýju heimilissveit.

■ **16. gr.** Um framfærslurétt hjóna, sem skilið hafa samvistir, gilda ákvæði 13., 14. og 15. greinar. Skilgetin börn undir 16 ára aldri eiga framfærslurétt í framfærslusveit foreldra sinna. Séu hjónin skilin eða sambúð þeirra slitið, á barnið framfærslurétt í framfærslusveit þess foreldrisins, er foreldraráðin hefur eða það fylgir, og helzt sá framfærsluréttur, þótt foreldrið deyi.

□ Nú hafa hjón skilið samvistir án þess að úrskurðað hafi verið um foreldraráð yfir barni þeirra, er hjá hvorugu dvelur, og á barnið þá framfærslusrétt í framfærslusveit föður síns eða þeirri sveit, er hann átti síðast framfærslurétt í, sé hann dáinn.

□ Óskilgetin börn innan 16 ára aldurs eiga framfærslurétt í framfærslusveit móður sinnar.

■ **17. gr.** Nú hefur lögskyldur framfærslumaður barns komið því í fóstur og þangað er lagður með því lögákveðinn barnalífeyrir eða sveitarstjórn hefur ráðstafað barni með ákveðinni meðgjöf umfram barnalífeyri, og er þá eigi heimilt að taka barnið frá fósturforeldri, hafi það dvalizt þar eigi skemur en þrjú ár, ef þar fer vel um það, að dómi barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barnið dvelur og fósturforeldrarnir vilja halda því, enda krefjist þeir ekki hærri meðgjafar með barninu en lögboðins barnalífeyris.

■ **18. gr.** Nú verður barn munaðarlaust, en munaðarlaust telst það barn, sem engan lögskyldan framfærslumann á, þann er vitað sé um eða til verði náð, og er þá sveitarstjórn í dvalarsveit barnsins skylt að annast framfæri þess fyrst um sinn, þar til úr því er skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit þess samkvæmt lögum þessum, og skal sú sveit þá taka við framfærslu barnsins, þó með þeim takmörkunum er segir í næstu grein á undan.

□ Verði eigi úr því skorið, hver sé hin rétta framfærslusveit barns, er dvalarsveit þess skylt að annast framfærslu þess. Framfærslustyrkur umfram barnalífeyri veittur samkvæmt þessari grein telst styrkur veittur munaðarlausu barni.

■ **19. gr.** Útlendingar, heimilisfastir hér á landi, eignast framfærslurétt hér, þegar þeir fá íslenzkan ríkisborgararétt.

■ **20. gr.** Maður, sem öðlazt hefur framfærslurétt á Íslandi, missir hann, þá er hann missir íslenzks ríkisfangs, enda hafi hann öðlazt ríkisborgararétt í öðru ríki. En öðlist hann aftur íslenzkan ríkisborgararétt, þá á hann framfærslu í heimilissveit sinni.

■ **21. gr.** Nú verður maður, sem eigi á framfærslurétt hér á landi, þurfandi framfærslustyrks hér, og honum verður eigi vísað til framfærslu í útlöndum, og skal honum þá styrk veita í heimilissveit hans eða dvalarsveit, en endurgreiða skal ríkissjóður framfærslustyrkinn.

■ **22. gr.** Nú er þess krafizt frá útlöndum, að tekið verði hér við framfærslu íslenzks ríkisborgara, og ráðherra álítur, að ekki verði hjá því komizt að veita honum viðtöku, og er þá rétt, að ráðherra vísi honum með fjölskyldu, ef nokkur er, á þá sveit, er styrkþegi til þess kýs, en styrkur sá, er sveitin veitir honum fyrsta árið, er hann dvelst þar, skal henni endurgoldinn úr ríkissjóði.

■ **23. gr.** Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur hjá umboðsmönnum ríkisins erlendis, og skal þá endurgreiða þann styrk úr ríkissjóði. Kostnaður við heimflutning frá útlöndum greiðist sömuleiðis úr ríkissjóði fyrir þann styrkþega og skyldulið hans, sem ofangreindir umboðsmenn annast, ef kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt greiddur.

III. kafli. Um stjórn framfærslumála.

■ **24. gr.** Ráðherra hefur yfirstjórn allra framfærslumála í landinu.

■ **25. gr.** Framfærslumálum heima í héraði stjórna bæjarstjórnir og hreppsnefndir hver í sínu umdæmi.

■ **26. gr.** Í kaupstöðum kýs bæjarstjórn sérstaka nefnd, er nefnist framfærslunefnd, til þess að annast framkvæmdir framfærslumála kaupstaðarins.

□ Framfærslunefnd skal skipuð 3 eða 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs með hlutfallskosningu. Jafnmargir skulu kosnir til vara. Heimilt skal formanni barnaverndarnefndar að sitja fundi framfærslunefndar og bera fram tillögur, er sérstaklega varða börn samkvæmt lögum um barnavernd.

□ Kjörtímabil framfærslunefndar er hið sama og kjörtímabil annarra fastra nefnda bæjarstjórnar.

□ Nefndin kýs sér sjálf formann.

□ [Í Reykjavík kemur félagsmálaráð í stað framfærslunefndar og annast framkvæmd framfærslumála. Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.][1)]

□ [Í öðrum sveitarfélögum er sveitarstjórn með sama hætti heimilt að fela sérstöku félagsmálaráði framkvæmd framfærslumála í stað framfærslunefndar.][2)]

[1)] *L. 80/1967, 1. gr.* [2)] *L. 5/1970, 1. gr.*

■ **27. gr.** Hreppsnefndum er heimilt að kjósa framfærslunefnd, og fer þá um skipun hennar og verksvið eins og í kaupstöðum, nema að formaður skólanefndar kemur þar í stað formanns barnaverndarnefndar.

■ **28. gr.** Í kaupstöðum og hreppum, þar sem framfærslunefndir eru, skal hver sá, er þarfnast opinberrar

hjálpar, snúa sér til formanns framfærslunefndar, eða í skrifstofu nefndarinnar, og skýra frá ástæðum sínum. Framfærslunefnd skal þá, svo fljótt sem við verður komið, halda fund um málið sé það þannig vaxið, að það geti eigi orðið afgreitt án sérstaks fundar eða beðið reglulegs fundar í nefndinni, og ákveða, hverja hjálp nauðsynlegt sé að veita, og skal sú hjálp látin í té af bæjar- eða sveitarsjóði eftir fyrirmælum nefndarinnar.

■ **29. gr.** Framfærslunefnd skal eigi halda sjaldnar fundi en einu sinni í viku. Skal hún þá afgreiða öll þau erindi, er til hennar hafa borizt, og geta hvers einstaks erindis í gerðabók sinni og hvaða afgreiðslu það hafi hlotið.

□ Nú þykir styrkþega rétti sínum hallað eða eigi nógu vel fyrir þörfum sínum séð af framfærslunefnd, og má hann þá skjóta máli sínu til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Sérhverjum, er ekki vill una þeirri afgreiðslu, sem mál hans hefur fengið hjá bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er heimilt að áfrýja því til yfirstjórnar framfærslumálanna, er þá skal fullnaðarúrskurð á leggja.

■ **30. gr.** Framfærslunefnd er skylt að veita hverjum þeim, sem til hennar leitar, allar upplýsingar og leiðbeiningar um framfærslumál, eftir því sem í hennar valdi stendur, og sjá um, að styrkþegi fái komið fram réttmætum kröfum sínum eða fengið þann framfærslustyrk, sem honum ber, óskertan.

□ Hún skal einnig sjá um, að þeir, sem fara þurfa til dvalar í sjúkrahús eða aðra stofnun, fái ábyrgð fyrir dvöl sinni þar frá sveitarfélagi sínu eða sjúkrasamlagi, nema því sé áður ráðstafað á annan hátt.

■ **31. gr.** Skylt er framfærslunefnd að stuðla að því eftir megni, að fólk þurfi ekki að leita framfærslustyrks, svo sem með því að hvetja það til að greiða tryggingariðgjöld sín á réttum tíma, brýna fyrir því reglusemi, hjálpa því til að komast í atvinnu, benda hreppsnefnd, bæjarstjórn, atvinnubótanefnd eða vinnumiðlunarskrifstofu á, hvar svo bágar séu kringumstæður, að nauðsyn sé fyrir vinnu, koma börnum til sumardvalar á góð sveitaheimili og eiga frumkvæði að öðru því, er í einstökum tilfellum og almennt gæti orðið til þess að forða því frá að þiggja framfærslustyrk.

■ **32. gr.** Bæjarstjórn Reykjavíkur setur, að fengnum tillögum framfærslunefndar þar, nánari reglur um tilhögun á framkvæmdum framfærslumála í kaupstaðnum.

■ **33. gr.** Í hreppum, sem eigi kjósa framfærslunefnd, annast hreppsnefnd framkvæmd framfærslumála og gegnir þar skyldum framfærslunefndar samkvæmt lögum þessum, svo sem við á þar.

IV. kafli. Um tilhögun styrkveitinga.

■ **34. gr.** Framfærslustyrk skal veita á þann hátt, að gætt sé hvors tveggja í einu, hagsmuna almennings og þarfa og velferðar styrkþega.

■ **35. gr.** Ekki má halda undirboð á framfærslu styrkþega.

■ **36. gr.** Styrkþegum skal veita styrk á þann hátt, að styrkurinn sé veittur þeim í matvælum, fatnaði og öðrum nauðsynjum, eða greiddur þeim í peningum, allt eftir því, sem framfærslunefnd eða hreppsnefnd telur bezt henta. Húsnæði það, sem styrkþega er útvegað og greitt er fyrir af opinberu fé eða sveitarstjórn leggur til, skal vera sómasamlegt að dómi héraðslæknis. Þar sem almenningsmötuneyti er starfrækt, er framfærslunefnd eða hreppsnefnd heimilt að mæla svo fyrir, að styrkþegar skuli fá mat sinn þar, enda sé mötuneytið að dómi heilbrigðisnefndar að öllu svo útbúið, að sómasamlegt sé, og að matur skuli sendur heim þeim fjölskyldum, sem að dómi framfærslunefndar og héraðslæknis eiga erfitt um að sækja mat þangað.

■ **37. gr.** Nú þarf að ráðstafa styrkþega, og skal honum þá komið fyrir á góðu heimili, þar sem vel fer um hann, hann látinn fara í sjúkrahús, ef læknir álítur þess þörf, eða honum komið fyrir á vinnuhæli eða framfærslu- eða atvinnustofnun, sem er undir opinberri umsjón.

□ Hafi sveitarstjórn ráðstafað styrkþega eða barni til dvalar utan heimilis, á hæli eða annars staðar, og greiðir þar meðlag eða ábyrgist greiðslu þess, þá ber Tryggingastofnun ríkisins að greiða sveitarstjórn bætur styrkþegans eða lífeyri barnsins frá þeim tíma, er henni barst tilkynning um ráðstöfun sveitarstjórnarinnar.

■ **38. gr.** Nú þurfa foreldrar, er mikla ómegð hafa, að leita framfærslustyrks til viðbótar barnalífeyri þeim, er þeim ber að lögum, og skal þeim þá lagður hann á heimili þeirra, ef börnin fá þar sómasamlegt uppeldi og vel fer um þau. Börn má ekki taka frá foreldrum án samþykkis þeirra, nema framfærslu og uppeldi barnanna sé áfátt á þann hátt, er segir í næstu málsgrein.

□ Ef foreldrar, sem ekki þiggja framfærslustyrk, veita eigi börnum sínum, sem hjá þeim eru, sómasamlegt uppeldi, skal sveitarstjórn taka þau af heimili foreldranna. Eigi slík börn að lögum rétt á barnalífeyri, skal hann lagður til fósturs þeim, en umframstyrkur, ef greiddur er, svo og meðgjöf, sem greidd er með slíkum börnum, ef þau eiga ekki rétt til barnalífeyris, skal talið framfærslustyrkur veittur foreldrum eða öðrum lögskyldum framfærslumönnum barnanna, nema hún sé þegar í stað endurgoldin.

□ Sveitarstjórn skal kosta kapps um að velja góð heimili handa munaðarlausum börnum, er hún annast framfærslu á.

□ Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra.

■ **39. gr.** Þegar um ráðstafanir er að ræða eftir 38. gr., skulu þær eigi framkvæmdar fyrr en barnaverndarnefndir í kaupstöðum og skólanefndir í sveitum hafa haft málið til meðferðar og reynt að leysa það samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga, ef það fellur undir ákvæði þeirra, og skal farið eftir tillögum þeirra að því leyti, sem við verður komið. Hið sama gildir um ráðstöfun fávita og vanþroska unglinga, sem nauðsyn krefur, að hið opinbera ráðstafi eða hafi afskipti af.

■ **40. gr.** Sóknarprestar, kennarar og héraðslæknar skulu líta eftir því, að vel sé farið með alla styrkþega í umdæmum þeirra. Þyki einhverjum ofangreindra aðila misbrestur á því vera og geti hann eigi með umvöndun komið lögun á það, ber honum að kæra málið fyrir lögreglustjóra. Innansveitarmenn hafa einnig rétt til að kæra til lögreglustjóra vanrækslu sveitarstjórnar í þessu efni.

□ Lögreglustjóri rannsakar kæru þegar í stað. Telji hann kæruna á rökum reista, ber honum að halda sveitarstjórn til að gæta skyldu sinnar. Hann skal og, ef

ástæða er til, skýra félagsmálaráðuneytinu frá kærunni og því, sem rannsókn hans hefur leitt í ljós.

■ **41. gr.** Sveitarstjórn er skylt að sjá um, að börn, sem eru undir hennar umsjón, njóti lögboðinnar skólafræðslu.

V. kafli. Um samskipti sveitarstjórna og styrkþega.

■ **42. gr.** Sá, sem fengið hefur framfærslustyrk, er endurgjalda skal, er háður þeim skyldum gagnvart sveitarstjórn, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

■ **43. gr.** Er sveitarstjórn heimtir samkvæmt endurriti af viðskiptareikningi styrkþega styrk, sem honum ber að endurgjalda, getur hún beiðzt lögtaks hjá honum eftir fyrirmælum laga nr. 29 16. des. 1885.

□ Lögtaksbeiðni er gild, þótt síðar komi fram en fyrir er mælt í 2. gr. laganna.

■ **44. gr.** Sveitarstjórn getur látið fógeta eða hreppstjóra skrifa upp eignir styrkþega. Ef þinglýst er eftirriti af uppskriftargerðinni, leggst veðband á hinar uppskrifuðu eignir, er gengur fyrir öllum kröfum öðrum en eldri veðkröfum.

□ Sveitarstjórn er heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómara) um, að vinnuveitandi styrkþega skuli greiða henni kaup hans, ef hann vanrækir að framfæra með því þá, sem hann hefur á framfæri sínu. Ákvörðun valdsmanns má skjóta til ráðherra.

□ Nú vanrækir vinnuveitandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá gagnvart sveitarstjórn ábyrgð á þeirri upphæð, er hann hefur greitt styrkþega eftir að krafa sveitarstjórnar barst honum.

□ Lausafé og atvinnutæki, sem sveitarstjórn fær styrkþega í hendur eða styrkir hann til að kaupa, skulu vera eign sveitarsjóðsins.

■ **45. gr.** Skylt er að veita sveitarstjórnum hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum styrkþega og lögskyldra framfærslumanna hans, er þær óska. Vinnumiðlunarskrifstofur og atvinnurekendur eru og skyldir að láta þeim í té vinnuskýrslur og kaupskrár, þegar þess er óskað.

□ Bönkum og sparisjóðum er skylt að gefa sveitarstjórnum upplýsingar um inneignir styrkþega og framfærslumanna hans.

■ **46. gr.** Um fjárræði styrkþega fer að lögræðislögum.

■ **47. gr.** Sveitarstjórn er heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómara) um, að styrkþega, sem er vinnufær og ekki aflar sér sjálfur atvinnu, sé skylt að gegna þeirri vinnu, sem sveitarstjórn vísar honum á og tilhlýðileg er eftir högum hans og honum ekki um megn. Ákvörðun valdsmanns má skjóta til ráðherra.

□ Sveitarstjórn er og heimilt að afla sér úrskurðar valdsmanns (í Reykjavík sakadómara) um, að styrkþega, sem hefur ekki fyrir heimili að sjá, skuli skylt að vinna af sér á vinnuhæli meðlag eða barnalífeyri, sem sveitarsjóður hefur orðið að greiða með barni hans, skilgetnu eða óskilgetnu, enda þótt hann hafi verið til þess fær. Ákveður hlutaðeigandi valdsmaður, hve lengi vinnan skuli standa. Skal vinnutíminn miðaður við, að styrkþeginn hafi kaup, er sé eigi lægra en greitt er fyrir almenna verkamannavinnu í heimilissveit hans.

■ **48. gr.** [Nú veldur maður með óreglu sinni og hirðuleysi um meðferð fjármuna hættu á því, að þeir, sem honum er skylt að framfæra, verði að leita aðstoðar um framfærslu eða líði nauð, og skal sveitarstjórn eða lögreglustjóri, sem til er leitað, þá leggja fyrir vinnuveitanda hans eða kaupgreiðanda að halda eftir tilteknum hluta af kaupi hans. Sá hluti, sem haldið er eftir, má nema allt að ¾ hlutum kaupsins, að frádregnum opinberum gjöldum. Sveitarstjórn eða lögreglustjóri ákveður jafnframt, hver skuli taka við kaupinu, og er þá óheimilt að greiða það öðrum.][1)]

□ Nú er hátterni manns gagnvart sveitarstjórn eða þeim, sem honum er skylt að framfæra, slíkt sem segir í 180. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 1940, og getur sveitarstjórn þá kært hann til refsingar samkvæmt þeirri grein.

□ Nú vill maður, áður en til framkvæmdar refsingar kemur, sinna vinnu, sem honum er vísað á samkv. 47. gr., og skal þá fresta framkvæmd refsingarinnar.

[1)] *L. 115/1954, 1. gr.*

VI. kafli. Um viðskipti sveitarstjórna og endurgreiðslu framfærslustyrks.

■ **49. gr.** Nú þarfnast maður framfærslustyrks, og skal hann þá veittur honum af heimilissveit hans.

■ **50. gr.** Nú er manni veittur framfærslustyrkur utan þeirrar sveitar, er hann á framfærslurétt í, og skal framfærslusveit hans þá endurgreiða styrkinn að ⅔ hlutum, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í þessum lögum. Þó skulu greiðslur eftir yfirvaldsúrskurði endurgreiðast að fullu.

□ Ríkissjóður ábyrgist þessar endurgreiðslur.

■ **51. gr.** Verði maður styrkþurfi utan heimilissveitar sinnar sökum slysa, veikinda, atvinnuleysis eða af öðrum orsökum, er dvalarsveitinni skylt að veita þá aðstoð, sem nauðsynleg er, til þess að styrkþurfinn fái þá læknishjálp og hjúkrun, sem þarf, eða hann komist heim til sín, en endurgreiða skal heimilissveitin dvalarsveit þann kostnað að fullu, og ábyrgist ríkissjóður greiðsluna.

■ **52. gr.** Kröfur um endurgreiðslu á framfærslustyrk, sem eitt sveitarfélag á á hendur öðru, skal gera innan 6 vikna frá styrkveitingu, ella fellur endurkröfurétturinn niður.

□ Skylt er sveitarstjórn að svara slíkri kröfu innan 6 mánaða frá því að henni barst tilkynning um styrkveitingu, ella fellur niður réttur hennar til mótmæla gegn réttmæti skuldarinnar.

■ **53. gr.** Sá, sem þegið hefur framfærslustyrk, er skyldur að endurborga hann sveitinni sem aðra skuld, nema um styrk sé að ræða, sem eigi er endurkræfur eftir þessum lögum eða öðrum. Því aðeins er þó sveitarstjórn heimilt að gera fjárnám í eignum eða tekjum styrkþega, að afkomu hans framvegis sé með því eigi stefnt í þá hættu, að hann þurfi aftur á framfærslustyrk að halda.

□ Framfærslustyrkur, sem veittur er til framfærslu og uppeldis barns innan 16 ára, telst til skuldar foreldrum barnsins í félagi, ef þau eru gift og bæði á lífi, en því foreldrinu, sem er á lífi, ef annað er dáið, og því foreldri, sem það er hjá, eða síðast var hjá, eða er á vegum þess, ef hjónabandi foreldranna er slitið að lögum.

□ Nú nægir eigi lögákveðinn barnalífeyrir til þess að greiða kostnað við uppeldi og framfærslu barns, og skal þá telja þann styrk, sem umfram þarf að veita, veittan móður barnsins, sé hún á lífi.

■ **54. gr.** Nú hefur einhver, sem samkvæmt dómi eða samningi er skyldur til framfærslugreiðslu lögum samkvæmt, vanrækt að gera skyldu sína í þessu efni, og framfærslustjórn hefur þess vegna orðið að greiða þeim, sem réttinn hefur, framfærslustyrk, og telst þá sá styrkur ekki framfærslustyrkur til styrkþega, ef styrkurinn fer ekki fram úr hinni umsömdu eða úrskurðuðu upphæð, heldur framfærslustyrkur til þess, sem vanrækt hefur greiðslur.

■ **55. gr.** Nú hafa hjón komizt í sveitarskuld í félagi, eða annað þeirra, meðan þau voru í hjónabandi, og skal þeim þá skylt að endurborga hana, báðum fyrir annað og öðru fyrir bæði; þó skal, ef annað þeirra deyr og ekki er fé til að greiða skuldina, eigi hvíla á því eftirlifanda meira en helmingur sveitarskuldar þeirrar, sem þau þá voru í, og ekkert á ekkju, ef hún hefur einn eða fleiri skylduómaga.

□ ...[1)]

□ Hafi dvalarsveit barnsmóður eigi fengið barnalífeyri endurgreiddan fyrir þá sök, að ókunnugt hafi verið um dvalarstað barnsföður, eða hann hefur komizt undan lagaaðförum, er þeirri sveit heimilt, er hann kemur síðar fram, að ganga að þeim framfærslusveitum, er hann kann að hafa átt meðan ekki náðist til hans.

[1)] *L. 54/1971, 8. gr.*

■ **56. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 54/1971, 8. gr.*

■ **57. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 54/1971, 8. gr.*

■ **58. gr.** Nú hrekkur barnalífeyrir, sem Tryggingastofnun ríkisins greiðir samkvæmt almannatryggingalögunum, ekki til framfærslu munaðarlauss barns innan 16 ára aldurs, og skal þá framfærslusveit þess greiða það, sem til vantar, að barnið fái sómasamlega framfærslu, og telst það styrkur veittur munaðarlausu barni.

■ **59. gr.** Ekki á sveitarstjórn rétt á að krefja styrkþega endurgreiðslu á styrk, veittum af sveitarfé, til að greiða:

1. Gjald fyrir nauðsynlegar bækur og kennsluáhöld handa börnum á skólaskyldualdri.
2. Greftrunarkostnað styrkþega, að því leyti sem eftirlátnar eignir þeirra hrökkva ekki til.
3. Fæðingarhjálp, sem barnsföður er ekki skylt að endurgreiða.
4. Greiðslur til munaðarlausra barna samkv. lögum þessum.
5. Útgjöld vegna útbúnaðar og sendingar barns, sem komið er til dvalar af barnaverndarnefnd eða framfærslunefnd utan heimilissveitar sinnar.
6. Framfærslustyrk veittan mönnum 60 ára eða eldri.
7. Framfærslustyrk, veittan mæðrum, sem hafa fleiri en tvö börn á framfæri og aðeins stunda húsmóðurstörf á eigin heimili.
8. ⅕ hluta af kostnaði við langvinna sjúkdóma, samkv. l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.[1)]

□ Allur sá styrkur, sem hér um ræðir, skal þó í bókum sveitarinnar talinn framfærslustyrkur veittur á því ári, sem hann er greiddur úr sveitarsjóði.

[1)] *Sjá l. um almannatryggingar.*

■ **60. gr.** Heimilt er sveitarstjórn að gefa upp þeginn framfærslustyrk.

■ **61. gr.** Nú hefur styrkþega verið ráðstafað af framfærslunefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað, og vinnur hann sér þá eigi sveit í hinu nýja héraði fyrr en í fyrsta lagi að 6 árum liðnum. Ber þeirri sveit, er ráðstafaði honum til dvalar, að kosta framfærslu hans fyrstu 4 árin, ef með þarf, hvort sem hann þarf árlegan styrk eða ekki, og eftirleiðis þangað til hann hefur komizt af tvö ár óslitið án framfærslustyrks.

■ **62. gr.** Nú þarfnast maður framfærslustyrks áður en 2 ár eru liðin frá því að hann fluttist til þess framfærsluhéraðs, er hann á heima í, án þess um ráðstöfun samkv. 61. gr. sé að ræða, og skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann, ef ástæða er til, rannsaka eftirfarandi atriði:

1. Hvar styrkþegi átti áður heimilissveit.
2. Hvort hann þáði þar framfærslustyrk, og hve mikinn.
3. Hvenær hann síðast þáði framfærslustyrk þar.
4. Hvort sveitarstjórn fyrrv. heimilissveitar hans eða einstakir sveitarstjórnarmenn, eða aðrir áhrifamenn, hafi hvatt styrkþega til að flytja búferlum, lagt fram fé í því skyni eða á annan hátt beint eða óbeint stutt að för hans, svo sem með gjöfum eða samskotum, svo af því megi ætla, að þær ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að losa fyrrverandi heimilissveit við verandi eða væntanleg þyngsli vegna styrkþegans eða fjölskyldu hans.
5. Önnur atriði, er sveitarstjórn eða framfærslunefnd telur nauðsynlegt að upplýsa í þessu sambandi.

■ **63. gr.** Sannist það við rannsókn þessa, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar styrkþegans, eða einstakir áhrifamenn í sveitarfélaginu, hafi komið því til leiðar, að styrkþegi flutti búferlum í aðra sveit og ekki er um ráðstöfun að ræða samkv. 61. gr., skal þeirri sveit, er hann flutti úr, skylt að endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hann eða fjölskylda hans þarf að þiggja í framfærslustyrk meðan hann dvelur þar.

□ Sama gildir, ef það sannast, að sveitarstjórn fyrrverandi heimilissveitar hafi lagt fram fé, beint eða óbeint, til þess að styrkþegi gæti komizt hjá því að biðja um framfærsluhjálp fyrstu tvö árin.

■ **64. gr.** Nú verður sveitarstjórn uppvís að því að hafa stuðlað að flutningi manns til annars sveitarfélags, og ekki er um ráðstöfun að ræða samkvæmt 63. gr., og skal þá ríkissjóður endurgreiða dvalarsveit hans allt, er hún leggur út hans vegna, og innheimta síðan upphæðina hjá fyrrverandi heimilissveit mannsins.

VII. kafli. Um jöfnun framfærslukostnaðar. ...[1)]

[1)] *L. 19/1960, 10. gr.*

VIII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **73. gr.** Nú hafa sveitarstjórnir gert samninga sín á milli um framfærslu styrkþega, áður en lög þessi koma til framkvæmda, og skulu þeir samningar þá haldast, ef þeir brjóta eigi í bág við ákvæði þessara laga eða almannatryggingalaga.

□ Um styrkþurfa, sem ráðstafað hefur verið utan sveitar af sveitarstjórn, áður en lög þessi öðlast gildi, skal fara sem segir í 61. gr. þessara laga.

■ **74. gr.** Úrskurðir yfirvalds, uppkveðnir fyrir gildistöku þessara laga um meðlög með skilgetnum eða óskilgetnum börnum, svo og staðfestir samningar um sama efni, halda gildi sínu með þeim breytingum, að meðlagsfúlgan fer eftir lögum um almannatryggingar og verður

1947 Nr. 80 5. júní

jafnhá barnalífeyri eins og hann er ákveðinn í þeim lögum á hverjum tíma, og að meðlagsgreiðslan fer fram mánaðarlega.

■ **75. gr.** Nú hefur framfærsluþurfi misst rétt til bóta eða lífeyris samkvæmt lögum um almannatryggingar, vegna vanskila á iðgjaldi og getur sveitarstjórn þá keypt honum full réttindi samkv. þeim lögum með því að greiða vangoldin iðgjöld hans, en þó ekki hærri upphæð en svarar til 5 ára iðgjalds.

■ **76. gr.** Nú verður ágreiningur sveitarfélaga á milli um skyldur þær, er á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum, og skal þá yfirvald skera úr ágreiningi þeim. Séu sveitarfélög þau, er deila, hvort í sinni sýslu eða lögsagnarumdæmi, skal úrskurð á leggja yfirvald þar, er það sveitarfélag er, sem krafið er. Úrskurði yfirvalds má hvor málsparta skjóta til ráðherra á 6 vikna fresti, talið frá þeim degi, er málsaðila varð kunnugt um úrskurðinn, til þess dags, er áfrýjunarskjalið er afhent á póststöð til sendingar með pósti, eða komið til skrifstofu ráðherra, ef ekki er sent með pósti.

■ **77. gr.** ...

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** 1. Hafi sveitarfélag, sem á árinu 1946 greiddi ellilaun og örorkubætur fyrir fram, greitt slíkar bætur fyrir janúar 1947 samkvæmt tilkynningu félagsmálaráðuneytisins til sveitarstjórna, dags. 2. des. 1946, endurgreiðir ríkissjóður helming bótanna eftir sömu reglum og giltu árið 1946.

2. Við ákvörðun örorkustyrks samkv. 3. bráðabirgðaákvæði laga um almannatryggingar skal þess gætt, að þeir öryrkjar, er þar greinir og fengið hafa örorkubætur árið 1946, missi einskis í við, að lögin um almannatryggingar koma til framkvæmda, enda greiði ríkissjóður það, sem til kann að vanta, að fjárveitingin úr tryggingasjóði hrökkvi.

Ákvæði þetta gildir þó aðeins til ársloka 1948.

3. Nú hefur móðir óskilgetins barns, sem hún kennir erlendum manni, fengið greitt meðlag með því af sveitarfé í dvalarsveit sinni, þegar lög þessi öðlast gildi, og er þá valdsmanni heimilt að úrskurða, að hún skuli fá greiddan barnalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, ef hún færir gildar líkur að faðerninu. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, svo og þau meðlög, sem sveitarsjóðir hafa greitt mæðrum slíkra barna fyrir gildistöku laga þessara.

1956 Nr. 74 18. sept.

Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmarkskaldur barna við sjómennsku.

Hinn 27. marz 1956 samþykkti Alþingi þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt nr. 58, sem gerð var á 22. þingi alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I.L.O.) í Genf 22. október 1936.

□ Fullgildingarskjal Íslands var afhent aðstoðarforstjóra alþjóðavinnumálastofnunarinnar hinn 21. ágúst 1956.

1956 Nr. 73 18. sept.

Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um lágmarkskaldur kyndara og kolamokara.

Hinn 27. marz 1956 samþykkti Alþingi þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt nr. 15, um lágmarkskaldur kyndara og kolamokara, sem gerð var á 3. þingi alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I.L.O.) í Genf 25. október 1921.

□ Fullgildingarskjal Íslands var afhent aðstoðarforstjóra alþjóðavinnumálastofnunarinnar hinn 21. ágúst 1956.

1956 Nr. 73 18. sept

Lög um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

1952 Nr. 12 30. jan.

■ **1. gr.** Frá 1. jan. 1953 skal erfðafjárskattur samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1921 og arfur samkv. 33. gr. erfðalaganna frá 1949[1] renna í sérstakan sjóð, er nefnist erfðafjársjóður, og skal sjóðurinn vera í vörzlum Tryggingastofnunar ríkisins.

[1] *Nú l. 8/1962.*

■ **2. gr.**[1] [Fé því, sem rennur í erfðafjársjóð samkvæmt 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Er heimilt að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagðar upphæðir lána og styrkja eigi fram úr ⅔ af stofnkostnaði stofnunarinnar.

□ Ef fjárhagur sjóðsins leyfir, er enn fremur heimilt að veita framangreindum aðilum lán úr sjóðnum með sömu skilmálum til þess að koma upp elliheimilum.][2]

[1] *Fellur úr gildi 1. jan. 1984, sjá 44. gr. l. 41/1983.* [2] *L. 36/1965, 1. gr.*

■ **3. gr.**[1] Félagsmálaráðherra tekur ákvarðanir um lánveitingar og styrkveitingar úr erfðafjársjóði, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, og setur þau skilyrði fyrir lánum og styrkveitingum, sem ástæða þykir til. Hann setur reglur um fyrirkomulag og rekstur þeirra vinnuheimila og vinnustöðva, sem fá lán eða styrki úr sjóðnum.

[1] *Fellur úr gildi 1. jan. 1984, sjá 44. gr. l. 41/1983.*

1982 Nr. 91 31. des.

Lög um málefni aldraðra.

I. kafli. Skipulag öldrunarþjónustu.

■ **1. gr.** Markmið þessara laga er, að aldraðir fái þá heilbrigðis- og félagslegu þjónustu, sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi, sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand þess aldraða.

□ Lögin miða að því, að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf, en að jafnframt sé séð fyrir nauðsynlegri stofnanaþjónustu, þegar hennar er þörf.

■ **2. gr.** Yfirstjórn öldrunarmála annast heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Öldrunarmálefni skulu vera undir stjórn sérstaks deildarstjóra.

■ **3. gr.** Setja skal á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Skal nefndin skipuð til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 3 menn tilnefndir þannig: einn frá Öldrunarráði Íslands, einn frá félagsmálaráðuneytinu, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og einn skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Deildarstjóri öldrunarmálefna í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti skal vera ritari nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

■ **4. gr.** Verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra eru:

1. Að hafa frumkvæði að stefnumótun um málefni aldraðra.
2. Að annast áætlanagerð um málefni aldraðra fyrir landið í heild.
3. Að vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka, sem starfa að málefnum aldraðra.
4. Að vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra.
5. Að annast stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra og gera tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum.
6. Að skera úr um ágreiningsmál, sem upp kunna að koma um málefni aldraðra skv. lögum þessum, enda beri mál ekki að réttu undir dómstóla. Vísa má úrskurði samstarfsnefndarinnar til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
7. Að gera tillögur til ráðherra um samræmdar reglur um mat skv. 18. gr. 1. mgr.

■ **5. gr.** Í hverju heilsugæsluumdæmi skal stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð, þar sem þau starfa, annast eftirtalin verkefni á sviði öldrunarmála:

1. Að skipuleggja öldrunarþjónustu í umdæmi sínu í samráði við forstöðumenn hinna ýmsu þátta þjónustunnar.
2. Að kveðja menn til starfa í þjónustuhóp aldraðra, þannig að samsetning hópsins sé í samræmi við ákvæði 7. gr.
3. Að gera tillögur til viðkomandi sveitarstjórna um fjölda starfsliðs í heimaþjónustu umdæmisins, sbr. 15. gr.
4. Að fylgja eftir að ákvæðum staðla eða reglugerða skv. 19. gr. sé framfylgt.
5. Að annast samningsgerð við einstaklinga eða félagasamtök, sem taka að sér þjónustu fyrir aldraða, sé það ekki verksvið annarra.

□ Er stjórn heilsugæslustöðvar fjallar um öldrunarmál skal gefa öldrunarstofnunum á svæðinu kost á að tilnefna fulltrúa til setu á fundi.

■ **6. gr.** Við hverja heilsugæslustöð skal starfa þjónustuhópur aldraðra.

□ Þar sem heilsugæslustöðvar eru fleiri en ein í sama sveitarfélagi, getur sveitarstjórn ákveðið að heilsugæslustöðvarnar sameinist um þjónustuhóp aldraðra. Á sama hátt geta hlutaðeigandi sveitarstjórnir tveggja heilsugæslustöðva eða fleiri ákveðið að sameinast um þjónustuhóp aldraðra.

□ Þar sem það á betur við getur þjónustuhópur aldraðra starfað í tengslum við aðra heilbrigðisstofnun en heilsugæslustöð, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

■ **7. gr.** Þjónustuhópur aldraðra er samstarfshópur starfsfólks heilsugæslustöðva(r), sem hópurinn tengist, starfsfólks félagslegrar þjónustu viðkomandi sveitarfélags(a) svo og þeirra stofnana, sem vinna að öldrunarþjónustu á starfssvæði hópsins.

□ Í hópnum skulu ekki starfa fleiri en fimm og aldrei færri en þrír.

□ Í hópnum skal starfa læknir. Ef kostur er skal hann vera sérfræðingur í öldrunarlækningum, heimilislækningum eða lyflækningum. Þar starfar og hjúkrunarfræðingur með þekkingu á öldrunarþjónustu eða heilsugæslu auk starfsmanns félagsmálaþjónustu með menntun félagsráðgjafa, eða þekkingu á félagslegu sviði.

■ **8. gr.** Hlutverk þjónustuhóps aldraðra er:

1. Að fylgjast með heilsufarslegri og félagslegri velferð aldraðra í umdæmi sínu.
2. Að meta vistunarþörf aldraðra í umdæminu, sbr. 18. gr. 1. mgr.
3. Að sjá til þess að aldraðir á svæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast. Ætíð skal haft að leiðarljósi það markmið laganna að aldrað fólk geti sem lengst búið eðlilegu heimilislífi.

II. kafli. Framkvæmdasjóður aldraðra.

■ **9. gr.** Stofna skal sérstakan sjóð til að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða. Sjóðurinn skal bera heitið Framkvæmdasjóður aldraðra.

■ **10. gr.** Tekjur sjóðsins eru:

1. Beint framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hverju sinni.
2. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema kr. 300 á hvern mann á árinu 1983. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattstofn undir kr. 60 000. Þá skal skattstjóri og fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Framangreindar upphæðir skulu hækka árlega í samræmi við skattgjaldsvísitölu. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt. Gjald þetta skal lagt á í fimm ár, í fyrsta sinn árið 1983.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

□ Fjármálaráðuneytið skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega, á innheimtuárinu, ¼ af áætluðum tekjum sjóðsins skv. þessari grein.

■ **11. gr.** Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Stjórn sjóðsins skal vera í höndum samstarfsnefndar um málefni aldraðra skv. 3. gr., sbr. og 5. tl. 4. gr., sem gerir tillögur til ráðherra um úthlutanir úr sjóðnum.

■ **12. gr.** Hlutverk sjóðsins er:

1. Að fjármagna byggingar ríkisins vegna stofnana fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 2.—4. tl.
2. Að veita sveitarfélögum framlög til að kaupa eða byggja húsnæði fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 1. og 2. tl.
3. Að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 3. og 4. tl., enda verði veitt jafnhátt framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra á fjárlögum hvers árs á móti.
4. Að veita framlög til samtaka eða einstaklinga vegna bygginga fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 1.—4. tl.
5. Að veita framlög til að standa straum af þeim breytingum og endurbótum á dvalarstofnunum aldraðra, er nauðsynlegar eru og leiðir af ákvæðum þessara laga.
6. Önnur verkefni, sem sjóðstjórn telur brýn og ráðherra samþykkir.

■ **13. gr.** Ráðherra gerir í samráði við fjárveitinganefnd og stjórn sjóðsins áætlun til 5 ára um framkvæmdir.

□ Um framkvæmdir skv. 12. gr. fer skv. lögum nr. 63/

1970 um skipan opinberra framkvæmda, eftir því sem við á.

■ **14. gr.** Ráðherra setur nánari ákvæði um sjóðinn með reglugerð.

III. kafli. Heimaþjónusta.

■ **15. gr.** Með heimaþjónustu er átt við þá aðstoð, sem veitt er á heimili aldraðs einstaklings. Heimaþjónusta er tvíþætt: Annars vegar heilbrigðisþátturinn, þ. e. læknisvitjanir, heimahjúkrun og endurhæfing í heimahúsum. Hins vegar félagslegi þátturinn, þ. e. heimilishjálp, félagsráðgjöf og heimsending matar.

□ Með reglugerð getur ráðherra ákveðið að fleiri þjónustuþættir heyri til heimaþjónustu. Hann getur einnig ákveðið að heimaþjónusta taki til fleiri en aldraðra.

■ **16. gr.** Hinir ýmsu þættir heimaþjónustu eru skipulagðir af stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráði, þar sem þau starfa, að fengnum tillögum þjónustuhóps aldraðra. Skal heimaþjónusta einnig veitt sem kvöld-, nætur- og helgidagaþjónusta, ef þjónustuhópur aldraðra telur þörf á og stjórn heilsugæslustöðvar og félagsmálaráð samþykkja.

IV. kafli. Íbúðir og dvalarstofnanir fyrir aldraða.

■ **17. gr.** Íbúðir og dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. lögum þessum eru:

1. Íbúðir sérhannaðar fyrir þarfir aldraðra. Þær geta verið tvenns konar:

A. Þjónustuíbúðir, þar sem er húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými, en engin önnur þjónusta.

B. Verndaðar þjónustuíbúðir, þar sem er húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými. Íbúðirnar skulu búnar kallkerfi, með vörslu allan sólarhringinn og veitt skal sameiginleg þjónusta, s. s. máltíðir og ræsting.

2. Dvalarheimili, ætluð öldruðu fólki, sem ekki er fært um að annast eigið heimilishald með aðstoð. Þar skulu vera einstaklingsherbergi, hjónaherbergi og fjölbýliseiningar. Dvalarheimili aldraðra skulu veita þjónustu s. s. fullt fæði, þvotta, þrif, umönnun, lyf, læknishjálp, hjúkrun, endurhæfingu og félagsstarf. Þau skulu búin sameiginlegum vistarverum til vinnu og tómstundastarfs.

3. Hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeildir, ætlaðar öldruðum einstaklingum, sem eru of lasburða til að dvelja á stofnunum skv. 1. og 2. tl. Hjúkrunarheimili og hjúkrunardeildir skulu hönnuð sem einstaklings- og fjölbýlisherbergi, með snyrtingu og skulu sjúklingar geta haft eigin muni. Einstaklingsherbergi skulu aldrei færri en 50% vistrýmis. Á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum skal vera fullkomin aðstaða til hjúkrunar- og læknisþjónustu. Þar sem því verður við komið skal á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum vera aðstaða fyrir hjúkrunarsjúklinga með geðræn vandamál.

4. Sjúkradeildir, hannaðar á sama hátt og spítaladeildir. Þessar deildir eru ætlaðar langlegusjúklingum sem þurfa mikið eftirlit. Stefnt skal að því að þessar deildir séu í starfstengslum við öldrunarlækningadeild, lyflækningadeild eða almenn sjúkrahús.

5. Dagvist fyrir aldraða. Dagvist getur verið sjálfstæð eða hluti stofnunar skv. 1. tl. B stl.—4. tl. Á dagvist skal að jafnaði veitt þjónusta í samræmi við þá þjónustu sem veitt er á stofnuninni, sem hún tengist. Vistmenn á dagvist geta sótt hana daglega eða tímabundið. Dvalarstofnanir fyrir aldraða skv. 1.—5. tl. skulu vera aðgengilegar fötluðu fólki.

■ **18. gr.** Stjórn dvalarstofnunar skv. 17. gr., 2.—4. tl., ákveður vistun fólks á stofnuninni að fengnu áliti forstöðumanns og mati þjónustuhóps aldraðra.

□ Sama gildir um vistun á stofnunum skv. 17. gr. 1. tl. B stl. og 5. tl.

□ Vistmenn á dvalarstofnun eiga forgang að vistun á hjúkrunardeild sömu stofnunar.

□ Stjórn dvalarstofnunar og daglegir stjórnendur ráða flutningi vistmanna innan dvalarstofnunarinnar.

■ **19. gr.** Að fengnum tillögum samstarfsnefndar skv. 3. gr. setur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. búnað húsnæðis fyrir aldraða, aðbúnað og þjónustu við vistmenn svo og starfslið stofnana eftir starfsemi þeirra.

■ **20. gr.** Enginn má setja á stofn dvalarstofnun fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn samstarfsnefndar skv. 3. gr. Sama gildir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

■ **21. gr.** Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi skv. 20. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunarinnar, staðsetningu, uppdrætti af byggingum og lóðum og umhverfi og aðstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Ennfremur skal fylgja greinargerð um eigendur þess og fjárhagsástæður, skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna. Þá skal og fylgja beiðninni umsögn þjónustuhóps aldraðra í viðkomandi umdæmi.

□ Ráðherra veitir rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum þessara laga og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt.

■ **22. gr.** Stjórn dvalarstofnunar fyrir aldraða skipa fimm menn. Sé stofnun skv. 17. gr. í beinum starfstengslum við sjúkrahús gilda ákvæði 30. gr. laga nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu, um stjórn stofnunar. Eigendur dvalarstofnunar skipa stjórn hennar til 4 ára í senn. Sé sveitarfélag eigandi dvalarstofnunar getur sveitarstjórn falið félagsmálaráði og/eða heilbrigðismálaráði stjórn hennar. Starfsmannaráð tilnefnir einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Sama gildir um vistmannaráð.

■ **23. gr.** Þær dvalarstofnanir fyrir aldraða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háðar ákvæðum þeirra. Skal stefnt að því að innan 3 ára hafi þær uppfyllt þær kröfur um gerð og búnað, er felast í 17. gr., enda hafi Framkvæmdasjóður aldraðra bolmagn til að styrkja framkvæmdir af þessu tagi.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **24. gr.** Vistmenn í þjónustuíbúðum, sbr. 17. gr. 1. tl. A greiða húsaleigu skv. ákvörðun rekstraraðila.

□ Vistmenn í vernduðum þjónustuíbúðum, sbr. 17. gr. 1. tl. B greiða húsaleigu og þjónustugjald skv. ákvörðun rekstraraðila.

■ **25. gr.** Daggjaldanefnd, sbr. lög nr. 66 frá 1971 um almannatryggingar,[1)] 46. gr., ákveður daggjöld dvalarstofnana fyrir aldraða, sbr. 17. gr. 2.—4. tl.

1982 Nr. 91 31. des.

Skulu daggjöld ákveðin í samræmi við starfsemi dvalarstofnunarinnar.

[1] *Hér mun vera átt við l. 67/1971.*

■ **26. gr.** Kostnaður við vistun á dvalarstofnun fyrir aldraða skv. 17. gr. 2.—4. tl. greiðist af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins eða með beinum framlögum úr ríkissjóði.

□ Skv. umboði vistmanna á dvalarstofnunum fyrir aldraða skv. 17. gr. 2.—4. tl. innheimtir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins þó hjá lífeyristryggingadeild sömu stofnunar, lífeyrissjóði vistmanna eða lætur innheimta hjá vistmanni sjálfum allt að fullu vistgjaldi, sbr. þó 3. mgr., eins og það er ákveðið á hverjum tíma af daggjaldanefnd. Um dvöl á spítaladeildum, sem ætlaðar eru til skammtímavistunar, gilda ákvæði laga um almannatryggingar.

□ Vistmaður á dvalarstofnun skv. 17. gr. 2. tl. skal þó halda eftir til eigin þarfa 25% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1950 á mánuði. Vistmaður á dvalarstofnun skv. 17. gr. 3. og 4. tl. skal halda eftir til eigin þarfa 15% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en kr. 1330 á mánuði.

□ Við ákvörðun tekna vistmanna gilda ákvæði 19. gr. laga nr. 66 frá 1971 um almannatryggingar[1] með síðari breytingum.

□ Fjárhæðir í 3. mgr. skulu breytast eftir sömu reglum og fjárhæðir bóta almannatrygginga.

[1] *Hér mun vera átt við l. 67/1971.*

■ **27. gr.** Kostnaður af rekstri heimaþjónustu skal greiddur af sjúkrasamlögum, þó þannig að sveitarfélögin greiða 65% kostnaðar en ríki 35% kostnaðar. Til rekstrarkostnaðar, sem sjúkrasamlög greiða, teljast þó ekki laun lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra starfsstétta, sem ríkið greiðir skv. lögum um heilbrigðisþjónustu. Ráðherra setur gjaldskrá fyrir þátttöku einstaklinga í hinum ýmsu þáttum heimaþjónustunnar að fengnum tillögum nefndar skv. 3. gr. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir, sem ekki hafa aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu almannatrygginga.

□ Ráðherra setur gjaldskrá um vistun skv. 17. gr. 5. tl. að fengnum tillögum nefndar skv. 3. gr.

■ **28. gr.** Lög þessi gilda frá 1. janúar 1983 til 31. des. 1987.

□ Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um dvalarheimili aldraðra, nr. 28 frá 1973, og lög um Framkvæmdasjóð aldraðra, nr. 49 frá 1981, sbr. breyting á þeim lögum, nr. 93 frá 1981.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** 1. Þegar í stað skal setja á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra skv. 3. gr. til að vinna að undirbúningi að gildistöku laganna.

2. Ákvæði 26. gr. koma til framkvæmda í áföngum samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

1983 Nr. 41 23. mars

Lög um málefni fatlaðra.[1]

[1] *Um gildistöku laganna, sjá 44. gr.*

I. kafli. Markmið og stjórn.

■ **1. gr.** Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu þar sem þeim vegnar best. Enn fremur að tryggja heildarsamtökum fatlaðra og félögum þeirra áhrif á ákvörðunartöku um málefni sín, s. s. með því að leita umsagnar heildarsamtaka fatlaðra eða sérstakra félaga þeirra eða styrktarfélaga fatlaðra, sem hlut eiga að máli hverju sinni við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða, er þau varða.

1983 Nr. 41 23. mars

■ **2. gr.** Orðið fatlaður í þessum lögum merkir þá sem eru andlega eða líkamlega hamlaðir.

■ **3. gr.** Málefni fatlaðra heyra undir þrjú ráðuneyti, heilbrigðisþjónusta, þ. m. t. læknisfræðileg endurhæfing, undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, fræðslu- og uppeldismál undir menntamálaráðuneytið, félagsleg hæfing og endurhæfing, atvinnumál og önnur mál undir félagsmálaráðuneytið.

□ Félagsmálaráðuneytið skal annast málefni fatlaðra samkvæmt lögum þessum.

□ Sérstök nefnd fer með yfirstjórn málefna fatlaðra og kallast hún stjórnarnefnd. Stjórnarnefndin gætir þess að ráðstafanir varðandi alla þjónustu opinberra aðila verði samræmdar. Stjórnarnefndin skal skipuð 7 mönnum til 4 ára í senn. Ráðuneytin skipa sinn manninn hvert. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn fulltrúa, en samtök fatlaðra, Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefna 3 menn skv. nánari reglu sem ákveðin verður með reglugerð. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins er formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

□ Nefndin úrskurðar ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laga þessara, en vísa má þeim úrskurði til viðkomandi ráðherra.

□ Þegar fjallað er um vinnumál fatlaðra skal stjórnarnefndin kalla til fulltrúa frá aðilum vinnumarkaðarins eftir því sem ástæða er til.

■ **4. gr.** Landinu skal skipt í átta starfssvæði hvað málefni fatlaðra snertir:

1. Reykjavíkurborg.
2. Reykjanessvæði, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu og kaupstaðina Grindavík, Keflavík, Njarðvík, Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog og Seltjarnarnes.
3. Vesturland, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Akraneskaupstað.
4. Vestfirðir, sem taka yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Bolungarvík og Ísafjörð.
5. Norðurland vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrók og Siglufjörð.
6. Norðurland eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Þingeyjarsýslu og kaupstaðina Ólafsfjörð, Dalvík, Akureyri og Húsavík.
7. Austurland, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Suður-Múlasýslu, Austur-Skaftafellssýslu og kaupstaðina Seyðisfjörð, Neskaupstað og Eskifjörð.
8. Suðurland, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Vestmannaeyjar og Selfoss.

■ **5. gr.** Á hverju svæði skal starfa 7 manna svæðisstjórn, er hefur það hlutverk að gera tillögur um þjónustu og samræma aðgerðir þeirra aðila sem með þessi mál fara á svæðinu, svo sem fræðslustjóra, héraðs-

lækna, sveitarfélaga og samtaka fatlaðra. Í hverri svæðisstjórn skulu vera fræðslustjóri, héraðslæknir og fimm menn skipaðir af ráðherra. Tveir þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga, og skal annar þeirra vera úr fulltrúaráði eða stjórn viðkomandi samtaka. Samtök fatlaðra, Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefna 3 menn skv. nánari reglu sem ákveðin verður með reglugerð, sbr. 3. mgr. 3. gr.

□ Í Reykjavík tilnefnir borgarstjórn tvo fulltrúa, annan úr sínum hópi en hinn fulltrúa í félagsmálaráði Reykjavíkur.

□ Stjórnin kýs sér formann. Skipunartími stjórnar er 4 ár. Þeir sem skipa svæðisstjórn skulu búsettir á svæðinu. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og í stjórnarnefnd skv. 3. gr.

II. kafli. Þjónusta og stofnanir.

■ **6. gr.** Á hverju svæði skal stefnt að því að eftirfarandi þjónusta verði veitt:

1. Frumgreining. Eftirlit með nýfæddum börnum og frumathugun þegar grunur vaknar um fötlun af einhverju tagi.
2. Þroskaþjálfun og leikfangaþjónusta.
3. Sérkennsla og námsráðgjöf.
4. Hjálpartækja- og flutningsþjónusta.
5. Sjúkraþjálfun.
6. Sálfræðiþjónusta.
7. Hæfing og endurhæfing.
8. Verkþjálfun og starfsprófun.
9. Iðjuþjálfun.
10. Atvinnuleit.
11. Félagsráðgjöf.

□ Stefnt skal að því að útvega aðstöðu til tímabundinnar og varanlegrar vistunar á fósturheimilum.

□ Veita skal fötluðum þjónustu á almennum stofnunum eftir því sem unnt er.

□ Uppbygging og starfsemi þeirra skal þannig úr garði gerð að þjónusta þeirra nýtist fötluðum til jafns við aðra þjóðfélagsþegna.

□ Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að fenginni umsögn stjórnarnefndar að fella niður eða bæta við þjónustuþáttum. Þá getur ráðherra í reglugerð sett nánari ákvæði um þjónustu þessa svæðisbundið eða fyrir landið allt að fengnum tillögum svæðisstjórna og stjórnarnefndar.

■ **7. gr.** Stofnanir fyrir fatlaða eru:

1. Dagvistarstofnanir fyrir börn og deildir tengdar þeim stofnunum.
2. Göngudeildir, þar sem jafnframt skal veita eftirvernd.
3. Skammtímafósturheimili.
4. Leikfangasöfn.
5. Meðferðarheimili.
6. Sumardvalarheimili.
7. Sambýli.
8. Dagvistarstofnanir fatlaðra.
9. Hjúkrunarheimili.
10. Verndaðir vinnustaðir.
11. Atvinnuleit.
12. Hæfingar- og endurhæfingarstöðvar.
13. Vistheimili.
14. Skóladagheimili.

□ Hlutaðeigandi ráðherra er heimilt að bæta við stofnunum eða fella niður að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

□ Hlutaðeigandi ráðherra eða ráðuneyti veitir leyfi fyrir nýrri starfsemi og þjónustu svo og fyrir meiriháttar breytingum á starfsemi og þjónustu að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

■ **8. gr.** Umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum skv. 7. gr., 5., 7., 9. og 13. tl. skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn mælir með vistun að höfðu samráði við forstöðumann stofnunarinnar og viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðila. Sé um að ræða stofnanir, sem reknar eru af öðrum en opinberum aðilum, þarf til að koma samþykki forstöðumanna og/eða stjórna þeirra.

□ Sé umsókn um vistun synjað, er hægt að vísa málinu til stjórnarnefndar, sem leitar lausnar.

□ Að fengnum tillögum stjórnarnefndar getur ráðherra ákveðið að fleiri stofnanir skv. 7. gr. falli undir ákvæði 1. mgr.

■ **9. gr.** Fötluðum, sem af óviðráðanlegum ástæðum að mati svæðisstjórna njóta ekki kennslu eða þjálfunar utan heimilis, skal séð fyrir ókeypis kennslu og þjálfun við sitt hæfi.

□ Svæðisstjórnir skulu gera tillögur um, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, hvernig þessi þjónusta verði veitt.

■ **10. gr.** Fatlað barn á aldrinum 0—18 ára, sem dvelur í heimahúsi eða sem nýtur takmarkaðrar þjónustu og þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar, á rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið.

□ Viðkomandi svæðisstjórn skal sjá um að þessi aðstoð verði veitt.

□ Kjósi framfærendur að annast þetta sjálfir og telji svæðisstjórn og viðkomandi greiningar- og ráðgjafaraðili þá til þess hæfa og aðstoðina nauðsynlega, skal greiða fyrir 20—175 klst. á mánuði eftir mati svæðisstjórnar og samkvæmt 8. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

□ Heimilt er að hækka þessar greiðslur beri brýna nauðsyn til að mati svæðisstjórnar.

□ Greiðsla á aðstoð skv. þessari grein annast lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins.

■ **11. gr.** Leyfi til handa sveitarfélögum og félögum fatlaðra til að setja á fót og reka stofnanir fyrir fatlaða samkv. 7. gr. veita hlutaðeigandi ráðuneyti að fenginni umsögn viðkomandi svæðisstjórnar.

□ Svæðisstjórn annast eftirlit með stofnunum fyrir fatlaða. Skylt er að veita fulltrúum svæðisstjórnar aðgang að stofnunum til eftirlits og upplýsinga um allt er varðar starfsemi þeirra og afkomu. Svæðisstjórnum ber að leiðbeina stofnunum um það sem betur má fara.

□ Þegar svæðisstjórn annast sjálf rekstur stofnana skal félagsmálaráðuneytið annast eftirlit með rekstri þeirra.

□ Samkvæmt tillögu stjórnarnefndar getur ráðherra, er málið heyrir undir, svipt stofnanir þessar leyfi til að starfa, ef þær fara ekki eftir kröfu svæðisstjórna og/eða félagsmálaráðuneytisins um það, sem talið er ábótavant í rekstrinum, innan hæfilegs tíma.

■ **12. gr.** Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um þjónustu þessa og stofnanir svæðisbundið

1983 Nr. 41 23. mars

eða fyrir allt landið, sbr. 6. og 7. gr., að fengnum tillögum svæðisstjórnar (svæðisstjórna) og stjórnarnefndar.

□ Svæðisstjórn gerir tillögur að framkvæmdaáætlun um uppbyggingu þessara stofnana.

III. kafli. Tilkynningarskylda.

■ **13. gr.** Komi í ljós við mæðraskoðun að líkur séu á að barn verði fatlað, ber viðkomandi eftirlitsaðila að tilkynna það foreldrum og í samráði við þá hlutast til um frekari rannsókn og fyrirbyggjandi aðgerðir eftir því sem kostur er.

■ **14. gr.** Komi í ljós einkenni eftir fæðingu, er benda til þess að barn geti verið fatlað, ber viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni í samráði við foreldra að hlutast til um að fram fari frumgreining. Leiði læknisfræðileg greining í ljós að þörf sé frekari greiningar eða meðferðarúrræða skal tilkynna það Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, sem leitar heppilegra úrræða í samráði við foreldra, svæðisstjórn og aðra þá aðila er þurfa þykir.

■ **15. gr.** Við reglulegar heilsufarsskoðanir barna skal sérstaklega gefa gaum að andlegu og líkamlegu atgervi þeirra. Sama skylda hvílir á sálfræðiþjónustu í skólum. Komi í ljós einkenni um fötlun skal tilkynna það svæðisstjórnum og fer um slíkt samkvæmt 14. gr.

IV. kafli. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

■ **16. gr.** Auk þeirrar greiningarstarfsemi, sem fer fram á svæðunum samkv. 6. gr., skal ríkið starfrækja eina aðalgreiningar- og ráðgjafarstöð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, og heyrir hún undir félagsmálaráðuneytið. Hlutverk og starfssvið hennar er í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Athugun, rannsókn og greining á fötluðum sem vísað er þangað eða leita þangað að eigin frumkvæði.

2. Gerð, prófun og mat viðeigandi meðferðar- og þjálfunaráætlana. Ráðgjöf og leiðbeiningar fyrir foreldra/forráðamenn eða aðra meðferðaraðila.

3. Langtímameðferð fyrir þá einstaklinga, sem þarfnast hennar, enda sé hún ekki fáanleg á öðrum stofnunum eða annars staðar.

4. Tilvísanir til annarra meðferðaraðila og stofnana í því skyni að hlutaðeigandi skjólstæðingur njóti þar þeirrar þjónustu og þjálfunar sem þörf er hverju sinni. Greiningar- og ráðgjafarstöðinni ber skylda til að láta meðferðaraðilum í té leiðbeiningar og ráðgjöf þegar þess er óskað.

5. Starfræksla leikfangasafns. Útlán leikfanga til foreldra og forráðamanna ásamt ráðgjöf og leiðbeiningum. Enn fremur fagleg aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu og starfsemi annarra leikfangasafna á landinu.

6. Þjálfun starfsstétta, sem annast þjónustu við fatlaða samkvæmt 6. og 7. gr., í samvinnu við svæðisstjórnir og þá skóla sem annast menntun starfsmanna á viðkomandi sviðum.

7. Skráning og varðveisla upplýsinga um fatlaða í samvinnu við félags-, fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.

8. Veita svæðisstjórnum faglega aðstoð og vera umsagnaraðili varðandi þjónustu og vistun á stofnunum þegar þess er óskað.

9. Beita sér fyrir fræðilegum rannsóknum á sviði fötlunar og veita faglega ráðgjöf varðandi kannanir á högum fatlaðra í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og svæðisstjórnir.

10. Vera félagsmálaráðuneytinu til aðstoðar við útgáfu upplýsingabæklinga á þessu sviði, sbr. 25. gr.

11. Hjálpartækjaþjónusta.

□ Forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins skal hafa sérþekkingu á málefnum fatlaðra og skal hann vera ábyrgur fyrir faglegri starfsemi stofnunarinnar og samskiptum við aðrar stofnanir.

□ Framkvæmdastjóri skal sjá um fjárhagslegan rekstur stofnunarinnar og umsjón með daglegum rekstri. Félagsmálaráðherra skipar forstöðumann og framkvæmdastjóra að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

□ Stjórnarnefnd um málefni fatlaðra er jafnframt stjórnarnefnd Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.

□ Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins að fengnum tillögum stjórnarnefndar.

V. kafli. Hæfing og endurhæfing.

■ **17. gr.** Tilgangur hæfingar og endurhæfingar er sá að draga úr áhrifum fötlunar og koma í veg fyrir hana eins og frekast er unnt.

□ Stjórnarnefnd og svæðisstjórnir skulu í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti sjá svo um að fatlaðir eigi kost á þjálfun við hæfi, svo þeir geti sem best séð sér farborða, m. a. með eigin vinnu.

□ Enn fremur skulu þessir aðilar sjá svo um að unnt sé að gera nauðsynlegar athuganir á þeim, sem þarfnast þjónustu á þessu sviði, og áætlanir um hvernig henni skuli hagað.

■ **18. gr.** Stofnanir, sem annast hæfingu og endurhæfingu, njóta aðstoðar með þeim hætti, sem nánar greinir í lögum þessum. Stjórnarnefnd vinnur að því að verkaskipting þeirra sé sem hagkvæmust og starfshættir samræmdir í framkvæmd.

□ Í samvinnu við þessar stofnanir skal stjórnarnefnd beita sér fyrir gerð kannana og áætlana. Tilgangur kannana er að jafnan séu til reiðu glöggar upplýsingar um stöðu þessara mála og að ráðstafanir á þessum sviðum svari jafnan sem best kröfum tímans. Markmið áætlanagerðar er að séð verði fyrir þörfum fatlaðra um hæfingu, endurhæfingu og vinnu og skal slík áætlun endurskoðuð eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

■ **19. gr.** Heimilt er að tillögu svæðisstjórna að veita aðstoð þeim sem lög þessi ná til sem hér segir:

1. Styrk, ef fjárhagsástæður þeirra eru með þeim hætti að þeir geti ekki framfært sig og fjölskyldu sína á meðan endurhæfing fer fram.

2. Styrk eða lán til verkfæra- og tækjakaupa og aðra fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni.

3. Styrk eða lán til greiðslu námskostnaðar, sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

□ Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins veitir aðstoð skv. 1. og 2. tl. Félagsmálaráðuneytið veitir styrk eða lán skv. 3. tl.

□ Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara ákvæða, svo sem skilyrði, sem uppfylla þarf til að njóta styrkja skv. þessari grein, og styrkupphæð.

■ **20. gr.** Svæðisstjórn skal jafnan leggja áherslu á að sem best tengsl séu á milli hæfingar og endurhæfingar annars vegar og atvinnuleitar hins vegar.

1983 Nr. 41 23. mars

VI. kafli. Húsnæðis- og atvinnumál.

■ **21. gr.** Svæðisstjórnir skulu fjalla um úrbætur í húsnæðismálum fatlaðra, bæði hvað varðar stofnanir og einstaklinga, og gera ákveðnar tillögur í þeim efnum til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

■ **22. gr.** Svæðisstjórnir skulu stuðla að atvinnuleit fyrir fatlaða, hver á sínu svæði, sem hefur það hlutverk að afla fötluðum atvinnu við sitt hæfi.

□ Atvinnuleitin skal starfa í nánum tengslum við félagsmálaráðuneytið, vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags, aðila vinnumarkaðarins og aðra hlutaðeigandi aðila.

□ Svæðisstjórnir skulu hafa eftirlit með, að aðgengi fatlaðra verði sem best tryggt við byggingu nýrra vinnustaða, og gera tillögur um hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi. Jafnframt skulu svæðisstjórnir í samvinnu við stjórnendur fyrirtækja og trúnaðarmenn hlutaðeigandi stéttarfélaga beita sér fyrir fjölgun starfa fyrir fatlaða á vinnustöðum.

□ Leggja skal áherslu á að skipuleggja hlutastörf eftir því sem við verður komið vegna þeirra, sem ekki þola vinnuálag sem fullt starf hefur í för með sér.

□ Þar sem vinnumiðlun viðkomandi sveitarfélags starfrækir sérstaka deild fyrir öryrkja samkv. lögum nr. 52/1956 skal svæðisstjórn fela þeirri skrifstofu starfrækslu atvinnuleitar samkvæmt 1. mgr.

■ **23. gr.** Félagsmálaráðuneytið beitir sér fyrir, í samráði við félög fatlaðra, aðila vinnumarkaðarins og Tryggingastofnun ríkisins, að gerð sé könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum, og í framhaldi af því að gera tillögur um úrbætur. Slíka könnun skal endurskoða eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

■ **24. gr.** Þeir sem notið hafa endurhæfingar eiga öðrum fremur rétt á atvinnu hjá ríki og sveitarfélagi, ef hæfni þeirra til starfsins er meiri eða jöfn hæfni annarra sem um starfið sækja. Sé að mati svæðisstjórnar gengið á rétt fatlaðs manns við veitingu starfs getur hún krafið veitingarvaldshafa um skriflega greinargerð fyrir ákvörðun sinni í sambandi við stöðuveitinguna.

VII. kafli. Kynning á málefnum fatlaðra.

■ **25. gr.** Félagsmálaráðuneytið skal beita sér fyrir kynningu á málefnum fatlaðra í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Fötluðum séu reglulega, með útgáfu bæklinga o. fl., kynnt réttindi sín.

□ Kynning á málefnum fatlaðra skal felld inn í kennslu í samfélagsfræðum í grunnskólum. Nemendum grunnskóla skal gefinn kostur á kennslu í táknmáli heyrnleysingja skv. nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

□ Að ákvörðun menntamálaráðuneytisins skal tileinka einn dag á ári kynningu á málefnum fatlaðra í grunn- og framhaldsskólum landsins.

VIII. kafli. Rekstur og kostnaður.

■ **26. gr.** Ríkið kemur á fót stofnunum skv. 2.—13. tl. 7. gr.

□ Sveitarfélög útvega rými fyrir fatlaða á dagvistarstofnunum fyrir börn skv. 1. tl. 7. gr. og koma á fót sérdeildum og fer um þann stofnkostnað í samræmi við lög nr. 112/1976.

□ Ríkissjóður greiðir að fullu stofnkostnað samkvæmt 7. gr., 5., 6., 7., 8., 12. og 13. tl.

□ Ríkissjóður greiðir 85% og sveitarfélög 15% stofnkostnaðar samkvæmt 2., 3., 4., 9., 10., 11. og 14. tl. 7. gr.

1983 Nr. 41 23. mars

□ Tryggja skal fötluðum ókeypis vist á þeim stofnunum, sem um getur í 7. gr., sbr. þó 28. gr.

□ Kostnaður samkvæmt 9. og 10. gr. greiðist úr ríkissjóði.

■ **27. gr.** Ef félög koma á fót stofnunum samkvæmt 7. gr., 3.—10. tl. og 12.—14. tl., er heimilt að veita fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra.

□ Stjórnarnefnd er heimilt að veita styrk úr Framkvæmdasjóði til að stækka verndaða vinnustaði og bæta tækjabúnað, sem miðar að aukinni og hagkvæmari starfsemi þeirra. Jafnframt er heimilt að veita fé úr Framkvæmdasjóði til að breyta almennum vinnustöðum og bæta tækjabúnað, sem tryggt geti fötluðum vinnu á almennum vinnumarkaði, enda mæli svæðisstjórn og atvinnuleitin með breytingum.

■ **28. gr.** Kostnaður vegna reksturs samkvæmt 1. tl. 7. gr. greiðist í samræmi við lög nr. 112/1976. Jafnframt greiðir ríkissjóður þann kostnað, sem er umfram almennar greiðslur í viðkomandi stofnun, enda skerðist réttur barnsins til annarra bótagreiðslna ekki.

□ Af kostnaði vegna reksturs stofnana, sem ekki greiðist af eigin fé, skv. 7. gr., 3., 4., 11. og 14. tl., greiðir ríkissjóður 85%, en sveitarsjóðir 15%.

□ Um kostnað vegna reksturs skv. 2. og 12. tl. 7. gr. fer eftir lögum nr. 57/1978 um rekstur heilsugæslustöðva, enda séu slíkar stofnanir byggðar og reknar skv. þeim lögum.

□ Ríkissjóður greiðir alfarið reksturskostnað annarra stofnana skv. 7. gr., nema þar sem um sértekjur er að ræða.

□ Þegar um er að ræða sérstaka flutningsþjónustu fyrir fatlaða, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki til og frá stofnunum, skal greiða hana af rekstursfé viðkomandi stofnana.

■ **29. gr.** Ef sjálfstæð starfsemi, sem notið hefur styrks til stofnkostnaðar samkvæmt þessum lögum, er lögð niður, er styrkurinn endurkræfur á nafnverði ásamt vísitölu vöxtum á hverjum tíma.

■ **30. gr.** Kostnaður vegna starfa Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins greiðist úr ríkissjóði.

□ Setja skal reglur um greiðslu kostnaðar vegna ferða einstaklinga til og frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins í samræmi við lög um almannatryggingar.

■ **31. gr.** Kostnaður vegna starfa stjórnarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

■ **32. gr.** Kostnaður vegna starfa fulltrúa í svæðisstjórn greiðist úr ríkissjóði.

■ **33. gr.** Greiddur skal eðlilegur dvalarkostnaður fatlaðra í sjálfseignarstofnunum samkvæmt 7. gr.

□ Daggjöld stofnana, sem ekki eru ákveðin með föstum fjárveitingum, skulu ákveðin fyrir allar stofnanir, sem ekki eru í eigu hins opinbera, af stjórnarnefnd í samráði við daggjaldanefnd samkv. almannatryggingalögunum og fulltrúa frá hlutaðeigandi stofnun.

IX. kafli. Framkvæmdasjóður fatlaðra.

■ **34. gr.** Stofna skal sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður fatlaðra, og skal hann vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins. Sjóðurinn yfirtekur Framkvæmdasjóð þroskaheftra og öryrkja, sbr. lög nr. 47/1979, og skuldbindingar hans.

□ Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir, sem taldar eru í (1. mgr.) 26. og 27. gr., og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu. Um framkvæmdir gilda ákvæði laga nr. 63/1970 um opinberar framkvæmdir að undanskildum framkvæmdum skv. 1. mgr. 27. gr.

□ Heimilt er jafnframt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu svo og annarra verkefna, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða, þ. á m. fyrirgreiðslu vegna framleiðslustarfsemi fatlaðra í heimahúsum, sbr. 2. lið 19. gr.

□ Heimilt er að veita lán og styrk úr Framkvæmdasjóði, sbr. 27. gr.

■ **35. gr.** Tekjur sjóðsins eru:

1. Ríkissjóður skal árlega næstu 5 ár leggja sjóðnum til a. m. k. jafnvirði 55 milljóna króna miðað við 1. janúar 1983. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skal endurskoða framlag ríkisins.
2. Tekjur Erfðafjársjóðs.
3. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
4. Vaxtatekjur.

■ **36. gr.** Stjórnarnefnd, sbr. 3. mgr. 3. gr., annast stjórn sjóðsins.

□ Hlutverk hennar er að ráðstafa fé sjóðsins í samræmi við ákvæði 34. gr. að fengnum tillögum svæðisstjórna og umsögn viðkomandi ráðuneytis.

□ Svæðisstjórnir senda tillögur sínar viðkomandi ráðuneyti, sem síðan sendir þær stjórnarnefnd ásamt umsögn um þær.

□ Stjórnarnefnd skal leita staðfestingar viðkomandi ráðherra á tillögum sínum um úthlutun úr sjóðnum.

□ Umsóknir um framlög úr sjóðnum skulu berast stjórnarnefnd eigi síðar en í september ár hvert.

□ Við úthlutun úr sjóðnum skal taka sérstakt tillit til fjölda einstaklinga, sem úrlausnar þarfnast á hverju svæði og í hverju byggðarlagi.

■ **37. gr.** Félagsmálaráðuneytið annast daglegan rekstur sjóðsins.

X. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **38. gr.** Svæðisstjórnir safna upplýsingum um þörf fyrir þjónustu vegna fatlaðra, skv. lögum þessum, hver á sínu svæði.

□ Svæðisstjórnir senda þessar upplýsingar til viðkomandi ráðuneytis ásamt framkvæmdaáætlun til 3ja ára í senn. Afrit af áætluninni skal sent stjórnarnefnd.

□ Heilbrigðis-, mennta- og félagsmálaráðuneytin senda á grundvelli þessara tillagna áætlanir sínar og umsögn um tillögur svæðisstjórna til stjórnarnefndar.

□ Stjórnarnefnd, í samráði við félagsmálaráðuneytið, samhæfir áætlanirnar og vinnur endanlega framkvæmdaáætlun um þörf þjónustunnar í samræmi við rökstudda þörf og fjárveitingar hverju sinni.

□ Framkvæmdaáætlun skal einnig lögð fyrir fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjárveitinganefnd Alþingis.

■ **39. gr.** Svæðisstjórnir skulu fylgjast með framkvæmd laganna hver á sínu svæði og gera tillögur til viðkomandi ráðuneytis um úrbætur, ef í ljós kemur að misbrestur er á því að sú þjónusta sé veitt er lög þessi kveða á um.

□ Upplýsingar þar um skulu sendar stjórnarnefnd ásamt rökstuddum áætlunum um úrbætur. Stjórnarnefnd skal fylgjast með að unnið sé að úrlausn þeirra ábendinga er fram koma.

■ **40. gr.** Svæðisstjórnir gera árlega tillögur um fjárhags- og framkvæmdaáætlanir til notkunar við undirbúning fjárlagafrumvarps og skal senda þær til viðkomandi ráðuneytis fyrir 1. apríl ár hvert.

■ **41. gr.** Svæðisstjórnir og stofnanir skv. 7. gr. skulu senda viðkomandi ráðuneyti reikning yfir reksturinn ásamt skýrslu fyrir hvert almanaksár eigi síðar en fyrir lok mars ár hvert.

□ Sundurliðað kostnaðaryfirlit yfir framkvæmdir, sem úthlutað hefur verið til, skal í árslok senda stjórnarnefnd.

■ **42. gr.** Sérhverjum er starfar samkvæmt lögum þessum ber að gæta fyllstu þagmælsku um það sem hann kemst að í starfi sínu.

■ **43. gr.** Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um hlutverk stjórnarnefndar skv. 3. gr., um störf svæðisstjórna, sbr. 5. gr., um ákvæði 10. gr., um Framkvæmdasjóð fatlaðra, sbr. 34., 35. og 36. gr.

□ Reglugerðir, er snerta framkvæmd 10.—16. gr. og 19. gr. laga þessara, skal senda félagsmálanefndum Alþingis til umsagnar.

XI. kafli. Gildistaka.

■ **44. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta ásamt síðari breytingum, lög nr. 27/1970 um endurhæfingu og 2. og 3. gr. laga nr. 12/1952 um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

□ Ákvæði til bráðabirgða II öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Þær stofnanir fatlaðra, er starfa við gildistöku laganna, skulu á næsta ári eftir gildistöku laganna senda umsókn um starfsleyfi í samræmi við 11. gr. laganna og skal með umsókn fylgja nákvæm lýsing á fyrirhugaðri starfsemi. Starfsleyfi skal síðan veitt innan árs frá því að umsókn er lögð fram.

■ **II.** 1. Félagsmálaráðherra skal þegar í stað skipa 5 manna nefnd, sem hafi það verkefni að gera tillögur um fyrirkomulag á framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins í samræmi við ákvæði 16. gr. Menntamálaráðherra skipar einn fulltrúa frá Athugunar- og greiningardeildinni Kjarvalshúsi, heilbrigðisráðherra einn fulltrúa frá nýburadeild Landspítalans, félagsmálaráðherra einn fulltrúa að fenginni tillögu svæðisstjórna, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands einn fulltrúa hvort.

Tillögur nefndarinnar skal leggja fyrir Alþingi til staðfestingar.

2. Menntamálaráðuneytið skal þegar í stað gera ráðstafanir til að leigja eða kaupa hentugt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi Athugunar- og greiningardeildarinnar í Kjarvalshúsi.

Kostnað vegna bráðabirgðahúsnæðis skal fjármagna úr Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra. Verði um kaup að ræða á húsnæði sem ekki hentar framtíðarskipan Greiningarstöðvar ríkisins, sbr. 16. gr., skal endursöluverð þess húsnæðis renna til Framkvæmda-

1983 Nr. 41 23. mars
sjóðs öryrkja, sem fjármagnar stofnkostnað, sbr. 1. lið ákvæðis til bráðabirgða II.

1962 Nr. 25 16. apríl
Lög um aðstoð til fatlaðra.

■ **1. gr.** ...[1)]

□ Fé sjóðsins skal ætíð vera handbært til framkvæmda samkvæmt 4. gr. Um stjórn sjóðsins skal nánar ákveðið í reglugerð.

[1)] *L. 97/1971, 15. gr. og l. 9/1979, 12. gr.*

■ **2. gr. — 4. gr.**[1)]

[1)] *L. 97/1971, 15. gr. og l. 9/1979, 12. gr.*

■ **5. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 20 aurum af hverjum stokki, er verzlunin selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

1970 Nr. 27 27. apríl
Lög um endurhæfingu.[1)]

[1)] *Falla úr gildi 1. jan. 1984, sjá 44. gr. l. 41/1983.*

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að stuðla að þjálfun og endurhæfingu fólks með varanlega skerta starfshæfni, svo að það geti sem bezt séð sér farborða með eigin vinnu. Aðstoða skal þær stofnanir, sem annast endurhæfingu, og koma á fót þeim rannsóknar-, endurhæfingar- og vinnustöðvum, sem nauðsynlegar eru, með þeim hætti, sem nánar greinir í lögum þessum.

■ **2. gr.** Félagsmálaráðherra skipar sjö menn í endurhæfingarráð, þar af sex eftir tilnefningu eftirtalinna aðila, einn frá hverjum: Öryrkjabandalags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Sambands íslenzkra sveitarfélaga, Læknafélags Íslands og menntamálaráðuneytisins. Ráðherra skipar einn mann án tilnefningar. Skal hann hafa staðgóða þekkingu á endurhæfingarmálum. Hann skal vera formaður ráðsins.

□ Kostnaður við starfrækslu endurhæfingarráðs greiðist úr ríkissjóði.

■ **3. gr.** Hlutverk endurhæfingarráðs skal vera:

a. Að semja áætlun um þörf endurhæfingarstöðva og vinnustöðva fyrir fólk með varanlega skerta starfshæfni. Skal í áætlun þessari gerð grein fyrir stærð stofnananna, staðsetningu þeirra, verksviði og búnaði. Við samningu áætlunarinnar skal taka tillit til nýjunga í endurhæfingarmálum og stefna að því, að ráðstafanir til endurhæfingar svari jafnan sem bezt kröfum tímans.

b. Að hafa eftirlit með endurhæfingarstofnunum og vinnustöðvum fyrir öryrkja.

c. Að vinna að því, að verkaskipting slíkra stofnana verði sem hagkvæmust.

d. Að útvega þeim, sem þarfnast endurhæfingar og þjálfunar, sbr. 13. gr., rúm á stofnun við sitt hæfi og atvinnu að þjálfun lokinni, sbr. 15. gr.

e. Að stunda upplýsingastarfsemi og hvetja þá, sem ekki geta séð sér farborða vegna skertrar starfshæfni, til þess að leita þjálfunar og þeirrar meðferðar, sem við á, svo að þeir geti fengið starf við sitt hæfi.

f. Að vera stjórnarvöldum til aðstoðar og ráðgjafar um endurhæfingarmálefni, athuga og gera tillögur um, hvernig almenn endurhæfing og sú endurhæfing fólks með skerta starfsorku, sem lög þessi taka sérstaklega til, verði sem bezt samræmd í framkvæmd.

1970 Nr. 27 27. apríl

■ **4. gr.** Áætlun sú, sem um ræðir í 3. gr. a, skal gerð fyrir árin 1972—1982. Skal með áætlun þessari stefnt að sem beztri starfrækslu endurhæfingarstöðva og vinnustöðva í landinu. Í sambandi við áætlunargerðina skal endurhæfingarráð hlutast til um, að verksvið hinna ýmsu stofnana verði samræmt og skipulagt, svo að rekstur þeirra verði eins hagkvæmur og kostur er.

□ Leita skal staðfestingar ráðherra á áætlun þessari.

□ Endurhæfingarráð skal vinna að því, að hinni staðfestu áætlun verði fylgt. Í því skyni skal ráðið beita sér fyrir því, að einstök öryrkjafélög komi á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja á þeim stöðum og með því verksviði sem brýnust þörf er fyrir.

■ **5. gr.** Ráðherra getur, að fengnum tillögum endurhæfingarráðs, veitt öryrkjafélögum, sveitarfélögum og öðrum aðilum leyfi til þess að koma á fót endurhæfingarstöð og vinnustöð fyrir öryrkja.

□ Allar slíkar stofnanir skulu vera svo úr garði gerðar, að þær geti veitt þá þjónustu, sem eftir eðli þeirra og stærð er ætlazt til að þær veiti, þar á meðal fræðslustarfsemi, sem nauðsynleg er að dómi endurhæfingarráðs. Slík fræðsla skal vera kostuð af ríkissjóði, enda sé tilhögun hennar samþykkt af menntamálaráðuneytinu.

□ Allar endurhæfingarstöðvar og vinnustöðvar fyrir öryrkja eru háðar eftirliti endurhæfingarráðs. Skylt er að veita trúnaðarmönnum ráðsins aðgang að stöðvunum, tækjum og öðrum búnaði og láta í té upplýsingar um allt, sem varðar rekstur og afkomu þeirra. Ber ráðinu að leiðbeina stofnunum þessum um sérhvað það, sem betur má fara.

□ Samkvæmt tillögum endurhæfingarráðs getur ráðherra svipt stofnanir þessar leyfi til starfa, ef þær bæta ekki eftir kröfu ráðsins úr ágöllum innan hæfilegs tíma.

■ **6. gr.** Þeir, sem hyggjast koma á fót stöðvum samkvæmt 5. gr. laga þessara, skulu gera endurhæfingarráði glögga grein fyrir öllu því, er lýtur að stofnun og rekstri stöðvanna.

□ Að fengnu samþykki ráðsins og leyfi ráðherra, sbr. 5. gr., skal stöðin njóta aðstoðar samkvæmt ákvæðum 7.—8. gr. laga þessara.

■ **7. gr.** Til þess að koma á fót sjálfstæðum endurhæfingarstöðvum skal veita fé úr erfðafjársjóði, eftir því sem það er fyrir hendi, svo sem hér greinir:

a. Styrk, sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar.

b. Lán, sem nemi allt að þriðjungi stofnkostnaðar. Lánið skal vera til 15 ára með 5% ársvöxtum, tryggt með 2. veðrétti í endurhæfingarstöðinni, næst á eftir 1. veðréttarláni, er má nema allt að 20% af stofnkostnaði.

■ **8. gr.** Endurhæfingarstöðvar, sem komið er á fót samkvæmt 7. gr. þessara laga, skulu greiða þann kostnað, sem leiðir af nauðsynlegri læknisfræðilegri endurhæfingu, að svo miklu leyti sem hann er ekki greiddur af Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum opinberum aðilum.

■ **9. gr.** Til þess að koma á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja er heimilt að veita styrki og lán sem hér segir:

a. Styrk úr erfðafjársjóði, sem nemur allt að 40% af stofnkostnaði.

b. Lán úr atvinnuleysistryggingasjóði til 20 ára með 5% ársvöxtum, sem nemur allt að 40% stofnkostnaðar.

■ **10. gr.** Verði halli á rekstri endurhæfingarstöðvar

1970 Nr. 27 27. apríl

eða öryrkjavinnustofu, getur endurhæfingarráð lagt til, að hann verði að einum þriðja hluta greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði, að einum þriðja hluta af lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins og að einum þriðja hluta af rekstraraðila, og er þá stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs og tryggingaráði, hvoru um sig, heimilt að veita styrki samkvæmt tillögum endurhæfingarráðs.

■ **11. gr.** Heimilt er að veita fé úr erfðafjársjóði til þess að koma á fót dvalarheimilum fyrir öryrkja, svo sem hér segir:

a. Lán, sem nemur allt að fjórðungi byggingarkostnaðar, sem vera skal með sömu afborgana- og vaxtakjörum og lán þau, sem um ræðir í 7. gr. b.

b. Styrk, sem má nema allt að fjórðungi byggingarkostnaðar.

■ **12. gr.** Rétt til þess að vera aðnjótandi endurhæfingar samkvæmt lögum þessum eiga þeir, sem lögheimili eiga á Íslandi og annaðhvort:

a. geta ekki séð sér farborða vegna varanlegrar skertrar starfshæfni, eða

b. er nauðsyn þjálfunar eða endurhæfingar til þess að koma í veg fyrir, að þeir missi hæfileika sína til þess að sjá sér farborða vegna fyrirsjáanlega minnkandi starfsgetu af völdum orkutaps.

■ **13. gr.** Hver sá, sem óskar þjálfunar vegna skertrar starfshæfni skal, ef þess gerist þörf, ganga undir hæfnis- og starfspróf, þar sem rannsökuð verður andleg og líkamleg hæfni hans. Við próf þetta skal afla upplýsinga um fortíð hans, heilsufar, menntun, uppeldi, hugðarefni, félagslegar aðstæður, efnahag og atvinnu og annað, er máli skiptir fyrir þjálfun og starfsval.

□ Endurhæfingarráð skal sjá um, að rannsóknir þær og próf, sem um ræðir í 1. mgr., fari fram. Í því skyni getur ráðið samið við þar til hæfa stofnun um að annast þetta verkefni.

□ Að lokinni rannsókn og prófi samkvæmt grein þessari skal í samráði við hlutaðeigandi mann gera áætlun um, hvernig þjálfun hans skuli haga.

■ **14. gr.** Samkvæmt tillögu endurhæfingarráðs skulu þeir, sem njóta endurhæfingar samkvæmt lögum þessum, eiga kost á aðstoð svo sem hér segir:

a. Styrk, ef fjárhagsástæður þeirra eru með þeim hætti, að þeir geti ekki aflað sér þess, sem þeir og skyldulið þeirra mega ekki án vera til lífsframfærslu á meðan endurhæfing fer fram.

b. Styrk eða láni til verkfæra- og tækjakaupa og annarri fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni.

□ Útgjöld samkvæmt a-lið þessarar greinar skulu greidd af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins veitir aðstoð samkvæmt b-lið greinarinnar.

■ **15. gr.** Nú fellur niður endurhæfingarstarfsemi, sem notið hefur styrks samkvæmt 7. og 9. gr., og er þá endurkræfur styrkur sá að fullu, sem veittur hefur verið, ásamt venjulegum útlánsvöxtum frá þeim tíma, að starfsemin féll niður. Sama gildir um styrk til dvalarheimilis öryrkja, sbr. 11. gr., ef starfsemi þess fellur niður.

■ **16. gr.** Þeir, sem notið hafa endurhæfingar samkv. lögum þessum, skulu fá aðstoð til að finna starf við sitt hæfi. Endurhæfingarráð skal í samvinnu við vinnumiðlunina í landinu láta gera könnun á atvinnulífinu með tilliti til hentugra starfa fyrir fólk með skerta vinnugetu, gera spjaldskrá yfir fyrirtæki, er slíkum störfum ráða, og vinna að því, að þeir fái aðgang að þessum störfum.

□ Þeir, sem notið hafa endurhæfingar, skulu að öðru jöfnu, eiga forgangsrétt til atvinnu hjá ríki og bæjarfélögum.

■ **17. gr.** Um styrk til einstaklinga vegna læknisfræðilegrar endurhæfingar, vegna gervilima- og tækjakaupa fer eftir ákvæðum laga um almannatryggingar.

1970 Nr. 27 27. apríl

Lög um almennan frídag 1. maí.

1966 Nr. 39 4. maí

■ **1. gr.** Almennur frídagur skal vera 1. maí ár hvert.

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur.

1938 Nr. 80 11. júní

I. kafli. Um réttindi stéttarfélaga og afstöðu þeirra til atvinnurekenda.

■ **1. gr.** Rétt eiga menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi, að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt.

■ **2. gr.** Stéttarfélög skulu opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eftir nánara ákveðnum reglum í samþykktum félaganna. Félagssvæði má aldrei vera minna en eitt sveitarfélag.

■ **3. gr.** Stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum, sem sett eru í lögum þessum. Einstakir meðlimir félaganna eru bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess, sem það kann að vera í.

□ Meðlimur stéttarfélags hættir að vera bundinn af samþykktum félags síns og sambands þess, þegar hann samkvæmt reglum félagsins er farinn úr því, en samningar þeir, sem hann hefur orðið bundinn af, á meðan hann var félagsmaður, eru skuldbindandi fyrir hann, meðan hann vinnur þau störf, sem samningurinn er um, þar til þeir fyrst gætu fallið úr gildi samkvæmt uppsögn.

■ **4. gr.** Atvinnurekendum, verkstjórum og öðrum trúnaðarmönnum atvinnurekenda er óheimilt að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir verkamanna sinna, afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmálafélögum eða vinnudeilum með:

a. uppsögn úr vinnu eða hótunum um slíka uppsögn,

b. fjárgreiðslum, loforðum um hagnað eða neitunum á réttmætum greiðslum.

■ **5. gr.** Stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.

■ **6. gr.** Allir samningar milli stéttarfélaga og atvinnurekenda um kaup og kjör verkafólks skulu vera skriflegir og samningstími og uppsagnarfrestur tilgreindur. Ella telst samningstími eitt ár og uppsagnarfrestur þrír mánuðir. Sé samningi ekki sagt upp innan uppsagnarfrests, telst hann framlengdur um eitt ár, nema annað sé ákveðið í samningnum sjálfum. Samningsuppsögn skal vera skrifleg.

■ **7. gr.** Samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur eru ógildir að svo miklu leyti, sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélags við atvinnurekandann, enda hafi félagið ekki samþykkt þá.

■ **8. gr.** Stéttarfélög bera ábyrgðina á samningsrofum

þeim, sem félagið sjálft eða löglega skipaðir trúnaðarmenn þess gerast sekir um í trúnaðarstörfum sínum fyrir félagið. Þó er ekki heimilt að gera aðför í fundarhúsum, sjúkrastyrktarsjóðum né slysa- og menningarsjóðum félaganna vegna þessarar ábyrgðar, enda séu eignir sjóðanna skýrt aðgreindar frá eignum félagsins og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa þess. Á samningsrofum einstakra meðlima sinna ber félagið því aðeins ábyrgð, að því verði gefin sök á samningsrofinu.

■ **9. gr.** Á hverri vinnustöð, þar sem a. m. k. 5 menn vinna, hefur stjórn stéttarfélags þess, sem á staðnum er í viðkomandi starfsgrein, rétt til að tilnefna 2 menn til trúnaðarmannsstarfa, úr hópi þeirra, sem á staðnum vinna. Skal atvinnurekandi samþykkja annan þeirra sem trúnaðarmann stéttarfélagsins á vinnustöðinni. Trúnaðarmaður skal gæta þess, að gerðir vinnusamningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna. Þetta ákvæði nær þó ekki til landbúnaðarverkafólks né áhafna skipa eða báta, sem ekki er skylt að lögskrá á.

□ Sjálfstæð vinnustöð telst í þessu sambandi sérhvert atvinnufyrirtæki, þar sem hópur manna vinnur undir stjórn sérstaks verkstjóra og flokksstjóra, svo sem: Verksmiðjur, fiskverkunarstöðvar, skipaafgreiðslur, skip, bifreiðastöðvar o. fl.

□ Verði ágreiningur á milli stéttarfélaga um, hvert þeirra skuli skipa trúnaðarmann, úrskurðar Alþýðusamband Íslands ágreininginn.

■ **10. gr.** Verkamönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns stéttarfélagsins með umkvartanir sínar yfir atvinnurekanda og fulltrúum hans.

□ Strax og trúnaðarmanni hefur borizt umkvörtun verkamanns eða hann telur sig hafa ástæðu til að ætla, að gengið sé á rétt verkamanns eða verkalýðsfélags á vinnustöð hans af hálfu atvinnurekandans eða fulltrúa hans, ber honum að rannsaka málið þegar í stað. Komist hann að þeirri niðurstöðu, að umkvartanir eða grunur hans hafi haft við rök að styðjast, ber honum að snúa sér til atvinnurekandans eða umboðsmanns hans með umkvörtun og kröfu um lagfæringu. Trúnaðarmönnum stéttarfélags ber að gefa félagi því, sem hefur valið þá, skýrslu um umkvartanir verkamanna strax og við verður komið. Enn fremur skulu þeir gefa félaginu skýrslu um það, sem þeir telja að atvinnurekandi eða fulltrúar hans hafi brotið af sér við verkamenn og félög þeirra.

■ **11. gr.** Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannsstörfum fyrir sig. Nú þarf atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, og skal þá trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

■ **12. gr.** Nú vanrækir trúnaðarmaður störf sín samkvæmt lögum þessum að dómi stéttarfélags þess, sem hefur útnefnt hann og er þá stjórn viðkomandi stéttarfélags heimilt að svipta hann umboði sínu og tilnefna annan trúnaðarmann í hans stað úr hópi verkamanna á vinnustaðnum samkvæmt reglum 9. greinar.

■ **13. gr.** Heimilt er stéttarfélögum, eða stéttarfélögum og samböndum stéttarfélaga, að gera með sér samning um gagnkvæman stuðning. Er atvinnurekendum og öllum trúnaðarmönnum þeirra óheimilt að láta starfsmenn sína á nokkurn hátt gjalda þess, að þeir hafi gert slíka samninga eða stuðlað að því, að þeir yrðu gerðir.

1938 Nr. 80 11. júní

II. kafli. Um verkföll og verkbönn.

■ **14. gr.** Heimilt er stéttarfélögum, félögum atvinnurekenda og einstökum atvinnurekendum að gera verkföll og verkbönn í þeim tilgangi, að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum, og til verndar rétti sínum samkvæmt lögum þessum, með þeim skilyrðum og takmörkunum einum, sem sett eru í lögum.

■ **15. gr.** Þegar stéttarfélög eða félag atvinnurekenda ætlar að hefja vinnustöðvun, þá er hún því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin:

a. við almenna leynilega atkvæðagreiðslu, sem staðið hefur a. m. k. í 24 klst., enda hafi félagsstjórnin auglýst nægilega, hvar og hvenær atkvæðagreiðslan um vinnustöðvunina skyldi fara fram,

b. af samninganefnd eða félagsstjórn, sem gefið hefur verið umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvunina með almennri atkvæðagreiðslu, sem farið hefur fram á sama hátt og greint er undir a-lið,

c. af trúnaðarmannaráði, ef lög viðkomandi félags fela því slíkt vald, enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt með a. m. k. ¾ hlutum greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarmannaráðsfundi.

■ **16. gr.** Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en tilætlunin er að hún hefjist.

■ **17. gr.** Óheimilt er og að hefja vinnustöðvun:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar úrskurðum dómsins.

2. Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnarvöldin eru aðili sem atvinnurekandi. Gildandi lög um opinbera starfsmenn haldist óbreytt þrátt fyrir þetta ákvæði.

3. Til styrktar félagi, sem hafið hefur ólögmæta vinnustöðvun.

■ **18. gr.** Þegar vinnustöðvun hefur verið löglega hafin, er þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð einstakra meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvuninni standa.

III. kafli. ...[1)]

[1)] *L. 33/1978, 19. gr.*

IV. kafli. Um Félagsdóm.

■ **38. gr.** Í höfuðstað landsins skal setja á stofn dómstól fyrir allt landið. Nefnist hann Félagsdómur. Dómurinn hefur það verksvið, sem tekið er fram í lögum þessum.

■ **39. gr.** Í dóminum eiga sæti 5 menn, sem skipaðir eru til þriggja ára þannig: einn af Vinnuveitendafélagi Íslands,[1)] annar af Alþýðusambandi Íslands, þriðji af atvinnumálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem hæsti-

réttur tilnefnir, og tveir af hæstarétti, og sé annar þeirra sérstaklega tilnefndur til þess að vera forseti dómsins. Ef atvinnurekandi, sem er málsaðili, er ekki meðlimur í Vinnuveitendafélagi Íslands,[1] skal dómari sá, sem tilnefndur er af því, víkja sæti, en í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara í málinu og skal hann hafa gert það áður en hálfur stefnufrestur er liðinn, ella tilnefnir forseti dómsins dómarann. Sömu aðiljar tilnefna varadómendur, er taka sæti í forföllum aðaldómenda.

□ [Þegar mál þau, sem um ræðir í 2. málsgr. 44. gr., koma til meðferðar í Félagsdómi, skulu dómendur þeir, sem tilnefndir eru af Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, víkja sæti, en í þeirra stað tilnefna stefnandi og stefndur hvor sinn mann úr hópi 18 manna, sem tilnefndir eru í því skyni af Landssambandi iðnaðarmanna, Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands og Félagi íslenzkra iðnrekenda til þriggja ára í senn. Nefnir hvert nefndra samtaka sex menn og jafnmarga til vara. Nú tilnefnir aðili ekki dómara eða ekki næst samkomulag um tilnefninguna milli samaðila máls, og nefnir forseti Félagsdóms þá dómara í hans stað úr hópi sömu manna.][2]

[1] *L. 9/1948, 1. gr.* [2] *L. 70/1954, 1. gr.*

■ **40. gr.** Atvinnumálaráðherra tilkynnir, hvenær tilnefning dómara skuli fara fram. Ef aðili hefur ekki tilkynnt ráðherra tilnefningu innan tveggja vikna frá því tilkynning um, að tilnefning skuli fram fara, var honum send, tilnefnir ráðherra dómara af hálfu þess aðilja.

■ **41. gr.** Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dómnum. Ef aðaldómari og varadómari hans neita að dæma í ákveðnu máli, skal sá, sem hefur tilnefnt þá, tilnefna dómara í þeirra stað, ella gerir dómsforseti það.

■ **42. gr.** Dómarar skulu vera íslenzkir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þeir tveir, sem skipaðir eru af hæstarétti, skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

■ **43. gr.** Áður en dómarar taka sæti í dómnum í fyrsta skipti skulu þeir vinna eið að því eða drengskaparheit, að þeir muni rækja dómarastarfið eftir beztu vitund.

■ **44. gr.** Verkefni Félagsdóms er:

1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana.

2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.

3. Að dæma í öðrum málum milli verkamanna og atvinnurekenda, sem aðiljar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu að minnsta kosti 3 af dómendunum því meðmæltir.

□ [Heimilt skal stéttarfélögum, félögum meistara og iðnrekenda og einstökum atvinnurekendum að leita úrskurðar Félagsdóms um það, hvort starfsemi falli undir I. og II. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltrar iðngreinar hún taki.][1]

[1] *L. 70/1954, 2. gr.*

■ **45. gr.** Sambönd verkalýðsfélaga og atvinnurekendafélaga reka fyrir hönd meðlima sinna mál fyrir dómnum. Félög, sem ekki eru meðlimir sambandanna, reka sjálf mál sín og meðlima sinna. Ófélagsbundnir aðiljar reka mál sín sjálfir.

□ Ef samband eða félag neitar að höfða mál fyrir meðlimi sína, er aðilja heimilt að höfða málið sjálfur. En leggja skal hann fram sönnun um synjun viðkomandi félags eða sambands fyrir formann Félagsdóms, áður en stefna er gefin út.

■ **46. gr.** Málsaðiljar geta gefið íslenzkum ríkisborgurum, sem eru fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð, umboð til að reka mál sín fyrir dómnum.

■ **47. gr.** Mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi, skulu ekki flutt fyrir almennum dómstólum, nema Félagsdómur hafi neitað að taka það til meðferðar, sbr. 44. gr. 3. tl.

■ **48. gr.** Dómarar þeir, sem tilnefndir eru af hæstarétti, víkja sæti eftir sömu reglum, sem gilda um hæstaréttardómara. Dómurinn úrskurðar, hvort dómari skuli víkja sæti. Dómurinn er ekki starfhæfur, nema hann sé fullskipaður. Dómarar, sem hafa byrjað meðferð mála, skulu ljúka því, þó kjörtímabil þeirra sé á enda.

■ **49. gr.** Formaður dómsins ákveður, hvenær dómþing skuli halda. Hann stýrir þinghöldum, heldur þingbók, dómabók og aðrar bækur eftir nánari fyrirmælum dómsins.

■ **50. gr.** Formaður gefur út stefnur í nafni dómsins. Í stefnu skal taka fram: nöfn aðilja og heimilisfang, ítarlega frásögn um málavexti og kröfur stefnanda. Enn fremur skal stefnandi, eftir því sem frekast verður unnt, gera grein fyrir, með hvaða hætti hann hyggst að sanna staðhæfingar sínar og kröfur, og leggja fram 5 afrit af sönnunarskjölum, sem fyrir hendi eru. Með stefnu skal fylgja afrit fyrir hvern dómara, og sér formaður um, að öll afrit verði send dómurum þegar í stað.

■ **51. gr.** Formaður ákveður stefnufrest með hliðsjón af því, með hve stuttum fyrirvara stefndur getur mætt á dómþingi.

□ Stefnandi sér um birtingu, og skal stefna birt af stefnuvottum á venjulegan hátt. Þó má, ef nauðsyn krefur, láta stefnuvotta birta stefnuna í staðfestu símskeyti, og telst stefna þá löglega birt.

■ **52. gr.** Mál skal flytja munnlega. Þó má flytja mál skriflega:

1. Ef stefndur hvorki mætir né lætur mæta.

2. Ef málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra óska og dómurinn álítur, að mál upplýsist betur með þeim hætti.

■ **53. gr.** Stefndi getur komið fram gagnkröfu, án þess að höfða þurfi gagnsóknarmál.

■ **54. gr.** Ef mál er ekki nægilega upplýst, ef leiða þarf vitni, ef skoðunar- eða matsgerð þarf fram að fara, ef aðili þarf að gefa skýrslu eða ef stefndi, að áliti dómsins, þarf frest til andsvara, getur dómurinn frestað máli. Við ákvörðun frests skal þess gætt, að mál tefjist ekki að óþörfu.

■ **55. gr.** Heimilt er að stefna vitnum fyrir Félagsdóm. Dómurinn eiðfestir vitni samkvæmt gildandi lögum.

■ **56. gr.** Dómurinn sér um, að mál upplýsist sem bezt. Hann getur krafið aðilja um skýrslu, ef hann álítur það nauðsynlegt til að upplýsa málið.

■ **57. gr.** Dómurinn getur ákveðið, að aðiljaskýrslu skuli gefa eða vitnaskýrslu taka fyrir héraðsdómi á varnarþingi hlutaðeigandi vitnis eða aðilja.

■ **58. gr.** Um vitnaskyldu, sönnunargildi vitnaskýrslu, vitnaleiðslur, svo og um hegningu fyrir rangan framburð, gilda sömu reglur og í einkamálum í héraði.

1938 Nr. 80 11. júní

■ **59. gr.** Dómarar geta framkvæmt skoðunar- og matsgerðir, allir saman eða nokkrir þeirra eftir ákvörðun dómsins.

□ Dómurinn getur enn fremur útnefnt skoðunar- og matsmenn til að framkvæma ákveðna skoðunargerð eða matsgerð, og gilda um það almennar reglur einkamála í héraði.

■ **60. gr.** Dómurinn getur dæmt vitni, skoðunar- og matsmenn og aðra, sem löglega eru kallaðir til að mæta fyrir dómnum, í sektir eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

■ **61. gr.** Dómurinn ákveður þóknun til vitna og skoðunar- og matsmanna.

■ **62. gr.** Dómurinn getur hvenær sem er leitað álits sérfróðra manna um ákveðið atriði.

■ **63. gr.** Dómurinn sektar aðilja, málflytjendur og aðra fyrir vítaverða framkomu í málflutningi eða fyrir dómi, eftir sömu reglum og almennir dómstólar.

□ Dómarinn getur vísað mönnum úr þinghaldi fyrir ósæmilega framkomu.

■ **64. gr.** Í dómum ræður afl atkvæða úrslitum. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Úrskurði um einstök atriði, sem kveða þarf upp fyrir dómtöku máls, skal kveða upp þegar í stað, eða svo fljótt, sem unnt er, eftir að atriðið er tekið til úrskurðar. Sama gildir í vitna- og matsmálum, eftir því sem við á.

□ Í munnlega fluttum málum skal kveða upp dóm innan sólarhrings eftir dómtöku, en í skriflega fluttum málum innan viku. Ef ekki er hægt að kveða upp dóm eða úrskurð svo fljótt, sem sagt hefur verið, skal nákvæmlega greina orsakir þess.

□ Málflytjendum skal tilkynnt, hvar og hvenær dómur eða úrskurður verður kveðinn upp og boðið að mæta þar.

■ **65. gr.** Dómurinn getur dæmt aðilja til að greiða skaðabætur, sektir og til að greiða málskostnað eftir venjulegum reglum. Við ákvörðun skaðabóta má taka tillit til saknæmi brotsins.

□ Dómar og úrskurðir Félagsdóms eru aðfararhæfir. Dómurinn ákveður aðfararfrest.

■ **66. gr.** Allur kostnaður við Félagsdóm, þar með talin þóknun til dómara, greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra.

□ Réttargjöld skulu engin vera. Um gjafsókn og gjafvörn gilda almennar reglur.

■ **67. gr.** Úrskurðir og dómar Félagsdóms eru endanlegir og verður ekki áfrýjað. Þó má innan viku frá dómsuppsögn eða úrskurði áfrýja til hæstaréttar:

1. Frávísunardómi eða úrskurði um frávísun.
2. Dómi til ónýtingar, sökum þess að málið heyri ekki undir Félagsdóm.
3. Úrskurð um skyldu til að bera vitni, um eiðvinning og sektir.

■ **68. gr.** Formaður gefur út dómsgerðir Félagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir. Ritlaun skal greiða samkvæmt venjulegum reglum.

■ **69. gr.** Um þau atriði viðvíkjandi meðferð mála, sem ekki er kveðið á um í þessum lögum, skal fara eftir hliðsjón af meðferð einkamála í héraði, svo sem við verður komið.

V. kafli. Niðurlagsákvæði.

■ **70. gr.** Brot á lögum þessum varða auk skaðabóta sektum...[1] Sektirnar renna í ríkissjóð, og má innheimta þær sem fjárkröfur á venjulegan hátt, en um afplánun skal eigi vera að ræða.

[1] *L. 10/1983, 9. gr.*

1938 Nr. 80 11. júní

Lög um sáttastörf í vinnudeilum.

1978 Nr. 33 16. maí

■ **1. gr.** Félagsmálaráðherra skipar ríkissáttasemjara til fjögurra ára í senn.

□ Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þess skal gætt, að afstaða hans sé slík, að telja megi hann óvilhallan í málum launþega og vinnuveitenda.

□ Félagsmálaráðherra skipar einnig vararíkissáttasemjara til fjögurra ára í senn og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.

□ Vararíkissáttasemjari tekur við störfum ríkissáttasemjara, þegar hann er forfallaður, og er honum til aðstoðar, þegar þörf krefur.

□ Ríkissáttasemjari getur skipað aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu, eða vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér aðstoðarsáttasemjarastarf, en undanþegnir henni eru þó ráðherrar og hæstaréttardómarar.

□ Vararíkissáttasemjari og aðstoðarsáttasemjarar hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara, þegar þeir eru að störfum.

□ Laun ríkissáttasemjara skulu ákveðin á sama hátt og laun ráðherra og hæstaréttardómara. Félagsmálaráðherra ákveður hins vegar laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara.

■ **2. gr.** Ríkissáttasemjari skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Hann ræður sér starfslið í samræmi við lög nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana.

■ **3. gr.** Ef sýnt þykir, að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar, getur ríkisstjórnin skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Skal samráð haft við ríkissáttasemjara og deiluaðilja, áður en sáttanefnd er skipuð. Sáttanefndarmenn hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara, meðan þeir eru að störfum.[1]

□ Félagsmálaráðherra ákveður þóknun sáttanefndarmanna.

[1] *Sjá l. 8/1981.*

■ **4. gr.** Ríkissáttasemjari skal hafa með höndum sáttastörf í vinnudeilum og önnur þau störf, sem honum eru falin með lögum þessum og öðrum lögum.

□ Hann skal fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífi og á vinnumarkaði um allt land. Sérstaklega skal hann gefa gaum öllu, sem gerist í kjaramálum, einkum því sem gæti valdið vinnudeilum.

□ Samtökum launþega, vinnuveitenda, og öfélagsbundnum vinnuveitendum, sem sjálfir semja um kjör starfsmanna sinna, ber að senda ríkissáttasemjara samrit allra kjarasamninga, jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir, svo og allar síðari breytingar á þeim.

□ Sömu aðiljar skulu senda ríkissáttasemjara allar kaupgjaldsskrár og önnur ákvæði um starfskjör.

□ Aðiljum þeim, sem ræðir um í 3. mgr., er einnig skylt að senda ríkissáttasemjara samrit af uppsögn kjarasamninga og kröfugerð, jafnskjótt og send eru gagnaðilja.

1978 Nr. 33 16. maí

■ **5. gr.** Samningsaðiljum er skylt að gefa ríkissáttasemjara kost á að fylgjast með vinnudeilu og samningaumleitunum, hvenær sem hann óskar þess.

□ Ríkissáttasemjara er ávallt heimilt að taka í sínar hendur stjórn samningaviðræðna, ef hann telur það heppilegt.

□ Ef slitnar upp úr samningaviðræðum aðilja eða annar hvor þeirra telur vonlítið um árangur af frekari samningaumleitunum, getur hvor þeirra um sig eða báðir sameiginlega vísað deilunni til ríkissáttasemjara. Þegar ríkissáttasemjari hefur fengið tilkynningu þess efnis, er honum skylt að kveðja aðilja eða umboðsmenn þeirra til fundar svo skjótt sem kostur er og halda síðan áfram sáttaumleitunum, meðan von er til þess að þær beri árangur.

□ Ef tilkynning berst um vinnustöðvun samkvæmt 16. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, er ríkissáttasemjara skylt að kveðja deiluaðilja þegar í stað til samningaviðræðna, þótt þeir hafi þá ekki vísað deilunni til hans.

□ Samningsaðiljum er skylt að sækja eða láta sækja samningafund, sem sáttasemjari kveður þá til.

■ **6. gr.** Sáttafundi skal halda fyrir luktum dyrum.

□ Á sáttafundi skal leggja fram eftirrit þeirra skjala, sem farið hafa milli aðilja í deilunni, enda hafi þau ekki verið send ríkissáttasemjara áður.

□ Bannað er að skýra frá eða leiða vitni um umræður á sáttafundum og tillögur, sem fram kunna að hafa verið bornar, nema með samþykki beggja samningsaðilja.

■ **7. gr.** Sáttasemjari getur krafið aðilja að vinnudeilu um hverjar þær skýrslur og skýringar, sem hann telur nauðsynlegar til að leysa vinnudeilur. Hann getur krafið allar opinberar stofnanir um þær upplýsingar og skýrslur, sem hann telur þörf á. Með öll slík gögn skal fara sem trúnaðarmál ef þess er óskað.

■ **8. gr.** Ef samningaumleitanir sáttasemjara bera ekki árangur, er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu. Miðlunartillögu skal leggja fyrir félög eða félagasambönd launþega og vinnuveitenda eða einstakan vinnuveitanda, eigi hann í vinnudeilu, til samþykkis eða synjunar. Sáttasemjara ber að ráðgast við samninganefndir aðilja, áður en hann ber fram miðlunartillögu.

■ **9. gr.** Sáttasemjari ákveður í samráði við samninganefndir aðilja, hvenær og hvernig atkvæðagreiðsla skuli fram fara.

□ Ef ágreiningur snertir aðeins ákveðna deild eða starfsgrein innan félags eða félagasambands, getur sáttasemjari ákveðið, að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til deildarinnar eða starfsgreinarinnar.

□ Ef tvö eða fleiri félög eða félagasambönd eiga saman í deilu, getur sáttasemjari í samráði við samninganefndir borið fram eina miðlunartillögu, er taki til fleiri en eins deiluaðilja eða þeirra allra. Atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fer þá fram í sameiningu hjá öllum þeim félögum eða samböndum, sem miðlunartillaga nær til, þannig að sameiginlegt atkvæðamagn ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

□ Sáttasemjara er einnig heimilt að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu, þótt hann beri fram fleiri en eina miðlunartillögu, enda sé það gert samtímis. Gilda þá reglur 3. mgr. eftir því sem við á.

□ Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg.

1978 Nr. 33 16. maí

■ **10. gr.** Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði eins og sáttasemjari gekk frá henni og henni svarað játandi eða neitandi.

□ Aðiljar skulu eftir því sem við verður komið sjá um að atkvæðisbærir félagsmenn geti kynnt sér miðlunartillögu í heild. Eigi má birta miðlunartillögu öðrum en þeim, sem hlut eiga að máli, án samþykkis sáttasemjara, fyrr en greidd hafa verið atkvæði um hana.

■ **11. gr.** Jafnskjótt og atkvæðagreiðslu er lokið skulu atkvæði og kjörgögn afhent sáttasemjara. Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttasemjara og er hverjum aðilja heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talninguna.

■ **12. gr.** Miðlunartillaga telst felld, ef minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda hafi minnst 35% atkvæðisbærra manna eða meira greitt atkvæði. Á móti hverjum einum af hundraði, sem tala greiddra atkvæða lækkar niður fyrir 35%, þarf mótatkvæðafjöldinn að hækka um einn af hundraði til að fella tillöguna. Ef ekki hafa a. m. k. 20% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði, telst tillagan samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

■ **13. gr.** Sáttasemjarar geta borið fram miðlunartillögu eins oft og þeim þurfa þykir.

■ **14. gr.** Ef sáttatilraunum í mikilvægri deilu er hætt án árangurs, getur ríkissáttasemjari birt skýrslu um málið á þann hátt, sem hann álítur heppilegast til þess að almenningur fái rétta hugmynd um deiluna.

■ **15. gr.** Ef annar hvor aðili vill samþykkja miðlunartillögu sáttasemjara eftir að sáttaumleitun hefur verið hætt án árangurs, sendir hann sáttasemjara yfirlýsingu um það. Sáttasemjara ber þegar að láta gagnaðilja vita um yfirlýsinguna. Vilji hann einnig fallast á miðlunartillöguna, sér sáttasemjari um, að aðiljar gangi frá samningum sín á milli.

■ **16. gr.** Nú hafa sáttaumleitanir sáttasemjara hætt án árangurs, og ber honum þá að hefja þær á ný, ef annar hvor aðili óskar þess, eða hann telur það heppilegt. Þó ber honum ætíð að gera tilraun til sátta með aðiljum innan 14 sólarhringa frá því hann hætti seinustu samningatilraunum sínum.

■ **17. gr.** Sáttasemjarar skulu halda gerðabækur og skrá þar hvar og hvenær sáttafundir eru haldnir, nafn sáttasemjara og viðstaddra aðilja eða fulltrúa þeirra. Geta skal framlagðra skjala og þess hins helsta, sem fram fer.

■ **18. gr.** Ríkissáttasemjari skal senda félagsmálaráðherra skýrslur um störf sín samkvæmt lögum þessum svo oft sem þurfa þykir og ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1978. Fellur þá úr gildi III. kafli (19.—37. gr.) laga nr. 80 11. júní 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sáttasemjara.

Lög viðvíkjandi nafnbreyting Vinnuveitendafélags Íslands.

1948 Nr. 9 13. febr.

■ **1. gr.** Ákvæði í núgildandi löggjöf ríkisins, sem snerta Vinnuveitendafélag Íslands, skulu jafnt gilda um

1948 félagsskap þennan, þótt nafni félagsins verði breytt og
Nr. 9 það nefnt Vinnuveitendasamband Íslands.
13. febr.

1972 Lög um ákvörðun kaupgreiðsluvísitölu fyrir
Nr. 100 **tímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1973.**[1)]
28. des. [1)] *Um texta laganna, sjá Lagasafn 1973, d. 1453—4.*

1973 Lög um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpu-
Nr. 6 **skipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.**[1)]
22. marz [1)] *Um texta laganna, sjá Lagasafn 1973, d. 1463—4.*

1971 Lög um orlof.[1)]
Nr. 87 [1)] *Rg. 150/1972, sbr. 161/1973, 39/1974 og 76/1974.*
24. des. ■ **1. gr.** Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi ásamt orlofsfé eða launum samkvæmt reglum þessara laga.

■ **2. gr.** Lög þessi ryra ekki víðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkvæmt öðrum lögum, samningum eða venjum.

□ Samningur um minni rétt til handa launþegum en lög þessi ákveða er ógildur.

■ **3. gr.** [Orlof skal vera 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári og reiknast hálfur mánuður eða meira heill mánuður, en skemmri tími telst ekki með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær greitt kaup eða hann er í orlofi. Sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar né heldur fyrstu 5 laugardagar í orlofi.

□ Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.][1)]

[1)] *L. 90/1982, 1. gr. Kemur til framkvæmda við töku orlofs fyrir orlofsárið 1. 5. 1982 — 30. 4. 1983.*

■ **4. gr.** [Orlof samkvæmt lögum þessum skal veitt í einu lagi á tímabilinu frá 2. maí til 15. september. Heimilt er í kjarasamningum stéttarfélaga að kveða á um skemmra orlof á fyrrgreindu tímabili, þó að lágmarki 14 daga á sumarorlofstímabilinu, ef sérstakar rekstrarástæður gera það brýnt. Nú nýtur orlofsþegi eigi lengri orlofsréttar en lög þessi kveða á um, og skal þá sá hluti orlofsins, sem tekinn er utan orlofstímabilsins, lengjast um ¼, ef orlof er tekið utan orlofstímabilsins að ósk atvinnurekandans.][1)]

□ Í vinnu við landbúnað og síldveiðar má veita allt að helmingi orlofsins utan orlofstímabilsins.

[□ Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. 3. gr. laga þessara er skólafólki, sem stundar nám við viðurkennda skóla, þó heimilt að taka allt orlof sitt utan orlofstímabilsins og fá orlof sitt greitt, er það óskar, á því orlofsári, er orlofsréttur myndast.][2)]

□ Aðilar geta með samkomulagi vikið frá reglum þessarar greinar um skiptingu orlofs. Orlofi skal þó alltaf lokið fyrir lok orlofsársins.

[1)] *L. 90/1982, 2. gr.* [2)] *L. 12/1974, 1. gr.*

■ **5. gr.** Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega, hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum launþega um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Atvinnurekandi skal að könnun á vilja launþega lokinni tilkynna, svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli.

■ **6. gr.** Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof á þeim tíma, sem vinnuveitandi ákveður samkvæmt 5. gr., skal hann sanna forföll sín með vottorði sjúkrasamlagslæknis síns eða héraðslæknis. Getur starfsmaður þá krafizt orlofs á öðrum tímum en ákveðið er í 4. gr., en þó ekki síðar en svo, að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næstan á eftir.

□ Geti starfsmaður ekki vegna veikinda farið í orlof fyrir þann tíma, á hann rétt á að fá orlofsfé sitt greitt, ef hann sannar veikindi sín á sama hátt og að ofan greinir.

■ **7. gr.** [Atvinnurekandi skal greiða í orlofsfé 10,17% af launum.][1)]

□ Nú er kaup greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og greiðist þá orlofsfé af verðmæti þess, sem miðast við mat skattayfirvalda við síðustu ákvörðun tekjuskatts.

□ [Eigi skal reikna orlofsfé af orlofslaunum og orlofsfé.][2)]

□ Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabú atvinnurekanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b 5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1978.[3)]

[□ Vangreitt orlofsfé má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.][2)]

[□ Launagreiðanda er skylt að veita innheimtuaðila orlofsfjár upplýsingar um greitt og vangreitt orlofsfé starfsmanna sinna.

□ Í því skyni að staðreyna slíkar upplýsingar er innheimtuaðila orlofsfjár heimill aðgangur að bókum og bókhaldsgögnum launagreiðanda.][4)]

[1)] *L. 90/1982, 3. gr. Tekur gildi 1. desember 1982.* [2)] *L. 109/1972, 1. gr.* [3)] *Um þetta gilda nú ákvæði 84. gr. s. l.* [4)] *L. 12/1979, 1. gr.*

■ **8. gr.** Fastur starfsmaður fær laun í orlofi í stað orlofsfjár, auk þess eftir atvikum fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati samkvæmt 2. mgr. 7. gr.

□ Nú skiptir fastur starfsmaður um starf einhvern tíma á orlofsárinu, og ber þá að greiða honum orlofsfé í stað orlofslauna á því orlofsári öllu.

□ Laun fyrir orlofsdaga skulu greidd næsta virkan dag, áður en orlof hefst.

■ **9. gr.** Nú liggur atvinnurekstur niðri, á meðan á orlofi stendur, vegna þess að starfsfólkinu er veitt orlof samtímis, og geta þá þeir launþegar, sem ekki eiga rétt á fullu orlofi, ekki krafizt launa eða orlofsfjár fyrir þá daga, sem á vantar.

■ **10. gr.** Félagsmálaráðherra setur reglur um útreikning orlofsfjár launþega, sem ekki taka laun beint frá atvinnurekanda sínum, heldur fá greitt í þjónustugjaldi eða á annan hátt, sem er frábrugðinn venjulegum greiðslumáta launa.

■ **11. gr.** Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé, að launþeginn fái það í hendur, þegar hann tekur orlof. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um þetta atriði í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna.

[□ Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.][1)]

[1)] *L. 109/1972, 2. gr.*

■ **12. gr.** Óheimilt er manni að vinna fyrir launum í starfsgrein sinni eða skyldum starfsgreinum, meðan

1971 Nr. 87 24. des. hann er í orlofi, og má setja um þetta nánari ákvæði í reglugerð.

■ **13. gr.** Framsal orlofsfjár og flutningur þess á milli orlofsára er óheimilt.

□ Orlofsfé, sem orlofsþegi hefur ekki tekið út innan árs frá lokum orlofsársins, rennur í lífeyrissjóð orlofsþega sem aukaiðgjald af hans hálfu til sjóðsins. Um réttindi, sem slíkar iðgjaldagreiðslur veita, fer eftir reglum hlutaðeigandi sjóðs.

■ **14. gr.** Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

■ **15. gr.** Það varðar sektum, er renna í ríkissjóð, ef:

1. Vinnuveitandi lætur starfsmann sinn ekki fá orlof eða orlofsfé samkvæmt lögum þessum, nema um ítrekað brot sé að ræða, því að þá má dæma hann til varðhalds.

2. Vinnuveitandi gerir samning við starfsmann sinn, sem bannaður er í 2. gr. 2. mgr.

3. Starfsmaður brýtur ákvæði 12. og 13. gr., og skal þá jafnframt, ef brot er ítrekað, ákveða með dómi missi orlofsréttar næsta orlofsár eftir að dómur er kveðinn upp.

□ Mál út af brotum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála. Sökin fyrnist, ef mál er eigi höfðað áður en næsta orlofsári lýkur, eftir að brot var framið.

■ **16. gr.** [Ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, skulu öll mál út af réttindum og skyldum samkvæmt þeim og til fullnægingar öllum kröfum í því sambandi sæta almennri meðferð einkamála, þó þannig, að nægilegt er, að dómari leiti þar sátta.][1)]

[1)] *L. 109/1972, 3. gr.*

■ **17. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.[1)]

[1)] *Með l. 109/1972, 4. gr., voru felld úr gildi eldri lög (l. 16/1943, l.8/1957, l. 68/1964), en þar hefur láðst að geta l. 29/1945.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Orlofslaun fastra starfsmanna miðast við 22 daga virka á árinu 1972.

1972 Nr. 53 29. maí

Lög um orlof húsmæðra.

■ **1. gr.** Kvenfélagasamband Íslands skiptir landinu í orlofssvæði með tilliti til framkvæmdar laga þessara um orlof húsmæðra. Fer skiptingin fram á landsþingi sambandsins. Ekki má skipta sveitarfélagi milli orlofssvæða.

■ **2. gr.** Héraðssambönd Kvenfélagasambands Íslands kjósa á ársfundi orlofsnefndir fyrir orlofssvæðin hver í sínu umdæmi.

□ Í orlofsnefnd skulu vera þrjár konur og þrjár til vara, kosnar til þriggja ára í senn.

□ Orlofsnefndir skipta sjálfar með sér verkum.

□ Þar sem mæðrastyrksnefndir eru starfandi á orlofssvæðinu, skulu orlofsnefndir leita samstarfs við þær.

■ **3. gr.** Orlofsnefndir skipuleggja orlof húsmæðra hver í sínu umdæmi og sjá um rekstur orlofsheimila.

■ **4. gr.** Greiða má fararstjórum þóknun, hvort sem þeir eru í orlofsnefnd eða ekki.

□ Heimilt er orlofsnefndum að greiða fyrir framkvæmdastjórn og gjaldkerastörf á þeim stöðum, þar sem nefndir reka orlofsheimili á eigin ábyrgð.

□ Að öðru leyti skulu orlofsnefndir vera ólaunaðar.

■ **5. gr.** [Til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð, sem nemi minnst kr. 100 fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins. Fjárhæð þessi tekur breytingum eftir vísitölu framfærslukostnaðar og miðast við vísitöluna eins og hún er í febrúar ár hvert. Framlag þetta skal greiða orlofsnefnd viðkomandi orlofssvæðis fyrir 15. maí.

1972 Nr. 53 29. maí

□ Orlofsnefndum er heimilt að láta orlofsþega greiða allt að 15% af beinum kostnaði orlofsdvalar, ef þörf krefur.

□ Heimilt er orlofsnefndum að geyma rekstrarfé orlofsins á milli ára, ef ástæða þykir til.][1)]

[1)] *L. 61/1978, 1. gr.*

■ **6. gr.** Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu, án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof.

□ Þegar valið er úr umsóknum, skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar barnafjölda, aldur barna og aðrar félagslegar aðstæður kvennanna. Æskilegt er, að orlofsdvöl sé ekki skemmri en 7—10 dagar.

□ Verði orlofsdvöl ekki við komið, er heimilt að nota orlofsfé, sem veitt er skv. lögum þessum, til ferðalags fyrir húsmæður.

■ **7. gr.** Heimilt er orlofsnefndum að nota allt að 20% af framlagi ...[1)] sveitarfélaga til þess að greiða kostnað vegna barna orlofskvenna á barnaheimili eða annars staðar, meðan á orlofsdvöl stendur.

□ Konur, sem eiga tvö börn eða fleiri innan 7 ára aldurs, skulu að jafnaði sitja fyrir um þessar greiðslur.

[1)] *L. 94/1975, 4. gr. Ath. og l. 61/1978, 2. gr.*

■ **8. gr.** Heimilt er orlofsnefndum að verja nokkurri fjárhæð þriðja hvert ár til þess að senda fulltrúa á sameiginlega ráðstefnu, er hefur það hlutverk að samræma fyrirkomulag orlofsins og kynna starfshætti á hinum ýmsu orlofssvæðum.

□ Skal orlofsnefndin í Reykjavík hafa frumkvæði um að kalla saman hina fyrstu ráðstefnu.

■ **9. gr.** Félagsmálaráðuneytið sér um prentun umsóknareyðublaða um orlof húsmæðra og sendir þau orlofsnefndum.

■ **10. gr.** Orlofsnefndir geta leitað fyrirgreiðslu hjá félagsmálaráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu og öðrum hlutaðeigendum um afnot skóla eða annarra opinberra bygginga til orlofsdvalar.

■ **11. gr.** Skylt er orlofsnefndum að senda félagsmálaráðuneytinu og viðkomandi sveitarfélögum árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningum fyrir þann tíma, sem ráðuneytið ákveður.

□ Orlofsnefndir gefi skýrslur um starfið á aðalfundi viðkomandi héraðssambands.

■ **12. gr.**[1)] ...

[1)] *Láðst hefur að fella úr gildi l. 45/1960.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Núverandi skipting landsins í orlofssvæði skal vera óbreytt til næsta landsfundar Kvenfélagasambands Íslands.

1952 Nr. 10 25. jan.

Lög um heimilishjálp í viðlögum.

■ **1. gr.** Sveitarstjórnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða, að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf

1952 Nr. 10 25. jan.

um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

[☐ Þá má samkv. lögum þessum starfrækja heimilishjálp handa öldruðu fólki svo og vegna veikinda barna eða fullorðinna, ef þeir, sem veita heimilinu forstöðu, eru bundnir af atvinnu utan heimilisins, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.][1)]

[1)] *L. 34/1974, 1. gr., sbr. 2. gr.*

■ **2. gr.** Nú gerir sveitarstjórn eða sýslunefnd samþykkt um, að í umdæmi hennar skuli komið á fót heimilishjálp í viðlögum, og skal þá með sérstakri reglugerð,[1)] er félagsmálaráðuneytið staðfestir, kveða nánar á um starfsemi þessa.

[1)] *T. d. rg. 321/1980, 322/1980, 13/1983 og 14/1983.*

■ **3. gr.** Framkvæmd heimilishjálpar má fela sérstakri nefnd, sem sveitarstjórn eða sýslunefnd kýs, og skal að minnsta kosti ein kona, er hefur þekkingu á heimilisstörfum, vera í nefndinni. Heimilt er enn fremur að fela framkvæmd heimilishjálpar sjúkrasamlögum, kvenfélögum eða sérstakri stofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.

■ **4. gr.** Heimilishjálp veitist gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, er sveitarstjórn eða sýslunefnd setur og ráðherra staðfestir. Heimilt er sveitarstjórn eða sýslunefnd að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp eða fella greiðslu alveg niður, þegar efnalítið fólk á í hlut eða aðrar sérstakar ástæður til slíkrar ívilnunar eru fyrir hendi.

■ **5. gr.** Heimilt er sveitarfélögum að gera með sér samning um sameiginlega heimilishjálp í umdæmum sínum.

■ **6. gr.** Á þeim tímum, sem húsmæðraskólarnir starfa, skulu þeir halda uppi kennslu, ef húsrúm og aðrar aðstæður leyfa, til leiðbeiningar konum, sem taka vilja að sér að stunda heimilishjálp samkvæmt lögum þessum. Fer um kostnað við kennslu í þeim greinum á sama hátt og annan rekstrarkostnað húsmæðraskólanna.

■ **7. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 94/1975, 1. gr. Ath. og l. 61/1978, 2. gr.*

1961 Nr. 60 29. marz

Lög um launajöfnuð kvenna og karla.

■ **1. gr.** Á árunum 1962—1967 skulu laun kvenna hækka til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu.

■ **2. gr.** Hinn 1. jan. 1962 skulu laun kvenna í starfsgreinum samkv. 1. gr. hækka um ⅙ hluta launamismunarins og síðan árlega hinn 1. jan. ár hvert fram til 1967 hækka sem nemur launamismuninum, eins og hann er í upphafi hvers árs, deildum með fjölda þeirra hækkana, sem eftir er að veita hverju sinni. Fullum launajöfnuði skal náð 1. jan. 1967.

■ **3. gr.** Hin árlega launahækkun skal ákveðin af þriggja manna nefnd — launajafnaðarnefnd — einum skipuðum af félagsdómi og er hann formaður nefndarinnar, öðrum skipuðum af Alþýðusambandi Íslands og hinum þriðja skipuðum af Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn mann til vara. Skipunartími nefndarinnar er þrjú ár í senn. Ákvarðanir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir og verða ekki bornar undir dómstóla. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í nefndinni. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

1961 Nr. 60 29. marz

■ **4. gr.** Stéttarfélög þau, er semja um kaup og kjör fyrir konur í starfsgreinum samkv. 1. gr., skulu í nóvembermánuði ár hvert, í fyrsta sinn 1961, sækja um launahækkanir til nefndarinnar og láta fylgja með eintök af viðkomandi kjarasamningum. Tekur nefndin síðan ákvörðun um launahækkun í samræmi við ákvæði 1. og 2. gr. og birtir hana.

☐ Stéttarfélögum er heimilt í stað þess að láta launajafnaðarnefnd ákvarða launahækkun að semja um hækkunina við vinnuveitendur, enda staðfesti nefndin slíka samninga.

■ **5. gr.** Lög þessi skerða ekki á nokkurn hátt rétt stéttarfélaganna til að semja um það við vinnuveitendur, að launajöfnuði skuli náð á skemmri tíma en lögin mæla fyrir um.

1976 Nr. 78 31. maí

Lög um jafnrétti kvenna og karla.

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla.

■ **2. gr.** Konum og körlum skulu veittir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

■ **3. gr.** Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildir það meðal annars hvað varðar ráðningu og skipun í starf, stöðuhækkun, stöðuheiti, uppsögn úr starfi, veitingu hvers konar hlunninda og almenn vinnuskilyrði.

■ **4. gr.** Starf, sem auglýst er laust til umsóknar, skal standa opið jafnt konum sem körlum. Í slíkri auglýsingu er óheimilt að gefa til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

■ **5. gr.** Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, ef umsækjandi óskar þess, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera, er ráðinn var í starfið.

☐ Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa, ef konu er veitt starfið.

■ **6. gr.** Konur og karlar, er starfa hjá sama atvinnurekanda, skulu njóta sömu möguleika til framhalds starfsþjálfunar og til að sækja námskeið, er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

■ **7. gr.** Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnrétti kvenna og karla. Kennslubækur og kennslutæki, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð og hönnuð, að kynjum sé ekki mismunað.

■ **8. gr.** Auglýsendum er óheimilt að birta nokkrar þær auglýsingar í orðum eða myndum, er orðið geti öðru kyninu til minnkunar eða lítilsvirðingar.

■ **9. gr.** Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara. Jafnréttisráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af

1976 Nr. 78 31. maí

Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.

□ Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

■ **10. gr.** Verkefni Jafnréttisráðs er að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—8. gr. þessara laga um jafnrétti kvenna og karla sé framfylgt.

2. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafnrétti með konum og körlum í kjaramálum og við ráðningu eða skipun til starfs.

3. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem m. a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga.

4. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks svo og aðra þá aðila sem jafnréttismál kvenna og karla varða, svo að stefnu og markmiði laga þessara verði náð með sem eðlilegustum hætti.

5. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í jafnréttismálum að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum svo og félagssamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.

6. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málsskjöl til þeirra aðila, sem málið snertir.

■ **11. gr.** Nú telur Jafnréttisráð, að ákvæði 2.—8. gr. laga þessara séu brotin, og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila.

□ Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins, er ráðinu heimilt, í samráði við hlutaðeigandi starfsmann, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

■ **12. gr.** Sá, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum, er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

□ Slíkt brot skal varða fésektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

■ **13. gr.** Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur.

□ Kveðja skal öðrum fremur til menn, sem hafa víðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum.

■ **14. gr.** Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

■ **15. gr.** Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 37 24. apríl 1973, um Jafnlaunaráð.

1980 Nr. 55 9. júní

Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

■ **1. gr.** Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því, er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.

■ **2. gr.** Öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn skv. sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu. Atvinnurekendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt mótframlagi sínu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs eða lögum. Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og/eða þeirra aðila annarra, sem hlut eiga að máli.

■ **3. gr.** Tryggingaskylda skal innt af hendi með þátttöku í lífeyrissjóðum skv. 2. gr. eftir því sem kostur er og samkvæmt reglum einstakra sjóða um sjóðsaðild. Eigi maður ekki sjálfsagða aðild að sjóði skv. 2. gr. velur hann sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Sé tryggingaskyldu ekki fullnægt með þessum hætti, skal henni fullnægt með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs, er úrskurðaraðili skv. 2. gr. vísar til, og með samkomulagi við viðkomandi lífeyrissjóð.

■ **4. gr.** Sé ekki greitt iðgjald vegna einhvers starfandi manns í lífeyrissjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, að minnsta kosti 10% af viðurkenndum stofni iðgjalda, hvort sem hann er dagvinnulaun, kaupviðmiðun eða heildarlaun, eftir því sem kveðið er á um í reglugerðum eða lögum, eða af reiknuðu endurgjaldi fyrir starf við eigin rekstur sjálfstæðra atvinnurekenda skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 59. gr. sömu laga, skal greiða það sem á vantar til lífeyrissjóðs. Greiðslur skulu vera í samræmi við reglur viðkomandi sjóðs, annaðhvort eftir vali viðkomandi manns, sbr. ákvæði 2. og 3. gr. þessara laga, eða samkvæmt ábendingu úrskurðaraðila skv. 2. gr. Heimilt er að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð, m. a. um stofn iðgjalda og hámark fyrir greiðslu iðgjalda.

□ Greiðsla iðgjalda skal fara eftir reglugerðum viðkomandi lífeyrissjóðs. Sé iðgjald miðað við reiknað endurgjald fyrir störf við eigin rekstur skal stofn iðgjaldsins ákvarðaður sem reiknað endurgjald á næstliðnu ári, samkvæmt skattframtali eða ákvörðun skattstjóra, uppfært til þess tímabils sem greiðslan tekur til. Fjármálaráðuneytið ákveður og birtir uppfærslustuðul endurgjaidsins með hliðsjón af almennum launabreytingum.

■ **5. gr.** Eftir gildistöku laga þessara er lífeyrissjóðum einungis heimilt að endurgreiða sjóðsfélögum iðgjöld þeirra í því skyni að færa féð og þar með réttindi, sem þeim fylgja, milli lífeyrissjóða. Þó er heimilt að ákveða í reglugerð endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara, sem flytja af landi brott, og á þeim iðgjöldum, sem menn greiða til lífeyrissjóða eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og á þeim hluta iðgjalda, sem kann að fara fram úr því, sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

■ **6. gr.** Öllum atvinnurekendum er skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

1980 Nr. 55 9. júní

□ Atvinnurekanda er skylt að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags skv. þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

■ **7. gr.** Verði vanskil á greiðslu iðgjalda samkvæmt 2.—4. gr. laga þessara skulu vangoldin iðgjöld innheimt með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga.

■ **8. gr.** Iðgjaldakröfur samkvæmt 2., 3., 4. og 6. gr. laga þessara njóta forgangsréttar í þrotabúi atvinnurekanda samkvæmt 1. og 4. tölulið 84. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23 21. maí 1979.

■ **9. gr.** Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 194/1981.*

■ **10. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 9 14. mars 1974 um starfskjör launþega o. fl.

1930 Nr. 28 19. maí

Lög um greiðslu verkkaups.

■ **1. gr.** Verkkaup skal greitt með gjaldgengum peningum starfsmönnum öllum og daglaunamönnum við verzlanir, verksmiðjur og náma, hásetum og öðrum starfsmönnum á skipum, sem á fiskveiðar ganga, síldveiðar eða hvalveiðar, hvort sem eru seglskip, mótorbátar eða gufuskip, nema verkkaupið sé hluti af aflanum sjálfum, svo og starfsmönnum og daglaunamönnum þeim, er á landi vinna hverja þá vinnu, er af útgerð skipanna leiðir, og má eigi greiða kaupið með skuldajöfnuði, nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið.

□ Sama er og, ef verk er unnið í ákvæðisvinnu við einhverja þessa atvinnugrein.

■ **2. gr.** Verkafólki, sem vinnur daglaunavinnu í landi við verksmiðjur, verzlanir, byggingar, ístöku og útgerð og enn fremur við fermingu og affermingu skipa og báta, svo og iðnaðarmönnum, er vinna hjá öðrum að iðn sinni, skal greitt verkkaupið vikulega að minnsta kosti nema öðruvísi sé um samið.

□ Ákvæði um þetta nær þó ekki til venjulegrar sveitavinnu, þar sem verkafólkið fær húsnæði og fæði sem hluta verkkaupsins.

■ **3. gr.** Nú vinnur verkafólk slík verk, sem um getur í 2. gr. fyrstu málsgr., í ákvæðisvinnu, og skal þá verkkaupið greitt að minnsta kosti vikulega, ef verkinu eða verkshluta, sem kauptaxtinn eða umsamin upphæð verkkaups miðast við, er lokið á þeim tíma, en ella, sé ekki öðruvísi um samið, þegar verkinu er lokið.

□ Sama gildir um iðnaðarmenn, er taka að sér verk og vinna það fyrir ákveðið kaup eða taka að sér verk í ákvæðisvinnu, ef iðnaðarmaður vinnur verkið einn eða með venzlamönnum sínum, með atvinnufélaga eða með nemendum, er hann hefur tekið til iðnnáms.

■ **4. gr.** ...[1)]

□ Réttargjöld skulu eigi greidd í málum þessum.

[1)] *L. 85/1936, 224. gr.*

1931 Nr. 15 6. júlí

Lög um viðauka við lög nr. 28 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

■ **1. gr.** Hlunnindi þau, sem felast í lögum nr. 28 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups, skulu einnig ná til kaupgjalds og aksturslauna bifreiðarstjóra.

Lög um 40 stunda vinnuviku. **1971** Nr. 88 24. des.

■ **1. gr.** Lög þessi taka til allra launþega í landinu, annarra en þeirra, sem hér eru taldir:

a. Sjómenn á fiskiskipum.

b. Kaupafólk og vinnuhjú, nema ráðin séu til starfa samkv. kjarasamningum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda.

c. Launþegar, sem vinna heimavinnu eða önnur þau störf, sem vinnuveitandi hefur ekki aðstöðu til að fylgjast með.

d. Forstöðumenn og sérstakir fulltrúar í störfum, sem eru þess eðlis, að eftirliti með vinnutíma verði ekki við komið.

□ Þar sem rætt er um aðila í lögum þessum, er átt við aðila vinnumarkaðarins.

■ **2. gr.** [Í hverri viku skulu ekki vera fleiri en 40 dagvinnutímar, sem vinna ber á því dagvinnutímabili á virkum dögum vikunnar, sem aðilar koma sér saman um. Heimilt er að semja um skemmri vinnuviku.

□ Að jafnaði skulu unnar 8 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum frá mánudegi til föstudags, nema annar vinnutími henti betur af sérstökum ástæðum og um það sé samið af aðilum.

□ Heimilt er að semja um tilfærslu á dagvinnutímum, þannig að dagvinnutímar verði fleiri en 40 á tilteknum árstímum og færri á öðrum, en að meðaltali á ári hverju ekki fleiri en 40. Þetta gildir þó aðeins í þeim tilvikum, þar sem slíkur háttur hefur verið á hafður fyrir gildistöku laga þessara.

□ Þegar dagvinnu er skilað með 8 stunda vinnu á dag frá mánudegi til föstudags skal næturvinna taka við á föstudögum strax og lögboðinni eða umsaminni vinnuviku er lokið.][1)]

[1)] *L. 25/1979, 1. gr.*

■ **3. gr.** Heimilt er að semja um vaktavinnu, og taka ákvæði þessara laga ekki til þess vinnufyrirkomulags að öðru leyti en því, að ekki skal miða við fleiri en 40 klst. dagvinnu á viku, að meðaltali.

■ **4. gr.** Matartími skal ekki skemmri vera en 30 mínútur, og telst hann ekki til vinnutíma. Aðilar koma sér saman um, hvenær á vinnutímabilinu matartími skuli vera.

■ **5. gr.** Kaffihlé teljast til vinnutíma, en um lengd þeirra og fjölda fer eftir samkomulagi aðila.

■ **6. gr.** Frídagar eru helgidagar þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti, 1. maí og 17. júní, enn fremur aðfangadagur jóla og gamlársdagur frá kl. 13.

[□ Frá og með árinu 1983 skal fyrsti mánudagur í ágúst vera frídagur og skal greiða laun fyrir þann dag samkvæmt sömu reglum og gilda í kjarasamningum um aðra almenna frídaga.][1)]

[1)] *L. 94/1982, 1. gr.*

■ **7. gr.** Víkja má frá lögum þessum með samningum, sem staðfestir eru af hlutaðeigandi heildarsamtökum.

□ Með heildarsamtökum er hér átt við landssambönd innan Alþýðusambands Íslands og Alþýðusamband Íslands vegna þeirra félaga, sem ekki eru í landssamböndum þess, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Staðfestingu heildarsamtaka vinnuveitenda þarf þó ekki við, þegar í hlut eiga ríkið, sveitarfé-

1971 Nr. 88 24. des.

lög og stór fyrirtæki, sem ekki eru í vinnuveitendasamtökum.

■ **8. gr.** Vinnutímastytting sú, sem felst í lögum þessum, hefur ekki í för með sér skerðingu á viku- og mánaðarlaunum.

■ **9. gr.** ...

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara er aðilum vinnumarkaðarins heimilt að semja um að fresta til 1. janúar 1973 allt að helmingi þeirrar styttingar vinnuvikunnar, sem af gildistöku laganna leiðir.

1958 Nr. 12 10. marz

Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Hinn 8. maí 1957 samþykkti Alþingi þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt nr. 100 um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, sem gerð var á 34. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I.L.O.) í Genf 29. júní 1951.

□ Fullgildingarskjal Íslands var afhent aðalforstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hinn 17. febrúar 1958.

1979 Nr. 19 1. maí

Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

■ **1. gr.** Nú hefur verkafólk unnið eitt ár samfellt hjá aðilum, sem fást við atvinnurekstur innan sömu starfsgreinar, og ber því þá eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum, enda hafi uppsögn hjá fyrri atvinnurekendum borið að með löglegum hætti.

□ Verkafólki, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í þrjú ár samfleytt, ber tveggja mánaða uppsagnarfrestur.

□ Eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama atvinnurekanda ber verkafólki þriggja mánaða uppsagnarfrestur.

□ Verkafólk telst hafa unnið innan atvinnugreinar eða verið ráðið hjá atvinnurekanda í eitt ár, ef það hefur unnið samtals a. m. k. 1550 stundir á síðustu 12 mánuðum, þar af a. m. k. 130 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn. Jafngildar unnum klukkustundum teljast í þessu sambandi fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla og verkbanna, allt að 8 klst. fyrir hvern fjarvistardag. Hins vegar teljast álags- og ákvæðisgreiðslur eða aðrar þess háttar greiðslur ekki jafngildi unninna vinnustunda.

□ Launþega, sem rétt á til uppsagnarfrests samkvæmt þessari grein, skal skylt að tilkynna með sama fyrirvara, ef hann óskar að hætta störfum hjá atvinnurekanda sínum.

□ Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót.

■ **2. gr.** Nú fer verkamaður fyrir tilmæli atvinnurekanda, sem hann vinnur hjá, til starfs um tíma hjá öðrum atvinnurekanda, og skal þá sá tími talinn unnar vinnustundir hjá hinum fyrrtalda atvinnurekanda, að því er réttindi þau snertir, sem um getur í 1. gr.

■ **3. gr.** Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.

□ Nú hefur verkamaður misst atvinnu sína af ofangreindum ástæðum og honum býðst annað starf, sem hann óskar að taka, og er hann þá ekki bundinn af ákvæðum 5. málsgr. 1. gr. um uppsagnarfrest, enda tilkynni hann strax atvinnurekandanum ef hann ræður sig hjá öðrum til frambúðar.

■ **4. gr.** Allt verkafólk, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnuna, á beinni leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma, sem orsakast af henni, skal fá greidd laun fyrir dagvinnu í allt að 3 mánuði samkvæmt þeim taxta, sem viðkomandi tók laun eftir, enda sé unnið hjá aðila sem fæst við atvinnurekstur í viðkomandi starfsgrein.

■ **5. gr.** Allt fastráðið verkafólk, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár samfellt, skal er það forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, í einn mánuð.

□ Hafi slíkt starfsfólk verið ráðið hjá sama atvinnurekanda í þrjú ár samfellt skal það, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda daglaunum sínum í einn mánuð, en í tvo mánuði eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama atvinnurekanda.

□ Auk þeirra réttinda, sem fastráðið verkafólk nýtur skv. 1. og 2. mgr., skal það, er forföll stafa af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi, halda dagvinnulaunum í allt að þrjá mánuði eins og í 4. gr. segir.

■ **6. gr.** Á fyrsta starfsári hjá sama atvinnurekanda skal verkafólk eigi missa neins í af launum, í hverju sem þau eru greidd, í tvo daga fyrir hvern unninn mánuð í veikinda- og slysatilfellum, auk réttar til dagvinnulauna samkv. 4. gr.

■ **7. gr.** Vinnuveitendur skulu greiða 1% af útborguðu kaupi verkafólks í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, nema um hærri greiðslur hafi verið samið í kjarasamningum.

■ **8. gr.** Nú vill launþegi neyta réttar síns samkvæmt 1. og 4. gr., og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið, er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

■ **9. gr.** Ákvæði laga þessara hagga ekki samningum milli samtaka atvinnurekenda og launþega um greiðslu atvinnurekanda á sjúkrapeningum til starfsmanna sinna, hvort sem þeir eru greiddir til styrktarsjóða, stéttarfélaga eða beint til þeirra sjálfra.

■ **10. gr.** Ákvæði samnings milli atvinnurekanda og launþega, sem brjóta í bág við lög þessi, eru ógild, ef þau rýra rétt launþegans.

□ Haldast skulu þau réttindi, sem veitt eru með sérstökum lögum, samningum eða leiðir af venju í einstökum starfsgreinum, ef þau eru launþeganum hagstæðari en ákvæði þessara laga.

■ **11. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

□ Jafnframt falla úr gildi lög nr. 16 9. apríl 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og rétt þess

1979 Nr. 19 1. maí

1979 Nr. 19 1. maí

og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

1979 Nr. 97 24. des.

Lög um eftirlaun til aldraðra.

I. kafli. Eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

■ **1. gr.** Greiða skal eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, eftir því sem ákveðið er í þessum kafla. Sama gildir um aldraða félaga í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkvæmt 4. gr. laga nr. 57/1973,[1] um atvinnuleysistryggingar, og hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði.

[1] *Nú l. 64/1981.*

■ **2. gr.** Rétt til eftirlauna samkvæmt þessum kafla eiga þeir, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

a. Eru fullgildir félagar í stéttarfélagi, sem 1. gr. tekur til.

b. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.

c. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.

d. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi, sbr. 6. gr.

■ **3. gr.** Nú verður félagi, er uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 2. gr., eftir árslok 1971 fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og veitir honum rétt á örorkulífeyri úr lífeyrissjóði, og á hann þá rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr.

□ Nú andast maður, sem öðlast hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 2. gr. eða hefði getað öðlast slíkan rétt með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 12. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1969, átt að baki a. m. k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við d-lið 2. gr.

□ Umsjónarnefnd samkvæmt 17. gr. er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabil. Skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris er, að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

■ **4. gr.** Maður telst hafa látið af störfum, sbr. c-lið 2. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar launatekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta né slysadagpeninga.

□ Nú tekur maður, sem látið hefur af störfum, upp störf að nýju, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, meðan hann heldur áfram störfum, þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. c-lið 2. gr. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.

■ **5. gr.** Til réttindatíma félaga skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hann hefur verið að störfum, sem verið hefðu tryggingarskyld samkvæmt ákvæðum samkomulags atvinnurekenda og Alþýðusambands Íslands frá 19. maí 1969 eða öðrum ákvæðum um skylduaðild að lífeyrissjóðum samkvæmt 1. gr., ef hlutaðeigandi ákvæði hefðu öðlast gildi 1. janúar 1955.

□ Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

□ Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

■ **6. gr.** Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvert almanaksár árslaun miðuð við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á dagvinnutekjum launþega innan Alþýðusambands Íslands almennt, skal hann að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll.

□ Laun þau, sem félagi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum, sbr. 1. málsgr. 5. gr., skulu umreiknuð í stig á þann hátt, að deilt skal í árslaunin með grundvallarlaunum hlutaðeigandi árs, sbr. 1. málsgr. þessarar greinar. Fáist ekki með þessu móti upplýsingar um iðgjaldsskyldar launatekjur a. m. k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, stuðst við upplýsingar skattstjóra um framtaldar launatekjur næstu starfsár á undan. Skulu launatekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framangreindum hætti, en aldrei skal þó reikna meira en 1,1 stig fyrir einstakt almanaksár, ef stuðst er við skattframtal.

□ Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná skal miða við meðaltal stiga þrjú bestu árin, sem upplýsingar eru um, þó aldrei meira en 1,1 stig, sbr. 2. málsgr.

□ Hefjist réttindatími samkvæmt 2. málsgr. 5. gr. ekki um áramót, skal reikna stig fyrsta almanaksársins í hlutfalli við réttindatíma á árinu.

□ Ekki skal reikna stig fyrir lengri tíma en 20 ár og ekki fyrir tíma eftir að taka eftirlauna er hafin. Við úrskurðun makalífeyris skal þó taka tillit til áunninna stiga fram til 75 ára aldurs hins látna, og á sama hátt skal fjárhæð ellilífeyris endurskoðuð við 75 ára aldur félaga með hliðsjón af áunnum stigum eftir að taka ellilífeyris hófst.

□ Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

II. kafli. Almenn eftirlaun til aldraðra.

■ **7. gr.** Aldraðir menn, sem ekki eiga rétt samkvæmt I. kafla þessara laga né II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda, eiga rétt til eftirlauna, enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

a. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.

b. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.

c. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. 1/25 úr stigi, sbr. 11. gr.

■ **8. gr.** Nú verður maður, sem fæddur er árið 1914 eða fyrr, eftir árslok 1971 fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og veitir honum rétt til örorkulífeyris úr lífeyrissjóði án þess þó, að örorkulífeyrisréttur skapist samkvæmt 3. gr. laga þessara eða 17. gr. laga nr. 101/1970, og á hann þá rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr.

□ Nú andast maður, sem öðlast hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 7. gr. eða hefði getað öðlast slíkan rétt með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 12. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1969, átt að baki a. m. k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við c-lið 7. gr.

□ Umsjónarnefnd eftirlauna er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabil. Hafi hinn látni verið félagi í lífeyrissjóði, er það skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris, að hlutaðeigandi sjóðstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.

■ **9. gr.** Maður telst hafa látið af störfum, sbr. b-lið 7. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar atvinnutekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta né slysadagpeninga.

□ Nú tekur maður, sem látið hefur af öflun atvinnutekna, á ný að afla slíkra tekna, og fellur þá niður réttur hans til eftirlauna, meðan hann heldur nefndum tekjum, þó eigi lengur en til 75 ára aldurs, sbr. b-lið 7. gr. Slík niðurfelling skal reiknuð í heilum mánuðum fyrir hvert almanaksár um sig, en broti úr mánuði sleppt.

■ **10. gr.** Til réttindatíma, sbr. c-lið 7. gr., skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hlutaðeigandi hefur haft atvinnutekjur. Atvinnutekjur teljast hvers konar laun, arður eða gróði, sem sjóðfélaga hlotnast af atvinnu sinni, hvort sem unnið er í þjónustu annarra eða að eigin atvinnurekstri. Hlunnindi skulu reiknuð á því verði, sem þau eru metin til skatts. Til atvinnu í þessu sambandi telst ekki aðstoð við atvinnurekstur hjóna, sem einvörðungu er færð sem frádráttarliður á skattframtali. Nánari ákvæði um, hvað teljast skuli til atvinnutekna, skulu sett með reglugerð.

□ Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir að þeim aldri er náð.

□ Réttindatími, sem áunninn er eftir árslok 1969 og miðast við iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs, reiknast í mánuðum.

■ **11. gr.** Eftirlaunaréttur miðast við áunnin stig. Um grundvöll stigaútreiknings gilda ákvæði 1. málsgr. 6. gr.

□ Atvinnutekjur, sem hlutaðeigandi hefur eftir árslok 1969 greitt iðgjöld af til lífeyrissjóðs, skulu umreiknaðar í stig á þann hátt, að deilt skal í atvinnutekjur hvers árs með grundvallarlaunum ársins, sbr. 1. málsgr. Þó skal í þessu sambandi aldrei reikna atvinnutekjur ársins hærri en 10-föld iðgjöld, nema um sé að ræða iðgjaldagreiðslur samkvæmt bráðabirgðaákvæðum samkomulagsins frá 19. maí 1969 eða hliðstæðum ákvæðum. Fáist ekki með þessu móti upplýsingar um atvinnutekjur a. m. k. 5 almanaksára auk þess árs, er sótt er um eftirlaun, skal fyrir þau ár, sem á vantar, hvort sem um er að ræða tíma fyrir eða eftir árslok 1969, stuðst við upplýsingar skattstjóra um framtaldar atvinnutekjur næstu starfsára á undan. Skulu atvinnutekjur samkvæmt skattframtölum umreiknaðar í stig með framangreindum hætti, en aldrei skal þó reikna meira en eitt stig fyrir einstakt almanaksár, ef stuðst er við skattframtal. Hafi iðgjöld, sem greidd hafa verið til lífeyrissjóðs eftir árslok 1969, ekki verið reiknuð með hliðsjón af atvinnutekjum og kauplagsbreytingum, er umsjónarnefnd eftirlauna heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. málsliðar þessarar málsgr., að leggja atvinnutekjur til grundvallar við útreikning stiga.

□ Við útreikning stiga lengra aftur í tímann en upplýsingar lífeyrissjóðs og skattstjóra ná skal miða við meðaltal stiga þrjú bestu árin, sem upplýsingar eru um, þó aldrei meira en eitt stig, sbr. 2. málsgr.

□ Ákvæði 4.—6. málsgr. 6. gr. skulu gilda um útreikning stiga samkvæmt þessari grein.

[□ Nú telur umsjónarnefnd eftirlauna, að störf, sem umsækjandi um ellilífeyri eða látinn maki umsækjanda um makalífeyri hefur stundað á tímabilinu 1970—1980, hafi verið tryggingarskyld samkvæmt 5. gr. laganna, en iðgjöld hafa þó ekki verið greidd af þeim til lífeyrissjóðs, og skal þá reikna hlutaðeigandi rétt samkvæmt þessum kafla er svarar til 60% þeirra tekna sem um ræðir, þó aldrei meira en 0,6 stig hvert einstakt ár.

□ Ákvæði 5. málsgr. skulu gilda á hliðstæðan hátt, ef réttindi samkvæmt I. kafla hafa glatast vegna endurgreiðslu iðgjalda, sem átt hefur sér stað á tímabilinu frá 19. maí 1969 til 22. júní 1977. Telji hlutaðeigandi lífeyrissjóður, að endurgreiðslan hafi komið í stað bótagreiðslu, og sé hann reiðubúinn að taka á sig skuldbindingar í samræmi við iðgjaldagreiðslurnar, er umsjónarnefnd þó heimilt að úrskurða lífeyri samkvæmt I. kafla í samræmi við þær.

□ Frá og með 1. janúar 1981 verði réttindi samkvæmt þessum kafla einungis áunnin með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóða.][1)]

[1)] *L. 52/1981, 1. gr. Ákvæði 5. mgr. taka gildi 1. jan. 1980, sbr. 5. gr. s. l.*

III. kafli. Sameiginleg ákvæði.

■ **12. gr.** Eftirlaun samkvæmt I. og II. kafla skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri.

□ Fjárhæð ellilífeyris er á hverju almanaksári hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna undanfarandi 5 almanaksár, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem hlutaðeigandi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8. Aldrei skal þó reikna með færri stigum en 5.

□ Fjárhæð örorkulífeyris miðað við 100% örorku, reiknast á sama hátt og ellilífeyrir með þeirri breytingu, að auk áunninna stiga skal reikna þau stig, sem ætla má, að öryrkinn hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann varð öryrki. Sé orkutap minna en 100%, greiðist örorkulífeyrir í hlutfalli við orkutapið. Örorkulífeyrir fellur niður við 70 ára aldur. Reiknast þá ellilífeyrir í samræmi við þann stigafjölda, sem örorkulífeyrir miðast við.

□ Fjárhæð makalífeyris er á hverju almanaksári hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna undanfarandi 5 almanaksár, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem hinum látna var reiknaður, að viðbættum 5 stigum. Falli maður frá, áður en hann nær 70 ára aldri, skal auk áunninna stiga reikna þau stig, sem ætla má, að hann hefði áunnið sér fram til 70 ára aldurs, miðað við meðaltal stiga þrjú síðustu almanaksárin, áður en hann féll frá.

□ Verði það þriggja ára meðaltal stiga, sem um ræðir í 3. og 4. málsgr., talið óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er heimilt að leggja til grundvallar

meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.

□ Maður getur notið samtímis makalífeyris og elli- eða örorkulífeyris samkvæmt lögum þessum, enda sé heildarfjárhæð eftirlauna eigi hærri en sem svarar fjárhæð ellilífeyris fyrir 20 áunnin stig.

■ **13. gr.** Nú á maður réttindatíma bæði samkvæmt I. og II. kafla laga þessara, og skal þá taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og miðað við fjárhæð, sem greidd hefði verið samkvæmt hvorum kafla fyrir sig, ef réttindatíminn hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma samkvæmt báðum köflum.

□ Ákvæði 1. málsgr. skulu gilda, þegar um er að ræða réttindatíma samkvæmt lögum þessum ásamt réttindatíma samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 18. gr. laga nr. 101/1970.

□ Hafi maður auk launatekna, sem falla undir ákvæði 6. gr., og tekna af búvöruframleiðslu, sem veita rétt samkvæmt lögum nr. 101/1970, haft á einu og sama almanaksári aðrar atvinnutekjur, sbr. 10. gr., skal bæta slíkum atvinnutekjum við, þegar áunnin stig eru reiknuð, en þó skal slík viðbót aldrei hafa í för með sér, að heildarstig á árinu fari fram úr þeim mörkum, sem tilgreind eru í 2. málsgr. 6. gr. og 2. málsgr. 11. gr. Réttindi skulu talin falla undir I. eða II. kafla eftir því, undir hvorn kaflann meirihluti stiga ársins fellur.

□ Nú hafa hjón stundað búskap og það hjóna, sem ekki hefur talist bóndi samkvæmt lögum um Lífeyrissjóð bænda, hefur áunnið sér a. m. k. 2 stig samkvæmt lögum þessum án þess þó að uppfylla skilyrði laganna um lágmark réttindatíma, og skal þá búskapartíminn talinn til réttindatíma eftir því, sem við getur átt. Stig skulu ekki reiknuð vegna slíks búskapartíma. Fjárhæð lífeyris skal ákveðin í samræmi við 1. málsgr.

■ **14. gr.** Greiðslur úr lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt 12. gr. Hafi maður eftir 19. maí 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann hefði ella átt rétt á úr sjóðnum, dragast frá á sama hátt. Ef hlutaðeigandi hefur ekki getað öðlast rétt samkvæmt I. kafla, skal þó miðað við úrgöngu eftir 22. júní 1977 í stað 19. maí 1969. Sé um að ræða lífeyrissjóð, sem stofnaður er eftir gildistöku laga nr. 18/1970, skal frádráttur ekki vera lægri en hann mundi vera samkvæmt þeim reglum, er tíðkast hjá lífeyrissjóðum stéttarfélaga, sem starfræktir voru fyrir gildistöku laganna.

■ **15. gr.** Eftirlaun samkvæmt I. kafla greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er hlutaðeigandi sjóðstjórn ákveður. Þó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Sama gildir um eftirlaun samkvæmt II. kafla, þó þannig, að umsjónarnefnd eftirlauna kemur í stað stjórnar lífeyrissjóðs, ef lífeyrissjóðsaðild er ekki til að dreifa.

□ Eftirlaun skulu greidd frá 1. næsta mánaðar eftir að hlutaðeigandi öðlast rétt til þeirra, og þau falla niður í lok þess mánaðar, er lífeyrisþegi fellur frá. Fjárhæð eftirlauna skal reiknuð í heilum krónum á mánuði án tillits til lengdar greiðslutímabils, sbr. 1. málsgr.

■ **16. gr.** Stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða úrskurða eftirlaun og annast greiðslu þeirra. Eigi hlutaðeigandi eftirlaunaþegi samkvæmt I. kafla ekki lífeyrisrétt í neinum lífeyrissjóði, skal stjórn lífeyrissjóðs stéttarfélags hans úrskurða eftirlaunin og greiða þau, nema samkomulag sé um annað milli þess sjóðs og lífeyrissjóðs fyrirtækis, sem félaginn hefur starfað hjá. Umsjónarnefnd eftirlauna annast úrskurðun og greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla, sé ekki um lífeyrissjóðsaðild að ræða, enda hafi ráðherra ekki ákveðið aðra tilhögun, sbr. 18. gr.

[□ Nú upplýsir lífeyrissjóður, sem afgreiðir umsókn samkvæmt I. kafla, að réttindatími sé á sviði fleiri en eins lífeyrissjóðs, og getur þá umsjónarnefnd að beiðni sjóðsins úrskurðað um skiptingu greiðslna milli hlutaðeigandi sjóða, en gefa skal hún hlutaðeigandi sjóðum kost á að láta í ljós álit sitt áður en úrskurður er kveðinn upp.][1)]

□ Eftirlaun skulu ekki greidd lengra aftur en tvö ár, reiknað frá lokum næsta mánaðar áður en umsókn berst umsjónarnefnd eftirlauna.

[1)] *L. 52/1981, 2. gr.*

■ **17. gr.** Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þrjá menn í umsjónarnefnd eftirlauna, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar og sé hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

□ Nefndin hefur yfirumsjón með úthlutun eftirlauna og úthlutar stjórnum lífeyrissjóða, sbr. 16. gr., fé því, sem þarf til greiðslu eftirlaunanna. Skylt er umsækjendum, stjórnum lífeyrissjóða og skattstjórum að veita nefndinni þær upplýsingar, er þessir aðilar hafa tök á að veita og nefndin telur mega að gagni verða við ákvörðun eftirlaunaréttinda. Hún úrskurðar og um ágreining, sem upp kann að koma um úrskurðun og greiðslu eftirlauna.

□ Lífeyrissjóði bænda er skylt að endurgreiða eftir kröfu nefndarinnar að sínum hluta eftirlaun, er að nokkru leyti miðast við réttindatíma hlutaðeigandi sem bónda. Á sama hátt skal nefndin greiða Lífeyrissjóði bænda viðbót við eftirlaun, sem greidd eru úr þeim sjóði bændum, sem áunnið hafa sér réttindatíma samkvæmt lögum þessum og fá að sama skapi skert réttindi hjá Lífeyrissjóði bænda.

□ Kostnaði við störf nefndarinnar skal skipt í hlutfalli við útgjöld til bótagreiðslna, að meðtöldum uppbótum samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna.

■ **18. gr.** Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna.

□ Í reglugerð skal m. a. kveðið á um, hvenær maður telst hafa látið af störfum, svo og um niðurfellingu eftirlauna, sbr. 4. og 9. gr., og heimilt er að ákveða, að starf, sem ekki nær þremur mánuðum á almanaksári, skuli ekki valda niðurfellingu. Þá skal ákveða, hvernig meta skuli til frádráttar samkvæmt 14. gr. innstæður hlutaðeigandi í lífeyrissjóðum með séreignaskipulagi.

□ Í reglugerð er heimilt að ákveða, að lífeyrir úr lífeyrissjóði komi ekki að fullu til frádráttar eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, ef um er að ræða sjóði, sem krefjast iðgjalda af launum umfram þau, sem greiða hefði átt iðgjöld af samkvæmt samkomulaginu frá 19.

maí 1969. Enn fremur er þar heimilt að ákveða, að sleppt skuli skiptingu útgjalda milli kafla, svo og kröfum á hendur Lífeyrissjóði bænda í einstökum málum, þegar um lítinn hluta heildargreiðslunnar er að ræða.

■ **19. gr.** Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi greiðslur til lífeyrissjóða og annarra aðila samkvæmt úthlutun og úrskurðum umsjónarnefndar eftirlauna, færir þær á viðskiptareikning nefndarinnar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og krefur ríkissjóð um útgjaldahluta hans.

□ Ráðherra getur að fenginni umsögn umsjónarnefndar eftirlauna falið Tryggingastofnun ríkisins að taka við umsóknum og annast afgreiðslu lífeyris samkvæmt II. kafla í þeim tilvikum, er hlutaðeigandi á ekki aðild að lífeyrissjóði.

■ **20. gr.** Eftirlaunagreiðslur samkvæmt lögum þessum falla niður eigi síðar en 1. janúar 1985.

IV. kafli. Uppbót á lífeyri.

■ **21. gr.** [Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt I. kafla laga þessara og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II. kafli samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin [1980—1984][1] greidd sérstök uppbót, þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. málsgr. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta hinn 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980 og eftir það 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember hvort ár 1981 og 1982 í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa.][2]

□ Lífeyrishækkanir, greiddar árin [1980—1984][1] af lífeyrissjóðum, er standa utan við samkomulag það, sem nefnt er í 1. málsgr., skulu ekki koma til frádráttar greiðslum samkvæmt lögum þessum, enda sé um að ræða hækkanir, sem ekki er skylt að greiða samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs og eru að dómi umsjónarnefndar eftirlauna hliðstæðar uppbótargreiðslum samkvæmt 1. málsgr. Sama gildir um mismun, er fram kann að koma vegna þess, að reglur lífeyrissjóðs, sem aðild á að samkomulaginu, hliðstæðar uppbætur til lífeyrisþega almennt eru hagstæðari lífeyrisþegum en ákvæði 1. málsgr.

[1] *L. 92/1982, 1. gr.* [2] *L. 86/1980, 1. gr.*

■ **22. gr.** Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II. kafla laga þessara, skal árin [1980—1984][1] greidd sams konar uppbót og kveðið er á um í 1. mgr. 21. gr. Skulu ákvæði 2. málsgr. 21. gr. um frádrátt vegna uppbótargreiðslna úr lífeyrissjóði gilda eftir því, sem við getur átt.

[1] *L. 92/1982, 2. gr.*

V. kafli.[1] **Fjárhagsákvæði.**

[1] *Rg. 207/1980.*

■ **23. gr.** Fé til greiðslu eftirlauna samkvæmt I. kafla að undanskilinni uppbót samkvæmt 21. gr. greiðist að ¾ hlutum úr Atvinnuleysistryggingasjóði og að ¼ hluta úr ríkissjóði.

■ **24. gr.** Gjöld til uppbótargreiðslna skv. 1. mgr. 21. gr. skulu borin af hlutaðeigandi lífeyrissjóðum með þeim hætti, að hver sjóður, sem aðild á að samkomulagi því, sem fram kemur í 21. gr. og undirritar samstarfssamning lífeyrissjóðs þar að lútandi, skal leggja fram 5% af iðgjaldatekjum sínum á árunum [1980—84].[1] Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla iðgjaldatekjur sjóðanna og ákveða framlög og gjalddaga þeirra. Umsjónarnefndin annast jafnframt skiptingu fjárins milli sjóðanna í hlutfalli við áætlaðar viðbótargreiðslur hvers þeirra vegna greiðslu hinnar sérstöku uppbótar. Það, sem á kann að skorta, að framlög af iðgjaldatekjum hrökkvi til þess að greiða þessa sérstöku uppbót, leggur hver sjóður til vegna sinna félaga. Umsjónarnefnd eftirlauna skal annast uppgjör milli sjóðanna eftir lok hvers árs. [Við endanlegt uppgjör vegna áranna 1983—1984 skulu eftirstöðvar framlaga og ofgreiðslur reiknaðar í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 25. gr.][1] Um nánari framkvæmd þessara ákvæða skal fara eftir reglum, sem umsjónarnefnd eftirlauna setur og ráðherra staðfestir.

[1] *L. 92/1982, 3. gr.*

■ **25. gr.** Kostnaður af greiðslu eftirlauna samkvæmt II. kafla þessara laga, greiðslu uppbótar á þau eftirlaun og greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977, skal skiptast sem hér segir:

[1.][1] Allir lífeyrissjóðir, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjármálaráðuneytisins samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt og ekki eiga aðild að samkomulagi Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni lífeyrissjóða frá 22. júní 1977, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1977, skulu leggja fram 5% af bókfærðum iðgjaldatekjum sínum. Þó skal framlag aldrei reiknast af hærri fjárhæð en sem svarar 10% af iðgjaldsskyldum tekjum hvers sjóðfélaga samkvæmt lögum eða reglugerð hlutaðeigandi sjóðs.

[2.][1] Að öðru leyti skulu ríkissjóður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóður standa undir kostnaði af þessari málsgrein með þeim hætti að ríkissjóður greiði 40%, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 30% og Atvinnuleysistryggingasjóður 30%.

□ [Umsjónarnefnd eftirlauna skal áætla framlag hvers lífeyrissjóðs samkvæmt 1. tölulið 1. málsgr. í byrjun hvers árs. Gjalddagi hins áætlaða framlags áranna 1980—1982 er 1. apríl, en endanlegt uppgjör skal fara fram fyrir 1. júlí næsta ár á eftir. Gjalddagar áætlaðs framlags áranna 1983 og 1984 skulu vera tveir, 1. apríl og 1. ágúst, og greiðist helmingur árlegs framlags í hvort sinn. Endanlegt uppgjör vegna þessara ára skal miðast við 1. ágúst næsta ár á eftir, og skulu eftirstöðvar og ofgreiðslur reiknaðar með álagi, er svarar til hækkunar, sem orðið hefur á grundvallarlaunum samkvæmt 1. málsgr. 6. gr. frá 1. ágúst á framlagsárinu. Ráðherra getur að fengnum tillögum umsjónarnefndar eftirlauna kveðið á um skilgreiningu iðgjalda og sett reglur um, hvernig bókfærslu iðgjalda skuli hagað í þessu sambandi, dráttarvexti af ógreiddum framlögum og nánari framkvæmd ákvæða þessarar greinar.][1]

[1] *L. 52/1981, 3. gr., sbr. l. 92/1982, 4. gr.*

■ [**26. gr.** Frá og með 1. desember 1980 skulu þeir, sem réttar njóta skv. I. kafla laga þessara fá viðbót, er nemur 3 stigum umfram þann stigafjölda, sem önnur ákvæði þessara laga kveða á um.

□ [Viðbót þessi tekur bæði til grunnlífeyris skv. I. kafla

1979 Nr. 97 24. des.

laganna og til sérstakrar uppbótar skv. 21. gr. laganna og skal borin uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði uns ríkissjóður hefur yfirtekið að fullu þessa skyldu af Atvinnuleysistryggingasjóði.][1]

□ Viðbót skv. 2. gr. skerðir ekki þann rétt, sem 6. mgr. 12. gr. segir til um.

□ Þegar um er að ræða rétt skv. 13. gr. laganna skal veita viðbót skv. þessari grein í hlutfalli við þann rétt, sem reiknaður er skv. I. kafla laganna.][2]

[1] *L. 92/1982, 5. gr.* [2] *L. 52/1981, 4. gr.*

VI. kafli.

■ **[27. gr.]**[1] Lög þessi gildi frá 1. jan. 1980. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum ásamt lögum nr. 33/1976 og lögum nr. 67/1977 um breytingar á þeim lögum. Ákvæði nefndra laga skulu þó gilda áfram um eftirlaun fyrir greiðslutímabil til 1. sept. 1979. Sama gildir um útgjöld til sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt II. kafla laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1977 um breyting á þeim lögum.

[1] *L. 52/1981, 4. gr.*

1979 Nr. 13 10. apríl

Lög um stjórn efnahagsmála o. fl.

...

IX. kafli. Um vinnumarkaðsmál.

■ **53. gr.** Setja skal á fót sérstaka vinnumálaskrifstofu innan félagsmálaráðuneytisins. Verkefni sín skal vinnumálaskrifstofan leysa í samráði og samvinnu við samtök launafólks og vinnuveitenda, eftir því sem kostur er.

■ **54. gr.** Verkefni vinnumálaskrifstofunnar skal meðal annars vera:

1. Að afla og koma á framfæri upplýsingum um atvinnutækifæri á landinu öllu og samræma það starf að vinnumiðlun, sem nú fer fram á vegum sveitarfélaganna.

2. Að beita sér fyrir ráðstöfunum í því skyni að greiða fyrir tilfærslum starfsmanna milli atvinnugreina og landshluta og jafnframt veita öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við hæfi eftir því sem kostur er.

3. Að bæta og samræma upplýsingasöfnun um atvinnuleysi og birta mánaðarlegar skýrslur um skráð atvinnuleysi á landinu öllu.

4. Að kanna ástand og horfur í atvinnumálum og birta niðurstöður sínar ársfjórðungslega.

5. Að gera tillögur um úrbætur í atvinnumálum.

■ **55. gr.** Atvinnurekendum er skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og viðkomandi verkalýðsfélagi með tveggja mánaða fyrirvara ráðgerðan samdrátt eða aðrar þær varanlegar breytingar í rekstri, er leiða til uppsagnar 4 starfsmanna eða fleiri.

■ **56. gr.** Nánar skal kveðið á um verkefni vinnumálaskrifstofunnar og starfsháttu í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur.

...

■ **65. gr.** ... Félagsmálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd IX. kafla.

...

1958 Nr. 11 10. marz

Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu.

Hinn 8. maí 1957 samþykkti Alþingi þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt nr. 29, um nauðungarvinnu eða skylduvinnu, sem gerð var á 14. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I.L.O.) í Genf 28. júní 1930.

□ Fullgildingarskjal Íslands var afhent aðalforstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hinn 17. febrúar 1958.

1958 Nr. 11 10. marz

1956 Nr. 75 18. sept.

Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um félagafrelsi landbúnaðarverkafólks.

Hinn 27. marz 1956 samþykkti Alþingi þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt nr. 11, sem gerð var á 3. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I.L.O.) í Genf 25. október 1921.

□ Fullgildingarskjal Íslands var afhent aðstoðarforstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hinn 21. ágúst 1956.

1956 Nr. 52 9. apríl

Lög um vinnumiðlun.

■ **1. gr.** [Í hverjum kaupstað og kauptúni með 300 íbúa skal starfrækt vinnumiðlun. Heimilt er sveitarfélögum, sem hafa sameiginlegan vinnumarkað, að semja um rekstur einnar vinnumiðlunar, sem annast öll störf vinnumiðlunar á svæðinu.][1]

□ Félagsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt annars staðar í landinu, ef ástæða þykir til.

[1] *L. 71/1969, 1. gr.*

■ **2. gr.** Sveitarstjórn annast vinnumiðlun, hver í sínu sveitarfélagi undir yfirumsjón félagsmálaráðuneytisins. Hún getur falið oddvita sínum, sveitarstjóra, bæjarstjóra eða öðrum manni framkvæmd hennar. Til þess að vera sveitarstjórn — eða þeim, er hún hefur falið vinnumiðlun fyrir sína hönd — til ráðuneytis um allt það, sem vinnumiðlun varðar, skulu tilnefndir af aðilum á staðnum fjórir menn: Tveir af verkalýðsfélögum eða fulltrúaráði þeirra, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands eða af deild þess eða meðlim og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna eða af deild þess eða meðlim. Í Reykjavík skulu þó trúnaðarmenn atvinnurekenda báðir tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, en þegar þar er um að ræða málefni, sem varðar Vinnumálasamband samvinnufélaganna, skal í stað annars þeirra kveðja til trúnaðarmann frá því. Sé trúnaðarmaður ekki tilnefndur samkvæmt framansögðu, skal hann kosinn af sveitarstjórn úr hópi verkamanna og atvinnurekenda, eftir því sem við á.

□ Bæjarstjórn er heimilt að reka sérstaka skrifstofu, er annast vinnumiðlun. Trúnaðarmenn þeir, er um getur í 1. mgr., skulu vera forstöðumanni skrifstofunnar til aðstoðar og ráðuneytis. Nánar skal kveðið á um rekstur og starfslið skrifstofunnar í samþykkt, er bæjarstjórn semur, en ráðherra staðfestir.[1]

[1] *Rg. 180/1952, sbr. 174/1954 og 15/1959.*

■ **3. gr.** Hlutverk vinnumiðlunar er:

a. að veita verkamönnum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi og atvinnurekendum við að fá hæfa verkamenn, hvorutveggja án endurgjalds;

b. að miðla vinnu milli verkamanna um land allt, eftir því sem unnt er;

c. að veita öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi;

1956 Nr. 52 9. apríl

d. að úthluta atvinnubótavinnu, svo og annarri vinnu, sem ríki, sveitarstjórn eða opinberar stofnanir óska, að úthlutað sé;

e. að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði; ...[1]

[f.][1] að veita opinberum stofnunum svo og verkalýðsfélögum og félögum atvinnurekenda upplýsingar um ástandið á vinnumarkaðnum, eftir því sem unnt er;

[g. að annast atvinnuleysisskráningar og láta launþegum, sem óskað hafa aðstoðar við vinnuráðningar, í té vottorð um atvinnu þeirra eða atvinnuleysi það tímabil, sem þeir hafa verið skráðir sem umsækjendur um atvinnu, enda leggi þeir fram vottorð frá vinnuveitendum um vinnutímabil og launagreiðslur, sbr. 5. gr.][1] ;

[h.][1] að inna af höndum önnur þau störf, sem lög og reglugerðir kunna að ákveða.

[1] *L. 71/1969, 2. gr.*

■ **4. gr.** Rétt er þeim, sem annast vinnumiðlun, sbr. 2. gr., að krefjast þess, að þeir, sem óskað hafa vottorðs samkvæmt 3. gr. h.,[1] hafi samband við þá eins oft og þurfa þykir og geri grein fyrir atvinnu sinni.

[1] *Nú 3. gr. g.*

■ **5. gr.** Allir þeir, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkamanna í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri, skulu eigi sjaldnar en mánaðarlega senda þeim, er vinnumiðlun annast á staðnum, afrit af kaupgjaldsskrám sínum, enda séu þær þannig úr garði gerðar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefur verið greidd í vinnulaun hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

□ [Vinnuveitendur skulu og láta launþegum í té vottorð um vinnustundafjölda, sundurliðað eftir dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu á því tímabili, sem óskað er, innan 12 síðustu mánaða. Í vottorði þessu skal enn fremur upplýsa um launagreiðslur á þeim tíma, sem vottorðið tekur til. Enn fremur er vinnuveitendum skylt að tilkynna vinnumiðlun, hverjir neita vinnu á atvinnuleysistímabilinu. Slík neitun jafngildir, að umsækjandi neiti vinnu, sem vinnumiðlun býður honum.][1]

[1] *L. 71/1969, 3. gr.*

■ [**6. gr.** Sérhver launþegi, sem óskar aðstoðar vinnumiðlunar, skal snúa sér til vinnumiðlunar í sínu sveitarfélagi. Dvelji hann utan sveitarfélags síns í sveitarfélagi, sem lög þessi taka til, getur hann snúið sér til vinnumiðlunar þar, sem umsækjandi um atvinnu. Vinnumiðlun dvalarsveitar sendir vinnumiðlun heimilissveitar þá tilkynningu um skráninguna hverju sinni, sem launþeginn lætur skrá sig. Jafnframt skal litið á slíkan umsækjanda sem umsækjanda um atvinnu í heimabyggð sinni.][1]

[1] *L. 71/1969, 4. gr.*

■ [**7. gr.** Félagsmálaráðuneytið lætur gera nauðsynleg eyðublöð til afnota við framkvæmd laga þessara, þar á meðal eyðublöð fyrir kaupgjaldsskrár og vottorð vinnuveitenda, sbr. 5. gr. Útbúa skal sameiginlegt eyðublað fyrir skráningu hjá vinnumiðlun og umsókn um bætur til úthlutunarnefndar, sem vinnumiðlun ritar í þríriti. Tvö eintök skal senda hlutaðeigandi úthlutunarnefnd eða verkalýðsfélagi, en vinnumiðlun heldur þriðja eintakinu.

□ Eyðublöð, samkvæmt lögum þessum, skulu afhent hlutaðeigendum ókeypis.][1]

[1] *L. 71/1969, 5. gr.*

1956 Nr. 52 9. apríl

■ [**8. gr.**][1] Þeir, sem annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum, skulu hafa sín á milli sem nánast samband og samstarf, en félagsmálaráðuneytið samræmir starfsemi þeirra og setur nánari ákvæði um vinnumiðlunina með reglugerð.[2]

□ Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefna sinn trúnaðarmanninn hvort, er vera skal félagsmálaráðuneytinu til aðstoðar við allt það, er varðar vinnumiðlunina í landinu.

[1] *L. 71/1969, 6. gr.* [2] *Rg. 130/1956, sbr. 341/1973 og 554/1980.*

■ [**9. gr.**][1] Almenn vinnumiðlun, rekin í ágóðaskyni, er óheimil.

[1] *L. 71/1969, 6. gr.*

■ [**10. gr.**][1] [Kostnaður, sem leiðir af ákvæðum 6. gr.,[2] greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna vinnumiðlunar skv. lögum þessum úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.][3]

[1] *L. 71/1969, 6. gr.* [2] *Nú 8. gr.* [3] *L. 94/1975, 2. gr., sbr. l. 71/1969, 6. gr.*

■ [**11. gr.**][1] Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum ...[2] til ríkissjóðs, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

[1] *L. 71/1969, 6. gr.* [2] *L. 10/1983, 10. gr.*

Auglýsing um fullgildingu á alþjóðasamþykkt varðandi atvinnuleysi.

1958 Nr. 20 10. marz

Hinn 29. maí 1957 samþykkti Alþingi þingsályktun um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samþykkt nr. 2, varðandi atvinnuleysi, sem gerð var á fyrsta þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I.L.O.) í Washington árið 1919.

□ Fullgildingarskjal Íslands var afhent aðalforstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hinn 17. febrúar 1958.

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1980 Nr. 46 28. maí

I. kafli. Tilgangur og gildissvið.

■ **1. gr.** Með lögum þessum er leitast við, að

a. tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,

b. tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

■ **2. gr.** Lög þessi gilda um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn.

□ Undanþegin lögum þessum eru:

a. siglingamál og önnur verkefni, sem sérstaklega eru falin Siglingamálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 51/1970 og lög nr. 12/1976 um kafarastörf. Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið Siglingamálastofnunar ríkisins, þar með talið um gáma, um flutning á hættulegum efnum, um mengun sjávar og fleira,

b. loftferðir, sbr. lög nr. 34/1964 og lög nr. 71/1974

um breyting á lögum nr. 34/1964 um loftferðir. Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið flugmálastjórnar,

c. algeng heimilisstörf í einkaíbúðum.

■ **3. gr.** Lög þessi ná til vinnu við loftför á jörðu niðri, nema um störf áhafnar sé að ræða.

□ Lög þessi ná einnig til fermingar og affermingar skipa, þar með talin fiskiskip, svo og til viðgerða um borð í skipum og starfsemi, sem því er tengd. Lögin ná þó ekki til búnaðar í skipum, sem notaður er í þessum tilgangi. Lögin ná heldur ekki til lögskráðra manna, nema þegar þeir starfa undir verkstjórn úr landi.

□ Ráðherra getur í samráði við forstjóra Vinnueftirlits ríkisins mælt svo fyrir í reglugerð, að áhöld, vélar og mannvirki eða framkvæmdir, sem lög þessi ná ekki til, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um, enda séu viðkomandi atriði ekki háð öðrum lögum.

II. kafli. Öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækja. Samskipti atvinnurekenda og starfsmanna.

■ **4. gr.** Í fyrirtækjum, þar sem eru 1 til 9 starfsmenn, skal atvinnurekandi og/eða verkstjóri hans stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað, í nánu samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins og félagslegan trúnaðarmann þeirra, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

□ Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur þó ákveðið, ef þurfa þykir, að fyrirkomulag það, sem getið er um í 5. gr., gildi einnig fyrir starfshópa, sem getið er í þessari grein, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. til dæmis 40. og 44. gr. laga þessara.

■ **5. gr.** Í fyrirtækjum, þar sem eru 10 starfsmenn eða fleiri, skal atvinnurekandi tilnefna einn aðila af sinni hálfu öryggisvörð og starfsmenn skulu tilnefna annan úr sínum hópi öryggistrúnaðarmann. Þeir skulu í samvinnu fylgjast með því, að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við lög þessi.

■ **6. gr.** Í fyrirtækjum, þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu starfsmanna um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustöðum með því, að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.

□ Þegar starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins koma í eftirlitsferðir í fyrirtæki, skulu þeir hafa samband við atvinnurekanda eða umboðsmann hans, öryggistrúnaðarmann starfsmanna, félagslegan trúnaðarmann starfsmanna, sbr. 1. mgr. 4. gr., og við öryggisnefndir, þar sem þær eru starfandi. Nefndum aðilum skal auðvelda, svo sem kostur er, að leggja vandamál fyrir Vinnueftirlit ríkisins.

■ **7. gr.** Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur[1)] um skipulag og framkvæmd ráðstafana, er miða að auknu öryggi og bættum aðbúnaði og hollustuháttum innan fyrirtækja, svo sem um stofnun samstarfshópa og öryggisnefnda, um verkefni þeirra og um daglega stjórn þeirrar starfsemi, er lýtur að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum innan fyrirtækja.

[1)] *Rg. 77/1982.*

■ **8. gr.** Atvinnurekanda er skylt, ef hann er ekki sjálfur í öryggisnefnd, að skipa í sinn stað aðila með fullu umboði.

□ Atvinnurekandi skal stuðla að samstarfi þeirra, sem kjörnir eru til þess að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og þeirra, sem annast heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skal hann sjá um að þeir, sem til eru kjörnir að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, og þeir, sem sitja í öryggisnefnd, fái hæfilegan tíma miðað við verkefnasvið, til þess að gegna skyldum sínum við eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

□ Atvinnurekandi skal sjá um, að þeir, sem kjörnir eru til að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í fyrirtæki hans, fái tækifæri til þess að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og menntunar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

□ Atvinnurekandi skal veita nefndum aðilum hlutdeild í skipulagningu að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.

■ **9. gr.** Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi og bætir þeim, sem að því vinna, tekjutap, sem af kann að hljótast.

□ Öryggistrúnaðarmenn og fulltrúar starfsmanna í öryggisnefnd njóta þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

■ **10. gr.** Vinnueftirlit ríkisins skal sjá um, að þegar öryggi og heilbrigði starfsmanna krefst þess, standi viðkomandi fyrirtækjum til boða sérfræðileg þjónusta við störf að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

III. kafli. Öryggisnefndir sérgreina.

■ **11. gr.** Setja má á fót öryggisnefndir í sérgreinum, sem í sitja fulltrúar atvinnurekenda og starfsmanna, til þess að vinna að lausn vandamála, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan hverrar sérgreinar.

□ Nefndir þessar skulu hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins.

□ Vinnueftirlit ríkisins getur átt frumkvæði að stofnun slíkra nefnda, ef stjórn stofnunarinnar þykir ástæða til.

□ Öryggisnefndir sérgreina, sem viðurkenndar hafa verið, geta lagt fram tillögur og látið í ljós álit sitt um nýjar reglur og einstök mál, sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins ákveður að leggja fyrir þær.

□ Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal, áður en hún gefur álit sitt um reglugerðir, sem fjalla sérstaklega um ákveðnar atvinnugreinar, leita eftir áliti frá viðurkenndri öryggisnefnd viðkomandi sérgreinar.

□ Öryggisnefndir sérgreina hafa það verkefni að gefa atvinnurekendum og starfsmönnum upplýsingar um þær reglur og ákvæði, sem gilda fyrir viðkomandi sérgrein.

□ Öryggisnefndir sérgreina geta sent tillögur til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins um breytingar á reglum, er fjalla um viðkomandi sérgrein.

□ Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur að öðru leyti reglur um skipulag, verkefni, starfsemi og fjármögnun öryggisnefnda sérgreina.

IV. kafli. Almennar skyldur.

a. Skyldur atvinnurekenda.

■ **12. gr.** Atvinnurekandi merkir í lögum þessum hvern þann, sem rekur atvinnustarfsemi, sbr. 90. gr.

laga þessara.

□ Sé starfsemi, sem lög þessi ná til, rekin af tveim mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins einn þeirra atvinnurekandi samkvæmt þessum lögum, en hinn/hinir teljast vera starfsmenn, enda vinni hann/þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins hver sé talinn atvinnurekandi.

□ Framkvæmdastjóri fyrirtækis telst atvinnurekandi í merkingu þessara laga.

□ Sé um opinberan rekstur að ræða, telst atvinnurekandi sá, er umsjón hefur með starfseminni, og skal það tilkynnt Vinnueftirlitinu hver það er.

■ **13. gr.** Atvinnurekandi skal tryggja, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Sérstaklega er vísað til:

a. V. kafla um framkvæmd vinnu,
b. VI. kafla um vinnustaði,
c. VII. kafla um vélar, tækjabúnað og fleira,
d. VIII. kafla um hættuleg efni og vörur.

■ **14. gr.** Atvinnurekandi skal gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starf þeirra. Atvinnurekandi skal þar að auki sjá um, að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt, að ekki stafi hætta af.

□ Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um skyldur atvinnurekenda, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

■ **15. gr.** Atvinnurekandi skal skýra öryggistrúnaðarmönnum frá fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og skulu öryggistrúnaðarmenn eiga aðgang að eftirlitsbók og öðrum gögnum, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, sbr. 88. gr. laga þessara.

■ **16. gr.** Atvinnurekandi skal tryggja, að samstarf um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt II. kafla þessara laga, geti orðið sem best, og tekur þátt í samstarfi um þessi mál.

■ **17. gr.** Þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir og aðrir, sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum.

□ Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett nánari reglur[1)] um það hvernig samstarfi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skuli fyrir komið.

[1)] *Rg. 77/1982.*

■ **18. gr.** Þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess eða þegar aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til þess, skal atvinnurekandi láta gera rannsókn eða úttekt, ef við á, af sérfræðingum, til þess að ganga úr skugga um, hvort starfsskilyrðin fullnægi ákvæðum laga þessara um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. og 80. gr. laga þessara.

■ **19. gr.** Atvinnurekandi skal fullnægja tilkynningaskyldu til Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt XII. kafla og halda skrár eftir þeim reglum, sem Vinnueftirlitið setur.

□ Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur vegna skýrslugerðar og úrvinnslu úr þeim skýrslum krafist upplýsinga frá atvinnurekanda um:

a. fjölda starfsmanna, kyn þeirra og aldur,
b. vélar, vélahluta, geyma, ílát, áhöld, tæki og annan tæknibúnað,
c. sprengi- og eldfim efni, eiturefni og hættuleg efni,
d. aðrar upplýsingar, sem þýðingu kunna að hafa varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

□ Í skýrslum, sem unnar eru samkvæmt slíkum upplýsingum, má ekki nefna nöfn einstaklinga eða fyrirtækja.

b. Skyldur verkstjóra.

■ **20. gr.** Verkstjóri merkir í lögum þessum hvern þann, sem á vegum atvinnurekenda hefur með höndum verkstjórn og eftirlit með starfsemi í fyrirtæki eða hluta þess.

■ **21. gr.** Verkstjóri er fulltrúi atvinnurekanda og sér um, að búnaður allur sé góður og öruggt skipulag sé ríkjandi á þeim vinnustöðum, sem hann hefur umsjón með.

■ **22. gr.** Verkstjóri skal taka þátt í samstarfi, er miðar að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, sbr. II. kafla laga þessara.

■ **23. gr.** Verkstjóri skal beita sér fyrir, að starfsskilyrði innan þess starfssviðs, sem hann stjórnar, séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Hann skal sjá um, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, sé framfylgt.

□ Verði verkstjóri var við einhver þau atriði, sem leitt geta til hættu á slysum eða sjúkdómum, skal hann tryggja að hættunni sé afstýrt. Sé ekki hægt að afstýra hættunni með því, sem tiltækt er á staðnum, skal hann umsvifalaust gera vinnuveitanda viðvart. Verkstjóra ber jafnframt að gæta þeirrar skyldu, sem kveðið er á um í 86. gr. laga þessara.

c. Skyldur starfsmanna.

■ **24. gr.** Starfsmaður merkir í lögum þessum hvern þann, sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu.

■ **25. gr.** Starfsmenn skulu taka þátt í samstarfi er miðar að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, sbr. II. kafla laga þessara.

■ **26. gr.** Starfsmenn skulu stuðla að því, að starfsskilyrði innan verksviðs þeirra séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, og einnig að því, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt lögum þessum, sé framfylgt.

□ Starfsmaður, sem verður var við ágalla eða vanbúnað, sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta, sem hann getur ekki sjálfur bætt úr, skal umsvifalaust tilkynna það öryggisverði, öryggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða atvinnurekanda.

■ **27. gr.** Ef fjarlægja þarf öryggishlífar eða annað tilsvarandi vegna viðgerðar eða niðursetningar á tæki eða vél, skal sá, sem verkið framkvæmir umsvifalaust setja öryggisbúnað á sinn stað aftur eða gera aðrar ráðstafanir, sem jafngildar eru, að verki loknu.

■ **28. gr.** Þeir, sem starfa á vinnustað, þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfi manna, skulu fara eftir þeim reglum, sem gilda um samstarf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. 17. og 36. gr. laga þessara, auk þeirra reglna, sem gilda um það starf, sem þeir sjálfir inna af hendi. Þegar starfsmaður er við vinnu utan síns venjulega vinnustaðar, skal hann fara eftir þeim reglum varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sem gilda fyrir viðkomandi vinnustað, auk

þeirra reglna, sem gilda um það verk, sem hann á að vinna.

d. Skyldur þeirra, sem selja, setja upp, gera við og hanna vélar, tæki, áhöld og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur.

■ **29. gr.** Sá, sem selur, afhendir eða sýnir vélar, vélahluta, geyma, ílát, katla, húseiningar, verkfæri, áhöld, tæki og annað það, sem ætlað er til notkunar við atvinnurekstur, skal tryggja, að það, sem hér um ræðir, sé, þegar það er sýnt eða afhent til notkunar, útbúið með tilskildum hlífðar- og öryggisbúnaði og notkun þess leiði ekki af sér slysa- eða sjúkdómshættu, sbr. VII. kafla laga þessara.

□ Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skulu fylgja með, þegar viðkomandi hlutir eru afhentir.

□ Sé einhver sá búnaður, sem talinn er í 1. mgr. þessarar greinar og tilbúinn er til notkunar, afhentur áfram, endurseldur, lánaður út eða leigður, gilda þær reglur, sem að ofan greinir.

□ Þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess eða þegar aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til, skal innflytjandi eða framleiðandi láta gera rannsóknir, athuganir, mælingar, þrýstiraunir og aðrar þær kannanir, sem nauðsynlegar eru til þess að ganga úr skugga um, að viðkomandi búnaður standist þær kröfur, sem gerðar eru varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

■ **30. gr.** Sérhver vél, sem afhent er eða sýnd hér á landi, skal vera greinilega og varanlega merkt framleiðanda og sé um innflutta vél að ræða, skal hún einnig merkt nafni og heimilisfangi þess, sem flytur vélina inn, eða merkt á annan þann hátt, að auðvelt sé að komast að raun um, hver sé framleiðandi vélarinnar, og þegar við á, hver sé innflytjandinn.

■ **31. gr.** Sá, sem tekur að sér að setja upp, breyta eða gera við vélar, tæki eða annan búnað, skal fara eftir þeim reglum og fyrirmælum, sem gilda fyrir viðkomandi tæki, vélar eða annan búnað.

□ Taki viðgerð aðeins til eins eða nokkurra hluta vélar eða tækis, skal sá, sem verkið framkvæmir, fara eftir þeim reglum og fyrirmælum, sem gilda fyrir hvern einstakan hluta tækis eða vélar.

□ Verði sá, sem setur upp, breytir eða gerir við tæki, vélar eða annan búnað, var við einhverja ágalla eða vanbúnað, sem þýðingu kynni að hafa að því er varðar aðbúnað, heilsu eða öryggi manna, skal hann umsvifalaust gera eigandanum eða þeim, sem notar tækið, viðvart.

■ **32. gr.** Þeir, sem annast hönnun á þeim búnaði, sem talinn er í 1. mgr. 29. gr., framleiðslusamstæðum, húsnæði vinnustaða og hverjum þeim mannvirkjum öðrum, sem ætluð eru til notkunar vegna atvinnurekstrar, skulu við hönnunarstarf taka tillit til góðs aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis, hvað varðar starf og rekstur í þeim byggingum og mannvirkjum, sem um er að ræða.

□ Fylgja skal þeim lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þá, sem taka að sér ráðgjafarstörf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

■ **33. gr.** Ákvæðin í 29. gr., 30. gr., 32. gr. og 2. mgr. 34. gr. gilda einnig um þá, sem útvega, selja eða afhenda efni eða vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt dregið úr öryggi eða valdið sjúkdómshættu.

■ **34. gr.** Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um þau atriði, sem um er fjallað í 29.—33. gr.

□ Ákvæðin í 29.—33. gr. leysa notandann ekki undan neinum skyldum samkvæmt lögum þessum.

■ **35. gr.** Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur, þegar sérstaklega stendur á, sett reglur eða tekið ákvarðanir, sem víkja frá kröfunum í 29.—33. gr. Slíkar ákvarðanir getur forstjóri Vinnueftirlits ríkisins tekið í algerum undantekningartilvikum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

e. Skyldur verktaka og fleiri.

■ **36. gr.** Ef fleiri en einn verktaki starfa við mannvirkjagerð samtímis, skal byggingarstjóri, ef hann er til staðar, en annars byggingarmeistari, sjá um, að samhæfðar séu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slys eða óhollustu.

□ Ákvæði þetta rýrir ekki að neinu leyti skyldur einstakra framkvæmdaaðila sem atvinnurekenda samkvæmt lögum þessum.

□ Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal setja nánari reglur um þessi atriði.

V. kafli. Framkvæmd vinnu.

■ **37. gr.** Vinnu skal haga og framkvæma þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

□ Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

■ **38. gr.** Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um, hvaða kröfur skuli uppfylltar varðandi skipulag, tilhögun og framkvæmd vinnu, svo sem:

a. um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir, er varða störf, starfsaðferðir, vinnslu- og framleiðsluaðferðir, t. d. til þess að koma í veg fyrir hrun, fall, skrið, titring, hávaða, sprengi- og brunahættu eða heilsuvá vegna geislunar, eitraðra eða hættulegra efna, gastegunda, gufu, reyks eða annarrar loftmengunar, hita, kulda, ódauns, sýkingar af smitnæmum sjúkdómum eða heilsutjón vegna rangrar stöðu við vinnu, rangra hreyfinga eða of mikils álags og um aðrar þær ráðstafanir, sem þýðingu kynnu að hafa í þessu sambandi,

b. um bann gegn sérlega hættulegum störfum, framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðum,

c. um að settar skuli upp á vinnustað greinilegar aðvaranir og/eða vinnusvæði girt eða afmörkuð með öðrum hætti,

d. um gerð og notkun hlífðarbúnaðar, svo sem um hentugan fatnað, öryggishjálma, hlífðarbúnað gegn hávaða og geislun, hlífðargleraugu, vinnuskó, rykgrímur, gasgrímur, annan búnað til þess að verjast loftmengun og annan búnað ótalinn. Starfsmenn eru skyldir til þess að nota slíkan öryggisbúnað, þegar þeir, að mati Vinnueftirlits ríkisins, þarfnast hans við vinnu sína.

■ **39. gr.** Þar sem aðstæður með tilliti til heilbrigðis og öryggis starfsmanna krefjast þess, skal stjórn Vinnueftirlits ríkisins hlutast til um, að hlutaðeigandi fyrirtæki geri áætlanir um framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðir.

□ Slíkar áætlanir og breytingar á þeim skulu kynntar öryggisnefndum, áður en þær eru framkvæmdar.

■ **40. gr.** Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur reglur um:

a. að störf, sem í kann að vera falin veruleg hætta á slysum, eitrunum eða sjúkdómum, verði aðeins framkvæmd af einstaklingum, sem fengið hafa tiltekna fræðslu, þjálfun, lokið hafa sérstöku prófi og/eða náð hafa ákveðnum aldri,

b. ráðningu manna, sem er líkamlega eða andlega áfátt, til ákveðinna starfa, þegar bæklun þeirra, sjúkdómur eða aldur getur leitt til aukinnar slysa- eða sjúkdómshættu,

c. takmarkanir á eða bann við, að starfsmenn vinni einir að tilteknum verkefnum eða störfum,

d. vinnu- og hvíldartíma bifreiðastjóra, sem að staðaldri flytja fólk, og stjórnenda þeirra véla og tækja, sem mönnum getur stafað sérstök hætta af, sbr. 58. gr. laga þessara,

e. önnur hliðstæð tilvik ótalin.

VI. kafli. Vinnustaður.

■ **41. gr.** Vinnustaður merkir í lögum þessum umhverfi innan húss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna.

■ **42. gr.** Vinnustaður skal þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

□ Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

■ **43. gr.** Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur reglur um fyrirkomulag fastra og bráðabirgðavinnustaða, innan húss og utan, sem m. a. fjalla um:

a. húsnæði, svo sem vinnurými, lofthæð, loftrými, gólf, veggi, loft, lýsingu, hita, loftræstingu og loftskipti, varnir gegn hávaða, titringi, geislun og fleira,

b. aðbúnað starfsmanna og fleira, svo sem setu- og matsali, kaffistofur, búningsherbergi, fatageymslur og fatahengi, salerni og þvagstæði, þvotta- og baðherbergi, svo og um gæðakröfur og staðla slíks húsnæðis,

c. neyðarútgang frá vinnustað, svo og umferðarleiðir innan vinnusvæða, svo sem göngubrautir, stiga og útgönguleiðir,

d. annað ótalið, sem stuðlað getur að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

■ **44. gr.** Þar sem sérstakar aðstæður með tilliti til öryggis og heilbrigðis starfsmanna krefjast þess, setur stjórn Vinnueftirlits ríkisins sérstakar reglur um, að áætlanir og hönnunargögn vegna nýbygginga eða breytinga á tiltekinni starfsemi, uppsetningu á húshlutum, vélum, tækjum eða öðrum búnaði skuli lagðar fyrir Vinnueftirlit ríkisins til umsagnar eða samþykktar, áður en breyting eða uppsetning er gerð.

VII. kafli. Vélar, tækjabúnaður og fleira.

■ **45. gr.** Aflvél merkir í lögum þessum vél, eða hluta vélar, sem breytir einu orkuformi í annað.

□ Farandvél merkir í lögum þessum tæki, sem getur flutt sig úr stað með eigin aflvél.

□ Vinnuvél merkir í lögum þessum tæki, sem knúið er af aflvél og hægt er að vinna með nánar tiltekin störf.

□ Farandvinnuvél merkir í lögum þessum tæki, sem er hvort tveggja í senn farandvél og vinnuvél.

□ Búvél merkir í lögum þessum hvers konar áðurnefndar vélar, sem notaðar eru við bústörf.

■ **46. gr.** Vélar, vélahlutar, ílát, geymar, katlar, áhöld, tæki, virki hvers konar og húshlutar, samstæður og annar búnaður skal þannig úr garði gerður, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

□ Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

■ **47. gr.** Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um gerð og notkun véla, tækja og annars búnaðar, sem nota á við atvinnurekstur, svo sem um:

a. gerð, útfærslu, uppsetningu, tilkynningarskyldu og prófanir,

b. á hvern hátt eða hvort leggja skuli fyrir Vinnueftirlitið til umsagnar eða samþykktar áætlanir eða önnur gögn um gerð, framleiðslu eða uppsetningu slíks búnaðar,

c. notkun, viðhald og gæslu slíks búnaðar.

■ **48. gr.** Vinnueftirlit ríkisins getur lagt bann við framleiðslu, innflutningi, sölu, afhendingu, notkun og auglýsingum á sérlega hættulegum búnaði.

■ **49. gr.** Hvers konar vélar, tæki og búnað, sem getið er um í 46. gr., nema bifreiðar og vélar, sem lúta öðrum lögum, skal skrá og skoða samkvæmt nánari fyrirmælum í reglum, sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur í samráði við forstjóra Vinnueftirlitsins.

□ Um greiðslur fyrir skráningu og skoðun farandvéla, farandvinnuvéla og búvéla skal Vinnueftirlit ríkisins semja gjaldskrá, sem félagsmálaráðuneytið staðfestir.

□ Stjórn Vinnueftirlitsins setur reglur um kennslu, þjálfun og próf, er gefi til kynna næga hæfni og þekkingu þeirra aðila, sem óska eftir leyfi til að mega stjórna eða fara með tilteknar vélar, enda sé ekki kveðið á um slík leyfi í öðrum lögum.

VIII. kafli. Hættuleg efni og vörur.

■ **50. gr.** Efni og vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt stofnað heilsu og öryggi manna í voða, þar með talin sprengi- og eldfim efni og sprengiefni, má aðeins framleiða eða nota við framleiðslu eða á annan hátt á vinnustað, ef þeim framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðum er beitt, sem tryggja að starfsmenn séu varðir gegn slysum, eitrunum og sjúkdómum.

□ Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku skulu fylgja með, um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang, þegar viðkomandi hlutir eru afhentir.

□ Við framleiðslu, geymslu, merkingu, flutning og notkun skal fylgja viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar hollustuhætti og öryggi.

■ **51. gr.** Vinnueftirlit ríkisins gefur út leiðbeiningar um framleiðslu, umbúðir, áfyllingu, merkingu, meðferð, geymslu, flutning og notkun efna og vara, sem geta verið hættuleg, dregið verulega úr öryggi eða leitt geta til lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta.

□ Vinnueftirlit ríkisins getur bannað framleiðslu, flutning og notkun hættulegra efna og vara. Sama gildir um efni og vörur, þegar ekki liggja fyrir, að mati stofnunarinnar, fullnægjandi upplýsingar um innihald, samsetningu, meðferð, notkun eða vörslu þeirra.

□ Framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal gerð í samráði við viðkomandi heilbrigðisyfirvöld og/eða aðra sérfróða aðila, sem um þessi mál fjalla.

IX. kafli. Hvíldartími og frídagar.

■ **52. gr.** Vinnutíma skal haga þannig, að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a. m. k. 10 klukkustunda samfellda hvíld.

□ Samfelldan hvíldartíma má stytta í 8 klukkustundir, með samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd, þegar um er að ræða:

a. vaktavinnu,

b. störf að landbúnaði,

c. björgun verðmæta frá skemmdum, svo sem sjávarafla.

■ **53. gr.** Verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna, svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilunar í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra tilsvarandi ófyrirséðra atburða, má víkja frá ákvæðum 52. greinar, að því marki sem nauðsynlegt er, til þess að koma í veg fyrir verulegt tjón, þar til regluleg starfsemi hefur komist á að nýju.

□ Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um framkvæmd slíkra frávika.

■ **54. gr.** Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágur frá ákvæðum 52. greinar, þegar:

a. starfið er þess eðlis, að ekki er hægt að stöðva starfsemina,

b. sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg.

□ Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um slíka vinnuframkvæmd.

□ Frávik frá samfelldri hvíld má gera í undantekningartilvikum, án þess að slíkt leyfi hafi verið fengið, ef ekki hefur verið unnt að afla þess í tæka tíð.

□ Atvinnurekandi skal tilkynna slík frávik tafarlaust til Vinnueftirlits ríkisins.

□ Samkomulag aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd 52., 53. og 54. gr. skal tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins, sem bannar styttingu hvíldartímans, ef það telur hættu stafa af lengingu vinnutímans.

■ **55. gr.** Á hverju sjö daga tímabili skulu starfsmenn fá a. m. k. einn vikulegan frídag, sem tengist beint samfelldum daglegum hvíldartíma, sbr. 52. gr.

□ Að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu allir þeir, sem starfa í fyrirtækinu, fá frí á þeim degi.

□ Ef nauðsyn krefur má fresta vikulegum frídegi og gefa þess í stað frí síðar:

a. þeim sem starfa í heilbrigðis- og vistunarstofnunum eða við önnur hjúkrunar- og líknarstörf,

b. þeim sem vinna við vörslu dýra og gróðurs,

c. þeim sem annast framleiðslu- og þjónustustörf, þar sem sérstakar aðstæður gera slík frávik nauðsynleg,

d. þeim sem annast þau störf, sem nauðsynleg eru vegna öryggismála og varðveislu verðmæta.

□ Ennfremur má veita frávik, þegar ytri aðstæður, svo sem veður og önnur náttúruöfl, slys, orkuskortur, bilun á vélum, tækjum eða öðrum búnaði, eða aðrir tilsvarandi ófyrirséðir atburðir trufla eða hafa truflað rekstur.

□ Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um framkvæmd þessarar greinar.

■ **56. gr.** Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágu frá 1. mgr. 55. gr. þegar:

a. ekki er hægt að gera hlé á vinnu vegna eðlis hennar,

b. sérstakir starfshættir valda því, að slík frávik eru nauðsynleg.

1980 Nr. 46 28. maí

□ Frávik að því er varðar einstakan frídag má þó gera, án þess að slíkt leyfi hafi verið fengið, ef ekki hefur verið unnt að afla þess í tæka tíð. Atvinnurekandi skal tilkynna slík frávik tafarlaust til Vinnueftirlits ríkisins.

□ Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um framkvæmd 1. mgr. þessarar greinar.

□ Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Vinnueftirlit ríkisins ákveðið tímabundnar undanþágur frá ákvæðunum um vikulega frídaga, skv. 55. gr.

■ **57. gr.** Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett reglur um það, hvenær megi víkja frá reglunum um vikulegan frídag, með samkomulagi við þá aðila, sem hlut eiga að máli.

■ **58. gr.** Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett reglur um takmörkun vinnutíma við störf, sem geta verið hættuleg heilsu manna eða öryggi.

X. kafli. Vinna barna og unglinga.

■ **59. gr.** Barn merkir í lögum þessum einstakling innan 14 ára aldurs.

□ Ungmenni merkja í lögum þessum unglinga á aldursskeiði 14—17 ára.

■ **60. gr.** Börn má ekki ráða, nema til léttra, hættulítilla starfa.

□ Vinnueftirlit ríkisins setur leiðbeinandi skilgreiningar um, hvað teljast létt, hættulítil störf, sbr. lög nr. 53 1966 um vernd barna og ungmenna.

■ **61. gr.** Vinnutími unglinga, sem eru 14 og 15 ára, skal ekki fara fram úr venjulegum vinnutíma fullorðinna, sem starfa í sömu starfsgrein.

□ Unglingar mega ekki vinna lengur en 10 klukkustundir á dag. Vinnutíminn skal vera samfelldur og aðeins vera rofinn af hæfilegum matmáls-, kaffi- og hvíldartímum.

■ **62. gr.** Unglingar, sem eru 16 og 17 ára, skulu hafa minnst 12 klukkustunda hvíld á sólarhring. Hvíldartíminn skal að jafnaði vera á tímanum milli klukkan 19 og 7.

□ Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett sérstakar reglur um lengd vinnutíma unglinga 16 og 17 ára og hvenær hann skal vera, fyrir störf og starfsgreinar, þegar aðstæður eru slíkar, að nauðsynlegt er að setja slíkar reglur.

■ **63. gr.** Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett reglur um:

a. að hve miklu leyti megi leyfa vinnu unglinga, sem eru 16 og 17 ára, fram yfir venjulegan vinnutíma í viðkomandi starfsgrein,

b. takmörkun á því að unglingar, sem eru 16 og 17 ára, vinni við þau skilyrði, sem nefnd eru í 3. mgr. 55. gr. og 1. mgr. 56. gr., staflið a.

XI. kafli. Heilsuvernd, læknisskoðanir og aðrar rannsóknir.

■ **64. gr.** Rækja skal atvinnusjúkdómavarnir í samræmi við ákvæði laga þessara og laga um heilbrigðisþjónustu í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld.

■ **65. gr.** Heilsuvernd starfsmanna merkir í lögum þessum þjónustu, sem komið er á fót, til þess að:

a. stuðla að því, að starfsmenn séu verndaðir gegn hvers konar heilsuvá eða heilsutjóni, sem stafa kann af vinnu þeirra eða vinnuskilyrðum,

b. stuðla að því, að vinnu sé hagað þannig, að starfsmenn fái verkefni við hæfi og stuðla að andlegri og líkamlegri aðlögun þeirra að starfsumhverfi,

c. stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan starfsmanna.

■ **66. gr.** Heilsuvernd starfsmanna skal falin þeirri heilsugæslustöð eða sjúkrahúsi, sem næst liggur og/eða auðveldast er að ná til, sbr. 19. gr. laga nr. 57/1978.

□ Hvert fyrirtæki skal gera skriflegan samning við stjórn viðkomandi heilbrigðisstofnunar (stofnana) um fyrirkomulag og framkvæmd þeirrar þjónustu, sem veita skal. Vinnueftirlit ríkisins skal sjá um, að slíkir samningar séu gerðir, og hlutast til um að skorið sé úr ágreiningi, er upp kann að koma milli heilsugæslustöðvar, sjúkrahúss og atvinnurekanda.

■ **67. gr.** Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal í samráði við heilbrigðisyfirvöld setja reglur um, að starfsmenn skuli gangast undir læknisskoðun, áður en þeir eru ráðnir til starfa, meðan þeir eru í starfi og þegar við á, eftir að þeir eru hættir störfum, ef starfsskilyrði eru/voru slík að mati stjórnarinnar, að heilsutjón gæti hlotist af, enda sé ástæða til þess að ætla, að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða hefta atvinnusjúkdóma.

□ Í reglum þessum skal nánar kveðið á um, í hverju læknisskoðun skuli fólgin og hverjar mælingar eða aðrar rannsóknir skuli framkvæma. Taka skal tillit til starfsumhverfis. Hægt er að setja slíkar reglur fyrir einstaka vinnustaði og/eða starfsgreinar. Kveða skal á um, hvort slíkar skoðanir, mælingar eða rannsóknir skuli vera reglubundnar og hversu tíðar þær skuli vera.

□ Ákvarðanir um læknisskoðanir, mælingar og aðrar rannsóknir skal taka í samráði við sérfræðinga og stofnanir á viðkomandi sviðum læknisfræðinnar.

□ Reglur, sem settar eru samkvæmt þessari grein, skulu sendar landlækni til umsagnar.

■ **68. gr.** Vinnueftirlit ríkisins skal hafa í þjónustu sinni lækni og skal hann vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins.

□ Verkefni hans er:

a. að vera tengiliður Vinnueftirlits ríkisins við heilbrigðisyfirvöld,

b. að veita forstöðu atvinnusjúkdóma- og heilsugæsludeild, sbr. 73. gr. laga þessara,

c. að sjá um, að haldin sé skrá yfir atvinnusjúkdóma, vinnuslys og eitranir, sbr. 78. gr., staflið f og 81. gr. laga þessara,

d. að vinna að þeim málum öðrum, er snerta heilbrigði og heilsuvernd starfsmanna, eftir nánari ákvörðun stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

■ **69. gr.** Atvinnurekandi skal tryggja, að heilsuverndareftirlit, læknisskoðanir, mælingar og rannsóknir valdi ekki tekjutapi starfsmanna.

□ Starfsmönnum og fyrrverandi starfsmönnum ber skylda til að gangast undir eftirlit, skoðanir, mælingar og rannsóknir samkvæmt reglum þeim, sem gilda á hverjum tíma.

■ **70. gr.** Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett sérstakar reglur um læknisskoðun barna og unglinga undir 18 ára aldri, þegar þau hefja störf. Í þessum tilvikum gildir 67. gr. laga þessara. Sérstaka skoðun má fella niður, ef fyrir liggur nýtt vottorð skólalæknis um það, að hann hafi skoðað viðkomandi og ekki sé vitað til að hann hafi eða hafi áður haft neinn þann sjúkdóm, sem geti haft áhrif á öryggi hans eða heilbrigði í tilteknu starfi.

■ **71. gr.** Ef einstakir starfsmenn eða hópar manna vinna við skilyrði, er talist geta varasöm heilsu þeirra eða öryggi, skal Vinnueftirlit ríkisins hlutast til um, að jafnframt eftirliti með starfsmönnum sé veitt aukin fræðsla um þá slysa- og/eða sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starfsumhverfi þeirra, sbr. 14. gr. og 78. gr., staflið e, laga þessara.

■ **72. gr.** Séu af hálfu þeirra aðila, sem fara með gæðaeftirlit á vinnustöðum vegna matvælaframleiðslu, gerðar aðrar kröfur en þær, sem Vinnueftirlit ríkisins gerir um læknisskoðun og aðrar rannsóknir með tilliti til heilbrigðis starfsmanna, skal stjórn Vinnueftirlits taka tillit til slíkra sérþarfa við ákvörðun á umfangi læknisskoðunar og annarra rannsókna.

XII. kafli. Vinnueftirlit ríkisins.

■ **73. gr.** Vinnueftirlit er eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Það eftirlit er í höndum sérstakrar stofnunar, sem nefnist Vinnueftirlit ríkisins.

□ Félagsmálaráðherra fer með þessi mál.

□ Vinnueftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun.

□ Ráðherra er heimilt að skipta stofnuninni í deildir að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

□ Ráðherra skal setja reglur um skiptingu landsins í eftirlitsumdæmi að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar.

□ Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd á lögum þessum.

■ **74. gr.** Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar þannig: Þrjá stjórnarmenn tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands, tvo stjórnarmenn tilnefnda af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn stjórnarmann tilnefndan af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, einn stjórnarmann tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn stjórnarmann tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn stjórnarmann án tilnefningar. Varamenn í stjórnina skulu skipaðir á sama hátt.

□ Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna og ákveður stjórnarlaun. Skipun stjórnar skal vera til fjögurra ára í senn.

■ **75. gr.** Stjórn Vinnueftirlits ríkisins hefur með höndum stjórn stofnunarinnar, markar henni stefnu og starfssvið í samræmi við lög og fer, ásamt forstjóra, með tengsl stofnunarinnar við félagsmálaráðuneytið.

■ **76. gr.** Félagsmálaráðherra skipar forstjóra Vinnueftirlits ríkisins og setur honum erindisbréf, hvort tveggja samkvæmt tillögum stjórnar stofnunarinnar.

□ Forstjóri sér um daglega stjórn stofnunarinnar. Hann skal gera tillögur til stjórnarinnar um starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar.

□ Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar með samþykki stjórnar hennar.

□ Forstjóri stofnunarinnar situr stjórnarfundi og ennfremur aðrir starfsmenn stofnunarinnar, þegar við á. Þeir skulu hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

■ **77. gr.** Til þess að standast kostnað af framkvæmd laga þessara skulu fyrirtæki þau, er lög þessi gilda um, greiða í ríkissjóð iðgjöld, sem innheimt skulu ásamt

slysatryggingagjaldi, sbr. lög um almannatryggingar.

☐ Iðgjöld skulu reiknast af sama stofni og slysatryggingaiðgjald, sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Hundraðshluti iðgjalds skal ákveðinn með reglugerð[1] fyrir eitt ár í senn, með hliðsjón af fjárhagsáætlun Vinnueftirlits ríkisins, ásamt leiðréttingu vegna tekjuafgangs eða tekjuhalla næsta reikningsárs á undan.

☐ Aðrar tekjur stofnunarinnar eru skrásetningar- og eftirlitsgjöld samkvæmt 1. mgr. 49. gr. og gjöld fyrir aukaþjónustu samkvæmt 4. mgr. 80. gr.

[1] *Rg. 273/1982.*

■ **78. gr.** Vinnueftirlit ríkisins hefur það verkefni að:

a. leiðbeina fyrirtækjum, öryggisnefndum, öryggisnefndum sérgreina, aðilum vinnumarkaðarins og opinberum aðilum um mál er varða starfsumhverfi,

b. aðstoða félagsmálaráðuneytið við undirbúning á reglugerðum í samræmi við lög þessi,

c. gefa út reglur og leiðbeiningar í samræmi við lög þessi,

d. afla og viðhalda þekkingu um félagslega og tæknilega þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,

e. veita, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, fræðslu og upplýsingar varðandi hættur á vinnustöðum og varnir gegn þeim, svo og um nýja tækni og þekkingu, sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum,

f. sjá um að haldin sé skrá yfir hvers konar sjúkdóma, sem ætla má, að eigi orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu. Vinnueftirlitið skal m. a. á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga eiga frumkvæði að því, að rannsóknir verði framkvæmdar af viðeigandi stofnunum á hinum ýmsu tegundum atvinnusjúkdóma, svo og fylgjast með, að aðgerðir séu viðhafðar til varnar gegn og lækningar á þeim,

g. fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði, tækni- og tækjabúnað og fleira. Einnig um notkun efna, þegar í lögum eða reglugerðum er mælt svo fyrir, að leyfi Vinnueftirlits ríkisins þurfi til,

h. hafa eftirlit með og sjá um, að lögunum og þeim reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, sé framfylgt.

■ **79. gr.** Ráðherra setur Vinnueftirliti ríkisins starfsreglur í samráði við stjórn stofnunarinnar.

☐ Ráðherra getur falið Vinnueftirliti ríkisins að fjalla um tiltekin mál og verkefni, skyld þeim verkefnum, sem lög þessi fjalla um.

■ **80. gr.** Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins eða stjórn stofnunarinnar ákveður hvaða tiltekin verkefni samkvæmt nánari skilgreiningu verði falin öðrum. Vinnueftirlit ríkisins skal fylgjast með slíku eftirliti annarra aðila.

☐ Fyrir ýmiss konar aukaþjónustu, svo sem eftirlit með lokuðum vatnshitunarkerfum, þrýstiraunir, gasmælingar í geymum vegna eld- og sprengihættu, fallprófanir á lyftum, eftirlit með fermingu og affermingu kaupskipa, námskeið og próf, upplýsingaspjöld og -rit, ber þeim að greiða, sem óska slíkrar þjónustu eða þarfnast hennar að dómi Vinnueftirlits ríkisins. Hið sama gildir um kannanir og rannsóknir, sem fram eiga að fara annars staðar en hjá þeim, sem þjónustunnar þarfnast.

☐ Vinnueftirlit ríkisins setur nánari reglur um framkvæmd 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

☐ Ráðherra setur gjaldskrá um aukaþjónustu að fengnum tillögum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins.

☐ Heimilt er að innheimta greiðslu fyrir aukaþjónustu áður en hún er veitt.

■ **81. gr.** Ráðherra skal að fengnum tillögum Vinnueftirlits ríkisins setja reglur um tilkynningar- og skráningarskyldu hvers konar vinnuslysa og meiðsla, eitrana, atvinnusjúkdóma og annarra þeirra tilvika, sem þýðingu geta haft í þessu sambandi. Læknir, sem kemst að því eða fær grun um, að einstaklingar eða hópar manna hafi orðið fyrir skaðlegum verkunum vegna vinnu sinnar, skal tafarlaust tilkynna það Vinnueftirliti ríkisins. Ráðherra skal setja nánari reglur um skyldu lækna og um það, til hvaða annarra aðila hún nær.

☐ Komi fyrir eitrun eða slys á vinnustað, skal atvinnurekandi eða fulltrúi hans á vinnustað tilkynna það lögreglustjóra og Vinnueftirliti ríkisins, svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en innan sólarhrings.

☐ Tryggingastofnun ríkisins skal senda Vinnueftirliti ríkisins afrit af tilkynningum um slys á vinnustöðum, sem stofnuninni berast.

☐ Vinnueftirlitið skal framkvæma rannsókn á orsökum eitrana og slysa, sem því berst vitneskja um, í þeim tilgangi að geta stuðlað að því, að komið sé í veg fyrir slíkar eitranir og slys á vinnustöðum.

■ **82. gr.** Öllum starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins skal, hvenær sólarhrings sem er, heimill frjáls aðgangur að sérhverjum vinnustað, sem lög þessi taka til, enda geri þeir atvinnurekanda ekki ónæði utan venjulegs vinnutíma, nema nauðsyn krefji. Þeim er heimilt að krefjast nauðsynlegra upplýsinga starfi sínu viðkomandi af atvinnurekanda og sérhverjum starfsmanni, sem er í vinnu eða hefur verið í vinnu einhvern tíma síðustu þrjá mánuði. Þeim er heimilt að skoða skjöl þau og skilríki, sem eiga að vera fyrir hendi samkvæmt lögum þessum.

☐ Starfsmenn Vinnueftirlitsins skulu sýna skilríki um starf sitt.

☐ Löggæslumenn aðstoða við eftirlit sé nauðsyn á því. Félagsmálaráðherra getur sett nánari reglur um slíka aðstoð að höfðu samráði við dómsmálaráðherra.

■ **83. gr.** Starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins mega ekki nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra, sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Eigi mega þeir heldur láta öðrum í té upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna eftirlits síns og ástæða er til að ætla, að henni skuli haldið leyndri.

☐ Starfsmenn Vinnueftirlitsins mega ekki láta uppi við atvinnurekanda eða fulltrúa hans, að eftirlitsferð sé gerð vegna umkvörtunar.

■ **84. gr.** Hafi Vinnueftirlit ríkisins krafist þess með hæfilegum fyrirvara, að lagfæring á vanbúnaði eða öðru ástandi, sem brýtur gegn lögum þessum eða reglum og tilkynningum, sem eru í samræmi við lögin, og umbætur hafa ekki verið gerðar, þegar frestur sá er liðinn, sem gefinn var, getur Vinnueftirlitið látið stöðva vinnu eða lokað starfseminni eða þeim hluta hennar, sem krafan beinist að.

■ **85. gr.** Telji Vinnueftirlitið að veruleg hætta sé á ferðum fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna eða annarra,

getur það krafist þess, að strax sé bætt úr skorti á nægjanlegu öryggi, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn.

☐ Áfrýjun á ákvörðunum samkvæmt 84. gr. og 85. gr. frestar ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi eða hluta hennar.

■ **86. gr.** Ef atvinnurekanda eða starfsmönnum, sem falin hefur verið verkstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf, sbr. 4., 5., 6., 13. og 23. gr., verður ljóst að skyndilega hafi upp komið bráð hætta á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað, svo sem vegna loftmengunar, eitraðra, eldfimra eða hættulegra efna, hættu á hruni jarðvegs, vörustæðu eða burðarvirkis, fallhættu, sprengihættu eða annarrar alvarlegrar hættu, er þeim skylt að hlutast til um að starfsemin verði stöðvuð strax og/eða að starfsfólk hverfi frá þeim stað þar sem hættuástand ríkir.

☐ Aðgerðir samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar gera þá aðila, sem að ofan greinir, ekki ábyrga fyrir því tjóni, sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna stöðvunar eða fráhvarfa starfsmanna af vinnustað, þar sem hið bráða hættuástand var talið ríkja samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

☐ Vinnueftirliti ríkisins skal gert aðvart svo fljótt sem verða má, og skal það umsvifalaust senda fulltrúa sinn á staðinn til að meta ástand og kringumstæður og til að úrskurða um hvort starfsemin skuli stöðvuð áfram, hafi hún verið stöðvuð, og um nauðsynlegar úrbætur, sem gera þarf til þess að starfsemin og vinnustaðurinn teljist hættulaus.

■ **87. gr.** Ef stöðvun starfsemi virðist geta haft þau áhrif, að eyðilegging á verðmætum eða þjóðhagslegt tjón geti hlotist af, getur Vinnueftirlitið lagt dagsektir á fyrirtækið í stað lokunar. Sektirnar skulu ákveðnar annaðhvort sem viðurlög strax þegar krafa er gerð eða þegar frestur til umbóta er útrunninn. Upphæð dagsektanna skal fara eftir því, hve aðkallandi umbæturnar eru, og eftir stærð og umsvifum fyrirtækisins.

☐ Atvinnurekandi getur innan hálfs mánaðar frá kröfugerðinni áfrýjað sektarákvæðum til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, sem strax og unnt er skal taka ákvörðun um málið og eigi síðar en eftir einn mánuð. Hafi stjórnin ekki fellt úrskurð sinn þá gildir úrskurður Vinnueftirlitsins.

☐ Sektir þessar eru kræfar með lögtaksrétti.

■ **88. gr.** Í hverju fyrirtæki skal vera eftirlitsbók eða annað tilsvarandi skráningarform, þar sem skráðar eru heimsóknir eftirlitsmanna og athugasemdir þeirra, bönn Vinnueftirlits ríkisins og önnur fyrirmæli og tilkynningar, er varða starfsumhverfi.

☐ Ennfremur skal skrá hvers konar meiðsli, eitranir og slys og annað það, sem máli kann að skipta fyrir starfsmenn og/eða fyrirtæki.

☐ Vinnueftirlit ríkisins skal setja nánari reglur um gerð, notkun og varðveislu eftirlitsbóka og annarra skjala.

■ **89. gr.** Ráðherra setur reglur um samstarf Vinnueftirlitsins við aðra opinbera aðila og leitar áður álits meðráðherra sinna.

XIII. kafli. Tilkynningarskylda fyrirtækja, veiting starfsleyfa og fleira.

■ **90. gr.** Starfsemi merkir í lögum þessum skipulagða aðgerð eða framkvæmd, hvort sem um vinnustað samkvæmt 41. gr. er að ræða eða ekki.

☐ Fyrirtæki merkir í lögum þessum alla þá, sem reka starfsemi, hvort sem um er að ræða stofnanir, félagasamtök, einstaklinga eða aðra aðila. Um einstaklinga gildir einu, hvort þeir vinna einir eða hafa aðra í þjónustu sinni.

■ **91. gr.** Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir þau fyrirtæki, sem lög þessi gilda um. Stofnunin hagnýtir sér í þessu efni þær skrár, sem tiltækar eru hjá Hagstofu Íslands og öðrum opinberum aðilum.

☐ Vinnueftirlit ríkisins hefur samvinnu um þessi mál við þá aðila, sem með lögum eða reglugerðum er falið að veita fyrirtækjum framleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsluleyfi, hverju nafni sem nefnast.

■ **92. gr.** Senda skal Vinnueftirliti ríkisins afrit af iðnaðarleyfum, sem lögreglustjórar láta af hendi samkvæmt 12. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978.

■ **93. gr.** Sérhver, sem ætlar að hefja rekstur fyrirtækis eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um það, hvort hin fyrirhugaða starfsemi sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta stofnuninni í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir húsakynni og fyrirkomulag véla, tækja og annars búnaðar og öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta, eftir reglum, sem Vinnueftirlit ríkisins setur, eða eftir fyrirmælum forstjóra stofnunarinnar.

☐ Vilji hlutaðeigandi ekki una fyrirmælum forstjórans, getur hann skotið máli sínu til stjórnar stofnunarinnar, sbr. 98. gr. laga þessara.

■ **94. gr.** Hver sá, sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla, tækja eða annars búnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal vera ábyrgur gagnvart Vinnueftirliti ríkisins um, að öryggisbúnaður sé samkvæmt lögum þessum og í samræmi við tillögur, fyrirmæli eða úrskurði forstjóra eða stjórnar Vinnueftirlits ríkisins.

■ **95. gr.** Hver sá, sem hefur með höndum starfsemi, sem lög þessi gilda um, skal hafa sérstakt starfsleyfi Vinnueftirlits ríkisins til tryggingar því, að starfsemi fullnægi viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum snertir.

☐ Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um veitingu starfsleyfa og um gildistíma þeirra.

■ **96. gr.** Sérhver starfsemi, sem lög þessi ná til, skal tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins áður en hún hefst.

☐ Óheimilt er að hefja rekstur í fyrirtæki eða hluta fyrirtækis fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið réttum aðilum vottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi og í samræmi við fyrirmæli forstjóra eða stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, að mati eftirlitsmannsins.

■ **97. gr.** Sé öðrum aðilum með lögum eða reglugerðum falið að veita fyrirtækjum framleiðslu-, iðnaðar-, starfs- eða vinnsluleyfi, hverju nafni sem nefnast, tekur starfsleyfi, sem Vinnueftirlit ríkisins gefur út, ekki gildi fyrr en viðkomandi fyrirtæki hefur aflað sér annarra tilskilinna leyfa.

XIV. kafli. Áfrýjun úrskurða.

■ **98. gr.** Ákvörðunum forstjóra Vinnueftirlits ríkisins

1980 Nr. 46 28. maí

og annarra starfsmanna stofnunarinnar má skjóta til stjórnarinnar innan fjögurra vikna frá því viðkomandi aðila hefur verið tilkynnt ákvörðunin. Stjórnin skal fella úrskurð um málið, svo fljótt sem verða má.

□ Úrskurði stjórnarinnar má skjóta til ráðherra innan fjögurra vikna frá því ákvörðun stjórnarinnar var tilkynnt viðkomandi, sbr. þó 2. mgr. 87. gr.

XV. kafli. Refsiákvæði.

■ **99. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

□ Sektir renna í ríkissjóð.

□ Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

XVI. kafli. Gildistaka.

■ **100. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum með síðari breytingum. Ennfremur falla úr gildi önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

■ **Bráðabirgðaákvæði.** 1. Nú brýtur starfsemi við gildistöku laga þessara að einhverju leyti í bága við ákvæði þeirra, og skal þá forstjóra Vinnueftirlits ríkisins heimilt að veita tiltekinn frest til þess að koma því í lag, sem ábótavant kann að reynast.

2. Reglugerð samkvæmt 6. mgr. 73. gr., svo og reglur samkvæmt lögum þessum, skal setja svo fljótt sem verða má. Þar til þær hafa verið staðfestar, skulu þær reglugerðir og reglur,[1] sem nú gilda um þau mál, er lög þessi taka til, vera í gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.

3. Félagsmálaráðherra skal fyrir 1. júní 1981 setja reglugerð[2] um þau ákvæði laga þessara, sem snerta landbúnaðinn. Skal þar m. a. kveðið á um aðild Stéttarsambands bænda að ákvörðunum um þau ákvæði laganna er sérstaklega varða landbúnaðinn. Reglugerðin skal samin í samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands.

4. Seðlabanki Íslands skal árlega á næstu fimm árum útvega fjármagn, 500 milljónir króna á ári miðað við verðlag 1. janúar 1979, til lánveitinga til fyrirtækja, sem þurfa að framkvæma endurbætur á vinnuaðstöðu starfsfólks eða til þess að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Tryggja skal að lánsféð verði eingöngu notað til endurbóta á almennu starfsumhverfi starfsfólks hjá fyrirtækjum, sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara. Lánstími skal vera allt að fimm ár. Alþýðusamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni fulltrúa til þess að fjalla um lánaþörf og lánveitingar ásamt fulltrúum stjórnvalda.

5. Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra.

[1] *Um rg. skv. fyrri lögum, sjá Lagasafn 1973, d. 553.* [2] *Rg. 288/1981.*

1953 Nr. 72 16. des.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning þann milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni, sem undirritaður var á félagsmálaráðherrafundi Norðurlanda í Reykjavík 20. júlí 1953 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

■ **2. gr.** Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfestur, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

Fylgiskjal.[1]

[1] *Samningurinn, sem birtur er með l. 72/1953, er brottfallinn, sbr. samning sem birtur er með l. 53/1956, 37. gr. Sjá nú l. 66/1981, og samning sem birtur er með þeim lögum.*

1953 Nr. 72 16. des.

1929 Nr. 57 14. júní

Lög um íbúð í kjöllurum.

■ **1. gr.** Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má ekki taka kjallara til íbúðar í húsum þeim, sem byggð eru hér eftir. Eigi má heldur gera kjallaraíbúðir í húsum, sem byggð voru áður en lög þessi öðlast gildi.

■ **2. gr.** Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má því aðeins nota íbúðir í kjöllurum, að þær fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

1. Að kjallarinn sé ekki grafinn dýpra í jörð en 1 m á þeim hluta, sem íbúðarherbergin eru í, og gluggar ekki neðar en 25 cm frá jörðu.

2. Að allir gluggar í íbúðarherbergjunum viti móti sólarátt — frá réttu austri til rétts vesturs — að eldhúsi og búri fráskildu.

3. Að forgarður, ekki mjórri en 3 m, greini húsið frá götunni, ef gluggar á íbúðarherbergjum kjallaraíbúðar vita út að götu.

4. Að öll íbúðin sé rakalaus með sæmilegri hitun og umgengni.

■ **3. gr.** Bæjarstjórn eða hreppsnefnd er heimilt að leyfa um stundarsakir notkun kjallaraíbúða, sem fyrir eru, þótt ekki fullnægi skilyrðum 2. gr. Yfir þessar íbúðir skal halda sérstaka skrá.

□ Skoða skal íbúðirnar árlega og leiðrétta skrána samkvæmt því.

■ **4. gr.** Í janúarmánuði ár hvert skal bæjarstjórn og hreppsnefnd velja úr þær kjallaraíbúðir, sem lakastar eru og leyfðar eru um stundarsakir, og aldrei færri en 1/20 þeirra, og banna íbúð í þeim frá næstu fardögum. Skriflega tilkynningu um bannið skal senda húseiganda og leigjanda hverrar íbúðar, sem bönnuð er, fyrir 14. febrúar. Skaðabóta verður ekki krafizt fyrir slíkt bann.

■ **5. gr.** Nú verður ágreiningur um það, hvað teljast skuli kjallaraíbúð eftir lögum þessum, og sker þá stjórnarráðið úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi héraðslæknis og byggingarnefndar, ef til er.

1952 Nr. 36 16. febr.

Lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.[1]

[1] *Felld úr gildi með l. 59/1973, 11. gr., sem hljóðar svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 36 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þau lög gilda þó áfram um íbúðir á vegum byggingarsamvinnufélaga, sem hafizt hefur verið handa um að reisa eða veitt hafa verið lán til með ríkisábyrgð fyrir gildistöku laga þessara."*

1980 Nr. 51 9. júní

Lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.

I. kafli. Um markmið laganna.

■ **1. gr.** Markmið laganna er: að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála og húsbygginga að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum, að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika launafólks til að eignast húsnæði.

II. kafli. Um hlutverk og skipulag stofnunarinnar.

■ **2. gr.** Húsnæðisstofnun ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

□ Á vegum stofnunarinnar skal unnið að samræmingu og skipulagi opinberra afskipta af húsnæðismálum. Stofnunin skal hafa forustu um stefnumótun í húsnæðismálum. Hún fer með stjórn hins opinbera veðlánakerfis til húsnæðismála.

□ Opinber veðlán til byggingar, kaupa og endurbóta á íbúðarhúsnæði teljast samkvæmt lögum þessum lán úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna.

■ **3. gr.** Húsnæðisstofnunin starfar sem ein heild, en skiptist í þrjár deildir:

Deild fyrir almenn íbúðaveðlán, sem fari með málefni Byggingarsjóðs ríkisins og lánveitingar úr honum.

Deild fyrir félagslegar íbúðir, sem annist málefni Byggingarsjóðs verkamanna og leiguíbúðir sveitarfélaga.

Tæknideild, sem hafi með höndum tæknileg málefni stofnunarinnar og þjónustu við lántakendur.

□ Rekstrarbókhald stofnunarinnar skal ríkisbókhald annast.

■ **4. gr.** Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa 9 menn, sjö kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum og tveir skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Varamenn skulu kjörnir og skipaðir á sama hátt.

□ Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar en að öðru leyti skiptir hún sjálf með sér verkum.

□ Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og greiðist hún á sama hátt og annar kostnaður við stofnunina samkvæmt 7. gr.

■ **5. gr.** Hlutverk húsnæðismálastjórnar er eftirfarandi:

1. Að marka meginstefnu í málefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.
2. Að hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og gæta þess að hún starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
3. Að skera úr vafa eða ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar og ákveða greiðsludaga þeirra.
4. Að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka, afgreiða fjárhagsáætlanir og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna.
5. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála.
6. Að fjalla um önnur mál, sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir hana.

■ **6. gr.** Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

□ Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk stofnunarinnar samkvæmt tillögum húsnæðismálastjórnar.

■ **7. gr.** Kostnaður við rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins greiðist af Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán sjóðanna.

□ Kostnaður við rekstur tæknideildar skal borinn uppi af sölu á þjónustu deildarinnar.

III. kafli. Um Byggingarsjóð ríkisins og almenn veðlán til íbúðarhúsnæðis.[1)]

[1)] *Rg. 526/1980.*

■ **8. gr.** Hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins er að veita lán til byggingar eða kaupa á nýjum eða notuðum íbúðum, til viðhalds og endurbóta á eldri íbúðum og til nýjunga í byggingariðnaði í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

■ **9. gr.** Fjár í Byggingarsjóð ríkisins skal aflað á þann hátt sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.
2. Með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum.
3. Með árlegum framlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum.
4. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða samkv. lögum nr. 57 frá 1973 og nr. 82 frá 1977 og á almennum markaði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.
5. Með tekjum af skyldusparnaði skv. VII. kafla.

■ **10. gr.** Byggingarsjóður ríkisins er í vörslu Seðlabanka Íslands.

□ Afgreiðslur lána úr sjóðnum og innheimtur þeirra fara fram í almennum lánastofnunum, sem húsnæðismálastjórn semur við um slíka þjónustu. Þóknun fyrir slík störf greiðist samkvæmt fyrir fram gerðu samkomulagi.

■ **11. gr.** Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán samkvæmt tölulið 1—9, enda hafi verið gert ráð fyrir þessum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár, sem veiting láns fer fram:

1. Lán til kaupa eða byggingar á nýjum íbúðum.
2. Lán til kaupa á eldri íbúðum.
3. Lán til byggingar íbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.
4. Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á eldra íbúðarhúsnæði.
5. Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
6. Sérstök viðbótarlán til einstaklinga með sérþarfir.
7. Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.
8. Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.
9. Lán til framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

□ Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflokka að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

■ **12. gr.** Umsóknir um lán skulu sendar á sérstöku umsóknareyðublaði, sem stofnunin lætur í té. Með umsókn skal senda öll þau gögn, sem tilskilin eru, svo sem samþykktar teikningar samkvæmt byggingarlögum og byggingarreglugerð, og er ella ekki skylt að veita umsókn viðtöku.

1980 Nr. 51 9. júní

□ Sækja ber um lán til nýbyggingar áður en framkvæmdir hefjast.

■ **13. gr.** Lán skv. 1. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita einstaklingum og fer um fjárhæð þeirra eftir fjölskyldustærð umsækjanda og stærð íbúðar, sbr. nánar 35. gr.

□ Eigi er heimilt að veita umsækjanda lán, ef högum hans er þannig háttað sem hér segir:

1. Umsækjandi á íbúð, sem ekki er fyrirhugað að selja.
2. Umsækjandi hefur brotið gegn ákvæðum byggingarlaga eða byggingarreglugerðar.
3. Umsækjandi byggir fleiri en eina íbúð.

□ Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til þeirra umsækjenda sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og eiga íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.

■ **14. gr.** Þegar fyrir liggur að umsókn uppfyllir lánshæfnisskilyrði, skal senda umsækjanda skriflega staðfestingu á því, ásamt upplýsingum um þær reglur, sem ákvarða lánsfjárhæð, og um væntanlega greiðsludaga lánsins.

□ Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera 26 ár. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.

■ **15. gr.** Lán samkvæmt 2. tl. 11. gr. er heimilt að veita einstaklingum og sveitarfélögum sem kaupa íbúðir sem áður hafa verið í notkun og hlotið hafa samþykki viðkomandi byggingaryfirvalda. Lánsfjárhæð skal vera visst hlutfall af fullu láni til nýbygginga og skal hlutfallið ákveðið til eins árs í senn af félagsmálaráðherra, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, sbr. og ákvæði 13. gr.

■ **16. gr.** Húsnæðisstofnun skal tilkynna umsækjendum skriflega, hvort þeir geti vænst láns, og tilgreina lánsfjárhæð og greiðslutíma eins nákvæmlega og unnt er. Ef umsókn er synjað, skal getið forsendna synjunar.

□ Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

□ Lánstími skal vera 16 ár, en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.

■ **17. gr.** Lán samkvæmt 3. tl. 11. gr. er heimilt að veita sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagssamtökum, sem byggja íbúðir, heimili eða dagvistarstofnanir fyrir aldraða eða dagvistarstofnanir fyrir börn.

□ Lánsfjárhæð til íbúða fyrir aldraða má nema sama hlutfalli af byggingarkostnaði staðalíbúðar fyrir viðkomandi aðila og lánað er á því ári samkvæmt 1. tl. 11. gr.

□ Lán til dvalarheimila aldraðra og dagvistarstofnana fyrir börn mega vera allt að helmingi byggingarkostnaðar.

■ **18. gr.** Sá, sem hyggst hefjast handa um byggingu íbúða fyrir aldraða eða dvalarheimilis, skal fyrst láta fara fram athugun á þörf fyrir slíkar íbúðir eða heimili í samvinnu við sveitarstjórn.

□ Umsókn um lán til byggingar íbúða, dagvistarstofnana eða dvalarheimila samkvæmt niðurstöðum slíkrar könnunar skal fylgja umsögn heilbrigðisráðuneytis. Ef umsögn er neikvæð er óheimilt að veita lán til framkvæmdanna. Umsókn um lán til byggingar dagvistarstofnunar fyrir börn skal fylgja umsögn menntamálaráðuneytis. Er það skilyrði lánveitingar að sú umsögn sé jákvæð.

■ **19. gr.** Heimilt er að greiða út lán skv. 3. tl. 11. gr. í samræmi við framkvæmdahraða og gera sérstakan framkvæmdalánssamning þess efnis. Lokagreiðsla láns skal þó aldrei fara fram fyrr en framkvæmdum er að fullu lokið.

□ Lán þessi eru til 16 ára og eru veitt gegn 1. og 2. veðrétti. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.

■ **20. gr.** Lán samkvæmt 4. tl. 11. gr. er heimilt að veita einstaklingum eða sveitarfélögum til meiri háttar endurnýjunar og endurbóta eða viðbygginga við eldra húsnæði, en ekki til almenns viðhalds.

□ Lánsfjárhæð má nema allt að 50% af byggingarláni út á staðalíbúð samkv. 35. gr.

□ Umsóknum um lán til endurnýjunar og viðbygginga skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing gerð af trúnaðarmanni húsnæðismálastjórnar og skulu umræddd gögn hljóta samþykki tæknideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

□ Umsóknum skal einnig fylgja samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, þó ekki sé um útlitsbreytingar að ræða.

□ Lán skv. 4. tl. 11. gr. má ekki veita út á sömu íbúð oftar en á 10 ára fresti.

■ **21. gr.** Stofnunin skal staðfesta skriflega, hvort umsókn uppfyllir lánshæfnisskilyrði, og geta um lánsfjárhæð og væntanlegan afgreiðslutíma. Heimilt er húsnæðismálastjórn að greiða fyrri hluta láns til slíkra framkvæmda meðan á framkvæmdum stendur, í formi víxilláns, en síðari hluta lánsins má ekki greiða fyrr en framkvæmdum er lokið og þær hafa verið teknar út af trúnaðarmanni tæknideildar stofnunarinnar. Greiðslu láns til meiri háttar viðbygginga má þó haga í samræmi við reglur um greiðslu nýbyggingarlána.

□ Þessi lán skal að jafnaði veita gegn 2. veðrétti, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall af fasteignamati viðkomandi íbúðar. Lánstími skal vera 16 ár, en um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

□ Lán samkvæmt þessari grein mega koma til viðbótar lánum samkvæmt 2. tl. 10. gr., en samtals mega þau lán þó aldrei nema hærri fjárhæð en lán til nýbyggingar.

■ **22. gr.** Lán samkvæmt 5. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita sveitarstjórnum, sem með skipulegum hætti vinna að útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.

■ **23. gr.** Sveitarstjórnum er skylt að láta kanna, eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti, hvort í notkun séu í sveitarfélaginu íbúðir sem talist geta heilsuspillandi. Ef í ljós kemur við slíka könnun og staðfest af viðkomandi héraðslækni að búið sé í heilsuspillandi íbúðum í sveitarfélaginu er sveitarstjórn skylt að hafa forgöngu um að bæta úr því. Skal sveitarstjórn þá senda húsnæðismálastjórn skýrslu um fjölda heilsuspillandi íbúða í sveitarfélaginu ásamt áætlun um framkvæmdahraða við útrýmingu á þeim.

□ Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði geta verið með eftirtöldum hætti:

a. Lán skv. 1. tl. 11. gr. til byggingar íbúða til endursölu handa fólki sem býr í heilsuspillandi íbúðum. Láns-

kjör eru hin sömu og á öðrum lánum skv. þeim tölulið.

b. Viðbótarlán skv. 24. gr. þessara laga.

c. Lán til byggingar leiguíbúða samkv. IV. kafla þessara laga um leiguíbúðir sveitarfélaga. Gilda þá ákvæði 60. gr. varðandi lánskjör og aðra skilmála. Heimilt er að greiða þessi lán út með sama hætti og greinir í 1. mgr. 19. gr.

■ **24. gr.** Nú sækir sveitarstjórn, sem vinnur að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins samkv. b-lið 23. gr. til þess að byggja eða kaupa nýja íbúð til endursölu til fólks sem býr í heilsuspillandi húsnæði, að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi, og skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita lán allt að jafnhárri fjárhæð og hámarkslán er á því ári skv. 1. tl. 11. gr., enda verði það lán að fullu notað. Aldrei mega þau lán samanlagt þó nema hærri fjárhæð en 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar fyrir viðkomandi fjölskyldu. Lán samkvæmt þessari málsgrein skal greiða í tvennu lagi. Fyrri hluta lánsins má greiða þegar íbúðin er fokheld, en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutaðeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð bæjarfógeta eða sýslumanns um að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

□ Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrétti í viðkomandi íbúð samhliða láni samkvæmt 1. tl. 11. gr. og með bakábyrgð sveitarstjórnar.

□ Lánstími skal vera 26 ár og vextir 0,5%. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

■ **25. gr.** Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði sem hagkvæmt er talið að endurnýja, að mati byggingarfróðra manna sem tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefnir.

□ Skulu matsmenn gera úttekt á húsnæðinu og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

□ Lán þessi mega nema allt að 80% af viðgerðarkostnaði. Þó má lán til endurbóta á heilsuspillandi íbúð aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af fullu láni til nýrrar íbúðar á því ári samkvæmt sama staðli.

□ Lán samkvæmt þessari grein skulu veitt gegn veði í viðkomandi íbúð og bakábyrgð sveitarstjórnar.

□ Lánstími skal vera 16 ár og vextir 0,5%. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

■ **26. gr.** Lán samkv. 6. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum, sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Lánin eru veitt til byggingar íbúðarhúsnæðis vegna aukins kostnaðar af völdum sérþarfa umsækjanda og geta komið til viðbótar lánum skv. 1. tl. 11. gr.

□ Lán þessi má enn fremur veita til endurbóta á eldra húsnæði og er þá heimilt að þau komi til viðbótar lánum samkv. 2. tl. 11. gr.

□ Lán samkv. þessari grein má einnig veita þeim sem hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

■ **27. gr.** Fjárhæð láns samkv. 6. tl. 11. gr. má nema allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði eða endurbótakostnaði, enda séu framkvæmdirnar nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar.

□ Heimilt er að veita lánið gegn 2. veðrétti og er lánstími 11 ár. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

■ **28. gr.** Lán samkvæmt 7. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita einstaklingum til orkusparandi endurbóta á íbúðum, einkum þeirra sem hitaðar eru með olíu. Slíkar endurbætur skulu miðast við að fullnægt sé ákvæðum 7. kafla 7.5 og 7.6 í Byggingarreglugerð nr. 292/1979. Óheimilt er að veita lán nema fyrir liggi verklýsing og kostnaðaráætlun, sem gerð sé af sérstökum trúnaðarmanni húsnæðismálastjórnar og samþykkt af tæknideild.

■ **29. gr.** Fjárhæð láns má nema allt að 75% endurbótakostnaðar.

□ Sjóðurinn skal staðfesta skriflega hvort umsókn uppfyllir lánshæfnisskilyrði, greina frá lánsfjárhæð og væntanlegum afgreiðslutíma.

□ Fullnaðarafgreiðsla láns skal eigi fara fram fyrr en að framkvæmdum loknum og þær verið teknar út. Þó er heimilt að veita skammtímafyrirgreiðslu vegna endurbótavinnunnar.

□ Þessi lán eru veitt gegn 1. eða 2. veðrétti og lánstími 11 ár. Um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 33. gr.

■ **30. gr.** Lán samkvæmt 8. tl. 11. gr. er heimilt að veita til þess að taka í notkun tækninýjungar, enda fylgi útreikningar, sem sýna á hvern hátt hún getur leitt til lækkunar byggingarkostnaðar, og staðfesting á því, að umsóknin sé ekki lánshæf hjá sérsjóðum iðnaðarins.

■ **31. gr.** Fjárhæð láns samkvæmt 8. tl. 11. gr. og lánstími skal ákveðið hverju sinni af húsnæðismálastjórn með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjunginni í notkun, svo og mikilvægi hennar fyrir byggingariðnaðinn.

□ Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um lánskjörin.

■ **32. gr.** Lán samkvæmt 9. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita framkvæmdaaðilum og framleiðendum staðlaðra einingahúsa sem staðið hafa fyrir fjöldaframleiðslu íbúðarhúsnæðis með góðum árangri, að dómi húsnæðismálastjórnar. Skulu þeir, sem sannanlega byggja og selja ódýrast miðað við hliðstæð gæði húsnæðis, ganga fyrir um framkvæmdalán.

□ Framkvæmdalán greiðast til framkvæmdaaðila á byggingartímanum samkvæmt samningum við húsnæðismálastjórn eða viðkomandi viðskiptabanka. Þau skulu veitt með lánskjörum eins og þau eru á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands og endurgreiðast með láni Byggingarsjóðs ríkisins til þeirra sem kaupa íbúðina samkvæmt reglum sjóðsins.

■ **33. gr.** Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt 1.—8. tl. 11. gr. laga þessara skulu vera að fullu verðtryggð og miðast höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

□ Vextir af lánum skulu vera 2% auk lántökugjalds og þóknunar sem húsnæðismálastjórn semur um við lánastofnanir. Þó skulu lán samkv. 6. tl. 11. gr. vera vaxta-

laus og vextir af lánum samkvæmt 8.—9. tl. skulu ákveðnir sérstaklega hverju sinni með hliðsjón af almennum vöxtum af sambærilegum lánum.

□ Lán samkvæmt 1.—7. tl. 11. gr. skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Heimilt skal þó lántakanda að greiða lán upp á skemmri tíma og skal þess getið á skuldabréfi. Af lánum samkvæmt 8.—9. tl. 11. gr. skal að jafnaði greiða afborgun strax á fyrsta ári nema húsnæðismálastjórn ákveði annað.

□ Gjalddagar lána samkvæmt 1.—7. tl. 11. gr. skulu vera eigi færri en fjórir á ári, þ. e. 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert. Húsnæðisstofnun ríkisins skal fjölga gjalddögum svo fljótt sem kostur er. Gjalddaga lána skv. 8. tl. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

■ **34. gr.** Að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar ákveður félagsmálaráðherra skiptingu áætlaðs ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs ríkisins milli einstakra lánaflokka skv. 11. gr. fyrir eitt almanaksár í senn.

□ Enn fremur ákveður ráðherra lánahlutfall í þeim útlánaflokkum, þar sem lán eru ákveðin sem hlutfall af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúðar, sbr. 3. mgr. 35. gr.

□ Ráðherra er heimilt að flytja ráðstöfunarfé milli útlánaflokka innan fjárhagsárs, að tillögu húsnæðismálastjórnar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

■ **35. gr.** Hámarkslánsfjárhæð má nema allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar sem gildir sem viðmiðun fyrir hlutaðeigandi umsækjanda, miðað við fjölskyldustærð, samkvæmt þeim reglum sem húsnæðismálastjórn setur, og eiga allir umsækjendur í sama lánaflokki rétt til sama lánahlutfalls ár hvert.

□ Í reglugerð skal ákveðin stærð staðalíbúða og flokkun umsækjenda í lánaflokka.

□ Húsnæðismálastjórn ákveður staðalíbúðir fyrir einstaklinga og þrjár mismunandi fjölskyldustærðir. Miðað skal við að íbúðir séu hagkvæmar, einfaldar að allri gerð, hóflegar að stærð en vandaðar og uppfylli kröfur um hönnun, gerð og búnað á hverjum tíma. Byggingarkostnaður þessara staðalíbúða skal áætlaður í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og endurskoðaður ársfjórðungslega í samræmi við þróun byggingarkostnaðar.

□ Í sérstakri reglugerð,[1)] sem ráðherra staðfestir, skal gera nákvæma lýsingu á stærð, skipan og frágangi hverrar staðalíbúðar svo og þeim reglum sem stuðst er við til ákvörðunar á kostnaðarverði hennar.

[1)] *Rg. 227/1981.*

IV. kafli. Um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar.[1)]

[1)] *Rg. 527/1980, sbr. 142/1982 og 241/1982.*

■ **36. gr.** Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga, með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks.

□ Félagslegar íbúðir teljast samkvæmt lögum þessum:

a. Íbúðir í verkamannabústöðum sem byggðar eru eða keyptar á vegum stjórna verkamannabústaða og ætlaðar eru til sölu handa láglaunafólki, sem fullnægi skilyrðum þeim sem sett eru í þessum kafla laganna.

b. Leiguíbúðir, sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum handa láglaunafólki eða öðrum þeim, sem þarfnast af félagslegum ástæðum aðstoðar við húsnæðisöflun.

■ **37. gr.** Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:

a. Með tekjum af eigin fé, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.

b. Með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem nemi tekjum hans af 1% launaskatti og framlagi á fjárlögum ef með þarf til þess að framlag ríkissjóðs ár hvert nemi 30% af fjármagnsþörf sjóðsins.

c. Með framlagi sveitarfélaga sem nemi 10% af því fjármagni sem Byggingarsjóður verkamanna lánar til verkamannabústaða í viðkomandi sveitarfélagi ár hvert.

d. Með sérstökum lántökum sem ákveðnar verða í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni, þegar ráðstöfunarfé skv. stafliðum a, b, c og e nægir ekki til áformaðra framkvæmda.

e. Með greiðslum frá kaupendum íbúða í verkamannabústöðum, sem skulu nema 10% af söluverði íbúðar.

□ Stefna skal að því að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti, að sjóðurinn geti fjármagnað a. m. k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna.

□ Eigin fé sjóðsins skal varið til lánveitinga vegna endursölu á verkamannabústöðum, til greiðslu hugsanlegs vaxtamunar og síðar til lækkunar á framlögum skv. stafliðum b og c hér að framan.

□ Afgreiðslur lána úr sjóðnum og innheimtur þeirra fara fram í almennum lánastofnunum sem Húsnæðisstofnun semur við um slíka þjónustu. Þóknun fyrir slík störf greiðist samkvæmt fyrir fram gerðu samkomulagi.

■ **38. gr.** Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga skv. 37. gr. skulu greidd Byggingarsjóði verkamanna í samræmi við greiðslubyrði hans.

■ **39. gr.** Í öllum kaupstöðum og kauptúnahreppum og öðrum sveitarfélögum, sem þess óska, skulu starfa stjórnir verkamannabústaða skipaðar mönnum sem búsetu eiga í sveitarfélaginu. Skulu sveitarstjórnir í upphafi kjörtímabils síns tilnefna þrjá fulltrúa í stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu, en fulltrúaráð eða aðildarfélög ASÍ í hlutaðeigandi sveitarfélagi tilnefna tvo fulltrúa og félög opinberra starfsmanna tilnefna einn fulltrúa í stjórnina.

□ Félagsmálaráðherra skipar stjórnir verkamannabústaða og skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og sveitarstjórnar.

□ Varamenn skulu vera jafnmargir og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Í kaupstöðum með yfir 10 000 íbúa skipar félagsmálaráðherra til viðbótar einn mann í stjórn verkamannabústaða án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Í öðrum sveitarfélögum skipta stjórnirnar sjálfar með sér verkum.

■ **40. gr.** Stjórnum verkamannabústaða er skylt að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf láglaunafólks í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

□ Í því skyni að kanna þörf fyrir nýjar íbúðir láglaunafólks í sveitarfélaginu lætur stjórnin fara fram skipulega könnun meðal þeirra sem ákvæði IV. kafla laga þessara taka til, í fyrsta sinn í upphafi kjörtímabils síns og síðan eftir því sem þörf er á að mati stjórnarinnar.

□ Nánari reglur um framkvæmd könnunarinnar setur ráðherra með reglugerð.

■ **41. gr.** Að lokinni könnun skv. 40. gr. skal stjórn verkamannabústaða skila greinargerð um hana og tillögum um byggingu íbúða í samræmi við niðurstöður hennar til hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Gera skal grein fyrir fjölda íbúða sem nauðsynlegt er að byggja, æskilegum stærðum íbúða, húsagerð og áætluðum byggingartíma.

□ Enn fremur skal stjórn verkamannabústaða gera tillögu til sveitarstjórnar um æskilega skiptingu íbúða milli söluíbúða (verkamannabústaða) og leiguíbúða sem sveitarfélagið byggir til eignar og útleigu.

□ Afrit af greinargerð sinni og tillögum skal stjórn verkamannabústaða senda Húsnæðisstofnun ríkisins.

■ **42. gr.** Íbúðir í verkamannabústöðum mega ekki vera stærri en staðalíbúðir, skv. 35. gr. þessara laga, fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu.

■ **43. gr.** Sveitarstjórn skal fjalla um tillögur stjórnar verkamannabústaða, svo fljótt sem við verður komið, og tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins ákvörðun sína. Skal sveitarstjórn jafnframt sækja formlega um lán úr Byggingarsjóði verkamanna og komi þar fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það, sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitingar til framkvæmdanna.

□ Með umsókn sinni skuldbindur sveitarstjórn sig til framlags skv. staflið c í 37. gr. laga þessara.

□ Sveitarstjórn skal tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir fyrir 1. ágúst árið áður en framkvæmdir skulu hafnar.

■ **44. gr.** Tæknideild skal yfirfara tillögur stjórnar verkamannabústaða. Deildin skal huga sérstaklega að hagkvæmni íbúða og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðaverð, svo sem með stöðlun, samkeppnisútboðum og sameiginlegum efniskaupum eftir því sem við verður komið.

□ Tæknideild skilar skriflegri álitsgerð um framangreind atriði og skal hlutaðeigandi sveitarstjórn og stjórn verkamannabústaða gefinn kostur á að tjá sig um hana.

■ **45. gr.** Þegar húsnæðismálastjórn hefur fengið álitsgerð tæknideildar og athugasemdir umsagnaraðila tekur hún ákvörðun um það, hvort framkvæmdin falli undir ákvæði 36. gr. laga þessara. Sé sú raunin að mati stjórnarinnar, heimilar hún stjórn verkamannabústaða að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

□ Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera framkvæmdaaðilum til ráðuneytis um fjárhagsleg og tæknileg atriði framkvæmda.

■ **46. gr.** Jafnframt veitingu framkvæmdaheimildar gerir Húsnæðisstofnunin framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi stjórn verkamannabústaða. Heimilt er að greiða á byggingartímanum allt að 95% af áætlaðri lánsfjárhæð samkvæmt 52. gr. Miða skal við að lánið komi til greiðslu í samræmi við verkstöðu á hverjum tíma samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.

□ Heimilt er þó að greiða út lánsfé umfram verkstöðu þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna fyrirframgreiðslu við gerð stórra verksamninga og efniskaupa, enda komi þá til fullnægjandi trygging að mati húsnæðismálastjórnar fyrir því lánsfé, sem er umfram verkstöðu. Að öðru leyti skulu framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar framkvæmdaláni og bakábyrgð sveitarstjórnar.

□ Framkvæmdalán skulu vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu en vaxtalaus. Verðbætur teljast til byggingarkostnaðar.

■ **47. gr.** Réttur til kaupa á íbúð í verkamannabústöðum er bundinn við þá sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a. Eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi þegar könnun fer fram.

b. Eiga ekki íbúð fyrir eða samsvarandi eign í öðru formi.

c. Hafa haft í meðaltekjur þrjú síðustu árin áður en úthlutun fer fram eigi hærri fjárhæð en sem svarar 2600 þús. kr. fyrir einhleyping eða hjón og 230 þús. kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 16 ára aldurs.

Með tekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna, samkv. skattframtali. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við meðaltal áranna 1976, 1977 og 1978. Meðaltekjur þessar skulu framreiknaðar af Þjóðhagsstofnun í byrjun hvers árs, á grundvelli áætlana um breytingu á meðaltekjum verkamanna á næstliðnu ári og skýrslna Hagstofu Íslands um tekjur starfsstétta eftir skattframtölum árin tvö næstu þar á undan.

Skilyrði er að viðkomandi hafi unnið a. m. k. 1032 stundir árlega síðustu þrjú árin. Jafngildar unnum klukkustundum teljast þó fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla eða verkbanna, allt að 8 klst. fyrir hvern fjarvistardag, svo og skráðir atvinnuleysisdagar. Jafngildar unnum stundum teljast hins vegar ekki álags- og ákvæðisgreiðslur eða aðrar þess háttar greiðslur.

Þeim sem vinna fasta hlutavinnu skal þó rétt að kaupa íbúð í verkamannabústað og skal þá miða við 516 árlegar vinnustundir hið minnsta.

□ Heimilt er að víkja frá ákvæðum b-liðar, þegar um er að ræða umsækjendur, sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu. Frá ákvæði c-liðar er heimilt að víkja, að því er varðar fjölda árlegra vinnustunda, gagnvart umsækjendum sem hafa orðið fyrir varanlegri örorku.

□ Enn fremur er heimilt að víkja frá stafliðum b og c þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

■ **48. gr.** Stjórnir verkamannabústaða annast ráðstöfun íbúða í verkamannabústöðum, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum, eftir þeim meginreglum, sem ákveðnar eru í 47. gr., og nánari ákvæðum, sem sett verða í reglugerð.

□ Í auglýsingu um ráðstöfun íbúðanna skal taka fram hverjir eigi rétt til kaupa á verkamannabústað, stærð og gerð íbúða, afhendingartíma og greiðsluskilmála. Um-

sóknarfrestur má eigi vera skemmri en 3 vikur frá birtingu auglýsingar.

□ Stjórn verkamannabústaða ákveður skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar íbúðir samkvæmt ákvæðum reglugerðar um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum. Söluverð íbúðar skal vera kostnaðarverð hennar samkvæmt ákvæðum 52. gr. þessara laga.

■ **49. gr.** Umsækjandi, sem fær úthlutað íbúð, skal inna af hendi greiðslu sem nemur 5% af áætluðu kostnaðarverði innan 8 vikna frá dagsetningu tilkynningar um úthlutunina. Standi umsækjandi ekki í skilum innan þess tíma, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður.

□ Stjórn verkamannabústaða ákveður gjalddaga síðari hluta af greiðslu kaupanda og skal greiðslufrestur vera hinn sami og að framan greinir og viðurlög við greiðslufalli þau sömu.

■ **50. gr.** Þegar íbúð er fullgerð skal stjórn verkamannabústaða gera upp byggingarkostnað, en tæknideild Húsnæðisstofnunar staðfesta með úttekt sinni. Stjórn verkamannabústaða fær síðan kaupanda í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni gegn yfirtöku áhvílandi skulda, enda hafi kaupandi staðið í skilum með þær greiðslur sem honum ber að inna af hendi.

□ Í afsali skal taka fram, að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma. Enn fremur skal í afsali kveða á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku í húsfélagi með öðrum íbúðareigendum í sambýlishúsinu, sem annist sameiginleg verkefni eftir nánari ákvörðun stjórnar verkamannabústaða.

□ Eigi skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir verkamannabústöðum, en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

■ **51. gr.** Óheimilt er íbúðareiganda að veðsetja íbúð í verkamannabústöðum fyrir öðrum lánum en þeim, sem greinir í 52. gr. laga þessara, fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma er veðsetning heimil með samþykki Byggingarsjóðs verkamanna. Slík veðsetning má þó aldrei fara yfir 75% af brunabótamati íbúðarinnar að meðtöldu áhvílandi láni frá Byggingarsjóði verkamanna.

□ Ekki er heimilt að leigja verkamannabústað án samþykkis stjórnar verkamannabústaða og er leigusamningur ella ógildur. Stjórnin getur bundið samþykki sitt til útleigu skilyrðum um fjárhæð leigunnar og leigutíma.

■ **52. gr.** Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði verkamanna til hverrar íbúðar sem byggð er eða keypt sem verkamannabústaður samkv. lögum þessum. Lánið má nema allt að 90% af kostnaðarverði staðalíbúðar skv. 35. gr. þessara laga. Áður en framkvæmdir hefjast við hvern áfanga í byggingu verkamannabústaða skal tæknideild Húsnæðisstofnunar yfirfara teikningar og gera tillögur um samkvæmt hvaða staðli lán verði veitt út á hverja íbúð. Sveitarstjórn, eða stjórn verkamannabústaða í hennar umboði, ber fulla ábyrgð á framkvæmdum við byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu og verði byggingarkostnaður íbúðar meiri en sem nemur láni Byggingarsjóðs verkamanna að viðbættu framlagi kaupanda, sem nemur 10% af byggingarkostnaði, verður viðkomandi sveitarstjórn að greiða það sem umfram er. Lán Byggingarsjóðs verkamanna skulu vera að fullu verðtryggð og miðist höfuðstóll láns við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

□ Ársvextir af lánum skulu vera 0,5% og lánið afborgunarlaust fyrsta árið, en endurgreiðast síðan með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á 42 árum.

□ Gjalddagar lána skulu vera fjórir á ári, þ. e. 1. febr., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv. ár hvert. Heimilt er þó að taka upp mánaðarlegar greiðslur eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

□ Tilsvarandi fyrirgreiðslu veitir sjóðurinn og með sömu kjörum vegna endursölu íbúða sem sveitarstjórnir leysa til sín samkvæmt ákvæðum laga þessara um forkaupsrétt þeirra.

□ Með reglugerð má heimila frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum ef greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir hóflegt hlutfall dagvinnutekna hlutaðeiganda.

□ Reglugerðin skal sett að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

■ **53. gr.** Sveitarstjórn hefur kaupskyldu á öllum íbúðum í verkamannabústöðum, byggðum skv. lögum þessum, sem koma til endursölu, við verði sem tilgreint er í 48. gr., fyrstu 30 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þeim íbúðum, sem boðnar verða til sölu. Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að verkamannabústað, er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði, enda greiði hann upp áhvílandi, uppfærðar eftirstöðvar láns Byggingarsjóðs verkamanna. Sveitarstjórn skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir, sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

■ **54. gr.** Eigandi verkamannabústaðar, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það sveitarstjórn, sem leysir íbúðina til sín og selur að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerðar samkvæmt þeim.

□ Endurkaupsverð íbúðar má ekki vera hærra en upphaflegt kostnaðarverð hennar, auk hækkunar svo sem nánar er skýrt í þessari grein. Seljandi skal fá greidd þau 10% kostnaðarverðs íbúðar, sem hann greiddi í upphafi. Auk þess skal hann fá greidd 2,5% kaupverðsins fyrir hvert ár, sem íbúðin hefur verið í hans eign, að fyrsta árinu frátöldu, þó aldrei meira en 90% upphaflegs kostnaðarverðs. Til viðbótar þessum hundraðshlutum kaupverðs skal koma hækkun samkvæmt lánskjaravísitölu frá kaupdegi til söludags.

■ **55. gr.** Nú er íbúð, sem byggð hefur verið samkv. þessum lögum eða eldri lögum um verkamannabústaði, seld á nauðungaruppboði og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns og krefjast þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina, eða söluverði samkvæmt 2. mgr. 54. gr., ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

■ **56. gr.** Nú samþykkir sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúnahreppi að leysa hluta af íbúðaþörf þeirri, sem fram kemur við könnun samkvæmt 40. gr. þessara laga, með byggingu leiguíbúða samkvæmt b-lið 36. gr., og

sendir þá sveitarstjórn Húsnæðisstofnun ríkisins tilkynningu um þá ákvörðun sína. Jafnframt sendir sveitarstjórnin formlega umsókn um lán til framkvæmdanna úr Byggingarsjóði verkamanna. Skal þar koma fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það, sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitingar.

□ Umsókn skal berast Húsnæðisstofnun eigi síðar en 1. ágúst árið áður en framkvæmdir skulu hafnar.

■ **57. gr.** Húsnæðismálastjórn skal fela tæknideild Húsnæðisstofnunarinnar að yfirfara tillögu sveitarstjórnar á sama hátt og fyrir er mælt í 44. gr., að því er verkamannabústaði varðar.

■ **58. gr.** Telji húsnæðismálastjórn, að fenginni umsögn tæknideildar, fyrirhugaðar framkvæmdir falla undir ákvæði b-liðs 36. gr. þessara laga, heimilar hún sveitarstjórn að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

□ Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera framkvæmdaaðila til ráðuneytis um fjárhagsleg og tæknileg atriði framkvæmdanna.

■ **59. gr.** Þegar framkvæmdaheimild hefur verið veitt, gerir Húsnæðisstofnun framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi sveitarstjórn. Skal þar kveðið á um lánveitingu úr Byggingarsjóði verkamanna sem svarar hluta hans í fjármögnun framkvæmdanna samkvæmt 1. mgr. 60. gr. þessara laga. Miða skal við, að lánsféð komi til greiðslu í samræmi við framkvæmdahraða, og skal sveitarstjórn senda skriflega úttekt á verkstöðu, staðfesta af trúnaðarmanni sem Húsnæðisstofnun nefnir til.

□ Framkvæmdalánin skulu verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu, en vaxtalaus.

■ **60. gr.** Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða sveitarfélaga skulu nema 80% af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúða þeirra, sem gilda til viðmiðunar fyrir fyrirhugaðar íbúðir, sbr. ákvæði 35. gr. laga þessara, en hlutaðeigandi sveitarfélag ber annan kostnað við framkvæmdirnar. Nú verður raunverulegur byggingarkostnaður meiri en nemur áætluðu verði staðalíbúðar, og skal þá hlutaðeigandi sveitarfélag standa undir þeim umframkostnaði.

□ Lán til leiguíbúða skulu að fullu verðtryggð og miðist höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Lánin skulu tryggð með 1. veðrétti í þeim íbúðum sem byggðar eru.

□ Meðan verkáfangi er ekki veðhæfur skal koma til ábyrgð sveitarsjóðs eða banka. Vextir af lánum skulu vera breytilegir samkv. ákvörðun ráðherra, en þó aldrei hærri en 2% á ári, lánið afborgunarlaust fyrsta árið, en endurgreiðist síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á 15 árum.

□ Gjalddagar lána skulu vera fjórir á ári, þ. e. 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert. Heimilt er húsnæðismálastjórn að fjölga þeim síðar.

■ **61. gr.** Íbúðir henti sem flestum fjölskyldum og verði ekki stærri en staðalíbúðir skv. 35. gr.

■ **62. gr.** Stjórn verkamannabústaða skal ráðstafa í umboði sveitarstjórnar þeim leiguíbúðum, sem reistar eru á hennar vegum. Við úthlutun íbúðanna skulu þeir hafa forleigurétt sem búa við lakastar aðstæður, svo sem láglaunafólk, einstæð foreldri og aðrir þeir, sem þarfnast vegna félagslegra aðstæðna sérstakrar húsnæðisfyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera, þ. á m. ungt fólk, fyrstu búskaparárin.

□ Nánari reglur um ráðstöfun leiguíbúða og um ákvörðun húsaleigu skulu sett í reglugerð.

■ **63. gr.** Nú telur sveitarstjórn hagkvæmt að kaupa eldra íbúðarhúsnæði til nota sem leiguíbúð og er þá Byggingarsjóði verkamanna heimilt að veita lán til slíkra kaupa samkvæmt 60. gr., enda fullnægi húsnæðið þeim almennu kröfum, sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði, og kaupverð sé eigi hærra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar. Lánveiting sjóðsins má þá nema sama hlutfalli af kaupverði að frádregnum áhvílandi lánum og lánað er til nýbygginga.

■ **64. gr.** Sveitarstjórn er óheimilt að selja leiguíbúðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum, meðan á þeim hvíla lán frá Byggingarsjóði verkamanna.

V. kafli. Um kaupskyldu sveitarfélaga á verkamannabústöðum, sem byggðir hafa verið samkvæmt eldri lögum.

■ **65. gr.** Kaupskylda sveitarfélaga skv. 53. gr. laga þessara tekur einnig til íbúða í verkamannabústöðum, sem byggðar hafa verið samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði, enda sé forkaupsréttur ekki þegar fallinn niður af þeim lögum samkvæmt. Sama gildir um íbúðir sem byggðar hafa verið samkvæmt lögum nr. 97/1965. Gildir kaupskyldan í 30 ár frá undirritun kaupsamninga eða útgáfu upphaflegs afsals fyrir íbúð þeirri, sem í hlut á. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þessum íbúðum.

□ Um kaup sveitarstjórnar á eldri íbúðum samkv. 1. mgr. gilda ákvæði 53., 54. og 55. gr. laga þessara, eftir því sem við getur átt.

□ Við gildistöku þessara laga skal stjórn verkamannabústaða í Reykjavík taka við umráðarétti þeirra íbúða, sem byggðar voru samkvæmt lögum nr. 97 frá 1965 af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, og annast endurkaup og endursölu þeirra. Skulu gilda um meðferð þeirra sömu reglur og um verkamannabústaði.

□ Um íbúðir, sem byggðar hafa verið samkvæmt ákvæðum laga nr. 58/1973, sbr. lög nr. 38/1976, skulu gilda ákvæði laga þessara eftir því sem við getur átt.

□ Félagsmálaráðherra setur, að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands, nánari ákvæði um meðferð þeirra mála og um réttindi íbúa í öðrum sveitarfélögum, sem aðild áttu að þeim framkvæmdum.

■ **66. gr.** Kaupverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kostnaðarverð hennar eða síðasta kaupverð, að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta, er svarar til láns úr Byggingarsjóði verkamanna og eftir stendur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá fyrningu, 1% á ári af framreiknuðu kaupverði. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer

1980 Nr. 51 9. júní

fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu. Ef á íbúðinni hvílir lán úr Byggingarsjóði ríkisins skulu eftirstöðvar þess koma til frádráttar greiðslu til seljanda miðað við uppfærðan höfuðstól.

■ **67. gr.** Sveitarstjórn skal endurselja íbúðina á upphaflegu kostnaðarverði eða því kaupverði, sem fyrri eigandi greiddi fyrir hana, að viðbættri hækkun samkv. byggingarvísitölu og matsverði endurbóta, en að frádreginni fyrningu, sem reiknast 1% á ári af uppfærðu verði. Byggingarsjóður verkamanna skal sjá um að greiða upp áhvílandi lán og létta af íbúðinni. Skal hún síðan seld með sömu kjörum og gilda um sölu nýrra íbúða.

□ Mismunur á endurkaupsverði og endursöluverði rennur til Byggingarsjóðs verkamanna.

■ **68. gr.** Nú innleysir sveitarfélag íbúð, sem er þinglýst eign Byggingarfélags verkamanna, og skal þá stjórn hlutaðeigandi byggingarfélags eða sveitarstjórn, hafi hún tekið við hlutverki þess, leysa íbúðina úr veðböndum, enda séu eftirstöðvar áhvílandi láns Byggingarsjóðs verkamanna á íbúðinni greiddar að fullu.

□ Við endursölu slíkrar íbúðar skal nýtt lán tryggt með veði í henni eins og um nýja íbúð væri að ræða og skulu þeir, sem voru fullgildir félagsmenn í hlutaðeigandi byggingarfélagi verkamanna við gildistöku laga þessara, að öðru jöfnu ganga fyrir um kaup hennar.

□ Byggingarfélög verkamanna, sem haldið hafa áfram starfsemi sinni eftir 12. maí 1970, skulu koma í stað húsfélaga samkvæmt 2. mgr. 50. gr. og skulu þeir, sem kaupa slíkar íbúðir, gerast aðilar að hlutaðeigandi byggingarfélagi með öllum réttindum og skyldum.

VI. kafli. Um tækni- og þjónustudeild Húsnæðisstofnunar.

■ **69. gr.** Hlutverk deildarinnar er tvíþætt. Annars vegar skal hún vera húsnæðismálastjórn til ráðuneytis um tæknileg atriði. Hins vegar skal hún veita húsbyggjendum þjónustu með ráðgjöf um byggingarmál og sölu íbúðateikninga.

□ Verkefni tækni- og þjónustudeildar eru þessi:

a. Tækniskor:

1. Að semja skilyrði fyrir lánshæfni íbúða og endurmeta þau að staðaldri með hliðsjón af breyttum þjóðfélagsháttum og nýjungum í byggingartækni. Gera skal grein fyrir gæða- og stærðarkröfum og nauðsynlegum tæknilegum atriðum. Heimilt er að áskilja að forsenda lánshæfni sé hönnun húss í MÁT-kerfi og notkun almennra byggingarstaðla.

2. Að gera tillögu um staðalíbúðir skv. 35. gr. laga þessara til viðmiðunar við ákvörðun lánsréttar og áætla byggingarkostnað slíkra íbúða í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

3. Að hafa á hendi eftirlit með framkvæmdum þeirra aðila, sem njóta lána úr veðlánakerfinu, eftir því sem þörf er á, og sjá um að settum skilyrðum sé fullnægt.

4. Að vera ráðgjafi Húsnæðisstofnunarinnar og stjórnar hennar um tæknileg málefni og annast samskipti við aðra opinbera aðila sem vinna að áætlunargerð, rannsóknum og tilraunum á sviði húsnæðis- og byggingarmála.

b. Þjónustuskor:

1. Að veita umsækjendum um íbúðalán almennar upplýsingar og ráðgjöf á sviði byggingarmála, svo sem um þær reglur sem gilda um hönnun, gerð og gæði íbúðarhúsnæðis, byggingaraðferðir og val byggingarefnis.

2. Að sjá um viðhald og dreifingu teikningasafns stofnunarinnar og afla nýrra lausna með því að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdrátta af húsum og/eða byggingarhlutum og dreifa til byggjenda bestu lausnum sem fást úr slíkri samkeppni.

3. Að vera sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða, sem þess óska, til aðstoðar við undirbúning, útboð og samningsgerð vegna félagslegra íbúðabygginga.

4. Að fylgjast með og kynna tækninýjungar sem stuðlað geta að lækkun byggingarkostnaðar.

■ **70. gr.** Tæknideild skal verðleggja þjónustu sína með þeim hætti að endurgjald fyrir hana standi að fullu undir kostnaði við starfrækslu deildarinnar.

□ Félagsmálaráðuneytið setur deildinni sérstaka gjaldskrá að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

VII. kafli. Um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga.[1)]

[1)] *Rg. 193/1981.*

■ **71. gr.** Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára, sem ekki hafa formlega undanþágu samkv. 73. gr., skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum, eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu áramót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu áramót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

□ Fé það, sem lagt er til hliðar á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari. Sem eign er það, að vöxtum meðtöldum, skattfrjálst en framtalsskylt.

■ **72. gr.** Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkv. 1. mgr. 71. gr., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar verði það fyrr, kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkvæmt 1. mgr. með sömu vöxtum og gilda á hverjum tíma fyrir lán skv. 1. tl. 11. gr. að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands samkvæmt 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979.

□ Innlagður skyldusparnaður á hverjum tíma fái grunngildi lánskjaravísitölu þess mánaðar. Þegar skyldusparnaðurinn er tekinn út, sé sömuleiðis miðað við gildandi lánskjaravísitölu í þeim mánuði. Vextir af innstæðu skulu leggjast við höfuðstól um hver áramót og verðtryggjast á sama hátt og höfuðstóllinn.

■ **73. gr.** Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

a. Gift fólk, sem stofnað hefur heimili, og sambýlisfólk, þ. e. karl og kona, sem búa saman og eru ógift, hafi þau átt saman barn og sambúðin varað í eitt ár samfleytt.

b. Skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári.

c. Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu og hafa fyrir heimili að sjá.

d. Þeir, sem eiga íbúð til eigin þarfa.

1980 Nr. 51 9. júní

e. Þeir, sem búa við varanlega örorku, skv. vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins.

□ Sá sem á rétt til undanþágu frá sparnaðarskyldu skal sanna það með formlegu vottorði frá skattstjóra. Ella verður hann að láta tilskilið sparifé af hendi, en á þá rétt til endurgreiðslu svo fljótt sem við verður komið.

□ Útlendingar, sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir, skulu fá skyldusparnað sinn endurgreiddan er þeir hverfa af landi brott.

■ **74. gr.** Heimilt er skattstjórum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Skýrslur um slíkar undanþágur skal senda Húsnæðisstofnun ríkisins. Ákvörðun skattstjóra má áfrýja til félagsmálaráðherra.

■ **75. gr.** Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skal heimilt að gefa út sparimerki og skulu atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur þá skyldir til að greiða tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar. Kaupgreiðendum er rétt að krefjast þess að launþegar færi sönnur á aldur sinn með framvísun nafnskírteinis hvenær sem ástæða er til.

□ Óheimilt er kaupgreiðanda að samþykkja undanþágu frá sparnaðarskyldu nema launþegi framvísi vottorði frá skattstjóra um undanþáguheimild sína.

■ **76. gr.** Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattyfirvald ákveður á hendur þeim atvinnurekanda, sem vanrækir sparimerkjakaup. Gjald þetta má nema allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattyfirvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu hæfilegu daggjaldi. Gjöld þessi renna til Byggingarsjóðs ríkisins.

□ Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

□ Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar ríkisins, að ákveða aðra tilhögun við innheimtu skyldusparnaðar.

VIII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **77. gr.** Félagsmálaráðherra setur með reglugerð[1] nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

[1] *Rg. 193/1981, um skyldusparnað.*

■ **78. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum.

■ **79. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1980. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, með áorðnum breytingum, og reglugerðir settar á grundvelli þeirra, nema V. kafli, sbr. lög nr. 59/1973.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** 1. Nú ákveður húsnæðismálastjórn að beita heimildum 13. og 15. gr. laga þessara til að skerða eða hafna lánveitingu til umsækjanda, sem hefur tvisvar áður fengið lán úr byggingarsjóðum hins opinbera, og skulu þá lán veitt fyrir gildistöku þessara laga, þótt fleiri séu en eitt, aldrei talin jafngilda nema einni lánveitingu.

2. Húsnæðisstofnun ríkisins skal í samráði við veðdeild Landsbanka Íslands hlutast til um að þeim einstaklingum, sem fengið hafa nýbyggingarlán á árunum 1974—1979 með hlutfallslegri verðtryggingu, verði gefinn kostur á að skipta á skuldabréfum. Skal þá gefa út nýtt skuldabréf fyrir uppfærðum eftirstöðvum eldra lánsins, enda nemi þær, þannig reiknaðar, hærri fjárhæð en einni milljón króna. Bréf þetta skal vera með þeim lánskjörum, sem ákveðin eru í lögum þessum. Eigi skal greiða stimpilgjald af hinum nýju skuldabréfum. Breytingar þessar skal, ef henta þykir, heimilt að framkvæma með sérstakri yfirlýsingu eða viðauka við eldri bréf.

1980 Nr. 51 9. júní

3. Allir þeir, sem gert hafa íbúðarhúsnæði fokhelt fyrir gildistöku laga þessara, skulu fá nýbyggingarlán sín afgreidd á grundvelli eldri laga, að því er varðar lánshæfni og lánsfjárhæð. Sama gildir um þá, sem gert hafa kaupsamning um eldra íbúðarhúsnæði og lagt inn lánsumsókn fyrir gildistöku laga þessara. Lánveitingar samkvæmt framkvæmdalánssamningum, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu einnig haldast óbreyttar að þessu leyti. Allt lánsfé, sem kemur til greiðslu eftir gildistöku laganna, skal hins vegar veitt með þeim lánskjörum, sem ákveðin eru í lögum þessum.

4. Þær íbúðir í verkamannabústöðum, sem eru í byggingu og orðnar fokheldar þegar lög þessi taka gildi, skulu fjármagnaðar og hljóta lánakjör samkvæmt eldri lögum. Sama gildir um leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga þar sem framkvæmdir eru hafnar eða samningar undirritaðir við gildistöku laganna, þá skal þeim lokið samkvæmt lögum nr. 38/1976. Þær íbúðir, sem ekki hafa verið samþykktar af húsnæðismálastjórn, en ætlað var að byggja samkvæmt þeim lögum, skulu falla undir kaflann um félagslegar íbúðabyggingar í þessum lögum.

5. Stjórnir verkamannabústaða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu starfa áfram til ársloka 1980, en fyrir þann tíma skulu allar sveitarstjórnir, sem lög þessi taka til, og félagasamtök launafólks hafa tilnefnt fulltrúa í stjórn verkamannabústaða í viðkomandi byggðarlagi samkv. 39. gr. þessara laga. Kjörtímabil þeirra stjórna verkamannabústaða, sem þá verða skipaðar, skal vera út kjörtímabil núverandi sveitarstjórna.

6. Ákvæði stafliðar b í 37. gr. tekur gildi frá og með 1. janúar 1981.

Lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins.[1]

1970 Nr. 30 12. maí

[1] *Felld úr gildi með l. 51/1980, 79. gr., nema V. kafli, sbr. l. 59/1973.*

[V. kafli. Um byggingarsamvinnufélög.][1]

[1] *L. 59/1973, 2. gr.*

■ **[27. gr.** Ákvæði þessa kafla taka til sérhvers félags, sem starfar á samvinnugrundvelli með því markmiði að reisa með sem hagfelldustum kjörum íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota ásamt öðrum byggingum, sem teljast verða í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið.

□ Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

a. Að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna, er þeir hyggjast síðar nota til öflunar íbúðarhúsnæðis, sbr. Alið 29. gr.

b. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt

lögum nr. 46 1937, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum, sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.

c. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra, sem félagið annast.

□ Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal í nafni sínu hafa orðið „byggingarsamvinnufélag", og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slíkt heiti.

■ **28. gr.** Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 46/1937, um samvinnufélög. Lágmarkstala stofnenda skal vera 10 manns, en í þeim sveitarfélögum, sem hafa yfir 15 þúsund íbúa, skal lágmarkstalan vera 50.

□ Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag, fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu.[1] Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum, er miði m. a. að því, að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda verði sem skýrust.

[1] *Augl. 148/1981, 289/1981 og 258/1982.*

■ **29. gr.** Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar íbúðar eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn.

Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Byggingarsjóði ríkisins, og skulu þær endurgreiddar að viðbættum vöxtum, þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki viðkomandi félagsmanns. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum viðskiptabankanna á innstæðutímum.

Stofnsjóðsinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það. Við úrsögn úr félaginu skal félagsmaður þó aldrei fá endurgreidda hærri fjárhæð en innlög að viðbættum almennum sparisjóðsvöxtum hjá Landsbanka Íslands, en mismunur rennur í varasjóð félagsins.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri, meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda, byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.

C. Með framkvæmdalánum, sbr. A-lið 8. gr. Íbúðum, sem byggingarsamvinnufélagi er veitt framkvæmdalán til, skal að jafnaði skila fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn veita undanþágu frá því skilyrði, ef tryggilega er kveðið á um, hvernig lokafrágangi skuli hagað.

D. Með sölu veðskuldabréfa til veðdeildar Landsbanka Íslands, þó ekki yfir 80% af matsverði viðkomandi íbúða. Lán þessi greiðir veðdeildin með veðdeildarbréfum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, sbr. 7. gr. laga nr. 11 1961, um Landsbanka Íslands. Veðdeildarbréf þessi skulu aðeins gefin út á nafn lífeyrissjóðs eða innlánsstofnunar, og fellur ríkisábyrgð niður, ef bréfin eru framseld. Um skiptingu láns milli félagsmanna fer eftir ákvæðum samþykkta félagsins. Hver félagsmaður er ábyrgur fyrir sínum hluta lánsins.

Nú hefur félagsmaður lagt fram fé í stofnsjóð samkvæmt A-lið með reglubundnum hætti um a. m. k. þriggja ára skeið, áður en byggingarframkvæmdir hefjast, og samanlögð fjárhæð þessara innlaga án vaxta nemur a. m. k. 10% af áætluðum byggingarkostnaði, og skal hann þá auk almenns láns samkvæmt 8. gr. eiga rétt á, að Byggingarsjóður ríkisins kaupi af honum veðdeildarbréf samkvæmt þessum staflið fyrir fjárhæð, er sé jafnhá hinum reglubundnu framlögum, þó aldrei meira en 25% af áætluðum byggingarkostnaði. Enginn einstaklingur á rétt á slíku viðbótarláni nema einu sinni. Húsnæðismálastjórn setur nánari reglur um tilhögun framlaga þeirra, er veita þennan rétt.

E. Með varasjóðstillagi, er nemi 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær, sem samkvæmt ákvæðum laga þessara renna í stofnsjóð eða rekstrarsjóð.

■ **30. gr.** Íbúðir byggingarsamvinnufélaga skulu uppfylla skilyrði húsnæðismálastjórnar um hámarksstærð samkvæmt E-lið 8. gr. Þær skulu gerðar úr varanlegu efni og hafa til að bera venjuleg nútímaþægindi.

□ Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn, áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m. a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

□ Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður, skulu þeir, sem aðild eiga að honum, kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk, vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara og stimpla með dagsetningu öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar.

□ Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur, ef til eru.

□ Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna, og skal þá umsækjendum raðað eftir því, í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði A-liðar 29. gr. um stofnframlag. Þeim, sem ekki hafa uppfyllt skilyrði þessi, áður en byggingarsamningur er gerður, skal raðað eftir þeirri röð, er þeir gengu í félagið.

□ Félagsmaður getur því aðeins gerzt aðili að byggingarsamningi, að hann sé fjárráða og eigi lögheimili innan þeirra sveitarfélaga, sem félagið nær til.

1970 Nr. 30 12. maí

■ **31. gr.** Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareigenda í málum, sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar, unz íbúðirnar hafa verið afhentar, og heimilt er henni að taka að sér slíkan málarekstur á síðara stigi, ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við slík málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða, að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði, allt að þeirri fjárhæð, sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

□ Byggingarsamvinnufélag verður ekki krafið skaðabóta af einstökum félagsmönnum eða byggingarflokki, nema tjón verði rakið til mistaka eða vanrækslu stjórnar eða framkvæmdastjóra félagsins.

■ **32. gr.** Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana fyrstu fimm árin, frá því að byggingarframkvæmdir hófust, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og eigi á þeim tíma leigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstaklega stendur á. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á 5 ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um leigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera.

□ Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 1. mgr., og rennur þá sá hluti söluverðs, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Hefur félagið veð fyrir skuldinni í hinni seldu íbúð, næst á eftir áhvílandi veðum, sbr. 33. gr.

□ Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

■ **33. gr.** Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af brunabótamatsverði þeirra, enda verður eigi gert fjárnám í eignunum fyrir hærri fjárhæð.

■ **34. gr.** Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vera stjórnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra, sbr. 3. gr. Stofnunin skal m. a. aðstoða við útvegun leigulóða og láta í té teikningar í samræmi við þá grein. Enn fremur skal hún með framkvæmdalánum samkvæmt A-lið 8. gr. stuðla að því, að unnt sé að bjóða út framkvæmdir.

□ Húsnæðismálastjórn skal hafa öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum samvinnufélaga. Skal þeim skylt að senda Húsnæðismálastofnuninni árs-

reikninga sína, og jafnan skal hún hafa aðgang að bókhaldi þeirra. Þá skal hún vinna að því að koma á samræmdum reglum um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda.][1)]

[1)] *L. 59/1973, 3.—10. gr.*

1970 Nr. 30 12. maí

■ **Gildistökuákvæði.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum. ...[1)]

[1)] *L. 59/1973, 11. gr.*

Lög um byggingarsjóð aldraðs fólks.

1963 Nr. 49 20. apríl

■ **1. gr.** Stofna skal sjóð, er nefnist Byggingarsjóður aldraðs fólks.

■ **2. gr.** [Hlutverk sjóðsins er að stuðla með lánveitingum og styrkveitingum að því, að byggðar verði hentugar íbúðir og dvalarheimili fyrir aldrað fólk.][1)]

[1)] *L. 40/1971, 1. gr.*

■ **3. gr.** Tekjur sjóðsins eru:

1. Ágóði af happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, samkvæmt ákvæðum þar um í lögum um happdrættið.

2. Frjáls framlög eða aðrar tekjur, sem til kunna að falla.

3. Vaxtatekjur.

■ **4. gr.** [Fela skal Tryggingastofnun ríkisins stjórn sjóðsins og daglegan rekstur hans. Skal fulltrúi stjórnar happdrættis DAS eiga tillögurétt um lán- og styrkveitingar.][1)]

[1)] *L. 40/1971, 2. gr.*

■ **5. gr.** [Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum, allt að 50% af árlegum tekjum hans, til byggingar á hentugum íbúðum og dvalarheimilum fyrir aldrað fólk.][1)]

□ Lán úr sjóðnum má veita, gegn öruggum tryggingum, sveitarfélögum eða aðilum, sem sveitarstjórnir mæla með og takast á hendur að reisa íbúðir [og dvalarheimili][2)] handa öldruðu fólki. Lán til einstaklinga til kaupa á íbúðum fyrir sjálfa sig má þó aðeins veita samkv. 6. gr.

[1)] *L. 40/1971, 3. gr.* [2)] *L. 23/1968, 2. gr.*

■ **6. gr.** Heimilt skal tryggingaráði að verja hluta af fé sjóðsins til þess að lána einstaklingum 67 ára og eldri, til kaupa á litlum íbúðum, sem gerðar séu sérstaklega við hæfi aldraðs fólks. Skal þá vera sú kvöð á íbúðunum, að þær verði notaðar fyrir aldrað fólk, meðan lánin hvíla á þeim. Tryggingaráð skal setja um þetta sérstakar reglur, sem félagsmálaráðuneytið staðfestir.

■ **7. gr.** Lán, sem veitt eru úr sjóðnum, mega nema allt að 50% af kostnaðarverði íbúðanna, og skulu þau tryggð með veði í íbúðunum. Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánum annars staðar frá, er nemi allt að 35% af kostnaðarverði íbúðanna.

□ [Lán og styrkir, sem veitt eru úr sjóðnum til byggingar dvalarheimila, mega nema allt að 40% af kostnaðarverði þeirra, og skulu þau tryggð með veði í heimilunum. Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánum annars staðar frá, er nemi allt að 75% af kostnaðarverði íbúðanna.][1)]

[1)] *L. 40/1971, 4. gr.*

■ **8. gr.** Lán skv. 5. gr. má því aðeins veita:

a. að fyrir liggi teikningar af fyrirhuguðum byggingum, sem ráðherra hefur samþykkt,

b. að umsækjandi sýni fram á, að hann hafi tryggt sér

1963 Nr. 49 20. apríl

nægilegt fjármagn til byggingarinnar annars staðar frá. [Við byggingu dvalarheimilis nægir ábyrgð sveitarfélags.][1)]

[1)] *L. 23/1968, 4. gr.*

■ **9. gr.** Ráðherra setur með reglugerð[1)] nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um lánstíma og lánskjör.

[1)] *Rg. 321/1978.*

1976 Nr. 59 31. maí

Lög um fjölbýlishús.

I. Gildissvið laganna.

■ **1. gr.** Fjölbýlishús telst í lögum þessum hvert það hús, sem í eru tvær eða fleiri íbúðir.

□ Með íbúð í lögum þessum er átt við hvert það herbergi, sem eldhús fylgir.

■ **2. gr.** Lög þessi gilda um fjölbýlishús, þar sem íbúðirnar eru í eigu fleiri en eins aðila. Einnig skulu þau gilda um raðhús og önnur samtengd hús eftir því sem við getur átt.

□ Reglur laganna verða einnig notaðar, eftir því sem við á, um önnur hús, er fleiri en einn á eða nýtir.

II. Skipting eignarráða.

■ **3. gr.** Gera skal skiptayfirlýsingu um öll fjölbýlishús, enda liggi ekki fyrir þinglýstur skiptasamningur. Sé um nýbyggingu að ræða, skulu sveitarstjórnir gera það að skilyrði fyrir gerð lóðarsamnings, að skiptayfirlýsing liggi fyrir. Skiptayfirlýsingu skal þinglýst eigi síðar en húsið er fokhelt.

□ Gera skal það að skilyrði þinglýsingar eignayfirfærslu fjölbýlishúss eða hluta þess, að skiptayfirlýsing liggi fyrir.

■ **4. gr.** Í skiptayfirlýsingu skal greina, svo ekki verði um villst:

a. Hvar hver íbúð er. Gefa skal það til kynna með götunafni, húsnúmeri, á hvaða hæð íbúð er og sérstakri merkingu samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.

b. Stærð hverrar íbúðar og hvað henni fylgir sérstaklega.

c. Hver sé hlutfallstala hverrar íbúðar, hafi hún verið ákveðin, sbr. 2. mgr. 8. gr.

d. Hvort íbúð fylgir réttur til bílskúrs eða bílstæðis.

□ Hverri skiptayfirlýsingu skal fylgja teikning yfir hverja hæð fjölbýlishúss þar sem sýnd er stærð og merking hverrar íbúðar um sig og hvað henni fylgir sérstaklega. Sveitarstjórn skal staðfesta, að þessar upplýsingar séu réttar.

■ **5. gr.** Eign í fjölbýlishúsi er með tvennu móti: Séreign og sameign.

□ Íbúðirnar sjálfar, eins og þeim er lýst í skiptayfirlýsingu eða skiptasamningi, og það sem þeim fylgir sérstaklega er í séreign íbúðareigenda. Aðrir hlutar fjölbýlishúss eru í sameign, þar með talin eignarlóð eða leigulóðarréttindi.

□ Hverri íbúð fylgir eftir ákveðinni hlutfallstölu hlutdeild í sameign. Sé hlutfallstalan ekki ákveðin eru íbúðirnar allar jafnréttháar.

□ Íbúðunum fylgja eftir hlutfallstölu, sbr. 8. gr., réttindi og skyldur til að taka þátt í félagsskap allra eigenda um fjölbýlishúsið.

□ Réttindi þau og skyldur, sem talað er um í 3. og 4. mgr., verða ekki skilin frá íbúðunum.

■ **6. gr.** Skipti veggur fjölbýlishúsi svo aðeins hluti íbúða er um sama gang, stiga, svalir, tröppur eða annað sameiginlegt húsrými en aðrir íbúðareigendur hafa þar engin afnot eða aðgang, telst það til þeirra íbúða einna.

1976 Nr. 59 31. maí

■ **7. gr.** Sérhver íbúð í fjölbýlishúsi telst ásamt því, er henni fylgir sérstaklega, og eignarhluta sínum í sameign sérstök fasteign, enda sé fullnægt skilyrðum laga um skráningu og mat fasteigna.

■ **8. gr.** Eignarhluti í sameign er reiknaður út eftir sérstaklega ákvarðaðri hlutfallstölu.

□ Reglur um útreikning hlutfallstölu skulu settar af félagsmálaráðuneytinu með reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 281/1976.*

III. Um réttindi og skyldur.

■ **9. gr.** Bygging ofan á eða við fjölbýlishús eða á lóð þess er háð samþykki allra eigenda hússins, nema gert hafi verið ráð fyrir henni í upphafi á samþykktri teikningu.

□ Að öðru jöfnu gengur sá fyrir um rétt til slíkrar byggingar, sem stærri hlut á í húsinu.

□ Hafi ekki frá upphafi verið gert ráð fyrir því að bílastæði fylgi ákveðnum íbúðum fjölbýlishúss, verða bílastæði ekki gerð eða þeim skipt, nema allir íbúðareigendur samþykki.

□ Ef bílastæðum er hlutað niður á íbúðir greiðir hver íbúðareigandi fyrir gerð síns stæðis, en ef bílastæðum er ekki skipt greiðist kostnaður við þau að jöfnu.

■ **10. gr.** Allir íbúðareigendur eiga rétt til ákvörðunar um innréttingar og fyrirkomulag þess hluta fasteignar, sem sameiginlegur er, þar með talið útlit hússins, girðing og skipulag lóðar, enn fremur rekstur og viðhald þess sameiginlega, sbr. 11. gr., svo og gerð glers í gluggum. Hafi einhver íbúðareigandi ekki verið boðaður á fund þar sem ákvörðun er tekin um framkvæmdir samkvæmt þessari grein, getur hann neitað að taka þátt í kostnaði vegna þeirra og stöðvað þær, þar til lögleg ákvörðun hefur verið tekin um þær samkvæmt húsfélagssamþykktum.

■ **11. gr.** Sameiginlegt viðhald telst hvers konar viðhald og viðgerðir á öllu sameiginlegu húsrými í fjölbýlishúsi, enn fremur hvers konar viðhald á sameiginlegu hitunar-, vatns-, skólp-, rafmagns- og dyrasímakerfi húss að undanskildum þeim tækjum, sem tengd eru kerfunum í hverri íbúð.

□ Bili sameiginleg leiðsla, skal reikna allt tjón, sem af því leiðir, svo og viðgerð og skemmdir, sem sameiginlegt tjón.

□ Bili leiðsla, sem ekki er sameiginleg í fjölbýlishúsi, eru íbúðareigendur skyldir til að leyfa viðgerð á henni, enda þótt rjúfa þurfi vegg, loft eða gólf í íbúðum þeirra, að því tilskildu, að þeim sé tilkynnt um viðgerðina í tæka tíð og öllu komið í lag, svo sem kostur er, án ástæðulausrar tafar og þeim að kostnaðarlausu.

□ Allt viðhald á húsinu að utan, svo og á lóð og girðingu er sameiginlegt, undanskilið er gler í gluggum og hurðir íbúða, að öðru leyti en málning þeirra.

■ **12. gr.** Hver íbúðareigandi skal sjá um og kosta viðhald á íbúð sinni.

□ Íbúðareigandi er ábyrgur gagnvart sameigendum sínum fyrir því tjóni, sem þeir verða fyrir vegna óhapps í íbúð hans, svo sem vegna bilunar á tækjum eða leiðslum, sem íbúð hans tilheyra.

■ **13. gr.** Sameiginlegan kostnað, þar með talinn

1976 Nr. 59 31. maí

kostnað af framkvæmdum, sbr. 10. gr., húsfjórn o. fl., bera húseigendur samkvæmt hlutfallstölu íbúða sinna. Sama gildir um opinber gjöld, sem reiknuð kunna að verða af húsinu sem heild.

□ Greiði einhver íbúðareigandi ekki sinn hluta kostnaðar samkvæmt 1. mgr. eignast hinir íbúðareigendurnir lögveð í íbúð hans til tryggingar greiðslunni. Sá veðréttur fellur niður ef honum er eigi fylgt eftir með lögsókn áður en eitt ár er liðið frá þeim degi er greiðslan var innt af hendi.

■ **14. gr.** Afnotaréttur sameiginlegs þvottahúss og þurrkherbergis skal vera jafn. Séu keypt tæki til sameiginlegra nota í þvottahúsi eða þurrkherbergi, skulu íbúðareigendur greiða að jöfnu kaupverð þeirra og viðhald.

■ **15. gr.** Nánari reglur um stjórn húsfélagsins, reikninga, sameiginlegan hita, afnot sameiginlegs húsrýmis, endurskoðun o. fl., eru ákveðnar í samþykktum, sem félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð.[1] Samþykktir þessar gilda, hafi húsfélagið ekki sett sér aðrar samþykktir og þinglýst þeim.

[1] *Rg. 280/1976.*

IV. Um sambýlisháttu.

■ **16. gr.** Íbúum fjölbýlishúss skal skylt að ganga þriflega um hús og lóð og gæta þess í umgengni sinni að valda ekki öðrum íbúum hússins óþægindum eða ónæði.

□ Húsfélag skal í húsreglum setja venjulegar umgengnisreglur.

■ **17. gr.** Geri eigandi eða annar íbúi húss sig sekan um gróf eða ítrekuð brot á skyldum sínum gagnvart húsfélaginu eða einhverjum félagsmanni þess getur húsfélagið eftir a. m. k. eina skriflega aðvörun krafist að hann flytji úr íbúð sinni með eins mánaðar fyrirvara.

V. Ýmis ákvæði.

■ **18. gr.** Sé íbúð í fjölbýlishúsi seld skal seljandi, áður en samningur er undirritaður, kynna kaupanda reikninga húsfélagsins og stöðu og framlög íbúðarinnar til þess.

□ Sé um hús í byggingu að ræða ber seljanda að gera glögga grein fyrir byggingarstigi svo og áföllnum byggingarkostnaði og áætlun um endanlegan byggingarkostnað miðað við ríkjandi verðlag.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 19 24. apríl 1959, um sameign fjölbýlishúsa.

1983 Nr. 18 23. mars Lög um vísitölu byggingarkostnaðar.

■ **1. gr.** Grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar, sem Hagstofa Íslands reiknar, skal breytt til samræmis við endurskoðun, sem farið hefur fram á honum, sbr. 7. gr. laga nr. 93/1975, um vísitölu byggingarkostnaðar. Grunntala vísitölunnar með breyttum grundvelli skal miðuð við byggingarkostnað í Reykjavík í desember 1982, og síðan skal hún reiknuð fjórum sinnum á ári miðað við byggingarkostnað í fyrra hluta mánaðanna mars, júní, september og desember. Við þessa ákvörðun vísitölu byggingarkostnaðar hverju sinni skal sleppa broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.

■ **2. gr.** Vísitala samkvæmt verðlagi í desember 1982 með grunntölu 100 miðað við október 1975 skal gilda á tímabilinu janúar—mars 1983. Eftir það skal hver vísitala, reiknuð samkvæmt síðari málsgrein 1. gr., gilda í 3 mánuði frá og með byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, þ. e. í apríl—júní, júlí—september og október—desember 1983, o. s. frv. Vísitala byggingarkostnaðar samkvæmt lögum nr. 93/1975 skal reiknuð í síðasta sinn miðað við verðlag í desember 1982. **1983** Nr. 18 23. mars

■ **3. gr.** Vísitölur byggingarkostnaðar með grunntölu 100 í desember 1982 skulu tengdar við vísitölur með grunntölu 100 í október 1975 sem hér segir: Fyrr nefndar vísitölur eins og þær eru með 2 aukastöfum skulu margfaldaðar með desembervísitölu 1982 (október 1975=100), og síðan deilt með 100. Sú útkoma, sem þá fæst, skal sléttuð með því, að sleppt sé broti úr vísitölustigi, hálfu eða minna, en annars hækkað í eitt stig. Hagstofan annast þennan útreikning og birtir niðurstöður hans jafnóðum.

□ Hliðstæð tenging skal eiga sér stað milli vísitalna með grunntölu 100 í desember 1982 og vísitalna með grunntölu 100 hinn 1. október 1955 (sbr. lög nr. 25/1957).

■ **4. gr.** Til frekari upplýsingar og til fyrirgreiðslu í sambandi við verksamninga er Hagstofunni heimilt að reikna og birta vísitölur, er sýna byggingarkostnað á öðrum tímum en þeim, sem lögfestir eru í þessum lögum. Slíkar vísitölur mega t. d. vera með þeim hætti, að þær miðist við breytta launataxta frá því, sem var í síðustu lögbundinni vísitölu, en við óbreytt verðlag að öðru leyti.

■ **5. gr.** Hagstofa Íslands skal, eigi sjaldnar en á 5 ára fresti, láta fara fram athugun á því, hvort byggingarhættir hafi breyst svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 93/1975, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Lög um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.[1] **1959** Nr. 1 30. jan.

[1] *Lög þessi hafa ekki verið afnumin, en hafa um margt ekki gildi. Um texta laganna, sjá Lagasafn 1973, d. 588–591.*

Lög um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.[1] **1975** Nr. 13 23. maí

[1] *1.—4. gr. hafa ekki raunhæft gildi lengur.*

Lög um Lífeyrissjóð sjómanna. **1974** Nr. 49 16. maí

■ **1. gr.** Sjóðurinn nefnist Lífeyrissjóður sjómanna og starfar með því skipulagi og markmiði, sem segir í lögum þessum. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

■ **2. gr.** [Sjóðfélagar eru allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip, þar með taldir þeir skipverjar sem ekki eru lögskráðir, en starfa að viðhaldi og viðgerð skips, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar. Skulu þeir tryggðir í sjóðnum meðan þeir taka laun samkvæmt kjarasamningi sínum sem sjómenn. Taki sjómenn, sem þannig er ástatt um, laun samkvæmt öðrum kjarasamningi skal engu að síður skylt að tryggja þá í sjóðnum, nema tryggingarskyldu þeirra sé fullnægt með greiðslu til annars lífeyrissjóðs. Þó er heimilt að yfirmenn á farskipum skipafélaga, sem við gildistöku laga þessara hafa yfirmenn tryggða í lífeyrissjóðnum, séu tryggðir í þeim sjóðum er þau eru aðilar að. Á sama hátt er heimilt að yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna séu tryggðir í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

1974 Nr. 49 16. maí

□ Sjómönnum sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum og ráðherra hefur fyrir gildistöku laga þessara veitt undanþágu frá þátttöku, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 78/1970, er heimilt að vera utan við sjóðinn fullnægi þeir tryggingaskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til annars lífeyrissjóðs.

□ Sjóðfélögum, sem hætta störfum á sjó, skal heimil áframhaldandi þátttaka ef þeir hefja störf í landi við útgerð eða hliðstæð störf, svo sem við fiskvinnslustöðvar eða frystihús, enda hafi þeir greitt iðgjöld til sjóðsins í a. m. k. 5 almanaksár og áunnið sér a. m. k. 3 stig, sbr. 11. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að láta sjómennsku fyrir gildistöku laga þessara jafngilda iðgjaldagreiðslu í þessu sambandi. Ennfremur er stjórninni heimilt með sömu skilyrðum að leyfa sjóðfélaga að halda áfram þátttöku, ef hann tekur upp annað starf er veitir honum ekki aðild að lífeyrissjóði.

□ Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör sjómanna er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja starfsmenn sína í honum.

□ Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum þann tíma sem úr hefur fallið af þessum sökum.][1)]

[1)] *L. 48/1981, 1. gr.*

■ **3. gr.** Réttindi þau, er sjóðfélagar öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli-, örorku- eða barnalífeyris, slysa- eða dánarbóta samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

■ **4. gr.** [Í stjórn sjóðsins eiga sæti sex menn tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

□ Skipunar- og kjörtími stjórnar er 3 ár. Sjóðsstjórn skiptir með sér verkum, þó skulu fulltrúar atvinnurekenda og verkalýðsfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.][1)]

[1)] *L. 48/1981, 2. gr.*

■ **5. gr.** Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

■ **6. gr.** Stjórn sjóðsins skal fylgjast vandlega með fjárhag, rekstri og starfsemi sjóðsins og gæta þess, að hann starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

□ Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

■ **7. gr.** [Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.][1)]

1974 Nr. 49 16. maí

□ Við lánveitingar til íbúðarbygginga skulu sjóðfélagar sitja fyrir. Lán úr sjóðnum skulu í engu skerða rétt sjóðfélaga til veðlána samkvæmt lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

□ Fé sjóðsins, sem ekki er ráðstafað í föstum lánum eða verðbréfum, skal ávaxtað eftir því, sem við verður komið, í tryggum lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

[1)] *L. 10/1978, 1. gr.*

■ **8. gr.** Fimmta hvert ár skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins. Hann skal semja skýrslu um athugun sína og gera upp efnahagsreikning á grundvelli útreikninganna. Telji stjórnin tilefni til, skal hún láta slíka athugun fara fram, áður en 5 ár eru liðin frá næsta uppgjöri á undan.

□ Tryggingafræðingurinn skal athuga sérstaklega, hvort hann telur sjóðinn þess megnugan að greiða uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri, sbr. 16. gr. Skal hann gera tillögur um, að hve miklu leyti kaupgjaldshækkanir á næsta 5 ára tímabili skuli hafa áhrif á lífeyrisgreiðslur, og hafa í því efni hliðsjón af niðurstöðu athugana sinna á fjárhag sjóðsins ásamt heildarútgjöldum hans til þeirra tegunda lífeyris, er að ofan greinir.

□ Telji tryggingafræðingurinn, með hliðsjón af kaupgjaldsþróun og öðrum atriðum, sem máli skipta, rannsókn sína leiða í ljós, að fjárhagur sjóðsins sé svo ótryggur, að við svo búið megi ekki standa, skal hann gera tillögur til sjóðstjórnar um aðgerðir til eflingar sjóðnum.

■ **9. gr.** Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

■ **10. gr.** [Iðgjöld til sjóðsins skulu nema 10% af gjaldskyldum launum sem sjóðfélaginn tekur hjá hlutaðeigandi launagreiðanda, og greiðir sjóðfélagi 4% en launagreiðandi 6%.

□ Iðgjöld vegna sjóðfélaga á fiskiskipum, öðrum en 500 rúmlesta skuttogurum og stærri, skulu reiknast af launum eftir því sem kveðið er á um í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga á hverjum tíma. Iðgjöld vegna sjóðfélaga á öðrum skipum, þar með töldum skuttogurum 500 lesta og stærri, skulu reiknuð af heildarlaunum sjóðfélagans hjá hlutaðeigandi launagreiðanda. Stjórn sjóðsins ákveður hver skuli teljast gjaldskyld laun þeirra sjóðfélaga, sem heimild hafa til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. mgr. 2. gr.][1)]

□ Launagreiðendur skulu halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Ef kauptryggingartímabil eru tilgreind í kjarasamningi, skulu skil til sjóðsins eiga sér stað innan 30 daga frá lokum hvers slíks tímabils. Heimilt er sjóðstjórn að innheimta frá gjalddaga vexti af iðgjöldum, sem ekki er skilað innan 30 daga frá því, er þau féllu í gjalddaga.

□ Sé um vanskil að ræða af hálfu útgerðar, skal lögskráningarstjóri ekki skrá á hlutaðeigandi skip, ef krafa kemur fram um það af hálfu sjóðstjórnar. Iðgjöld sjóð-

félaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

☐ Iðgjöld þeirra, sem veitt er heimild til þátttöku samkvæmt ákvæðum 3.—5. málsgr. 2. gr., skulu greidd mánaðarlega eftir á, nema sjóðstjórn ákveði annað. Telst gjalddagi 1. næsta mánaðar, og gilda ákvæði [3. málsgr.][1] um vexti, ef vanskil verða. Nú hafa slík iðgjöld ekki borist í 6 mánuði, og telst þá hlutaðeigandi sjóðfélagi vera hættur iðgjaldagreiðslum til sjóðsins.

[1] *L. 48/1981, 3. gr.*

■ **11. gr.** Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

☐ Til grundvallar stigaútreikningi skal reikna fyrir hvert almanaksár árslaun miðuð við fast dagvinnukaup 52 vikur á ári samkvæmt 2. taxta Dagsbrúnar með fullri starfsaldurshækkun. Verði grundvöllur þessi að dómi ráðherra ónothæfur mælikvarði á breytingar á vinnutekjum sjómanna almennt, skal hann að fengnum tillögum sjóðstjórnar ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af ráðherra, reynist síðar ónothæfur.

☐ Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins samkvæmt 2. málsgr. Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30, skal þó aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára, sem afgangs verða.

☐ Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar, er sjóðfélagi nær 75 ára aldri.

☐ Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

☐ Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. 4. málsgr., fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 18. gr.

■ **12. gr.** Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur, öðlast hefur samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 11. gr. og orðinn er fullra 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

☐ Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, þó aldrei af lægri fjárhæð en ⅘ grundvallarlauna á þeim tíma, er taka lífeyris hefst. Nemur hundraðshlutinn samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,7.

☐ [Heimilt er sjóðfélaga, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en í 180 daga að meðaltali á ári, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára. Á sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til töku ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku hans frá 62 ára aldri. Fáist ekki upplýsingar um lögskráningardaga er stjórn sjóðsins heimilt að beita annarri reglu um mat á áunnum rétti til flýtingar á töku lífeyris.

☐ Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs um ½% fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir 65 ára aldur.][1]

☐ Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 75 ára aldri, en reikna skal með sama meðaltali launa, sbr. 2. málsgr., og gert var við fyrri úrskurð.

[1] *L. 48/1981, 4. gr.*

■ **13. gr.** Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a. m. k. 6 mánuði á undanförnum 12 mánuðum, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi, er tryggingayfirlæknir metur 35% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum fyrir starf það, er hann gegndi, eða fær jafnhá laun fyrir annað starf, sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal lífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

☐ Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu 5 almanaksárin fyrir orkutapið, þó ekki fleiri ár en hann hefur greitt iðgjöld til sjóðsins. Telji sjóðstjórnin þetta 5 ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíknilyfja, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

☐ Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. málsgr.

☐ Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

☐ Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorka óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

☐ Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í stétt eða starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

■ **14. gr.** Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a. m. k. 6 mánuði á undanförnum 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á hann þá rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann verið orðinn 35 ára að aldri við frátall

1974 Nr. 49 16. maí

sjóðfélagans og hjónabandið hafi staðið a. m. k. 5 ár.

□ Láti sjóðfélagi eftir sig ekkju og barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi eiginkonu sinni, skal þó makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lést. Enn fremur skal ekkjulífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og ekkju hans, ef tryggingayfirlæknir telur ekkjuna vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

□ Heimilt er sjóðstjórn að greiða ekkli, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, allt að þeim lífeyri, sem ekkja ætti rétt á samkvæmt 2. málsgr., ef eins stæði á, enda hafi ekkillinn skerta starfsorku eða hinn látni sjóðfélagi teljist hafa verið aðalfyrirvinna heimilisins.

□ Nú andast sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði 1. málsgr. um iðgjaldagreiðslutíma, en maki hans fær ekki úrskurðaðan makalífeyri samkvæmt framangreindum ákvæðum, og skal makalífeyrir þá engu að síður greiddur í 12 mánuði eftir fráfall sjóðfélagans.

[□ Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða sambýliskona hefur sannanlega annast heimili hans um árabil, þó ekki skemur en 5 ár fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambýlismanni lífeyri í samræmi við ákvæði 3. og 4. málsgr.][1)]

□ Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka hans hefst, þó aldrei af lægri fjárhæð en 4/5 grundvallarlauna á þeim tíma, er taka lífeyris hefst. Nemur hundraðshlutinn samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 13. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði síðustu málsgr. 13. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

□ Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

[1)] *L. 15/1980, 1. gr. Tók gildi 1. jan. 1980.*

■ **15. gr.** Nú andast sjóðfélagi, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

□ Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er barnalífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins.

□ Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap þeirra er metið.

□ Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

■ **16. gr.** Nú verður hækkun á kauptaxta þeim, sem stigaútreikningur miðast við, sbr. 2. málsgr. 11. gr., eftir að lífeyrir samkvæmt 12., 13. og 14. gr. hefur verið úrskurðaður, og skal þá ráðherra, að fengnum tillögum sjóðstjórnar, taka ákvörðun um, hvort breyting skuli gerð á slíkum lífeyrisgreiðslum og hve mikil hún skuli vera. Heimilt er að láta slíka breytingu taka að nokkru eða öllu leyti til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum eldri laga, sbr. 1. og 3. málsgr. 23. gr. Aldrei má þó hækka lífeyri meira en að því marki, sem tryggingafræðingur hefur lagt til, sbr. 8. gr. Uppbætur, sem ákveðnar hafa verið í samræmi við tillögur tryggingafræðings, falla ekki niður, þótt ekki verði talið fært að veita áframhaldandi hækkanir.

■ **17. gr.** [Falli niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda og geti hann ekki af þeim sökum innt af hendi iðgjald til lífeyrissjóðsins ávinnur hann sér ekki réttindi meðan svo stendur. Sama gildir ef sjóðfélagi er launalaus vegna atvinnuleysis og nýtur ekki atvinnuleysisbóta. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.][1)]

□ Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafist sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 18. gr. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur og öðlast samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 11. gr., fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður, þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

[1)] *L. 48/1981, 5. gr.*

■ **18. gr.** [Einungis er heimilt að endurgreiða sjóðfélögum iðgjöld í því skyni að færa féð og þar með réttindi, sem þeim fylgja, milli lífeyrissjóða. Þó er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara, sem flytja af landi brott, og á þeim iðgjöldum, sem menn greiða til lífeyrissjóðsins eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og á þeim hluta iðgjalda, sem kann að fara fram úr því sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.][1)]

[1)] *L. 48/1981, 6. gr.*

■ **[19. gr.]**[1)] Heimilt er stjórn sjóðsins að gera

1974 Nr. 49 16. maí

1974 Nr. 49 16. maí

samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o. fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa verið staðfestir af ráðherra.

[1] *L. 48/1981, 6. gr.*

■ **[20. gr.]**[1] Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er ráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

[1] *L. 48/1981, 6. gr.*

■ **[21. gr.]**[1] Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

[1] *L. 48/1981, 6. gr.*

■ **[22. gr.]**[1] Sjóðfélagar í starfi í árslok 1973 skulu eiga þess kost, að lífeyrisréttindi þeirra ákvarðist samkvæmt ákvæðum laga nr. 78/1970, enda tilkynni þeir stjórn sjóðsins skriflega þá ósk sína fyrir árslok 1974.

□ Iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem í sjóðnum eru í árslok 1973, skulu umreiknuð í stig í samræmi við ákvæði 11. gr. miðað við grundvallarlaun, eins og þau eru á þeim tíma, er iðgjöldin féllu til, nema réttindi þeirra fari eftir ákvæðum eldri laga, sbr. 1. málsgr.

□ Lífeyrisþegar sjóðsins skulu frá 1. janúar 1972 að telja taka lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara, nema þeir beri fram um það skriflega ósk fyrir árslok 1974, að ákvæði laga nr. 78/1970 gildi um lífeyrisgreiðslur til þeirra framvegis. Litið skal á lífeyrisgreiðslur til ekkju og barna hennar sem eina heild í þessu sambandi.

[1] *L. 48/1981, 6. gr.*

■ **[23. gr.]**[1] Sjóðfélaga eða maka hans, sem nýtur eftirlauna samkv. lögum nr. 63/1971, um eftirlaun til aldraða félaga í stéttarfélögum, skal frá 1. janúar 1985, er greiðslur samkv. þeim lögum falla niður, tryggður áfram sami réttur með greiðslum úr þessum sjóði. Sama gildir, ef hlutaðeigandi sjómaður á ekki aðild að neinum lífeyrissjóði, en hefði verið gjaldskyldur til þessa sjóðs, svo framarlega sem ákvæði laga þessara hefðu verið í gildi á þeim tíma, er hann lét af starfi.

[1] *L. 48/1981, 6. gr.*

■ **[24. gr.]**[1] Lög þessi gildi frá 1. janúar 1974. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 78 10. ágúst 1970, um lífeyrissjóð sjómanna.

[1] *L. 48/1981, 6. gr.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu á árinu 1972 miðast við grundvallarlaun 1967—1971 eða ⅘ grundvallarlauna í ársbyrjun 1972, sbr. 11. gr. og 2. málsgr. 12. gr. Árið 1973 skulu greiðslur þessar miðast við grundvallarlaun 1968—1972 eða ⅘ grundvallarlauna í ársbyrjun 1973, og árið 1974 skulu þær miðast við grundvallarlaun 1969—1973 eða ⅘ grundvallarlauna í ársbyrjun 1974. Fyrsta tryggingafræðilega uppgjöri sjóðsins samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal lokið eigi síðar en á árinu 1974, en að því loknu skal tekin ákvörðun um breytingar á lífeyrisgreiðslum í samræmi við ákvæði 16. gr. frá 1. janúar 1975 að telja. Á sama tímabili skulu lífeyrisgreiðslur, sem ákvarðast samkvæmt eldri lögum, sbr. 1. og 3. málsgr. 23. gr., hækka í hlutfalli við þá hækkun, er orðið hefur á 5 ára meðaltali grundvallarlauna frá því, er taka lífeyris hófst.

□ Skipverja á togara eða undirmanni á farskipi, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skulu reiknuð réttindi eins og um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins hefði verið að ræða frá 55 ára aldri. [Sama gildir um sjóðfélaga, er starfað hafa samkvæmt bátakjarasamningum með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein.][1] Ríkissjóður endurgreiðir sjóðnum árlega þann kostnað, sem af ákvæði þessarar málsgreinar leiðir. Sama gildir um þann kostnað, sem lífeyrissjóðir þeir, sem tryggja yfirmenn farskipa, verða að greiða vegna sömu reglna og hér um ræðir.

[□ Árin 1980—1984 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum breytast þannig, að lífeyrir miðist við grundvallarlaun samkvæmt 2. málsgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980 og eftir það 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember ár hvert. Frá 1. janúar 1985 að telja skulu uppbætur á lífeyrisgreiðslur ákveðnar í samræmi við ákvæði 16. gr.][2]

[□ Heimilt er stjórn sjóðsins að taka ákvörðun um aðild hans að samstarfssamningi lífeyrissjóða, sem nefndur er í 24. gr. laga nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.][3]

[1] *L. 48/1981, 7. gr.* [2] *L. 48/1981, 8. gr.* [3] *L. 15/1980, 2. gr.*

Lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.[1]

1976 Nr. 112 31. des.

[1] *Rg. 149/1977.*

I. kafli.

■ **1. gr.** Markmið með starfsemi dagvistarheimila er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra.

[□ Gerð verði starfsáætlun á vegum menntamálaráðuneytisins, er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila, er að uppeldis- og skólamálum vinna.][1]

[1] *L. 40/1981, 1. gr.*

■ **2. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varða dagvistarheimili.

□ Aðili, sem hyggst setja á stofn dagvistarheimili, skal hljóta samþykki ráðuneytisins til þess.

□ Ríkið skal leggja fram fé til byggingar dagvistarheimila fyrir börn en sveitarfélög til rekstrar þeirra svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

■ **3. gr.** Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar dagvistarheimila og rekstrarstyrks úr sveitarsjóði, eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga.

■ **4. gr.** Eftirtalin dagvistarheimili njóta styrks til

byggingar úr ríkissjóði og til rekstrar frá sveitarfélagi samkvæmt lögum þessum:

1. Dagheimili fyrir börn frá 3ja mánaða aldri til skólaskyldualdurs þar sem börnin geta dvalist a. m. k. 5 st. á dag.
2. Skóladagheimili fyrir börn á skólaskyldualdri.
3. Leikskólar fyrir börn frá 2ja ára aldri til skólaskyldualdurs þar sem börnin geta dvalist a. m. k. 3 st. á dag.

□ Ákveðið skal nánar um starfstíma ofangreindra dagvistarheimila í reglugerð.

■ **5. gr.** Framlags úr sveitarsjóði geta notið þau dagvistarheimili sem reka starfsemi sína að minnsta kosti 4 mánuði ársins samfellt.

□ Sveitarstjórn getur veitt dagvistarheimili styrk úr sveitarsjóði enda þótt það starfi skemur en 4 mánuði ef sérstakar aðstæður krefjast.

II. kafli.

■ **6. gr.** Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistarheimili eftir lögum þessum, skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir: Til dagheimila, skóladagheimila og leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla, nr. 159/1969.

□ Þeir aðilar aðrir en sveitarfélög, sem taldir eru upp í 3. gr., skulu njóta sama ríkisframlags ef viðkomandi sveitarfélag mælir með því.

□ Nú hefur aðili fengið styrk úr ríkissjóði til stofnunar dagvistarheimilis en hætt rekstri þess og er þá styrkurinn endurkræfur til ríkissjóðs samkvæmt reglum þar um sem ákveðnar verða í reglugerð.

[□ Kostnaður vegna breytinga á dagvistarheimilum með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.][1)]

[1)] *L. 47/1981, 3. gr.*

■ **7. gr.** Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að festa kaup á eldra húsnæði til rekstrar dagvistarheimilis og skal framlag ríkisins til þess vera sambærilegt við framlag til nýbyggingar.

□ Umsóknir aðila um ríkisframlag í þessu skyni skulu hlíta sömu skilyrðum sem um nýbyggingar væri að ræða.

III. kafli.

■ **8. gr.** Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila greiði sveitarfélag sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 60%.
2. Til leikskóla allt að 40%.

□ Af rekstrarkostnaði dagvistarheimila, sem leyfi hafa til rekstrar og eigi eru rekin af sveitarfélaginu sjálfu, greiði sveitarfélagið rekstrarstyrk að loknu ársuppgjöri dagvistarheimilisins. Skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hvað falla skuli undir þann rekstrarkostnað sem sveitarfélagið tekur þátt í.

□ Heimilt er að greiða allt að 50% af rekstrarkostnaði fyrirfram.

IV. kafli.

■ **9. gr.** Þegar aðili skv. 3. gr. óskar styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða leyfis til að reka dagvistarheimili fyrir börn skal hann senda beiðni um það til menntamálaráðuneytisins.

□ Umsókn um leyfi til að reisa og/eða reka dagvistarheimili skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Áætlanir um starfsemi stofnunarinnar, upplýsingar um rekstraraðila og starfsfólk.
2. Rekstraráætlun.

□ Þegar annar aðili en sveitarfélag sækir um styrk eða leyfi til rekstrar dagvistarheimilis skal auk framangreindra gagna fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar um hvort dagvistarheimilið sé í samræmi við þarfir sveitarfélagsins og á þeim stað er hagkvæmast má telja fyrir íbúana.

□ Óski aðili að reka dagvistarheimili í leiguhúsnæði er heimilt að veita styrk til rekstrarins samkvæmt 8. gr.

■ **10. gr.** Menntamálaráðuneytið lætur athuga umsókn og þau gögn sem henni fylgja. Að lokinni athugun tilkynnir ráðuneytið hvort það hafi fallist á umsókn.

□ Ef ráðuneytið getur ekki á umsókn fallist skal það tilkynnt aðila og skal í synjun ráðuneytis tekið fram hvort hafnað sé í heild hugmyndum um téð heimili eða hvort synjun stafi af því að frumathugun sé áfátt þannig að bæta megi úr og skal þá bent á hverju áfátt er að dómi ráðuneytisins.

■ **11. gr.** Ráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um húsakost dagvistarheimila, stærðareiningar, húsrými á barn, barnafjölda á deild, fjölda starfsliðs hverrar deildar, svo og ákvæði um útivistarsvæði og innri gerð.

□ Ráðuneytið skal láta gera staðlaðar teikningar af dagvistarheimilum sem byggjendur dagvistarheimila eiga kost á að fá gegn sanngjörnu gjaldi.

■ **12. gr.** Eftir að ráðuneytið hefur fallist á umsókn samkvæmt 3. og 9. gr. skal umsóknaraðili leggja fram uppdrætti og gögn varðandi alla undirbúningsvinnu til samþykktar.

□ Til undirbúningsvinnu telst m. a.:

1. Uppdráttur af lóð.
2. Uppdrættir að fyrirhuguðu mannvirki.
3. Séruppdrættir að því sem menntamálaráðuneytið kann að áskilja sérstaklega.
4. Vottorð byggingafulltrúa eða oddvita um að byggingarnefnd (hreppsnefnd) hafi fallist á uppdrætti, svo og vottorð annarra (byggingar-) yfirvalda um að uppdrættir séu í samræmi við lög og reglugerðir.
5. Tíma- og greiðsluáætlun um framkvæmd verksins og yfirlýsing hlutaðeigandi umsóknaraðila um að tryggð verði þau fjárframlög sem um er að ræða frá öðrum en ríkissjóði. Ef ráðuneytið telur framangreind gögn ekki fullnægjandi skal það tilkynna hvað á skorti.

■ **13. gr.** Þegar ráðuneytið hefur gengið úr skugga um að undirbúningur sé fullnægjandi samkvæmt framansögðu og fjárframlög tryggð sér það um að gerður verði samningur milli þess og annarra aðila um greiðslur samkvæmt 6. gr. þessara laga og heimilar að hafinn verði tæknilegur undirbúningur.

■ **14. gr.** Alþingi ákveður hverju sinni í fjárlögum framlag til byggingarframkvæmda.

□ Eigi er heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins.

□ Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytis verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

□ Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af áætluðum byggingarkostnaði dagvistarheimila á næstu fjórum árum eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.

1976 Nr. 112 31. des.

1976 Nr. 112 31. des.

□ Ef framkvæmdaraðili getur útvegað lánsfé til byggingar dagvistarheimila með sölu skuldabréfa eða á annan hátt er heimilt að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að því er nemur greiðslu hluta ríkissjóðs samkv. 6. gr.

□ Áætlaður stofnkostnaður dagvistarheimila skiptist í áætlaðan byggingarkostnað og áætlaðan kostnað stofnbúnaðar. Skal í áætlun þessari miða við þá staðla sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma þegar áætlun er gerð og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbættri vísitölu byggingarkostnaðar á byggingartíma.

■ **15. gr.** Ráðuneytið skal hafa í þjónustu sinni starfsmann sem lokið hefur námi í Fósturskóla Íslands eða í sambærilegum skóla og hlotið framhaldsmenntun. Auk þess skal hann hafa reynslu í uppeldisstarfi. Þessi starfsmaður skal athuga allar umsóknir um húsaskipan og rekstur dagvistarheimila áður en leyfi er veitt. Ber honum að hlutast til um að fullnægt sé öllum ákvæðum sem lög þessi og reglugerðir mæla fyrir um varðandi byggingu og rekstur dagvistarheimila. Hann skal vera stjórnendum dagvistarheimila til ráðuneytis um starfsemi heimilanna og annast eftirlit með þeim.

V. kafli.

■ **16. gr.** Forstöðumaður dagvistarheimilis og starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa hlotið fósturmenntun, svo og þeir sem annast umsjón með dagvistarheimilum á vegum rekstraraðila.

□ Heimilt er þó með samþykki ráðuneytisins að víkja frá þessu ákvæði sé þess enginn kostur að fá fólk með framangreinda menntun til starfs.

■ **17. gr.** Læknar skulu hafa eftirlit með heilsufari barna á dagvistarheimilum. Skal kveða nánar á um það í reglugerð, svo og reglum um heilbrigðiseftirlit með starfsfólki.

□ Stefnt skal að því að dagvistarheimili eigi kost á sálfræði- og ráðgjafarþjónustu. Tengja skal þá þjónustu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla eða félagsmálastofnana eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

■ **18. gr.** Forstöðumaður dagvistarheimilis skal halda reglulega fundi með starfsliði um stjórn heimilisins og velferð hvers einstaks barns.

□ Skylt er rekstraraðila dagvistarheimilis að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og dagvistarheimilis í því skyni að efla samstarf milli þessara aðila um velferð barnsins.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29/1973, um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, og önnur ákvæði sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

1955 Nr. 74 9. des.

Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna.

Hinn 30. nóvember 1955 var forstjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna, sem lagður var fram til undirritunar í Genf 28. júlí 1951, en Alþingi veitti ríkisstjórninni, með þingsályktun frá 9. febrúar 1955, heimild til þess að fullgilda nefndan samning.

□ Samkvæmt samningnum gengur hann í gildi, að því er varðar Ísland, hinn 1. marz 1956. ...[1]

[1] *Samningurinn er birtur í Stjtíð. A 74/1955.*

II. f. Kirkjumál.[1]

[1] *Ýmislegt af eldri lagaákvæðum, sem hér eru prentuð, eru úrelt orðin.*

Lög um biskupskosningu. **1980**

■ **1. gr.** Kjörgengur til embættis biskups Íslands er hver guðfræðikandídat, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður prestur í þjóðkirkjunni. Nr. 96 31. des.

■ **2. gr.** Kosningarrétt við biskupskjör eiga:

1. Allir þjónandi prestar og prófastar í þjóðkirkjunni, þ. á m. prestar þeir er 6. gr. 2. málsgr., 7. gr. 1. málsgr., 8. og 9. gr. laga nr. 35/1970 taka til, þjónandi vígslubiskupar og biskup, kennarar guðfræðideildar, sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar), enda séu þeir guðfræðikandídatar, og biskupsritari með sama skilorði, svo og prestvígðir menn, sem ráðnir eru til sérstakra starfa innan þjóðkirkju á vegum kirkjuráðs, eftir því sem nánar segir í reglugerð, sbr. 7. gr.

2. Kjörnir leikmenn, sem sæti eiga á kirkjuþingi, þegar biskupskosning fer fram, svo og leikmenn, sem sitja í kirkjuráði, en eigi eru jafnframt kjörnir kirkjuþingsmenn.

3. Enn fremur einn leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, þó tveir frá Reykjavíkurprófastsdæmi, kjörnir af leikmönnum, sem sæti eiga á héraðsfundi, til 4 ára í senn, og skulu varamenn einnig kjörnir á sama hátt.

■ **3. gr.** Biskupskosning skal vera skrifleg og leynileg.

□ Þriggja manna kjörstjórn fer með yfirstjórn, undirbúning og framkvæmd biskupskosningar. Formaður hennar er ráðuneytisstjórinn í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, en varamaður hans skrifstofustjórinn í sama ráðuneyti. Aðalfundur Prestafélags Íslands tilnefnir annan kjörstjórnarmann til 4 ára í senn, svo og varamann. Kirkjumálaráðherra skipar þriðja manninn og varamann hans til 4 ára í senn.

□ Kjörstjórn semur kjörskrá fyrir biskupskosningu, og skal hún liggja frammi á biskupsstofu eða öðrum stað eða stöðum, sem kjörstjórn ákveður, í 4 vikur, eftir því sem nánar segir í auglýsingu kjörstjórnar.

□ Kjörstjórn úrskurðar um kosningarrétt samkvæmt lögum þessum, svo og um gildi einstakra atkvæðaseðla, og enn fremur um kjörgengi. Úrskurði kjörstjórnar má, innan viku frá því er hann gekk, skjóta til kirkjumálaráðherra, sem leysir úr málinu til fullnaðar.

■ **4. gr.** Kjörstjórn sendir þeim, sem kosningarrétt eiga, nauðsynleg kjörgögn: auðan kjörseðil, óáritað umslag, eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um það, að hann hafi kosið, og umslag með utanáskrift kjörstjórnar. Þá skal fylgja leiðbeining um það, hvernig kosning fari fram. Greina skal glögglega, fyrir hvaða tíma kjörseðill skuli hafa borist kjörstjórn.

□ Kjósandi ritar á kjörseðil nafn eins biskupsefnis. Eigi skal hann undirrita kjörseðil eða auðkenna hann með öðrum hætti. Setur hann seðilinn síðan í óáritaða umslagið, sbr. 1. málsgr., og lokar því, útfyllir eyðublaðið og leggur gögnin í áritaða umslagið og sendir kjörstjórn það í ábyrgðarpósti.

■ **5. gr.** Kærur út af kosningunni skulu hafa borist kjörstjórn innan viku frá því, er fresti lauk til að skila atkvæðaseðlum, og úrskurðar kjörstjórn þær. Að svo

1980 búnu telur kjörstjórn atkvæði og úrskurðar þau, nema
Nr. 96 kosning sé úrskurðuð ógild. Úrskurði kjörstjórnar má
31. des. skjóta til kirkjumálaráðherra innan viku frá því að hann gekk, og leysir hann úr málinu til fullnaðar.

■ **6. gr.** Réttkjörinn biskup er sá, sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Nú fær enginn þann atkvæðafjölda, og skal þá kosið að nýju milli þeirra þriggja, sem flest fengu atkvæði. Ef atkvæði verða jöfn, skal hlutkesti ráða um þá, sem kosið er um. Sá er réttkjörinn, sem þá fær flest atkvæði. Nú verða atkvæði jöfn, og skal þá veita embættið öðrum hvorum þeirra, sem flest fengu atkvæðin, eða einum af þremur, ef þeir fá allir jöfn atkvæði.

□ Forseti Íslands skipar biskup.

■ **7. gr.** Í reglugerð,[1] sem kirkjumálaráðherra setur, skal mælt nánar fyrir um biskupskosningu.

[1] *Rg. 151/1981.*

■ **8. gr.** Lög þessi taka gildi 1. janúar 1981, og fer eftir þeim um kosningu biskups á árinu 1981. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 21 27. júní 1921 um biskupskosningu.

□ Prófastar gangast fyrir því, þegar eftir gildistöku laga þessara, að leikmenn, sem sæti eiga á héraðsfundum, kjósi kjörmenn, sbr. 2. gr. 3. tölulið. Kirkjumálaráðherra getur heimilað, að stjórn Prestafélags Íslands tilnefni á árinu 1981 aðalmann og varamann í kjörstjórn biskupskosninga til þess tíma, er greinir í 3. gr. 2. málsgr.

1746 **Erindisbréf handa biskupum.**
1. júlí

...

■ **5)** Þegar biskup ætlar í ... yfirreið sína, skal hann svo tímanlega tilkynna prestum komu sína, með umburðarbréfi, þar sem hann ætlar að fara yfir, að þeir megi fá vitneskju um það að minnsta kosti 3—4 dögum áður, svo að þeir fái gert söfnuðum sínum viðvart og söfnuðurinn hafi ekki neina ástæðu til afsökunar á því, ef hann kemur eigi.

■ **6)** Á yfirreiðum skal biskup einslega í samtali við menn spyrjast fyrir um það, í hverju presti sé helzt áfátt, hvort hann hafi dugnað og kunnustu til embættis síns, hvort hann hafi röggsemi til þess að efla sanna guðsþekkingu og guðsótta, hverja ástundun hann sýni til þess í söfnuði sínum, hver pia desideria hann hafi í þá átt, og hvaða sennilegar uppástungur hann hafi til breytingar í því efni. ...

■ **14)** Enn fremur skulu meðhjálparar[1] vera viðstaddir, þegar biskup eða prófastur koma, og skulu þeir allir spurðir, hvernig ástandið sé í söfnuðinum, hvort þar tíðkist nokkrir sérstakir ósiðir eða guðleysi, hvernig hver um sig ræki embætti sitt, og fái stoð til þess eða sæti tálmunum, og skal biskup eða prófastur eigi láta undir höfuð leggjast að áminna menn í því efni.

[1] *Nú sóknarnefnd.*

■ **15)** Biskupar skulu samkvæmt hingað til haldinni venju hvarvetna láta, þar sem þeir fara yfir, halda fullnægjandi skrá yfir kirkjuna sjálfa, innanstokksmuni hennar og skrautgripi, kúgildi, jarðir, leigur, hús, skóga, reka og aðrar eignir hennar og hlunnindi, og skal biskup, hvenær sem hann heldur kirkjuskoðun, ásamt forráðamanni kirkju og nokkrum öðrum góðum mönnum, undirrita skrána, og skal hún látin í stiftskistuna[1] og geymd þar til þess að hafa hliðsjón af henni.

[1] *Nú Þjóðskjalasafn.*

1746
1. júlí

■ **16)**[1] Til þess að fyrirgirða allar deilur, er rísa af skorti á áreiðanlegum gögnum um eignir kirkna, réttindi og kúgildi, er standa á jörðum léns- og bændakirkna, skulu samkvæmt allra þegnsaml. tillögum fyrri biskupa, eftir greindar skrár taldar áreiðanlegar og löggiltar kirkjuskrár og máldagabækur í Skálholts- og Hólastifti, er allar þrætur um eignir kirkna og réttindi skulu dæmd og útkljáð eftir:

Í Skálholtsstifti: Hin gamla máldagabók eða kirkjuregistur Vilchins biskups, samantekin 1397.

Í Hólastifti:

a. Registur og máldagabók Jóns biskups Eiríkssonar 1360,

b. Péturs biskups 1394,

c. Auðunar biskups 1398,[2]

d. Ólafs biskups Rögnvaldssonar 1461 og

e. Sigurðar prests, sem safnað var eftir siðaskiptin. ...[3]

Mál er varða aðrar kirkjueignir í báðum stiftum, svo sem innanstokksmuni og skrautgripi þeirra, skulu eigi dæmd eftir nefndum máldagabókum, heldur eftir skrám þeim, er evangelisku biskuparnir hafa gert eftir siðaskipti.

[1] *Konbr. 5. apríl 1740.* [2] *Rétt 1318.* [3] *L. 46/1905, 11. gr.*

■ **17)** Biskup skal knýja kirkjubændur og svonefnda lénspresta til þess að halda kirkjum, gripum þeirra og öðru, forsvaranlega við, svo og að hafa kirkjur svo rúmgóðar, að allir safnaðarmenn komist þar fyrir. Svo ber þeim og að gera reikning fyrir tekjum kirkna og gjöldum. Verði ólöglegur dráttur þar á, skal amtmaður sækja bændakirkjueigendur, og lénsprestum skal refsað samkvæmt allran. konungsboði frá 1708.[1] Auk þess skal bændakirkjueigandi eða erfingjar hans safna svo fé, sem nægir til endurbyggingar kirkju, ásamt öðrum tekjum hennar.

[1] *Konbr. 11. maí 1908.*

■ **18)** Nú telur biskup eitthvað svo úr sér gengið, að það þurfi endurbóta við, og skal þá skipun hans tafarlaust hlýtt. Ef það er vanrækt, enda sé unnt að bæta það eða breyta því, skal forráðamaður kirkju sæta refsingu eftir því, er rétt þykir, til fátækra, og skal amtmaður[1] knýja hann til þess að fullnægja tafarlaust skyldu sinni.

...

[1] *Nú stjórnarráðið.*

■ **21)** Biskup skal samkvæmt þar um útkomnum konungsboðum, ... sjá um, að prófastar þeir, sem undir hann eru gefnir, vísiteri árlega hver sitt prófastsdæmi og sendi biskupi þar um greinilega og áreiðanlega skýrslu, ásamt uppástungum til endurbóta, er nauðsynlegar kynnu að vera, svo að biskup megi nákvæmlega rannsaka þau efni og gera rækilegar skýrslur og tillögur um það til Generalkirkju-eftirlits kollegíis Vors. Ef prófastur óhlýðnast þessu án lögmætra orsaka, skal honum refsað eftir mati biskups til fátækra prestsekkna. En af því að þau prófastsdæmi eru til, svo sem í Skálholtsstifti, Múla-, Rangárvalla-, Ísafjarðar- og Árnessýslur, og í Hólastifti Þingeyjarsýsla, er prófastar fá eigi komizt yfir að vísitera algerlega á hverju ári, svo að söfnuður þeirra og heimili bíði eigi hnekki af, þá skal biskup þá skipun á gera, að hvorki sé próföstum íþyngt um of né

1746 1. júlí yfirreiðir frestist um skör fram, heldur skuli þeim lokið á 2 ára fresti í hverju héraði. ...[1)]

[1)] *L. 47/1907, 3. gr.*

■ **24)** Í hvoru stifti skal einu sinni á ári haldin synodus. ... Biskup skal í tækan tíma bréflega boða hana prófstum og prestum, er hlut eiga að máli, með því að þar á að ræða um allt, er varða má nauðsynjar klerkdómsins. ...

■ **31)**[1)] Biskup skal sjá um, að prestar haldi réttilega skrá yfir:

a. ... acta synodalia, umburðarbréf biskupa, er öll skulu í heild sinni skráð,

b. fædda, dána, gifta,

c. fermda; þessar þrjár bækur skulu ávallt vera eign kirkjunnar, og skal biskup, hvenær sem hann vísiterar þar, rita í hverja þessara bóka, að hann hafi séð þær,

d. skipulegt sálnaregistur, einkum yfir nöfn æskulýðsins, aldur, lestur og framfarir, og skal biskupi sýnd bókin á yfirreiðum, svo að hann sjái, að hún sé haldin svo, og, ef nauðsyn krefur, til þess að hann megi áminna um að koma betri skipun á hana. ...

[1)] *L. 36/1931.*

■ **42)** Biskup skal eigi dirfast að vígja nokkurn mann til prests, sem eigi hefur náð, lögum samkvæmt,[1)] 25 ára aldri.

[1)] *Tilsk. 16. febr. 1621.*

■ **43)** Próf það, er biskup heldur yfir prestsefni, er sækir um prestakall, skal haldið með samvizkusemi og án manngreinarálits, og skal þess vandlega gæta, að prestaköllin séu veitt mönnum sem til þeirra eru hæfir, bæði að lærdómi og líferni. Auk annars skal reyna það vandlega í prófi þessu, hverja þekkingu candidatus hefur til að bera in theologicis & biblicis, svo og í samþykktum játningarritum kirkju vorrar, og má halda próf þetta skriflega, svo að síðar megi, ef þess er óskað, sjá hæfileika prestsefnisins. ...

■ **45)** Jafnskjótt sem einhver hefur fengið veitingu fyrir prestakalli, skal hann þegar snúa sér til biskups, sem ... vígir hann og eiðfestir og fær honum vígslubréf til þess safnaðar, er hann á að gæta. Þó skal slíkur kandidat rita ævisögu sína á latínu í þar til gerða bók, er geymd skal með skjölum stiftisins. ...

1909 Nr. 38 30. júlí **Lög um vígslubiskupa.**

■ **1. gr.** Auk biskups landsins skulu vera hér á landi tveir vígslubiskupar (officiales), annar í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna, en hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna.

■ **2. gr.** Konungur skipar vígslubiskupana eftir tillögum prestastéttarinnar í hvoru biskupsdæmi; skulu þeir hafa biskupsvígslu. Til vígslukostnaðar, er þeir vígjast, skulu hvorum þeirra greiddar 500 kr. úr landssjóði.

■ **3. gr.** Annar vígslubiskupanna vígir biskup landsins, er svo stendur á, að fráfarandi biskup getur eigi gert það. Í forföllum biskups vígja þeir og presta, hvor í sínu umdæmi.

□ Fyrir biskupsverk, er þeir vinna í forföllum biskups, greiðist þeim úr landssjóði borgun eftir reikningi.

1275 **Kristinréttur Árna biskups Þorlákssonar.**

...

■ **11. Um forræði biskups á kirkjum ok eignum þeirra.** ... Landeigandi er skyldr at láta gera kirkju á bæ sínum, hverr sem fyrr lét gera. ... **1275**

■ **12. Um kirkjuvígslu.** Vígja skal kirkju síðan er ger er ... En ef kirkja brenn upp eða annars kostar spillist, svá at niðr fellr öll eða meiri hlutr, þá skal vígja endrgerva kirkju. En þó at kirkjuráf brenni upp, fúni ok niðr falli lítill hlutr af veggjum, þá skal eigi vígja endrbætta kirkju. ...

Lög um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar. **1982** Nr. 48 11. maí

I. kafli. Um kirkjuþing þjóðkirkjunnar.

■ **1. gr.** Kirkjuþing þjóðkirkjunnar fjallar um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar að eigin frumkvæði og leysir úr þeim málum, sem til þingsins er vísað af hálfu biskups, kirkjuráðs, Alþingis og kirkjumálaráðherra.

□ Kirkjuþing skal halda ár hvert, að jafnaði í október, og starfa allt að 10 dögum.

□ Kirkjuþing og kirkjuráð vinna að því að efla íslenska kristni og styðja að trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar í þjóðlífinu.

■ **2. gr.** Á kirkjuþingi á sæti 21 kjörinn þingfulltrúi. Eru 18 kjörnir í 8 kjördæmum, 1 kýs guðfræðideild Háskóla Íslands og 1 guðfræðingar, er vinna í þágu þjóðkirkjunnar að sérstökum verkefnum. Enn fremur eiga sæti á kirkjuþingi biskup og kirkjumálaráðherra eða fulltrúi hans. Vígslubiskupar og kirkjuráðsmenn eiga rétt á fundarsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hafa þeir ekki, nema þeir séu jafnframt kjörnir þingfulltrúar.

■ **3. gr.** Kjördæmi til kirkjuþingskosninga eru þessi:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi.
2. Kjalarnessprófastsdæmi.
3. Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.
4. Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.
5. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
6. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
7. Múla- og Austfjarðaprófastsdæmi.
8. Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnesprófastsdæmi.

□ Í hverju þessara kjördæma skulu kosnir tveir kirkjuþingsmenn, prestur og leikmaður, þó svo að kjósa skal fjóra kirkjuþingsmenn, tvo presta og tvo leikmenn, í 1. kjördæmi, sbr. 4. og 5. gr.

■ **4. gr.** 1. Prófastar og prestar, sem ábyrgð hafa á prestakalli innan hvers kjördæmis, kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann fyrir kjördæmið og tvo varamenn, nema í 1. kjördæmi, þar sem kjósa skal tvo kirkjuþingsmenn og fjóra til vara.

2. Kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, sem eru í föstum embættum eða störfum (prófessorar, dósentar, lektorar), enda séu þeir guðfræðikandídatar, kjósa einn kirkjuþingsmann úr sínum hópi og tvo til vara.

3. Guðfræðingar og prestar, sem eru fastráðnir til sérstakra verkefna innan þjóðkirkjunnar án þess að bera ábyrgð á prestakalli, svo og biskupsritari og rektor Skálholtsskóla, enda séu þeir guðfræðingar, kjósa einn kirkjuþingsmann úr sínum hópi og tvo til vara, eftir því sem nánar segir í reglugerð.

■ **5. gr.** Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar hvers kjördæmis kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþings-

mann og tvo til vara, þó svo að í 1. kjördæmi skal kjósa tvo kirkjuþingsmenn og fjóra til vara.

■ **6. gr.** Kjörstjórn skipa þrír menn. Kirkjumálaráðherra tilnefnir formann og varaformann, og skulu þeir vera lögfræðingar. Biskup tilnefnir annan kjörstjórnarmann og varamann hans, en hinn þriðja kýs kirkjuráð og varamann hans. Tilnefning er til fjögurra ára í senn, í fyrsta skipti til ársloka 1985, og skal fara fram þegar eftir gildistöku laga þessara.

■ **7. gr.** Kosið skal til kirkjuþings á árinu 1982 og síðan á 4 ára fresti, sbr. 10. gr.

□ Kjörstjórn semur kjörskrá í byrjun þess árs, sem kjósa skal. Á hún að liggja frammi í 4 vikur á biskupsstofu eða öðrum stað eða stöðum, sem kjörstjórn ákveður, eftir því sem nánar segir í auglýsingu kjörstjórnar. Hún úrskurðar kærur út af kjörskrá og gengur endanlega frá henni.

■ **8. gr.** 1. Eigi síðar en 1. apríl ár það, sem kjósa skal, sendir kjörstjórn þeim, sem kosningarrétt eiga, nauðsynleg kjörgögn: auðan kjörseðil, óáritað umslag, eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um það, að hann hafi kosið, og umslag með utanáskrift kjörstjórnar. Þá skal fylgja leiðbeining um það, hvernig kosning fari fram. Greina skal glögglega, fyrir hvaða tíma kjörseðill skuli hafa borist kjörstjórn.

2. Kjósandi utan 1. kjördæmis ritar nafn þess, sem hann vill kjósa aðalmann, svo og nöfn tveggja varamanna, á kjörseðilinn, setur hann í óáritaða umslagið, sbr. 1. málsgr., og lokar því, útfyllir eyðublaðið og undirritar og leggur gögnin í áritaða umslagið og sendir kjörstjórn það í ábyrgðarpósti. Í 1. kjördæmi gildir hið sama, en þar kýs kjósandi þó tvo aðalmenn og svo fjóra varamenn.

3. Kjörgögn til presta og leikmanna skulu vera sín með hvorum litnum. Kjörgögnum til leikmanna fylgi kjörskrá.

■ **9. gr.** 1. Kjörstjórn telur atkvæði að loknum skilafresti, sbr. 1. málsgr. 8. gr., og úrskurðar þau.

2. Sá er kjörinn aðalmaður, sem flest fær atkvæði sem aðalmaður, og þeir tveir í 1. kjördæmi, sem flest fá atkvæði. Sá er kjörinn 1. varamaður, sem flest fær atkvæði sem varamaður að viðbættum þeim atkvæðum, sem hann hlaut sem aðalmaður, en sá 2. varamaður, sem næstflest fær atkvæði, talin með sama hætti, og gegnir hinu sama með 3. og 4. varamann í 1. kjördæmi. Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði, ræður hlutkesti, og gildir það einnig um röð varamanna, ef því er að skipta.

3. Kjörstjórn gefur út kjörbréf til þingfulltrúa, aðalmanna og varamanna, og skal röð varamanna greind sérstaklega.

■ **10. gr.** Kjörtímabil hinna kjörnu þingfulltrúa er 4 ár.

□ Ef kirkjuþingsmaður andast á tímabilinu eða verður vanhæfur til þingsetu eða getur ekki sótt þing, taka varamenn þess kjördæmis við eftir röð.

■ **11. gr.** Kærur út af kosningu til kirkjuþings skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en 4 vikum eftir að fresti lauk til að skila atkvæðum, sbr. 1. málsgr. 8. gr. Leggur hún þær fyrir kirkjuþing til úrskurðar ásamt athugasemdum sínum.

■ **12. gr.** Biskup er forseti kirkjuþings. Kirkjuþing kýs á fyrsta fundi sínum 1. og 2. varaforseta og tvo skrifara.

□ Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema þingsköp kirkjuþings mæli annan veg. Í þingsköpum, er kirkjuþing setur sér, skal m. a. mælt fyrir um framlagningu, meðferð og afgreiðslu mála svo og um nefndarskipanir.

1982 Nr. 48 11. maí

■ **13. gr.** Kirkjuþing hefir ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir svið löggjafarvaldsins eða sæta úrskurði forseta Íslands.

□ Það hefir og rétt til að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðsþjónustu, helgisiði, skírn, fermingar, veitingu sakramenta og önnur slík. Þær samþykktir eru þó eigi bindandi, fyrr en þær hafa hlotið samþykki prestastefnu og biskups.

■ **14. gr.** Kirkjuþingsmenn fá greidda úr ríkissjóði dagpeninga og ferðakostnað. Kýs kirkjuþing þingfararkaupsnefnd, sem endurskoðar reikninga kirkjuþingsmanna, en kirkjumálaráðherra úrskurðar þá, og ákveður upphæð dagpeninga.

II. kafli. Um kirkjuráð þjóðkirkjunnar.

■ **15. gr.** Kirkjuráð þjóðkirkjunnar er skipað fimm mönnum, biskupi, sem er forseti þess, og fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum, sem kirkjuþing kýs, og skulu varamenn kosnir með sama hætti. Kosið skal í kirkjuráð á fyrsta kirkjuþingi, að aflokinni kosningu. Eru kirkjuráðsmenn kjörnir til loka kjörtímabils kirkjuþingsmanna.

□ Kirkjuráð kýs sér varaforseta, en biskupsritari, er ritari kirkjuráðs.

■ **16. gr.** 1. Kirkjuráð fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þ. á m. verkefna, sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því, og erinda, sem vísað er til þess af hálfu kirkjuþings, biskups, Alþingis, kirkjumálaráðherra, héraðsfunda sóknarnefnda eða starfsmanna sókna eða þjóðkirkjunnar.

2. Biskup undirbýr ásamt kirkjuráði fundi kirkjuþings og fylgir eftir samþykktum þess. Kirkjuráð getur átt frumkvæði að samningu lagafrumvarpa og stjórnvaldsreglna um málefni þjóðkirkjunnar. Kirkjumálaráðherra leitar umsagnar og tillagna þess um lagafrumvörp um þessi efni, er hann hyggst flytja á Alþingi, svo og um drög að stjórnvaldsreglum um kirkjumál, er hann hyggst setja.

3. Kirkjuráð undirbýr af hálfu þjóðkirkjunnar tillögur til fjárveitinga til kirkjunnar á fjárlögum og leitar af því efni tillagna frá kirkjuþingi og aðiljum, sem fjalla um fjármál kirkjunnar.

4. Kirkjuráð hefir á hendi umsjá og stjórn kristnisjóðs, sbr. 23. gr. laga nr. 35/1970, og ráðstafar öðru því fé, sem veitt er af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi. Kirkjuráð hefir forræði og forsjá um Skálholtsstað, svo sem greinir í lögum nr. 32/1963, og hefir þau afskipti af málefnum Skálholtsskóla, er greinir í lögum nr. 31/1977.

■ **17. gr.** Biskup kveður kirkjuráð til fundar, þegar þurfa þykir, og jafnan, þegar tveir kirkjuráðsmenn óska þess. Hann undirbýr fundi ráðsins.

□ Kirkjumálaráðuneytið úrskurðar reikninga kirkjuráðs, sem greiddir eru úr ríkissjóði, þ. á m. framlagðan kostnað og dagpeninga.

III. kafli. Gildistaka, stjórnvaldsreglur og brottfallin lög.

■ **18. gr.** Kirkjumálaráðherra getur að fengnum tillög-

1982 Nr. 48 11. maí um biskups, kirkjuþings og kirkjuráðs, sett reglugerð um framkvæmd laga þessara.

■ **19. gr.** Lög þessi taka þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 43/1957, sbr. lög nr. 109/1970 um breytingu á þeim.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Á árinu 1982 semur kjörstjórn, þegar eftir að hún hefir verið skipuð, kjörskrá, sbr. 7. gr., og sendir þeim, sem greinir í 8. gr., kjörgögn svo fljótt sem auðið er. Að því skal stefnt, að kosningarúrslit liggi fyrir eigi síðar en 15. ágúst 1982. Frumreglugerð um kosningarrétt til kirkjuþings 1982 getur kirkjumálaráðherra sett að fengnum tillögum biskups og kirkjuráðs.

1982 Nr. 12 11. mars **Lög um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar.**

■ **1. gr.** Starfa skal samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar. Tilgangur hennar er að vinna að auknum skilningi í löggjafarstarfi á vandamálum og verkefnum kirkjunnar.

■ **2. gr.** Samstarfsnefndina skipa af hálfu Alþingis forseti sameinaðs þings og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, en af hálfu þjóðkirkjunnar kirkjuráð.

□ Forseti sameinaðs þings og biskup landsins fara með formennsku nefndarinnar sitt árið hvor.

■ **3. gr.** Samstarfsnefndin getur annars vegar sent ályktanir og tillögur til Alþingis eða einstakra nefnda þess, en hins vegar til kirkjuþings.

1963 Nr. 32 26. apríl **Lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað.**

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda þjóðkirkju Íslands endurgjaldslaust til eignar og umsjár jörðina Skálholt í Biskupstungum ásamt öllum mannvirkjum og lausafé, sem nú eru í eign ríkisins á staðnum, enda veiti biskup Íslands og kirkjuráð eign þessari viðtöku fyrir hönd þjóðkirkju Íslands, og hafi þar forræði um framkvæmdir og starfrækslu.

■ **2. gr.** Ríkissjóður skal árlega greiða kr. 1 000 000,00 í sjóð, sem vera skal til áframhaldandi uppbyggingar í Skálholti og rekstrarfé þeirrar starfrækslu, sem biskup og kirkjuráð koma þar upp.

□ Stjórn sjóðsins skipar kirkjuráð.

□ Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni, og skulu þeir birtir í Stjórnartíðindum.

1963 Nr. 63 11. júlí **Forsetabréf um heiðurspening til minningar um vígslu Skálholtskirkju og afhendingu Skálholtsstaðar til þjóðkirkjunnar 1963.**[1]

[1] *Sjá Stjtíð. 1963, A, bls. 301—2.*

1907 Nr. 47 6. nóv. **Lög um laun prófasta.**

...[1]

[1] *L. 55/1962.*

■ **3. gr.** Prestar tilnefna prófastsefni á sama hátt og nú, en landsstjórnin skipar prófasta með ráði biskups.

1744 29. maí **Forordning áhrærandi ungdómsins catechisation á Íslandi.**

...

■ **15)**[1] Svo að hér um verði því gerr vitað, þá skal hver prófastur vísitera árlega í sínu prófastsdæmi, þegar superintendentinn vísiterar ekki í því héraði, og skal hann þá nákvæmlega grenslast eftir um ásigkomulag prestanna og sóknarinnar, og einkanlega ungdómsins, og síðan greina sínum biskupi af öllu þessu, hversu hann hafi fundið hvorutveggju að vera í áðurtéðu. ... Sú kirkja, fyrir hverri sjálfum prófastinum er trúað, á, þegar hún er annars svo á sig komin, að um hana má tvíla, að vísiterast af einum öðrum skikkanlegum og dugandis presti, hvern prest superintendentinn skipar þar til, þangað til hann getur sjálfur komið í sína venjulegu vísitatíu. **1744** 29. maí

[1] *Sbr. erbr. 1. júlí 1746, 21. gr., og tilsk. 27. jan. 1847, 5. gr.*

Konungsbréf (til Skálholtsbiskups) um prestsverk prófasta innan prófastsdæmis. **1796** 11. marz

■ **1)** Próföstunum ber að fremja allar hjónavígslur hjá sóknarprestunum, hvort sem sjálfir þeir eiga í hlut eða náfrændur þeirra, og er með þessu átt við sóknarprestana sjálfa, þegar þeir ganga að eiga konur, sem eiga heima hjá þeim sjálfum eða í sóknum þeirra, og við þær konur, sem eru skyldar eða tengdar presti í fyrsta jafnan eður ójafnan lið, og eiga heima hjá honum.

■ **2)** Sama er um líkræður allar yfir sóknarprestum og þeim, sem þeim eru nákomnir, svo sem fyrr var greint, hvort sem eru karlar eða konur, enda séu 18 ára að aldri og eigi heima hjá sóknarpresti, svo og yfir uppgjafaprestum og ekkjum sóknarpresta.

■ **3)** Þegar staðháttum er svo varið, að eigi næst til prófasts, og verk þau þarf að fremja, er nefnd hafa verið, þá getur hlutaðeigandi prestur látið nágrannaprest gera verkið, en ef héraðsprófasti er eigi sagt til, þó að það hefði vel mátt gera, bera honum 2 rd.

■ **4)** Þegar áðurnefnd prestsverk fyrirfalla hjá kapellánum, náfrændum þeirra og ekkjum, skal hlutaðeigendum frjálst, hvort sem þeir vilja, að leita um það héraðsprófasts eða sóknarprests, ef sóknarprestur er eigi svo nákominn sem fyrr var greint.

Kirkjuordinantia Kristjáns 4., hin norska.[1] **1607** 2. júlí

[1] *Lögleidd með tilsk. 29. nóv. 1629.*

...

II.

■ **4. Um helgihald.** ... Vér meðtökum enga helgidaga svo sem fyrr er sagt utan þá venjulegu sunnudaga. ... Á þremur Christi stórhátíðum höldum vér heilagt þrjá[1] daga samfleytt vegna Christi historiu. Sömuleiðis nýjársdag. ...[1] vors herra uppstigningardag.[1] ...

[1] *Tilsk. 26. okt. 1770.*

■ **9. Hvernig kirkjunnar þénarar skuli tilskikkast.** ... Oss hefir einnig virzt það gott og gagnlegt, að eftir þenna dag skuli engir mega ordinerast og vígjast til prests utan þeir hafi nokkurt víst kall eða séu þar til skikkaðir, nema nokkur önnur nauðsyn sérlega kunni til að falla. ... Sérhver sóknarprestur í kaupstöðum og á landsbyggðinni skal taka vara á sinni sókn og ekki hafa með þá sókn, sem annar er til settur, hvorki að hafa þar kirkjuþjónustu með nokkurri prédikun né að fremja greftrunarembætti ellegar í nokkurn annan máta utan það sé gert með sóknarprestsins leyfi eða biskupsins bífalning. ...

1607 2. júlí **Um capellana embætti.** ... Ekki skal heldur sóknarprestinum leyfast að útskúfa nokkrum capellani frá sinni þjónustu, sem girnist þar við að blífa, utan svo sé, að hann geti áður bívísað, að hann hafi einhvern svo stóran brest, að honum megi ekki án hneykslunar leyfast að vera þar lengur, og að þar gangi löglegur dómur á milli þeirra, sem innihaldi réttar sakir til þess aðskilnaðar. Og þar sem nokkur capellan fyrir utan skilnaðarsakir yfirgefur sitt kall af sínu laussinni án prófastsins og superintendentis vitundar, þá er superintendens ekki pliktugur að hjálpa honum inn aftur í nokkurn annan stað, þó hann hafi allareiðu prestsins og sóknarfólksins góðan vitnisburð. ...

■ **13. Hvernig menn skulu jarða lík.** ... Allir kristnir skulu grafast í kirkju eða kirkjugarði, þó með formanna leyfi og vitund. ... Ekki má heldur sá nokkur grafast fyrir utan kirkjugarðinn, sem í kirkjugarði ber að liggja, utan það sé gert af neyð og þrengingu. Ef nokkur hefir lík að flytja frá sér og hefir ekki heima styrk þar til, þá skal hann kalla þar til sína nágranna, svo marga sem hann með þarf og skulu þeir allir pliktugir til að koma honum til hjálpar ellegar bæti þar fyrir. ...

1621 16. febr. **Konungsbréf um aldur presta.**[1)]

... Viljum Vér hér með náðarsamlegast banna lénsmönnum Vorum, biskupum og hverjum öðrum, að dirfast þess hér eftir, að veita eða krefjast þess að nokkrum manni sé veitt prestakall, sem eigi hefir náð 25 ára aldri, nema því aðeins að eigi sé völ til þess á öðrum dugandi mönnum, er fullum aldri hafi náð, því ef svo er, munum Vér náðarsamlegast veita undanþágu til þess. ...

[1)] *Ekki birt hér á landi, en þó eftir því farið.*

1915 Nr. 32 3. nóv. **Lög um veitingu prestakalla.**

■ **1. gr.** Þegar prestakall losnar, auglýsir biskup það með hæfilegum umsóknarfresti, og sendir jafnframt hlutaðeigandi prófasti auglýsinguna í jafnmörgum samritum og sóknir eru í prestakallinu. En prófastur sendir sóknarnefndum samritin til birtingar og leggur jafnframt fyrir þær að semja kjörskrá yfir þá sóknarbúa, sem atkvæðisrétt hafa á safnaðarfundum.

■ **2. gr.** Kjörskrá skal vera þannig löguð, að á henni séu fimm dálkar fyrir töluröð kjósenda, nöfn, aldur, stöðu og heimili. Nöfnum kjósenda skal raðað eftir stafrófsröð. Sóknarnefnd skal hafa lokið samningu kjörskrár innan viku frá því, er formaður nefndarinnar fékk bréf prófasts. Þegar skráin er samin, leggur sóknarnefnd hana fram á kirkjustaðnum kjósendum til sýnis, og auglýsir framlagninguna jafnframt á þann hátt, sem vant er að birta auglýsingar þar í sókn, enda sé skráin kjósendum til sýnis í fulla viku.

☐ [Á kjörskrá fyrir prestakosningar í Reykjavík skal heimilt að raða nöfnum kjósenda eftir heimilisfangi (götunafni og númeri).][1)]

☐ Tilkynnir sóknarnefnd jafnframt prófasti, hvenær kjörskrá er lögð fram.

[1)] *L. 27/1941, 1. gr.*

■ **3. gr.** Nú telur einhver sér ranglega sleppt af kjörskrá eða einhvern ranglega tekinn á hana, og skal hann þá kæra bréflega fyrir sóknarnefnd áður vika sé liðin frá síðasta sýningardegi skrárinnar. Sóknarnefnd boðar kæranda og kærða, hafi yfir einhverjum verið kært, þegar að liðnum kærufresti, á fund með sér, og leggur fullnaðarúrskurð á kæruna á fundinum.

1915 Nr. 32 3. nóv.

■ **4. gr.** Þegar sóknarnefnd hefur gengið til fullnaðar frá kjörskrá, sendir hún prófasti skýrslu um tölu atkvæðisbærra manna í sókninni ásamt vottorði um það, að skráin hafi legið frammi lögmæltan tíma, en prófastur skýrir biskupi þegar í stað frá tölu kjósenda í hverri sókn í prestakallinu og biskup aftur landsstjórn.

■ **5. gr.** Þá er umsóknarfrestur er á enda, sendir biskup landsstjórninni skýrslu um það, hverjir sótt hafi, og um það, hvort þeir fullnægi lögmæltum kröfum til prestskapar í þjóðkirkju landsins og hve marga kjörseðla þurfi.

☐ Kjörseðlarnir skulu allir vera með sömu gerð og jafnstórir og á þá prentuð í stafrófsröð nöfn umsækjenda. Seðlatalan skal jafnan vera 10% hærri en tala kjósenda.

☐ Stjórnin annast þá um, að tilbúnir séu og sendir biskupi nægilega margir kjörseðlar. Svo leggur landsstjórnin til, handa hverri sókn, tvenn léreftsfóðruð umslög til afnota við kosninguna, og sé prentað utan á annað: „greidd atkvæði" og á hitt: „ónotaðir og ónýttir seðlar".

☐ Biskup sendir síðan prófasti með póstábyrgð kjörseðla, umslög, umsóknir með fylgiskjölum og eigin ummæli í innsigluðum sendingum sér til hverrar sóknarnefndar, og staðfestir hann áður afrit umsóknargagna. Prófastur sendir síðan sóknarnefndum, en þær leggja umsóknirnar ásamt fylgiskjölum fram á kirkjustaðnum til sýnis, enda skulu skjöl þessi liggja til sýnis að minnsta kosti vikutíma. Jafnframt ákveður prófastur kjörfundardag fyrir prestakallið með hæfilegum fresti, og setur sömu dagstund í öllum sóknunum.

☐ Skal að jafnaði kosið í kirkjunni og á sunnudegi.

■ **6. gr.** Sóknarnefnd stýrir kosningu í sókn hverri. Nú eru sóknarnefndarmenn þrír, og skulu þeir þá skipa kjörstjórn. Ef sóknarnefndarmenn eru 5, ganga 2 þeirra frá eftir hlutkesti, aðrir en oddviti, er jafnan skal vera formaður kjörstjórnar.

■ **7. gr.** Nú er kominn kjörfundardagur, og skal þá kjörstjórn koma á fundarstað á tilsettum tíma. Skal oddviti sóknarnefndar setja fund og stýra honum. Hamli veður, umgangsveiki eða önnur slík atvik ferðum manna, skal kjörstjórn boða til kjörfundar af nýju. Þó er fundur lögmætur, ef meiri hluti atkvæðisbærra sóknarmanna sækir hann.

■ **8. gr.** Kjörstjórn skal hafa gerðabók, er sérstaklega sé til þess gerð og löggilt af biskupi, kjörskrá og atkvæðakassa með sömu gerð og atkvæðakassar við alþingiskosningar. Fundarhúsi skal vera þannig háttað, að inn af fundarherberginu sé herbergi eða klefi, er ekki sé innangengt í, nema úr fundarherberginu, og að öðru leyti svo umbúið, að ekki sjáist að utan eða annars staðar frá þangað inn, né heldur sé hægt að sýna kjörseðilinn þeim, er utan klefans kynni að vera. Sé herbergjum ekki svo háttað á kjörfundarstaðnum, eða kosning fari fram í kirkjunni, skal tjalda af eitt hornið, svo ekki sjáist, hvað gert er fyrir innan tjaldið. Í klefanum, eða fyrir innan tjaldið, skal vera borð og hæfilega margir blýantar samlitir.

1915 Nr. 32 3. nóv.

■ **9. gr.** Oddviti kjörstjórnar skýrir kjósendum frá því í fundarbyrjun, hverjir séu í kjöri.

■ **10. gr.** Áður en atkvæðagreiðslan hefst, skal kjörstjórnin opna atkvæðakassann og sýna kjósendum og umsækjendum, eða umboðsmönnum þeirra, að kassinn sé tómur. Að því búnu læsir kjörstjórnin kassanum, og lætur ganga til kosninga.

■ **11. gr.** Þeir, sem neyta vilja atkvæðisréttar síns, verða að sækja kjörfund sjálfir. Kjósendur ganga fram og kjósa í þeirri röð, er þeim lízt og eftir því, sem þeir komast að. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kosningarstofunni með henni aðrir en umsækjendur og umboðsmenn þeirra, svo og kjósendur, er koma og fara. Kjörstjórnin getur kvatt menn sér til aðstoðar, til að halda uppi reglu meðan á kosningunni stendur. Þá er kjörstjórnin hefur kannazt við kjósanda, afhendir hún honum kjörseðil og vísar honum til atkvæðaklefans, og má þar enginn annar inni vera; kjósandi merkir þar kross framan við nafn þess umsækjanda, er hann kýs, brýtur síðan seðilinn saman, þannig að letrið snúi inn, gengur með seðilinn að atkvæðakassanum í fundarherberginu og stingur honum niður um lokrifuna á kassanum. Jafnframt merkir maður úr kjörstjórninni við nafn kjósanda á kjörskránni.

□ Ónýtist seðill hjá kjósanda eða gallist, getur hann fengið nýjan seðil hjá kjörstjórn gegn því að skila hinum, er ónýttist eða skemmdist. Sé kjósandi ekki fær um að kjósa vegna orsaka, er kjörstjórn metur gildar, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi til nefnir, hjálpa honum til þess. Þess skal stuttlega getið í gerðabókinni. Gengur svo koll af kolli þangað til enginn gefur sig fram, þá kjósa þeir, er í kjörstjórn sitja, og umboðsmenn umsækjendanna, eigi þeir atkvæðisrétt, á sama hátt og aðrir kjósendur, og er kosningunni þar með lokið.

□ Þó má kosningarathöfn eigi standa skemur en 2 stundir, nema allir kjósendur, er á kjörskrá standa, hafi neytt kosningarréttar áður en sá tími er liðinn.

■ **12. gr.** Í Reykjavík og öðrum sóknum landsins, þar sem eru 1000 kjósendur eða fleiri, má kjósa á fleirum en einum stað í einu eftir nánari ákvörðun sóknarnefndar. Þó skal setja kjörfund og slíta honum á sama stað. Þrír menn, tilnefndir af sóknarnefnd, taka við atkvæðum í kjörherbergi hverju og skal á aukakjörstöðum nota staðfest eftirrit af kjörskrá, enda hefur hver kjördeild sína fundarbók. Sóknarnefnd ákveður, hverjir skuli kjósa í hverjum stað. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla á aukakjörstöðunum fram sem annars staðar. Þegar atkvæðagreiðslu er lokið, skal afhenda sóknarnefnd atkvæðakassa og kjörgögn. Síðan sendir sóknarnefnd þau til yfirkjörstjórnar á venjulegan hátt.

■ **13. gr.** Þegar kosningarathöfn er lokið, hvolfir kjörstjórn seðlunum úr atkvæðakassanum í umslög, sem til þess eru ætluð, og setur innsigli sín fyrir. Svo mega og umboðsmenn umsækjenda setja innsigli sín fyrir umslögin ef þeir vilja. Enn fremur tekur kjörstjórn ónýtta og ónotaða seðla og lætur þá í umslag og innsiglar sem fyrr segir.

■ **14. gr.** Kærufrestur yfir kosningu er 3 dagar. Að þeim liðnum sendir sóknarnefnd með póstábyrgð formanni yfirkjörstjórnar afrit gerðabókar, umsóknargögn öll, seðlaumslögin og ummæli sín um kærur, ef fram hafa komið, yfir kosningunni.

■ **15. gr.** Yfirkjörstjórn skipa biskup landsins og 2 menn aðrir, er stjórnarráðið skipar til 5 ára í senn. Ræður afl atkvæða, ef ágreiningur verður með yfirkjörstjórn. Jafnskjótt sem sendingarnar eru komnar úr öllum sóknum prestakallsins, tekur yfirkjörstjórn til stund og stað til að telja saman atkvæðin; kveður hún til umsækjendur eða umboðsmenn þeirra, ef nokkrir eru. Heldur yfirkjörstjórn gerðabók og sendir landsstjórninni afrit hennar ásamt kosningagögnum.

1915 Nr. 32 3. nóv.

■ **16. gr.** Reynist miklir gallar á undirbúningi eða framkvæmd kosningar, enda hafi yfir því verið kært, getur landsstjórnin, að fengnum tillögum yfirkjörstjórnar, ónýtt kosninguna og fyrirskipað nýja.

■ **17. gr.** Hafi helmingur kjósenda í prestakallinu greitt atkvæði á kjörfundi og fái einhver umsækjenda meiri hluta greiddra atkvæða, er hann kjörinn prestur, og fær veitingarbréf ráðherra fyrir prestakallinu. Annars er stjórnin ekki bundin við atkvæðagreiðsluna, og leitar hún þá tillögu biskupsins um það, hverjum umsækjanda kallið skuli veitt.

■ **18. gr.** Nú er aðeins einn umsækjandi, og fer með sama hætti fram leynileg atkvæðagreiðsla um hann á kjörfundum. Kjósendur, sem honum vilja hafna, skila seðlinum ómerktum. Greiði helmingur kjósenda atkvæði, og fullur helmingur greiddra atkvæða taki umsækjanda eða hafni honum, ræður það úrslitum.

■ **19. gr.** Enginn, er kosið hefur skriflega, er skyldur til að skýra frá því fyrir rétti, hvernig hann hafi neytt atkvæðisréttar síns, hvers kyns sem mál það er, sem hann er krafinn til vitnisburðar í.

■ **20. gr.** Hvorki kjörstjórnarformaður né nokkur annar, sem í kosningastofunni er staddur, má beinlínis eða óbeinlínis hvetja nokkurn kjósanda meðan á kosningu stendur, til þess að kjósa einn umsækjanda öðrum fremur, né heldur má kjörstjórnarmaður skýra frá því, er hann kann að hafa orðið áskynja um, að því er atkvæðagreiðslu kjósenda snertir.

□ [Brot gegn ákvæðum laganna varða sektum eða varðhaldi.][1)]

[1)] *L. 10/1983, 12. gr.*

■ **21. gr.** Landssjóður stendur straum af útbúningi kjörseðla og útvegun atkvæðakassa til hvers prófastsdæmis. Að öðru leyti fer um kostnað af prestkosningum samkvæmt 6. gr. laga nr. 40 frá 30. júlí 1909.[1)]

[1)] *Nú l. 36/1948.*

Lög um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

1970 Nr. 35 9. maí

I. kafli. Um skipun prestakalla og prófastsdæma.

■ **1. gr.** Prestaköllum og prófastsdæmum skal skipað þannig:

I. Múlaprófastsdæmi:

1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn. Prestssetur: Skeggjastaðir.

2. Hof í Vopnafirði: Hofs- og Vopnafjarðarsóknir. Prestssetur: Hof.

3. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar-, Áss-, Hofteigs-, Eiríksstaða- og Möðrudalssóknir. Prestssetur: Valþjófsstaður.

4. Eiðar: Eiða-, Hjaltastaðar-, Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir. Prestssetur: Eiðar.

5. Vallanes: Vallaness-, Þingmúla- og Egilsstaðasóknir. Prestssetur: Vallanes.

6. Desjarmýri: Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir. Prestssetur: Desjarmýri.

7. Seyðisfjörður: Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðasóknir. Prestssetur: Seyðisfjörður.

II. Austfjarðaprófastsdæmi:

8. Norðfjörður: Norðfjarðar- og Brekkusóknir. Prestssetur: Neskaupstaður.

9. Eskifjörður: Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir. Prestssetur: Eskifjörður.

10. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir. Prestssetur: Kolfreyjustaður.

11. Heydalir: Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir. Prestssetur: Heydalir.

12. Djúpivogur: Djúpavogs-, Beruness-, Berufjarðar- og Hofssóknir. Prestssetur: Djúpivogur.

III. Skaftafellsprófastsdæmi:

13. Bjarnanes: Bjarnaness-, Stafafells- og Hafnarsóknir. Prestssetur: Bjarnanes.

14. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar-, Brunnhóls- og Hofssóknir. Prestssetur: Kálfafellsstaður.

15. Klaustur: Prestbakka- og Kálfafellssóknir. Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.

16. Ásar: Grafar-, Þykkvabæjar- og Langholtssóknir. Prestssetur: Ásar.

17. Vík: Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir. Prestssetur: Vík.

IV. Rangárvallaprófastsdæmi:

18. Holt: Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir. Prestssetur: Holt.

19. Bergþórshvoll: Akureyjar- og Krosssóknir. Prestssetur: Bergþórshvoll.

20. Breiðabólsstaður: Breiðabólsstaðar- og Hlíðarendasóknir. Prestssetur: Breiðabólsstaður.

21. Oddi: Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir. Prestssetur: Oddi.

22. Kirkjuhvoll: Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir. Prestssetur: Kirkjuhvoll.

23. Fellsmúli: Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir. Prestssetur: Fellsmúli.

V. Árnesprófastsdæmi:

24. Hruni: Hruna- og Tungufellssóknir. Prestssetur: Hruni.

25. Stórinúpur: Stóranúps-, Hrepphóla- og Ólafsvallasóknir. Prestssetur: Skarð.

26. Skálholt: Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir. Prestssetur: Skálholt.

27. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells-, Stóruborgar-, Búrfells-, Miðdals- og Úlfljótsvatnssóknir. Prestssetur: Mosfell.

28. Selfoss: Selfoss-, Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingaholtssóknir. Prestssetur: Selfoss.

29. Eyrarbakki: Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir. Prestssetur: Eyrarbakki.

30. Hveragerði: Hveragerðis-, Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir. Prestssetur: Hveragerði.

31. Þingvellir: Þingvallasókn. Prestssetur: Þingvellir.

VI. Kjalarnessprófastsdæmi:

32. Grindavík: Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir. Prestssetur: Grindavík.

33. Útskálar: Útskála- og Hvalsnesssóknir. Prestssetur: Útskálar.

34. Keflavík: Keflavíkur-, Ytri-Njarðvíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir. Prestssetur: Keflavík.

35. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðarsókn. Prestssetur: Hafnarfjörður.

36. Garðar: Garða-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir. Prestssetur: Garðahreppur.

37. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells- og Viðeyjarsóknir. Prestssetur: Mosfell.

38. Reynivellir: Reynivalla-, Saurbæjar-, og Brautarholtssóknir. Prestssetur: Reynivellir.

39.—40. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn. Prestssetur: Vestmannaeyjar.

VII. Borgarfjarðarprófastsdæmi:

41. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar-, Leirár- og Innrahólmssóknir. Prestssetur: Saurbær.

42. Garðar á Akranesi: Akranesssókn. Prestssetur: Akranes.

43. Hvanneyri: Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir. Prestssetur: Staðarhóll.

44. Reykholt: Reykholts-, Stóraáss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir. Prestssetur: Reykholt.

45. Stafholt: Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungusóknir. Prestssetur: Stafholt.

46. Borg: Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir. Prestssetur: Borg.

VIII. Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi:

47. Söðulsholt: Rauðamels-, Kolbeinsstaða-, Staðarhrauns- og Fáskrúðarbakkasóknir. Prestssetur: Söðulsholt.

48. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir. Prestssetur: Staðastaður.

49. Ólafsvík: Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir. Prestssetur: Ólafsvík.

50. Setberg: Setbergssókn. Prestssetur: Grundarfjörður.

51. Stykkishólmur: Stykkishólms-, Helgafells-, Bjarnarhafnar-, Narfeyrar- og Breiðabólsstaðarsóknir. Prestssetur: Stykkishólmur.

52. Hjarðarholt: Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snóksdals- og Hjarðarholtssóknir. Prestssetur: Búðardalur.

53. Hvammur: Hvamms-, Staðarhóls-, Skarðs-, Dagverðarness- og Staðarfellssóknir. Prestssetur: Hvammur.

IX. Barðastrandarprófastsdæmi:

54. Reykhólar: Reykhóla-, Garpsdals-, Gufudals-, Flateyjar- og Múlasóknir. Prestssetur: Reykhólar.

55. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals-, Saurbæjar-, Brjánslækjar-, Haga- og Breiðuvíkursóknir. Prestssetur: Sauðlauksdalur.

56. Patreksfjörður: Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir. Prestssetur: Patreksfjörður.

57. Bíldudalur: Bíldudals-, Selárdals-, Hrafnseyrar- og Álftamýrarsóknir. Prestssetur: Bíldudalur.

X. Ísafjarðarprófastsdæmi:

58. Þingeyri: Þingeyrar-, Hrauns-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir. Prestssetur: Þingeyri.

59. Holt í Önundarfirði: Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir. Prestssetur: Holt.

60. Staður: Staðarsókn. Prestssetur: Staður í Súgandafirði.

61. Bolungarvík: Hólssóknir og Staðarsókn í Grunnavík. Prestssetur: Bolungarvík.

62. Ísafjörður: Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir og Eyrarsókn í Seyðisfirði. Prestssetur: Ísafjörður.

63. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar-, Nauteyrar-, Unaðsdals- og Ögursóknir. Prestssetur: Vatnsfjörður.

XI. Húnavatnsprófastsdæmi:

64. Árnes: Árnesssókn. Prestssetur: Árnes.

65. Hólmavík: Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnesssóknir. Prestssetur: Hólmavík.

66. Prestbakki í Hrútafirði: Prestbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir. Prestssetur: Prestbakki.

67. Melstaður: Melstaðar-, Hvammstanga-, Staðarbakka- og Efranúpssóknir. Prestssetur: Melstaður.

68. Breiðabólsstaður: Tjarnar-, Vesturhópshóla-, Breiðabólsstaðar- og Víðidalstungusóknir. Prestssetur: Breiðabólsstaður í Vesturhópi.

69. Þingeyraklaustur: Þingeyra-, Undirfells- og Blönduósssóknir. Prestssetur: Blönduós.

70. Bólstaðarhlíð: Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu-, Svínavatns- og Holtastaðasóknir. Prestssetur: Bólstaður.

71. Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir. Prestssetur: Höfðakaupstaður.

XII. Skagafjarðarprófastsdæmi:

72. Sauðárkrókur: Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir. Prestssetur: Sauðárkrókur.

73. Glaumbær: Glaumbæjar-, Víðimýrar- og Reynistaðarsóknir. Prestssetur: Glaumbær.

74. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir. Prestssetur: Mælifell.

75. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða-, Flugumýrar- og Hofstaðasóknir. Prestssetur: Miklibær.

76. Hólar: Hóla-, Viðvíkur- og Rípursóknir. Prestssetur: Hólar.

77. Hofsós: Hofsóss-, Hofs-, Fells-, Barðs- og Knappsstaðasóknir. Prestssetur: Hofsós.

XIII. Eyjafjarðarprófastsdæmi:

78. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn. Prestssetur: Siglufjörður.

79. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn. Prestssetur: Ólafsfjörður.

80. Dalvík: Valla-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir. Prestssetur: Dalvík.

81. Hrísey: Hríseyjar- og Stærra-Árskógssóknir. Prestssetur: Hrísey.

82. Möðruvellir í Hörgárdal: Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir. Prestssetur: Möðruvellir.

83.—84. Akureyri: Akureyrar-, Lögmannshlíðar- og Miðgarðasóknir. Prestssetur: Akureyri. Annar hvor prestur Akureyrar skal jafnan hafa með höndum þjónustu Miðgarðasóknar í Grímsey.

85. Laugaland: Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir. Prestssetur: Laugaland.

XIV. Þingeyjarprófastsdæmi:

86. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir. Prestssetur: Laufás.

87. Háls: Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir. Prestssetur: Háls.

88. Staðarfell: Ljósavatns-, Þóroddsstaða- og Lundarbrekkusóknir. Prestssetur: Staðarfell.

89. Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar- og Víðihólssóknir. Prestssetur: Skútustaðir.

90. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir. Prestssetur: Grenjaðarstaður.

91. Húsavík: Húsavíkur- og Flateyjarsóknir. Prestssetur: Húsavík.

92. Skinnastaður: Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir. Prestssetur: Skinnastaður.

93. Raufarhöfn: Raufarhafnarsókn. Prestssetur: Raufarhöfn.

94. Sauðanes: Sauðaness- og Svalbarðssóknir. Prestssetur: Sauðanes.

XV. Reykjavíkurprófastsdæmi: Í Reykjavíkurprófastsdæmi, sem nær yfir Reykjavíkur- og Kópavogsprestaköll, skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Ráðherra ákveður takmörk sókna og prestakalla[1)] að fengnum tillögum biskups og safnaðarráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.) og velur þeim heiti.

[1)] *Augl. 154/1963, sbr. stjrbr. 187/1967, augl. 71/1968, augl. 143/1971, augl. 74/1972, stjrbr. 234/1973, augl. 57/1975 og augl. 285/1980.*

■ **2. gr.** Í Reykjavíkurprófastsdæmi skal vera safnaðarráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er formaður ráðsins og kallar það saman. Skylt skal að kalla safnaðarráð saman til fundar, þegar fullur þriðjungur safnaðarráðsmanna óskar þess. Verkefni ráðsins eru:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft sem þörf er, og skal sú skipting að jafnaði miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.

2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf söknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður eiga sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.

3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

■ **3. gr.** Í kaupstöðum utan Reykjavíkurprófastsdæmis skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Heimilt er að skipta prestaköllum,[1)] þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 1. tölulið 2. gr.

[1)] *Augl. 58/1975, 455/1976 og 613/1981.*

■ **4. gr.** Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

■ **5. gr.** Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá sveitarfélagi skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans, ef um embættisbústað í eigu ríkissjóðs er að ræða.

■ **6. gr.** Ráðherra skipar prest, er sitji á Þingvöllum og gegni Þingvallasókn, samkvæmt 1. gr., að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar, enda gegni hann þá jafnframt starfi þjóðgarðsvarðar.

□ Biskupi er heimilt að ráða prestsvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða prestakallið prestslaust af öðrum ástæðum. Ef þörf krefur, er biskupi heimilt með samþykki ráðherra að ráða fleiri prestsvígða menn til starfa skv. þessari grein.

■ **7. gr.** Biskupi er heimilt að ráða prestsvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstörf í söfnuðum landsins. Ráðningartími skal vera allt að þremur árum í senn.

□ Þá er biskupi og heimilt með samþykki ráðherra að ráða tvo aðstoðaræskulýðsfulltrúa til starfa með æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar.

■ **8. gr.** Biskupi er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestsvígða menn til sérstakrar sjúkrahúsa- og fangahúsaþjónustu. Biskup setur þeim erindisbréf.

■ **9. gr.** Heimilt er biskupi með samþykki ráðherra að ráða prestsvígðan mann til kirkjulegra starfa meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn og annars staðar á Norðurlöndum eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur honum erindisbréf, og skal ráðningartími vera allt að þremur árum í senn.

■ **10. gr.** Laun og annar kostnaður við embætti þau, er upp eru talin í 6.—9. gr., greiðist úr ríkissjóði skv. úrskurði ráðherra, og skulu prestar þeir, sem þeim gegna, taldir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar.

■ **11. gr.** Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkum prestakalla, flytja sókn eða hluta úr sókn úr einu prestakalli í annað, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundir, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, taka þær gildi, þegar ráðherra staðfestir þær,[1] að fengnum tillögum biskups.

[1] *Bréf 179/1970, 226/1970, 50/1971, 412/1978, 260/1981 og 331/1982.*

■ **12. gr.** Nú er við breytingar þær, sem um ræðir í 11. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í báðum sóknum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er gjaldendur missir, sem svarar þriggja ára lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

□ Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubygging hafin, og skal þá ráðherra, ef honum berst krafa um það, skipa þrjá menn í samráði við biskup til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu réttri við tölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádregnu þriggja ára sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna.

□ Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er presti þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að annast þar guðsþjónustu án sérstaks endurgjalds.

■ **13. gr.** Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

□ Nú eyðist kirkjusókn gersamlega af fólki eða söfnuður er orðinn svo fámennur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Ráðherra ákveður síðan, að fengnum tillögum biskups og héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveitist andvirði hennar og sjóður í Hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni, skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun ráðherra. Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

■ **14. gr.** Heimilt er ráðherra að ákveða, að fenginni umsögn biskups og hlutaðeigandi héraðsprófasts, sóknarnefndar og sóknarprests, að flytja skuli prestssetur á hentugri stað í prestakallinu.[1] Ákvörðun um þetta efni skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

[1] *Augl. 150/1980, 261/1982.*

■ **15. gr.** Biskup hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem ákvæði 1. gr. hafa í för með sér, komist á svo fljótt sem við verður komið eftir gildistöku þessara laga. Þó missi prestar, sem nú þjóna í þeim prestaköllum, sem lögð skulu niður, ekki tekjur af þeim sökum.

■ **16. gr.** Þegar eftir gildistöku þessara laga skulu ákvæði 1. greinar um skipun prófastsdæma koma til framkvæmda, og skulu starfandi prestar í hinum einstöku prófastsdæmum tilnefna prófasta hið fyrsta.

■ **17. gr.** Kostnaður við embættisferðir prófasta innan hvers prófastsdæmis greiðist úr ríkissjóði eftir reikningum, sem ráðherra úrskurðar.

II. kafli. Um kristnisjóð.

■ **18. gr.** Stofna skal sjóð, er nefnist kristnisjóður.

■ **19. gr.** Stofnfé sjóðsins er:

a. Kirkjujarðasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.

b. Andvirði kirkjujarða, annarra en prestssetursjarða, sem seldar verða eftir gildistöku laga þessara.

c. Prestakallasjóður. Skal sjá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.

■ **20. gr.** Tekjur kristnisjóðs skulu vera:

a. Arður af stofnfé kristnisjóðs.

b. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkvæmt lögum þessum.

c. Laun þau, sem sparast á hverjum tíma, þegar prestakall er prestslaust, svo að ekki komi til greiðslu prestslauna eða hluta þeirra, og skal þá miðað við hámarkslaun presta.

d. Önnur framlög, sem ákveðin kunna að vera með lögum.

e. Frjáls framlög safnaða, einstaklinga og fyrirtækja.

■ **21. gr.** Hlutverk kristnisjóðs skal vera:

1. Að launa aðstoðarþjónustu presta og guðfræðinga í víðlendum eða fjölmennum prestaköllum. Biskup ger-

1970 Nr. 35 9. maí

ir ráðstöfun um þessa þjónustu í samráði við hlutaðeigandi sóknarpresta og héraðsprófasta.

2. Að launa starfsmenn, sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu þjóðkirkjunnar samkvæmt ákvörðun kirkjuþings. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir af biskupi með samþykki kirkjuráðs.

3. Að styrkja söfnuði, er ráða vilja starfsmenn til starfa á sínum vegum á sviði æskulýðsmála, líknarmála eða að öðrum mikilvægum verkefnum.

4. Að veita fátækum söfnuðum starfsskilyrði, einkum á þeim stöðum, þar sem prestaköll hafa verið sameinuð og kirkjuleg þjónusta er sérstökum erfiðleikum háð.

5. Að kosta búferlaflutning guðfræðinga, sem settir eru til þjónustu samkvæmt 1. tölulið.

6. Að styrkja framhaldsnám guðfræðinga og annarra starfsmanna kirkjunnar til undirbúnings undir kirkjuleg störf.

7. Að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.

8. Að sinna að öðru leyti eftir þörfum þeim verkefnum, sem prestakallasjóður hefur gegnt til þessa.

■ **22. gr.** Fastir starfsmenn kirkjunnar, sem ráðnir eru til fullrar vinnu samkv. 21. gr., skulu njóta réttinda og bera skyldur opinberra starfsmanna.

■ **23. gr.** Kirkjuráð hinnar íslenzku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn kristnisjóðs og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Kirkjuráð semur árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún samþykkt af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af ríkisendurskoðuninni.

1771 27. júlí

Tilskipun um heimaskírn barna.

... höfum Vér allramildilegast ákveðið ... að foreldrarnir skuli vera sjálfráðir um það, eftir því sem heilsa barnsins og ástæður útheimta, bæði hvort þau láta skíra það heima, en prestur má eigi synja um það, ef hann er þess beðinn, og hvort þau síðan bera það í kirkju, ef það verður gert án þess að lífi barnsins eða heilbrigði sé stofnað í hættu; foreldrunum skal þó eigi vera skylt að gera það innan nokkurs tiltekins tíma...

1736 13. jan.

Forordning áhrærandi uppvaxandi ungdómsins confirmation og staðfesting í hans skírnarnáð.[1)]

[1)] *Lögleidd með konbr. 9. júní 1741, 7. gr.*

...

■ **1)**[1)] Barna confirmation og innvígsla svo og þeirra opinberlegt examen og yfirheyrsla skal vera almenn regla og fullkomin skylda, sem öll börn í söfnuðinum, engu fráskildu, af hverju helzt standi og virðugleika þau eru, skulu óbrigðanlega til skyldast, svo að ekkert manngreinarálit orsaki hina minnstu misklíð í samkundunni.

[1)] *Sbr. l. 4/1886, 11. gr.*

■ **2)** Engin börn mega confirmerast, sem eigi hafa áður gengið í skóla, eða verið uppfrædd í þeim sérlegustu kristindómsins höfuðgreinum; en þar engir opinberir skólar eru stiftaðir í söfnuðinum, þá skulu þau fyrst af djáknanum eða öðrum hæfum manni leiðast til að þekkja guð, áður en þau að síðustu verða af prestinum uppfrædd í skilningi fræðanna, yfirheyrð og confirmeruð. **1736** 13. jan.

■ **3)** Af því margir foreldrar gleyma fyrst og oft sinni skyldu í því að láta uppfræða sín börn í tíma, þá skal kennimaðurinn í söfnuðinum gefa góðar gætur að, hvort þeim börnum, sem snarlega ásetja sér að ganga til guðs borðs (uppá hver hann í tíma skal gera sér registur, að svo miklu leyti sem orðið getur), hefir verið af þeirra foreldrum haldið í skóla, en hafi þeir verið hirðulausir í því, á hann að uppörva þá þar til. Vilji þeir á engan hátt láta uppfræða sín börn, og börnin, nær þau fram koma, eru óupplýst, þá skal kennimaðurinn þau ei confirmera, allt svo lengi þau eigi hafa betri uppfræðing fengið.

■ **4)** Kennimaðurinn skal ei alleinasta í þeim vanalega examinibus í kirkjunni æfa þau börn framar öðrum með spurningum og andsvörum, sem framboðin verða til confirmation, heldur og einnig skal hann árinu áður en hann hugar þau muni vilja fram koma láta þau þess á millum, eftir því sem hans embættiskringumstæður eru, koma til sín í sitt hús, til að undirvísa þeim í þeirra kristindómi, með þeim hætti, að þau ei einasta fái skilning á meiningunni, eftir bókstafnum, í þeim nauðsynlegustu trúarinnar greinum, heldur og einnig verði upphvött til að ná þar af lifandi þekkingu og iðkast þar í, svo að börnin undireins og guðs sannindi verða þeim kröftuglega og alvarlega fyrir sjónir sett og innrætt, uppvekist til að gefa rúm sannleikanum og fái sannan smekk og andlega reynslu til að eftirfylgja honum í þeirra líferni og framferði, í einu orði að segja, komist til sannrar hjartans og sinnisins umvendunar.

■ **5)**[1)] Það confirmationstímanum viðvíkur, þá skal, að dæmi þeirrar fyrstu kirkju, sá fyrsti sunnudagur eftir páska, sem kallaður er quasi modo geniti, þar til vera skipaður; en hvar söfnuðirnir eru stórir, má sá fyrsti sunnudagur eftir Michaelismessu, eða og þar sóknirnar eru ærið stórar, sá fyrsti sunnudagur eftir nýár, þar til haldast; kennimaðurinn skal eftir sinni góðri skynsemi hafa gætur á, að ei verði mót of mörgum tekið í senn til confirmation, og að fremur sé gætt að þeirra dugnaði en aldri. Á þeim dögum, sem skikkaðir eru til confirmation skal presturinn, daginn sem confirmationin á að haldast, haga svo sinni prédikun, að hún verði sem allra stytzt, svo að öll guðsþjónustugerð með prédikun, söng og confirmation endist eins snemma og vant er, að ei verði fyrir fólkinu tafið, eða það þurfi að finna sér orsök til að ganga út úr kirkjunni áður en confirmationin og öll guðsþjónustugerð er til enda. Þess vegna viljum Vér allra náðugast, að engin communion eður sakramentis framreiðsla sé á þeim dögum framin, sem confirmationin fram fer. ...

[1)] *Sbr. konbr. 29. maí 1744, 1. gr.*

■ **6)** Þegar líður að þeirri ársins tíð, sem confirmationin og staðfestingin uppá skírnarnáðina skal haldast, skulu foreldrarnir láta kennimanninn vita í tíma, að þeir eiga börn, sem ætluð eru til að confirmerast, hver hann láti koma til sín, heim í sitt hús, að hann vita fái, hvernig þau grundvölluð eru í sínum kristindómi, yfirheyri þau og uppfræði; en hvað mörgum vikum fyrir confirmationina þvílíkt skuli gerast, er hvers eins kennimanns góðri og gegnilegri skynsemi tiltrúað að athuga, svo og að hann hegði sér eftir þeim kringumstæðum, sem við-

1736 13. jan. koma hans söfnuði, og eftir því sem þeirra nauðþurft útkrefur, að minnsta kosti skal þvílíkt ske hálfu missiri áður og tvisvar í hverri viku. Á þeim stöðum, hvar tvær eða fleiri prédikanir eigi haldast eða embættisútréttingar eru ei svo margar, skal kennimaðurinn taka börnin á sunnudaginn eftir messu, og um föstuna eftir passionsprédikunina í vikunni, heim í sitt hús, og uppfræða þau, því börnin eru oft í fjarlægð, og á öðrum dögum hljóta þau að gegna sínu erfiði og vinnu.

■ **7)** Það uppfræðinguna í sér sjálfri áhrærir, þá á kennimaðurinn að kappkosta, að hann geri hana svo skilmerkilega og vinsamlega, sem hann bezt getur; og nær hann fram telur þau guðdómlegu sannindi, skal hann við hverja grein framfæra nokkrar hjartagegnum þrengjandi uppvakningar til allra guðlegra iðkana að kostgæfa, þess á millum spyrji hann börnin, hvort þau hafi eigi reynt og fornumið neitt af þeim eða þeim sannleiksins krafti í sínum sálum, og svo sem hann uppfræðir þau öll sameiginlega, skal hann endrum og sinnum taka það eina og annað barnið fyrir sig sér í lagi og spyrja það um þess sálar ásigkomulag, hvort það merki hjá sér nokkura umvendan og trú, og viti hann til hverra synda eitt eða annað barn er hneigt og hvernig fyrir því er ástatt í einhverjum sérlegum kringumstæðum, skal hann af meðaumkunarsömum kærleika setja sama barni fyrir sjónir þess sálar eymdarlegt ásigkomulag og annaðhvort sýna því og gefa tækifæri til sannrar umvendunar ellegar staðfesta það í því hinu góða.

■ **8)** Ef kennimaðurinn reynir, að gerðri ánægjulegri uppfræðingu, að þau eða þau börn eru eigi í því ásigkomulagi, að hann megi þau confirmera, þá byrjar honum í allri ástsemi að setja þeim og þeirra foreldrum það fyrir sjónir, sannfæra þau þar um og ráðleggja þeim að láta þvílíkt heilagt verk bíða til næsta tíma þareftir; en vilji þeir ei með góðum orðum það skilja, skal hann vísa þeim frá, þó með þeirri forsjálni, að hvað helzt hann gerir í því efni, þá sé hann alltíð skyldugur það að forsvara, ef barnið eða þess foreldrar kunna á tilhlýðilegum stöðum að kvarta yfir kennimanninum, ef þeim kann þykja sér vera í nokkru þessháttar opinberlega ofþyngt af honum. En þau börn, sem hann sannlega reynir duganleg og hentug, þeim skal kennimaðurinn, þegar líður undir confirmationsdaginn, undirvísa um confirmationens eiginlegleika, háttalag og heilagleika, að þau þá sjálf skuli ítreka og staðfesta þann sáttmála, sem guðfeðginin við þeirra skírn gerðu fyrir þau, og að þau nú á þessum dögum rannsaki sig vel fyrir guði, hvernig þau hafi haldið sinn skírnarsáttmála, og hvort þau finni sig í því ásigkomulagi, sem guð hafði veitt þeim og unnt í skírninni, annars séu þau eigi verð að framkoma fyrir drottinn eða augsýn nokkurs kristins safnaðar.

■ **9)** Kennimaðurinn skal átta dögum áður láta söfnuðinn vita, nær confirmationin skal haldast; en á confirmationsdeginum skal hann af kostgæfni leita þess efnis, með hverju hann í sinni prédikun útþýði þessa gjörnings viktugleika og jafnframt uppörvi gjörvallan söfnuðinn til hjartanlegrar bænar fyrir þeim, þá skulu confirmerast; þess vegna skal hann sjálfur af prédikunarstólnum, ásamt söfnuðinum, ákalla guð með hjartnæmri bæn. ...

■ **12)** Það kennimennina áhrærir, sem confirmationina skulu handtiera, þá mega foreldrarnir í þeim stöðum, hvar eð fleiri eru en einn kennimaður ... því ráða, að senda sín börn hverjum kennimanni þeir vilja ... **1736** 13. jan.

Konungsbréf (til biskupanna) um confirmation.[1] **1744** 29. maí

[1] *Sbr. tilsk. 23. marz 1827, sbr. konbr. 14. nóv. 1832.*

...

■ **1)** Skal confirmationin fram fara og haldin vera í Skálholts- og Hólabiskupsdæmi í Íslandi sunnudaginn fyrir Úrbanusmessu; en hvar söfnuðirnir eru stórir, skal hún og svo haldast sunnudaginn fyrir Michaelismessu.

■ **2)** Nær það við ber, að mikið óveður, fjúk, vatnavöxtur og annað þvílíkt hindrar söfnuðinn að fara til kirkjunnar á þeim tiltekna degi, þá skal confirmationin haldast á næsta sunnudegi þar eftir.

■ **3)** Með því þess gefst raun, að börnin geta oftsinnis ekki komizt til annarrar kirkju fyrir vatnsföllum eður öðrum lögmætum hindrunum, og það sýnist að vera hentugast, að confirmationin skeði í þeirri sókn, hvar börnin eiga heima, til þess að sá söfnuður hafi og svo nytsemd þar af, þá er það allranáðugast leyft þeim prestum, sem hafa eina eður fleiri annex-kirkjur, að confirmera þau ungmenni í þeirri sömu annex-kirkju, sem eru præpareruð til confirmation, á næsta sunnudegi eftir þá daga, sem til eru teknir í fyrsta pósti, og hvar þar eru fleiri en ein annexía, þá á þriðja sunnudegi þar eftir.

■ **4)** Allir prestar skulu eftir þeim 4. artic. í confirmations-forordningunni, gæta þess nákvæmlega, og með allri vandlæting, sérhver í sínu kalli og embætti, að það sem börnin, er eiga að confirmerast, svara til spurninganna í þeirra kristindóms þekkingu, sé ekki einungis innifalið í minninu án skilnings og athuga, heldur skulu þeir, eftir hljóðan þessa sama articula, kenna þeim þannig, að þau geti fengið eina lifandi þekking og framkvæmi það, sem þau lært hafa, til nytsemda og kristindómsiðkunar í verkinu, til þess að ungdómurinn, þá guðs sannindi verða innprentuð hjá honum með alvörugefni, kynni að uppvekjast til að gefa sannleikanum rúm, og að eftirfylgja honum í lifnaði og framferði, einnig að hann fái rétta umbreyting hjartans og hugskotsins. Og með því það er kunnugt, að sá ósiður hefir verið næsta algenginn að taka börn svo ung til confirmation, að þau hafa verið 9, 10, 11 eða 12 ára, eins og þau hafa hingað til verið tekin til altaris, þá viljum Vér allranáðugast, að eitt barn skuli að minnsta kosti hafa náð þeim aldri, fyrr en það leitar confirmation, að ráða megi, að það geti athugað með góðri eftirtekt, hversu heilagt og hávigtugt það sé, sem hér gerist.[1] ...

[1] *Sbr. tilsk. 25. maí 1759, 1. gr.*

■ **7)** Prestarnir í hvorutveggja biskupsdæmi skulu láta biskupinn vita á hverju ári, hversu mörg börn að hafi verið confirmeruð í sérhvers sókn, svo og hvort og hversu lengi eitt og sérhvert hafi þegið uppfræðing af prestinum, svo að biskupinn fái vitað, þegar hentugleikinn svo fellur, hvaða grundvöll barnið hafi fengið á þeim tíma; hvar fyrir börn þau, sem hafa verið confirmeruð, skulu án allra undanbragða koma til kirkju, þegar biskupinn visiterar í sérhverjum stað, til þess, að því gjör verði vitað, hvort Vorri allranáðugustu skikkun hafi allraundirdánugast verið eftir lifað í öllum greinum.

1759 Tilskipun um ferminguna.

25. maí ■ **1.**[1] Það skal vera aðalregla, að prestar megi eigi taka börn til fermingar, þau er fermast eiga, fyrr en þau eru orðin fullra 14 eða 15 ára, með því að börn, sem yngri eru, kunna sjaldan að meta rétt, eða hafa hugsun á að færa sér í nyt það er kennarar þeirra leiða þeim fyrir sjónir og brýna fyrir þeim, og skynja eigi, hve þýðingarmikill sáttmáli sá er, er þau í fermingunni endurnýja og staðfesta. Þó er þess að gæta um tímaákvörðun þessa, að börn, sem eiga að fara í langferðir, svo sem til Indlands eða Vesturheimseyja, má taka til fermingar, þó að hálft ár eða nokkuð meira skorti til þess að þau hafi náð greindum aldri, og eins er það, ef það ber við, að barn, sem eigi er orðið fullra 14 ára, verður hættulega sjúkt, og beiðist þess á sóttarsæng sinni, að mega njóta hins heilaga sakramentis, og hefir innilega þrá eftir því, þá skal það prestinum leyft vera, ef hann telur barnið vera vel upplýst, að veita því hluttöku í þessu sáluhjálparmeðali. En ef barninu batnar aftur, þá skal það þó hið fyrsta mæta fyrir söfnuðinum í kirkjunni og vera þar yfirheyrt opinberlega og fermt ásamt öðrum fermingarbörnum. Hvað þau börn áhrærir, sem eru í vist eða eiga að fara í vist eða læra handiðn einhverja, þá viljum Vér alvarlega banna húsbændum þeirra eða meisturum að draga nokkuð frá launum barnanna eða láta þau vera lengur að náminu en annars skyldi verið hafa, fyrir þá sök, að nokkur tími eyðist til uppfræðslu þeirra og undirbúnings undir fermingu. En þótt Vér viljum þannig allramildilegast setja þá reglu, að börn eigi ekki yfir höfuð að ferma fyrr en þau eru 14–15 ára gömul, þá viljum Vér þó eigi, að hlutaðeigendur skilji þetta svo, sem prestar með því séu skyldaðir til að taka börn til fermingar fyrir það, að þau eru svo gömul orðin, hvort sem þau hafa næga þekkingu til þess eður eigi; en það skal vera komið undir áliti hlutaðeigandi fræðara og ábyrgð, hvort slík börn eru nægilega uppfrædd og hæf til að takast til fermingar.

[1] *Sbr. tilsk. 23. marz 1827, sbr. konbr. 14. nóv. 1832.*

■ **2.** Vér viljum allramildilegast, að yfir höfuð sé búið að ferma ungmenni áður en þau eru fullra 19 ára, ef þau eru talin hæf til þess að þekkingu og öðru. Ef nokkur verður eldri ófermdur, skal hlutaðeigandi prestur tilkynna það prófasti, en hann aftur biskupi, og skýra frá ástæðunni til þess, að presturinn treystist eigi til þess að ferma slíkan ungling. Skal prófastur láta unglinginn koma fram til sín og yfirheyra hann sjálfur, og biskup leggja ráð á um, hvernig prestur eigi að haga sér eftirleiðis í því máli. En ef nokkur skyldi þykjast aflaga borinn í þessu efni af presti, þá er honum frjálst að kæra það fyrir yfirboðurum prests, prófasti eða biskupi. ...

■ **4.** ... og viljum Vér því allramildilegast, að þá er börn hafa fermd verið, þá neyti þau þegar næsta sunnudag eftir fermingunа altarissakramentisins, og skulu hlutaðeigandi prestar í því skyni láta unglingana koma til sín daginn fyrir, halda yfir þeim upphvatningarræðu og brýna fyrir þeim af nýju hinn þýðingarmikla sáttmála, er þeir svo nýlega hafa endurnýjað við guð, svo og útlista fyrir þeim, hvernig þeir eigi réttilega að búa sig undir hið mikla sáluhjálparmeðal, er þeir daginn eftir eiga að verða hluttakandi í.

Tilskipun um vald biskupa til að veita undanþágur frá fermingartilskipunum.[1] **1827** 23. marz

[1] *Sjá konbr. 14. nóv. 1832.*

■ **1)** Eftirleiðis skal það vera á valdi biskupanna, að veita leyfi til þess, að börn séu tekin til fermingar, þó að nokkuð vanti á, að þau hafi náð hinum lögboðna 14 ára aldri. Slíka undanþágu má þó eigi veita, nema svo sérstaklega sé ástatt um hagi foreldranna eða ákvörðun barnsins, að hún verði að álítast áríðandi fyrir velferð þess, og auk þess skal þess nákvæmlega gætt, að barnið hafi að fullu öðlazt þá þekkingu, sem gert er ráð fyrir í skólatilskipununum, og að siðferði þess sé svo, að ekkert geti að því leyti verið til fyrirstöðu slíkri ívilnun. Það má heldur ekki vanta nema lítið á aldur barnsins, ef undanþágan á að fást, og jafnvel þótt allt annað mæli með undanþágunni, eigi meira en 6 mánuðir. Að öðru leyti skal biskup leita álits hlutaðeigandi prests og prófasts, áður hann veitir undanþáguna.

■ **2)** Biskup skal, þegar svo stendur á, sem nú skal sagt, hafa heimild til að leyfa, að fermt sé á öðrum dögum en boðið er:

1. Þegar prestur sá, er ferma átti, verður veikur; þó má eigi fresta fermingunni af þeirri orsök lengur en 3 vikur, og ef prestur eigi innan þess tíma getur fermt sjálfur, ber að fá annan til þess.

2. Þegar barn, sem ferma á, getur eigi fyrir sjúkleika sakir mætt á fermingardeginum, getur biskup leyft presti að ferma það einhvern annan sunnudag, eða virkan dag, þá er messað er.

3. Þegar sóknarmenn lifa mestmegnis af siglingum, og sumum þeirra er mikilsvert að fermt sé fyrr en á fyrsta sunnudag eftir páska,[1] sökum þess að siglingarnar hefjast fyrr, og má biskup, þegar svo stendur á, leyfa að fermt sé 3 eða 4 vikum fyrr.

4. Þegar einstakt barn, annaðhvort af því að það á að fara í siglingar eða af öðrum ástæðum myndi bíða tilfinnanlegan hnekki fyrir framtíð sína, ef það þyrfti að bíða síns venjulega fermingardags, og má þá leyfa að ferma það barn eitt sér einhvern sunnudag eða annan dag, er messað er.

5. Þegar tveir prestar eru við sömu kirkju og þeir vilja ferma börn sín sinn daginn hvor, í stað þess að þeir eiga eftir tilskipuninni 13. jan. 1736, 12. gr., og reglugjörð 26. apríl 1754, 6. og 10. gr., að ferma sama daginn og í sameiningu; og má biskup þá leyfa öðrum þeirra að ferma annan dag en hinn tilskipaða fermingardag.

[1] *Sbr. konbr. 29. maí 1744, 1. gr.*

■ **3)** Nú er barn, sem ferma á, krypplingur, svo að það á bágt með að koma í kirkju til fermingar, eða það getur það eigi að hættulausu vegna stöðugra veikinda eða það hefir svo stórkostleg líkamslýti, að koma þess og yfirheyrsla í kirkjunni gæti vakið hneykslí; og skal þá biskupi heimilt að leyfa, að það sé fermt heima í votta viðurvist.

Tilskipun um húsvitjanir. **1746** 27. maí

...

■ **1)** Prestarnir á Íslandi skulu, hver einn fyrir sig, vera skyldir til, í minnsta máta tvisvar á ári, að vitja þeirra safnaðar í þeirra hús og híbýli, og það hvers húss og bústaðar í þeim sama; en hvar sóknin er lítil, ellegar

1746 27. maí engin annexía finnst, skal hann oftar taka sér fyrir þessa nauðsynlegu höndlun, hvar með prófasturinn í hverju héraði skal hafa kostgæfilega tilsjón, og sömuleiðis biskupinn með sérhverju tækifæri alvarlega tilhalda honum viðkomandi próföstum og prestum, að þeir forsómi hér ekkert í. Finnist nokkur prestur vanrækinn þar í, þá áminnist hann í fyrsta sinni af prófasti, en verði það annað sinn, þá mulcterist hann eftir síns kalls inntekt, og sinni formegan, hverri peningamulct að víxlast skal til fátækra barna uppfræðingar.

■ **2)** Tímann, á hverjum þessi húsvitjan skal fram fara, er prestinum leyft sjálfum að útvelja, þó svo, að þar til séu útséðir þeir tímar á árinu, sem sóknarfólkinu eru hentugastir, og það er sem allra flest heima, upp á það að nytsemdin, hvar að allt lýtur, fái orðið þess stærri.

■ **3)** Áður en þessi húsvitjan byrjast, skal presturinn saman bera við sína meðhjálpara, og af þeim sannspyrja ásigkomulag sérhvers heimilis og persónu, upp á það að hann fyrirfram geti haft þeim mun vissari undirrétting um eins og sérhvers framferði; og skulu meðhjálpararnir vera skyldir til, eftir lögmálsins tilskipan og þeirra samvizku, að gefa til kynna, hvað þeim hér í kann að vera vitanlegt, hvar á mót um nöfn þeirra, þá þess finnst þörf, skal þagað vera.

■ **4)** Til meðhjálpara skulu ... útveljast þeir upprigtugustu, beztu og umhyggjusömustu menn í hverri sókn, og ber engum, hvort þeir eru hreppstjórar eða virðingarmenn frá þessu embætti undantakast, þá þeir eru þar til af prestinum útséðir, ekki heldur byrjar þeim þar fyrir að uppástanda, að fríast frá öðrum verzlegum útréttingum ...

■ **23)** Fyrir utan þessa ... húsvitjan skulu prestarnir og vera til reiðu og reiðubúnir að vitja hinna sjúku í þeirra söfnuðum, nær þess er óskað. ... Þá presturinn er sóttur til hins sjúka, byrjar húsbóndanum að láta færa hann fram og tilbaka, nær presturinn þess óskar.

1764 Júlí **Prestastefnusamþykkt um sjúkravitjanir presta og aukatekjur.**

Í hverju fylgd og föruneyti presta, þá þeir vitja sjúkra, bestanda skuli, og hvað þeir með réttu upp bera eigi fyrir ein og önnur extra embættisverk?

□ Hér uppá fellur svolátandi réttarins úrskurður:

1. Hvað fylgdinni viðvíkur, þá eiga prestar að hesta sig sjálfir, þá þeir vitja sjúkra, en frí fylgdar eiga þeir á meðan að njóta fram og til baka, þar sem því verður mögulega við komið ... Allt þetta greiðist prestinum af þeim, sem efnugir eru, og nokkra tíund gera, en þeim fátækari beþénar presturinn fyrir ekkert.

1907 Nr. 46 16. nóv. **Lög um laun sóknarpresta.**

■ **1.—2. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 71/1919, 34. gr., sbr. 22. gr. og nú l. 46/1973.*

■ **3. gr.** Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í undanförnum greinum, ber hverjum presti borgun fyrir aukaverk eftir gildandi lögum,[1)] þó svo, að borgun fyrir aukaverk í þarfir þurfamanna greiðist úr sveitarsjóði. Presturinn innheimtir sjálfur borgun fyrir aukaverk.

[1)] *L. 36/1931, 3. gr.*

■ **4. gr.** Þar sem presturinn hefur hingað til haft ákveðið prestssetur, heldur hann ábúðarrétti á því framvegis.

■ **5. gr.** Afgjald eftir prestssetrið, lóðargjöld á landi þess, arð af ítökum, er prestur notar sjálfur, sem og prestsmötu, tekur hann, að svo miklu leyti sem gjöld þessi fara ekki fram úr launum hans,[1)] ... undir sjálfum sér, með því ákvæðisverði, sem sett er á gjöld þessi í matsgerð, er fari fram 10. hvert ár. **1907** Nr. 46 16. nóv.

[1)] *L. 71/1919, 34. gr., sbr. 22. gr.*

■ **6.—7. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 71/1919, 34. gr.*

■ **8. gr.** Hreppstjóri hefur umsjón yfir öllum þeim kirkjueignum, er liggja í hreppi hans, að undanskildum prestssetrum og lóðargjöldum á prestssetrunum, sem og ítökum þeim, sem presturinn notar sjálfur. Hann innheimtir eftirgjöld jarðanna og skilar sýslumanni þeim innan þriggja mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þau eftir ráðstöfun stjórnarráðsins. Í umboðslaun fá hreppstjórar 6% af eftirgjöldunum.[1)]

[1)] *Rg. 102/1908.*

■ **9. gr.** Hreppstjórar hafa byggingarráð á kirkjueignum þeim, er þeir hafa umráð yfir samkvæmt reglum, er stjórnarráðið setur; þó skal bygging á jörðum því aðeins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbréfið.

□ Þegar kirkjujarðir eru framvegis byggðar, skal eftirgjaldið ákveðið í peningum og gjalddagi 31. desbr. ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, þá skal ávallt ákveðinn leigutími tilnefndur, eigi lengri en 50 ár, nema um byggingarlóðir sé að ræða, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landsstjórnarinnar komi til.

■ **10. gr.** Hreppstjóranum ber að hafa eftirlit með því, að kirkjujarðirnar séu vel setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefur og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti eigi innstæðukúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á hreppstjórans ábyrgð, ef hann vanrækir þetta. Eftirlit með prestssetrum og úttekt á þeim fer eftir sömu reglum og hingað til.

■ **11. gr.** Jafnóðum og launaákvæði laga þessara koma til framkvæmda í hverju prestakalli fyrir sig, skal fram fara skoðun á öllum þeim kirkjueignum, er hreppstjóri á við að taka eftir 8. gr., og fer skoðun sú fram eftir reglum,[1)] er stjórnarráðið setur.

[1)] *Rg. 106/1908.*

■ **12.—17. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 36/1948.*

■ **18. gr.** Sóknarnefndarmenn bera allir ábyrgð á því, að reikningurinn sé réttur, og að full skil séu gerð fyrir fé því, er sóknarnefndinni ber að innheimta.

■ **19. gr.** Prófastur yfirskoðar reikninga sóknarnefndanna og gerir við þá athugasemdir, sem honum þykir ástæða til. Athugasemdir þessar sendir hann sóknarnefndinni og ber henni að svara þeim tafarlaust. Prófastur úrskurðar síðan reikninginn, en vilji sóknarnefnd eigi hlíta þeim úrskurði, getur hún skotið honum til landsstjórnarinnar, er fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Svo getur og landsstjórnin af eigin hvötum breytt úrskurði prófasts.

□ Sóknartekjureikningarnir í hverju prófastsdæmi skulu sendast til landsstjórnarinnar.

1907 Nr. 46 16. nóv.

■ **20. gr.** Prófastur hefur umsjón með því, að prestar í prófastsdæmi hans fái laun sín greidd samkvæmt lögum þessum.

■ **21. gr.** Þar sem tekjur þær, sem prestur tekur undir sjálfum sér samkv. 5. gr., hrökkva eigi fyrir launum hans, ávísar prófastur honum af sóknartekjunum í prestakalli hans eða af niðurjöfnunargjaldi svo miklu, sem með þarf. Hrökkvi sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið eigi, greiðir prófastur presti það, sem á vantar, af fjárhæð þeirri, er hann fær úr prestlaunasjóði samkv. 22. gr.

□ Nú nema tekjur þær, sem presturinn tekur undir sjálfum sér samkv. 5. gr., meira en launum prestsins, og skilar hann þá fyrir fardaga því, sem umfram er, til prófasts.

■ **22. gr.** Prófastur sendir landsstjórninni árlega skýrslu um tekjur þær, er prestar í prófastsdæminu taka undir sjálfum sér, og um sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið það árið, fyrir lok nóvembermánaðar, og greiðir landsstjórnin þá prófasti fyrir árslok úr prestlaunasjóði þá fjárhæð, sem samkvæmt skýrslunni vantar til þess að prestarnir fái laun sín að fullu greidd fyrir það fardagaár.

■ **23. gr.** Prófastur skal gera ársreikning fyrir hvert fardagaár yfir tekjur þær og útgjöld, sem hann hefur haft á hendi fyrir prestlaunasjóðinn, og sendir síðan reikninginn ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninginn.

■ **24. gr.** Tekjur prestlaunasjóðs eru þessar:

1. ...[1)]
2. Sóknartekjur ...[2)]
3. Vextir af innstæðufé eða peningum prestakallanna.
4. Framlög úr landssjóði, enda leggi landssjóður fram fé það, sem vanta kann til þess, að prestar og prófastar fái greidd laun sín og prestar eftirlaun sín af hinum öðrum tekjum sjóðsins.
5. Sektir samkvæmt lögum.

[1)] *L. 92/1936, 11. gr.* [2)] *Sbr. l. 36/1948.*

■ **25. gr.** Landsstjórnin stjórnar prestlaunasjóðnum, gerir árlega reikning um tekjur og gjöld sjóðsins og birtir síðan reikninginn í Stjórnartíðindunum.

■ **26. gr.** [Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig, að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum.

□ Verði engar breytingar á sóknaskipun í prestakalli samkvæmt prestakallaskipunarlögunum, þá má presturinn kjósa um að fá launaupphæðina eftir eldri reglunum, eða eftir lögum þessum.

□ Sama rétt hafa prestar í þeim prestaköllum, þar sem kostur er á að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt í lögunum, gangi presturinn að þeim breytingum. Enn fremur hafa allir prestar þennan rétt, sem orðnir eru 60 ára að aldri.][1)]

□ Uppbætur sökum erfiðleika veitast aðeins í þeim brauðum, þar sem sú skipun er komin á, sem hin nýju lög um skipun prestakalla mæla fyrir um, enda taki presturinn þar að öðru leyti laun sín eftir þessum lögum.

□ Þar sem prestur heldur áfram að taka laun eftir eldri ákvæðum, en óskar þó að verða leystur frá innheimtu á sóknartekjunum, er sóknarnefndum skylt að taka þessa innheimtu að sér eftir 12.—19. gr. laga þessara.

□ Um borgun fyrir bráðabirgðaþjónustu prestakalla fer eftir hinum almennu reglum um laun settra embættismanna, miðað við byrjunarlaun.

[1)] *L. 39/1909.*

1907 Nr. 46 16. nóv.

Lög um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra.

1931 Nr. 36 8. sept.

■ **1. gr.** Sóknarprestar fá greiddan ferða- og skrifstofukostnað embættis síns, með 500 eða 700 kr. hver, og fer upphæðin eftir stærð prestakalla, erfiðleikum og kostnaði við þjónustu þeirra.

□ Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

■ **2. gr.** Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

■ **3. gr.** Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá,[1)] er ráðuneytið setur til 10 ára í senn.

[1)] *Gjskr. 318/1969.*

1931 Nr. 18 6. júlí

Lög um utanfararstyrk presta.

■ **1. gr.** Dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitir árlega, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, 2—5 prestum, þeim er þjónað hafa embætti a. m. k. 2 ár, styrk til utanfarar með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

■ **2. gr.** Styrkur samkv. 1. gr. veitist með því skilyrði, að prestur sá, er hans nýtur, dvelji eigi skemur en 4 mánuði erlendis, til að kynnast þar kirkju- og menntalífi eða mannúðarmálum í samráði við kirkjuráð, þegar sett verður. Skal hann síðan flytja í héraði sínu erindi um einhver þau efni, er hann hefur kynnt sér í utanför sinni, og skal að minnsta kosti eitt þeirra birt á prenti eða flutt í útvarp.

■ **3. gr.** Styrkur veitist 2000 kr. hverjum presti. Greiðist helmingur styrks þegar utanförin er hafin, en hinn helmingurinn þegar 3 mánuðir eru liðnir frá heimanför.

■ **4. gr.** Prestum þjóðkirkjunnar skal skylt að þjóna endurgjaldslaust prestakalli nágrannaprests síns, allt að 6 mánuðum, meðan hann er í utanför samkvæmt lögum þessum. Og skipta þeir þá með sér verkum eftir því, sem biskup og prófastur mæla fyrir.

□ Nú verður þjónustu nágrannaprests alls eigi komið við, að dómi kirkjustjórnar, og sér hún þá prestakallinu fyrir prestsþjónustu.

■ **5. gr.** Sæki eitthvert ár fleiri prestar um styrk til utanfarar en heimilt er að veita það ár, sker kirkjustjórnin úr um það, hverjir fái styrkinn.

■ **6. gr.** Eigi má veita sama manni utanfararstyrk oftar en 7. hvert ár, nema sérstaklega standi á. Þeim presti, sem notið hefur utanfararstyrks úr Sáttmálasjóði, má eigi veita styrk samkvæmt lögum þessum fyrr en 5 ár eru liðin frá því hann fékk styrk úr þeim sjóði.

1629 1. júlí

Alþingissamþykkt um prestsmötu.[1)]

Á almennilegu Öxarárþingi var samþykkt af lögmönnum og lögréttumönnum, að kirkjubændurnir, sem kirkjugarðana til eignar halda, skyldu svara hálfum

1629 leigunum presti af kirkjunnar kúgildum, en hálfar
1. júlí skyldu bændurnir sjálfir eiga fyrir ábyrgð á kúgildunum og svara þeim gildum, þá við skildu. En afgift fasteignar kirknanna skyldi standa fyrir fyrning á kirkjunum, þeim til uppbótar og viðurhalds og forbetrunar.

[1] *Sbr. l. 54/1921; l. 38/1925; l. 62/1936 og l. 15/1942.*

1921 Lög um sölu á prestsmötu.

Nr. 54 ■ **1. gr.** Heimilt skal þeim, er prestsmötur eiga að
27. júní greiða, að fá þær keyptar af sér, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

■ **2. gr.** [Sá, er kaups beiðist á prestsmötu, sendir beiðni um það til landsstjórnarinnar. Verð prestsmötu ákveður svo landsstjórnin þannig, að [8%][1] af verðhæðinni veiti sömu vaxtaupphæð, sem ákvæðisverð prestsmötugjalds nemur, sbr. 5.—7. gr. laga nr. 46, 16. nóv. 1907, um laun sóknarpresta. Kaup skulu síðan gerð áður ár sé liðið frá því, er kaupbeiðnin kom til landsstjórnarinnar.][2]

[1] *L. 62/1936, 1. gr.* [2] *L. 38/1925.*

■ **3. gr.** [Ógreiddar eftirstöðvar af kaupverði prestsmötukvaða, sem keyptar hafa verið samkvæmt eldri lagafyrirmælum, skulu lækkaðar í samræmi við ákvæði 1. gr. og afborganir færðar niður að sama skapi fyrir þau ár, sem eftir eru greiðslutímans.][1]

[1] *L. 62/1936, 2. gr.*

■ **4. gr.** Kaupandi greiðir að minnsta kosti 1/10 hluta kaupverðsins um leið og kaup eru gerð.

□ Fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skal gera skuldabréf, með veði í fasteign, eða annarri tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda, og greiðast þær síðan á 10 árum með jöfnum afborgunum ásamt 5% vöxtum. Greiða má kaupverðið í einu lagi.

■ **5. gr.** [Andvirði prestsmötu, sem þegar er seld eða seld verður, renni til kirkna þess prestakalls, sem naut hennar áður, og skiptist jafnt milli þeirra.

□ Prestlaunasjóður greiðir tekjumissi þann, er viðkomandi prestur hefur af sölu prestsmötu.][1]

[1] *L. 15/1942, 1. gr.*

1956 Lög um kirkjuítök og sölu þeirra.

Nr. 13 ■ **1. gr.** Kirkjuítak er ítak, sem kirkja á.
15. febr. ■ **2. gr.** Um lausn kirkjuítaka og sölu semur sóknarnefnd þeirrar kirkju, sem ítakið á, að því er snertir safnaðarkirkjur og lénskirkjur.

□ Til sölu kirkjuítaks, sem prestur árlega nytjar, þarf jafnan samþykki biskups og hlutaðeigandi sóknarprests.

■ **3. gr.** Andvirði kirkjuítaks og landsvæða, sem kirkjur eiga, svo sem varpeyja, engjateiga, afréttar- eða beitilands, ef eigi eru sérstök býli sem seld hafa verið eftir 1. janúar 1940 eða seld verða, rennur til þeirrar kirkju, sem ítakið á. Þegar kirkjuítak er selt, skal fella afgjald þess niður úr heimatekjum þess prests, er ítakið hafði.

1847 Tilskipun, er nákvæmar tiltekur það sem fyrir er
27. jan. **mælt í reglugerð fyrir Ísland 17. júlí 1782, um tekjur presta og kirkna o. fl.**

■ **1)** ...[1]

[1] *L. 36/1931, augl. 19. febr. 1932.*

■ **5)** Kirkjureikninga alla skal eftirleiðis gjöra eftir silfurmynt, og skulu prófastar, þá er þeir skoða kirkjur, **1847**
og prestar, áður þeir semja, eður staðfesta eður rita 27. jan.
nöfn sín undir þá, ef aðrir umsjónarmenn kirkna hafa samið, hafa gát á, að þeir séu réttir; skulu þeir gera þetta á hverju ári. Komist það upp, að þeir hafi slegið slöku við þessu, skal annar eður báðir eftir málavöxtum bæta kirkjunni tjón það, er hún þessa vegna hefur orðið fyrir. Fyrir skoðun reikninga þessara skal gjalda presti 3 álna virði af sjóði kirkjunnar, en hafi prestur eignir kirkju að léni tekur hann ekkert fyrir að semja reikning hennar.

□ Fyrir skoðun á kirkju hverri, sem á árlega afgangs frá nauðsynlegum útgjöldum 12 rbd. og þar yfir, tekur prófastur 20 álnir, en hálfu minna af þeim kirkjum, er ekki eru svo efnaðar sem nú er sagt.

Tilskipun um fardaga presta á Íslandi og um réttindi þau, er prestur sá, sem frá brauði fer, eður erfingjar hans og einkum ekkjan eiga heimting á. **1847**
6. jan.

■ **1)**[1] Þegar brauð losnar á Íslandi, skal prestur sá, er frá brauðinu flytur, eður hafi presturinn dáið, þá ekkja hans og bú, ætíð eignast tekjur allar til næstu fardaga (6. júní), og ber þeim, er frá fer, þá aftur á móti að annast öll prestsverk; en þegar presturinn deyr frá brauðinu, skal prófastur sjá um, að prestar þeir, sem næstir eru, eður annar prestsvígður maður, sem til þess skal settur, þjóni brauðinu, og eiga þeir þá borgun fyrir af tekjum brauðsins.

[1] *Sbr. l. 46/1907, 26. gr.*

■ **2)** En frá fardögum eignast sá, sem brauðið er veitt, allar tekjur þess, hvort sem það er veitt fyrir eða eftir fardaga. En sé það veitt eftir fardaga, eður geti hann ekki farið að gegna prestsverkum þegar í fardögum þótt brauðið sé honum áður veitt, þá annast prófastur að brauðinu verði þjónað frá fardögum til þess hann tekur við því á þann hátt, sem til er tekið í 1. gr. og fá þeir, er þjóna brauðinu, af tekjum þess, það, sem þeim er áskilið í tilskipun 3. febr. 1836. IV.[1]

[1] *L. 71/1919, 4. gr.*

■ **3)** Þegar liðnir eru næstu fardagar eftir að brauðið losnaði, og það stendur enn óveitt, þá má sá sem fær það, ef hann er prestur á öðru brauði, velja í milli að taka samstundis við brauðinu, eður að vera á því, sem hann ætlar frá, til næstu fardaga, og á þá, samkvæmt því sem ákvarðað er í fyrstu og annarri grein, að fara með það brauð, sem hann ekki þjónar eftir því sem fyrir er mælt í tilsk. 3. febr. 1836, IV.[1] ; hann á líka í tíma að tilkynna hlutaðeigandi prófasti, hvað hann hefur af ráðið. Þegar ekki stendur þannig á, að brauð sé veitt eftir fardaga presti í öðru brauði, þá á jafnan sá, sem brauð er veitt fyrir fardaga, hvort hann er heldur kandídat eða stúdent, eða hann hefur áður haft prestsembætti á hendi, að taka við því í næstu fardögum eftir að það losnaði, en verði því ekki við komið, þá taki hann við því svo fljótt sem hann getur. ...

[1] *L. 71/1919, 4. gr.*

Lög um eftirlaun presta. **1880**

■ **1. gr.** Prestar þeir, er veitt hefur verið prestsemb- Nr. 4
ætti og hafa þjónað því lengur eða skemur, hafa rétt til 27. febr.
eftirlauna, þá er þeim er veitt lausn frá embætti sínu

1880 Nr. 4 27. febr. fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, er þeim er ósjálfrátt um.

■ **2. gr.** Eftirlaun presta skulu talin eftir þjónustualdri þeirra á þá leið, að upphæð eftirlaunanna er 10 kr. fyrir hvert þjónustuár þeirra. Þjónustuár prests skulu talin öll þau ár, er hann gegnir prestsembætti. Prestur sjötugur að aldri hefur rétt á að fá lausn frá embætti með eftirlaunum eftir lögum þessum.

■ **3. gr.** Sá prestur, sem að ósjálfráðu slasast þannig eða tekur vanheilsu, er hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að sleppa prestsskap, skal fá eftirlaun, sem nemi 250 kr., ef hann hefur ekki þjónað prestsembætti svo lengi, að eftirlaun hans nemi því, eða meiru.

■ **4. gr.** Prestur sá, er fyrirgerir kjóli og kalli, missir rétt til eftirlauna. Nú er presti vikið frá kalli um sinn, en honum þó veitt embætti aftur, og hefur hann þá rétt til eftirlauna samkvæmt 2. gr.

■ **5. gr.** Nú hefur prestur fengið eftirlaun og missir hann þau:

1. ef hann fær aftur embætti og laun, enda séu laun þau eigi minni en eftirlaunin voru;
2. ef hann fyrir konungsleyfi fram gengur í þjónustu annarra ríkja;
3. ef hann tekur sér bústað í öðru ríki utan konungs samþykki komi til;
4. ef hann verður sannur að því að hafa kastað trú þjóðkristninnar;
5. ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er svipt mundi hafa hann embætti, hefði hann í því verið, og er það jafnt, hvort er hann hefur framið brotið áður hann fékk lausn frá embætti, eða síðan.

■ **6. gr.** Ef tekjur brauðs þess, er uppgjafaprestur hefur fengið lausn frá, eru yfir 1200 kr. eftir síðasta brauðamati, þá skal greiða uppgjafapresti svo eftirlaun af brauðinu, að tekjur prestsins verði eigi minni en 1200 kr.[1] En séu tekjur brauðsins 1200 kr. eða minni, þá fær uppgjafaprestur öll eftirlaun sín úr landssjóði. Svo og hvar þess, er uppgjafaprestur fær eigi öll eftirlaun sín greidd af brauðinu, skal það, er til vantar, greitt úr landssjóði.

[1] *L. 48/1907, 11. gr.*

■ **7. gr.** Nú æskir uppgjafaprestur að fá einhverja kirkjujörð í brauðinu til ábúðar, og skal hann eiga forgangsrétt fyrir öðrum, en gegna verður hann öllum hinum sömu skyldum, sem hver annar leiguliði.[1]

[1] *L. 48/1907, 10. gr.*

■ **8. gr.** Uppgjafaprestar þeir, sem búnir eru að fá hærri eftirlaun en til eru tekin í lögum þessum, skulu halda þeim fyrir sjálfa sig. Svo skulu og prestar þeir, er nú sitja í embættum, halda rétti sínum til þeirrar eftirlaunaupphæðar, er hingað til hafa lög og venja verið til, og greiðist sú upphæð eftirlaunanna samkvæmt 6. gr.

1907 Nr. 48 16. nóv. **Lög um ellistyrk presta og eftirlaun.**

■ **1. gr.** Hver sá, er fengið hefur veiting fyrir prestsembætti hér á landi, skal safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri, svo sem lög þessi ákveða, og skal prestur árlega verja 2% af föstum byrjunarlaunum sínum í því skyni.

■ **2. gr.** Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin tekur gildan, en trygging fyrir lífeyri skal kaupa í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Landsstjórnin geymir eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni.

1907 Nr. 48 16. nóv.

■ **3. gr.** Landssjóður ábyrgist greiðslu ársgjaldanna samkvæmt 1. gr., en hefur aftur lögtaksrétt samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885, gagnvart kaupanda ellistyrksins eða lífeyrisins.

■ **4. gr.** Þegar prestur fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum, og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann og keypt sér ævilangan lífeyri fyrir ellistyrkinn allan eða hluta af honum. Sá ellistyrkur, sem prestur á, þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

■ **5. gr.** Auk ellistyrks eða lífeyris samkvæmt 1.— 4. gr., skal prestur hver, er veitt hefur verið prestsembætti, hafa rétt til árlegra eftirlauna, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, sem honum er ósjálfrátt um.

■ **6. gr.** Eftirlaunin nema 15 kr. fyrir hvert þjónustuár, talið frá veitingu prestsembættis, og greiðast úr prestlaunasjóði. Sjötugur prestur á rétt á að fá lausn frá embætti með eftirlaunum eftir lögum þessum.

■ **7. gr.** Sá prestur, sem að ósjálfráðu slasast þannig, eða tekur vanheilsu, er hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að sleppa prestsskap, fær 360 kr. að árlegum eftirlaunum, þótt hann hafi ekki þjónað prestsembætti svo lengi, að eftirlaun hans nemi því.

■ **8. gr.** Prestur sá, er fyrirgerir kjóli og kalli, missir rétt til eftirlauna. Nú er presti vikið frá kalli um sinn, en honum þó veitt embætti aftur, og hefur hann þá rétt til eftirlauna eftir 5. og 6. gr.

■ **9. gr.** Nú hefur prestur fengið eftirlaun, og missir hann þau:

1. ef hann fær aftur embætti, er ekki fylgja lægri laun en eftirlaunin;
2. ef hann fyrir konungsleyfi fram gengur í þjónustu annarra ríkja;
3. ef hann tekur sér bústað í öðru ríki án samþykkis konungs;
4. ef hann verður sannur að því, að hafa kastað trú þjóðkirkjunnar;
5. ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er svipt mundi hafa hann embætti, hefði hann í því verið, hvort sem brotið hefur verið framið áður en hann fékk lausn frá embætti eða eftir það.

■ **10. gr.** Nú æskir uppgjafaprestur að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakallinu til ábúðar, og skal hann þá eiga forgangsrétt fyrir öðrum að öðru jöfnu.

■ **11. gr.** Ákvæðin í 1.— 4. gr. ná eigi til presta þeirra, sem nú sitja í embætti, meðan þeir halda sama embætti og launakjörum sínum annars óbreyttum, en að öðru leyti öðlast lögin gildi fyrsta fardag 1908, þannig, að þeir prestar, sem fá lausn frá þeim tíma eða síðar, fá eftirlaun eftir lögum þessum. Þó halda þeir prestar, er kunna að eiga tilkall til hærri eftirlauna, eftir hingað til gildandi lögum, rétti sínum óskertum. Eftirlaun uppgjafapresta þeirra, sem fengið hafa lausn áður en lög þessi ganga í gildi, og taka eftirlaun sín að nokkru eða öllu leyti af fyrrverandi embættum sínum, greiðast úr prestlaunasjóði jafnóðum og prestaköll þau losna, sem eftirlaunum eiga að svara, eða á annan hátt komast

1907 Nr. 48 16. nóv. undir ákvæði hinna nýju launalaga. Uppgjafaprestar halda þeim eftirlaunum úr landssjóði, er þeir hingað til hafa notið.

□ Lög nr. 4, 27. febr. 1880, um eftirlaun presta, og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi, ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ganga fram.

1907 Nr. 49 16. nóv.

Lög um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

■ **1. gr.** Hver prestur í þjóðkirkjunni, sem hefur rétt til eftirlauna og kvænzt hefur innan 60 ára aldurs, er skyldur að tryggja ekkju sinni árlegan lífeyri, er ekki sé minni en 300 kr.

□ Kosti lífeyririnn prestinn meira en 65 kr. á ári, greiðist það, sem umfram er, úr landssjóði, eigi prestur í hlut, sem situr í embætti, þegar lög þessi ganga í gildi.

■ **2. gr.** Lífeyrinn skal kaupa hjá lífsábyrgðarstofnun ríkisins, enda geymir landsstjórnin eignarskírteini fyrir lífeyrinum.

■ **3. gr.** Landssjóður ábyrgist, að iðgjöldin eða sá hluti þeirra, sem presti ber að leggja fram samkvæmt 1. gr., verði greidd í gjalddaga, en hefur aftur lögtaksrétt, samkvæmt lögum nr. 29 frá 16. des. 1885, fyrir þeim framlögum sínum á hendur presti. Nú deyr prestur og landssjóður hefur ekki getað komið fram lögtaki fyrir iðgjaldi, og má þá landssjóður halda inni af lífeyri ekkjunnar því, er hann lagði fram fyrir prest, en ekki náði með lögtaki.

■ **4. gr.** Ekki má gefa prest innan 60 ára aldurs saman í hjónaband, fyrr en presturinn hefur sannað með vottorði prófasts síns, að hann hafi sent landsstjórninni beiðni til lífsábyrgðarstofnunarinnar um að mega kaupa lífeyri handa ekkju sinni. Ef út af þessu er brugðið, varðar það 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs.

■ **5. gr.** Nú er hjónabandi prests slitið til fulls, og fellur þá jafnframt niður framfærsluskylda hans eftir lögum þessum.

■ **6. gr.** Deyi prestur frá jólum til fardaga, á ekkjan heimting á ábúð hálfs prestsetursins fyrir sjálfa sig afgjaldslaust næsta fardagaár. Þó nær réttur þessi ekki til hlunninda hálflendunnar, svo sem æðardúns, selveiði, fuglatekju og þess háttar.

■ **7. gr.** Nú æskir ekkja eftir prest, er dó í embætti, að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakallinu til ábúðar, og skal hún þá eiga forgangsrétt fyrir öðrum að öðru jöfnu.

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast gildi fyrsta fardag 1908, þannig, að þeir, sem fá veitingu fyrir prestsembætti frá þeim tíma eða síðar, eru skyldir að sjá fyrir ekkjum sínum samkvæmt lögum þessum. Þær ekkjur, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa fengið eftirlaun sín að nokkru eða öllu leyti af embættum manna sinna, skulu, jafnóðum og hin eftirlaunaskyldu prestaköll losna, eða á annan hátt komast undir ákvæði hinna nýju launalaga, fá þau eftirlaun sín greidd úr landssjóði, svo sem þær ekkjur, er fengið hafa eftirlaun sín úr landssjóði að öllu eða nokkru leyti, einnig halda eftirlaununum óbreyttum. Loks greiðist og úr landssjóði eftirlaun ekkna eftir þá presta, sem deyja í þeim embættum, er þeir höfðu, er lög þessi ganga í gildi.

□ Lög nr. 13, frá 3. okt. 1884, og lög nr. 36, frá 13. des. 1895, ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ná gildi.

1907 Nr. 49 16. nóv.

1884 Nr. 13 3. okt.

Lög um eftirlaun prestsekkna.

■ **1. gr.** Þær konur, er hér á eftir verða ekkjur presta, er rétt höfðu til eftirlauna, eða þegar nutu þeirra, skulu, að undanteknum þeim, er getur um í 6. gr., hafa rétt til að fá í eftirlaun 1/10 hluta af tekjum brauðanna, eins og þær eru ákveðnar í því brauðamati, sem þá er í gildi; þó mega eftirlaunin aldrei nema minna en 100 kr.

■ **2. gr.** [Ef tekjur brauðs eru yfir 1200 kr. eftir gildandi brauðamati, þá skal greiða prestsekkju svo eftirlaun af brauðinu, að tekjur prestsins verði eigi minni en 1200 kr.[1] En séu tekjurnar 1200 kr. eða minni, þá fær ekkjan öll eftirlaun sín greidd úr landssjóði, svo og hvar þess, er prestsekkja fær eigi öll eftirlaun sín greidd af brauðinu, skal það, er til vantar, greitt úr landssjóði.][2]

[1] *L. 49/1907, 8. gr.* [2] *L. 36/1895.*

■ **3. gr.** Ef fleiri en ein ekkja er á brauði, greiðist þó aðeins af brauðinu eftirlaun einnar, en eftirlaun hinna úr landssjóði.

■ **4. gr.** Ef kona sóknarprests er ekkja verður, eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, hefur eftir reglum þeim, er áður giltu, fengið rétt til að fá hærri eftirlaun en þau, er lög þessi heimila henni, þá heldur hún þessum rétti. Mismunurinn á stærð eftirlaunanna greiðist úr landssjóði.

■ **5. gr.** Prestsekkjur þær, sem engin eftirlaun hafa, er lög þessi öðlast gildi, sökum þess, að maður þeirra var prestur í fátæku brauði, fái 100 kr. úr landssjóði að eftirlaunum ár hvert.

■ **6. gr.** Þær ekkjur hafa ekki rétt til eftirlauna, er hafa gifzt eldra manni en 60 ára, eða á banasæng hans, eða eftir að hann fékk lausn frá embætti, eða ef hjónabandinu var algerlega slitið á undan dauða mannsins.

■ **7. gr.** Þá missast eftirlaun ekkna:

1. er ekkjan giftist aftur;
2. er hún sezt að í útlöndum án leyfis konungs;
3. er hún í 3 ár eigi hefur hirt eftirlaunin, enda getur hún eigi á síðan sannað lögleg forföll;
4. er hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenningsáliti er svívirðileg. Þá er eftirlaun tapast af því, að ekkja hefur gifzt aftur, á hún rétt á að nýju að fá hin sömu eftirlaun, er hún aftur verður ekkja, ef hún ekki hefur öðlazt rétt til eftirlauna með hinni seinni giftingu.

■ **8. gr.** Ekkjur presta, er í embætti sínu deyja, eiga rétt á samkvæmt konungsbréfi 5. júní 1750 að fá hjá stiftsyfirvöldunum eina af kirkjujörðum brauðsins til ábúðar fyrir vanalegt eftirgjald.[1]

[1] *Sbr. l. 49/1907, 7. gr.*

1646 10. des.

Konungsbréf um legorð presta.

... Viljum Vér náðarsamlegast hér eftir boðið og skipað hafa alvarlega, að allir prestar, er gerast þannig sekir um hórdóm og frillulifnað ... skuli þegar að undangengnum dómi settir af og hafa fyrirgert kalli sínu, og fái eigi annað embætti aftur fyrr en þeir hafa fengið þar til náðarsamlegast leyfi Vort.

1683 15. apríl **Dönsku lög Kristjáns 5.**

...

2. bók.

2. kap.

■ **5. gr.** [1] Nú verður stúdent legorðssekur, og má þá eigi veita honum eftir fyrsta brot hans ... prestakall fyrr en eftir 2 ár. Skal hann þá skyldur að sýna biskupi fullnægjandi vottorð um lifnað sinn, hátterni og betrun og þar að auki konungsleyfi til þess að hann megi gegna prestsembætti svo framarlega sem hann á kost á að fá nokkurt kall. Þó má það eigi verða í sókn þar, er hann varð brotlegur. En ef hann verður brotlegur öðru sinni, þá skal hann aldrei í prédikunarstól koma. ...

[1] *Konbr. 9. maí 1738.*

2. bók.

11. kap.

■ **13. gr.**[1] Hver sá prestur, er gengur að eiga konu, er annar maður hefur legið, eða hefur samrekkt konu sinni áður en þau voru gefin saman, skal, að undangenginni löglegri málssókn, hafa fyrirgert embætti.

[1] *Konbr. 9. maí 1738.*

1738 9. maí **Konungsbréf (til biskupanna í Danmörku og Noregi), um legorð andlegrar stéttar manna.**[1]

[1] *Eigi birt hér, en þó notað, sbr. tilsk. 9. júlí 1745 og 24. janúar 1838, 12. gr.*

Það mundi vafalaust hneyksla menn allmikið, ef Vér allramildilegast tækjum til greina í hvert skipti og án nokkurs greinarmunar allra þegnsamlegust bænarskjöl þau, er nú um tíma hafa tíðar en áður komið til Vor frá stúdentum og jafnvel stundum prestum, um að eigi verði á því tekið, þótt konur þeirra hafi orðið léttari of snemma eftir brúðkaupið, og veittum þeim allramildilegast uppreisn Vora, enda má með réttu krefjast þess af þeim, sem annaðhvort eru þegar, eða ætla að verða kennarar í kirkju guðs og söfnuði eða í skólunum, að þeir séu óflekkaðir af syndum þeim, sem bæði teljast með bersýnilegu holdsins athæfi, og auk þess er eigi hægt að leyna. Fyrir því gefum Vér hér með til vitundar, að til þess að stemma stigu fyrir slíku hneyksli framvegis, höfum Vér ákveðið að eftirleiðis skuli farið svo sem nú skal sagt með slík bænarskjöl, hvort sem þau koma frá prestum eða stúdentum.

■ **1)** Um presta þá, er verða brotlegir gegn guðs lögum og 2. bók, 11. kap., 13. gr.[1] Vorra allramildustu Laga, fer beinlínis framvegis eftir því, sem ákveðið er í Lögunum.

[1] *D. og N. L. 2—11—13.*

■ **2)** Að því er kemur til stúdenta eða annarra, sem legorðssekir hafa orðið og ætla að sækja um prests ... embætti, þá skal:

a. farið beint eftir Lögunum[1] að því leyti, og hinum legorðsseka eigi leyfast að leita uppreistar fyrr en þau 2 ár eru liðin, sem Lögin áskilja;

b. skal slíka uppreist aldrei veita þeim, er legið hefur stúlku, sem honum sem lausakennara, skólahaldara, barnaspyrjanda eða á annan hátt var trúað fyrir að kenna, hvort sem hún var af ríkum eða fátækum komin, og hvort sem hann átti hana síðar eður eigi.

[1] *D. og N. L. 2—2—5.*

■ **3)** Þá er þau tvö ár, sem að ofan eru nefnd, eru liðin, og stúdent eða einhver annar vill beiðast allramildilegastrar uppreistar af Oss til þess að geta fengið prests ... embætti, þó að hann hafi orðið brotlegur svo sem áður er greint, þá skal hann útvega og hafa með sér skilríki fyrir því:

1738 9. maí

a. að stúlkan, sem hann varð brotlegur með hafi eigi verið skyld honum í forboðna liðu, eða honum verið trúað fyrir henni til kennslu, svo og að hann hafi eigi orðið brotlegur nema í þetta eina sinn;

b. hvort hann hafi átt stúlkuna, sem hann féll með eður eigi;

c. hvernig hann hafi hegðað sér bæði fyrir og eftir, en einkum hverjar alvarlegar tilraunir hann hafi gert til að bæta ráð sitt, um kristindóm hans, gjafir og aðrar kringumstæður.

Konungsbréf (til stiftamtmanns) um uppreist presta, er vikið hefur verið frá embætti. **1756** 27. febr.

... Fyrir því skal þér allramildilegast tjáð, að með því að Lögin í 2. bók, 2. kap., 5. gr.[1] banna að veita stúdenti, sem verður legorðssekur, ... prestslegt embætti, nema hann hafi áður allramildilegast leyfi Vort, ... þá leiðir af því, að heldur eigi má veita presti annað kall, sem verður slík stóryfirsjón á, og fyrirgerir með því kalli sínu eftir Lögunum og tilskipunum, nema hann fái til þess allramildilegasta uppreist Vora.

[1] *D. og N. L. 2—2—5.*

Konungsbréf um afsetta presta.[1] **1740** 7. okt.

[1] *Ekki birt á Íslandi, en hefur þó verið beitt hér.*

... Prestar, sem settir verða frá kalli sínu, skulu leggja niður prestlegan skrúða, og er eigi leyfilegt að nota þá þaðan í frá til nokkurrar geistlegrar þjónustu.

Konungsbréf (til stiftamtmanns) um ráðstafanir gegn prestum, þeim er láta prestssetrin falla og níðast niður.[1] **1708** 11. maí

[1] *Sbr. erbr. 1. júlí 1746.*

(Í konungsbréfi þessu segir, að prestar séu eigi aðeins skyldir að halda við húsum á prestssetrum og öðru, sem þeim fylgir, í góðu og forsvaranlegu standi, heldur eigi þeir að byggja þau upp og bæta, svo sem framast er unnt, og ef þeir vanræki þetta og hafi þó verið löglega aðvaraðir af prófasti tvisvar eða þrisvar, skuli þeir missa brauðið, nema þeir setji fulla tryggingu fyrir því, sem vangert var.)

Lög um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum. **1953** Nr. 26 16. febr.

■ **1. gr.** Kirkjumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum nýbýlastjórnar og með samþykki skipulagsnefndar prestssetra, að skipta prestssetursjörðum og enn fremur að taka leigunámi, ef með þarf, og byggja á erfðaábúð hluta af þeim prestssetursjörðum sem taldar eru hafa það mikið landrými, að tilskilið land fáist til nýbýlastofnunar, enda sé þess ávallt gætt, að landrými viðkomandi prestsseturs verði þrátt fyrir skiptinguna það mikið, að þar megi eftir sem áður reka allstórt bú.

■ **2. gr.** Nú er ákveðið að skipta prestssetursjörð í tvö

1953 eða fleiri býli samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skulu þá
Nr. 26 úttektarmenn meta afgjald af býli því eða býlum, sem
16. febr. frá jörðinni eru skilin. Renna afgjöld til hlutaðeigandi prests, þar til næst fer fram mat á heimatekjum presta, sbr. lög nr. 46 1907, en síðan í fyrningarsjóð viðkomandi prestsseturs.

1931 **Lög um bókasöfn prestakalla.**
Nr. 17 ■ **1. gr.** Stofna má bókasöfn fyrir prestaköll með
6. júlí bókagjöfum og bókakaupum, svo sem nánar er tiltekið í lögum þessum.

■ **2. gr.** Til bókasafna prestakalla skulu einkum keyptar bækur guðfræðilegs og heimspekilegs efnis, svo og almennar fræðibækur og úrvals skáldrit. Bókasöfnin mega þiggja bækur að gjöf.

■ **3. gr.** Nú vill sóknarprestur stofna eða auka við bókasafn prestakalls síns. Skal hann þá fyrir júnílok ár hvert senda bókanefnd prestakalla skrá yfir bækur þær, er hann óskar að fá í bókasafnið, og greiða ¼ verðs þeirra innbundinna og flutningsgjald fyrirfram.

■ **4. gr.** Bókanefnd prestakalla skipa þrír menn. Kýs prestastefnan tvo þeirra og einn varamann, en kirkjumálaráðuneytið skipar einn mann, kunnan að smekkvísi og þekkingu á bókmenntum. Nefndin skal kosin og skipuð til þriggja ára í senn og skiptir sjálf með sér störfum. Bókanefnd starfar kauplaust, en útlagður kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af bókakaupafé.

□ Bókanefnd skal veita leiðbeiningar um val bóka, annast kaup á þeim og úrskurða um það, hvort bækur fullnægi skilyrðum 2. gr. Nefndin sker úr um það, hverjum skuli veita styrk til bókakaupa og hvaða bækur skuli kaupa af þeim, sem óskað er eftir, þegar umsóknir fara fram úr því, sem hámark ríkisstyrks leyfir.

□ Þau prestaköll ganga fyrir öðrum um styrkveitingu, þar sem ekki eru fyrir bókasöfn, sem prestur og söfnuður getur haft til afnota.

■ **5. gr.** Nú hefur bókanefnd borizt beiðni um útvegun bóka samkvæmt 3. gr., og kemur beiðnin eigi í bága við fyrirmæli 2. gr. laga þessara. Útvegar hún þá bækurnar, en ráðuneytið ávísar bókanefndinni, eða bóksala hennar, ¾ kostnaðar úr ríkissjóði, gegn því að bækurnar verði eign bókasafns prestakallsins. Þó má ekkert ár verja meira fé úr ríkissjóði í þessu skyni en 4 þús. kr. samtals.

■ **6. gr.** Um leið og bókanefnd sendir presti bækur til bókasafns prestakalls hans samkvæmt lögum þessum, sendir hún prófasti skrá yfir bækur þær, er bókasafninu þannig bætast. Prestar skulu árlega senda prófasti skrá um gefnar bækur. Skal prófastur gera aðalskrá um bókasöfn í prófastsdæminu, sundurliðaða eftir prestaköllum.

■ **7. gr.** Þegar prestur hefur veitt móttöku bókum samkvæmt lögum þessum, skal hann rita á þær nafn prestakalls síns og skrásetja. Prófastur löggildir bók undir bókaskrá prestakalls, og ber honum á skoðunarferðum sínum að hafa eftirlit með því, að bækurnar séu vel varðveittar.

■ **8. gr.** Bókasafn prestakalls skal geymt á heimili prests. Presti er skylt að vátryggja safnið gegn eldsvoða. Þar sem fleiri en einn sóknarprestur er í prestakalli, skal sá prestur varðveita safnið, sem elztur er að embættisaldri, nema öðruvísi um semjist með prestum kallsins.

□ Nú er prestakall prestslaust, og gerir prófastur þá **1931**
þær ráðstafanir, sem þurfa þykir, til öryggis safninu. Nr. 17
□ Við prestaskipti skal fara fram úttekt á bókasafni 6. júlí
prestakallsins, og gerir prófastur þá fráfarandi presti að greiða bætur fyrir, ef á vantar og kenna má vangeymslu hans.

■ **9. gr.** Presti er skylt að lána sóknarbörnum bækur úr bókasafni prestakalls síns, sér að bagalausu. Lántakandi er skaðabótaskyldur, þegar bækur skaddast eða glatast. Útlánaskrá skal fylgja hverju bókasafni. Skal prestur leggja kapp á, að bókasafn prestakallsins verði söfnuðinum að sem mestum notum. Prestum er heimilt að lána hver öðrum bækur úr bókasöfnum prestakalla. Heimilt er og að skiptast á bókum úr bókasöfnum, þegar hlutaðeigandi prestar óska þess og bókanefnd samþykkir.

■ **10. gr.** Prestum og próföstum er skylt að gefa þær skýrslur um bókasöfn prestakalla, notkun þeirra og varðveizlu, sem biskup fyrirskipar.

Lög um kirkju- og manntalsbækur (sálnaregistur). **1945**
■ **1. gr.** Í hverju prestakalli skal sóknarprestur færa Nr. 3
kirkjubók (ministerialbók) og manntalsbók (sálnare- 12. jan.
gistur) fyrir allt prestakallið, og varðveitir prestur þær. Auk þess skulu sóknarnefndarformenn í hverri sókn færa slíkar bækur, að því er til sóknarinnar tekur og geyma þeirra. Heimilt er sóknarnefnd að fela öðrum, er hún telur sérstaklega vel til þess hæfan, að rita bækurnar. Bækur þessar skal rita greinilega og án nokkurrar undanfellingar. Skylt er sóknarpresti að láta sóknarnefndarformanni eða kirkjubókarritara í té alla nauðsynlega vitneskju við færslu framangreindra bóka. Þeir skulu bera bækurnar vandlega saman að minnsta kosti einu sinni á ári, í janúarmánuði ár hvert, en aldrei mega þær vera eina nótt undir sama þaki báðar. Ákvæði þessarar greinar um manntalsbækur taka þó ekki til þeirra kaupstaða, þar sem öðrum en prestum er með lögum falið að skrá manntal.

■ **2. gr.** Kirkjustjórnin skal hlutast til um, að ávallt sé kostur á hentugum kirkju- og manntalsbókum úr vönduðum pappír og í því formi, er tíðkazt hefur eða hún ákveður síðar. Bækurnar séu gegnþræddar, innsiglaðar og löggiltar af biskupi. Hlutaðeigandi prófastur skal hafa eftirlit með því á yfirreiðum sínum, að þær séu vel og samvizkusamlega færðar, og annast um, að misfellum í því efni verði kippt í lag. Andvirði kirkju- og manntalsbóka greiðist úr ríkissjóði.

■ **3. gr.** Kirkjubækur sóknarpresta skulu sendar þjóðskjalasafninu til varðveizlu áður en 50 ár eru liðin frá löggildingu þeirra, og má aldrei halda þeim lengur en 15 ár, frá því að þær eru fullritaðar.

□ Kirkju- og manntalsbækur sókna skulu afhentar hlutaðeigandi héraðs- eða kaupstaðarbókasafni til eignar og geymslu, þegar þær eru fullskrifaðar. Nú er ekki til héraðsbókasafn, og skal þá afhenda bækurnar hlutaðeigandi prófasti, sem kemur þeim í örugga geymslu innan héraðs.

□ Forstöðumanni héraðs- og kaupstaðarbókasafns er heimilt að gefa fæðingarvottorð og önnur vottorð samkv. kirkjubókum safnsins þeim, er þess óska, og gegn sama gjaldi og greitt er til þjóðskjalasafnsins fyrir slíkt vottorð.

1945 Nr. 3 12. jan.

■ **4. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs ...[1] nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skulu mál út af brotum sæta meðferð opinberra mála.

[1] *L. 10/1983, 13. gr.*

■ **5. gr.** Ráðherra getur sett með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

1744 29. maí

Tilskipun um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins og annarra helgra daga á Íslandi.[1]

[1] *Sjá l. 45/1926.*

...

■ **4)** Enginn prestur má utan hæstu nauðsynja undanfella guðsþjónustugerð í kirkjunni einn sunnudag, miklu síður tvo eða þrjá sunnudaga hvern af öðrum.[1] Og ef nokkur vegna óþarfa ferðalags eður án fengins leyfis, sem lögin bjóða, vanrækir þannig þann söfnuð, fyrir hverjum honum er trúað, þá skal honum talast til fyrir það af prófastinum. Og ef þvílíkt hirðuleysi finnst hjá prófastinum, án þess hann hafi áður gefið það sínum biskupi til vitundar, svo sem byrjaði, þá skal lögsækja hann fyrir Consistorio. En ef það skeður oftar, þá skulu þeir hafa forbrotið sitt kall. ...

[1] *Bréf 69/1970.*

■ **16)** Kirkjunum skal halda hreinum og rúmgóðum á sunnudeginum, og má þar eins lítið á öðrum sem á þeim degi finnast fatnaður eður sængurklæði, góz eður vara, hneykslilegar myndir, eða þær, sem stríða móti þeirri evangelisku religion, með því að slíkt er óviðurkvæmilegt og ekki samhljóðandi við þau heilögu verk, sem þar eiga fram að fara. Þó mega kistur standa þar með því, sem kann að vera geymt í þeim, hvar ekki eru stólar eður bekkir að sitja á. Einnig, hvar loft eru í kirkjum með læsing fyrir, þar má geyma hreinlega hluti, sem ekki gefa illan daun af sér, ellegar eru á annan hátt ósæmandi í þeim stað. En engin annarleg höndlan má hafast um hönd í kirkjunni. Annars skal hver sá, sem gerir á móti þessu, sekjast einu lóði silfurs fyrir hvert sinn. ...

1926 Nr. 45 15. júní

Lög um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

■ **1. gr.** Á helgidögum þjóðkirkjunnar er bönnuð öll sú vinna, úti og inni, er hefur hávaða í för með sér eða fer fram á þeim stað eða með þeim hætti, að hún raskar friði helgidagsins. Á höfnum, þar sem skip liggja eigi við bryggjur eða bólverk, er þó heimilt að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar, þó eigi á föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna, og eigi heldur á kirkjustöðum frá kl. 11 árdegis til kl. 3 síðdegis, þegar messað er á staðnum, nema brýna nauðsyn beri til.

□ Á öruggum höfnum, þar sem skip liggja við bryggjur eða bólverk, er bannað að ferma eða afferma skip, þar með talin fiskiskip og vélbátar, á föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna, svo og á öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar, frá kl. 11 árdegis til kl. 3 síðdegis. Þó mega strandferðaskip, sem aðallega flytja póst og farþega, fá afgreiðslu. Það skal og yfir höfuð vera heimilt að vinna þau verk, sem eigi má fresta eða miða til þess að bjarga eða hjálpa öðrum, sem í hættu eru staddir eða eiga hana yfir höfði sér.

1926 Nr. 45 15. júní

■ **2. gr.** Kaup og sala má eigi fara fram á helgidögum þjóðkirkjunnar í sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga né annarra sölumanna, og skulu búðir þeirra vera lokaðar. Undanþegnar þessu banni eru:

1. Lyfjabúðir að því er lyfjasölu snertir.
2. Bifreiðastöðvar til fólksflutninga.
3. Brauð- og mjólkurbúðir að því er snertir sölu á brauði og mjólk.
4. Fiskbúðir.
5. Blaðaafgreiðslur.

□ Á götum, torgum og opnum svæðum í kaupstöðum og kauptúnum er einnig öll sala bönnuð á helgidögum þjóðkirkjunnar. Undanþegin þessu banni er þó sala á fiski, blöðum, bókum, aðgöngumiðum að íþróttamótum, happdrættismiðum og þess háttar til kl. 11 árd. og eftir kl. 3 síðdegis.

■ **3. gr.** Á helgidögum þjóðkirkjunnar má ekki á neinum almennum veitingastað halda veizlur eða aðra hávaðasama fundi fyrr en eftir miðaftan.

■ **4. gr.** Á helgidögum þjóðkirkjunnar má hvorki halda almennar skemmtanir né heldur mega markaðir eða aðrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sér stað fyrir kl. 3 síðdegis, nema lögreglustjóri leyfi.

■ **5. gr.** Á helgidögum þjóðkirkjunnar má eigi, nema brýna nauðsyn beri til, halda sveitar- eða bæjarstjórnarfund, þing, gegna fógetastörfum eða skjalaskrifarastörfum, halda skiptafundi, uppboðsþing eða gegna öðrum dómsstörfum. Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á helgidögum, nema brýna nauðsyn beri til, og þess sé þá beinlínis krafizt af valdsmanni þeim, er stefna lætur, og skal þó eigi stefna lesin meðan á messu stendur.

■ **6. gr.** Almenna fundi má eigi halda um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnar fyrr en um nónbil. Þá og þar, er guðsþjónusta fer fram eftir nón, er þó því aðeins heimilt að halda almenna fundi samtímis, að þess sé gætt, að fundurinn sé eigi haldinn svo nálægt kirkju eða bænhúsi, að guðsþjónustan verði trufluð af því.

■ **7. gr.** Bönn þau, er talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna. Þau gilda einnig eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla.

□ Kvöldið fyrir aðra stórhátíðisdaga eru allar almennar skemmtanir bannaðar eftir miðaftan.

■ **8. gr.** [Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, auk þess má með dómi svipta mann rétti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann áður sætt sektum fyrir brot gegn lögum þessum. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.][1]

[1] *L. 75/1982, 5. gr.*

■ **9. gr.** Nú virðist lögreglustjóra, að brot á móti lögum þessum sé sprottið af afsakanlegum misskilningi, og skal hann þá aðeins gefa þeim áminning, er brotið hefur, og ef þörf er á, gefa út almenna auglýsing mönnum til leiðbeiningar og viðvörunar.

1907 Nr. 36 16. nóv.

Lög um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

■ **1. gr.** Í hverri kirkjusókn landsins skal vera sóknarnefnd og í prófastsdæmi hverju héraðsnefnd til að annast þau kirkjuleg málefni, sem sóknina og prófastsdæmið varða.

■ **2. gr.** Sóknarnefndin skal halda að minnsta kosti einn almennan safnaðarfund ár hvert til að ræða um kirkjuleg málefni safnaðarins.

□ Aukafundi skal halda, þegar meiri hluti sóknarnefndar fer fram á það.

□ Sóknarnefndin kýs sér oddvita úr sínum hóp. Oddviti stýrir fundum nefndarinnar, en að öðru leyti skipta nefndarmenn störfum með sér.

□ Sóknarnefndin skal gefa presti kost á að sækja fundi sína.

■ **3. gr.** Safnaðarfund skal boða með hálfs mánaðar fyrirvara, á kirkjufundi eða á annan hátt, sem tíðkanlegur er í sókninni. [Í kaupstöðum og öðru þéttbýli má þó boða fundinn með þriggja daga fyrirvara.][1)]

□ Hamli veður, ófærð, umgangsveiki eða önnur ósjálfráð atvik ferðum manna, skal sóknarnefnd boða fund að nýju, ef meiri hluti atkvæðisbærra manna í söfnuðinum sækir ekki fundinn. Hamli ósjálfráð atvik aftur á móti ekki, skal halda fundinn, þó að meiri hluti kjósenda sé ekki mættur.

□ Um mál þau, er að lögum liggja undir samþykki safnaðarfundar, skal sóknarnefndin auglýsa tillögur sínar um leið og fundurinn er boðaður. Sóknarnefndin ber síðan tillögurnar fram til samþykktar á fundinum, og má þá þær einar breytingar á þeim gera, er sóknarnefndin aðhyllist.

□ Afl atkvæða ræður málsúrslitum á safnaðarfundum.

[1)] *L. 71/1941, 1. gr.*

■ **4. gr.** [Aðalsafnaðarfund skal jafnan halda á tímabilinu frá 1. apríl til 1. júní ár hvert.][1)] ...

□ Á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa menn í allar sóknarnefndir á landinu. Þar sem 1000 manns eða fleiri eru í sókninni, skal kjósa 5, en þar sem færri eru 3. [Heimilt skal að kjósa jafnmarga varamenn í sóknarnefndir, og gilda sömu reglur um kosningu þeirra, kjörgengi og kjörtímabil sem um aðalmenn. Varamenn taka sæti aðalmanna, sem ekki geta sinnt nefndarstörfum um stundarsakir, eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til aðstoðar, þegar hún telur ástæður til.][1)]

[1)] *L. 71/1941, 2. gr.*

■ **5. gr.** [Hver sóknarmaður, karl og kona, sem telst til þjóðkirkjunnar og er lögráða, hefur kosningarrétt á safnaðarfundi og er kjörgengur til sóknarnefndar.][1)]

[1)] *L. 39/1961, 1. gr.*

■ **6. gr.** Kosningin gildir fyrir 6 ár. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, skulu, að þrem árum liðnum, 2 eða 3 ganga úr nefndinni, eftir því hvort tala nefndarmanna er 3 eða 5.

□ Geti nefndarmenn ekki komið sér saman um, hverjir úr skulu ganga, ræður hlutkesti, en hinn hlutinn skal fara frá að 6 árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávallt hinar tvær deildir nefndarmanna frá 3. hvert ár á víxl. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá sérlegra orsaka vegna, áður en þau 6 ár eru liðin, er hann var kosinn fyrir, skal sá, er kosinn verður í hans stað, aðeins sitja í nefndinni þann tíma af þeim 6 árum, sem eftir er. Þann, sem gengur úr nefndinni, má kjósa á ný; en hafi hann verið í nefndinni 3 ár eða lengur, er hann ekki skyldur að taka aftur við kosningu, fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann hafði verið í nefndinni. Þessi ákvörðun á einnig við gömlu sóknarnefndirnar, við fyrstu sóknarnefndarkosningar eftir lögum þessum (sbr. 4. gr.).

□ Eins skal sá, sem orðinn er sextugur, mega skorast undan kosningu.

■ **7. gr.** Sóknarnefndin skal, auk starfa þeirra, sem henni eru eða verða fengin með sérstökum lögum, stuðla til þess, að guðsþjónusta safnaðarins fari sómasamlega fram, vera prestinum til aðstoðar í því að viðhalda og efla góða reglu og siðsemi í söfnuðinum, styðja með honum kristindómsfræðslu ungmenna og vera honum samhent um að halda uppi samlyndi og friðsemi á heimilunum og meðal allra í söfnuðinum.

■ **8. gr.** Sóknarnefndin annast kirkjusöng og hljóðfæraslátt samkv. lögum nr. 21, frá 22. maí 1890, og útvegar meðhjálpara við guðsþjónustuna.

■ **9. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 21/1963.*

■ **10. gr.** Nú hefur söfnuður umsjón og fjárhald kirkju, og skal þá sóknarnefnd hafa á hendi skyldur þær, er af því leiða.

■ **11. gr.** Skylduvinnu þeirri, er sóknarmenn eiga til að leggja, þá er kirkja er byggð, skal sóknarnefndin jafna niður. Hafa skal nefndin og umsjón með því, hvernig verkinu er hagað.

■ **12. gr.** Nú hefur sóknarnefnd tekið að sér innheimtu kirkjutekna, samkv. lögum nr. 20, frá 22. maí 1890, og fer um þá innheimtu eins og segir í nefndum lögum.

■ **13. gr.** Sóknarnefndin hefur á hendi innheimtu sóknartekna samkvæmt lögum um laun presta.

■ **14. gr.** Sóknarnefndin býr til kjörskrá til prestskosninga og tekur að öðru leyti þann þátt í undirbúningi undir kosningu presta, sem mælt er fyrir um í lögum um það efni.

■ **15. gr.** Sóknarnefnd hver heldur:

1. gerðabók, er rita skal í nákvæma skýrslu um það, er gerist á fundum nefndarinnar og á safnaðarfundum, svo og bréf, er hún ritar, og

2. sjóðbók (kassabók), er rita skal í skýrslur um peninga er nefndin tekur móti og greiðir út, og alla reikninga.

□ Bækur þessar löggildir prófastur, en andvirði þeirra jafnar sóknarnefndin niður á alla atkvæðisbæra sóknarmenn.

■ **16. gr.** Á aðalsafnaðarfundi skal kjósa einn safnaðarfulltrúa fyrir sóknina til 6 ára í senn, enda séu safnaðarfulltrúar kosnir um land allt á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðlast gildi. Um kosningu hans og kjörgengi gilda hinar sömu reglur, sem settar eru um kosningu sóknarnefndarmanna í 5. gr.

□ [Safnaðarfulltrúar hafa 7 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru utan heimilis vegna héraðsfunda,][1)] og jafnar sóknarnefndin þeim kostnaði niður á alla atkvæðisbæra sóknarmenn.[2)]

□ [Heimilt er að kjósa varasafnaðarfulltrúa. Um kosningu hans, kjörgengi og kjörtímabil gilda sömu reglur og um safnaðarfulltrúa. Þegar safnaðarfulltrúi getur ekki sótt héraðsfund, kemur varafulltrúi í hans stað.][1)]

[1)] *L. 71/1941, 3. gr.* [2)] *Sbr. l. 36/1948, 1. gr.*

■ **17. gr.** Héraðsprófastur skal á ári hverju, í júní eða september, halda héraðsfund og kveðja til fundarins

1907 Nr. 36 16. nóv.

1907 Nr. 36 16. nóv.

alla presta og safnaðarfulltrúa héraðsins, til að ræða og útkljá þau kirkjuleg málefni, er héraðið varða.

☐ Prófastur stýrir fundinum.

■ **18. gr.** Þá er héraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa í því héraði eru á fundi. Það mál er samþykkt á héraðsfundi, sem hlotið hefur meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru.

■ **19. gr.** Prófastur leitar álita fundarins um, hvernig prestar og sóknarnefndir gegni köllun sinni. Á fundinum leggur prófastur fram endurskoðaða reikninga kirkna í héraðinu fyrir síðastliðið reikningsár, til umræðu og úrskurðar.

■ **20. gr.** Hverjum fundarmanni er rétt að bera upp á héraðsfundi tillögur sínar um sérhvert það atriði er lýtur að kirkjulegum málum og skipun þeirra, svo sem uppeldi og kristindómsfræðslu barna, reglu og siðsemi í söfnuðinum, eignum kirkna og meðferð á þeim, upptöku, niðurlagning og færslu kirkna, breyting á sóknum og prestaköllum.

☐ Allar samþykktir héraðsfunda sendir prófastur biskupi. Ef fundarmenn úr sóknum þeim, sem hlut eiga að máli, greinir á við meiri hluta fundarmanna, þá er þeim heimilt að fá bókaðan ágreining sinn við fundarsamþykktina, og er prófasti skylt að senda biskupi ágreiningsálit þeirra með fundarsamþykktinni.

1907 Nr. 22 16. nóv.

Lög um umsjón og fjárhald kirkna.

■ **1. gr.** Hverja þá lénskirkju, sem sóknarprestur hefur enn fjárhald fyrir, skal hlutaðeigandi söfnuði bjóða til umsjónar og fjárhalds eigi síðar en við næstu prestaskipti. Sé það samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, skal afhenda kirkjuna söfnuðinum, enda samþykki héraðsfundur og biskup.

☐ Svo má og svipta sóknarprest fjárhaldi lénskirkju og afhenda kirkjuna söfnuðinum, þó að presturinn sé því ekki samþykkur, ef héraðsfundur og biskup álíta hann óhæfan til að sjá um fé kirkjunnar.

■ **2. gr.** Þegar eigandi bændakirkju vill selja umsjón hennar og fjárráð söfnuðinum í hendur, þá getur því máli framgengt orðið, er það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, og samþykki héraðsfundar og biskups kemur til.

■ **3. gr.** Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með tveim óvilhöllum úttektarmönnum gjöra nákvæma úttekt á kirkjunni, eignum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og það, sem henni fylgir, ef þeim virðist þess þörf. Greiðir sá, er kirkju hefur haldið, álagið að þeim hluta, sem sjóður kirkjunnar eigi vinnst til, í hendur sóknarnefndinni, er tekur við kirkjunni og fé hennar fyrir hönd safnaðarins. Nú er kirkja í skuld við forráðamann sinn, og úttektarmenn gera álag á hana, og skal þá forráðamaður hennar eigi að síður greiða álagið, en úttektarmenn meta, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eftirleiðis. Mat þetta liggur undir samþykki biskups. Hafi lán verið tekið af almannafé til að byggja kirkju, skal greiða á sama hátt það, sem ógreitt er af vöxtum og afborgun.

☐ Ef hinn fyrrverandi forráðamaður kirkjunnar eða sóknarnefnd er óánægð með úttektina, má skjóta henni til yfiréttektar.

☐ Heimilt er sóknarnefnd að taka við kirkju, án þess regluleg úttekt sé gerð, ef samþykki héraðsprófastsins kemur til, og hann afhendir kirkjuna.

1907 Nr. 22 16. nóv.

■ **4. gr.** Söfnuðir þeir, sem taka að sér umsjón og fjárhald kirkna, gangast undir allar þær skyldur, sem legið hafa á eigendum þeirra eða forráðamönnum, að því er kemur til endurbyggingar kirkju, viðhalds og hirðingar. Skal sóknarnefndin fyrir hönd safnaðarins heimta kirkjutekjurnar saman, svo sem lög standa til, og koma kirkjusjóðnum á vöxtu. Fyrir innheimtu og ómak sitt skal sóknarnefndin fá 6% af árstekjum kirkjunnar. Þó getur söfnuðurinn veitt sóknarnefndinni allt að 10% í innheimtulaun.

■ **5. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 40/1909, 13. gr.*

1981 Nr. 21 18. maí

Lög um kirkjubyggingasjóð.

■ **1. gr.** Hlutverk kirkjubyggingasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 43/1954, er að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum, sbr. og 6. gr.

■ **2. gr.** Ríkissjóður skal greiða árlega í kirkjubyggingasjóð eigi lægri fjárhæð en 600 000 krónur. Endurskoða skal þá upphæð með hliðsjón af byggingavísitölu, eins og hún er 1. júlí ár hvert.

☐ Kirkjubyggingasjóður veitir viðtöku gjöfum og fer um tekjuskatt af þeim samkv. 30. gr. E-liðs laga nr. 40/1978.[1)]

[1)] *Nú l. 75/1981.*

■ **3. gr.** Stjórn kirkjubyggingasjóðs skal skipuð þrem mönnum. Biskup Íslands er formaður hennar, en kirkjuþing kýs tvo stjórnarmenn og jafnmarga til vara. Skal annar þeirra vera leikmaður, en hinn starfandi prestur. Kjörtímabil er fjögur ár.

☐ Kirkjubyggingasjóður er í vörslu biskupsembættisins, er annast fjárreiður sjóðsins og bókhald.

☐ Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

■ **4. gr.** Sóknarnefndir skulu í lánsumsóknum gera glögga grein fyrir áformum um kirkjubyggingu eða endurbót á eldri kirkju, þ. á m. kostnaðaráætlunum og áætlunum um framkvæmdatíma. Teikningar og kostnaðaráætlanir skulu lagðar fyrir þriggja manna nefnd, sem í eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og skipar hann varamann til sama tíma. Biskup er formaður nefndar þessarar. Eigi má veita lán úr sjóðnum nema teikning af kirkjubyggingu eða af endurbót á eldri kirkju hafi hlotið samþykki nefndarinnar.

■ **5. gr.** Lánsupphæð miðast við stærð kirkju. Má hún vera allt að 200 krónum á hvern teningsmetra, þó aldrei meira en 1000 krónur á hvern fermetra gólfflatar, en fjárhæðir þessar breytast í samræmi við byggingavísitölu, sbr. 2. gr. 1. málsgr.

☐ Byggingalánin endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 40 árum.

☐ Til endurbóta á eldri kirkjum má eigi veita hærri lán en sem svarar ⅖ kostnaðar samkvæmt reikningum, sem sjóðstjórn úrskurðar. Lán þessi endurgreiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á 20 árum.

■ **6. gr.** Heimilt er að veita lán úr kirkjubyggingasjóði

1981 Nr. 21 18. maí

til kirkjubyggingar eða endurbóta á kirkju, þótt í einkaeign sé, að fengnum meðmælum sóknarnefndar og umsögn héraðsprófasts, enda sé kirkja notuð í þágu þjóðkirkjusafnaðar, svo sem safnaðareign væri, og eignir hennar ófullnægjandi til framkvæmdanna að dómi stjórnar kirkjubyggingasjóðs.

■ **7. gr.** Biskup Íslands getur nefnt fulltrúa sinn til að sitja fundi stjórnar kirkjubyggingasjóðs og nefndar samkv. 4. gr., og hefir fulltrúinn sömu stöðu og biskupi er ætluð í þessu sambandi.

□ Stjórn kirkjubyggingasjóðs og nefnd sú, sem mælt er fyrir um í 4. gr., geta leitað eftir aðstoð í störfum sínum, og greiðir kirkjubyggingasjóður þann kostnað.

■ **8. gr.** Stjórn kirkjubyggingasjóðs semur frumvarp til reglugerðar, er kirkjumálaráðherra staðfestir, um starfsemi sjóðsins og starfshætti stjórnar sjóðsins og nefndar samkv. 4. gr. svo og um framkvæmd laganna að öðru leyti. Í reglugerð er rétt að setja ákvæði um vexti af lánum og önnur lánakjör að svo miklu leyti sem um þau er eigi mælt í lögum þessum og ennfremur um það, hversu umsóknir um lán skuli vera úr garði gerðar og hver gögn fylgi þeim og fyrir hvaða tíma umsóknir skuli berast ár hvert.

■ **9. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög um kirkjubyggingasjóð nr. 43/1954 ásamt breytingum, sbr. lög nr. 47/1955 og 26/1962.

□ Skipunartímabili núverandi stjórnar kirkjubyggingasjóðs lýkur, er kirkjuþing hefir kosið stjórnarmenn samkvæmt 3. gr. 1. málsgr. og tilkynnt kirkjumálaráðherra um kosninguna.

□ Kirkjumálaráðherra skipar aðalmann og varamann í nefnd þá, er greinir í 4. gr., þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.

Lög um innheimtu og meðferð á kirknafé.

1890 Nr. 20 22. maí

■ **1. gr.** Rétt er, að fjárhaldsmaður kirkju feli hlutaðeigandi sóknarnefnd, vilji hún það að sér taka, að heimta inn tekjur kirkju og koma þeim í peninga, gegn innheimtulaunum, 10 af hundraði. ...[1)]

[1)] *Sbr. l. 22/1907, 4. gr. , l. 40/1909, 9. gr. og l. 36/1948.*

■ **2. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 40/1909, 9. gr.*

■ **3. gr.** Frá næsta nýári eftir að lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmdar, skal reikningsár kirkna vera frá 1. janúar til 31. desember. Skal semja reikninga kirkna sem fyrst eftir nýár. Skal hlutaðeigandi prestur, eða, ef hann er féhirðir kirkjunnar, hlutaðeigandi safnaðarfulltrúi fyrst rannsaka reikninginn og bera hann saman við hrepps- og kirkjubækur. Fyrir rannsókn þessa má greiða 2 kr. af tekjum kirkjunnar. Fyrir lok maímánaðar skulu kirkjureikningar með fullnægjandi fylgiskjölum vera komnir til hlutaðeigandi prófasts, er rannsakar þá og leggur fram á héraðsfundi. Nú álítur bæði héraðsprófastur og héraðsfundur reikning kirkju réttan, er það þá fullnaðarúrskurður, en greini prófast og héraðsfund á, leggur biskup á fullnaðarúrskurð.

■ **4. gr.** Stofna skal almennan kirkjusjóð, og skal hver kirkja hafa sína viðskiptabók við sjóðinn. Stiftsyfirvöld Íslands[1)] hafa umsjón yfir kirkjusjóði þessum og ábyrgð á honum. Fé kirkjusjóðs skal ávaxta eftir sömu reglum og landssjóðsfé. Forgangsrétt til lána úr sjóði þessum eiga kirkjur.

□ Auglýsa skal reikninga sjóðs þessa í Stjórnartíðindunum, deildinni B, ár hvert.

[1)] *Sbr. tilsk. 12/1904, III. Nú l. 73/1969 og augl. A 96/1969.*

1890 Nr. 20 22. maí

■ **5. gr.** Allt það fé, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum, skal láta á vöxtu í hinum almenna kirkjusjóði og vextirnir árlega leggjast við höfuðstólinn. Heimilt er þó reikningshaldara að halda eftir vaxtalaust 100 kr. af tekjum kirkju. Rétt er og að kirkjur greiði vexti af fé því, sem þær hafa að láni.

□ Þó falla niður þeir vextir, sem eigi geta greiðzt af helmingi þess, er hver kirkja hefur afgangs árlegum útgjöldum sínum.

□ Af sjóðum þeim, sem kirkjur eiga, þá er lög þessi öðlast gildi, skal sá, er sjóðinn hefur undir höndum, greiða í hinn almenna kirkjusjóð 1/15 á ári, unz sjóðurinn er allur greiddur af hendi enda þurfi hans eigi kirkjunni til aðgjörðar eða endurbyggingar á því tímabili. Sé kirkja afhent, skal greiða sjóðinn allan af hendi.

■ **6. gr.** Þá er fjárhaldsmaður, er haft hefur kirkju til umsjónar og ábyrgðar og lánað henni fé, sleppir fjárhaldinu eða deyr, skal hann eða erfingjar hans eiga heimting á að fá skuld þá borgaða af fé því, sem kirkjan hefur afgangs nauðsynlegum ársútgjöldum.

■ **7. gr.** Ákvæði laga þessara ná eigi til bændakirkna, nema hlutaðeigandi kirkjuráðendur veiti til þess samþykki sitt.

Viðaukalög við lög nr. 5 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

1890 Nr. 21 22. maí

■ **1. gr.** Ef meiri hluti þeirra sóknarmanna, er safnaðarfund sækja og atkvæðisrétt hafa á safnaðarfundi, samþykkir að taka upp og hafa hljóðfæri við tíðagerð í kirkju sinni, þá ber eiganda eða umráðamanni kirkjunnar að annast um, að hljóðfæri sé keypt fyrir kirkjunnar fé, svo framarlega sem fé er fyrir hendi, sem kirkjan getur án verið, og héraðsfundur samþykkir. Hljóðfærið telst síðan með áhöldum kirkjunnar. En hvort sem hljóðfæri er keypt fyrir fé kirkju eða eigi, skal söfnuðurinn kosta hljóðfæraslättinn og halda söng uppi á sinn kostnað, nema eigandi eða forráðamaður kirkju gefi samþykki sitt til, að greiða megi kostnaðinn að nokkru eða öllu af kirkjunnar fé, og héraðsfundur síðan samþykki að svo skuli vera.

■ **2. gr.** Ef söfnuður kostar kirkjusönginn að nokkru eða öllu, þá skal sóknarnefndin, með umráði prestsins, jafna niður á sóknarmenn alla, þá er eigi eru skylduómagar eða sveitarómagar, kostnaðinum af söngkennslunni og hljóðfæraslættinum, eður og söngnum, ef hljóðfæri er eigi haft, og skal það vera aðalreglan, að helmingur kostnaðarins komi jafnt á hvern tilskyldan mann, en annar helmingurinn fari eftir efnum manna og ástæðum.[1)]

[1)] *Sbr. l. 36/1948.*

■ **3. gr.** Sóknarnefndir innheimta gjaldið, og skal hver húsráðandi inna það af hendi fyrir sig og skyldulið sitt. Gjalddagi er 31. des. Taka má gjald þetta lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

1749 5. apríl Konungsbréf (til biskups), er löggildir máldagabók Gísla biskups Jónssonar.

Vér höfum orðið þess áskynja af allraþegnsamlegustu bréfi þínu 10 júní f. á., að í stiftskistunni í Skálholtsstifti, sem þú ert allranáðarsamlegast skipaður yfir, sé, auk hinnar gömlu svokölluðu máldagabókar Vilchins biskups eða kirkjuregisturs, sem löggilt var með 16. gr. í erindisbréfi biskupa á Voru landi Íslandi, annað kirkjuregistur, sem fyrrverandi biskup í Skálholtsstifti, herra Gísli heitinn Jónsson, á að hafa samið árið 1575; tjáist registur þetta aðeins vera óstaðfest eftirrit, en konsistorialrétturinn á árið 1710 að hafa á landsþinginu kveðið upp það álit sitt, að það væri hið elzta og áreiðanlegasta kirkjuregistur sem til væri í stiftinu, því að í því eiga að vera taldar kirkjur nokkrar og réttindi þeirra, sem þær eiga enn þá, en eigi eru talin í Vilchins máldagabók, sem heldur eigi tjáist telja allar kirkjur í stiftinu. Fyrir því gefum Vér þér hér með til vitundar, að Oss hefur allramildilegast þóknazt ... auk fyrrnefnds kirkjuregisturs Vilchins biskups, sem þegar hefur löggilt verið í Skálholtsstifti með 16. gr. í erindisbréfi biskupanna, að löggilda einnig allramildilegast fyrrtéð kirkjuregistur eða máldagabók, sem þáverandi biskup yfir Skálholtsstifti, Gísli heitinn Jónsson, samdi árið 1575, og viljum Vér því allramildilegast, að þó að eftirrit það af registri þessu, sem er í stiftskistunni, sé óstaðfest, þá skuli registrið eins fyrir það vera talið áreiðanlegt og authentiskt kirkjuregistur; þó skal að öðru leyti farið eftir oftnefndri 16. gr. í erindisbréfi því, er allramildilegast hefur verið útgefið handa biskupum á Íslandi.

1789 24. júlí Tilskipun um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi, og því, sem þeim fylgir.

■ **1)** Eins og það er skylda prófastanna að hafa eftirlit með því, að kirkjum og prestssetrum sé haldið í tilhlýðilegu standi, og að tilkynna í tíma stiftamtmanni[1] og biskupi, ef þeim er eigi haldið við sem vera ber, þannig eiga þeir og framvegis, eins og ævagömul venja er til á Íslandi, þegar prestar deyja eða fara frá brauðunum og yfir höfuð þegar þess gerist þörf og biskup fyrirskipar það, að taka út kirkjur, prestssetur og kirkjujarðir og inventaria þeirra.[2]

[1] *Tilsk. 12/1904, III. Nú l. 73/1969.* [2] *Sbr. l. 46/1907, 8. gr.*

■ **2)** Úttektargerðir þessar skulu ritaðar í kirkjubækurnar, og skal í þeim nákvæmlega lýst ásigkomulagi hvers hlutar og getið breytinga þeirra, er á hafa orðið, frá því er úttekt var síðast gerð, svo og álags þess, er gert er fyrir annmarka og hrörnun, og skal síðan tafarlaust gera ráðstöfun til að bæta það, sem áfátt er.

■ **3)**[1] Prófastur tekur með sér til skoðunar- og virðingargerðanna 2 kunnuga menn, og skulu þeir einir fremja skoðunargerðina án þess prófastur hafi þar nokkurt atkvæði.

[1] *Sbr. l. 71/1919, 1. gr.*

■ **4)** Nú er viðtakandi eða annar hlutaðeigandi óánægður með gerð skoðunarmanna, og má hann þá, er hann hefur stefnt löglega til þess, láta sýslumann kveðja til helmingi fleiri skoðunarmenn, og skal yfirskoðun þeirra útkljá það mál; greiði þá sá, er eigi fær framgengt kröfu sinni hjá yfirskoðunarmönnum, kostnað þann, er af yfirskoðuninni leiddi.

■ **5)** Vilji maður áfrýja úttektargerð, að því er snertir aðferð prófasts við hana eða úrskurði hans, þá skal hann stefna málinu fyrir synodalréttinn, áður liðinn sé áfrýjunarfrestur til yfirréttanna,[1] sá er lögin ákveða. **1789 24. júlí**

[1] *Sbr. l. 75/1973.*

■ **6)**[1] ...

[1] *L. 29/1875.*

■ **7)** Nú ber það við, að brauð stendur lengi laust, eður prestur sá, er það hefur fengið, getur eigi komið að því innan fardaga réttra, og skal þá prófastur annast um, að prestssetrið verði á meðan byggt duglegum manni, og yfir höfuð gera það, sem hagkvæmast þykir til viðurhalds eignunum, og skal sýslumaður vera honum hjálplegur í því. Skorist sýslumaður undan því, þá skýrir prófastur biskupi frá því, en hann leitar fulltingis amtmanns, svo sem þarf.

■ **8)** Ef presturinn, sem fjarverandi er, hefur eigi sjálfur veitt neinum umboð til að gæta réttar síns við úttektina, þá skal sýslumaður skipa til þess fullveðja mann á kostnað hans.

Konungsbréf um sölu kirkjueigna. **1786 30. júní**

... Fyrir því gefum Vér yður hér með til vitundar, að Vér viljum allramildilegast, að um kirkjueignir fari framvegis eftir lögum og venju hingað til, þannig, að þá er jörð er seld, sem kirkja stendur á, þá fylgi henni allar aðrar jarðir kirkjunnar, og öll önnur réttindi hennar og hlunnindi, án þess sérstakt mat sé á því gert, og skal því, til leiðbeiningar eftirleiðis, bæta inn grein í hina prentuðu skilmála er hnígur að því, að jarðir þær, er heyra undir útkirkjurnar á jarðagózi Skálholtsstóls, skuli ávallt fylgja kirkjunum og megi aldrei frá þeim seljast, en að kirkjueigendurnir skulu vera skyldir til að halda ávallt bæði kirkjueignunum og kirkjunum sjálfum í tilhlýðilegu ástandi að öllu leyti, og að þeir megi aldrei hvorki með sölu, makaskiptum né á annan hátt, skilja eignirnar frá kirkjunum eða rýra þær á annan hátt, enda skuli þeir og, þar sem þeir njóta allra tekna af kirkjueignunum, skyldir að kosta allar aðgerðir og endurbyggingar, og það þó að óhapp vilji til; en ef þeir vanræki það, skuli eignirnar ásamt kirkjunni hverfa undir Oss.

Konungsbréf (til stiftamtmanns og biskups) um eigandaskipti að bændakirkjum.[1] **1751 5. marz**

[1] *Sbr. konbr. 30. júní 1786.*

... Vér höfum nú fengið allraþegnsamlegast álit þitt, kammerherra greifi Rantzau, um mál þetta, og orðið þess vísari af því, að rétti kirknanna á Íslandi sé svo varið, að þó að kirkjueigandi selji kirkjueignina, þá sé þó sá, er keypti, skyldur að svara til skuldar þeirrar, er kirkjan átti hjá eiganda sínum, en verði aftur, ef hann þykist vanhaldinn í kaupunum, að eiga um það við þann, er hann hefur átt kaupin við, og verður það mál þeirra. Er eftir þessu skylda kirkjueiganda til að gera grein fyrir tekjum kirknanna eigi onus personale, heldur reale, og virðist því eigi óhjákvæmilega nauðsynlegt, að samþykki biskups komi til, áður kirkjueigandi megi selja kirkjuna með eignum hennar. Fyrir því gefum Vér yður hér með til vitundar, að Vér viljum allranáðarsamlegast, að við þetta skuli standa, og að um það fari hér eftir sem hingað til; en til þess að biskuparnir á Íslandi geti vitað, hverir eru eigendur kirknanna, viljum Vér

1751 5. marz allranáðarsamlegast skipa svo fyrir og bjóða, að, eins og boðið er í tilsk. 8. nóvbr. 1726 fyrir Danmörku, að ef nokkur af þegnum Vorum selji eða kaupi kirkju, þá skuli báðir, seljandi og kaupandi, innan eins mánaðar frá því, er kaupin gerðust, skýra frá því bæði hinu danska kansellíi voru og biskupi þeim, sem kirkjan heyrir undir, að viðlagðri 100 rdl. sekt til fátækra í sókninni, svo skuli hér eftir eins að farið á Íslandi í þessu efni, þannig að ef maður kaupir eða selur kirkju þar í landi, þá skuli bæði seljandi og kaupandi skyldir til að gefa biskupinum í stifti því, er kirkjan er í, skýrslu um það innan eins mánaðar.

1740 6. maí **Konungsbréf (til stiftamtmannsins) um portionsreikninga bændakirkna.**

Fyrir því er það, eftir þessum atvikum málsins og allra þegnsamlegastri tillögu þinni, Vor allramildilegasti vilji og boðorð, að á Íslandi skuli eftirleiðis eins og hingað til gerð reikningsskil fyrir portionum kirknanna.

1928 Nr. 50 7. maí **Lög um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi.**

■ **1. gr.** Af fé Strandarkirkju má á árunum 1928 til 1929 verja allt að 10 000 kr. til sandgræðslu, girðinga og sjógarða í Strandarlandi, en síðan má verja allt að 1000 kr. á ári hverju til viðhalds og græðslu.

■ **2. gr.** Um framkvæmd sandgræðslunnar og tillögur til hennar fer að öðru eftir lögum um sandgræðslu.[1)]

[1)] *Sbr. nú l. 17/1965.*

■ **3. gr.** Strandarland skal vera eign Strandarkirkju.

■ **4. gr.** Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur umsjón með stjórn kirkjufjánna og setur reglur[1)] um framkvæmd hennar.

[1)] *Brb. rg. 20/1931.*

1747 19. maí **Konungsbréf um gegnumdregnar bækur kirkna.**[1)]

[1)] *Sbr. kirkjusk. 2. júlí 1604, II-9, konbr. 6. maí 1740, erbr. 1. júlí 1746, 15. gr.*

Næstliðinn 6. aprilis hefir þú, herra biskup Ólafur Gíslason, Oss hið allraundirdánugasta fyrir sjónir leitt, að kirkjurnar á Voru landi Íslandi, svo mikið þér er kunnugt, hafi enga kirkjubók, sem þó á að vera eftir lögunum, svo að biskupinn eður prófasturinn nær þeir visitera, kunna engan reikning fá, og hafa ekkert ánægjanlegt að styðja sig við, hvers vegna hinir fyrri biskupar hafa hlotið að gizka upp á, hvað mikil væri kirkjunnar árleg inntekt, og til þess sama hjálpað sér við hreppstjóra reikninga, með því kirkjan hefir þar jafna tíund við fátæka, og hafa menn þá fundið, að kirkjurnar hafa átt mikið hjá sínum proprietariis; þar fyrir, með því þetta regluleysi færir með sér stóran baga, nær kirkjur verða visiteraðar þar í landi, þá gefum Vér yður hér með til vitundar, að Vér eftir slíkum kringumstæðum, sem og eftir þinni, þú stiftamtmaður Ocksen, hér um fenginni undirvísan, allranáðugast höfum gott fundið að skipa og bjóða, að við hverja kirkju á Íslandi skuli af beneficariis og proprietariis gerast eftir lögunum ein numereruð og gegnumdregin kirkjubók, hver af héraðsprófastinum fyrir ekki skal innsiglast, og í hverja inn skal færast,

1. öll kirkjunnar eign, hvort heldur eru bær, hús, jarðir, eng, skógar, rekar eður hvað annað þesskyns, sem hún nú á og heldur, item allar visitatiur, sem eftir þenna dag gerðar verða, **1747** 19. maí

2. kirknanna inventarium, instrumenta, kaleikar, patínur, klæði, bækur og annað slíkt, eftir þörfum og skýrlega uppskrifað,

3. öll kirkjunnar árlega inntekt, viss og óviss, sem og hennar útgiftir héreftir, frá þeim tíma, sem hinn síðasti reikningur var tekinn og gerður af sál. biskupinum mag. Jóni Árnasyni, undir hverja reikninga sóknarpresturinn skal einnig skrifa til frekari vissu, og skulu þessar kirkjubækur vel varðveitast við kirkjuna, biskupi og prófasti til góðrar undirvísunar, þá þeir visitera; en hvað áhrærir þá ógerðu reikninga fyrir hin umliðnu ár, þá skal þar með höndla eftir því rescripti, sem út var gefið þann 6. maí 1740, eftir hverju kirkna proprietarii skulu gera reikning fyrir kirknanna inntektir eður svo kallaðar kirkna portiones.

Bréf kansellíisins um tilhögun á kirkjuhurðum. **1828** 28. okt.

Hinn 7. þ. m. hefir Hans hátign allramildilegast þóknast að úrskurða, að þegar kirkjur eru byggðar að nýju, þá skuli öllum hurðum þannig hagað, að þeim verði lokið upp að innan og gangi út.

Lög um sóknargjöld. **1948** Nr. 36 1. apríl

■ **1. gr.** [Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16 – 67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, allt að 100,00 kr. á ári, eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Þó má hækka gjaldið í allt að 250,00 kr. á ári, að fengnu samþykki kirkjumálaráðherra. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.][1)]

☐ Gjöld þessi skal innheimta að viðbættu álagi, er nemur meðaltali gildandi vísitölu næsta almanaksár á undan gjalddaga. Gjaldauki, sem nemur minna en kr. 0,50, skal niður felldur, en hækka í krónu, ef hann nemur kr. 0,50 eða meira.

☐ Hver sá, er telst til utanþjóðkirkjusafnaðar, er hefur löggiltan prest eða forstöðumann, greiði gjald til trúfélags síns, hverju sinni eigi lægri upphæð en honum hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

☐ Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og greiðir ekki safnaðargjald samkvæmt því, er að framan segir, og ber honum þá að greiða árlega í prófgjaldasjóð Háskóla Íslands upphæð, er nemur eigi minna en hinu lögboðna sóknargjaldi.

☐ Utanþjóðkirkjumönnum ber að sýna innheimtumanni sóknargjalda skilríki fyrir því, að þeir hafi greitt sóknargjald sitt, samkvæmt 3. og 4. málsgr., ella ber þeim að greiða gjöld þessi til sóknarkirkju sinnar.

☐ Heimilt er sóknarnefndum, samkvæmt sérstakri umsókn þar um, að undanþiggja sóknargjaldskyldu um ákveðinn tíma þá menn, er þær telja eiga við svo bág kjör að búa, að þeim sé um megn að greiða sóknargjöld sín án þess að þurfa að leita opinberrar aðstoðar eða þola skort.

[1)] *L. 40/1964, 1. gr.*

■ **2. gr.** Sóknargjald skal miða við almanaksár og greiðist þeirri kirkju eða söfnuði, þar sem gjaldandi á lögheimili í ársbyrjun, og er eindagi þess 31. marz ár hvert fyrir það ár, sem er að líða.

1948 Nr. 36 1. apríl

■ **3. gr.** Nú hrökkva eigi tekjur kirkju fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar, og er henni þá heimilt, að fengnu leyfi safnaðarfundar, að jafna því, sem á vantar, niður á safnaðarmenn í sókninni sem hundraðsgjaldi af útsvörum. Lægra gjaldi en einni krónu skal þó sleppt.

□ Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefur eigi átt þess kost að taka að sér með sanngjörnum skilmálum að dómi kirkjustjórnar umsjón og fjárhald kirkju, er niðurjöfnun aukagjalds óheimil, nema kirkjustjórn veiti til þess sérstaka heimild fyrir eitt ár í senn samkvæmt rökstuddri umsókn kirkjueiganda, og skal þá jafnan í leyfisbréfinu tiltekin sú upphæð, er heimilast að jafna niður á útsvarsgreiðendur.

■ **4. gr.** Sóknargjald og niðurjöfnunargjald samkv. 3. gr. skal hver heimilisráðandi leggja fram fyrir þá, sem lögheimili eiga hjá honum, en hann á endurkröfurétt á hendur heimilismanna sinna,[1] og má halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra.

□ Kjósi innheimtumaður sóknargjalda heldur að innheimta sóknargjald af hverjum einstökum gjaldanda, er honum það heimilt.

□ Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, greiðist úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði, ef gjaldandi hefur eigi sótt um eða fengið undanþágu frá sóknargjaldi samkvæmt 1. gr.

[1] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera „heimilismönnum sínum."*

■ **5. gr.** Presti eða öðrum þeim, er manntal skal taka, er skylt að láta sóknarnefndum eða innheimtumönnum sóknargjalda ókeypis í té skýrslur um manntal safnaðar til afnota við útreikning og innheimtu sóknargjalda.

■ **6. gr.** Sóknarnefndir skulu hafa á hendi innheimtu sóknargjalda gegn 6% innheimtulaunum.

□ Þar, sem sóknarnefndir fela oddvitum eða innheimtumönnum þinggjalda innheimtu sóknargjalda, skulu þeir einnig innheimta gjöld utanþjóðkirkjumanna. Skulu þeir skila gjöldum þessum til kirkjufélaganna eða Háskóla Íslands, á sama hátt og skil eru gerð til þjóðkirkjusafnaðanna.

Lög um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar.

1981 Nr. 3 24. febr.

■ **1. gr.** Söngmálastjóri starfar innan þjóðkirkjunnar. Skal hann hafa sérmenntun í orgelleik, litúrgíu og kórstjórn. Kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra að fenginni tillögu biskups Íslands. Laun hans, svo og embættis- og ferðakostnaður, greiðast úr ríkissjóði.

■ **2. gr.** Söngmálastjóri hefur með höndum yfirumsjón og skipulagningu kirkjusöngs innan þjóðkirkjunnar. Hann heldur námskeið með kirkjuorganistum, leiðbeinir þeim í orgelleik, söngkennslu og söngstjórn og aðstoðar þá við stofnun kirkjukóra. Hann skal eftir því sem við verður komið heimsækja kirkjukóra og organista og vera þeim í hvívetna til leiðbeiningar og hvatningar um kirkjusöng. Hann hefur jafnframt samstarf við sóknarpresta og sóknarnefndir og er þeim til aðstoðar við ráðningu organista og útvegun og val kirkjuhljóðfæra.

□ Biskup Íslands setur í erindisbréfi nánari ákvæði um starf söngmálastjóra.

■ **3. gr.** Heimilt er ráðherra að fengnum tillögum söngmálastjóra og biskups Íslands að ráða menn til aðstoðar söngmálastjóra við raddþjálfun og söngkennslu.

□ Biskup Íslands setur þeim erindisbréf í samráði við söngmálastjóra.

■ **4. gr.** Þjóðkirkjan starfrækir tónskóla, sem söngmálastjóri veitir forstöðu. Skal skólinn vera búinn nauðsynlegum hljóðfærum til kennslu og æfinga.

□ Hlutverk tónskólans er að veita verðandi og starfandi kirkjuorganistum menntun í orgelleik, söngstjórn, raddþjálfun, litúrgíu, tónfræði, hljómfræði, tónheyrn og öðru því er að kirkjutónlist lýtur.

□ Skólanefnd skipa 3 menn: Starfandi prestur tilnefndur af biskupi Íslands, kennari í messusöng við Háskóla Íslands og maður tilnefndur af kirkjumálaráðherra.

□ Kostnaður við stofnbúnað og rekstur tónskólans greiðist úr ríkissjóði.

□ Nánari ákvæði um hlutverk skólans og starfrækslu skulu sett í reglugerð.

□ Heimilt er ráðherra að setja ákvæði um að nemendur skólans greiði skólagjöld.

■ **5. gr.** Þeir, sem æskja inngöngu í Tónskóla þjóðkirkjunnar, hafi meðmæli sóknarprests síns.

■ **6. gr.** Lokapróf frá Tónskóla þjóðkirkjunnar veitir sömu réttindi og aðrir tónlistarskólar, þ. e. til starfa sem organisti og sem kennari í tónlist. Tónskóli þjóðkirkjunnar skal kenna í samræmi við námsskrá, sem hlotið hefur staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

□ Nemendur Tónskólans öðlast að öðru leyti réttindi í samræmi við þá áfanga (námsstig), sem þeir ljúka í námi, og í samræmi við ákvæði í reglugerð.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 73 27. júní 1941 um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

1981 Nr. 3 24. febr.

Lög um leysing á sóknarbandi.

1882 Nr. 9 12. maí

■ **1. gr.** Öllum húsráðendum, börnum þeirra og hverjum öðrum, sem fermdur er og 18 ára, skal heimilt að kjósa sér annan prest en sóknarprest sinn. Sóknarprestar einir mega kjörprestar vera.

■ **2. gr.** Semja skal maður við kjörprest sinn, hverja prestsþjónustu hann vill af honum þiggja. Síðan skýrir hann héraðsprófasti frá samningi þeirra, en prófastur aftur sóknarprestinum. Nú vill maður aftur hverfa til sóknarprests síns, og skal hann tjá það prófasti, en prófastur aftur sóknarpresti og kjörpresti.

■ **3. gr.** Verði prófastur þess vís, að kjörprestur hafi fermt barn úr öðru prestakalli, er honum þykir óhæfilegt til fermingar sakir fáfræði, skal prófastur skýra biskupi frá því, og leggur biskup úrskurð á það mál.

■ **4. gr.** Gefa skal sóknarleysingi sóknarpresti greinilegar skýrslur um öll þau prestsverk, er kjörprestur hefur fyrir hann gert; en sóknarprestur er skyldur að geta þeirra í kirkjubók sinni, svo sem lög standa til. Skýrsla leysingja skal gefin eigi síðar en á 14 nátta fresti, og skal henni fylgja vottorð frá kjörpresti. Prestsverka þeirra, er skylt er að rita í kirkjubók, skal kjörprestur geta í embættisbók sinni, en eigi skulu þau talin í ársskýrslu hans, nema ferming sé. Nú er sóknarpresti eigi skýrsla gefin á 14 nátta fresti, og verður leysingi um það sekur 2—10 kr. fyrir viku hverja, er skýrsla dregst, eftir ákvæðum sýslumanns, og renna sektirnar í hreppssjóð þar, er leysingi býr.

1882 Nr. 9 12. maí

■ **5. gr.** Nú fæðist leysingja barn, og skal skýra frá því presti þar í sókn, er barnið fæðist.

■ **6. gr.** Til hjúskapar skal sóknarprestur brúðarinnar lýsa, enda skal og lýsa fyrir honum meinbugum og hjúskaparbanni, og gefur hann síðan hjónaefnunum greinilegt vottorð um lýsingarnar.[1] En að öðru leyti fer um ábyrgð prests þess, er saman vígir, á lögmæti hjónabandsins, sem lög standa.

[1] *Sbr. l. 60/1972, II. og III. kafli.*

■ **7. gr.** ...[1]

[1] *L. 22/1928, 2. gr.*

■ **8. gr.** Sáttatilraun þá, er lögboðin er, ef hjón vilja slíta sambúð eða skilja að fullu, skal kjörprestur þeirra gera.[1] ...

[1] *L. 60/1972, 44. gr.*

■ **9. gr.** Skyldur er sóknarprestur að semja og senda allar lögboðnar skýrslur um fæðingar, skírn, hjónavígslur og andlát, svo og gefa vottorð þau, er rituð eru upp úr kirkjubók, fyrir ferming utan, því um hana skal sá prestur skýrslu gefa og vottorð senda, er sjálfur fermt hefur.

■ **10. gr.** Sóknarleysingja er rétt að láta kjörprest sinn fremja skírn, ferming, hjónavígslu, skriftamál og altarisgöngu, flytja líkræðu og syngja yfir í sóknarkirkjunni, svo og jarða lík í kirkjugarðinum. Þó skal hann fengið hafa vissu um það hjá sóknarprestinum, að sjálfur hann þurfi eigi á kirkju að halda eða kirkjugarði til prestsverka á sama tíma.

□ Heimilt er kjörpresti að nota öll áhöld kirkjunnar til prestsþjónustu, svo sem messuskrúða, ljós, graftól, vín og bakstur; en skylt er honum að hafa að minnsta kosti einn meðhjálpara sóknar þeirrar viðstaddan þjónustugerðina.

■ **11. gr.** Gjalda skal leysingi til sóknarkirkjunnar öll lögboðin gjöld og sóknarpresti allar fastar tekjur.[1]

[1] *Sbr. l. 36/1948 og l. 60/1972, 23. gr.*

1975 Nr. 18 30. apríl

Lög um trúfélög.

I. Almenn ákvæði um trúfélög.

■ **1. gr.** Rétt eiga menn á að stofna trúfélög, og er hverjum manni frjálst að iðka trú sína og þjóna guði, einn eða í félagi með öðrum, með þeim hætti, er best á við sannfæringu hvers eins. Eigi má þó kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

■ **2. gr.** Enginn getur að lögum bundist skyldu eða skuldbundið annan til að vera eða vera ekki aðili að trúfélagi, trúmálasamtökum eða trúarreglu.

■ **3. gr.** Þeir, sem orðnir eru 16 ára að aldri, geta tekið ákvörðun um inngöngu í trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi.

■ **4. gr.** Enginn, sem er innan 20 ára, getur svo að gilt sé unnið heit um inngöngu í trúarreglu, klaustur eða þvílík samtök. Bannað er að taka við slíku heiti.

■ **5. gr.** Barn, sem fætt er í hjónabandi, skal frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagi og foreldrar þess.

□ Ef foreldrarnir heyra ekki til sama trúfélagi, skal barn frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagi og móðir þess.

□ Barn, sem fætt er utan hjónabands eða eftir að hjónabandi er slitið, skal frá fæðingu talið heyra til sama trúfélagi og móðir þess.

■ **6. gr.** Foreldrar geta saman tekið ákvörðun um inngöngu barns síns undir 16 ára aldri í trúfélag eða úrsögn úr trúfélagi. Það foreldri, sem fer eitt með foreldravald, getur tekið slíka ákvörðun.

□ Ef foreldri fara ekki með foreldravald, getur lögráðamaður tekið ákvörðun samkvæmt 1. málsgrein.

□ Hafi barn náð 12 ára aldri, skal leitað álits þess um slíka ákvörðun.

■ **7. gr.** Enginn má samtímis heyra til þjóðkirkjunni og skráðu trúfélagi utan þjóðkirkjunnar eða tveimur skráðum trúfélögum utan þjóðkirkjunnar.

□ Aðeins þeir verða taldir heyra til íslensku þjóðkirkjunni eða íslensku trúfélagi utan þjóðkirkjunnar, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða eiga búsetu hér á landi.

■ **8. gr.** Um inngöngu í og aðild að trúfélagi gilda þau ákvæði, er lög og samþykktir þeirra mæla fyrir um. Prestur eða forstöðumaður, er í hlut á, skal gæta þess, að skilyrðum laga sé fullnægt og að sá, sem leitar inngöngu, heyri ekki samtímis til öðru skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni.

□ Úrsögn úr skráðu trúfélagi eða þjóðkirkjunni skal beint skriflega eða með persónulegri tilkynningu til prests eða forstöðumanns, er í hlut á, en hann skal gæta þess, að skilyrðum laganna sé fullnægt.

□ Presturinn eða forstöðumaðurinn skulu skrá inngöngu eða úrsögn og láta í té inngöngu- eða úrsagnarvottorð.

□ Að því leyti sem tilkynning til þjóðskrár um inngöngu og úrsögn úr trúfélagi ræður skráningu vegna sérstakra atriða í sambandi við aðild að trúfélagi, svo sem vegna álagningar gjalda, ræðst gildistími í þeim atriðum af lögmætri tilkynningu til þjóðskrár. Geta þeir, sem hlut eiga að máli, annast þá tilkynningu með framvísun vottorðs samkvæmt 3. málsgr.

■ **9. gr.** Enginn má leitast við að hafa áhrif á ákvörðun manns um inngöngu í eða úrsögn úr trúfélagi með því að beita ótilhlýðilegum aðferðum, loforðum eða hótunum.

■ **10. gr.** Ákvæði þessa kafla eiga jafnt við um aðild að þjóðkirkjunni og öðrum trúfélögum, nema annað eigi við samkvæmt þessum lögum eða sérstökum lögum, er varða þjóðkirkjuna.

II. Um trúfélög utan þjóðkirkjunnar.

■ **11. gr.** Heimilt er að stofna trúfélag utan þjóðkirkjunnar, án þess að skylt sé að tilkynna stjórnvöldum um stofnun þess eða starfsemi.

□ Ekki er heimilt að taka upp nafn á trúfélagi, sem er með þeim hætti líkt nafni annars trúfélags, að misskilningi geti valdið.

□ Trúfélag getur tryggt sér einkarétt að nafni með því að tilkynna það til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Ráðuneytið skal gæta þess, að nafnið sé ekki notað af öðrum, að það valdi ekki misskilningi eða fari með öðrum hætti í bága við allsherjarreglu. Ráðuneytið lætur í té vottorð um, að nafnið sé tilkynnt og staðfest.

□ Ef breytt er um nafn á trúfélagi, sem fengið hefur staðfest nafn sitt, eða félagið er lagt niður, skal stjórn þess tilkynna þetta til ráðuneytisins.

■ **12. gr.** Leita má skráningar á trúfélögum utan þjóðkirkjunnar. Þau fá með henni réttindi og skyldur, sem lög ákveða.

1975 Nr. 18 30. apríl

□ Ákvæði laga þessara um prest eða forstöðumann í skráðu trúfélagi eiga við þá starfsmenn þess, sem annast þau embættisverk, sem skráningin heimilar þeim að vinna innan trúfélagsins.

■ **13. gr.** Trúfélag, sem óskar skráningar, skal senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu upplýsingar um:

1. nafn trúfélagsins og heimilisfang,
2. trúarjátningar og kenningar þess,
3. skipulag þess og starfshætti,
4. félagssvæði, skiptingu í söfnuði eða deildir ásamt félagatölu,
5. nöfn stjórnarmanna,
6. nöfn presta eða forstöðumanna og starfssvæði,
7. ákvæði samþykkta um inntöku, úrsögn og brottvísun félagsmanna,
8. ákvæði samþykkta um aðalfund, félagsfundi og stjórnarfundi, um atkvæðagreiðslur og atkvæðisrétt og um breytingar á samþykktum félagsins,
9. reglur um meðferð og ráðstöfun fjármuna trúfélagsins.

□ Ráðherra getur sett ítarlegri reglur um form og innihald beiðni um skráningu.

■ **14. gr.** Þegar trúfélag hefur verið viðurkennt til skráningar, skal ráðuneytið láta því í té vottorð um skráninguna og auglýsa hana í Lögbirtingablaði.

■ **15. gr.** Skráð trúfélag skal árlega fyrir lok marsmánaðar senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skýrslu um starfsemi sína á næstliðnu ári og jafnframt breytingar, sem orðið hafa á þeim atriðum, sem tilkynnt hafa verið til skráningar, sbr. 13. gr.

□ Tilkynna skal þegar í stað til ráðuneytisins um skipun, flutning eða starfslok prests eða forstöðumanns.

■ **16. gr.** Ef skilyrði skráningar eru ekki lengur fyrir hendi eða trúfélag vanrækir skyldur sínar samkvæmt lögum, skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita því skriflega aðvörun og setja því frest til að bæta úr því, sem áfátt er. Ef ekki er bætt úr því, sem áfátt er, innan frestsins, sem ekki skal vera skemmri en einn mánuður, getur ráðherra ákveðið að fella skráningu þess úr gildi.

□ Ef brot er sérstaklega vítavert, má fella skráningu úr gildi þegar í stað.

□ Þegar skráð trúfélag er lagt niður eða starfar af öðrum ástæðum ekki lengur sem skráð trúfélag, er þeim, sem annast vörslu embættisbóka, sem því er falið að færa, skylt að afhenda þær ráðuneytinu þegar í stað.

□ Ráðuneytið auglýsir í Lögbirtingablaði, er skráning fellur úr gildi.

□ Embættisbækur skráðs trúfélags skulu afhentar til þjóðskjalasafnsins eftir sömu reglum og embættisbækur embættismanna ríkisins.

■ **17. gr.** Prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags skal ekki vera yngri en 25 ára og ekki eldri en 75 ára. Hann skal hafa almenn hæfnisskilyrði til opinberra starfa, sbr. nú lög nr. 38 1954, 3. gr.

□ Áður en hann tekur við starfi, skal hann senda dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skriflega yfirlýsingu um, að hann muni vinna af samviskusemi þau störf, sem honum eru í því starfi falin samkvæmt lögum.

□ Prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags skal færa þær embættisbækur, sem ráðuneytið fyrirskipar.

□ Hann gefur út fullgild embættisvottorð um það efni, sem í embættisbækurnar er skráð, og um þau embættisverk, sem hann hefur unnið.

1975 Nr. 18 30. apríl

□ Hann skal láta í té þær tilkynningar, upplýsingar og vottorð, sem lög eða reglur mæla fyrir um, og er háður því eftirliti um framkvæmd embættisstarfa sinna, sem ráðuneytið ákveður.

■ **18. gr.** Prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags er háður ábyrgð opinbers starfsmanns í framkvæmd þeirra starfa, sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum laga.

□ Vanræki prestur eða forstöðumaður skráðs trúfélags skyldur sínar samkvæmt ákvæðum laga eða reglum settum samkvæmt þeim, skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið veita honum skriflega aðvörun og tilkynna það stjórn trúfélagsins.

□ Ef ekki er bætt úr því, sem aflaga fer, eða um er að ræða mjög alvarlegt brot á starfsskyldum, getur ráðuneytið svipt hann rétti til að gegna starfi prests eða forstöðumanns.

□ Sama á við, ef hann missir með öðrum hætti skilyrði til að gegna starfi prests eða forstöðumanns.

III. Ýmis ákvæði.

■ **19. gr.** Setja má með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, svo og útbúa eyðublöð fyrir tilkynningar og vottorð og um færslu á skrám og reikningshaldi.

■ **20. gr.** Brot gegn 4. gr. 2. málslið, 9. gr., 11. gr. 2. og 4. málsgr., 15. gr., 16. gr. 3. málsgr. og 5. málsgr. og 17. gr. 2. málsgr. varða sektum.

■ **21. gr.** Þau trúfélög utan þjóðkirkjunnar, sem fengið hafa staðfestingu á presti eða forstöðumanni samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumenn, nr. 4 19. febrúar 1886, sbr. lög nr. 6 4. mars 1904, um breyting á þeim lögum, skulu halda réttindum samkvæmt þeim lögum, að öðru óbreyttu, til loka marsmánaðar eftir að heilt almanaksár er liðið frá gildistöku laga þessara. Hafi slíkt trúfélag ekki fengið skráningu skv. 12., sbr. 13. gr. þessara laga, innan þess tíma, koma ákvæði 16. greinar 3. málsgr. til framkvæmda.

□ Meðan trúfélög starfa samkvæmt þessari grein án þess að hafa fengið skráningu, skulu þó ákvæði þessara laga gilda um þau eftir því, sem við á.

■ **22. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1975, og falla þá jafnframt úr gildi lög um utanþjóðkirkjumenn, nr. 4 1886, og lög nr. 6 1904, um breyting á þeim lögum.

Lög um kirkjugarða.

1963 Nr. 21 23. apríl

■ **1. gr.** Allir kirkjugarðar landsins og grafreitir eru friðhelgir og skulu vígðir vera af presti. Þar má ekki hafa í náND leikvelli né önnur mannvirki, sem stafar frá ys og hávaði eða eru til lýta.

■ **2. gr.** Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt síðast lögheimili eða óskað legs, drukknaðir menn þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar, er þeir eru fluttir til byggða.

■ **3. gr.** Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

□ Sóknarnefnd eða sérnefnd kjörin af safnaðarfundi hefur á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er hér á eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.

■ **4. gr.** Skipulagsnefnd kirkjugarða hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins, svo sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Í henni eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður, einn maður kosinn af Kirkjuþingi og annar af Safnaðarráði Reykjavíkurprófastsdæmis, báðir kosnir til 6 ára í senn.

□ Nefndin ræður umsjónarmann kirkjugarða og setur honum starfsreglur, og skal hann vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða.

□ Laun hans greiðist úr ríkissjóði.

■ **5. gr.** Skylt er sveitarfélagi því (en sveitarfélag í lögum þessum er jafnframt haft um bæjarfélög), er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og hleðslu- og steypuefni — sand og möl — í girðingu, þó þannig, að óbreyttar haldist kvaðir þær, er þegar eru á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar standa.

□ Þar, sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis, skal sveitarfélag kosta framræslu og uppfyllingu landsins, svo að unnt verði að taka nægilega djúpar grafir og ekki standi vatn í þeim.

□ Þar, sem kirkja er ekki í kirkjugarði, leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum. Enn fremur leggur sveitarfélag til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.

□ Í kaupstöðum eða kauptúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugarðinum, úr vatnspípum innan garða, þar sem við verður komið, eða úr brunni í nánd, þar sem engin óhollusta getur af stafað.

□ Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag eða bæjarfélag og hreppur eða hreppshluti sameiginlegan kirkjugarð, og skal þá skipta kostnaðinum niður á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög, eða hluta þeirra, eftir mannfjölda í hverju þeirra fyrir sig, þ. á m. stofnkostnaði skv. 1. mgr.

□ Heimilt er, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi hentuga lóð undir kirkjugarð, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.[1)]

□ Rétt er kirkjugarðsstjórn, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka, er getur í 2.—4. málsgr. þessarar greinar, að taka sjálf að sér framkvæmd að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu, og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður. Greiða skal reikninginn samkvæmt úrskurði ráðuneytisins innan mánaðar frá því, er hann er felldur.

[1)] *Nú l. 11/1973.*

■ **6. gr.** Kirkjugarðar skulu girtir smekklegri, fjárheldri girðingu með vönduðu sáluhliði, grind á hjörum og læsingu. Þegar girða þarf kirkjugarð, skal leita um það tillagna umsjónarmanns kirkjugarða. Að fengnum þessum tillögum gerir safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ályktun um gerð girðingarinnar. Náist eigi samkomulag um hana við umsjónarmann kirkjugarða, ræður úrskurður skipulagsnefndar kirkjugarða.

□ Nú er kirkjugarður fjarri kirkju, og skal þá vera klukka í sáluhliði, stöpli eða líkhúsi.

■ **7. gr.** Lögmætur safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ákveður, hvenær taka skal upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan.

□ Nú er þetta vanrækt, og getur þá skipulagsnefnd kirkjugarða skipað fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, enda liggi fyrir álit héraðsprófasts um nauðsyn þess.

□ Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal liggja fyrir vottorð héraðslæknis um það, að garðstæði sé valið í samræmi við heilbrigðisreglur. Vottorð þetta sendist síðan ásamt uppdrætti að fyrirhuguðum kirkjugarði umsjónarmanni kirkjugarða, er hann leggur ásamt umsögn sinni fyrir skipulagsnefnd kirkjugarða til fullnaðarúrskurðar.

■ **8. gr.** Kirkjugarðsstjórnir skulu láta gera á sérstök eyðublöð uppdrætti af kirkjugörðum landsins, bæði þeim, sem í notkun eru, og hinum, sem hætt er að nota, en enn hefur eigi verið sléttað yfir. Á uppdrætti þessa sé markað fyrir legsteinum öllum og þeim leiðum, sem menn vita deili á. Lýsing fylgi á minnismerkjum og skrá yfir þau leiði, sem menn vita, hverjir hvíla undir, ásamt nöfnum þeirra og dánarári.

□ Að því búnu lætur umsjónarmaður kirkjugarða í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða gera uppdrátt að skipulagi garðanna, stækkun, ef með þarf, girðingum og sáluhliði.

□ Umsjónarmaður kirkjugarða gerir tillögur um niðurlagða kirkjugarða, hvernig með skuli fara.

■ **9. gr.** Kirkjugarðsstjórn heldur legstaðaskrá í því formi, sem skipulagsnefnd kirkjugarða ákveður. Þar skal rita nöfn, stöðu, heimili, aldur, greftrunardag og grafarnúmer þeirra, sem jarðsettir eru, jafnóðum og greftrað er, enn fremur nöfn þeirra, er fyrr hafa verið jarðaðir í garðinum, ef leiði þeirra þekkjast. Uppdráttur af kirkjugarðinum fylgi hverri legstaðaskrá, og séu mörkuð á hann leiði allra þeirra, sem standa í skránni. Skrá þessi skal gerð í tveimur eintökum, og geymist annað hjá sóknarpresti, og skal það afhent honum ársfjórðungslega. Í Reykjavíkurprófastsdæmi skal afhenda skrána borgarlækni mánaðarlega. Geta skal þess í legstaðaskrá, ef lík er jarðað í kistu úr málmi eða sérstaklega varanlegum viði.

■ **10. gr.** Kirkjugarðsstjórn ber að sjá um, að greftri sé hagað skipulega og samkvæmt uppdrætti, enda óheimilt að taka gröf annars staðar en þar, sem hún leyfir eða umboðsmaður hennar.

□ Gröf má eigi taka innan kirkju eða nær grunni hennar en 1½ metra.

■ **11. gr.** Grafir skulu vera svo djúpar, að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Kirkjugarðsstjórn getur heimilað, að tvígrafið sé í sömu gröf, ef þess er óskað af hálfu vandamanna þess, er grafa á, og fyrir liggur samþykki vandamanna þess, er þar var áður grafinn. Skal þá grafardýpt hið fyrra sinni vera 2 ½ metri. Sá, sem gröf lætur taka, er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum, svo fljótt sem við verður komið, og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.

□ Beinum, sem upp kunna að koma, þegar gröf er tekin, skal koma fyrir í gröfinni á ný, þannig að sem minnst beri á þeim. Sé bálstofa fyrir hendi, er heimilt að brenna allar slíkar leifar og leggja öskuna í gröf.

1963 Nr. 21 23. apríl

■ **12. gr.** Hjón eiga, ef kostur er, rétt á allt að fjórum grafarstæðum í sóknarkirkjugarði sínum og geta fengið þau mæld út og leyfisbréf fyrir þeim hjá kirkjugarðsstjórn gegn gjaldi á grafarstæði, sem skipulagsnefnd kirkjugarða ákveður til 10 ára í senn að fengnu samþykki kirkjumálaráðuneytisins. Heimilt er að tvígrafa, enda sé það tekið fram í leyfisbréfi og legstaðaskrá. Réttur til grafarstæðanna gildir í 75 ár.

□ Rétt til grafarstæða samkvæmt framansögðu erfir eftirlifandi maki, en eftir hann börn hjónanna og kjörbörn. Rétt til legs í slíkum reit hafa auk hjóna börn þeirra og kjörbörn, foreldrar, fósturforeldrar og barnabörn, í þeirri röð, sem þau andast, nema samkomulag verði um annað.

□ Stærð grafarstæða skal vera 2,50x1,20 metrar.

■ **13. gr.** Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun, ef þess er óskað, gegn gjaldi fyrir ár hvert, sem friðun á að vara. Gjald þetta ákveður skipulagsnefnd kirkjugarða til 10 ára í senn með samþykki kirkjumálaráðuneytisins, og greiðist það við afhendingu leyfisbréfs. Heimilt er og kirkjugarðsstjórn að friða leiði, ef þar eru smekkleg minnismerki og þeim vel við haldið eða af öðrum ástæðum.

□ Kirkjugarðsstjórnir skulu stuðla að því, að legstaðir séu smekklega prýddir blómjurtum og vel um þá hirt.

□ Skógrækt ríkisins er skylt að veita kirkjugarðsstjórnum leiðbeiningar um val og hirðingu trjáa, er vel hæfa kirkjugörðum.

■ **14. gr.** Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta samkvæmt staðfestum uppdrætti girða kirkjugarða, leggja þar brautir og gangstíga, gróðursetja tré og runna, slétta garðinn, ef til þess er ætlazt, halda öllu þessu vel við, láta slá garðana reglulega með varúð og hafa þá að öllu leyti vel og snyrtilega hirta.

■ **15. gr.** Öll leiði í kirkjugarði, sem þekkt eru, skulu auðkennd með tölumerki, er samsvarar tölu þeirra á legstaðaskrá. Sá, er setja vill minnismerki á leiði, skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar, sem ber að sjá um, að minnismerkið sé traust og fari vel. Eigi má setja girðingar úr steini, málmi eða timbri um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði.

□ Ágreiningi um þessi atriði má skjóta til skipulagsnefndar kirkjugarða.

■ **16. gr.** Vanræki hlutaðeigendur að hirða sómasamlega um gróður á leiði, skal kirkjugarðsstjórn láta þekja og hreinsa leiðið á kostnað þeirra eða kirkjugarðsins. Með sama hætti er heimilt að fjarlægja af leiðum ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki, en gera skal þá aðstandendum viðvart áður, ef kostur er, og jafnan haft samráð í þessum efnum við sóknarprest, í Reykjavíkurprófastsdæmi við dómprófast. Minnismerkjum, sem fjarlægð eru, skal að jafnaði komið fyrir á vissum stað í garðinum, þar sem bezt þykir á fara að dómi héraðsprófasts. Þetta gildir og um minnismerki á þeim gröfum, sem eldri eru en 75 ára og enginn hefur óskað friðunar á. Séu slík minnismerki flutt, skal upprunalegur staður þeirra merktur greinilega samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga.

□ Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta hefja gömul minnismerki úr moldu, ef þörf krefur. Enn fremur er þeim skylt að láta smíða hlífðarstokka um þá legsteina, er þjóðminjavörður tiltekur. Kostnað, sem af þessu leiðir, ber að greiða af tekjum hlutaðeigandi kirkjugarða.

■ **17. gr.** Þegar líkbrennsla fer fram, er skylt að búa um öskuna í þar til gerðum duftkerjum. Kerin má grafa niður í grafarstæði eða leiði, enda liggi fyrir fullt samkomulag aðstandenda. Dýpt duftkersgrafar skal vera 1 metri. Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um ½ fermetri. Heimilt er bálfararfélagi eða kirkjugarðsstjórn í samráði við umsjónarmann kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkjugarða að reisa kapellu í kirkjugarði til varðveizlu duftkerja. Nöfn þeirra, sem duft er varðveitt af í kirkjugarði, skal rita á legstaðaskrá og kerin eða grafirnar tölusettar.

□ Óheimilt er að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði.

■ **18. gr.** Kirkjugarðsstjórn er heimilt að ráða sérstakan kirkjugarðsvörð svo og framkvæmdastjóra, er hafi á hendi umsjón og eftirlit samkv. erindisbréfi, sem kirkjugarðsstjórn gefur þar um.

□ Kirkjugarðsstjórn getur falið kirkjugarðsverði að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi svo og árlegt viðhald legstaða fyrir þá, er þess óska, samkvæmt gjaldskrá, er hún setur.

□ Lögmætur safnaðarfundur getur veitt kirkjugarðsstjórn einkaheimild til þess að nota líkvagn við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.

■ **19. gr.** Nú hafa tvær sóknir eða fleiri sameiginlegan kirkjugarð eða kirkjugarða, og skulu þá sóknarnefndir hver um sig svo og utanþjóðkirkjusöfnuðir með a. m. k. 2000 gjaldskylda meðlimi kjósa einn mann úr sínum hópi í kirkjugarðsstjórn. Bálfarafélag Íslands kýs einn fulltrúa í kirkjugarðsstjórn Reykjavíkur. Sé tala safnaðarnefnda jöfn, kjósa þær á sameiginlegum fundi einn mann í stjórnina.

□ Um kjörtíma kirkjugarðsstjórna gilda sömu reglur sem um sóknarnefndir. Kirkjugarðsstjórnir þessar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir, að því er til kirkjugarða tekur.

□ Utanþjóðkirkjusöfnuðir, er hafa löggiltan forstöðumann, eiga rétt á því að fá í kirkjugarði hæfilega stóran reit fyrir sig, miðað við hlutfallslegan mannfjölda.

■ **20. gr.** Heimilt er að stofna legstaðasjóði til viðhalds einstökum legstöðum í kirkjugörðum. Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóða þessara undir yfirstjórn héraðsprófasts. Er henni skylt að ávaxta sjóðina í kirkjugarðasjóði.

□ Stofnandi legstaðasjóðs skal í samráði við kirkjugarðsstjórn setja fyrirmæli um það, hvernig verja skuli fé sjóðsins til viðhalds og endurnýjunar legstaðarins.

□ Nú er friðunartími slíks legstaðar liðinn og ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum til sómasamlegs viðhalds legstaðarins að dómi héraðsprófasts, og hverfur þá sjóðurinn til kirkjugarðsins sem eign hans.

■ **21. gr.** Ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarða er því aðeins gild, að gerð sé með ⅔ atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, enda komi til samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

□ Niðurlagningu kirkjugarðs skal tilkynna biskupi og kirkjumálaráðuneyti. Niðurlagðir kirkjugarðar skulu

taldir til fornleifa, og lætur ráðuneytið þinglýsa friðhelgi þeirra.

■ **22. gr.** Skylt er að halda við girðingu um niðurlagðan kirkjugarð á kostnað sóknarkirkjugarðsins svo og láta slá hann og hirða sómasamlega. Jarða má í niðurlögðum kirkjugarði þá, sem þar eiga nána vandamenn, enda sé þar klukka til líkhringingar.

■ **23. gr.** Nú eru liðin tuttugu ár frá niðurlagningu kirkjugarðs eða tíu ár a. m. k. frá greftrun í kirkjugarði, og getur þá löglegur safnaðarfundur fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð með ákveðnum skilyrðum, ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir og staðfest er af kirkjumálaráðuneytinu. Heimilt er og með samþykki sömu aðila að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð eða gamla grafreiti, sem löngu er hætt að jarða í, en þá skal kirkjugarðsstjórn jafnframt láta reisa þar varanlegt minnismerki með áletrun um það, að þar hafi kirkjugarður verið.

☐ Niðurlagðan grafreit má ekki nota til neins þess, sem óviðeigandi er að dómi héraðsprófasts. Ekki má þar jarðrask gera með skurðgreftri né reisa nein mannvirki. Þó getur kirkjumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

☐ Vandamenn eiga rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burt þaðan.

☐ Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann, skal það auglýst þrisvar í Lögbirtingablaðinu og útvarpi. Gefi þá enginn sig fram innan átta vikna, er vilji varðveita minnismerki í garðinum eða taka þau í sína vörzlu, getur kirkjugarðsstjórn valið þeim annan stað (sbr. 16. gr.).

☐ Áður en sléttað er yfir gamlan kirkjugarð, skal hlutaðeigandi sóknarprestur, í Reykjavíkurprófastsdæmi kirkjugarðsstjórn, semja nákvæma skrá yfir öll minnismerki í garðinum og senda biskupi.

■ **24. gr.** Nú spillir uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði, og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það skipulagsnefnd kirkjugarða. Nefndin gerir síðan þær ráðstafanir er þurfa þykir.

■ **25. gr.** Kirkjugarðsstjórn er heimilt með samþykki safnaðarfundar að láta reisa líkhús í kirkjugarði á kostnað garðsins svo og verkamannaskýli fyrir starfsmenn hans. En uppdráttur og staðsetning skulu samþykkt af umsjónarmanni kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkjugarða. Gerð líkhúsa skal ákveðin í reglugerð um kirkjugarða.

■ **26. gr.** Kirkjugarðsstjórnir skulu árlega semja áætlun um tekjur og gjöld þeirra kirkjugarða, sem þær hafa í umsjá sinni. Á sama hátt skulu þær semja reikning fyrir næstliðið ár yfir tekjur og gjöld kirkjugarðanna, svo og skýrslu um eignir þeirra að meðtöldum legstaðasjóðum (sbr. 20. gr.).

☐ Um reikningshald kirkjugarða gilda sömu reglur sem um reikningshald kirkna.

☐ Tekjur kirkjugarða, auk þeirra, sem áður er getið, skula vera 1½% árlega af útsvörum og aðstöðugjöldum á því svæði, er rétt á til kirkjugarðsins.

☐ Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðs fyrir nauðsynlegum útgjöldum, og er þá kirkjugarðsstjórn heimilt með samþykki safnaðarfundar og að fengnu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að hækka hundraðsgjaldið fyrir eitt ár í senn í allt að 4%.

☐ Komi það í ljós, að tekjur kirkjugarðs samkv. 3. mgr. að viðbættum öðrum tekjum mundu fara verulega fram úr áætluðum gjöldum það ár, getur kirkjumálaráðuneytið heimilað hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn fyrir eitt ár í senn að innheimta lægra hundraðsgjald af útsvörum og aðstöðugjöldum en í 3. málsgr. segir, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins.

☐ [Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Stjórnir kirkjugarða geta falið ríkissjóði innheimtu kirkjugarðsgjalda. Í hreppsfélögum geta stjórnir kirkjugarðanna þó falið sveitarsjóðum innheimtuna. Innheimtulaun skulu vera 6% af innheimtu fé. Stjórnum kirkjugarðanna er heimilt að hafa innheimtuna í eigin höndum gegn sömu þóknun.][1)2)]

☐ Lögtaksréttur fylgir gjöldum þeim, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

[1)] *L. 11/1975, 35. gr.* [2)] *Rg. 39/1937, sbr. 200/1942 og 86/1944.*

■ **27. gr.** Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjugarðasjóður. Tekjur hans eru 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum, auk framlags úr ríkissjóði, kr. 100 000,00 árlega næstu 20 ár. Kirkjugarðsstjórnir ávaxta í honum, eftir því sem þeim þykir henta, fé kirkjugarðanna, það sem umfram er árlegar þarfir, gegn venjulegum innlánsvöxtum. Skipulagsnefnd kirkjugarða er stjórn sjóðsins.

☐ Reikningshald sjóðsins annast skrifstofa biskups, og gilda um það sömu reglur sem um reikningshald kirkna. Reikningar Kirkjugarðasjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

☐ Úr sjóði þessum skal veita lán kirkjugarðsstjórnum til girðingar og fegrunar kirkjugarða, allt að ¾ kostnaðar, svo og til þess að setja minnismerki þar, sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús að fornu. Einnig má veita styrki úr sjóðnum til ofangreindra framkvæmda, allt að helmingi kostnaðar, ef sjóðsstjórn þykir sérstök ástæða til. Gerð minnismerkja ákveður skipulagsnefndin.

■ **28. gr.** Eigi má veita leyfi til upptöku heimagrafreita.

☐ Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

☐ Réttur til heimagrafreits á ættaróðali fellur niður, ef óðalið gengur úr ættinni.

■ **29. gr.** Nú hefur eigi verið jarðsungið lík í heimagrafreit í full 25 ár og eigandi jarðarinnar óskar þess að leggja grafreitinn niður, og er honum þá heimilt að taka niður girðingu um reitinn og breyta honum í grasflöt eða trjálund, ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir. Séu minnismerki í garðinum, skal jarðeigandi gera aðstandendum viðvart um, að hann ætli að leggja reitinn niður. Er þeim heimilt að halda við minnismerkjum þar á sinn kostnað eða ráðstafa þeim á annan hátt.

■ **30. gr.** Próföstum er skylt að halda nákvæma skrá um kirkjugarða og heimagrafreiti í prófastsdæminu, skoða þá á yfirreiðum sínum og senda biskupi afrit af skoðunargerðum. Fyrir skoðun kirkjugarðs og heimagrafreits ber prófasti hálft kirkjuskoðunargjald, er greiðist af sjóði kirkjugarðs eða eiganda heimagrafreits.

■ **31. gr.** Heimilt er utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem hafa löggiltan forstöðumann, að taka upp sérstakan

1963 Nr. 21 23. apríl

kirkjugarð. Gilda um upptöku hans, viðhald, afnot, stjórn, fjárhag og niðurlagningu sömu reglur sem um kirkjugarða þjóðkirkjunnar.

☐ Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaðar, er hafa sérstakan kirkjugarð, eru ekki skyldir til að greiða gjald til sóknarkirkjugarðsins, meðan þeir halda sínum kirkjugarði sómasamlega við og fylgja settum reglum. Þeir eiga þá og ekki rétt til legs í sóknarkirkjugarðinum.

■ **32. gr.** Heimilt er kirkjumálaráðuneytinu, að fengnu samþykki biskups, að leyfa tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða grafreit. Umsókn um slíka færslu skal senda biskupi stílaða til kirkjumálaráðuneytisins. Í umsókn skal fram tekið nafn hins látna og aldur, greftrunardagur og dánarmein, ef vitað er, svo og ástæður fyrir umsókninni. Fylgja skal og vottorð héraðslæknis um, að hann telji eigi sýkingarhættu stafa af líkflutningnum.

☐ Réttur aðili til að senda slíka umsókn er eftirlifandi maki, foreldrar, ef um barn dáið innan 18 ára aldurs er að ræða, eða systkini, ef hinn látni á hvorki foreldra né maka á lífi. Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn, ef nánir ættingjar hins látna eru ekki lífs eða ef samþykki þeirra liggur fyrir.

☐ Leyfi veitist með eftirfarandi skilyrðum:

1. Héraðslæknir sé viðstaddur upptöku líksins.
2. Ef um flutning úr kirkjugarði er að ræða, sé líkið í sterkri kistu, er héraðslæknir telur fullnægjandi, og hlýtt fyrirmælum hans um framkvæmd alla.
3. Ef aðeins er um tilfærslu líks innan sama kirkjugarðs að ræða, skeri héraðslæknir úr um það, hvort þörf sé sérstakrar kistu.
4. Enn fremur skal upptaka líks heimil samkvæmt dómsúrskurði.

☐ Sóknarprestur skal jafnan vera viðstaddur upptöku líks. Sér hann og um, að flutningsins sé getið í legstaðaskrám kirkjugarðsins. Enn fremur skal prestur vera við, þegar lík er þannig jarðsett.

■ **33. gr.** Kirkjumálaráðuneytið gefur út reglugerð[1] um kirkjugarða, þar sem sett eru um þá nánari ákvæði, rekstur þeirra, tilhögun og stjórn.

☐ Reglugerðin skal sett í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða.

[1] *Rg. 83/1934.*

■ **34. gr.** Kirkjugarðsstjórn er heimilt að setja ýmsar reglur[1] varðandi kirkjugarða og leita staðfestingar kirkjumálaráðherra á þeim.

[1] *Rg. 3/1968, 203/1971.*

■ **35. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum ...[1], enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt eldri lögum.

[1] *L. 10/1983, 14. gr.*

1915 Nr. 38 3. nóv.

Lög um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

■ **1. gr.** Skylt er hverjum manni að láta af hendi nauðsynlegt land undir nýjan kirkjugarð í Reykjavík, gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.[1]

[1] *Sbr. l. 13/1929.*

■ **2. gr.** Ráðherra Íslands ákveður í samráði við biskup, eftir tillögum sóknarnefndar, hve nær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið og hve mikið.

☐ Ef ekki geta komizt á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka undir nýjan kirkjugarð, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

1915 Nr. 38 3. nóv.

☐ Við matið skal taka tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og séu hús eða önnur mannvirki á landinu, skulu þau bætt að fullu. ...

■ **3. gr.** [Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 5 kr. fyrir börn yngri en 2 ára, 10 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sér grafreit í 50 ár, skal greiða 20 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður helga sér grafreit um ótakmarkaðan tíma, múra upp gröf eða kringum leiði, og skal þá greiða 40 kr. fyrir hvern legstað. Nú er múrað grafhýsi reist, og skal þá greiða 100 kr. fyrir það, og þar að auki 40 kr. legkaup fyrir hvert lík, sem í það er lagt. Legkaupin renna í ríkissjóð.][1]

☐ [Umsjónarmaður kirkjugarðsins í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksréttur. Fjármálaráðuneytið setur reglur um fjárskil og bókhald, metur tryggingu, er umsjónarmaður setur fyrir fjárgæzlu, og ákveður þóknun til hans fyrir innheimtuna.][2]

[1] *L. 11/1924.* [2] *L. 38/1928.*

1929 Nr. 13 14. júní

Lög um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl.

■ **1. gr.** Reykjavíkurbær leggur til úr óræktuðu landi bæjarins nothæft kirkjugarðsstæði, er kirkjumálaráðherra tekur gilt, að fengnu áliti sóknarnefndar.

■ **2. gr.** Nú vill Reykjavíkurbær taka að sér kirkjugarðsmálefni bæjarins að öllu leyti, og getur því máli þá orðið framgengt með samningi við kirkjumálaráðherrann.

☐ Ráðherranum er heimilt að gera samning um, að hið lögboðna legkaup til ríkissjóðs skuli falla til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

1918 Nr. 14 8. sept.

Lög um afhending á landi til kirkjugarðs í Stokkseyrarsókn.

■ **1. gr.** Skylt er hverjum manni að láta af hendi nauðsynlegt land undir nýjan kirkjugarð handa Stokkseyrarsókn, enda komi fullt endurgjald fyrir.

■ **2. gr.** Sóknarnefndin ákveður í samráði við biskup, hve nær eignarnám skuli fara fram, hvar land skuli tekið og hversu mikið. Um framkvæmd eignarnámsins fer að öðru leyti eftir gildandi lögum um það efni.[1]

[1] *L. 11/1973.*

1915 Nr. 41 3. nóv.

Lög um líkbrennslu.

■ **1. gr.** Líkbrennsla skal leyfð hér á landi í stofnunum, sem útbúnar eru til líkbrennslu, á þann hátt, sem stjórnarráðið tekur gilt, með skilyrðum þeim, er hér fara á eftir.

■ **2. gr.** Sérhver karl eða kona, sem náð hefur 18 ára aldri, getur ákveðið, að lík sitt skuli brennt, en ekki jarðsett; skal slíka ákvörðun gera skriflega að viðstöddum tveim vitundarvottum. Á sama hátt geta foreldrar ákveðið, að lík barna sinna, sem eigi hafa náð 18 ára aldri, skuli brennd, en ekki jarðsett.

☐ Nánasti vandamaður hins látna, er náð hefur 18 ára aldri, getur og gert sams konar ráðstöfun, þó eigi hafi hinn látni ákveðið, að lík hans skyldi brennt, svo framarlega sem ekkert af börnum hans mótmælir því.

1915 Nr. 41 3. nóv.

■ **3. gr.** Áður en lík geti orðið brennt, skal, auk lögskipaðs dánarvottorðs, liggja fyrir yfirlýsing dánarvottorðsgefanda, eða læknis þess, sem stundað hefur hinn látna, um, að þeir álíti engan grun vera fyrir hendi um, að glæpsamlegt verk hafi valdið dauða hins látna. Vottorð þetta skal síðan sýna lögreglustjóra á andlátsstaðnum og hann rita á það, að ekkert sé því til fyrirstöðu af sinni hendi, að líkið verði brennt.

■ **4. gr.** Að lokinni brennslu skal jarðsetja öskuna í kirkjugarði, eða setja hana á aðra staði, sem sérstaklega eru útbúnir til þess, eftir fyrirmælum stjórnarráðsins.

■ **5. gr.** Nánari ákvæði um það, á hvern hátt skuli framkvæma líkbrennslu, setur stjórnarráðið með reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 4/1951.*

II. g. Menntamál.

1979 Nr. 77 10. sept.

Lög um Háskóla Íslands.

I. kafli. Hlutverk Háskóla Íslands.

■ **1. gr.** Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu.

II. kafli. Stjórn háskólans.

■ **2. gr.** Stjórn háskólans er falin háskólaráði, rektor, háskólaritara og kennslustjóra.

□ Háskólaráð hefur, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum, úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana og vinnur að þróun og eflingu þeirra.

□ Rektor er yfirmaður stjórnsýslu háskólans og er æðsti fulltrúi hans gagnvart mönnum og stofnunum innan háskólans og utan. Hann hefur almennt eftirlit með starfsemi háskólans og vinnur sérstaklega að mörkun á heildarstefnu í málefnum stofnunarinnar.

□ Háskólaritari og kennslustjóri hafa eftirlit með daglegri starfsemi háskólans. Þeir hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnvalda, sem varða háskólann. Háskólaritari hefur í umboði rektors og háskólaráðs heimild til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega, hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar háskólans og framkvæmd hennar samkvæmt fjárlögum og hefur umsjón með sjóðum hans. Kennslustjóri annast í umboði rektors og háskólaráðs málefni, er snerta kennslu og kennara, húsnæði háskólans og búnað.

□ Rektor, háskólaritari eða kennslustjóri leysa úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnvöld af laganauðsyn eða samkvæmt venju.

□ Áður en lögum og reglugerðum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

□ Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

1979 Nr. 77 10. sept.

■ **3. gr.** Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru skipaðir prófessorar í starfi einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar, dósentar og lektorar og allir þeir, sem fastráðnir eru eða settir til fulls starfs við háskólann og stofnanir hans og hafa háskólapróf. Nú er skipaður háskólakennari í orlofi og annar settur í hans stað og fer hann þá með atkvæðisrétt hins skipaða. Þá eiga allir stúdentar, sem skrásettir eru í Háskóla Íslands tveimur mánuðum á undan rektorskjöri, atkvæðisrétt. Greidd atkvæði stúdenta skulu gilda sem einn þriðji hluti greiddra atkvæða alls, en greidd atkvæði annarra atkvæðisbærra aðila skulu gilda sem tveir þriðju hlutar greiddra atkvæða alls.

□ Rektorskjör fer fram í aprílmánuði, en rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

□ Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur meiri hluta greiddra atkvæða, sbr. 1. málsgr. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju eftir viku um þá tvo eða fleiri, sem flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, er flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti. Um tilhögun kosningar skal kveða nánar á í reglugerð.

□ Kjörgengum háskólakennara er skylt að taka við rektorskjöri, nema sérstök atvik hamli. Nú skorast sá, sem kjörinn hefur verið rektor, undan því að taka við kjöri, og metur þá háskólaráð, hvort fallist verði á afstöðu hans. Ef háskólaráð fellst á sjónarmið hins nýkjörna rektors, skal efna hið fyrsta til nýrrar rektorskosningar.

□ Rektor má endurkjósa, en honum er ekki skylt að taka við endurkjöri.

□ Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum, áður en kjörtímabil hans er liðið, og skal þá kjósa nýjan rektor, svo fljótt sem því verður komið við, en varaforseti háskólaráðs gegni rektorsstörfum þangað til. Varaforseti háskólaráðs gegnir og störfum rektors, ef hann forfallast vegna veikinda eða fær leyfi frá störfum. Ef varaforseti er forfallaður, gegnir sá deildarforseti rektorsstörfum, sem lengst hefur haft á hendi kennaraembætti við háskólann. Hinn nýkjörni rektor er kosinn til þriggja ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast eitt ár.

■ **4. gr.** Í háskólaráði eiga sæti rektor, forsetar háskóladeilda, tveir fulltrúar kjörnir til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi í Félagi háskólakennara úr hópi þeirra félagsmanna, sem ekki eru kjörgengir til starfa deildarforseta, og fjórir fulltrúar stúdenta, kjörnir hlutfallskosningu í sérstökum kosningum til tveggja ára í senn. Kjörinn skal einn fulltrúi Félags háskólakennara og tveir fulltrúar stúdenta árlega. Háskólaritari og kennslustjóri eiga einnig sæti á fundum ráðsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Rektor er forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kýs ráðið úr hópi deildarforseta til eins árs í senn.

□ Nú má deildarforseti ekki sækja fund vegna forfalla eða af öðrum ástæðum og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 13. gr., sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður

rektor til fundarsetu þann prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deildinni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorsstörfum í viðlögum, sbr. 3. gr.

□ Nú mega fulltrúar stúdenta eða fulltrúar, er Félag háskólakennara tilnefnir, ekki sækja fund háskólaráðs, og taka varamenn þeirra, sem nefndir eru með sama hætti og aðalmenn, þá sæti þess, sem forfallaður er.

■ **5. gr.** Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skylt að boða til hans, svo og ef einn þriðji hluti fastráðinna og settra kennara háskólans æskir fundar. Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem eiga ekki sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa, einn eða fleiri eftir ákvörðun rektors, á fundinn. Hafa slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

□ Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra háskólaráðsmanna sæki fund hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða þess, er gegnir forsetastörfum.

■ **6. gr.** Rektor eða háskólaráð geta boðað til almenns kennarafundar til umræðna um einstök málefni háskólans eða stofnana hans. Nú æskir einn þriðji hluti prófessora, dósenta og lektora fundar, og er rektor þá skylt að boða til hans. Allir kennarar háskólans eiga rétt á að sækja almenna kennarafundi og njóta atkvæðisréttar þar. Ályktanir kennarafunda eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

■ **7. gr.** Forseti Íslands skipar háskólaritara og kennslustjóra, að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar annað starfslið, eftir því sem fé er veitt til og að fengnum tillögum háskólaráðs.

□ Háskólaráð skipar umsjónarmann með byggingum háskólans og innanstokksmunum.

□ Um starfslið háskólabókasafns segir í 36. gr. laga þessara, en um starfslið annarra stofnana háskólans og fyrirtækja fer eftir því, sem segir í lögum eða samþykktum þeirra.

■ **8. gr.** Heimilt er að kveða nánar á í reglugerð[1] um starfssvið og starfshætti háskólaráðs, rektors, háskólaritara, og kennslustjóra. Háskólaráð setur öðru starfsliði skrifstofu erindisbréf.

[1] *Rg. A 78/1979, sbr. A 82/1982 og A 11/1983.*

III. kafli. Háskólakennarar og háskóladeildir.

■ **9. gr.** Í Háskóla Íslands eru þessar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, lagadeild, heimspekideild, verkfræði- og raunvísindadeild, viðskiptadeild, tannlæknadeild og félagsvísindadeild.

□ Við háskólann starfa rannsóknastofnanir samkvæmt ákvörðun háskóladeilda og háskólaráðs og með samþykki menntamálaráðherra, og skulu þær að jafnaði heyra undir háskóladeild. Í reglugerð[1] eða samþykktum má m. a. kveða á um starfssvið stofnunar, stjórn hennar og tengsl við háskóladeild og háskólaráð.

□ Heimilt er að stofna til námsbrauta, sem veiti sérhæfða menntun, er leiði til háskólaprófs, þegar svo stendur á, að náminu verður ekki komið fyrir innan háskóladeilda. Háskólaráð kveður á um stofnun slíkra námsbrauta með samþykki menntamálaráðherra, að fengnum tillögum um námsskipan og stjórn. Nánari ákvæði um námsbraut skulu sett í reglugerð háskólans.

[1] *Rg. 190/1974 (Lagastofnun); rg. 191/1974 (Líffræðistofnun); rg. 233/1974 (Mannfræðistofnun); rg. 318/1975 (Guðfræðistofnun); rg. 537/1975, sbr. 689/1981 (Raunvísindastofnun); rg. 404/1977 (Verkfræðistofnun); rg. 62/1976 (Reiknistofnun); rg. 271/1979, sbr. 693/1981 (Orðabók H. Í.); rg. 598/1982 (stofnun í erlendum tungumálum); rg. 599/1982 (Heimspekistofnun) og rg. 89/1983 (rannsóknastofnanir við heimspekideild H. Í.).*

1979 Nr. 77 10. sept.

■ **10. gr.** Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, þ. á m. erlendir lektorar, aðjúnktar og stundakennarar.

□ Prófessorar, dósentar og lektorar skulu vera þeir, sem hafa kennslu og rannsóknir við háskólann að aðalstarfi.

□ Nú hefur háskólinn ekki tök á að koma upp rannsóknaaðstöðu í tiltekinni kennslugrein, og má þá samkvæmt tillögu háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar tengja slíka kennarastöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan háskólans, enda sé slík tilhögun heimiluð í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar. Um veitingu slíkrar kennarastöðu fer eftir lögum og reglugerð fyrir háskólann. Veiting slíkrar stöðu má vera tímabundin, og skal staðan þá veitt til allt að fimm ára í senn. Við stöðuveitingu skal starfsheiti ákveðið og kveðið á um starfsskyldur, eftir því sem tilefni er til. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gera verður samkvæmt háskólalögum að fylgi slíkri stöðu. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þeirra stöðuveitinga, sem hér um ræðir, má setja í reglugerð, eftir því sem nauðsynlegt þykir. Heimild þessarar málsgreinar nær ekki til prófessorsembætta, sbr. þó 38. gr.

□ Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að skipa dósent eða lektor tímabundinni skipun til allt að fimm ára í senn. Um tilhögun slíkrar skipunar skal setja ákvæði í reglugerð.

□ Háskólaráð setur meginreglur um starfsskyldur háskólakennara og leysir úr því, hvernig starfsskylda einstakra kennara skuli skiptast, sbr. nánar í 1. mgr. 18. gr.

□ Aðjúnktar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Stundakennarar svo og styrkþegar eru ráðnir til skemmri tíma og taka stundakennslulaun, mánaðar- eða árslaun. Í hvert skipti, er nýr kennari ræðst að háskólanum, skal afmarka stöðu hans með starfsheiti.

□ Í reglugerð má mæla fyrir um starfsheiti fastráðinna starfsmanna háskólastofnana.

□ Dósentar og lektorar, sem nú starfa við háskólann og skipaðir voru fyrir gildistöku laga nr. 22/1969, halda starfsheitum sínum.

■ **11. gr.** Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, ræður háskólaráð aðjúnkta og erlenda lektora, að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

□ Umsækjendur um prófessorsembætti og dósentsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

□ Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem hann á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd

þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði.

☐ Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstarf við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur, og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt.

☐ Heimilt er að kveða svo á í reglugerð, að framangreind ákvæði skuli gilda við skipun lektora, svo og sérfræðinga við rannsóknastofnanir eða aðrar háskólastofnanir.

☐ Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

■ **12. gr.** Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

☐ Menntamálaráðherra skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hinn nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýskipaða kennara hefjist.

■ **13. gr.** Hver háskóladeild velur úr hópi prófessora deildarinnar deildarforseta og annan til vara. Deildarforseti á sæti í háskólaráði, en varaforseti tekur sæti hans þar eftir reglum 4. gr.

☐ Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til tveggja ára í senn. Kjörgengum kennurum er skylt að taka við kosningu til deildarforsetastarfa og til starfa varadeildarforseta. Endurkjósa má deildarforseta, en rétt hefur hann til að skorast undan endurkjöri. Sá, sem gegnt hefur embætti rektors, getur og skorast undan kjöri til deildarforsetastarfa næsta kjörtímabil, eftir að hann lét af rektorsstörfum. Nú fellur deildarforseti frá eða lætur af störfum, og skal þá kjósa deildarforseta og varaforseta fyrir þann hluta kjörtímabils, sem eftir er.

■ **14. gr.** Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi, og eiga þar sæti prófessorar, dósentar og lektorar, sbr. 10. gr. 1. mgr., svo og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni, og er þeim skylt að sækja fundi. Enn fremur eiga þar sæti þrír fulltrúar stúdenta í deildum, þar sem tala annarra, sem rétt hafa til fundarsetu með atkvæðisrétti samkvæmt lögum eða deildarsamþykktum, er tólf eða færri, og síðan einn fulltrúi stúdenta fyrir hverja sex til viðbótar. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar í hlutastarfi, svo og aðjúnktar, megi sitja deildarfundi með atkvæðisrétti.

☐ Kennari, sem menntamálaráðherra veitir lausn undan kennsluskyldu, skal jafnframt vera undan þeirri skyldu þeginn að sækja deildarfundi, enda á hann ekki atkvæðisrétt á fundum, meðan lausnin stendur. Heimilt er að veita lausn undan kennsluskyldu með þeim áskilnaði, að skyldur og réttindi til stjórnunarstarfa séu óbreytt. Kennari, sem háskólaráð hefur veitt rannsóknarleyfi samkvæmt kjarasamningi, skal eiga rétt til setu á deildarfundi með fullum réttindum, ef hann æskir þess.

1979 Nr. 77 10. sept.

☐ Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar kennara, sem ekki eiga sæti á deildarfundi, og skal deildarforseti þá boða þá á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

☐ Heimilt er að ákveða í reglugerð, að deild sé skipt í skorir (sektionir) eftir kennslugreinum, og fjalli hver skor um málefni kennslugreinar eftir því, sem nánar segi í reglugerð. Tala stúdenta í stjórn skorar skal ekki vera lægri en tveir.

☐ Heimilt er að setja ákvæði í reglugerð um stjórnarnefnd í háskóladeild (deildarráð), og skal þá m. a. kveða á um fjölda nefndarmanna, starfssvið og starfshætti. Tala stúdenta í deildarráði skal þó ekki vera lægri en tveir. Heimilt er háskóladeild á fundi að afsala sér ákvörðunarvaldi í tilteknum málum eða málaflokkum til slíkrar stjórnarnefndar og afturkalla heimildina að því er varðar mál er eigi hafa hlotið afgreiðslu í nefndinni.

☐ Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

■ **15. gr.** Deildarforseta er skylt að boða til deildarfundar, ef rektor eða þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja fundar.

☐ Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra manna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta, eða þess, er gegnir forsetastörfum.

■ **16. gr.** Hver deild eða námsbraut semur kennsluskrá fyrir sig og skal þar gerð grein fyrir námsefni, kennsluháttum, prófkröfum, stjórn deildar- og námsbrautarmála og félagsmálum stúdenta.

☐ Við hverja deild og námsbraut skulu starfa ráðgefandi námsnefndir, sem jafnmargir kennarar og nemendur eiga sæti í. Hlutverk námsnefnda er að fjalla um tillögur um námsefni í hverri kennslugrein, semja umsagnir og tillögur um námsskipan og kennslufyrirkomulag greinar.

IV. kafli. Kennsla og nemendur.

■ **17. gr.** Háskólaárið telst frá 15. september til jafnlengdar næsta ár. Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 15. september til 23. janúar og vormisseri frá 24. janúar til 31. maí. Háskólaráð getur ákveðið aðra misseraskiptingu fyrir einstakar deildir og námsbrautir. Leyfi og önnur kennsluhlé skulu ákveðin í reglugerð.

■ **18. gr.** Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hvernig starfsskylda einstakra háskólakennara skuli skiptast milli kennslu og annarra starfsþátta. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

☐ Rektor á rétt á að vera leystur undan kennsluskyldu að nokkru eða öllu. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðherra, hversu ráðstafa skuli kennslunni.

■ **19. gr.** Rektor getur veitt kennurum lausn í bili undan kennsluskyldu, allt að þremur vikum. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki há-

skólaráðs, að veita kennara lausn undan kennsluskyldu um takmarkaðan tíma. Kennari sá, er lausn hefur frá kennsluskyldu, ákveður kennara í sinn stað, einn eða fleiri, með samþykki háskóladeildar.

■ **20. gr.** Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskólaráð mæli öðruvísi fyrir.

■ **21. gr.** Hver sá, sem staðist hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að vera skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald.

□ Rektor getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenskt stúdentspróf.

□ Háskólaráði er heimilt samkvæmt umsókn og að fengnum tillögum þeirrar deildar, er í hlut á, að leyfa skrásetningu einstaklinga, er lokið hafa öðru fullnaðarprófi frá menntaskóla en stúdentsprófi. Þá er háskólaráði og heimilt samkvæmt umsókn að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðru námi hérlendis með þeim árangri, sem hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur nægja til framhaldsnáms við Háskóla Íslands, enn fremur skal rektor vera þessum ráðstöfunum meðmæltur.

□ Raungreinadeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veitir einnig rétt til skrásetningar til verkfræðináms, með fyrrgreindum skilyrðum. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um, að ákveðin próf frá íslenskum skólum veiti rétt til skrásetningar í tiltekið nám við háskólann, enda hafi prófin verið metin jafngildi stúdentsprófs til undirbúnings viðkomandi námi.

□ Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um inntöku stúdenta í einstakar deildir.

□ Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu stúdenta, og eru þá þeir einir taldir stúdentar skólans, er hafa skráð sig til náms.

□ Skrásetningargjöld skulu háð samþykki háskólaráðs og menntamálaráðherra.

■ **22. gr.** Ákvæði um heilbrigðisskilyrði í sambandi við skrásetningar háskólastúdenta má setja í reglugerð.

□ Öllum skrásettum stúdentum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem háskólaráð áskilur.

■ **23. gr.** Ákvæði um eftirlit með námsástundun háskólastúdenta má setja í reglugerð háskólans.

■ **24. gr.** Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið honum úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerst sekur um brot á lögum eða öðrum reglum háskólans.

□ Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Veita skal stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents.

□ Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu. Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til menntamálaráðherra. Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, meðan á málskoti stendur.

□ Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurð um brottrekstur.

■ **25. gr.** Hljóti stúdent dóm fyrir refsivert brot, er hefur flekkun mannorðs í för með sér skv. 2. gr. l. nr. 52/1959, er háskólaráði heimilt að víkja honum úr skóla. Stúdentinn getur skotið þeirri ákvörðun til menntamálaráðherra, með þeim hætti, er segir í 24. gr. Heimilt er háskólaráði að víkja stúdent úr skóla um stundarsakir, meðan rannsókn á slíku máli stendur yfir.

■ **26. gr.** Afskipti háskólans af háskólastúdent hætta, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni eða prófi, er sérstakur lærdómstitill er við tengdur, enda haldi hann ekki áfram óslitið námi í grein sinni til æðri prófstiga. Nú er mælt fyrir um, að stúdentar skuli skrá sig til náms hvert háskólaár, sem þeir stunda nám við skólann, og falla þeir þá niður af stúdentatali, ef þeir láta ekki skrá sig til náms.

□ Nú óskar stúdent að gera hlé á námi sínu heilt kennsluár eða lengur, og skal hann þá leita heimildar viðkomandi háskóladeildar eða námsbrautar og skrá sig árlegri skrásetningu, meðan á leyfistíma stendur, enda sé gætt ákvæða um tímamörk náms.

V. kafli. Próf.

■ **27. gr.** Í reglugerð háskólans skal setja ákvæði um prófgreinar, próftíma, skiptingu fullnaðarprófs í fleiri en einn hluta, undirbúningspróf, einkunnir og annað, er að prófunum lýtur.

□ Heimilt er í reglugerð að kveða á um hámarkstímalengd í námi eða einstökum hlutum þess og um afleiðingar, ef þeim ákvæðum er ekki fullnægt.

□ Nú stenst stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

□ Í reglugerð má mæla fyrir um rétt manna, sem staðist hafa próf, til að endurtaka prófið.

■ **28. gr.** Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá sér, að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða reglugerð.

□ Munnleg próf skulu háð í heyranda hljóði. Þó er háskóladeild heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða, að slíkt próf skuli halda fyrir luktum dyrum.

■ **29. gr.** Við munnleg próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Skrifleg próf dæma hlutaðeigandi kennarar einir.

□ Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans, getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meiri hluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi.

□ Menntamálaráðherra skipar prófdómendur að fengnum tillögum háskóladeildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem dæma skal, eða getið hafa sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn, nema skipun sé samkvæmt 2. mgr. hér á undan.

□ Sé ekki völ á prófdómara hérlendis utan háskólans,

1979 Nr. 77 10. sept.

er fullnægir skilyrðum 3. mgr. hér á undan, er menntamálaráðherra rétt að skipa háskólakennara til starfans að fenginni tillögu háskóladeildar.

■ **30. gr.** Forseti háskóladeildar metur, að höfðu samráði við greinarkennara, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent hefur tekið erlendis, og að hverju leyti. Setja má almenn ákvæði í reglugerð um viðurkenningu erlendra prófa.

VI. kafli. Doktorar og meistarar.

■ **31. gr.** Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annaðhvort í heiðursskyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðursskyni verður ekki veitt nema með samþykki ¾ hluta allra atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi. Fulltrúar stúdenta á deildarfundum eiga aðeins atkvæðisrétt um veitingu doktorsnafnbóta í heiðursskyni.

■ **32. gr.** Sá, er æskir doktorsnafnbótar, skal að jafnaði hafa lokið kandídatsprófi eða embættisprófi.

■ **33. gr.** Sá, er æskir að taka doktorspróf, skal láta fylgja umsókn sinni vísindalega ritgerð eða ritgerðir, enda varði ritgerðir, ef því er að skipta, sama meginrannsóknarsvið og myndi nokkra heild. Umsókn skal stíluð til hlutaðeigandi háskóladeildar.

□ Í reglugerð skulu settar reglur um doktorspróf.

■ **34. gr.** Hver sá, er hlotið hefur doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

□ Nú þykir doktor misbeita þessum rétti sínum, og getur þá háskólaráð svipt hann réttinum.

■ **35. gr.** Háskólaráð getur ákveðið í samþykkt samkvæmt tillögum háskóladeildar, að heimilt sé að ganga undir meistarapróf í grein, að loknu embættis- eða kandídatsprófi. Prófið er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, og má áskilja, að umsækjandi gangi einnig undir munnlegt próf í tilteknum greinum og haldi opinbera fyrirlestra. Ritgerð skal skila til þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á.

□ Nánari reglur um meistarapróf skal setja í reglugerð.

VII. kafli. Stofnanir háskólans og eigur hans.

■ **36. gr.** Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, svo sem háskólabókasafni, fyrirtækjum háskólans, svo sem kvikmyndahúsi, og með sjóðum skólans og öðrum eignum.[1)]

□ Háskólanum skal heimilt að eiga og reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala.

□ Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavarðar að fengnum tillögum háskólaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðra bókaverði að fengnum tillögum háskólaráðs. Háskólaráð ræður annað starfslið bókasafns eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Háskólaráð setur reglur um stjórn háskólabókasafns og fær háskólabókaverði erindisbréf.

□ Háskólaráð setur einstökum fyrirtækjum háskólans samþykktir.

□ Um stjórn sjóða fer eftir því, sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um.

□ Um tengsl tilraunastöðvar háskólans í meinafræði við háskólann fer eftir því, sem segir í lögum nr. 11 28. febr. 1947.

[1)] *Augl. 11/1919 um Sáttmálasjóð Háskóla Íslands.*

VIII. kafli. Kennaraembætti og kennarastöður við Háskóla Íslands.

1979 Nr. 77 10. sept.

■ **37. gr.** Ný prófessorsembætti verða stofnuð með lögum eða með ákvörðun menntamálaráðherra, að fengnum tillögum háskólaráðs og háskóladeildar, þegar fé er veitt til á fjárlögum.

■ **38. gr.** Prófessorar, dósentar og lektorar í tilteknum kennslugreinum geta jafnframt haft starfsaðstöðu við opinberar stofnanir utan háskólans, ef háskólinn hefur ekki tök á að koma upp slíkri aðstöðu í viðkomandi fræðigrein. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru um slíkar stöður, skv. háskólalögum. Heimild til slíkra starfa má aðeins veita með samþykki háskólaráðs og viðkomandi háskóladeildar í hverju einstöku tilviki.

□ Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflækn is- og handlæknisdeildum Landspítalans, prófessorinn í geðlæknisfræði skal vera forstöðumaður geðveikrahælisins á Kleppi, uns komið hefur verið á fót fleiri sjúkradeildum fyrir geðveika, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði.

□ Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal, manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum veitir forstjórn fæðingardeild Landspítalans, og prófessorinn í röntgenfræði veitir forstjórn röntgendeild Landspítalans.

IX. kafli. Kennsla í lyfjafræði lyfsala.

■ **39. gr.** Við læknadeild skal stofna til kennslu í lyfjafræði lyfsala (pharmacia), og skal kveða á um námstilhögun í reglugerð.

X. kafli.

■ **40. gr.** Menntamálaráðherra leitar staðfestingar forseta Íslands á reglugerð[1)] fyrir háskólann, að fengnum tillögum háskólaráðs. Í reglugerðinni er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara. Reglugerðarákvæði þau, sem í gildi eru við gildistöku laganna, halda gildi sínu, uns ný ákvæði eru sett.

[1)] *Rg. A 78/1979, sbr. 82/1982 og 11/1983.*

Lög um tilraunastöð háskólans í meinafræði.

1947 Nr. 11 28. febr.

■ **1. gr.** Að Keldum í Mosfellssveit skal starfrækja tilraunastöð, er vinni að rannsóknum á búfjársjúkdómum og öðrum skyldum verkefnum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Stofnun þessi nefnist Tilraunastöð háskólans í meinafræði, og skal hún lúta læknadeild háskólans.

■ **2. gr.** Forstöðumaður Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði skal skipaður af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar háskólans og yfirdýralæknis Íslands.

■ **3. gr.** Við stofnunina starfa 3 sérfræðingar auk forstöðumanns. Skal einn þeirra vera efnafræðingur. Skulu þeir skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum læknadeildar, forstöðumanns tilraunastöðvarinnar og yfirdýralæknis. Forstöðumaður á sæti og atkvæðisrétt á fundum læknadeildar.

■ **4. gr.** Forstöðumaður tekur laun eftir 5. flokki launalaga, en aðrir sérfræðingar samkvæmt 6. flokki. Laun annarra starfsmanna ákveðast af forstöðumanni,

1947 Nr. 11 28. febr.

að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins.

■ **5. gr.** Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans og tilraunabúfjárræktar, reglugerð um starfsemi og starfssvið tilraunastöðvarinnar.

■ **6. gr.** Ákvæði laga nr. 64 7. maí 1940[1] gilda ekki um stofnun þessa.

[1] *Nú l. 64/1965.*

1972 Nr. 70 29. maí

Lög um Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

■ **1. gr.** Heiti stofnunarinnar er: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Hún er háskólastofnun með sérstakri stjórn og sjálfstæðum fjárhag og heyrir undir menntamálaráðherra, en undir ríkisstjórnina um varðveizlu og umsjón með handritum þeim og skjalagögnum, sem til Íslands verða flutt frá Danmörku, sbr. 2. gr.

■ **2. gr.** Stofnunin varðveitir handrit þau og skjalagögn, sem ríkisstjórn Íslands hefur veitt og veitir viðtöku samkvæmt sáttmála milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í Danmörku í vörzlu og umsjón Háskóla Íslands, dagsettum 1. júlí 1965 og fullgiltum 1. apríl 1971.

□ Enn fremur varðveitir stofnunin önnur handrit og gögn, sem hún á og kann að eignast eða henni verða falin til varðveizlu.

■ **3. gr.** Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta gerir stofnunin með öflun og varðveizlu gagna um þessi efni, sbr. 2. gr., rannsóknum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita, hljóðritun þjóðfræðaefnis og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

■ **4. gr.** Rekstur stofnunarinnar annast sérstakur forstöðumaður. Hann annast og fræðilega stjórn stofnunarinnar ásamt öðrum starfsmönnum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Forstöðumaður skal jafnframt vera prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu og leiðbeina þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Um veiting starfsins fer eftir sömu reglum sem um önnur prófessorsembætti.

□ Við stofnunina starfar stjórnarnefnd þannig skipuð: Forstöðumaður stofnunarinnar, rektor Háskóla Íslands, sem jafnframt er formaður stjórnarinnar, og einn skipaður af menntamálaráðherra, án tilnefningar, til sex ára í senn. Nefndarstörf eru ólaunuð.

■ **5. gr.** Við stofnunina starfa sérfræðingar, sem hafa þar fullt og fast starf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Þeir skulu settir eða skipaðir af menntamálaráðherra. Auk þess starfa við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir eru til náms og starfa takmarkaðan tíma í senn. Heimilt er að ráða annað nauðsynlegt starfslið.

■ **6. gr.** Heimilt er með reglugerð að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar skal vera sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim.

■ **7. gr.** Háskólaráð kýs stofnuninni tvo tilsjónarmenn (ephori) til fjögurra ára í senn, og skulu þeir líta eftir því, að stofnunin starfi í samræmi við stofnskrá dánargjafar Árna Magnússonar frá 18. janúar 1760.

■ **8. gr.** Menntamálaráðherra setur í reglugerð[1] nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, þ. á m. um réttindi og skyldur starfsmanna í því efni.

[1] *Rg. 324/1978.*

■ **9. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 27 frá 2. maí 1969 um Handritastofnun Íslands, en Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi tekur við öllum eignum og skuldum Handritastofnunar Íslands.

1921 Nr. 25 27. júní

Lög um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

■ **1. gr.** Háskóli Íslands skal hafa einkarétt til þess að gefa út og selja eða afhenda með öðrum hætti almanök og dagatöl á Íslandi.

■ **2. gr.** Háskólaráðið sér um útreikning almanaksins, útgáfu þess og sölu. Það heldur reikning yfir tekjur og gjöld af útgáfunni og birtir hann árlega í Árbók Háskólans, endurskoðaðan af hálfu Háskólans, með sama hætti sem ársreikningur Háskólans.

■ **3. gr.** Háskólaráðinu er skylt að gefa almanak út árlega, í nægilega mörgum eintökum og svo snemma, að almenningur eigi þess kost að afla sér þess fyrir ár það, sem í hönd fer, hjá útsölumönnum í hverri sýslu eða kaupstað fyrir hver áramót.

■ **4. gr.** Ráðherra ákveður verð almanaka Háskólans, eftir tillögum Háskólaráðsins.

■ **5. gr.** Það er brot á einkarétti Háskólans samkv. 1. gr., ef maður:

1. Flytur inn í landið til sölu eða afhendingar með öðrum hætti önnur almanök eða dagatöl en þau, er í 1. gr. segir.

2. Selur hér á landi eða afhendir með öðru móti önnur almanök eða dagatöl en þau, sem einkaréttur Háskólans nær til.

3. Gefur út hér á landi á prenti eða með öðrum hætti almanök eða dagatöl eða kafla úr þeim.

4. Prentar upp eða fjölritar almanök Háskólans eða dagatöl eða kafla úr þeim, til þess að selja eða láta af hendi með öðrum hætti.

■ **6. gr.** Ráðherra getur, eftir tillögum Háskólaráðs, leyft að gefa út dagatöl og þess konar bækur eða töflur, svo og að flytja inn í landið útlend almanök eða dagatöl, enda greiði útgefandi eða innflytjandi gjald, sem ráðherra ákveður eftir tillögum Háskólaráðs, til Háskólans af hverju eintaki, sem hann gefur út eða flytur inn, og sé nægt eftirlit með því, að eintakafjöldi sé rétt tilgreindur og að leyfi verði ekki notað á annan hátt en til er ætlazt.[1]

□ Heimilt er og að taka kafla úr erlendum almanökum eða almanaki Háskólans í vísindarit eða kennslubækur og þess konar rit til skýringar, einnig að flytja inn í landið og selja sams konar útlend rit með köflum úr almanökum, enda megi þeir teljast, að dómi ráðherra, aðeins óverulegur hluti ritsins eða bókarinnar.

[1] *Augl. 806/1982.*

■ **7. gr.** [Brot samkvæmt 5. gr. laganna varðar sektum ...[1]][2]

□ Leggja skal þegar hald á rit þau, sem ólöglega hafa verið flutt til landsins, gefin hér út eða seld eða af hendi látin samkvæmt 5. gr., og skal síðan gera þau upptæk með dómi.

□ Skaðabætur skal hver sá greiða, sem sekur verður eftir 5. gr. Miða skal bætur, ef því verður við komið, við

1921 Nr. 25 27. júní

samanlagt söluverð ólöglegra seldra eða afhentra eintaka að frá dregnum hæfilegum sölulaunum. Ella skal ákveða bætur eftir atvikum.

[1]*L. 10/1983, 15. gr.* [2]*L. 35/1958, 1. gr.*

■ **8. gr.** Nú ná íslenzkir dómstólar ekki til þess manns, sem brotlegur hefur orðið samkvæmt 5. gr., vegna vistar hans erlendis, og skal þá sá svara til sakar, til refsingar eða skaðabóta, sem óheimilt samkvæmt 5. gr. geymir hér, selur eða afhendir eða prentar eða fjölritar rit, eða kafla úr þeim. Ráðherra kveður á um það, hvern skuli sækja, ef um fleiri er að velja, eða hvort fleiri menn en einn skuli sækja fyrir sama brot.

■ **9. gr.** Mál út af brotum samkvæmt 5. gr., sbr. 7. og 8. gr., skal eigi höfða, nema Háskólaráðið krefjist þess. Fara skulu málin að hætti almennra lögreglumála.

□ Refsikrafa samkvæmt lögum þessum fyrnist á árs fresti frá því er rektor Háskólans varð kunnugt um, hver brots er valdur, og aldrei skal dæma til refsingar fyrir brot á lögum þessum, ef 2 ár líða svo frá því er brotið er gegn þeim, að mál hefur ekki verið höfðað.

■ **10. gr.** Hreinan arð af útgáfu almanaka ár hvert, skaðabætur og sektir fyrir brot á einkaréttinum, andvirði upptækra rita og gjöld samkvæmt 6. gr. skal leggja í sérstakan sjóð, sem Almanakssjóður heiti, og stjórnar Háskólaráðið honum. [Tekjum sjóðsins skal verja til eflingar stærðfræðilegum vísindum á Íslandi.][1]

[1]*L. 35/1958, 2. gr.*

■ **11. gr.** Háskólaráðið semur og ráðherra staðfestir reglur, þar sem nánar verður kveðið á um tilhögun almanaksins, hvað í það skuli taka og hvernig útgáfu þess og útsölu skuli haga.[1] Með sama hætti skal setja reglur um meðferð Almanakssjóðsins og um annað, sem lýtur að framkvæmd laga þessara og eigi er látið um mælt í þeim.[2]

[1]*Rg. 16/1922.* [2]*Reglur 407/1973.*

1982 Nr. 72 13. maí

Lög um námslán og námsstyrki.

I. kafli. Lánasjóður íslenskra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

■ **1. gr.** Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms við stofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

■ **2. gr.** Nemendur tiltekinna skóla eða einstakir árgangar þeirra skulu njóta námsaðstoðar samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

□ Lánasjóði er heimilt að veita fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim sem tilgreindir eru í 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, enda hafi námsmenn þessir náð 20 ára aldri á því almanaksári sem lán eru veitt og stundi sérnám.

□ Þrátt fyrir skilyrði 1. gr. er Lánasjóði heimilt að veita fjárhagsaðstoð til náms erlendis, verði hliðstætt nám ekki stundað á Íslandi.

■ **3. gr.** Opinber aðstoð við námsmenn skv. lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns. Nánari ákvæði um úthlutun námslána og styrkja skulu sett í reglugerð.

1982 Nr. 72 13. maí

□ Þeir, sem eiga rétt á láni samkvæmt lögum þessum, skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Lánasjóður skal standa honum skil á iðgjaldshluta lánþega ásamt mótframlagi sínu er telst viðbót við lán eins og það annars reiknast. Það rýrir ekki rétt námsmanns til lánsfyrirgreiðslu úr Lánasjóði sem svarar þeim hluta, er nemur iðgjaldi að Söfnunarsjóði, þótt hann taki ekki námslán til framfærslu sér eða námskostnaðar.

■ **4. gr.** Ráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn skv. tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn skv. tilnefningu Bandalags íslenskra sérskólanema, einn skv. tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis, einn skv. tilnefningu fjármálaráðuneytisins og tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar.

□ Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn, nema fulltrúar námsmanna sem skipaðir eru til tveggja ára.

□ Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

□ Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins sker atkvæði formanns úr.

□ Ráðherra ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Sjóðsstjórn ræður annað starfsfólk að fenginni heimild ráðuneytisins, sbr. ákvæði laga nr. 97/1974.

■ **5. gr.** Hlutverk stjórnar sjóðsins er:

1. Að veita námsmönnum námslán.
2. Að annast úthlutun námsstyrkja samkvæmt II. kafla laga þessara.
3. Að annast fjármál sjóðsins og gerð fjárhagsáætlana.
4. Að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð.

□ Útborgun lána, innheimtu vaxta og afborgana og aðra daglega afgreiðslu er stjórn sjóðsins heimilt að fela bankastofnun. Bókhaldi skal haga skv. fyrirmælum ríkisbókhalds, sbr. lög nr. 52/1966.

□ Árlegur rekstrarkostnaður greiðist af fé sjóðsins.

II. kafli. Um námslán og námsstyrki.

■ **6. gr.** Fyrsta námsaðstoð skal aldrei veitt fyrr en námsmaður hefur skilað vottorði um tilskilda skólasókn og námsárangur á yfirstandandi skólaári. Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum víxillán, sbr. 4. mgr. 7. gr.

□ Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán á hverju misseri meðan hann er við nám, þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla þar sem nám er stundað. Þó skal námsaðstoð ekki veitt nema framvinda náms sé með eðlilegum hætti.

□ Námsmenn þeir sem fá lán úr sjóðnum skulu undirrita skuldabréf við lántöku og leggja fram yfirlýsingu eins manns um það að hann taki að sér sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins ásamt verðtryggingu þess, sbr. þó 3. mgr. 7. gr. Stjórn sjóðsins ákveður hvaða skilyrðum ábyrgðarmenn skulu fullnægja.

■ **7. gr.** Lán úr sjóðnum skulu verðtryggð. Verðtryggingin er miðuð við breytingar á lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 13/1979. Reiknast verð-

tryggingin frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram.

☐ Verði breyting á grundvelli lánskjaravísitölu eða útreikningi hennar skal þriggja manna nefnd ákveða hvernig vísitölur skv. nýjum og breyttum grundvelli skulu tengdar eldri vísitölum. Nefndin skal þannig skipuð að Seðlabanki Íslands tilnefnir einn mann, Hæstiréttur annan en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar.

☐ Endurgreiðsla lána hefst þremur árum eftir námslok en sjóðsstjórnin skal skilgreina nánar hvað telja beri námslok í þessu sambandi. Ári eftir námslok skal námsmanni tilkynnt upphæð heildarskuldar og sú vísitala sem samsvarar raungildi hennar. Ábyrgð ábyrgðarmanns skv. 3. mgr. 6. gr. getur fallið niður þegar fyrsta greiðsla hefur að fullu verið innt af hendi, enda setji lánþegi aðra tryggingu fyrir lánum, sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.

☐ Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum námsaðstoð til bráðabirgða með víxilkaupum gegn venjulegum víxilvöxtum og ábyrgð tveggja manna, sbr. 1. mgr. 6. gr., til að greiða tímabundinn námskostnað, enda fullnægi námsmenn almennum skilyrðum til námsaðstoðar. Víxlarnir skulu annaðhvort endurgreiðast í reiðufé eða með námsaðstoð sem veitt verður síðar skv. almennum reglum.

■ **8. gr.** Árleg endurgreiðsla á skuldabréfi skv. 3. mgr. 7. gr. ákvarðast í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimt er á fyrri hluta ársins og hins vegar viðbótargreiðsla sem innheimtist á síðari hluta ársins og er háð tekjum fyrra árs.

☐ Föst ársgreiðsla er kr. 1200 miðað við lánskjaravísitölu 135 nema eftirstöðvar láns, ásamt verðbótum, séu lægri. Þessi upphæð breytist á hverju ári í hlutfalli við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs.

☐ Viðbótargreiðsla miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 3,75% margfaldaður samkvæmt hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Frá þessum hundraðshluta af útsvarsstofni dregst fasta greiðslan skv. 2. mgr.

☐ Endurgreiðslum skal ljúka ekki síðar en 40 árum eftir að þær hefjast og eru eftirstöðvar lánsins þá óafturkræfar, sbr. þó ákvæði 11. gr. um vanskil og vantalningu tekna. Endurgreiðslur skulu standa yfir í 5 ár hið skemmsta, þó þannig að það skerði ekki fasta greiðslu skv. 2. mgr.

☐ Stjórn Lánasjóðs er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu skv. 2. og 3. mgr. ef skyndilegar og verulegar breytingar verða á högum lánþega milli ára, t. d. ef hann veikist alvarlega eða verður fyrir slysi er skerðir til muna ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórninni er ennfremur heimilt að veita undanþágu frá fastri ársgreiðslu skv. 2. mgr. ef nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

☐ Lánþegi er sækir um undanþágu skv. 5. mgr. skal leggja fyrir sjóðsstjórn ítarlegar upplýsingar um eignir sínar, lífeyri og önnur atriði er stjórnin telur máli skipta. Undanþága frá árlegri endurgreiðslu getur verið annaðhvort að hluta eða öllu leyti, eftir atvikum.

☐ Heimilt er að endurgreiða lán örar en mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr.

■ **9. gr.** Hverri árlegri endurgreiðslu skal skipt á höfuðstól og verðbætur í hlutfalli, annars vegar við lánskjaravísitölu við lántöku, sbr. 1. mgr. 7. gr., og hins vegar hækkun vísitölu fram að þeim tíma þegar endurgreiðsla er innt af hendi.

☐ Endurgreiðslur sem falla í gjalddaga eftir að lánþegi andast falla sjálfkrafa niður.

☐ Endurgreiðslur eru lögtakskræfar ef um vanskil er að ræða. Sama máli gegnir um eftirstöðvar námslána sem felld eru í gjalddaga skv. 11. gr.

■ **10. gr.** Verði á endurgreiðslutíma námslána breytingar á skattalögum þannig að veruleg breyting verði á því er telst útsvarsstofn frá því sem er við gildistöku laga þessara skal viðbótargreiðsla skv. 3. mgr. 8. gr. reiknuð af stofni sem nefnd þriggja manna ákveður. Skal nefndin þannig skipuð að menntamálaráðherra tilnefnir einn nefndarmann, fjármálaráðherra annan, en ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skal nefndin leitast við að setja reglur um útreikning endurgreiðslustofns sem geri árlegar endurgreiðslur hvers lánþega sem líkastar því og orðið hefði að óbreyttum skattalögum.

☐ Sé skattþegni áætlaður útsvarsstofn skal miða við hann. Komi í ljós innan þeirra tímamarka er getur í 1. mgr. 97. gr. laga nr. 40/1978[1)] að útsvarsstofn hafi verið of hátt áætlaður eða oftalinn og lánþegi því innt af hendi of háa greiðslu skal honum endurgreidd hin ofgreidda fjárhæð með þeim vöxtum sem á hverjum tíma eru reiknaðir af venjulegum sparisjóðsinnistæðum.

☐ Sé lánþegi á endurgreiðslutímanum ekki skattskyldur á Íslandi af öllum tekjum sínum og eignum skal honum gefinn kostur á að telja fram tekjur sínar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og haga árlegum endurgreiðslum í samræmi við það. Geri hann það ekki eða telja verði framtal hans ósennilegt og ekki er unnt að sannreyna útsvarsstofn samkvæmt því skal stjórn Lánasjóðs áætla honum ríflegan útsvarsstofn til útreiknings árlegrar viðbótargreiðslu. Komi í ljós að áætlun þessi sé röng eiga ákvæði 2. mgr. þessarar greinar eða 11. gr. við.

[1)] *Nú l. 75/1981.*

■ **11. gr.** Verði veruleg vanskil á endurgreiðslu námslána skal stjórn sjóðsins heimilt að fella allt lánið í gjalddaga. Sömu heimild hefur sjóðsstjórn ef í ljós kemur að viðbótargreiðslur skv. 3. mgr. 8. gr. hafa verið verulega lægri en vera bar vegna þess að lánþegi hefur vantalið tekjur á framtali sínu. Sú hækkun sem verður á viðbótargreiðslu vegna endurskattlagningar lánþega skal gjaldkræf þegar í stað og skulu reiknaðir af henni hæstu lögleyfðir dráttarvextir frá gjalddaga þeirrar viðbótargreiðslu sem hækkuð er. Ákvæði 4. mgr. 8. gr. eiga ekki við um þessa hækkun.

■ **12. gr.** Stjórn Lánasjóðsins er heimilt að veita aðstöðujöfnunarstyrki til námsmanna sem verða að kosta sig fjarri eigin heimili sínu vegna náms sem er aðstoðarhæft skv. 1. og 2. gr. Jöfnunarstyrki til námsmanna á Íslandi skal ákveða með tilliti til ferðakostnaðar og húsnæðiskostnaðar á dvalarstað.

1982 Nr. 72 13. maí

□ Fé því sem veitt er á fjárlögum til námsstyrkja skal m. a. varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka hjá þeim námsmönnum sem fara utan til náms og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir er stunda nám sem ekki verður stundað hérlendis.

□ Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðsstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánaheimild má veita honum aukalán eða styrk úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingarlöggjöf.

■ **13. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að námsmenn frá Norðurlöndum sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám hérlendis skuli njóta námsaðstoðar samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenskir námsmenn enda njóti þeir ekki aðstoðar frá heimalandi sínu. Einnig er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til einstakra annarra erlendra námsmanna sem eins er háttað um.

■ **14. gr.** Umsækjendur um lán og styrki skulu láta fylgja umsókn sinni allar þær upplýsingar sem sjóðsstjórnin telur máli skipta við ákvörðun námsaðstoðar. Innlendum námsstofnunum sem lög þessi taka til er skylt að láta Lánasjóði íslenskra námsmanna í té nauðsynlega aðstoð við framkvæmd laganna, þar á meðal upplýsingar um framvindu náms umsækjanda.

□ Skattstjórum er skylt að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

□ Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Lánasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

III. kafli. Um ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna o. fl.

■ **15. gr.** Ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna er:

1. Endurgreiðslur samkvæmt lögum þessum og vextir og afborganir af eldri námslánum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé.

□ Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna skal árlega gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn á næsta almanaksári með sama hætti og aðrar ríkisstofnanir.

□ Ársreikningar sjóðsins skulu samþykktir af sjóðsstjórn og endurskoðast af ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

■ **16. gr.** Ráðherra setur með reglugerð[1)] frekari ákvæði um framkvæmd þessara laga, m. a. að því er varðar meginreglur um rétt til námsaðstoðar, ákvörðunaratriði varðandi fjárhæð hennar, ákvæði um útborgun lána með jöfnum mánaðargreiðslum o. s. frv.

□ Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð að námsmenn utan Háskóla Íslands skuli greiða hagsmunasamtökum sínum hliðstætt gjald og Stúdentaráð Háskóla Íslands fær til sinna nota af innritunargjaldi. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að Lánasjóðurinn innheimti gjald þetta þegar útborgun námsaðstoðar fer fram.

□ Sjóðsstjórn setur reglur um önnur atriði úthlutunar og skal árlega gefa út úthlutunarreglur sjóðsins, samþykktar af ráðherra.

[1)] *Rg. 578/1982.*

■ **17. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla samtímis úr gildi lög nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki. 1982 Nr. 72 13. maí

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** 1. Ákvæði 3. gr. þessara laga tekur gildi í áföngum þannig að hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna hækkar úr 90 í 95% 1. janúar 1983 og úr 95 í 100% 1. janúar 1984.

2. Ákvæði 2. mgr. 3. gr. um aðild námsmanna að lífeyrissjóði tekur gildi 1. janúar 1985 og skal stjórn Lánasjóðsins hafa sett fram áður tillögur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. Hundraðshlutinn í 3. mgr. 8. gr. skal vera 3,5% fyrir þá sem fá meira en helming af raunvirði námslána sinna áður en 3. gr. laga þessara er að fullu gengin í gildi, sbr. bráðabirgðaákvæði 1.

4. Ef lánþegi Lánasjóðs samkvæmt þessum lögum er jafnframt að inna af hendi greiðslur samkvæmt eldri lögum, dragast síðarnefndu greiðslurnar frá þeirri upphæð sem lánþega bæri annars að greiða samkvæmt þessum lögum.

Lög um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. 1972 Nr. 69 29. maí

■ **1. gr.** Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum, að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum, sbr. þó 5. gr.

■ **2. gr.** Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenzkir skólanemendur, sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi:

1. Þeir, sem lokið hafa skyldunámi.
2. Þeir, sem verða að vista sig utan lögheimilis síns og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins.
3. Þeir, sem stunda reglulegt nám, sem framhaldsskóli skv. lögum þessum viðurkennir sem áfanga að réttindum eða prófi, er hann veitir.

□ Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem kveðið verður meðal annars á um lágmarksnámstíma og hlutfallslega upphæð styrkja miðað við skóla með lengstan árlegan starfstíma og eigi færri en 30 vikustundir.

□ Eigi skulu njóta styrks eftir lögum þessum:

a. Þeir, sem eiga rétt til lána eða styrkja samkvæmt lögum nr. 7 frá 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki.[1)] Nú njóta nemendur annarrar opinberrar námsaðstoðar eða styrkja, og er þá heimilt, séu þau framlög lægri en greitt mundi verða samkvæmt þessum lögum að veita styrki sem mismuninum nemur.

b. Þeir, sem taka samningsbundið eða fast kaup á námstímanum, að undanteknum sumarleyfum eða kennsluhléum. Nú tekur nemi í iðn eða annarri starfsgrein samningsbundin lágmarkslaun, og skal þá heimilt að greiða honum sérstaka námsstyrki vegna skólanáms, enda fullnægi hann öðrum skilyrðum um styrkveitingu, að undanskildum ákvæðum um lágmarksnámstíma og árlegan starfstíma skóla, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

c. Þeir, sem ekki ljúka námsáfanga á tilskildum tíma, nema gildar ástæður séu fyrir töfum í námi.

[1)] *Nú l. 72/1982.*

■ **3. gr.** Menntamálaráðuneytið skipar fimm manna námsstyrkjanefnd, sem skal leggja fyrir ráðuneytið til-

1972 Nr. 69 29. maí

lögur um árlegar fjárveitingar í samræmi við markmið laganna og úthluta námsstyrkjum til styrkhæfra skólanemenda.

□ Skulu tveir nefndarmanna skipaðir án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar, einn skipaður samkv. tilnefningu fjármálaráðuneytisins, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, og skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn. Auk þess skipar menntamálaráðuneytið einn mann í nefndina til eins árs í senn eftir tilnefningu félags samtaka skólanemenda þeirra skóla, er lög þessi taka til, eftir reglum,[1] er ráðuneytið setur.

□ Þóknun til nefndarmanna greiðist úr ríkissjóði, svo og annar kostnaður við framkvæmd þessara laga.

[1] *Reglur 418/1976.*

■ **4. gr.** Námsstyrkjanefnd aflar sér upplýsinga um námskostnað skólanemenda, þar sem miðað sé bæði við nægilegt úrtak frá einstökum skólum, sem lög þessi taka til, og einnig við upplýsingar Hagstofu Íslands eða hliðstæðra opinberra stofnana um almennan framfærslukostnað. Þær upplýsingar skulu m. a. taka til fæðiskostnaðar við skóla með eða án mötuneytis, húsnæðiskostnaðar við skóla með eða án heimavistar og ferðakostnaðar nemenda miðað við mismunandi kostnaðarsama skólasókn. Samanburður sé síðan gerður á námskostnaði, annars vegar þeirra nemenda, er verða að dvelja fjarri lögheimilum sínum við nám, og hins vegar þeirra, er stundað geta nám sitt án þess að hverfa að heiman til námsdvalar.

□ Á grundvelli þessara upplýsinga gerir nefndin tillögur um, hvað greiða skal vegna nemenda í heimavistarskólum annars vegar og heimangönguskólum hins vegar til jöfnunar samkv. 1. gr. Skal menntamálaráðherra ákveða almennar reglur um greiðslur þessar.

□ Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem kveða skal á um, hvernig upplýsinga skuli aflað, og grundvallarreglur um mat þeirra, skilyrði varðandi umsóknir og framkvæmd á úthlutun styrkja skv. þessari grein.

■ **5. gr.** Menntamálaráðherra getur heimilað námsstyrkjanefnd að verja einhverjum hluta af heildarfjárveitingu í þessu skyni:

a. að veita skólanemanda námsstyrk, þótt hann fullnægi ekki ákvæðum 2. greinar þessara laga, ef hann sannanlega að öðrum kosti getur ekki stundað nám vegna efnaleysis,

b. að veita þeim nemendum hærri námsstyrki, sem eru frá fjölskyldum, er þurfa að kosta tvo eða fleiri nemendur við framhaldsnám á sama tíma, enda sé efnahagur þeirra þröngur,

c. að veita skólanemanda námsstyrk, ef sérstakar ástæður mæla með því, þótt hann fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum 2. gr. þessara laga.

■ **6. gr.** Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð[1] nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

[1] *Rg. 278/1973 (um jöfnun námskostnaðar).*

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda að fullu frá byrjun skólaárs 1972/73 að telja.

1942 Nr. 76 4. júlí

Lög um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenzkum fræðum í Háskóla Íslands.

■ **1. gr.** Kennslumálaráðherra skal heimilt að veita manni af íslenzkum ættum, einum í senn, sem búsettur er í Kanada eða Bandaríkjum Norður-Ameríku og lokið hefur stúdentsprófi þar, styrk úr ríkissjóði til náms í íslenzkum fræðum í heimspekideild Háskóla Íslands.

■ **2. gr.** Námsstyrkur samkvæmt 1. gr. skal miðaður við það, að nemandinn fái greiddan hæfilegan kostnað af húsnæði, fæði og kaupum nauðsynlegra námsbóka. Ráðherra úrskurðar kostnað þennan, að fengnu áliti heimspekideildar háskólans, og skal fæðis- og húsnæðiskostnaður greiddur á mánuði hverjum fyrirfram.

■ **3. gr.** Ráðherra ákveður, hver styrks þessa skuli vera aðnjótandi í hvert sinn, að fengnum tillögum stjórnar Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og heimspekideildar Háskóla Íslands.

□ Sá, er styrk hlýtur, skal njóta hans meðan hann stundar nám í deildinni, þó aldrei lengur en 4 ár.

1942 Nr. 76 4. júlí

1968 Nr. 33 20. apríl

Lög um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

■ **1. gr.** Við Háskóla Íslands skal starfa Félagsstofnun stúdenta. Menntamálaráðuneyti, Háskóli Íslands og allir skrásettir stúdentar innan hans eiga aðild að stofnuninni, svo sem nánar segir í lögum þessum.

□ Stofnunin er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri fjárhagsábyrgð. Eignir og skuldbindingar stúdentagarðanna og annarra fyrirtækja í þágu stúdenta, sem rekin eru innan skólans nú, skulu að fengnu samþykki háskólaráðs og stúdentaráðs hverfa undir hina nýju stofnun frá þeim tíma og með þeim hætti, sem nánar er kveðið á um í reglugerð samkvæmt 6. gr. laga þessara.

■ **2. gr.** Stofnunin skal annast rekstur og bera ábyrgð á fyrirtækjum í þágu stúdenta og beita sér fyrir eflingu þeirra samkvæmt því, sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

■ **3. gr.** Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðuneyti, einum kosnum af háskólaráði og þrem kosnum af stúdentaráði til tveggja ára í senn. Varamenn skal tilnefna með sama hætti til jafnlangs tíma. Stjórnin kýs sér formann.

■ **4. gr.** Stjórn stofnunarinnar aflar fjár til framkvæmda þeirra, er undir stofnunina heyra, í samvinnu við rektor og háskólaráð. Auk tekna af fyrirtækjum þeim, er Félagsstofnun stúdenta ræður yfir eftir lögum þessum og reglugerð, skal fjár til byggingarframkvæmda, rekstrar fyrirtækja og eflingar þeirra aflað sem hér segir:

1. Árleg skrásetningargjöld stúdenta við Háskóla Íslands skulu renna að hluta til stofnunarinnar, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

2. Með framlagi úr ríkissjóði, eftir því sem Alþingi ákveður hverju sinni.

3. Gjöfum, sem Félagsstofnun stúdenta kunna að berast.

4. Öðrum úrræðum, er stjórn stofnunarinnar telur tiltækileg.

■ **5. gr.** Félagsstofnun stúdenta skal undanþegin tekju- og eignarskatti, aðstöðugjaldi og útsvari.

■ **6. gr.** Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð[1] nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stúdentaráðs og háskólaráðs. Um breyting-

1968 Nr. 33 20. apríl

ar á reglugerð skal hafa samráð við stúdentaráð, háskólaráð og stjórn stofnunarinnar.

[1] *Rg. 171/1968, sbr. 267/1972, 695/1981.*

■ **7. gr.** Lög þessi koma til framkvæmda þegar í stað, og skal stofnunin taka til starfa frá þeim tíma, er í reglugerð segir.

1971 Nr. 38 16. apríl

Lög um Kennaraháskóla Íslands.[1]

[1] *Rg. 175/1974, sbr. 751/1981. Sjá ennfremur erbr. 434/1977.*

Hlutverk.

■ **1. gr.** 1. Kennaraháskóli Íslands skal vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun í uppeldis- og kennslufræðum. Skylt er Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands að skipta með sér verkefnum og viðurkenna sambærilegar námseiningar eða námsþætti hvors annars til þess að forðast tvíverknað. Kennaraháskólinn skal og hafa hliðstætt samstarf við aðra skóla, er mennta kennara í sérgreinum, og er heimilt að setja um það reglugerð.

2. Það er hlutverk Kennaraháskóla Íslands að veita fullnægjandi þekkingu og leikni til þess að kenna og leiðbeina ungmennum á skyldunámsstigi og í yngri aldursflokkum, sem að því stigi liggja og eiga rétt á skólavist á kostnað ríkis og sveitarfélaga.

3. Skólinn skal temja kennaraefnum fræðileg viðhorf og þann heildarskilning á nemendum og umhverfi þeirra, er gerir þau hæf til samvinnu við vandamenn nemenda sinna, sérfræðinga og aðra aðila, er uppeldisstörfum sinna. Kennaraefnum skulu kennd hagkvæm og skipuleg vinnubrögð í námi, einum sér og í samvinnu. Námið á að þjálfa hugsun og glæða hugkvæmni, alúð, skyldurækni og félagsþroska.

4. Skólinn skal jafnan taka mið af markverðum nýjungum í vísindum og viðhorfum, er uppeldismál varða, hafa frumkvæði um að sannreyna gildi þeirra í íslenzku umhverfi, leita nýrri og betri kenninga og aðferða í námi og kennslu og vekja athygli yfirstjórnar skólans á æskilegum breytingum á skólahaldi og fræðslulöggjöf.

5. Skólinn skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á skyldunámsstigi með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum.

Stjórn skólans.

■ **2. gr.** 1. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

2. Ráðherra til ráðuneytis um menntun kennara skal vera skólanefnd kennaraskóla, skipuð til fjögurra ára. Í nefndinni skal vera, auk rektors Kennaraháskóla Íslands eða fulltrúa hans, einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: Skólastjórn Kennaraháskóla Íslands, sérkennaraskólum sameiginlega, háskólaráði, Sambandi íslenzkra barnakennara, Landssambandi framhaldsskólakennara, Félagi háskólamenntaðra kennara, samtökum íslenzkra kennaranema (nefndur til tveggja ára), fræðslustjórum og menntamálaráðuneytinu. Er fulltrúi þess formaður nefndarinnar. Skal skólanefndin kvödd til fundar eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

3. Rektor stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni. Hann er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan skólans og utan.

Skólastjórn fer að öðru leyti með stjórn skólans. Hana skipa rektor og fastir kennarar skólans ásamt skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans, svo og fulltrúar tilnefndir af nemendaráði, og komi einn fulltrúi nemenda fyrir hverja fjóra aðra fulltrúa, sem sæti eiga í skólastjórn.

Í skólaráði eiga sæti rektor, einn úr hópi fastra kennara við hverja skor skólans (skorarstjóri), þrír tilnefndir af nemendaráði og einn tilnefndur á almennum fundi lausráðinna kennara. Skólaráð fer með þau störf, sem því eru sérstaklega falin í lögum þessum, og er að öðru leyti til aðstoðar rektor og skólastjórn við umsjón með stofnuninni.

Rektor er í forsæti á fundum skólastjórnar og skólaráðs, en aðstoðarrektor ritari.

Á fundum skólastjórnar og skólaráðs verður ályktun því aðeins gild, að tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna sæki fund hið fæsta. Á fundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða staðgengils hans.

Rísi ágreiningur um, hvort tilteknu málefni skuli ráðið til lykta af rektor, skólastjórn eða skólaráði, sker menntamálaráðherra úr.

4. Rektor skal kjörinn af skólastjórn úr hópi fastra kennara til 4 ára í senn. Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúarmánuði og taka við embætti 1. ágúst, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn.

5. Í aprílmánuði kjósa kennarar skorar sér skorarstjóra til tveggja ára í senn úr hópi fastra kennara og tekur hann við starfinu 1. júlí. Um kosningu á fulltrúum lausráðinna kennara og nemenda sem og framkvæmd á kosningu skorarstjóra segir nánar í reglugerð.

Nemendaráð.

■ **3. gr.** Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð, er tilnefni fulltrúa nemenda í skólastjórn og skólaráð; enn fremur er það rektor til ráðuneytis í málefnum skólans. Skal það kosið af nemendum skólans til eins árs í senn.

[Inntaka og skrásetning nemenda.

■ **4. gr.** Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf eða annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, og menntamálaráðuneytið fellst á það.

2. Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan prófi. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar.

3. Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslensku og fleiri greinum.

4. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu nemenda, og eru þeir einir taldir nemendur skólans, er hafa skráð sig til náms. Skrásetningargjöld skulu háð samþykki skólaráðs og menntamálaráðherra.

5. Ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu

má setja í reglugerð. Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem skólaráð ákveður.

□ Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar.][1)]

[1)] *L. 7/1981, 1. gr.*

Nám og námstími.

■ **5. gr.** Skipuleggja skal námið sem þriggja ára nám. Námstími skal eigi vera lengri en 9½ mánuður á ári og eigi skemmri en 8½. Menntamálaráðuneytið getur leyft allt að hálfs mánaðar vik frá þessu ákvæði.

□ Heimilt er að halda allt að níu mánaða námskeið á uppeldisfræðilegu sérsviði, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

■ **6. gr.** [Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

I. Uppeldisgreinar, 4 hlutir.

II. Námsgreinar grunnskóla.

a. Kjarni, 4 hlutir.

b. Valgreinar, 4 hlutir.

Nemendur velji 2 bóklegar greinar eða eina list- og verkgrein.

Skólaráð getur heimilað nemendum að auka við sig námi í valgrein.

III. Verklegt nám, æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur hið minnsta. Saman skal fara, eftir því sem við verður komið, samstillt og hnitmiðað nám í námsgreinum grunnskólans og uppeldisgreinum, einkum kennslufræði. Verklega námið fer fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum og stofnunum, eftir því sem þörf krefur.

IV. Fjalla skal um það efni á námskeiðum, sem ekki er unnt að skipa eðlilega á samfellda stundaskrá annarra vetrarlangt.][1)]

[1)] *L. 7/1981, 2. gr. Um eldri nemendur, sjá s. l. 4. gr., ákvæði til bráðabirgða.*

■ **7. gr.** Námsgreinar skólans skiptast í skorir, sem hér segir:

I. **Uppeldisgreinar:** sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar, auk skólasögu.

II. **Félagsgreinar:** félagsfræði, saga, siðfræði, trúarbragðasaga og kristinfræði.

III. **Mál:** íslenzka og íslenzk fræði, þar með talin framsögn og hljóðfræði nútíðarmáls, danska, enska.

IV. **Raungreinar:** eðlisfræði, efnafræði, líffræði, landafræði, auk stærðfræði.

V. **List- og verkgreinar:** skrift, vélritun, teiknun og handavinna, söngur og tónfræði, leiklist, íþróttir og fimleikafræði.

□ Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

■ **8. gr.** Nemendur skulu hafa tekið þátt í almennum framleiðslu- og þjónustustörfum eigi skemur en 4 mánuði samanlagt á námstímanum eða árinu, áður en kennaranám var hafið.

□ Verkleg þjálfun eða starf á uppeldisstofnun getur komið í stað almennra starfa.

Námseftirlit og almenn próf.

■ **9. gr.** 1. Eftirlit, námsmat og próf skulu vera, eftir því sem við verður komið, eðlilegur þáttur eða lokastig í námi og þjálfun og miðast m. a. við verklegar æfingar og ritgerðir, hlutlæg próf svo og þau vinnubrögð önnur, sem veita nemendum sem gleggsta vitneskju um vald þeirra á námsefninu og örva þá til frekari dáða.

2. Svo skal haga gerð prófa, að þau standist fræðilegar kröfur um áreiðanleik, svo og réttmæti í samræmi við markmið námsins.

3. Próf skulu haldin í öllum námsgreinum fyrsta árs. Skera þau úr um það, hvort nemandi heldur áfram námi annars og þriðja árs.

4. Námsefni skal, eftir því sem reglugerð ákveður, skipt niður í námsáfanga. Lýkur námi í hverjum áfanga með prófi eða annars háttar mati. Þó skal heimilt, ef skólastjórn æskir þess og ráðuneyti fellst á það, að haga lokaprófi í tilteknum greinum svo, að það nái til tveggja eða fleiri áfanga í námsefni annars og þriðja árs.

Lokapróf hvers áfanga eða námsgreinar er hluti af kennaraprófi.

5. Prófdómarar, skipaðir af menntamálaráðuneytinu, skulu dæma með kennara úrlausnir á lokaprófum til kennaraprófs.

□ Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um próf í Kennaraháskóla Íslands.

Þjálfun í starfi.

■ **10. gr.** Að afloknu samfelldu námi og prófum í Kennaraháskóla Íslands skulu kennarar njóta eins árs leiðsagnar og þjálfunar í starfi. Fræðsluskrifstofur skulu hver í sínu umdæmi skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með hinum nýju kennurum og setja þeim leiðsagnarkennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra.

Starfslið.

A. Kennarar.

■ **11. gr.** Fastir kennarar skólans eru prófessorar, dósentar og lektorar. Auk þess starfa við skólann aðjúnktar, sem menntamálaráðherra ræður til tveggja ára hið skemmsta, að fengnum tillögum skólaráðs. Skólaráð ræður stundakennara.

□ Skipa skal allt að sjö prófessora og allt að níu dósenta.

□ Um tölu lektora fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs.

□ Um vinnutíma kennara, árlegan eða vikulegan, fer eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms; í reglugerð skal kveða á um, hver sé kennsluskylda einstakra kennara.

■ **12. gr.** 1. Kennarar skólans skiptast á skorir eftir kennslugreinum sínum.

2. Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósenta og lektora.

3. Þá eina má skipa fasta kennara, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri, er þeir eiga að kenna, svo og prófi í uppeldis- og kennslufræðum. Þó má veita umsækjanda, sem ekki fullnægir þessum skilyrðum, stöðuna, ef meiri hluti dómnefndar telur hann hæfan til að gegna starfinu.

4. Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til

1971 Nr. 38 16. apríl

þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósents. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni. Heimilt er skólaráði að hlutast til um, að sams konar dómnefnd fjalli um hæfi umsækjenda um lektorsstöður.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentsstarf við Kennaraháskóla Íslands, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess.

Enn fremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur, hvort heldur eru prófessorar, dósentar eða lektorar.

[□ Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.][1)]

[1)] *L. 7/1981, 3. gr.*

B. Annað starfslið.

■ **13. gr. I. Umsjónar- og ráðgjafastörf.**

1. **Aðstoðarrektor**, er rektor ræður úr hópi fastra kennara og vera skal honum til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans kjörtímabilið.

2. **Bókavörður**, er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans.

3. **Námsráðunautar**, er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.

4. **Æfingastjóri**, er skipuleggur æfingakennslu og hefur umsjón með henni.

Þeir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

II. Störf á skrifstofu.

1. **Fulltrúi**, er sé rektor og konrektor til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans, og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.

2. **Gjaldkeri**, er annast reikningshald skólans og bókhald.

3. **Annað starfslið**, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

III. Önnur störf.

1. **Húsvörður**, er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.

2. **Tækjavörður**, er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

□ Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, sem talin eru í lið II. og III. Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólanna skal setja í reglugerð.

□ Rektor ræður starfsmenn samkvæmt grein þessari, að fenginni umsögn skólaráðs, er áður hafi leitað álits nemendaráðs, að því er námsráðunaut varðar.

Rannsóknarstofnun uppeldismála.

1971 Nr. 38 16. apríl

■ **14. gr.** 1. Komið skal á fót rannsóknarstofnun uppeldismála. Skal hlutverk hennar vera að:

a. Vinna að fræðilegum rannsóknum á sviði sál- og félagsvísinda, og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni, er teljast hafa hagnýtt gildi fyrir skólastarf á Íslandi.

b. Veita kennaraefnum og háskólastúdentum þjálfun í fræðilegum rannsóknaraðferðum sál- og félagsvísinda.

2. Til stofnunarinnar skal ráða sérfræðinga á sviði sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, félagsfræði og tölfræði, eftir þörfum og samkv. því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Heimilt er að fela föstum kennurum beggja háskóla rannsóknarstörf við stofnunina. Má þá létta af þeim hluta af starfsskyldum, enda komi til samþykki háskólaráðs eða skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

Eftir því sem tök eru á skal og veita prófessorum og dósentum aðstöðu til eigin rannsókna í stofnuninni.

■ **15. gr.** 1. Stjórn rannsóknarstofnunar uppeldismála skal vera í höndum 6 manna stjórnarnefndar, er í eigi sæti: rektor Kennaraháskóla Íslands, rektor Háskóla Íslands, fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum uppeldisskorar Kennaraháskóla Íslands, fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, formaður, skipaður af menntamálaráðherra til fjögurra ára, án tilnefningar. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

2. Vísindalegu starfi rannsóknarstofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri, kjörinn til skiptis úr hópi fastra kennara í uppeldisskor Kennaraháskóla Íslands og fastra kennara í heimspekideild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Kjörtímabil forstjóra er þrjú ár. Forstjóri skal hafa umsjón með framgangi rannsóknarverkefna stofnunarinnar og fjárreiðum hennar. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur ársskýrslu um starfsemina. Forstjóra er skylt að kenna a. m. k. ⅔ hluta kennsluskyldu sinnar í hlutaðeigandi háskóla. Um aukavinnu forstjóra utan vébanda stofnunarinnar og viðkomandi háskóla fer eftir almennum ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

3. Stjórnarnefnd hefur yfirumsjón með fjárhag stofnunarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar í fjárlögum. Hún ræður starfsmenn að stofnuninni og samþykkir val meiri háttar rannsóknarverkefna.

Æfinga- og tilraunaskóli.

■ **16. gr.** Í sambandi við Kennaraháskóla Íslands starfar æfinga- og tilraunaskóli, sem er um leið skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurborgar. Kennaraefni skulu fá kennsluæfingar í öllum þeim aldursflokkum, sem Kennaraháskólinn veitir rétt til að kenna.

■ **17. gr.** Æfingaskólinn skal hafa með höndum uppeldisfræðilegar athuganir og tilraunir eftir því, sem við verður komið. Rektor Kennaraháskóla Íslands og prófessor í uppeldis- og sálarfræði skulu í samráði við skólastjóra Æfingaskólans hafa umsjón með rannsóknarstarfi þessu.

■ **18. gr.** 1. Menntamálaráðuneytið fer með yfir-

stjórn skólans og setur og skipar kennara hans að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og að því er varðar fasta æfingakennara að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

2. Stofnkostnaður skólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir 3/5 hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur 2/5 hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara, efni til handavinnukennslu og tilraunakostnað.

Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum, að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma, að meðaltali, fyrir hvern nemanda í barna- og gagnfræðaskólum Reykjavíkur.

■ **19. gr.** Stjórn Æfingaskólans skipa rektor Kennaraháskóla Íslands, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar, skólastjóri og fastir kennarar Æfinga- og tilraunaskólans. Skólastjóri annast daglega stjórn í umboði rektors.

■ **20. gr.** Heimilt er skólastjóra Æfingaskólans að kveðja kennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, niðurskipun kennsluæfinga og eftirlit með þeim í samráði við æfingastjóra, svo og önnur störf í þágu skólans, sem nauðsyn ber til, og má þá fækka við þá kennara kennslustundum, sem því svarar, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

■ **21. gr.** 1. Ákveða skal í reglugerð um fjölda kennara og kennslustundafjölda þeirra á viku með tilliti til fjölda æfingastunda. Auk fastra æfingakennara skal ráða til starfa við skólann aðra kennara eftir þörfum og jafnan kappkosta að fá sem færasta kennara, bæði að menntun og reynslu, til kennslu við Æfingaskólann. Heimilt er, að fastir æfingakennarar séu eigi færri en aldursflokkar Æfingaskólans og einn fyrir hvert uppeldisfræðilegt sérsvið að auki. Þeir skulu annast æfingakennslu og hafa umsjón með henni í samráði við æfingastjóra og kenna við Kennaraháskóla Íslands, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. Aðrir kennarar Æfingaskólans hafa sömu laun og almennir kennarar við aðra skóla á sömu skólastigum, en fyrir æfingatíma eða tilraunastarf, sem þeir kunna að annast, fái þeir sérstaka þóknun, sem menntamálaráðuneytið ákveður.

■ **22. gr.** Barna- og gagnfræðastigsskólum þeim, sem menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraháskólans, er skylt að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Æfingaskólans skulu hafa samráð um þá æfingakennslu. Þóknun fyrir hana skal ákveðin af ráðuneytinu.

Orlof.

■ **23. gr.** Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til:

a. reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða

b. a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári með föstum embættislaunum.

□ Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að 2/3 af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans.

□ Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að það trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að náminu loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennara launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því. Nýtur staðgengill eða staðgenglar hans þá þeirra launa.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **24. gr.** 1. Nemendur, aðrir en stúdentar, sem skráðir voru í Kennaraskóla Íslands 1969 eða fyrr, og stúdentar skráðir í skólann fyrir gildistöku laga þessara, eiga rétt á að ljúka námi og prófum samkvæmt lögum um Kennaraskóla Íslands nr. 23/1963.

2. Við Kennaraháskóla Íslands skal starfrækja menntadeild og framhaldsdeild samkvæmt lögum um Kennaraskóla Íslands frá 1963, á meðan styrkbær fjöldi nemenda óskar að stunda þar nám.

3. Enn fremur má fela skólanum að annast starfrækslu framhaldsdeilda á gagnfræðastigi og búa nemendur úr framhaldsdeildum undir próf jafngilt stúdentsprófi.

4. Skipaðir kennarar í bóklegum greinum við Kennaraskóla Íslands eiga forgangsrétt á skipun í lek-

1971 Nr. 38 16. apríl

torsstöður, sem veittar verða við Kennaraháskóla Íslands innan fjögurra ára frá gildistöku laga þessara að telja.

Skipaðir kennarar í öðrum greinum eiga og forgangsrétt til samsvarandi starfa við Kennaraháskólann eða stofnanir hans.

■ **25. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 23/1963, um Kennaraskóla Íslands, sbr. þó 24. gr. þessara laga.

□ Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.

1947 Nr. 16 12. marz

Lög um menntun kennara.

I. kafli. Um kennaraskóla Íslands. ...[1)]

[1)] *Nú l. 38/1971.*

II. kafli. Um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands.

■ **12. gr.** Við heimspekideild Háskóla Íslands skal koma á fót kennslustofnun í uppeldisvísindum, jafnskjótt og aðstaða er fengin til æfinga- og tilraunakennslu. Hlutverk þessarar stofnunar er að veita kennurum við barnaskóla og skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla og sérskóla menntun í uppeldisfræði, sálarfræði og kennslufræði. Auk þess skulu kennarar í uppeldisvísindum annast rannsóknir og leiðbeiningar í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem samrýmist kennslustörfum þeirra.

■ **13. gr.** Þeir nemendur, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, skulu stunda kennsluæfingar í þeim skólum, en þeir, sem búa sig undir að verða kennarar í menntaskóla eða sérskóla, skulu stunda kennsluæfingar í menntaskóla eða samsvarandi sérskóla. En að öðru leyti fara kennsluæfingar og annar hagnýtur starfsundirbúningur fram í æfinga- og tilraunaskóla. Háskólakennarar, sem þessa kennslu annast, og nemendur þeirra hafa aðgang að slíkum skóla til athugana og tilrauna.

■ **14. gr.** Rétt til að stunda nám í uppeldisvísindum við stofnun þessa og taka þar próf hafa allir þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi, svo og stúdentar.

■ **15. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 60/1957, 43. gr.*

■ **16. gr.** Í kennslustofnun í uppeldisvísindum í háskólanum skal kenna eftirtaldar greinar:

a. lífeðlisfræði, almenna og hagnýta sálarfræði, sálarfræði barna og unglinga, heilbrigðra, geðveikladra, vangefinna og siðferðilega vangæfra;

b. vísindalega og hagnýta uppeldisfræði, sögu uppeldisfræðinnar, sögu uppeldisins, einkum hér á landi, og uppeldislega siðfræði og félagsfræði;

c. almenna kennslufræði og kennsluæfingar í einstökum greinum.

□ Þeir nemendur, sem búa sig undir kennslustörf við skóla gagnfræðastigsins, menntaskóla eða sérskóla, skulu leggja stund á almenna sálarfræði barna og unglinga og kennslufræði, einkum í þeim greinum, sem þeir öðlast réttindi til að kenna.

□ Kennsla fer fram í fyrirlestrum, tilraunum og æfingum. Sérstaka áherzlu ber að leggja á sjálfstæða vinnu nemenda.

□ Að öðru leyti fer um nám og próf eftir reglugerð, sem sett er samkvæmt 2. gr. háskólalaganna 23. júní 1936.[1)]

[1)] *L. 77/1979, 40. gr.*

III. kafli. Um æfinga- og tilraunaskóla. ...[1)]

[1)] *L. 23/1963, 21. gr.*

IV. kafli. Um Íþróttakennaraskóla Íslands. ...[1)]

[1)] *L. 65/1972, 17. gr.*

V. kafli. Um Handíðakennaraskóla Íslands. ...[1)]

[1)] *L. 23/1963, 21. gr.*

VI. kafli. Um húsmæðrakennaraskóla. ...[1)]

[1)] *Sjá l. 26/1975.*

■ **38. gr.** Húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík eða nágrenni hennar. Hann skal hafa aðstöðu til þess búreksturs, sem nauðsynlegur er vegna námsins.

■ **39. gr.** Þegar hús verður reist yfir skólann, skal þar vera heimavist fyrir þá nemendur, er búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla, svo og aðra nemendur, er heimili eiga utan Reykjavíkur.

■ **40. gr.** Markmið skólans er að búa nemendur undir:

1. hússtjórnarkennslu í húsmæðraskólum og skólum gagnfræðastigsins;

2. ráðskonustörf við heimavistarskóla og aðrar opinberar stofnanir.

■ **41. gr.** Námstími þeirra, er ætla að verða húsmæðraskólakennarar, skal vera 2 ár hið minnsta, en 1 ár fyrir þá nemendur, er búa sig undir hússtjórnarkennslu í skólum gagnfræðastigsins og ráðskonustörf.

□ Nánari ákvæði um námstíma skulu sett í reglugerð.

■ **42. gr.** Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi sé eigi yngri en 21 árs fyrir næstu áramót;

2. að nemandi sé heilbrigður;

3. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

■ **43. gr.** Nemendur, sem búa sig undir kennslu við húsmæðraskóla eða gagnfræðaskóla, skulu áður hafa lokið almennu kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslumálastjórnar. Enn fremur skulu þeir hafa stundað fjögurra mánaða nám í húsmæðraskóla og unnið að minnsta kosti 12 mánuði samtals að heimilisstörfum í kaupstað eða sveit.

□ Þeir nemendur, sem búa sig undir ráðskonustörf, skulu auk skyldunáms hafa lokið prófi í húsmæðraskóla og unnið 12 mánuði hið minnsta við eldhússtörf í matsöluhúsi, heimavistarskóla, sjúkrahúsi eða hliðstæðum stofnunum.

■ **44. gr.** Þessar námsgreinar skulu kenndar í skólanum:

Verklegar: Matreiðsla, ræsting og þvottur, garðrækt, hirðing húsdýra og búsafurða, meðferð ungbarna og kennsluæfingar.

Bóklegar: Manneldisfræði, efnis- og áhaldafræði og búreikningar.

□ Í reglugerð skal kveða nánar á um námsgreinar og námsefni. Þar skulu og settar reglur um próf og einkunnir.

■ **45. gr.** Við skólann skal starfa einn fastakennari auk skólastjóra. Stundakennara ræður skólastjóri í samráði við fræðslumálastjórn.

■ **46. gr.** Þriggja manna skólanefnd, kosin til fjögurra ára í senn, hefur umsjón með skólanum.

□ Skólanefnd skal þannig skipuð: Félag húsmæðra-

1947 Nr. 16 12. marz

kennara tilnefnir einn, Kvenfélagasamband Íslands annan, en fræðslumálastjórn hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

■ **47. gr.** Fræðslumálastjórn setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

■ **48. gr.** Heimilt er að halda námskeið fyrir kennara í aðalkennslugreinum skólans, enn fremur fyrir fóstrur samkvæmt ákvæðum reglugerðar.

VII. kafli. Um réttindi kennara o. fl.[1)]

[1)] *Sbr. l. 23/1963, 2. gr., er nema brott þau atriði í VII. kafla, sem koma í bága við greind lög, og sama gegnir um l. 63/1965, 15. gr.*

■ **49. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 51/1978, 18. gr.*

■ **50. gr.** Nú hefur kennari gegnt embætti í tíu ár við þá skóla, er í lögum þessum greinir, og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjórn beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum árs orlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof oftar en einu sinni. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

□ Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna né torveldi þau.

■ **51.—54. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 51/1978, 18. gr.*

■ **55. gr.** Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón þeirra skóla, er um getur í lögum þessum. Kostnaður við rekstur þeirra greiðist úr ríkissjóði.

1963 Nr. 23 26. apríl

Lög um Kennaraskóla Íslands.[1)]

[1)] *Nú lög 38/1971, sbr. 24. og 25. gr. Um texta laga 23/1963, sjá Lagasafn 1973, d. 697—702.*

1972 Nr. 65 29. maí

Lög um Íþróttakennaraskóla Íslands.

I. kafli. Hlutverk og réttindi.

■ **1. gr.** Hlutverk Íþróttakennaraskóla Íslands er þríþætt:

a. að búa nemendur sína undir kennslu í íþróttum, slysahjálp, líkams- og heilsufræði í skólum;

b. að búa nemendur sína undir kennslu í íþróttum og félagsstörfum hjá stofnunum, ungmenna- og íþróttafélögum;

c. að efna árlega, ef þess er kostur, til námskeiða fyrir íþróttakennara í samráði við Íþróttakennarafélag Íslands og námskeiða fyrir væntanlega og starfandi leiðbeinendur í íþróttum í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

■ **2. gr.** ...[1)]

□ Einnig geta nemendur að loknu prófi, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskóla Íslands, sbr. 1. tl. 1. gr. laga nr. 38 16. apríl 1971, um Kennaraháskóla Íslands, og lokið þaðan kennaraprófi með íþróttakennslu að sérgrein, enda fullnægi þeir inntökuskilyrðum Kennaraháskólans að öðru leyti. Tilhögun viðbótarnámsins fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraháskóla Íslands og skólanefndar Íþróttakennaraskólans. Setja má í reglugerð ákvæði um lágmarkseinkunn frá Íþróttakennaraskólanum sem skilyrði fyrir inngöngu í Kennaraháskólann.

[1)] *L. 51/1978, 18. gr.*

1972 Nr. 65 29. maí

■ **3. gr.** Íþróttakennaraskóli Íslands er tveggja ára skóli. Námstími hvort skólaár skal eigi vera skemmri en 8½ mánuður, auk íþróttakennslu í 70 kennslustundir að sumrinu. Hefur skólinn umsjón með kennslunni.

II. kafli. Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

■ **4. gr.** Almenn inntökuskilyrði í skólann eru þessi:

a. að nemandi sé heilbrigður og vel hæfur til íþróttaiðkana,

b. að nemandi sé eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólaráðs,

c. að nemandi sé eigi yngri en 18 ára á því ári, sem hann hefur nám.

■ **5. gr.** Inntaka nemenda er í höndum skólaráðs. Skólavist geta þeir hlotið, sem lokið hafa:

1. a. stúdentsprófi,

b. almennu kennaraprófi,

c. prófi undirbúningsdeildar sérnáms Kennaraskólans,

d. prófi með ákveðinni lágmarkseinkunn frá framhaldsdeild gagnfræðaskóla.

2. Annað nám veitir og réttindi til inntöku, ef skólaráð telur það jafngilt og mælir með því, en skólanefnd fellst á það.

Heimilt er að úrskurða um skólavist nemenda með hliðsjón af hæfnisprófi eða öðrum matsaðferðum.

3. Rétt til náms í II. bekk eiga þeir, sem lokið hafa prófi eftir nám í I. bekk með ákveðinni lágmarkseinkunn samkvæmt reglugerð, að viðbættri íþróttakennslu í a. m. k. 70 kennslustundir.

4. Rétt til þátttöku í námskeiði fyrir leiðbeinendur í íþróttum eiga þeir, er náð hafa 18 ára aldri og hlotið meðmæli stjórnar hlutaðeigandi ungmenna- eða íþróttafélags.

■ **6. gr.** Stefnt skal að því að gera námsefni skólans þríþætt: kjarna, kjörsvið og valgreinar.

□ Kjarninn er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans.

□ Kjörsvið er það námsefni, greinar eða greinaflokkar, sem nemendur geta valið sér.

□ Valgreinar eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða kjörsviðs nemanda. Nemandi verður að geta unnið sjálfstætt að valgreinum, en skal velja sér þær í samráði við skólastjóra.

□ Í reglugerð skal kveða á um námsgreinar og vægi námsþátta.

□ Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

□ Nánar skal kveðið á um námsefni í reglugerð, en skólanefnd ákveður námsefni á námskeiðum fyrir leiðbeinendur í samráði við Ungmennafélag Íslands, Íþróttasamband Íslands og sérsambönd þess, en fyrir íþróttakennara í samráði við Íþróttakennarafélag Íslands.

1972 Nr. 65 29. maí

■ **7. gr.** 1. Próf skulu fara fram í lok hvors skólaárs. Skólaráði er þó heimilt að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma. Ljúka má námi í einstökum greinum á fyrra skólaári. Skulu einkunnir í þeim greinum skráðar á íþróttakennaraprófsskírteini. Í reglugerð skal kveðið á um námsefni til prófs. Skal þar miðað við, að vægi einkunna sé í réttu hlutfalli við vinnu nemenda og kennslustundafjölda í hverri grein.

Við lokapróf skulu prófdómarar skipaðir af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum skólaráðs.

2. Próf skulu fara fram í lok hvers námskeiðs fyrir leiðbeinendur. Viðkomandi sérsamband skipar þar prófdómara með samþykki skólastjóra.

□ Nánar skal kveðið á um próf í reglugerð.

III. kafli. Stjórn og starfsmenn skólans.

■ **8. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Skólaráð skal þannig skipað: Skólastjóri, sem er formaður, fastir kennarar, einn fulltrúi lausráðinna kennara og tveir fulltrúar nemenda. Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur auk annarra starfa samkv. lögum þessum. Skólastjóri stjórnar fundum, kveður skólaráð til funda reglulega og auk þess þegar þriðjungur skólaráðsmanna óskar. Kjörtímabil skólaráðs er eitt ár.

□ Skólanefnd skal þannig skipuð: Íþróttafulltrúi ríkisins, sem er formaður, einn tilnefndur af Íþróttasambandi Íslands, einn af Ungmennafélagi Íslands, einn af Íþróttakennarafélagi Íslands og einn af nemendum. Hlutverk skólanefndar er að vera skólastjóra til ráðuneytis og aðstoðar um málefni skólans auk annarra starfa samkv. lögum þessum. Skólastjóri á sæti á fundum skólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Kjörtímabil skólanefndar er þrjú ár, nema nemenda eitt ár.

□ Ákveða skal nánar í reglugerð starfssvið skólaráðs og skólanefndar.

■ **9. gr.** Fastir starfsmenn skólans eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólans skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leitað umsagnar skólaráðs og skólanefndar.

□ Til að verða skipaður kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá viðurkenndum íþróttakennaraskóla, að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein, sem yfirstjórn skólans metur gilt.

■ **10. gr.** Skólinn skal vera svo vel búinn starfsliði, að hann geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um, og annast íþróttakennslu í öðrum opinberum skólum að Laugarvatni.

□ Skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk í samráði við menntamálaráðuneytið.

■ **11. gr.** Launakjör skólastjóra, kennara og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

□ Yfirstjórn skólans ákveður kennsluskyldu skólastjóra. Námskeiðskennarar taka laun samkvæmt sömu reglum og gilda um stundakennslu. Þeir fá greiddan ferða- og dvalarkostnað skv. gildandi reglum um greiðslu kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

■ **12. gr.** Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð. Má þá fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíkum aukastörfum.

1972 Nr. 65 29. maí

■ **13. gr.** Óski kennari, sem starfað hefur við skólann í 10 ár, eftir orlofi í allt að eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann senda yfirstjórn skólans beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Beiðni um orlof skal leggja fram með árs fyrirvara. Skal þess gætt, að orlof kennara torveldi ekki störf skólans.

□ Yfirstjórn skólans getur veitt kennurum allt að ársorlof með fullum launum.

IV. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **14. gr.** Skólinn hefur aðsetur að Laugarvatni, en ýmsir þættir í starfi hans mega fara fram á öðrum stöðum, eftir því sem þörf krefur og fjárhagur skólans leyfir.

■ **15. gr.** Stofn- og rekstrarkostnaður skólans greiðist úr ríkissjóði.

■ **16. gr.** Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð[1)] um framkvæmd laga þessara.

[1)] *Rg. 311/1981.*

■ **17. gr.** Með lögum þessum er úr gildi numinn IV. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947, um menntun kennara, svo og önnur ákvæði, sem brjóta kunna í bága við lög þessi.

■ **18. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við upphaf skólaárs 1972.

Lög um Fósturskóla Íslands.

1973 Nr. 10 6. apríl

I. kafli. Skipulag Fósturskólans, hlutverk og starfshættir.

■ **1. gr.** Fósturskóli Íslands er ríkisskóli með aðsetri í Reykjavík.

□ Skólinn er jafnt fyrir karla sem konur.

■ **2. gr.** Hlutverk skólans er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til 7 ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum, forskólabekkjum barnaskóla og leikvöllum. Heimilt er að fela Fósturskóla Íslands að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum.

■ **3. gr.** Í starfsemi Fósturskólans skal að því stefnt að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda uppeldisstörf á þeim sviðum, sem skólanum er ætlað að fást við, sbr. 2. gr.

□ Leggja skal áherzlu á uppeldisleg markmið og starfshætti þeirra stofnana, sem skólinn menntar starfslið til, og á þann hagnýta grundvöll, sem starfsemi þeirra er reist á. Námið á að veita innsýn í almenna uppeldis- og sálarfræði og þó sérstaklega þróunarsálfræði barna. Stefnt skal að því að efla alhliða þroska nemenda, þjálfa sjálfstæða hugsun og sjálfstæð vinnubrögð, jafnframt því sem lögð er áherzla á samvinnu í hópstarfi, hugkvæmni, alúð og skyldurækni í starfi.

■ **4. gr.** Skólinn skal leitast við að fylgjast sem gerst með nýjungum í uppeldis- og sálarfræði, einkum varð-

andi barnasálfræði og uppeldisleg markmið, starfshætti og fyrirkomulag þeirra stofnana, sem skólinn menntar starfslið til.

■ **5. gr.** Skólinn skal annast endurmenntun og viðbótarmenntun starfsfólks á þeim uppeldissviðum, sem starfsemi skólans tekur til, með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í uppeldismálum. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að skólinn haldi námskeið fyrir aðstoðarfólk, sem ráða þarf að dagvistunarheimilum, meðan skortur er á fóstrum.

□ Um námstíma og starfssvið skal kveða nánar á í reglugerð.

■ **6. gr.** Fósturskólinn skal hafa náið samband við Kennaraháskóla Íslands, m. a. um framhaldsmenntun fóstra. Skal kveða nánar á um það og tengsl milli skólanna í reglugerð.

II. kafli. Stjórn skólans.

■ **7. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Fósturskóla Íslands.

□ Við skólann skal vera skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn, og starfar hún samkv. erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formaður er skipaður án tilnefningar, einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu Fóstrufélags Íslands og annar samkvæmt tilnefningu Barnavinafélagsins Sumargjafar, meðan það fer með stjórn barnaheimila í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Ef rekstur barnaheimila í Reykjavík verður falinn borgarstofnunum, skal einn skólanefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkur.

□ Við Fósturskóla Íslands skal vera skólaráð skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri skal vera formaður þess, en auk hans sitja í ráðinu tveir kennarar skólans og tveir fulltrúar nemenda, kosnir til eins árs í senn.

□ Ákveða skal nánar í reglugerð um starfssvið skólanefndar og skólaráðs.

■ **8. gr.** Við Fósturskólann skal starfa nemendaráð, sem sé skólastjóra til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð, sbr. 7. gr., með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar. Nemendur setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólaráðs og staðfestingu yfirstjórnar skólans.

III. kafli. Inntaka nemenda í Fósturskólann.

■ **9. gr.** Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólanefndar. Skólastjóri gerir tillögur til hennar um það efni.

■ **10. gr.** Inntökuskilyrði í Fósturskólann eru þessi:

1. Stúdentspróf, kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands eða gagnfræðapróf að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum, t. d. verzlunarskóla, lýðháskóla eða húsmæðraskóla.

2. Heimilt er að veita umsækjendum skólavist, þótt þeir fullnægi ekki menntunarkröfum 1. töluliðar, með hliðsjón af hæfniprófum eða öðrum tiltækum matsaðferðum og að nokkru með tilliti til starfsreynslu á þeim stofnunum, sem skólinn menntar starfslið til.

3. Nemandi skal eigi vera yngri en 18 ára.

4. Nemandi skal eigi vera haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólanefndar.

□ Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku eða fleiri greinum í sambandi við inntöku nemenda í skólann.

□ Enn fremur má ákveða í reglugerð að láta alla nemendur ganga undir hæfnipróf.

IV. kafli. Um nám, námstíma og námstilhögun.

■ **11. gr.** Námstími í skólanum er þrjú ár, og skal nám vera bóklegt og verklegt.

□ Um skiptingu náms í bóklegar og verklegar annir skal mælt fyrir í reglugerð.

■ **12. gr.** Grunnmenntun sú, sem Fósturskólinn veitir, sbr. 2. gr., skiptist í ýmsar uppeldisgreinar, félagsgreinar, list- og verkgreinar, móðurmálsgreinar og heilsufræðigreinar. Auk þess fer verklegt nám fram í stofnunum, sem skólanefnd viðurkennir og menntamálaráðuneytið samþykkir.

□ Um nám samkvæmt 1. málsgrein skal nánar ákveðið í reglugerð.

■ **13. gr.** Skólanefnd getur undanþegið nemanda, sem áður hefur aflað sér þekkingar í einstökum námsgreinum, samkv. 12. gr., tímasókn í þeim að nokkru leyti eða öllu.

■ **14. gr.** Stefnt skal að því að starfrækja í tengslum við Fósturskólann og undir yfirstjórn hans æfinga- og tilraunastofnun fyrir börn fram til 7 ára aldurs, þar sem nemendum Fósturskólans sé búin sérstök aðstaða til athugana á atferli og leikjum barna og á uppeldislegum starfsháttum.

□ Menntamálaráðuneytið leitar samninga við Reykjavíkurborg um skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar við æfinga- og tilraunastofnunina.

V. kafli. Um námsáfanga og próf.

■ **15. gr.** Í lok hvers námsáfanga (annar) skal úrskurða um hæfni nemanda til að hefja nám á næsta áfanga.

□ Kveðið skal á um námsmat í bóklegum og verklegum greinum í reglugerð.

□ Menntamálaráðuneytið skipar, að fengnum tillögum skólastjóra, prófdómendur í uppeldis- og félagsgreinum og í öðrum greinum eftir því, sem ákveðið er í reglugerð.

VI. kafli. Um starfslið Fósturskólans.

■ **16. gr.** Fósturskóli Íslands skal vera svo vel búinn starfsliði, að hann geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um, þ. á m. við umsjónar- og ráðgjafastörf, störf á skrifstofu og við önnur verkefni.

□ Skólanefnd gerir, að fengnum tillögum skólastjóra, ár hvert tillögur til menntamálaráðuneytisins um framlög til skólans í þessu skyni, sbr. 21. gr.

■ **17. gr.** Fastir starfsmenn Fósturskólans eru opinberir starfsmenn.

□ Forseti Íslands skipar skólastjóra. Fasta kennara og aðra fasta starfsmenn skipar menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri gerir tillögur til skólanefndar um skipun kennara. Greini skólastjóra og skólanefnd á, skulu tillögur skólastjóra lagðar fyrir menntamálaráðuneytið jafnframt tillögum skólanefndar.

□ Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum.

1973 Nr. 10 6. apríl

Skólastjóri ræður annað starfsfólk skólans með sama fyrirvara.

■ **18. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 51/1978, 18. gr.*

■ **19. gr.** Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til

a. reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða

b. a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári, á föstum embættislaunum.

☐ Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrir fram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans.

☐ Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að það trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu við skólann í minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennara launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því. Nýtur staðgengill eða staðgenglar hans þá þeirra launa.

☐ Kennarar skólans skulu eiga þess kost, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að sækja námskeið í kennslugreinum sínum sér að kostnaðarlausu til að auka og endurnýja þekkingu sína. Skal þeim skylt að sækja slík námskeið, ef eigi koma til lögleg forföll að dómi skólastjórnar.

■ **20. gr.** Um laun og vinnutíma starfsmanna skólans fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna.

☐ Menntamálaráðuneytið ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

1973 Nr. 10 6. apríl

VII. kafli. Um húsrými og tæki.

■ **21. gr.** Að fengnum tillögum skólanefndar sér menntamálaráðuneytið skólanum fyrir húsrými, er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerð, bókasafni og lesstofum, félagsherbergjum nemenda, skrifstofu og húsnæði fyrir kennara o. fl.

☐ Í reglugerð skal kveða nánar á um þessi efni, þ. á m. um lágmarkskröfur um hlutfall milli húsrýmis og nemendafjölda.

☐ Fósturskólanum skal séð fyrir safni bóka og annarra kennslugagna, er nemendur eigi aðgang að, svo og þeim kosti kennslutækja, sem þörf er á.

☐ Skólastjóri gerir árlega áætlun um rekstur skólans og kostnað við skólahald næsta skólaár, sem hann leggur fyrir skólanefnd. Skólanefnd gerir síðan tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingu til skólans, sem liggja skulu fyrir við undirbúning fjárlagafrumvarps.

VIII. kafli. Um heilsuvernd.

■ **22. gr.** Í reglugerð skulu sett ákvæði um heilsuvernd í Fósturskóla Íslands, þ. á m. ákvæði um skólalækni og skólahjúkrunarkonu og eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum.

IX. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **23. gr.** Í reglugerð,[1)] sem menntamálaráðuneytið setur, að höfðu samráði við skólastjóra og skólanefnd, skal m. a. kveðið á um skólatíma og leyfi, reglu og aga og vinnudag nemenda og kennara í skólanum, en auk þess skal mæla þar fyrir um framkvæmd laganna að öðru leyti eftir því, sem efni er til.

[1)] *Rg. 137/1979.*

X. kafli. Ákvæði til bráðabirgða.

■ **24. gr.** Þeir nemendur Fóstruskóla Sumargjafar, sem nám stunda í þeim skóla við gildistöku laga þessara, eiga rétt á að halda áfram námi sínu við Fósturskóla Íslands, eftir að hann er stofnaður, í samræmi við námstilhögun, sem gilti í skólanum, er þeir hófu nám sitt þar.

☐ Skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar á forgangsrétt á starfi skólastjóra við Fósturskóla Íslands, þegar hann verður stofnaður.

■ **25. gr.** ...

☐ Fósturskóli Íslands skal taka við störfum Fóstruskóla Sumargjafar, þegar er samningum er lokið við Barnavinafélagið Sumargjöf í Reykjavík um eigur og skuldbindingar skólans.

Lög um skólakerfi.[1)]

1974 Nr. 55 21. maí

[1)] *Rg. 113/1958 (um notkun skólahúsa og samkomuhald í skólum). Bréf 212/1950, sbr. 464/1981 og 120/1970 (um bindindiseftirlit í skólum), augl. 90/1972. Sett samkv. l. 22/1946.*

■ **1. gr.** Allir skólar, sem kostaðir eru eða styrktir að hálfu eða meira af almannafé, mynda samfellt skólakerfi, sé eigi annað tekið fram í lögum.

■ **2. gr.** Skólakerfið skiptist í þrjú stig:

1. skyldunámsstig,
2. framhaldsskólastig,
3. háskólastig.

1974 Nr. 55 21. maí

Á skyldunámsstigi er grunnskólinn. Á framhaldsskólastigi eru almennir framhaldsskólar, þar á meðal fjölbrautaskólar og menntaskólar, svo og sérskólar. Á háskólastigi er háskóli og hliðstæðir skólar.

■ **3. gr.** Grunnskóli er fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára og er þeim skylt að sækja hann. Grunnskólinn veitir almenna undirstöðumenntun og býr undir nám á framhaldsskólastigi.

■ **4. gr.** Framhaldsskólar eru tveggja til fjögurra ára skólar, sem greinast í námsbrautir eftir því, sem þörf krefur. Stúdentspróf frá framhaldsskóla veitir rétt til háskólanáms. Um sérskóla og aðra skóla á framhaldsskólastigi segir í lögum þeirra og reglugerðum.

■ **5. gr.** Til inngöngu í háskóla þarf stúdentspróf eða jafngildi þess samkvæmt því, sem lög um háskóla ákveða. Menntamálaráðuneytið getur að fengnu áliti háskólaráðs ákveðið önnur inntökuskilyrði í einstakar háskóladeildir, ef þörf gerist.

□ Háskóli Íslands greinist í þær deildir, sem ákveðið er í lögum hans og reglugerð. Um aðra skóla á háskólastigi segir í lögum þeirra og reglugerðum.

■ **6. gr.** Kennsla er veitt ókeypis í öllum opinberum skólum. Í einkaskólum, sem kostaðir eru að meiri hluta af almannafé, eru skólagjöld háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

■ **7. gr.** Í öllu starfi skóla skulu konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar sem nemendur.

■ **8. gr.** Ríki og sveitarfélögum er skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar, eftir því sem lög kveða nánar á um.

■ **9. gr.** Nú getur nemandi eigi stundað skyldunám sakir fjárskorts, og skal þá menntamálaráðuneytið, að fenginni umsögn viðkomandi fræðslustjóra, svo og öðrum þeim upplýsingum, er sanni ástæður nemandans, veita til þess styrk úr ríkissjóði.

□ Séu samtímis í heimavistarskóla á skyldunámsstigi fleiri en tvö systkin frá sama heimili í skólahverfinu eða fleiri en tvö börn, sem eiga sömu framfærsluforeldra, skal ríkissjóður greiða að fullu fæðiskostnað fyrir þau, sem eru umfram tvö.[1)]

[1)] *Rg. 214/1975 (um greiðslu fæðiskostnaðar).*

■ **10. gr.** Nánari ákvæði um framkvæmd fræðslu, skólaskipan hvers stigs og fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til skólahaldsins skulu sett í lögum og reglugerðum fyrir skóla hvers stigs.[1)]

[1)] *Rg. 182/1976 (um störf fræðslustjóra).*

■ **11. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa og eigi síðar en 10 árum eftir gildistöku þeirra. Falla samtímis úr gildi lög nr. 22/1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

1970 Nr. 12 25. marz

Lög um menntaskóla.

I. kafli. Skólarnir, markmið þeirra og skipulag.

■ **1. gr.** Menntaskólar skulu vera svo margir sem þörf er á, þar á meðal a. m. k. þrír í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

■ **2. gr.** Það er markmið menntaskóla að efla þroska nemenda sinna, veita þeim almenna menntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám og þátttöku í lífi og starfi þjóðfélagsins.

■ **3. gr.** Menntaskólar eru fjögurra ára skólar. Í skipulagi skólanna skal að því stefnt, að nemendur eigi völ á námsefni og kennslu í samræmi við þarfir sínar og óskir, ekki síst með tilliti til framhaldsnáms í háskóla.

■ **4. gr.** Skólarnir eru jafnt fyrir pilta og stúlkur.

■ **5. gr.** Setja má á stofn í tilraunaskyni menntaskóla, er séu óháðir tilteknum ákvæðum þessara laga, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, sem lögin setja um stúdentspróf og rétt til inngöngu í háskóla.

II. kafli. Um inntöku nemenda í skólann.

■ **6. gr.** Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar.

■ **7. gr.** Í hinu samfellda skólakerfi taka menntaskólar við af bóknámsdeildum miðskóla, og veitir próf úr þeim deildum rétt til inngöngu í 1. bekk menntaskóla með þeim skilyrðum, er sett eru í reglugerð. Heimilt skal að taka í 1. bekk nemendur af öðrum skólastigum, enda sé undirbúningur þeirra fullnægjandi að dómi skólastjórnar, og skulu nánari fyrirmæli um þetta sett í reglugerð.

■ **8. gr.** Til þess að verða tekinn í aðra bekki menntaskóla þarf nemandi að fullnægja inntökuskilyrðum 1. bekkjar (sbr. 7. gr.) og námskröfum allra bekkja fyrir neðan þann, er sótt er um inngöngu í. Enn fremur skal hann standast öll lokapróf í lægri bekkjum (sbr. 10. gr.).

III. kafli. Um námsefnið.

■ **9. gr.** a. Námsefni skólanna skal metið í einingum, og skal hver eining jafngilda einni meðalkennslustund á viku. Meðalkennslustund er 45 mínútur. Heildarnámsefni skólanna skal vera sem næst 144 einingar.

b. Námsefni skólanna skal vera þríþætt: kjarni, kjörsvið og valgreinar.

Kjarninn er það námsefni, sem sameiginlegt er öllum nemendum skólans, hvaða námsbraut sem þeir velja sér innan skólans. Þetta námsefni má nema allt að 100 einingum.

Kjörsviðin eru grundvöllur deildaskiptingar innan skólans. Þau eru flokkar samstæðra greina, og skal hver nemandi velja einn slíkan flokk í heild. Þetta námsefni skal nema 24 einingum hið fæsta.

Valgreinar eru allt það námsefni hvers nemanda, sem eigi telst til kjarna eða til kjörsviðs nemandans. Nemendum skal eftir föngum gefinn kostur á að nýta sér valfrelsið jafnt til að efla kunnáttu sína í skyldugreinum sínum sem til að auka almenna menntun sína með því að leggja stund á nýjar greinar. Þetta námsefni skal nema 14 einingum hið fæsta.

□ Hlutverk kjarnans er að leggja breiðan almennan grundvöll að náminu, hlutverk kjörsviðs að tryggja nokkra dýpt á ákveðnu sviði. Kjarni og kjörsvið skulu til samans tryggja þá kunnáttu og þann þroska, er geri nemendur hæfa til að takast á hendur nám í háskóla.

□ Í námsskrá og reglugerð skal nánar ákveðið um efnisinnihald kjarna, kjörsviða og valgreina.

□ Um val námsgreina skulu nemendur jafnan hafa samráð við skólastjóra og kennara eða þá starfsmenn skólanna, er til slíks eru settir. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um valið.

1970 Nr. 12 25. marz

IV. kafli. Um námsáfanga og próf.

■ **10. gr.** Skipulagsgrundvöllur kennslunnar er skólaárið, en heimilt er að skipta því í námsáfanga (annir) eftir því, sem henta þykir. Í lok hvers námsáfanga skal úrskurða um hæfni nemenda til að hefja nám í næsta áfanga. Í þeim tilgangi má eftir þörfum halda yfirlitspróf í námsefni áfangans eða skólaársins.

□ Lokapróf skal halda í hverri grein, er kennslu í henni lýkur til fulls.

□ Nánari ákvæði um lokapróf, mat á hæfni og einkunnir skal setja í reglugerð.

■ **11. gr.** Nemandi hefur lokið stúdentsprófi, þegar hann hefur staðizt öll lokapróf á kjörsviði sínu og lokið prófi í kjarna og öllum öðrum greinum samkvæmt þeim fyrirmælum, er sett eru í reglugerð. Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í Háskóla Íslands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerðum.

□ Setja má í reglugerð ákvæði um námsefni og prófkröfur er heimili, að menntaskólanámi ljúki með öðru fullnaðarprófi en stúdentsprófi.

■ **12. gr.** Umsjón með lokaprófum skal falin prófdómendum, er yfirstjórn skólanna skipar eftir tillögum skólastjóra að fenginni umsögn háskólaráðs. Um verksvið prófdómenda skal nánar kveðið á í reglugerð.

V. kafli. Um starfslið skólanna.

■ **13. gr.** Menntaskólar skulu svo vel búnir starfsliði, að þeir geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um. Við hvern menntaskóla, sem fullnægir skilyrðum um nemendafjölda og annað, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð, skal því auk skipaðs skólastjóra og kennara ráða í eftirtalin störf m. a.:

A. Umsjónar- og ráðgjafastörf.

1. **Aðstoðarskólastjóri** (konrektor), er skal vera skólastjóra til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans.

2. **Bókavörður**, er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans.

3. **Deildarstjórar**, er hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum í einstökum námsgreinum eða greinaflokkum.

4. **Námsráðunautar**, er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.

5. **Félagsráðunautar**, er skulu vera nemendum til ráðuneytis um félagsstörf og hafa með höndum umsjón með framkvæmd þeirra.

Þeir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

B. Störf á skrifstofu.

1. **Fulltrúi**, er sé skólastjóra og aðstoðarskólastjóra til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans, og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.

2. **Gjaldkeri**, er annast reikningshald skólans og bókhald.

C. Önnur störf.

1. **Húsvörður**, er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.

2. **Tækjavörður**, er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Í heimavistarskólum skulu auk þess vera:

3. **Húsbóndi og húsfreyja**, er hafa með höndum umsjón og stjórn í heimavistum pilta og stúlkna.

□ Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, er talin eru í lið B og lið C.

□ Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólanna skal setja í reglugerð.

■ **14. gr.** Fastir starfsmenn menntaskóla eru embættismenn ríkisins. Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Fastir kennarar og aðrir fastir starfsmenn skólanna skulu skipaðir af ráðherra, og skal áður leita umsagnar skólastjóra.[1)]

□ Þeir kennarar, er gegnt hafa fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, hljóta starfsheitið yfirkennarar.

□ Tölu fastra kennara skal miða við það, að eigi komi fleiri en 20 nemendur á hvern þeirra.

□ Skólastjórar skulu ráða stundakennara og annað starfsfólk skólanna með samþykki ráðuneytis.

[1)] *14. gr. 1. mgr. er fallin úr gildi, "að því er tekur til kennara og skólastjóra", sbr. l. 51/1978, 18. gr.*

■ **15. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 51/1978, 18. gr.*

■ **16. gr.** Kennari skal starfa með nemendum sínum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka kennslustundum kennara með hliðsjón af slíkum aukastörfum. Yfirstjórn skólanna ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

■ **17. gr.** Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskað að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda yfirstjórn skólanna beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef yfirstjórn skólanna telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hún veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal senda með árs fyrirvara. Yfirstjórn skólanna veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

□ Yfirstjórn skólanna setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

■ **18. gr.** Fastir kennarar á menntaskólastigi, er eigi fullnægja gildandi kröfum um menntun kennara, skulu, þegar skólastjórn mælir með því, eiga rétt á orlofi í allt að tvö ár til að ljúka fullgildu prófi. Á þessu tímabili skulu þeir njóta launa eftir mati á aðstæðum hverju sinni. Að náminu loknu skal þeim skylt að kenna a. m. k. þrjú ár við skóla á menntaskólastigi.

□ Kennarar á menntaskólastigi skulu eiga þess kost, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að sækja námskeið í aðalkennslugreinum sínum, sér að kostnaðarlausu, til að auka og endurnýja þekkingu sína. Skal þeim skylt að sækja slík námskeið, ef eigi koma til lögleg forföll að dómi skólastjórnar.

■ **19. gr.** Heimilt er yfirstjórn skólanna að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til

1970 Nr. 12 25. marz

1970 Nr. 12 25. marz

þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna.

VI. kafli. Um húsrými og tæki.

■ **20. gr.** Í hverjum menntaskóla skal séð fyrir húsrými, á skólalóð eða í næsta nágrenni, er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerðum, bókhlöðu (sbr. 21. gr.), samkomusal, íþróttahúsi, kennarastofum, félagsherbergjum nemenda, skrifstofum, eldhúsi og borðstofum og geymslum. Yfirstjórn skólanna skal setja sérstaka reglugerð, þar sem kveðið er á um lágmarkskröfur í þessum efnum og hlutfall milli húsrýmis og nemendafjölda.

■ **21. gr.** Við hvern menntaskóla skal vera safn bóka og annarra kennslugagna, er nemendur eigi aðgang að jafnt á kennslutíma sem utan hans. Í tengslum við bókasafnið skulu vera lestrarsalir, og skal kveðið á um stærð þeirra í reglugerð þeirri, er um getur í 20. gr.

□ Kennslustofur skólanna skulu eftir föngum vera fagkennslustofur, og skulu þær búnar þeim kosti handbóka, hjálpargagna og kennslutækja, sem þörf er á.

□ Yfirstjórn skólanna skal, strax eftir gildistöku laganna, semja skrá um nauðsynleg og æskileg rit og tæki. Skrána skal endurskoða í heild eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.

VII. kafli. Um stjórn skólanna.

■ **22. gr.** Yfirstjórn skólanna er menntamálaráðuneytið. Skólastjórn er skólastjóri og skólaráð undir forsæti hans. Skólaráð skipa aðstoðarskólastjóri, fulltrúar almenns kennarafundar og nemenda (sbr. 23. gr.). Hlutverk skólaráðs er að vera skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri kveður skólaráð til fundar með reglulegu millibili og auk þess eftir þörfum. Skólastjórn fer með öll þau málefni skólans, sem ekki eru sérstaklega falin skólastjóra einum eða almennum kennarafundi í reglugerð. Um skipan skólaráðs, starfstíma þess og starfsháttu skal að öðru leyti kveðið á í reglugerð.

■ **23. gr.** Í hverjum skóla skal starfa nemendaráð, er sé fulltrúi nemenda gagnvart skólastjórn og henni til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar um það. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólastjórnar og staðfestingu yfirstjórnar skólanna.

■ **24. gr.** Samstarfsnefnd fyrir menntaskólastigið mynda skólastjórar menntaskólanna, skólastjórar Verzlunarskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands og Tækniskóla Íslands og sambærilegra skóla á menntaskólastigi, er stofnaðir kunna að verða, svo og ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, sem er formaður nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að tryggja eftir þörfum samvinnu og samstiga þróun skóla á menntaskólastiginu.

VIII. kafli. Um heilsuvernd.

■ **25. gr.** Yfirstjórn skólanna skipar, í samráði við skólayfirlækni og skólastjórn, skólalækna og skólahjúkrunarkonur og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þau skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum. Setja skal í reglugerð sérstök ákvæði um heilsuvernd í heimavistarskólum.

IX. kafli. Um reglugerð fyrir skólana.

1970 Nr. 12 25. marz

■ **26. gr.** Menntamálaráðuneytið setur skólunum, að höfðu samráði við skólastjórnir, reglugerð[1)] um framkvæmd þessara laga strax eftir gildistöku þeirra, og skal þar meðal annars kveðið nánar á um þessi atriði:

1. Inntöku nemenda (sbr. 7. gr.).
2. Efnisinnihald kjarna, kjörsviða og valgreina (sbr. 9. gr.).
3. Val námsgreina (sbr. 9. gr.).
4. Lokapróf og mat á námsárangri og hæfni til að flytjast milli námsáfanga (sbr. 10. gr.).
5. Stúdentspróf og annað fullnaðarpróf frá menntaskóla (sbr. 11. gr.).
6. Prófdómendur og verksvið þeirra (sbr. 12. gr.).
7. Ráðningu starfsliðs, starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna (sbr. 13. gr.).
8. Störf kennara utan kennslustunda (sbr. 16. gr.).
9. Orlof (sbr. 17. gr.).
10. Skipan skólaráðs, starfshætti þess og starfstíma, og almennan kennarafund (sbr. 22. gr.).
11. Nemendaráð (sbr. 23. gr.).
12. Heilsuvernd í heimavistarskólum (sbr. 25. gr.).
13. Skólatíma og leyfi.
14. Reglu og aga.
15. Vinnudag nemenda og kennara í skólanum.

[1)] *Rg. 270/1974, sbr. 600/1982.*

X. kafli. Um gildistöku laganna.

■ **27. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 58/1946, um menntaskóla, og önnur ákvæði, er fara í bág við þessi lög. Þó skulu gilda ákvæði eldri laga og reglugerða um námsefni og námstilhögun fyrir þá nemendur, er þegar hafa gengið inn í skólana.

Lög um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi.

1976 Nr. 51 25. maí

■ **1. gr.** Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal búa nemendur undir störf í viðskiptalífinu og leggja jafnframt almennan þekkingargrundvöll. Skal hún vera hluti af samræmdu framhaldsnámi að loknum grunnskóla, sbr. 4. gr., og svo sem nánar segir í lögum þessum.

■ **2. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

■ **3. gr.** Inntaka nemenda til námsins er í höndum stjórnar þess skóla, sem menntunina veitir.

□ Rétt til að hefja viðskiptanám samkvæmt lögum þessum hafa þeir, sem staðist hafa grunnskólapróf eða hlotið aðra hliðstæða menntun. Heimilt er að ákveða í reglugerð um lágmarkseinkunnir, sem krafist kann að verða.

■ **4. gr.** Námsefni skal greint í kjarna og kjörsvið. Í kjarna skulu vera eftirtaldar greinar: íslenska, stærðfræði, eitt Norðurlandamál, enska, vélritun, bókfærsla og hagfræði. Kjörsvið skulu vera eftir því sem námsbrautir og námslok gefa tilefni til.

□ Námsefninu skal skipt í námseiningar, er skilgreindar verði í reglugerð. Skal jafnan við það miðað, að sem hagkvæmast verði fyrir nemendur að bæta við sig námi, enda verði námið þáttur í samræmdri menntun á framhaldsskólastigi.

□ Menntamálaráðuneytið setur í námsskrá og/eða reglugerð nánari ákvæði um námsskipan, kjörsvið,

1976 Nr. 51 25. maí

stundaskrá, námsefni, próf og kennsluhætti.

■ **5. gr.** Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi skal miða að því, að nemendur eigi völ á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslu- og deildarstjórastörf í verslunum, svo og stjórnunarstörf. Jafnframt skulu nemendur eiga þess kost að búa sig undir stúdentspróf.

□ Námið skal vera eins til fjögurra ára nám, svo sem hér greinir:

a. Eins, tveggja eða þriggja ára almennt og sérhæft viðskiptanám, og skal nemandi hljóta skírteini og vitnisburð um nám sitt að loknum hverjum ársáfanga.

b. Eins árs viðbótarnám, að loknu þriggja ára almennu og sérhæfðu viðskiptanámi samkvæmt a-lið, er miðli nemendum almennri menntun til stúdentsprófs. Veitir stúdentsprófið þann rétt til háskólanáms, sem ákveðið er í lögum og reglugerð fyrir Háskóla Íslands og aðrar menntastofnanir á háskólastigi. Auk þess skal umrætt nám hafa að markmiði að gera nemendur hlutgengari til starfa í viðskiptalífinu.

□ Í náminu skal þess jafnan gætt, að nemendur eigi kost á hæfilegu valfrelsi milli kjörsviða.

□ Starfsþjálfun er hluti af umræddu námi, eftir því sem reglugerð mælir nánar fyrir um, og er skólum þeim, sem menntunina veita, heimilt að fela viðskiptafyrirtækjum að annast tiltekna þætti þeirrar þjálfunar.

■ **6. gr.** Framangreinda menntun má veita annars vegar í formi námsbrautar á framhaldsskólastigi, í fjölbrautaskólum, menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla, og hins vegar í sérskólum, eftir því sem sérhæfing námsins krefst.

■ **7. gr.** Stofna skal, eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum, sérskóla á vegum ríkisins, er veiti viðskiptamenntun, sbr. 6. gr. Skal fyrsti skóli þeirrar tegundar stofnaður á Akureyri.

■ **8. gr.** Allur stofn- og rekstrarkostnaður sérskóla samkvæmt 7. gr. greiðist úr ríkissjóði. Við aðra skóla, sem veita menntun skv. lögum þessum, fer um kostnað eftir því sem lög hvers skóla eða skólastigs kveða á um.

■ **9. gr.** Samvinnuskólinn og Verzlunarskóli Íslands hafa rétt til þess að halda áfram að rækja það fræðslustarf, sem þeir hingað til hafa annast, og til að auka það og sérhæfa eftir því sem aðstæður leyfa og þörf krefur á hverjum tíma.

□ Um fjárveitingu úr ríkissjóði til nefndra skóla skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a. Rekstrarkostnaður skólanna skal greiddur að fullu, annar en rekstrarkostnaður heimavistar, þar sem hennar er þörf, en til hennar skal veitt fjárveiting, er nemur 80% kostnaðar. Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið skal að hámarki miða við kostnað í ríkisskólum á sama fræðslustigi.

b. Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist, þar sem hennar er talin þörf.

□ Skilyrði nefndra fjárveitinga er, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt árlega áætlun rekstrarkostnaðar skólanna og að fé sé veitt í fjárlögum fyrir stofnkostnaði, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum.

□ Framlög ríkisins samkvæmt þessari grein miðast við, að skólar þessir starfi í samræmi við meginstefnu 5. gr. þessara laga svo og skv. þeim reglugerðum, sem settar verða.

1976 Nr. 51 25. maí

□ Nú eru skólar þessir lagðir niður eða svo fer, að ekki er hagnýtt í þágu skólanna skólahúsnæði, hvort sem er til kennslu eða heimavistar, og fær ríkið þá eignarráð yfir hlutaðeigandi húsnæði í samræmi við stofnkostnaðarframlög sín. Ef ágreiningur verður um eignaskiptingu, skal dómkveðja þrjá óvilhalla menn til þess að kveða á um skiptinguna og er úrskurður þeirra endanlegur.

□ Skólanefndir skulu starfa við Samvinnuskólann og Verzlunarskóla Íslands. Hafa þær með höndum fjárreiður skólanna og eignaumsýslu í umboði eigenda. Skólanefndir ráða skólastjóra svo og kennara í samráði við hann. Í skólanefnd sitja fimm fulltrúar. Skal einn tilnefndur af menntamálaráðherra, en eignaraðilar tilnefna fjóra. Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

□ Við Samvinnuskólann og Verzlunarskóla Íslands skulu starfa skólaráð, skipuð fulltrúum kennara og nemenda ásamt skólastjóra.

■ **10. gr.** Um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skóla, er veita menntun samkvæmt lögum þessum, fer eftir ákvæðum laga og reglugerða, er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

□ Skólastjóri og skólaráð stjórna starfi sérskóla samkvæmt 7. gr. Skólaráð skal skipað 5 mönnum, skólastjóra, tveimur fulltrúum kennara, kjörnum á almennum kennarafundi, og tveimur fulltrúum nemenda, kjörnum af nemendum skólans.

■ **11. gr.** Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

Lög um eignarnám á lóðum vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

1949 Nr. 62 25. maí

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að láta taka eignarnámi eftirtaldar lóðir í Reykjavík og mannvirki, er á þeim standa, vegna bygginga fyrir Menntaskólann í Reykjavík:

a. Nr. 2c og 4a við Amtmannsstíg.

b. Nr. 7 við Bókhlöðustíg.

c. Neðri hluta lóðarinnar nr. 14 við Þingholtsstræti, allt að 105 flatarmetrum.

■ **2. gr.** Eignarnámið skal fara fram samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Lög um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

1973 Nr. 14 13. apríl

■ **1. gr.** Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að stofna til tilraunaskóla, er nefnist fjölbrautaskóli. Skólinn skal vera fyrir nemendur, er lokið hafa skyldunámi, og veita þeim tiltekin réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum.

■ **2. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans, sem er hluti af skólakerfi Reykjavíkurborgar.

■ **3. gr.** Menntamálaráðuneytið setur skólanum námsskrá og reglugerð að fengnum tillögum fræðsluráðs Reykjavíkur. Skal reglugerðin m. a. kveða á um kennslu- og námsskipan skólans, kennslumagn, námsmat, námsstig nemenda og réttindi þeirra til fram-

1973 haldsnáms, þ. á m. til háskólanáms.[1]
Nr. 14 [□ Um iðnnám fer eftir námsskrá, sem sett er af
13. apríl menntamálaráðherra samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og skal þar kveðið á um samstarf atvinnulífs og skóla, sem annast iðnfræðslu. Um atvinnuréttindi þessara nemenda að námi loknu gilda sömu ákvæði og um aðra iðnnema.[2]

□ Um annað nám við fjölbrautaskóla, er réttindi veita, skal farið eftir námsskrá, sem sett er að fengnum tillögum þeirra aðila, er hafa með höndum veitingu réttinda.][3]

[1] *Rg. 330/1976 (Flensborgarskólinn Hafnarfirði).* [2] *Rg. 558/1981 (um iðnfræðslu).* [3] *L. 21/1977, 1. gr.*

■ **4. gr.** Ríkissjóður greiðir 60% af stofnkostnaði skólans, en 40% greiðast af Reykjavíkurborg.

□ Laun skólastjóra og kennslulaun greiðir ríkissjóður að fullu í samræmi við starfsáætlun, sem ráðuneytið og fræðsluráð samþykkja. Annar rekstrarkostnaður skiptist að jöfnu milli aðila.

■ **5. gr.** Menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg gera með sér sérstakan samning, þar sem m. a. skulu sett nánari ákvæði um stjórn skólans og skiptingu kostnaðar samkvæmt 4. gr.

■ [**6. gr.** Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að gera með sér samning um að skólahald í samræmi við 1.—5. gr. þessara laga fari fram í tveimur sjálfstæðum skólastofnunum.][1]

[1] *L. 40/1980, 1. gr.*

■ [**7. gr.**][1] [Heimilt er menntamálaráðuneytinu í samvinnu við eitt eða fleiri sveitarfélög að efna til fjölbrautaskólahalds með því fyrirkomulagi sem lög þessi gera ráð fyrir með stofnun nýrra skóla eða með sameiningu tveggja eða fleiri skóla hafi samvinna tekist um það með eignaraðilum skólanna. Skipting stofnkostnaðar fari þá eftir samkomulagi er gert skal milli menntamálaráðuneytisins og annarra fjárhagsaðila skólans og miðist við stofnkostnaðarskiptingu í gildandi lögum um þá skólaþætti sem falla undir fjölbrautaskóla á hverjum stað. Samningur um stofnun fjölbrautaskóla er háður samþykki fjármálaráðuneytis eða fjárveitingu í fjárlögum.

□ Menntamálaráðuneytið ákveður verkefni og verkaskiptingu milli þeirra stofnana sem starfa samkvæmt lögum þessum.][2]

[1] *L. 40/1980, 1. gr.* [2] *L. 21/1977, 2. gr.*

■ [**8. gr.**][1] Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði, er brjóta kunna í bága við þau.

[1] *L. 40/1980, 1. gr.*

1974 **Lög um grunnskóla.**
Nr. 63 **I. kafli. Markmið og skólaskylda.**
21. maí ■ **1. gr.** Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára, eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum á nefndum aldri skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

□ Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum, miðast hann við það almanaksár, er nemandinn nær nefndum aldri.

■ **2. gr.** Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu því mótast af umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

□ Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllsta samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

□ Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

■ **3. gr.** Grunnskóli er níu ára skóli, þar sem fram fer barna- og unglingafræðsla.

□ Hann getur verið ein stofnun eða verið skipt í einingar, tvær eða fleiri eftir því sem menntamálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs.

■ **4. gr.** Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda, þar sem honum verður við komið vegna vegalengda, vegakerfis og veðurfars. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 7—10 ára börn, þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið.

■ **5. gr.** Nú ber skólanefnd í skólahverfi fram við fræðslustjóra rökstutt álit um nauðsyn þess að fá um tiltekinn tíma undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. þessara laga um skólaskyldu eða lágmarksákvæði 41. gr. um starfstíma skóla, og skal fræðslustjóri þá í samvinnu við skólanefnd gera áætlun um, hvernig úr verði bætt á sem fæstum árum, og leggja áætlunina fyrir menntamálaráðuneytið ásamt umsókninni og umsögn sinni. Menntamálaráðuneytið úrskurðar síðan, hvort eða að hve miklu leyti undanþágu skuli veitt, og tekur það tillögur um endanlegar úrbætur til meðferðar við gerð framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar.

□ Nú vanrækir skólahverfi að standa að sínum hluta við þær skuldbindingar, sem það hefur tekist á hendur eða á það verið lagðar með áætlun um, hvenær og hvernig það skuli uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. og 41. gr. þessara laga, og getur þá menntamálaráðuneytið hlutast til um, að nauðsynlegar úrbætur séu framkvæmdar og að sveitarfélag kosti þær að sínum hluta lögum samkvæmt.

□ Í fjárlögum skal veita sérstaka fjárhæð, sem nemi 5% af árlegu framlagi ríkissjóðs til byggingar mannvirkja vegna grunnskóla. Fjárhæð þessa er heimilt að lána þeim sveitarfélögum, sem standa að slíkum framkvæmdum, en eiga við verulega fjárhagsörðugleika að etja vegna fólksfæðar, sérstaklega lágra tekjustofna eða annarra gildra orsaka. Samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 9. gr., geri tillögur til menntamálaráðuneytisins um skiptingu fjárins, og ráðstafar ráðuneytið því, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um lánveitingar þessar, lánstíma og láns-

1974
Nr. 63
21. maí

kjör, er miðist við það, að ríkissjóður sé skaðlaus af þeim.

■ **6. gr.** Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það innritist í skóla, þegar það hefur náð skólaskyldualdri, og að það sæki skóla. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli og skólastjóri fær ekki við ráðið, skal hann tilkynna fræðslustjóra um málið. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra, getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

■ **7. gr.** Undanþegin því að sækja grunnskóla samkvæmt 1. gr. eru:

a. börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 75. gr., og

b. börn, er búa í skólahverfum, sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr., að því leyti, sem undanþágan kveður á um.

■ **8. gr.** Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar samhljóða með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólanefnd og skólastjóri skulu fylgjast með því, að barnið stundi nám.

II. kafli. Stjórn grunnskóla.

■ **9. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til. Ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna skal vera samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.

□ Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

■ **10. gr.** Landið skiptist í fræðsluumdæmi sem hér segir:

1. **Reykjavíkurumdæmi**, sem tekur yfir Reykjavíkurborg.

2. **Reykjanesumdæmi**, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Seltjarnarneskaupstað og Kópavogskaupstað.

3. **Vesturlandsumdæmi**, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.

4. **Vestfjarðaumdæmi**, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.

5. **Norðurlandsumdæmi vestra**, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.

6. **Norðurlandsumdæmi eystra**, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavíkurkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu.

7. **Austurlandsumdæmi**, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.

8. **Suðurlandsumdæmi**, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

□ Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð og fræðsluskrifstofa.

[□ Heimilt er ráðherra að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þúsund íbúum eða fleiri, ef sveitarstjórn óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi. Í slíkum tilvikum fer sveitarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka samkv. lögum þessum.][1)]

[1)] *L. 29/1978, 1. gr.*

■ **11. gr.** Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af hlutaðeigandi landshlutasamtökum, er ákveða fjölda þeirra samkvæmt framansögðu. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, en að öðru leyti eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961.

□ Í Reykjavík fer borgarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka skv. lögum þessum, eftir því sem við á.

□ Í reglugerð[1)] skal kveðið á um fundarsetu skólastjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila, t. d. fulltrúa sveitarfélags, er sérstaklega á hlut að tilteknu máli. Kennarafulltrúar skulu boðaðir til funda á sama hátt og fræðsluráðsmenn og hafa sama rétt og þeir til að æskja funda í fræðsluráði.

□ Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

□ Fræðsluráð skulu a. m. k. einu sinni á ári halda fund með öllum skólastjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

□ Formaður fræðsluráðs kveður til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Skylt er honum að kveðja ráðið saman, ef a. m. k. tveir fræðsluráðsmenn eða fræðslustjóri æskja þess. Fundur telst löglega boðaður, ef allir fræðsluráðsmenn, eða í forföllum aðalmanna varamenn, hafa verið boðaðir til hans a. m. k. tveim sólarhringum fyrir tilgreindan fundartíma. Fræðsluráð getur enga ályktun gert, nema meiri hluti þess sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn fræðsluráðsmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan, og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

[1)] *Rg. 183/1976 (um fræðsluráð) og rg. 514/1975 (um kennarafulltrúa í fræðsluráðum o. fl.).*

■ **12. gr.** Fræðsluráð hefur með höndum eftirtalin verkefni:

1. Það fer með stjórn fræðslumála innan umdæmis síns í umboði menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.

2. Það sér um, að gerðar séu áætlanir um fræðslumál í umdæminu, bæði árlegar fjárhags- og framkvæmdaáætlanir, svo og áætlanir til lengri tíma, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

3. Það hefur eftirlit með störfum skólanefnda í umdæminu.

4. Það gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins og hefur umsjón með rekstri fræðsluskrifstofu umdæmisins.

5. Það skal skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra. Ráðuneytið setur leiðsögukennurum erindisbréf[1] að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands.

6. Það sér um, að sköpuð verði aðstaða til kennslufræðilegrar þjónustu fyrir umdæmið, eftir því sem fært þykir.

7. Það fer að öðru leyti með þau málefni, sem því eru fengin í þessum lögum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim.

[1] *Erbr. 434/1977.*

■ **13. gr.** Menntamálaráðuneytið setur eða skipar fræðslustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs.

□ Menntamálaráðuneytið auglýsir stöðu fræðslustjóra og setur hann til eins árs. Að þeim tíma liðnum má skipa hann í starfið.

□ Við skipun í starf fræðslustjóra er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjenda, stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og þekkingar þeirra á skólamálum, og skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir, sem hafa rétt til að vera skipaðir skólastjórar við grunnskóla og hafa gegnt starfi kennara eða skólastjóra í a. m. k. þrjú ár.

■ **14. gr.** Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í umdæminu og skal búsettur þar, sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er, eða í næsta nágrenni. Hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðs.

□ Meginverkefni fræðslustjóra eru:

1. Hann fylgist með því, að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt í grunnskólum umdæmisins, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál, og í öðrum skólum, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

2. Hann hefur umsjón með gerð árlegra rekstraráætlana fyrir grunnskóla umdæmisins, endurskoðar þær og sendir menntamálaráðuneytinu.

3. Hann hefur í umboði menntamálaráðuneytis og sveitarstjórna umdæmisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla, sem lög þessi taka til, sbr. þó 29. gr.

4. Hann hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgist með árangri nemenda, hvort tveggja í samráði við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins, og kynnir sér starfsskilyrði skóla, þ. e. aðstöðu til kennslu og náms, svo og aðbúnað nemenda.

5. Hann úrskurðar ágreiningsefni, sem upp kunna að koma milli skólastjóra og kennararáðs og skólastjóra og kennarafundar, sbr. 20. gr.

6. Hann gerir í sambandi við meint brot kennara eða skólastjóra í starfi þær ráðstafanir, er hann telur þörf, sbr. 55. gr.

7. Hann hefur umsjón með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskóla, sbr. 68. gr.

8. Hann kannar, í samvinnu við skólastjóra, skólalækni og sálfræðideild, hvort í fræðsluumdæminu séu nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum nemendum sakir sjóndepru, blindu, heyrnargalla, málhelti, málleysis, tornæmis, vanvitaháttar eða annars, er torveldi eðlilegan námsferil þeirra, og hlutast til um, að þeir fái kennslu við sitt hæfi.

1974 Nr. 63 21. maí

□ Enn fremur fer fræðslustjóri með önnur þau mál, er lög þessi kveða á um, svo og þau, sem menntamálaráðuneytið eða fræðsluráð kunna sérstaklega að fela honum.

■ **15. gr.** Landshlutasamtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofum stað, en háð er sú ákvörðun samþykki menntamálaráðuneytis.

□ Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu. Annað starfsfólk ræður fræðsluráð, að fengnum tillögum fræðslustjóra.

□ Heimilt er fræðsluráði að semja svo við landshlutasamtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög, að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi full greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðsluráði heimilt að semja svo við landshlutasamtök, að skrifstofa þeirra eða einstakra starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til.

■ **16. gr.** Skólahverfi er sú eining, er stendur að einum grunnskóla, annaðhvort skóla í heild eða hluta hans. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla innan marka sinna, telst þó eitt skólahverfi. Eitt sveitarfélag eða fleiri eða hlutar sveitarfélaga geta myndað skólahverfi.

□ Það er skólahverfi:

a. Þar sem eitt sveitarfélag rekur grunnskóla eða hluta hans, án samvinnu við önnur sveitarfélög.

b. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt reka grunnskóla eða hluta grunnskóla í félagi með fullri eða misjafnri þátttöku aldursárganga.

□ Sama sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi sem hér segir:

1. ef það skiptist landfræðilega milli a. m. k. tveggja skólahverfa,

2. ef aldursárgangar þess á grunnskólastigi sækja ekki allir sama skólann, en eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

□ Útibú frá aðalskóla, sbr. 4. og 76. gr., tilheyra skólahverfi aðalskólans. Ákvæði um skólahverfi ná ekki til skóla eða stofnana, sem rekin eru skv. 52. gr.

□ Menntamálaráðuneytið leggur tillögur um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnum, skólanefndum og skólastjórum, sem hlut eiga að máli. Síðan boðar ráðuneytið til funda með þessum aðilum og fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um tillögurnar. Lögð skal áhersla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hæfilegs tíma, sker menntamálaráðuneytið úr.

■ **17. gr.** Í sérhverju skólahverfi skal vera skólanefnd, sem fer með málefni grunnskóla, eftir því sem lög þessi og reglugerðir nánar ákveða. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn (sveitarstjórnum), sbr. 18. gr.

□ Í sveitarfélagi, þar sem grunnskólar eru tveir eða fleiri, fer ein skólanefnd með málefni þeirra. Hún sér um skiptingu nemenda milli þeirra og samræmir rekstur þeirra, eftir því sem hún telur haganlegt.

□ Heimilt er skólanefnd eða fleiri skólanefndum sam-

eiginlega með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa. Skólanefnd (skólanefndir) setur skólafulltrúa erindisbréf. Um embættisgengi skólafulltrúa gilda sömu reglur og um fræðslustjóra. Kostnaður við störf skólafulltrúa greiðist úr sveitarsjóði (sveitarsjóðum).

☐ Menntamálaráðuneytið setur skólanefndum erindisbréf,[1] er kveður nánar á um störf þeirra.

[1] *Erbr. 185/1976.*

■ **18. gr.** Skólanefndir skulu skipaðar sem hér segir:

a. Í kaupstöðum og kauptúnahreppum með 900 íbúa eða fleiri fimm mönnum, enda standi þau ein að skólarekstrinum.

Eigi fleiri sveitarfélög aðild að skólahverfinu, kýs hvert þeirra einn mann til viðbótar. Verði atkvæði við það jöfn skal sveitarfélagið, þar sem skólinn er, kjósa oddamann, ef nemendur þess eru samanlagt fleiri en allra hinna. Sé svo eigi, kýs það sveitarfélag skólahverfisins, sem næstflest börn átti þar skólaárið áður en kosið er, tvo menn í skólanefnd.

b. Í öðrum sveitarfélögum, þar sem eitt sveitarfélag er skólahverfi, þremur mönnum.

c. Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri standa saman að skólahverfi með jafnri aðild árganga, kýs hvert sveitarfélag einn mann. Verði tala nefndarmanna við það jöfn, kýs það sveitarfélag tvo, er flesta nemendur átti á grunnskólastigi næstliðið skólaár, áður en kosið er.

d. Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri, önnur en þau, sem um getur í a-lið, standa saman að skólahverfi með ójafnri aðild árganga, skulu þau þeirra, er hlut eiga að öllum stigum þess, kjósa tvo menn hvert í skólanefnd, en önnur einn mann. Verði þá atkvæði jöfn, skal farið að sem í c-lið.

☐ Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Skólanefndir skulu kjörnar í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna.

☐ Skólanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann úr hópi nefndarmanna í upphafi kjörtímabils.

☐ Fastir kennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd, kennarafulltrúa, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á fundum.

☐ Þar sem kennarar við grunnskóla eru frá 1—15, skal kjörinn einn kennarafulltrúi til samstarfs við nefndina. Þar sem kennarar eru 16 eða fleiri, skulu kjörnir 2 kennarafulltrúar. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

☐ Í Reykjavík fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar. Þar skulu kennarafulltrúar vera þrír. A. m. k. þrisvar á skólaári heldur fræðsluráð fundi með skólastjórum á grunnskólastigi í Reykjavík.

☐ Skólastjóri á rétt til setu á skólanefndarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

☐ Um boðun funda og starfshætti skólanefnda gilda sömu ákvæði og um fræðsluráð. Skylt er að verða við tilmælum skólastjóra um fund í skólanefnd.

☐ Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðsluráða og samtaka kennara á grunnskólastigi, reglur um, hvernig háttað skuli kosningu kennarafulltrúa samkvæmt þessari grein.

■ **19. gr.** Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með því og stuðlar að því, að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi skólahúsnæði í skólahverfinu.

☐ Nú telur sveitarstjórn, að þörf sé á byggingu nýs skólahúss, stækkun skólahúss eða verulegum endurbótum, og skal hún þá gera í samráði við fræðslustjóra tillögur til menntamálaráðuneytisins um staðsetningu skólahúss og fyrirhugaðar framkvæmdir. Ef tvær sveitarstjórnir eða fleiri standa saman að skólahverfi, skulu þær á sama hátt gera tillögu sameiginlega ásamt skólanefnd.

☐ Ef menntamálaráðuneytið telur, að óhæfilegur dráttur sé á aðgerðum til að sjá fyrir fullnægjandi skólahúsnæði, getur það í samráði við fræðslustjóra látið bæta úr því, sem áfátt er, á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga, enda þoli málið ekki bið að dómi ráðuneytisins.

☐ Ef samkomulag næst ekki um, hvort ráðast skuli í skólabyggingu, hvar hún skuli reist og hve stór hún skuli vera, sker menntamálaráðuneytið úr að fenginni umsögn fræðsluráðs.

☐ Skólanefnd skal líta eftir, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um, að uppfylltar séu á þessum sviðum kröfur í lögum og reglugerðum, og ber ábyrgð á, að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum.

■ **20. gr.** Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar, eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði, er skóli starfar, ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla.

☐ Í skólum, sem eiga rétt á 8 föstum kennurum eða fleiri, auk skólastjóra, skal almennur kennarafundur í upphafi hvers skólaárs kjósa þriggja manna kennararáð, sem er skólastjóra til ráðuneytis um daglega stjórn skólans. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

☐ Nú greinir skólastjóra og kennararáð á um meðferð tiltekins máls, og skal þá vísa málinu til skólanefndar. Ef samkomulag tekst ekki, má vísa málinu til fræðslustjóra, er fellir úrskurð um það. Ákvörðun skólastjóra gildir, uns úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir, nema samkomulag hafi orðið um annað.

☐ Í reglugerð,[1] sem ráðuneytið setur að fengnum umsögnum fræðsluráða, skal nánar kveðið á um framkvæmd þessarar greinar. Þar má m. a. ákveða starfsmannafundi við heimavistarskóla.

☐ Skólastjóri boðar til kennarafundar svo oft sem þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

☐ Auk þess skal boða til slíks fundar, ef þriðjungur fastráðinna kennara æskir þess.

[1] *Rg. 184/1976.*

■ **21. gr.** Nú æskir skólastjóri, almennur kennarafundur eða foreldrar, sem börn eiga í grunnskóla, að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli foreldra og skóla, og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar foreldrafélags.

☐ Foreldrafélag setur sér samþykktir til að starfa eftir.

□ Fulltrúi foreldrafélags á rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti.

■ **22. gr.** Heimilt er nemendum 7. til 9. bekkjar grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Ráðið skal skipað einum fulltrúa úr hverri bekkjardeild, sem nemendur deildarinnar velja árlega, og kýs það sér þriggja manna stjórn: formann, varaformann og ritara. Ráðið heldur gerðabók. Einn af kennurum skólans aðstoðar nemendaráð.

□ Formaður nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar rædd eru málefni einstakra nemenda.

III. kafli. Skólahúsnæði.

■ **23. gr.** Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd og fræðsluráð, en verður að hljóta samþykki menntamálaráðuneytis, áður en framkvæmdir hefjast.

□ Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði, sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður, sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m. a. tekið tillit til, hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Menntamálaráðuneytið ákveður að fenginni umsögn hlutaðeigandi fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna, hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað.

□ Menntamálaráðuneytið lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

a. er taki til allt að 10 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til;

b. árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

□ Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust.

□ Nafngift skóla er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn örnefnanefndar.

[□ Endurbætur, sem gerðar eru á húsnæði grunnskóla til þess að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð, greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.][1)]

[1)] *L. 47/1981, 2. gr.*

■ **24. gr.** Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um byggingu skólahúsnæðis með jafnri eða ójafnri aðild aldursárganga nemenda, skal, ef ekki semst um annað þeirra í milli, miða skiptingu stofnkostnaðar við eftirfarandi meginatriði:

a. íbúafjölda,

b. útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélögum næstliðið ár,

c. þann barnafjölda, sem hverju sveitarfélagi ber að senda í skólann,

d. kennslustundafjölda samkvæmt námsskrá í þeim bekkjum, sem aðild sveitarfélags miðast við.

□ Sé einungis um að ræða hluta sveitarfélags, sem aðild á að skólahverfi, skal miða liði a og b við þann hluta.

□ Verði sú breyting gerð á skólahverfi, að sveitarfélag, sem þar hefur átt aðild að, tengist öðru skólahverfi, skal ríkissjóður yfirtaka hlutdeild þess í skólabyggingunni og endurselja hana nýjum aðilum eða hinum eldri að því marki, sem um semst.

□ Gerist sveitarfélag aðili að skólahverfi, þar sem fyrir eru skólabyggingar, sem það mun hafa not af, skal það eftir því sem um semst kaupa hlutdeild í þeim byggingum af þeim sveitarfélögum, sem fyrir eru, og/eða ríkissjóði, sbr. undanfarandi málsgrein.

□ Menntamálaráðuneytið aðstoðar við samninga um skiptingu byggingarkostnaðar, sé þess óskað, og sker úr um ágreiningsatriði.

□ Nú óskar sveitarfélag, að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í skólahúsi eða í tengslum við það, og skal það þá heimilt, enda liggi fyrir umsögn skólanefndar og samþykki menntamálaráðuneytisins. Sveitarfélag greiðir stofnkostnað að því leyti, sem lög og reglugerðir ákveða ekki annað.

■ **25. gr.** Í skólahúsi skal auk kennslurýmis gera ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur milli kennslustunda, snyrtiherbergjum, skrifstofu og vinnuherbergjum skólastjóra og kennara, safni bóka og annarra námsgagna, aðstöðu til heilsugæslu, íþróttaiðkana, almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda og annars þess, er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir, má ætla aðstöðu til íþrótta og verklegrar kennslu í öðru húsnæði.

□ Við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra húsnæðis skal séð fyrir aðstöðu fyrir nemendur til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar.

□ Við gerð heimavistarskóla skal kappkostað, að þeir minni sem mest á almenn heimili og sé þannig gengið frá, að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

■ **26. gr.** Sveitarstjórnir ákveða í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd, hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ. e. undirbúningsvinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdrátta.

□ Menntamálaráðuneytið skal, þegar ástæða þykir til, efna til almennrar samkeppni að ákveðinni tegund skólamannvirkja miðað við breytilegar stærðir skóla og ólíkar aðstæður í landinu.

■ **27. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 34/1982, 14. gr.*

■ **28. gr.** Eðlilegt viðhald skólahúsa og skólahúsgagna, svo og kaup og endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt að mati fræðslustjóra og skólastjóra. Verði ágreiningur, sker ráðuneytið úr. Kostnaður greiðist samkvæmt 79. gr. Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við samstarfsnefnd menntamálaráðuneytis og Sambands ísl. sveitarfélaga, sbr. 9. gr., árlegan hundraðshluta af brunabótamati hvers skólahúss til viðhalds húss og lóðar.

■ **29. gr.** Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra, sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis.

□ Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt, að hvorki brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis samkvæmt lögum.

□ Skólanefnd getur heimilað að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytisins,

að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingarekstrar.

IV. kafli. Skólastjóri, kennarar og annað starfslið grunnskóla.

■ **30. gr.** Við hvern skóla, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal vera skólastjóri.

□ Skipa má skólastjóra við grunnskóla hvern þann, sem lokið hefur kennaraprófi, almennu eða sérgreindu, frá kennaraskóla eða háskóla. Ákveða má þó í reglugerð, að skipun í skólastjórastarf við grunnskóla verði háð því skilyrði, að umsækjandi hafi aflað sér viðbótarmenntunar í skólastjórn, sbr. 39. gr., enda verði námskeið um stjórnun skóla haldið eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Ákvæði þessi ná þó eigi til þeirra, er gegnt hafa skólastjórastarfi sem settir eða skipaðir fyrir gildistöku laga þessara.

□ Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslustjóra, sem í hlut eiga.

■ **31. gr.** Í grunnskóla, sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið yfirkennara. Um embættisgengi yfirkennara gildir hið sama og um skólastjóra.

□ Starf yfirkennara skal auglýst á sama hátt og gerist um störf skólastjóra og kennara.

□ Hlutaðeigandi skólanefnd, svo og skólastjóri og kennararáð skulu láta menntamálaráðuneytinu í té umsagnir um umsóknir þær, er berast um stöðu yfirkennara. Verði þessir aðilar sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda, er ráðuneytinu skylt að fara eftir því.

□ Þar sem grunnskóli starfar í tveimur eða fleiri einingum, sem aðstæðna vegna eru ekki í sama byggðarlagi, er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu skólanefndar, að ráða yfirkennara, þótt forsendur þær, sem greindar eru í 1. mgr., séu ekki fyrir hendi.

□ Yfirkennari er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans að skólastjórnarstörfum.

□ Menntamálaráðuneytið ákveður lágmarkskennsluskyldu yfirkennara miðað við stærð skóla.

□ Í skólum, sem hafa færri kennara en um getur í 1. málsgrein, fer sá kennari með skólastjórn í forföllum skólastjóra, er hann kveður til. Sé þó fyrirsjáanlega um að ræða lengri forföll en tvo mánuði, gerir skólanefnd tillögu til menntamálaráðuneytisins um ráðningu í starfið.

□ Yfirkennari er ríkisstarfsmaður og tekur laun samkvæmt launakerfi þeirra.

■ **32. gr.** Menntamálaráðuneytið skipar eða setur kennara við skóla, sem starfa samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og fræðslustjóra, sbr. 35. gr.

□ Engan má skipa kennara við grunnskóla, nema hann hafi lokið kennaraprófi, almennu eða sérgreindu, frá kennaraskóla eða háskóla, sbr. þó 74. gr.

□ Ákvæði þessarar greinar raska ekki réttarstöðu þeirra kennara, sem starfa við barna- og gagnfræðastigsskóla, þegar lög þessi öðlast gildi.

■ **33. gr.** Þegar skólastjóra- eða kennarastaða losnar í skólahverfi, ber skólanefnd að tilkynna fræðslustjóra það tafarlaust. Fræðslustjóri sendir tilkynninguna til menntamálaráðuneytisins, sem auglýsir stöðuna.

□ Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um skólastjóra- og kennarastöður og sendir fræðslustjóra tillögur sínar og umsagnir. Skylt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en fræðslustjóra, ef velja skal skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólastjóra og skólanefndar, gerir hvor aðili um sig tillögur til fræðslustjóra.

□ Fræðslustjóri sendir tillögur og umsagnir um stöðuveitingar til menntamálaráðuneytisins ásamt umsögn sinni.

□ Þegar skólastjóri eða kennari lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk, skal hann tilkynna það skriflega til skólanefndar, og næsta yfirmanns síns (fræðslustjóra eða skólastjóra) fyrir 1. febrúar. Stefnt skal að því, að skipun og setning í skólastjóra- og kennarastöður fari fram eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

□ Þurfi að ráða skólastjóra eða kennara fyrirvaralítið, getur menntamálaráðuneytið sett mann í starfið án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal slíkar stöður svo fljótt sem unnt er.

■ **34. gr.** Ráðuneytið ræður, setur eða skipar skólabryta til forstöðu mötuneytis í heimavistarskóla samkvæmt tillögum skólastjóra og skólanefndar.

□ Heimilt er skólanefnd að setja skilyrði um menntun eða starfsþjálfun skólabryta.

□ Skólabrytar eru ríkisstarfsmenn.

□ Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunnskóla með færri nemendum en 30, svo og aðstoðarstarfsfólk í mötuneyti.

□ Sveitarstjórn ræður húsvörð grunnskóla, ef hún telur þörf á. Skal hann ráðinn að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Þá ræður sveitarstjórn einnig annað starfsfólk grunnskóla en það, sem tilgreint er í 1. og 4. málsgr.

□ Æski starfsmaður, er heyrir undir ákvæði þessi, eigi endurráðningar, ber honum að tilkynna það þeim aðila, er réð hann til starfsins, eigi síðar en 1. júní. Æski ráðningaraðili á sama hátt breytinga á ráðningarkjörum, eða á ráðningu í starf, skal hann tilkynna það þeim, er starfinu hefur gegnt, fyrir sama tíma, ella telst sá, sem fyrir er í starfinu, endurráðinn næsta skólaár.

■ **35. gr.** Skólastjóri eða kennari, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við grunnskóla, skal gegna því samkv. lögum og erindisbréfi,[1)] er menntamálaráðuneytið setur.

□ Um setningu og skipun kennara fer eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þó skulu skólastjórar og kennarar við heimavistarskóla ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslu við þau störf í slíkum skóla.

□ Um vinnutíma og kjör starfsmanna grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarfélaga eftir því, sem við á.

[1)] *Erbr. 198/1976 og 197/1976.*

■ **36. gr.** Þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans um 1/6, og er hann nær 60 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans enn um 1/6 af fullri kennsluskyldu.

□ Til þess að öðlast þennan rétt þarf 20 ára kennsluferil.

■ **37. gr.** Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum eftir því, sem við verður komið, og stundakennurum að öðru leyti. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða í einni eða fleiri kennslugreinum kennara fyrir tvo eða fleiri grunnskóla samtímis til þess að fullnægja kennsluþörf, ef ekki er fullt verkefni fyrir hann við einn skóla.

□ Um réttindi kennara til að kenna í grunnskóla eða einstökum bekkjum hans skal ákveðið í lögum um menntun og réttindi kennara.

□ Skólastjóri við heimavistargrunnskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Heimilt er menntamálaráðuneytinu þó, ef skólastjóri æskir, að ráða sérstakan heimavistarstjóra, enda fullnægi hann skilyrðum um uppeldismenntun.

□ Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda jafnframt vera í höndum kennara, fóstra eða annarra starfsmanna með uppeldismenntun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð[1)] um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

□ Við heimavistarskóla geta fóstrur/fóstrar og aðrir starfsmenn með uppeldismenntun sótt um skipan í starf sitt eftir tveggja ára starfsreynslu.

[1)] *Rg. 428/1978.*

■ **38. gr.** Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp í grunnskóla skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Hann fylgist sérstaklega með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og hefur samband við forráðamenn þeirra.

■ **39. gr.** Til endurmenntunar kennara á grunnskólastigi má auk orlofs, sbr. 40. gr., verja fjárhæð, sem til þess er ætluð á fjárlögum hverju sinni.

■ **40. gr.** Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til

a. reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða

b. a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

□ Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

□ Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki, og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

□ Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur, til tiltekins náms eða námsferða skv. 3. málsgr., má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

□ Menntamálaráðuneytið setur reglugerð[1)] um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum, og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

□ Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólastjóra.

[1)] *Rg. 62/1975.*

V. kafli. Starfstími grunnskóla, námsefni og kennsluskipan.

■ **41. gr.** Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 7—9 mánuðir. Skólaárið skal, þegar miðað er við hámarkskennslutíma, hefjast 1. september og því ljúka 31. maí.

□ Heimilt er þó skólanefnd, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, að ákveða í upphafi skólaárs, að kennsla hefjist á tímabilinu 15. september til 1. október, og verði þá árlegur kennslutími sem hér segir:

a. í 1.—3. bekk í 7 mánuði,

b. í 4.—9. bekk í 7½ mánuð.

□ Í þessu sambandi ber að taka sérstakt tillit til atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu.

□ Fræðsluráð og skólanefnd geta í upphafi skólaárs ákveðið, hvort í skólahverfinu skuli vera 5 eða 6 daga skólavika.

□ Kosta ber ávallt kapps um að skipuleggja kennslu á þann hátt, að komist verði yfir námsefni skv. námsskrá, þótt kennslutími sé í lágmarki.

□ Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla, getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað, að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti.

□ Skipan þessara mála skal nánar ákveðin með reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 79/1976.*

■ **42. gr.** Í samræmi við markmið grunnskóla skal að því stefnt, að nám í öllum bekkjum skólans tengist sem best raunhæfum athugunum og þroskandi störfum utan skólaveggjanna. Í 7.—9. bekk verði val námsgreina frjálst að hluta, og skal þar við það miðað, að verklegt skyldu- og valnám geti samanlagt numið helmingi námstímans að hámarki, en fimmtungi hans að lágmarki.

□ Menntamálaráðuneytið setur grunnskólum aðalnámsskrá,[1)] þar sem m. a. skal kveðið nánar á um uppeldishlutverk skólans og meginstefnu varðandi kennslufræði og kennsluskipan, auk þess sem ákvæði skulu sett um:

a. þjálfun í notkun móðurmálsins í ræðu og riti og fræðslu um íslenskar bókmenntir;

b. undirstöðukennslu í stærðfræði;

c. þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks, með

kennslu í tónmennt, myndlist og handíðum;

d. fræðslu um mannlegt samfélag, umheim og umhverfi í fortíð og nútíð, um Íslandssögu, mannkynssögu, samfélagshætti og landafræði;

e. kennslu í kristnum fræðum, siðfræði og fræðslu um önnur helstu trúarbrögð;

[f. fræðslu um áhrif af neyslu áfengis og annarra ávana- og fíkniefna;][2]

[g.][2] kennslu um efnisheiminn, um frumatriði líffræði, umhverfisfræði, eðlisfræði og efnafræði;

[h.][2] kennslu í erlendum tungumálum, og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir;

[i.][2] kennslu í heimilisfræðum og heimilisrækt;

[j.][2] kennslu í íþróttum, líkams- og heilsurækt og hjálp í viðlögum;

[k.][2] verklegt nám;

[l.][2] ýmsar valgreinar, verklegar og bóklegar, í efstu bekkjum grunnskóla.

☐ Þar, sem nemendur eru þátttakendur í atvinnulífinu um takmarkaðan tíma á skólaárinu, skal heimilt að meta það að nokkru til jafns við verklegt nám, sbr. k-lið. Fræðsluráð skal í samráði við launþega- og atvinnurekendasamtök og hlutaðeigandi skólastjórn skipuleggja atvinnuþátttöku nemenda, þar sem slíkrar skipulagningar er þörf, og skal metið að nokkru sem verklegt nám, sbr. k-lið þessarar greinar.

☐ Að öðru leyti ákveður menntamálaráðuneytið námsefni grunnskóla, magn þess, skiptingu milli námsgreina og skipan á námsár, sbr. þó 44. gr.

☐ Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt, í samræmi við markmið skólans, sbr. 2. gr., að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda.

☐ Í aðalnámsskrá skal sérstaklega kveðið á um nám í fámennum skólum, þar sem nauðsynlegt er, að nemendur á mismunandi aldri séu saman í deild, sbr. 47. gr., svo og um nám í skólum, þar sem miðað er við skertan árlegan starfstíma, sbr. 41. gr.

☐ Setja skal sérstakar námsskrár fyrir nemendur, sem njóta sérkennslu skv. 50. og 51. gr.

☐ Menntamálaráðuneytið hefur námsskrá grunnskóla stöðugt til athugunar og endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar, þegar þörf er talin á. Menntamálaráðuneytið gefur aðalnámsskrá grunnskóla út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

[1] *Augl. 352/1976 (um gildistöku aðalnámsskrár grunnskóla), 353/1976 (eðlis- og efnafræði), 354/1976 (tónmennt), 355/1976 (móðurmál), 356/1976 (danska og enska) og 357/1976 (kristin fræði).* [2] *L. 23/1983, 1. gr.*

■ **43. gr.** Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans, eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 77. gr.

☐ Í félagsstarfi skal m. a. að því stefnt, að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

☐ Heimilt er skólastjórum að fela einum eða fleiri kennurum að annast sérstaklega þennan þátt skólastarfsins, og lækkar við það að sama skapi kennsluskylda þeirra.

☐ Skólastjórar grunnskóla skulu árlega gera fræðslustjóra grein fyrir, hversu varið var tómstunda- og félagslífi í skóla þeirra á næstliðnu skólaári.

☐ Menntamálaráðuneytið gengst fyrir námskeiðum fyrir þá kennara, er með þessi mál fara í skólum, og sér um, að gefnar séu út leiðbeiningar þeim til stuðnings.

■ **44. gr.** Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt, að hann fari í heild (kennslutími, stundahlé og sjálfsnám utan kennslustunda) ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

☐ Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

a. í 1. bekk, 880 mínútur;
b. í 2. bekk, 960 mínútur;
c. í 3. bekk, 1080 mínútur;
d. í 4. bekk, 1280 mínútur;
e. í 5. bekk, 1360 mínútur;
f. í 6. bekk, 1400 mínútur;
g. í 7. bekk, 1440—1480 mínútur;
h. í 8. bekk, 1440—1480 mínútur;
i. í 9. bekk, 1440—1480 mínútur.

☐ Í 1.—6. bekk er skólastjóra með samþykki fræðslustjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt, að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

☐ Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

☐ Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum, sem kenndar eru.

■ **45. gr.** Í grunnskóla skal jólaleyfi veitt frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudags eftir páska. Að öðru leyti skulu leyfisdagar ákveðnir í reglugerð.[1]

[1] *Rg. 80/1976.*

■ **46. gr.** Eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur, sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 50. og 51. gr., skal við það miðað að jafnaði, að meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla fari ekki yfir 28 né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 30.

☐ Menntamálaráðuneytið getur, sbr. 42. gr., sett ákvæði í aðalnámsskrá grunnskóla, er heimili skólum að skipta almennum bekkjardeildum í smærri hópa, þegar tilteknir námsþættir eru kenndir.

☐ Þegar kennarar vinna saman að kennslu námshópa, er heimilt að leysa upp að nokkru deilda- og bekkjaskipan og kenna nemendum saman, ýmist í smærri eða stærri hópum, enda skerði sú tilhögun eigi námsefni það, sem kenna ber.

■ **47. gr.** Í fámennum skólum, þar sem nemendur (1.— 6. bekkjar) eru á mismunandi aldri saman í deild,

skulu þó ekki vera fleiri en þrír aldursflokkar saman í bekkjardeild. Þó sé heimilt, ef nauðsyn krefur, að hafa 1.— 4. bekk saman í deild.

□ Undir slíkum kringumstæðum er æskilegt, eftir því sem við verður komið, að nemendur í bekkjardeild séu ekki fleiri en hér segir:

a. 12 nemendur, ef aldursflokkar eru fjórir,
b. 17 nemendur, ef aldursflokkar eru þrír,
c. 22 nemendur, ef aldursflokkar eru tveir.

□ Fræðslustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á, aukið nemendafjöldann um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild, gegn aukningu kennslumagns með fjölgun tíma eða skiptitímum. Slíkar ákvarðanir skulu ekki auka kennslumagn umfram það, sem ákveðið er í lögum, nema samþykki menntamálaráðuneytisins komi til.

■ **48. gr.** Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir, sem sækja þessa bekki skólans.

□ Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi, má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 12, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

VI. kafli. Réttindi og skyldur nemenda og kennara.

■ **49. gr.** Börnum og unglingum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 51., 52. og 75. gr. þessara laga.

□ Skólaskylda barns hefst við byrjun skólaárs á því almanaksári, sem það verður sjö ára. Skólaganga má þó hefjast fyrr á almanaksárinu, ef skólahverfi heldur forskóla. Sæki foreldrar eða forráðamaður um eða samþykki, að barn, sem náð hefur sex ára aldri fyrir 1. júlí, hefji nám á því ári, eða að barn, sem ekki verður sjö ára fyrr en 1. júlí, fresti námi um eitt ár, getur skólastjóri, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sálfræðideildar, haft þann hátt á. Nú sækja foreldrar eða forráðamaður um, að barn, sem nær sex ára aldri á síðara hluta almanaksársins, fái að hefja skólagöngu í grunnskóla, og getur þá skólastjóri heimilað þetta, ef sálfræðideild og skólalæknir mæla með því hvor um sig.

□ Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á átta árum með góðum árangri, og telst hann þá hafa lokið skyldunámi. Nemandi getur og á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrr og þá flust á framhaldsskólastig, telji skólastjóri, skólasálfræðingur og aðalkennari nemandann hafa til þess nægan þroska, enda komi til samþykki forráðamanna.

□ Fræðslustjóri getur, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn auk skólastjóra, heimilað nemanda að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 8. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi, og lýkur nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar.

■ **50. gr.** Börn, sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli, að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla, nema til komi kennsla á sérstofnun samkvæmt 52. gr. Kennslan fer fram eftir því, sem hentast þykir eftir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla og fræðsluumdæmis. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla að fjölga í þessu skyni vikulegum skyldustundum einstakra nemenda um allt að tveimur kennslustundum, en tilkynna skal slíkt forráðamönnum nemenda.

□ Þessum viðbótarkennslustundum sé einkum varið til þess að veita einstökum nemendum hjálp.

■ **51. gr.** Kennslu samkvæmt 50. gr. skulu njóta:

a. börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga skortir hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám;

b. börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám;

c. börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu;

d. börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða, að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum;

e. börn, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðiþjónustu og annarra sérfræðinga, þar með talin seinþroska börn.

■ **52. gr.** Þeim börnum, sem um getur í a- og b-lið 51. gr., skal séð fyrir kennslu í sérstofnunum samkv. þessari grein. Þar skal þeim veitt uppeldi og fræðsla við þeirra hæfi, enda liggi fyrir álit sálfræðiþjónustu um, að nám í grunnskóla beri ekki tilætlaðan árangur.

□ Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um, að slíkar sérstofnanir verði reistar. Það lætur gera heildaráætlun um slíkar sérstofnanir og rekstur þeirra, og skal hún að fullu framkvæmd innan 10 ára frá gildistöku laga þessara.

□ Allur stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo og rekstrarkostnaður, þar með talin daggjöld nemenda að því leyti, sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

□ Þegar um er að ræða nemendur, sem um getur í c-, d- og e-lið 51. gr., skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á vegum hans. Nú telur sálfræðiþjónusta, sem hlut á að máli, að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur, og skal þá séð fyrir kennslu í sérstofnun skv. þessari grein.

□ Menntamálaráðuneytið setur reglugerð[1] um sérstofnanir skv. þessari grein, og skal þar m. a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum sérstofnunum.

□ Ráðuneytinu er heimilt að ákveða nemendum, sem grein þessi tekur til, námstíma, er sé einu eða tveimur árum lengri en skólaskyldan býður.

[1] *Rg. 270/1977 (um sérkennslu).*

■ **53. gr.** Eigi má nemandi á starfstíma skólans stunda vinnu utan skólans, er að dómi skólastjóra og skólalæknis veldur því, að hann getur ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar. Skal skólastjóri í þeim tilvikum tilkynna það forráðamanni nemandans og hlutaðeigandi vinnuveitanda, en verði ekki bót á ráðin, skal vísa málinu til meðferðar barnaverndarnefndar.

■ **54. gr.** Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara

og starfsfólks skóla í öllu því, er skólann varðar, fara eftir skólareglum og temja sér prúðmannlega framkomu.

☐ Nú veldur nemandi verulegri truflun í kennslustund og lætur ekki skipast við áminningu kennara, og er þá kennara heimilt að víkja honum úr kennslustund.

☐ Ef nemanda reynist verulega áfátt í hegðun, ber kennara að leita orsaka þess. Í ljósi fenginna upplýsinga skal hann í viðtali við nemanda og forráðamenn hans, ef við á, leitast við að fá bætt úr því, sem áfátt er.

☐ Nú ber viðleitni kennara skv. 3. mgr. ekki árangur, og skal hann þá vísa málinu til meðferðar skólastjóra, sem kannar málið frá öllum hliðum. Ef meðferð hans leiðir ekki til viðunandi ástands, vísar skólastjóri málinu til sérfræðilegrar meðferðar fræðsluskrifstofu.

☐ Meðan mál skv. 4. mgr. eru óútkljáð, getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og fræðslustjóra tafarlaust þá ákvörðun.

☐ Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar í samráði við skólanefnd og sálfræðiþjónustu, sbr. 67. gr.

☐ Ákveða skal nánar í reglugerð[1] um framkvæmd þessarar greinar.

[1] *Rg. 512/1975.*

■ **55. gr.** Telji skólastjóri, að kennari, eða kennari, að skólastjóri hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim, getur hann vísað málinu til skólanefndar, sem beinir því sem skjótast til fræðslustjóra, ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Nú telur fræðslustjóri, að aðgerðir í málinu þoli enga bið, og getur hann þá gert tafarlausar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir, en gefur þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins, sem tekur ákvörðun í málinu.

☐ Telji foreldrar eða forráðamenn barna, að skólastjóri eða kennari hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim, fer um málið eins og segir í 1. mgr.

☐ Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

VII. kafli. Námsmat.

■ **56. gr.** Með námsmati í grunnskóla skal reynt að afla sem öruggastrar og víðtækastrar vitneskju um það, hver árangur hefur orðið af skólastarfinu. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því, hvernig nemendum gengur að ná þeim markmiðum í námi, sem skólinn setur þeim, sbr. 42. gr. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans, heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp.

■ **57. gr.** Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 58. gr. Kennarar skulu gefa vitnisburði í lok hvers skólaárs eða námsáfanga. Vitnisburðir skulu færðir í prófbók skólans og í einkunnabækur nemenda.

☐ Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu.

■ **58. gr.** Menntamálaráðuneytið skal leggja skólunum til samræmd könnunarpróf og stöðluð próf í a. m. k. móðurmáli og stærðfræði, svo fljótt sem við verður komið. Skal einkum við það miðað, að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins á þeim stigum, þar sem eðlileg skil verða í náminu.

☐ Ráðuneytið veitir einnig sérfræðilegar leiðbeiningar um, hvernig skólarnir geti sem réttast metið námshæfni og námsárangur nemenda og gefið sem gleggstar umsagnir og upplýsingar um þá.

■ **59. gr.** Er grunnskólanámi lýkur, skal nemandi fá skírteini, er votti, að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Í skírteinið skal skrá námsbraut nemandans og valgreinar hans í 8. og 9. bekk svo og úrslit prófa, þ. á m. samræmdra lokaprófa. Einkunnir úr samræmdum stöðluðum prófum skulu færðar sem sjálfstæðar einkunnir og hafa einkunnir kennara ekki áhrif á þær.

■ **60. gr.** Til þess hluta námsmats, sem framkvæmt er með prófum lögðum fyrir heila árganga samkvæmt 57. eða 58. gr., er heimilt að hafa prófdaga sem hér segir: Í 1. og 2. bekk þrjá daga, í 3. bekk fimm daga, í 4., 5. og 6. bekk sex daga, í 7., 8. og 9. bekk allt að tólf daga að meðaltali.

☐ Óheimilt er að fella niður kennslu í þessu skyni umfram það, sem hér segir, nema samþykki menntamálaráðuneytisins komi til.

■ **61. gr.** Menntamálaráðuneytið í samráði við fræðslustjóra skipar skólunum trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa, svo og prófdómara til starfa við námsmat í 9. bekk grunnskóla, og setur starfsmönnum þessum erindisbréf.

☐ Æski skólastjóri og skólanefnd grunnskóla, þar sem kennslu lýkur í 7. bekk eða fyrr, sbr. 3. gr., að sérstakt eftirlit verði með námsmati í lokabekk skólans, er ráðuneytinu heimilt að skipa skólanum eftirlitsmann. Greiðist kostnaður við störf hans þá að jöfnu úr ríkissjóði og sveitarsjóði.

☐ Þá getur ráðuneytið, er það telur þörf á, skipað slíkan eftirlitsmann, að fengnum tillögum fræðslustjóra.

☐ Nánari ákvæði um tilhögun námsmats setur ráðuneytið í reglugerð.[1] Þar skal og setja ákvæði um, hvernig fylgst verði með námi þeirra nemenda á skólaskyldualdri, sem eigi sækja almennan grunnskóla.

[1] *Rg. 141/1980 (um námsmat í grunnskóla), reglur 116/1978 (um störf trúnaðarmanna og prófdómara við námsmat í grunnskóla).*

VIII. kafli. Skólarannsóknir o. fl.

■ **62. gr.** Menntamálaráðuneytið hefur með höndum gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsókna- og tilraunastarf í skólum, mat og endurskoðun námsmarkmiða og námsefnis, gerð staðlaðra prófa, endurskoðun námsskrár, undirbúning í samvinnu við Ríkisútgáfu námsbóka að útgáfu nýrra kennslubóka í þeim námsgreinum, sem ráðuneytið hefur til endurskoðunar, kennslufræðilegt leiðbeiningarstarf og tillögugerð um kennaranámskeið og nýjungar í kennaranámi í samvinnu við stofnanir, sem veita kennaramenntun.

■ **63. gr.** Til að leiðbeina um kennslu í grunnskóla, fylgjast með árangri hennar og stuðla að kennslufræðilegum umbótum skulu vera námsstjórar, eftir því sem þörf er á og fé veitt til þess á fjárlögum. Námsstjórar þessir eru starfsmenn menntamálaráðuneytisins, og ræður það þá til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu

námsstjóra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennarareynslu.

■ **64. gr.** Til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála, þ. á m. rannsókna- og tilraunastarfa skv. 62. gr., skal árlega varið fé, svo sem ákveðið er á fjárlögum. Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu fjárins.

■ **65. gr.** Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að starfrækja tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólastarfs með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um námsskrá, starfstíma skóla, kennslutilhögun, kennslumagn, skipun nemenda á tiltekin skólastig o. s. frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bág við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því, sem þar er gert ráð fyrir.

□ Ef kostnaður við tilraunaskóla fer fram úr því, sem greiða á til hans skv. lögum, skiptist það, sem umfram er, að hálfu milli ríkisins og viðkomandi aðila, enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt árlega kostnaðaráætlun fyrir fram.

IX. kafli. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta.

■ **66. gr.** Fræðsluráð skal svo fljótt sem aðstæður leyfa setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla umdæmisins.

□ Heimilt er fræðsluráðum tveimur eða fleiri að sameinast um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, enda samþykki menntamálaráðuneytið tilhögun þeirrar þjónustu.

□ Nú telur ráðuneytið, að óhæfilegur dráttur verði á stofnun ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í fræðsluumdæmi, og er þá fræðsluráði skylt að hefjast handa um slíkt innan frests, sem ráðuneytið ákveður.

□ Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skv. lögum þessum. Skal áætlunin miðuð við það fjármagn, sem til þessa starfsþáttar er veitt á fjárlögum. Til þessarar starfsemi skal að fengnum tillögum fræðslustjóra ráða sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Einnig er fræðsluráði heimilt að tryggja sér þjónustu ráðgefandi læknis til slíkra starfa.

□ Sálfræðingar, félagsráðgjafar og sérkennarar gegna störfum sem settir eða ráðnir um tveggja ára skeið, en eiga að þeim tíma liðnum rétt á ákvörðun um stöðuveitingu, að fenginni umsögn fræðslustjóra.

□ Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögum.

■ **67. gr.** Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er:

a. að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu í skólastarfi;

b. að vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi, sem verða mættu til að fyrirbyggja geðræn vandkvæði;

c. að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim, sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi;

d. að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru (sbr. c-lið);

e. að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra;

f. að annast hæfniprófanir og ráðgjöf í sambandi við náms- og starfsval unglinga;

g. að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustuna.

■ **68. gr.** Ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan lýtur stjórn fræðslustjóra, sem skipuleggur störfin í samráði við skólastjóra.

□ Starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustunnar hafa sama rétt til að sitja fundi skólanefndar og skólastjóri, sbr. 18. gr. Enn fremur eiga þeir rétt á að sitja fundi fræðsluráðs, þegar fjallað er um ráðgjöf og sálfræðiþjónustu eða skyld mál, svo og hliðstæða fundi, sem fræðslustjóri boðar til með skólastjórum eða kennurum.

■ **69. gr.** Menntamálaráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu.

□ Ráðuneytið getur falið tiltekinni stofnun, með samkomulagi við þá aðila, sem að henni standa, að annast fræðilega leiðbeiningastarfsemi og sérfræðilega umsjón með sálfræðiþjónustu í skólum.

■ **70. gr.** Menntamálaráðuneytið lætur safna upplýsingum um námsbrautir, atvinnulíf og annað, er starfsfræðsla þarfnast, og annast útgáfu handbóka og hjálpargagna fyrir kennara og ráðgjafa.

■ **71. gr.** Sérmenntaðir starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Setur ráðuneytið í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og verksvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, svo og kröfur um menntun þeirra, sem að þessum málum vinna, svo sem skólasálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Forstöðumenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skulu hafa lokið kandidatsprófi eða sambærilegu prófi í sálarfræði.

□ Ráðuneytið setur starfsmönnum erindisbréf að fengnum tillögum fræðsluráðs.

X. kafli. Bókasöfn.

■ **72. gr.** Við hvern grunnskóla skal vera safn bóka og námsgagna ásamt vinnustofu fyrir nemendur og kennara. Heimilt skal að sameina almenningsbókasöfn og skólasöfn, ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

□ Að skólabókasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost, önnur námsgögn og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.

□ Í bóka- og námsgagnasafni eru bækur og annað prentað efni, kvikmyndir, myndræmur, skyggnur, glærur, myndsegulbönd og annað myndritað efni, enn fremur hljómplötur, segulbönd og annað hljóðritað efni, svo og hvers konar tæki til flutnings á þessu efni og framleiðslu í þau.

□ Nánari ákvæði um skólasöfn, húsnæði þeirra, bókakost, önnur kennslugögn, starfslið og starfshætti setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

XI. kafli. Heilsuvernd.

■ **73. gr.** Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir lögum nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214/1958, með áorðnum breytingum. Sá aðili, sem falin er stjórn heilsuverndar í skólum, skal hafa samráð við fræðslustjóra um skipulagningu heilsuverndar í skólum fræðsluumdæmisins á skólaárinu. Enn fremur skal, í upphafi skólaárs og í samráði við skólastjóra, setja starfsliði heilsuverndar, sem í skóla starfar, svo sem

skólalækni, hjúkrunarkonu og tannlækni, fastan starfstíma í skólanum.

☐ Sé heilsugæslustöð í námunda við grunnskóla, er heimilt að fela henni að annast heilsuvernd nemenda, skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973.

☐ Skólastjóra ber að fylgjast með því, að starfsfólk heilsuverndar ræki störf sín í skólanum í samræmi við þá vinnuáætlun, sem sett hefur verið skv. framangreindu.

XII. kafli. Forskóli.

■ **74. gr.** Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Rekstrarkostnaður við forskólahald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla. Við forskólann skulu starfa kennarar, sem lokið hafa viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar við 1.—6. bekk grunnskóla. Kennarar, sem hlotið hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara, skulu ganga fyrir um rétt til starfsins. Heimilt er að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með viðurkennda menntun sem henta þykir. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir og launaðir af sömu aðilum og kennarar, og fer um launakjör þeirra eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms.

☐ Heimilt er að nota til forskólahalds skólahúsnæði grunnskóla.

☐ Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir börn undir skólaskyldualdri nema með leyfi fræðslustjóra.

XIII. kafli. Einkaskólar.

■ **75. gr.** Heimilt er menntamálaráðuneytinu að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., eða forskóla, sbr. 74. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá, er það staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Kennarar við skóla þessa skulu fullnægja öllum skilyrðum um rétt til kennslu í grunnskóla. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa undanþágu samkvæmt 7. gr., en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna henni allar breytingar á nemendaskrá, jafnóðum og þær verða.

☐ Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

XIV. kafli. Fjármál.

■ **76. gr.** Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum launakostnað vegna almennrar kennslu í grunnskólum, er leiðir af framkvæmd námsskrár með þeirri skólaskipan og því kennslufyrirkomulagi í hverju skólahverfi, sem ákveðið hefur verið skv. 16. gr.

☐ Fjölda kennslustunda, sem ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir, skal miða við heildarfjölda nemenda, er stunda nám samtímis í grunnskólum hvers skólahverfis, og annast skólanefnd skiptingu milli einstakra skóla.

☐ Hámarksfjölda kennslustunda á kennsluviku skal miða við það, sem hér segir:

Séu nemendur samtímis í grunnskóla:

a. allt að 20, verði kennslustundir á hvern nemanda 3,

b. 21—100, verði kennslustundir 20, og að auki 2 á hvern nemanda,

c. 101—350, verði kennslustundir 60, og að auki 1,6 á hvern nemanda,

d. fleiri en 350, verði kennslustundir 130, og að auki 1,4 á hvern nemanda.

☐ Sé meðaltal kennslutíma í bekkjardeildum grunnskóla annað en meðaltal kennslutíma, 32,2 kennslustundir (40 mín.), breytist hámark kennslustundafjölda, sbr. a— d-liði hér að framan, í réttu hlutfalli við það frávik.

☐ Til kennslutíma skal hvorki telja kennslustundir utan námsskrár né kennslustundir umfram þann tíma, sem ákveðinn er í 44. gr., nema hvað verja má allt að einni stund á viku á hverja 30 nemendur í 5.—9. bekk grunnskóla til reglubundins hópnáms í bókasafni undir leiðsögn kennara.

☐ Sé víxlkennsla (skiptikennsla) bekkja viðhöfð um tiltekinn tíma í skólahverfi og árlegur námstími af þeim sökum skertur, má vikulegur kennslutími þeirra nemenda vera allt að 15% lengri en ákvæði 44. gr. mæla fyrir um.

☐ Leiði skipting bekkja vegna verklegrar kennslu að jafnaði til fleiri en þeirra 3 stunda á viku í 3.—9. bekk, sem reiknað er með hér að framan, eykst kennslustundafjöldinn í samræmi við það, enda séu þá að jafnaði eigi færri en 12 nemendur saman í námshópi.

☐ Auk þess, sem talið er hér að framan, greiðir ríkissjóður að fullu kennslustundir vegna sundkennslu, viðurkenndrar sjúkrakennslu og forfallakennslu.

☐ Verði kennslu samkvæmt námsskrá, svo og nauðsynlegri hjálparkennslu, eigi komið fyrir innan þeirra marka, sem tilgreind eru hér að framan, sakir óhentugrar stærðar aldursárganga eða af öðrum gildum ástæðum, skal bæta við stundafjöldann því, sem til þarf. Slík viðbót er hverju sinni háð samþykki fræðslustjóra, sem í hlut á, og menntamálaráðuneytisins.

☐ Fullnoti grunnskóli ekki hámark kennslustunda þeirra, er honum ber samkvæmt lögum þessum, getur skólastjóri varið allt að 75% mismunarins, þó mest 1% af hámarki kennslustundafjölda skólans, til aukinnar kennslu eða annarra þarfa skólans.

☐ Sé rekið útibú frá skóla, sbr. 4. gr., skulu því og aðalskóla, hvoru í sínu lagi, ætlaðar kennslustundir.

☐ Séu kennslustundir og aðrar starfsstundir við skóla með samþykki skólanefndar fleiri en samrýmist ákvæðum þessarar og 77. greinar, eða sérstakri heimild menntamálaráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

☐ Verði af hálfu menntamálaráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um stundafjölda til samræmis.

■ **77. gr.** Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum þann launakostnað við grunnskóla, sem hér greinir:

a. Stundafjölda til stjórnunarstarfa, er svarar til allt að 7% af hámarki kennslustundafjölda samkvæmt 76. gr., þó ekki minna en 5 stundir á viku.

Stundafjölda samkvæmt þessum staflið skal varið til lækkunar á kennsluskyldu skólastjóra og yfirkennara vegna stjórnunar skóla, eins og hún verður ákveðin, og til almennra skrifstofustarfa að hámarki andvirði þess stundafjölda, sem umfram lækkun á kennsluskyldu er, og skal þá miðað við dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi.

b. Fjárhæð, er varið skal til starfa við bókasöfn og kennslutæki. Hámarksfjárhæð, sem ríkissjóður greiðir í þessu skyni á kennsluviku, miðast við klukkustundafjölda, er svarar til 6% af kennslustundum, skv. 76. gr., og dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi.

c. Fjárhæð, er varið skal til starfa að félagslífi nemenda. Hámarksfjárhæð, sem ríkissjóður greiðir í þessu skyni á kennsluviku, skal annars vegar miða við dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi og hins vegar við:

1. 5 klukkustundir, og að auki 3,7 klukkustundir á hverja 100 nemendur í skólahverfinu, séu þeir samtals færri en 700;

2. 4,4 klukkustundir á hverja 100 nemendur, séu nemendur samtals í skólahverfinu 700 eða fleiri.

☐ Setja skal í reglugerð ákvæði um skiptingu stunda samkvæmt staflið a til stjórnunarstarfa og enn fremur um störf samkvæmt stafliðum b og c, þar sem m. a. verði kveðið á um skiptingu þeirra á aldursflokka nemenda og tekið tillit til félagslegrar sérstöðu heimavistarskóla. Reglugerðin kveði einnig á um, hvenær þessi ákvæði komi til fullra framkvæmda.

☐ Sé kennsluskylda kennara lækkuð að hluta, til þess að hann sinni störfum, sem ríkissjóður greiðir ákveðna hámarksfjárhæð til, skal sú fjárhæð lækka um sama hluta af árslaunum kennarans, og skal lækkun kennsluskyldu hans metin til starfstíma í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

☐ Lækkun kennsluskyldu eða greiðsla vegna stjórnunar heimavista er ekki innifalin í stundafjölda samkvæmt a-lið.

☐ Setja skal í reglugerð[1] ákvæði um skiptingu stunda til stjórnunarstarfa og störf samkvæmt stafliðum b og c, þar sem m. a. sé ákveðið, hvenær þessi ákvæði komi til fullra framkvæmda.

[1] *Rg. 433/1977 (um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskóla).*

■ **78. gr.** Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum laun stjórnskipaðra prófdómara, sbr. þó 61. gr., aukagreiðslur til kennara, er leiðir af kjarasamningum ríkisins við kennara, svo og launakostnað vegna umsjónar og mötuneytis nemenda í heimavistum og heimanakstri samkvæmt samningum og þeim reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

■ **79. gr.** [Viðhaldskostnaður húsa og lóða, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar greiðist af sveitarfélögunum, en húsaleiga greiðist af ríkissjóði í því hlutfalli, sem stofnkostnaður húsnæðis til sömu nota mundi greiddur.

☐ Stofnbúnað skólabókasafns greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum. Skal bókastofn skólabókasafns miðaður við 10 eintök bóka á nemanda og kostnaðarþátttöku ríkissjóðs skipt á allt að 10 ára tímabil. Viðhald og endurnýjun bókasafna greiða sveitarfélög.][1]

☐ Ríkissjóður greiðir hluta í aksturskostnaði grunnskólanemenda eða öðrum kostnaði, sem komið getur í hans stað, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skal við það miðað, að þátttaka ríkissjóðs sé 50%, þar sem unnt er að nýta strætisvagna eða áætlunarbifreið, en ella allt að 85%, eða ákveðið framlag á nemanda, til greiðslu á akstri eða kostnaði við annað fyrirkomulag, sem komið getur í stað aksturs.

☐ Heilbrigðisþjónustu greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði.

☐ Ríkissjóður greiðir ferða- og dvalarkostnað kennara, sem ráðnir eru að fleiri en einum grunnskóla, sbr. 37. gr.

[1] *L. 94/1975, 6. gr.*

■ **80. gr.** Í skólum, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, greiða sveitarfélögin ein húsvörslu, hitun, lýsingu, ræstingu og allan annan rekstrarkostnað, sem ríkissjóði ber ekki að greiða samkvæmt lögum þessum.

☐ [Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.][1]

[1] *L. 94/1975, 7. gr.*

■ **81. gr.** Í skólum, sem reknir eru sérstaklega fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, en teljast þó til hins almenna grunnskóla og falla því ekki undir ákvæði 52. gr. um kennslu í sérstofnunum á vegum ríkisins, greiðir ríkissjóður kennslu og aðra námsaðstoð samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er ráðuneytið setur, og taki hún einnig til starfshátta og fyrirkomulags slíkra skóla.

■ **82. gr.** Skólastjóri skal árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað ríkissjóðs og sveitarsjóðs. Áætlunina skal miða við komandi rekstrarár skólans, er telst vera frá 1. júlí til 30. júní. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd og skal hún að því er fjármál varðar hljóta samþykki sveitarstjórnar, áður en hún er send fræðslustjóra fyrir 15. apríl ár hvert, eða annan þann dag, sem menntamálaráðuneytið ákveður. Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf skólaárs, ef þörf krefur.

☐ Áætlun fyrir fræðsluumdæmið í heild sendir fræðslustjóri til menntamálaráðuneytisins á þeim tíma, sem það ákveður.

■ **83. gr.** Föst laun skólastjóra, kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið setur eða skipar, greiðast beint úr ríkissjóði.

☐ Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum útlagðan launakostnað vegna kennslu, aksturs nemenda og annarra starfa mánaðarlega eftir á. Mánaðargreiðslur skulu miðast við árlega rekstraráætlun samkvæmt 82. gr., enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt áætlunina. Þegar fyrir liggur uppgjör þessa kostnaðar í lok almanaksárs og rekstrarárs skóla í samræmi við samþykkta rekstraráætlun, skal það endurskoðað og leiðréttingar gerðar, eftir því sem efni standa til.

☐ Menntamálaráðuneytið skal hafa tekið afstöðu til rekstraráætlunar skólaárs þess, sem í hönd fer, og tilkynnt hana sveitarstjórn eigi síðar en 1. júlí ár hvert, enda hafi áætlunargerð farið fram samkv. 82. gr.

☐ ...[1]

[1] *L. 94/1975, 8. gr.*

■ **84. gr.** Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd þessara laga að því er varðar skóla, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, og skulu því afhentir ársreikningar skólanna til endurskoðunar og úrskurðar. Heimilt er ráðuneytinu að fela fræðslustjóra að annast þessi störf í umboði sínu.

☐ Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald, en geta falið skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu með samþykki fræðslustjóra.

1974 Nr. 63 21. maí

□ Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla, skulu hlutaðeigandi oddvitar sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

■ **85. gr.** Af launa- og rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu skal eftirfarandi greiðast úr ríkissjóði:

a. Föst laun fræðslustjóra.

b. Árlegt framlag, er að hámarki miðist við nemendafjölda í grunnskólum umdæmisins, þannig að á fyrstu 2200 nemendur komi 1,4 stundir á nemanda og 0,4 stundir á nemanda eftir það. Við greiðslu úr ríkissjóði skal hver stund greidd með dagvinnutímakaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi. Framlag þetta er háð jafnháu framlagi þeirra landshlutasamtaka, sem í hlut eiga.

c. Helmingur kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, sem stofnað er til með samþykki menntamálaráðuneytisins.

d. Helmingur húsaleigu, án ljóss og hita, fyrir starfsemi fræðsluskrifstofu, sem samþykkt hefur verið af menntamálaráðuneytinu.

e. Helmingur ferðakostnaðar fræðslustjóra í embættiserindum, samkvæmt reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

□ Verði af samningum samkvæmt 15. gr. um, að skrifstofa landshlutasamtaka eða starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu gegn greiðslu, skal hluti ríkissjóðs greiðast af fjárframlögum samkvæmt þessari grein.

□ Í framlagi ríkissjóðs til fræðsluskrifstofu felst m. a. sá hluti, er ríkissjóður greiðir í sérfræðilegri skipulagningu skólabókasafna og eftirliti með þeim. Kostnaður við fræðsluskrifstofu greiðist af báðum aðilum mánaðarlega, samkvæmt áætlun, sem gera skal árlega.

□ Að öðru leyti en að framan greinir tekur ríkissjóður ekki þátt í launa- og rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu. [□ Verði stofnuð fræðsluumdæmi samkv. 3. mgr. 10. gr. greiðir hlutaðeigandi sveitarsjóður allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu annan en föst laun fræðslustjóra, helming kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og helming húsaleigu, sbr. a-, c- og d-lið þessarar greinar.][1)]

[1)] *L. 29/1978, 2. gr.*

■ **86. gr.** Af stofnkostnaði nýs húsnæðis og búnaðar fyrir fræðsluskrifstofur greiðir ríkissjóður í upphafi byggingarframkvæmda, eða við kaup húsnæðis, kr. 2 000 000,00, sem miðaðar eru við vísitölu byggingarkostnaðar við samþykkt laganna og breytast í samræmi við hana. Af þeim kostnaði, sem þá er eftir, greiðir ríkissjóður helming og hlutaðeigandi landshlutasamtök helming. Um byggingar þessar skulu að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað, eftir því sem við getur átt.

□ Viðhald húsnæðis greiðist að jöfnu af aðilum.

XV. kafli. Gildistaka og reglugerð.

■ **87. gr.** Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð[1)] um framkvæmd laga þessara.

[1)] *Rg. 213/1975 (um rekstrarkostnað grunnskóla) og rg. 21/1980 (um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla).*

■ **88. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins, þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku. [Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 10 árum eftir gildistöku laganna.][1)]

1974 Nr. 63 21. maí

□ Jafnframt falla úr gildi: Lög nr. 19 7. maí 1928, um fræðslumálanefndir. Lög nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna. Lög nr. 5 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, 5. gr., að því er tekur til ákvæða um námsstjórn í lögum um fræðslu barna og um gagnfræðanám. Lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám. Lög nr. 123 22. des. 1947, um breyting á lögum nr. 48/1946. Lög nr. 21 15. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 48/1946. Lög nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað, að því er tekur til 16.—23. og 25.—26. gr., að því er rekstur grunnskóla varðar, svo og 28. gr. að því er tekur til samstarfsnefndar.

□ Önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

[1)] *L. 16/1983, 1. gr.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Að 4 árum liðnum frá gildistöku þessara laga skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd laganna og þá einkum undirbúningi að níu ára skólaskyldu, þannig að Alþingi gefist kostur á að ályktá á ný um það ákvæði.

Lög um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum.

1936 Nr. 28 1. febr.

■ **1. gr.** Heimilt skal sýslunefndum og bæjarstjórnum að ákveða það lýðskólafyrirkomulag innan sýslu- eða bæjarfélagsins, að allir ungir menn verkfærir á aldrinum 18 ára vinni kauplaust líkamleg störf í þarfir síns sýslu- eða bæjarfélags, þar sem þeir eiga heimili, 7 vikur að vorlagi, gegn ókeypis húsavist og kennslu við verklegt og bóklegt nám í skóla í 6 mánaða tíma annan hvorn næstu tveggja vetra eftir að vinnan hefur farið fram.

□ Þó skulu undanþegnir skylduvinnu allir þeir, er innan 18 ára aldurs hafa stundað að minnsta kosti eins vetrar nám við annan skóla en barnaskóla.

□ Heimilt skal og sýslu- og bæjarfélögum að ákveða sams konar skólafyrirkomulag fyrir ungar stúlkur á aldrinum 18 ára, með öllum hinum sömu skyldum og réttindum og ákveðið er í lögum þessum, að skuli gilda fyrir pilta.

□ Þó skal ekki byggja skóla fyrir stúlkur í neinu sýslu- eða bæjarfélagi fyrr en reynsla nokkur er fengin af piltaskóla í sama héraði.

■ **2. gr.** Nú lízt meiri hluta sýslunefndar eða bæjarstjórnar að starfrækja lýðskóla með slíku fyrirkomulagi, og skal það þá með leynilegri atkvæðagreiðslu borið undir alla kjósendur til sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og skal um atkvæðagreiðsluna fara á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis.

■ **3. gr.** Ef ⅔ hlutar allra kosningabærra manna í sýslunni eða bænum samþykkja starfrækslu lýðskóla með slíku fyrirkomulagi, þá skal fullkomið skólahús, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, af þeirri stærð, er áætlað nemendatal í sýslunni eða bæjarfélaginu útheimtir, byggt á kostnað ríkissjóðs á þeim stað, er

1936 Nr. 28 1. febr. viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður og yfirstjórn fræðslumála getur fallizt á.

■ **4. gr.** Hætti sýslu- eða bæjarfélag að starfrækja skóla með þessu fyrirkomulagi áður en 40 ár eru liðin frá þeim tíma, að skólahúsið var fullgert, skal sýslu- eða bæjarfélag endurgreiða til ríkissjóðs byggingarkostnaðinn á 40 árum. Þó skal dragast frá 1/40 hluti þess fjár fyrir hvert ár, sem skólinn hefur verið starfræktur samkvæmt lögum þessum.

■ **5. gr.** Með reglugerð, er viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn semur og samþykkir og yfirstjórn fræðslumála staðfestir, skal ákveða stjórn, tilhögun vinnunnar og skólans.

☐ Þar má setja ákvæði um undanþágu að því er aldurstakmark nemenda snertir, svo og sektarákvæði gagnvart þeim, sem eru þess valdandi, að nemandi kemur eigi til skólavinnunnar, þegar hann er kallaður.

☐ Skulu sektirnar renna í sýslu- eða bæjarsjóð.

☐ Loks má í reglugerð setja ákvæði um það, að þann tíma skólaársins, er vinnan og skólinn stendur eigi yfir, sé hverjum nemanda heimilt að leita sér atvinnu þar, sem hann vill, án þess að leysa lausamennskuleyfi, og sömuleiðis ákvæði um það, að ef einhver nemandi vill eigi nota rétt sinn til skólans, þá standi plássið hverjum þeim opið, er stunda vill nám í skólanum lengur en einn vetur.

1977 Nr. 31 12. maí **Lög um Skálholtsskóla.**

■ **1. gr.** Í Skálholti starfar skóli, er heyrir undir menntamálaráðuneytið. Nefnist hann Skálholtsskóli.

■ **2. gr.** Skálholtsskóli starfar í anda norrænna lýðháskóla. Markmið hans er að stuðla að aukinni almennri menntun og þroska nemenda sinna og dýpka skilning þeirra á félags- og menningarlífi samtíðarinnar.

☐ Skólinn vinnur að varðveislu þjóðlegrar menningararfleifðar Íslendinga.

☐ Skólinn starfar á grundvelli kristinnar kirkju.

■ **3. gr.** Árlegur starfstími skólans er níu mánuðir. Heimilt er að skipta starfstímanum í námskeið. Hluti skólastarfs getur farið fram að sumri.

■ **4. gr.** Starfsemi skólans greinist í:

a. Almenna deild.

Almenna deildin veitir almenna framhaldsmenntun þeim, sem að loknu skyldunámi eða litlu síðar hafa horfið úr skóla, en vilja taka þráðinn upp að nýju.

b. Valfrjálsar deildir.

Skólinn býður nemendum ítarlegri fræðslu eftir frjálsu vali. Í því skyni starfa við hlið almennrar deildar minni deildir, þar sem nemendur einbeita sér að tilteknum flokkum námsgreina, þar á meðal íslenskri tungu, sögu og bókmenntum, kristnum fræðum og almennum trúarbragðafræðum, hugmynda- og heimspekisögu, nútímasögu og félagsfræði, svo og leiðbeiningum um æskulýðsstörf og aðra félagsstarfsemi.

Nemendur hinnar almennu deildar stunda nám í a. m. k. einni valfrjálsri deild. Að öðru leyti eru valfrjálsar deildir miðaðar við þarfir þeirra nemenda, sem lengra eru komnir á námsbraut og sitja ekki í öllum kennslustundum í almennri deild, en eru að búa sig undir frekara nám eða ákveðin störf.

c. Sjálfsnám og rannsóknarstörf.

Skólinn veitir árlega, eftir því sem aðstæður leyfa, viðtöku konum og körlum er dvelja um lengri eða skemmri tíma á staðnum og þiggja að vild þá fræðslu sem þar er í boði, en stunda að öðru leyti sjálfsnám og vinna að eigin verkefnum.

1977 Nr. 31 12. maí

☐ Skipulag alls náms og starfs í skólanum er með frjálsu sniði að hætti norrænna lýðháskóla. Próf eru engin, en vitnisburðir gefnir þeim, er þess æskja.

■ **5. gr.** Skilyrði fyrir skólavist er, að nemendur verði 18 ára á skólaárinu, nema eldri séu, og hafi lokið skyldunámi. Rektor getur veitt undanþágu og skólanefnd sett nánari reglur um inntöku nemenda í samráði við rektor, ef ástæða þykir til.

■ **6. gr.** Skálholtsskóli er sjálfseignarstofnun og ber kirkjuráð ábyrgð á fjárreiðum hans. Stjórn skólans er í höndum rektors og 7 manna skólanefndar. Biskup Íslands er formaður nefndarinnar og kirkjuráð tilnefnir varamann hans. Menntamálaráðherra skipar aðra nefndarmenn til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar og fimm samkvæmt tilnefningum eftirgreindra aðila: kirkjuráðs, Sambands ísl. sveitarfélaga, Kvenfélagasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Skálholtsskólafélagsins. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Rektor situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti nema þegar fjallað er um mál, sem varða hann persónulega. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í skólanefnd. Skólanefnd ræður rektor og fasta kennara í samráði við hann. Hún setur skólanum námsskrá og starfsreglur[1] með samþykki kirkjuráðs og menntamálaráðherra. Hún ber ásamt rektor ábyrgð á fjármálum og öllum rekstri skólans gagnvart kirkjuráði og menntamálaráðherra.

[1] *Rg. 463/1978 (um Skálholtsskóla).*

■ **7. gr.** Rektor stjórnar daglegu starfi, rekstri og fjárreiðum skólans, gerir fjárhagsáætlun, ræður stundakennara og annað starfslið eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Rektor og fastir kennarar njóta sömu réttinda og hliðstæðir opinberir starfsmenn, enda hvíla á þeim sömu skyldur. Um embættisgengi, starfsréttindi, ráðningu, störf, orlof og tölu fastra starfsmanna skólans fer, að því er við getur átt, eftir ákvæðum laga og reglugerða, er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólastigið.

■ **8. gr.** Um fjárveitingar úr ríkissjóði til Skálholtsskóla gildir eftirfarandi:

a. Rekstrarkostnaður skólans skal greiddur að fullu annar en rekstrarkostnaður heimavistar, sem greiðist 80%.

b. Stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem byggt verður eftir gildistöku laga þessara, skal greiddur úr ríkissjóði að 80% og skal hið sama gilda um heimavist.

☐ Þó skal framlag ríkissjóðs samkvæmt þessum staflið um miðast að hámarki við kostnað í ríkisskólum á framhaldsskólastigi.

☐ Skilyrði fjárframlaga til rekstrar er að menntamálaráðuneytið samþykki árlega áætlanir um rekstrarkostnað.

☐ Framlög til stofnkostnaðar greiðast eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, enda liggi áður fyrir samþykki stjórnvalda fyrir nýjum byggingarframkvæmdum þegar um þær er að ræða.

☐ Nú er skóli þessi lagður niður eða svo fer, að ekki er hagnýtt í þágu skólans skólahúsnæði hans, hvort sem er

1977 Nr. 31 12. maí

til kennslu eða heimavistar, og skal þá menntamálaráðherra og kirkjuráð sameiginlega taka ákvörðun um ráðstöfun húsnæðisins í samræmi við lög nr. 82/1963.[1)]

□ Stofnkostnaðar- og rekstrarreikningur skal gerður í janúarmánuði og sendur ásamt fylgiskjölum ríkisendurskoðun til endurskoðunar.

[1)] *Á væntanlega að vera l. 32/1963.*

1978 Nr. 51 12. maí

Lög um embættisgengi kennara og skólastjóra.

I. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Nám kennara skal metið í námseiningum og skal ein námseining jafngilda fullri námsvinnu einnar viku. Mat samkvæmt þessu einingakerfi skal staðfest af matsnefnd sem menntamálaráðuneytið skipar þannig: Einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Háskóla Íslands, annan samkvæmt tilnefningu Kennaraháskóla Íslands, en hinn þriðja án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

□ Nefndin leitar upplýsinga og umsagna kennarasamtaka og sérfræðinga eftir því sem við á, en starfssvið hennar og starfshætti skal skilgreina nánar í erindisbréfi.[1)]

[1)] *Erindisbréf 400/1978.*

■ **2. gr.** Til þess að verða skipaður kennari við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum sem jafngildir a. m. k. 30 námseiningum, auk annarrar tilskilinnar menntunar sem tilgreind er í öðrum greinum þessara laga, sbr. þó 9. gr.

■ **3. gr.** Kennarar, sem auka við menntun sína hérlendis eða erlendis með því að sækja námskeið eða stunda nám á annan hátt, skulu fá þessa menntun viðurkennda, sbr. 1. gr., ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

a. að um hafi verið að ræða markvisst nám sem stuðlar að aukinni starfshæfni kennarans,

b. að fyrir liggi matshæf gögn varðandi námið,

c. að matsnefnd fallist á gildi námsins.

■ **4. gr.** Nú hefur umsækjandi um kennarastöðu stundað nám við erlenda menntastofnun og leggur fram prófskírteini eða námsvottorð. Leiki vafi á hvort umsækjandi hafi aflað sér þeirrar menntunar sem krafist er til starfsins skal matsnefnd, skv. 1. gr., meta hæfni umsækjandans að því er menntun varðar.

■ **5. gr.** Menntamálaráðuneytið setur og skipar kennara, yfirkennara og skólastjóra við grunnskóla og framhaldsskóla.

□ Um meðferð umsókna um stöður við grunnskóla vísast til IV. kafla laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

□ Þegar um er að ræða sömu stöður við framhaldsskóla skal leita umsagna skólastjóra og/eða skólanefndar.

□ Í auglýsingum um kennarastöðu skal m. a. tilgreina sérsvið, þ. e. aðalkennslugreinar eða aldursstig nemenda sem kennara er ætlað að kenna.

■ **6. gr.** Sæki fleiri en einn kennari um sömu stöðu og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m. a. taka tillit til menntunar, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda.

■ **7. gr.** Eigi skal skipa kennara við skóla nema hann hafi gegnt kennslustarfi sem settur kennari við sama skóla eða hliðstæðan a. m. k. eitt ár samtals með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjóra og skólanefndar.

□ Sæki enginn um stöðu kennara sem fullnægir ákvæðum þessara laga um menntun og starfsreynslu er heimilt að setja í starfið mann sem hlutaðeigandi skólastjóri og skólanefnd telur hæfan.

■ **8. gr.** Til þess að verða skipaður skólastjóri við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi og hafa kennt þar a. m. k. tvö ár, þar af a. m. k. eitt ár sem settur skólastjóri, en tvö sé um heimavistarskóla að ræða. Séu sérstök ákvæði í lögum um skólastjóra sérskóla skal umsækjandi einnig fullnægja þeim ákvæðum. Sæki enginn um stöðu skólastjóra sem fullnægir ákvæðum þessarar greinar varðandi menntun og starfsreynslu er heimilt að setja í starfið mann sem hlutaðeigandi skólanefnd telur hæfan.

■ **9. gr.** Kennarar, sem lokið hafa kennaranámi fyrir gildistöku þessara laga eða hafa verið settir eða skipaðir í kennara- og skólastjórastöðu fyrir sama tíma, halda óskertum réttindum sem þeir hafa nú lögum samkvæmt.

■ **10. gr.** Sé um að ræða setningu eða skipun kennara eða skólastjóra við skóla sem ekki er sérstaklega tilgreindur í lögum þessum, skal matsnefnd, skv. 1. gr., að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, ákvarða hvaða menntunarkröfur sé eðlilegt að gera til fastra kennara eða skólastjóra skólans enda sé það ekki tekið fram í lögum eða reglugerðum fyrir viðkomandi skóla. Hæfni umsækjenda til þess að gegna stöðu við skólann skal síðan metin með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar.

II. Grunnskóli.

■ **11. gr.** a. Til þess að verða skipaður kennari við grunnskóla, í öðrum greinum en um getur í c-, d- og e-lið þessarar greinar, skal umsækjandi hafa lokið

1. námi við Kennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum,

2. kennaranámi á háskólastigi ásamt fullgildum prófum sem miðast við kennslu í grunnskóla og jafngildir a. m. k. 90 námseiningum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 30 einingar í sérgrein eða á sérsviði,

3. öðru jafngildu námi.

b. Kennarar, sem lokið hafa B. Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands, B.A.-prófi, B.S.-prófi eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðrum jafngildum prófum og fullnægja einnig skilyrðum 2. greinar, hafa rétt til kennslu í grunnskóla.

c. Sérkennarar afbrigðilegra nemenda á grunnskólastigi skulu auk almennrar kennaramenntunar, sbr. a-lið, hafa lokið fullgildu framhaldsnámi í sérgrein sinni svo sem hér segir:

1. kennarar treglæsra og tornæmra barna 30 námseiningum,

2. talkennarar, blindrakennarar, heyrnleysingjakennarar, kennarar þjálfunar- og hæfingarskóla, kennarar fjölfatlaðra barna og atferlistruflaðra barna 60 námseiningum.

d. Til þess að verða skipaður handmenntakennari, myndíðakennari, tónmenntakennari eða kennari í heimilisfræðum við grunnskóla skal umsækjandi hafa lokið sérnámi í viðkomandi grein ásamt fullgildum

prófum sem miðast við kennslu í grunnskóla og jafngildir a. m. k. 90 námseiningum. Þar af skulu eigi færri en 30 námseiningar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 30 einingar í sérgrein.

e. Til þess að verða skipaður íþróttakennari við grunnskóla skal umsækjandi

1. hafa lokið námi við Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum eða

2. öðru jafngildu námi.

■ **12. gr.** Til þess að verða skipaður kennari við forskóla skal umsækjandi hafa lokið viðurkenndu kennaraprófi, sbr. 11. gr., a-lið. Heimilt er að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með menntun sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

III. Framhaldsskólar.

■ **13. gr.** Til þess að verða skipaður kennari í bóklegum greinum við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi á háskólastigi er jafngildir a. m. k. 120 námseiningum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræðum og eigi færri en 60 einingar í sérgrein.

■ **14. gr.** Kennarar, sem hafa lokið B.A.-, B.S.- eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðru hliðstæðu prófi, og uppfylla auk þess skilyrði 2. gr., fullnægja skilyrðum til skipunar í kennarastöðu við framhaldsskóla. Sama gildir um kennara sem hafa jafngilt nám samkvæmt 40. gr. eða falla undir ákvæði 9. greinar. Þó skal umsækjandi með cand. mag.-próf eða annað hliðstætt því ganga fyrir að öðru jöfnu.

■ **15. gr.** Til skipunar í eftirtalin kennarastörf gilda þessi skilyrði, sbr. og 2. gr.:

a. Til þess að verða skipaður íþróttakennari við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa

1. lokið námi og fullgildum prófum frá Íþróttakennaraskóla Íslands eða

2. öðru jafngildu námi.

b. Til þess að verða skipaður kennari í list- og verkmenntagreinum við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa lokið námi í listaháskóla eða öðrum sérskólum sem jafngildir a. m. k. 90 námseiningum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 60 einingar vera nám í sérgrein.

c. Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum eða faggreinum iðnfræðsluskóla skal umsækjandi

1. a. m. k. hafa lokið prófi í tæknifræði eða öðru hliðstæðu námi með kennslugrein sína sem aðalgrein eða hafa meistararéttindi í þeirri iðngrein sem um er að ræða, og

2. hafa starfað í 2 ár sem tæknifræðingur eða meistari á sérsviði sínu.

d. Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum stýrimannanáms skal umsækjandi hafa lokið 4. stigs prófi frá stýrimannaskóla og siglt eigi skemur en eitt ár sem fullgildur stýrimaður á farskipi eða varðskipi eða sem skipstjóri á fiskiskipi yfir 120 rúmlestir.

e. Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum vélstjóranáms skal umsækjandi fullnægja öðru hvoru eftirfarandi skilyrða:

1. hafa lokið tæknifræði- eða verkfræðinámi sem tekur til þeirrar kennslugreinar sem viðkomandi á að annast kennslu í eða

2. hafa lokapróf 4. stigs frá Vélskóla Íslands og hafa hlotið þá menntun sem krafist er til að öðlast ótakmörkuð vélstjórnarréttindi, auk starfsreynslu og meistararéttinda.

1978 Nr. 51 12. maí

f. Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum við hjúkrunarskóla skal umsækjandi hafa lokið námi hjúkrunarkennara ásamt fullgildum prófum frá skóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir eða öðru jafngildu námi.

g. Til þess að verða skipaður kennari við húsgtjórnarskóla eða í heimilisfræðum í framhaldsskóla, skal umsækjandi hafa lokið húsgtjórnarkennaraprófi, handavinnukennaraprófi eða vefnaðarkennaraprófi í viðkomandi kennslugrein eða öðru námi sem menntamálaráðuneytið metur gilt.

■ **16. gr.** Til skipunar í eftirtalin kennarastörf gilda þessi skilyrði, sbr. og 2. gr.:

a. Til þess að verða skipaður kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá viðurkenndum íþróttakennaraskóla, að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein sem menntamálaráðuneytið metur gilt.

b. Til þess að verða skipaður kennari í myndlistar- og listiðnagreinum við Myndlista- og handíðaskóla Íslands eða aðra hliðstæða skóla skal umsækjandi hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir, í listaháskóla eða æðri sérskóla eða hafa með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu sýnt að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.

c. Til þess að verða skipaður kennari í tónlistargreinum við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík verður umsækjandi að fullnægja þessum skilyrðum:

1. hafa tekið lokapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík eða öðrum hliðstæðum skóla og stundað a. m. k. 2—3 ára framhaldsnám í sérgrein, t. d. hljóðfæraleik, söng eða tónfræðum, eða sérhæft sig á einhverju sviði tónlistarkennslu eða

2. hafa lokið fullgildu prófi frá viðurkenndum erlendum tónlistarskóla (conservatoire) eða tónlistarháskóla eða

3. hafa sannað með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.

d. Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum Hótel- og veitingaskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið framhaldsnámi við hótelskóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir og hafa 2 ára starfsreynslu við hótelstörf eða skyldan rekstur.

e. Til þess að verða skipaður kennari í sérgreinum við Fósturskóla Íslands skal umsækjandi hafa lokið prófi frá Fósturskóla Íslands eða sambærilegum erlendum skóla og a. m. k. eins árs viðurkenndu framhaldsnámi fyrir fóstrur. Einnig skal hann hafa unnið fósturstörf eigi skemur en 3 ár.

■ **17. gr.** Til þess að verða skipaður kennari við stofnun fyrir afbrigðilega nemendur skal umsækjandi hafa

1. lokið kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands eða Kennaraháskóla Íslands, og

2. sérhæft sig til starfsins við stofnun sem menntamálaráðuneytið samþykkir; skal námið jafngilda a. m. k. 60 námseiningum.

□ Heimilt er að setja kennara með fullgildu kennaraprófi við hlutaðeigandi stofnun (skóla) um eins árs

1978 Nr. 51 12. maí

skeið til reynslu, enda sérhæfi hann sig síðan til starfsins ef hann óskar að starfa áfram við stofnunina.

■ **18. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi: Lög um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 75 28. nóv. 1919. Lög um breyting á lögum nr. 75 28. nóv. 1919 um skipun barnakennara og laun þeirra, nr. 20 1. febr. 1936. Lög um menntun kennara, nr. 16 12. mars 1947, að því er tekur til 49., 51., 52., 53. og 54 gr. 2. gr., fyrsta málsgrein, laga um Íþróttakennaraskóla Íslands, nr. 65 29. maí 1972 um réttindi til íþróttakennslu. 18. gr. íþróttalaga, nr. 49 7. apríl 1956. 6. gr. laga um heyrnleysingjskóla, nr. 13 31. mars 1962. 11. gr. laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22 3. maí 1972. 11. gr. laga um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, nr. 1 2. jan. 1973. 6. gr. laga um Hótel- og veitingaskóla Íslands, nr. 6 30. mars 1971. 4. gr. laga um Hjúkrunarskóla Íslands, nr. 35 18. apríl 1962. 10. gr., önnur málsgrein, laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, nr. 38 11. maí 1965. 18. gr. laga um Fósturskóla Íslands, nr. 10 6. apríl 1973. 14. gr., fyrsta málsgrein, laga um menntaskóla, nr. 12 25. mars 1970, að því er tekur til kennara og skólastjóra. 15. gr. laga um menntaskóla, nr. 12 25. mars 1970. 18. gr. laga um iðnfræðslu, nr. 68 11. maí 1966, að undanskildum ákvæðum greinarinnar um stundakennara og erindisbréf kennara og skólastjóra. Önnur lagaákvæði sem fara í bága við lög þessi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þeir sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 4 ár eða lengur, en fullnægja ekki skilyrðum laganna til að hljóta skipun í stöðu, skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 244/1979.*

1955 Nr. 41 17. maí

Lög um greiðslu kostnaðar við skóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.[1)]

[1)] *Nú lög 49/1967. Sjá þó 29. gr. laganna. Um texta laga 41/1955, sjá Lagasafn 1973, d.728—735.*

1967 Nr. 49 29. apríl

Lög um skólakostnað.

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Lög þessi taka til eftirtalinna skóla: barnaskóla, unglingaskóla, miðskóla, gagnfræðaskóla, iðnfræðsluskóla og húsmæðraskóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

□ Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

■ **2. gr.** Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu alls landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og hvar stofna skuli heimangönguskóla og hvar heimavistarskóla, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefnda (fræðsluráða) og sveitarstjórna og iðnfræðsluráðs að því er iðnfræðsluskóla varðar.

■ **3. gr.** Menntamálaráðuneytið lætur fara fram athugun á skólabyggingaþörf á öllu landinu fyrir þau skólastig, sem lög þessi taka til.

II. kafli. Stofnkostnaður.

■ **4. gr.** Menntamálaráðuneytið gerir eða lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

a. Er taki til allt að tíu ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til.

b. Árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

□ Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust að áliti ráðuneytisins.

■ **5. gr.** Í menntamálaráðuneytinu skal vera deild, sem hefur með höndum eftirlit með byggingu skólamannvirkja. Í deildinni skulu m. a. starfa húsameistari, verkfræðingur og byggingaeftirlitsmenn. Byggingadeildin skal annast eftirlit með undirbúningi skólamannvirkja, endurskoða teikningar, kostnaðaráætlanir, útboðs- og vinnulýsingar, líta eftir, að framkvæmd verksins sé í samræmi við teikningar og útboðs- og vinnulýsingar, sjá um úttekt að verki loknu o. s. frv.

□ Byggingadeild ráðuneytisins lætur í té upplýsingar um þær reglur (norm), miðað við nemendafjölda og kröfur um frágang og búnað, sem framlag ríkisins skal miðast við, sbr. 7. gr.

□ Í reglugerð skal kveða á um þær reglur (norm), sem stofnkostnaðargreiðslur miðast við.

■ **6. gr.** Sveitarstjórnir ráða sérfræðinga til þess að gera uppdrætti að skólamannvirkjum, verklýsingar og áætlun um framkvæmd verksins og kostnað.

□ Ráðuneytinu skal senda alla uppdrætti, verklýsingar og kostnaðaráætlanir, ásamt skipulagsuppdrætti af skólastað þeim, sem ráðuneytið hefur samþykkt, samninga eða staðfest skilríki um, að lóð og landrými sé fyrir hendi kvaðalaust, vatnsréttindi séu tryggð og samningur gerður um afnot af jarðhita, ef fyrir hendi er.

□ Hlutaðeigandi sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir til skólamannvirkja, sem lög þessi ná til. [Nú næst ekki samkomulag um kaup á nauðsynlegu landi undir skólamannvirki, og er þá heimilt að taka það eignarnámi. Fer um slíkt eignarnám eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.[1)]][2)]

[1)] *L. 11/1973.* [2)] *L. 30/1973, 1. gr.*

■ **7. gr.** Ríkissjóður greiðir 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins kennslurýmis þeirra skóla, sem lög þessi taka til, og 85% af stofnkostnaði fullbúins heimavistarrýmis, þ. á m. skólastjóra- og kennaraíbúða við heimavistarskóla.

□ Ríkissjóði er heimilt að greiða 75% af áætluðum stofnkostnaði skólastjóra- og kennaraíbúða skyldunámsins við þá heimangöngu- eða heimanaksturssskóla, þar sem að dómi menntamálaráðuneytisins væri ekki hægt að ráða skólastjóra og/eða fasta kennara, nema slíkt húsnæði sé til.

□ Sameinist tvö eða fleiri núverandi sveitarfélög um heimavistarskóla skyldunáms eða iðnfræðslu með samþykki menntamálaráðuneytisins, greiðir ríkissjóður einn allan stofnkostnað heimavistarrýmis, þ. á m. skólastjóra- og kennaraíbúðir. Greiðsla á stofnkostnaði miðast við reglur (norm) byggingadeildar ráðuneytisins, sbr. 5. gr.

□ Til stofnkostnaðar samkvæmt lögum þessum telst, auk alls húsnæðis, innanstokksmunir, kennslutæki, áhöld og búnaður. Auk þess teljast til stofnkostnaðar þau útgjöld, sem nauðsynleg eru vegna tengingar við almenningsveitur og vegakerfi næsta nágrennis, og kostnaður við frágang skólalóðar, samkvæmt nánari

ákvæðum í reglugerð. Kostnaður við borun eftir heitu eða köldu vatni, sem eingöngu er gerð fyrir skólann, með samþykki menntamálaráðuneytisins, telst til stofnkostnaðar, sem ríkissjóður tekur þátt í, en réttindakaup annast sveitarsjóðir á sinn kostnað.

☐ Allan annan stofnkostnað en þann, sem ríkissjóður greiðir samkvæmt framansögðu, greiða hlutaðeigandi sveitarsjóðir.

■ **8. gr.** Kostnaðaráætlun skólamannvirkja skal miða við byggingarkostnað á þeim tíma, er áætlunin er staðfest. Hækki vísitala byggingarkostnaðar eða sérstök vísitala skólamannvirkja, reiknuð af Hagstofu Íslands, frá staðfestingardegi áætlunarinnar til útborgunartíma framlaga samkvæmt 14. gr., hækkar framlag ríkissjóðs í sama hlutfalli, og skal byggingarframlag ríkissjóðs leiðrétt í fjárlögum næsta árs á eftir. Þessi ákvæði gilda einnig um geymdar fjárveitingar til skólamannvirkja.

■ **9. gr.** Eigi má hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins. Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi. Séu þegar samþykktar fjárveitingar Alþingis til skólamannvirkis ónógar til að greiða ⅓ af áætluðu stofnkostnaðarframlagi ríkisins, má menntamálaráðuneytið eigi leyfa að hefja framkvæmdir, fyrr en að fengnu skriflegu samþykki fjármálaráðuneytisins.

■ **10. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 34/1982, 14. gr.*

■ **11. gr.** Ef tvö eða fleiri sveitarfélög eða hlutar úr þeim standa að sama skóla, þá skulu þau, ef ekki verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar eftir sömu reglum og sýslusjóðsgjald er lagt á samkv. 101. gr. laga nr. 58/1961.

■ **12. gr.** Heimilt er ríkissjóði að greiða framlag til stofnkostnaðar íþróttahúsa og sundlauga, opinna eða yfirbyggðra, sem bæjar- og sveitarfélög hyggjast reisa ein eða í samvinnu við íþrótta- eða ungmennafélög, á sama hátt og um stofnkostnað kennslurýmis væri að ræða, miðað við nýtingu vegna skólahalds.

☐ Áður en framkvæmdir hefjast, skal ráðuneytið gera samning við eigendur þeirra íþróttamannvirkja, er undir lög þessi falla, um afnot skóla af mannvirkjunum og um stjórn þeirra.

☐ Þátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði íþróttamannvirkja samkv. lögum þessum er háð því, að fylgt hafi verið ákvæðum 6. gr. þessara laga um undirbúning og 9. gr., um hvenær hefja megi framkvæmdir, svo og að mótframlag sveitarfélaga sé greitt, sbr. 14. gr., áður en framlag ríkissjóðs er greitt. Sá hluti íþróttamannvirkis, sem byggður er samkvæmt lögum þessum, nýtur ekki styrks úr íþróttasjóði.

■ **13. gr.** Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti til byggingar þeirra skólamannvirkja, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né að nothæfum áfanga með fjárveitingum Alþingis, sem fyrir hendi eru, og framlögum sveitarfélaga. Skulu þá slíkar fjárveitingar geymdar í ríkissjóði, en jafnframt heimilt að veita lán af þeim til þess að hraða byggingu þeirra skólamannvirkja, sem unnið er að, til þess að ljúka þeim sem fyrst.

■ **14. gr.** [Fjárveitingar ríkisins til skólamannvirkja, aðrar en til undirbúnings framkvæmdum, skiptast á tvö til fjögur ár vegna hverrar framkvæmdar. Heildarframlag ríkissjóðs til hverrar framkvæmdar skal vera til reiðu innan fjögurra ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt, önnur en fjárveiting til undirbúnings, sbr. þó 8. gr., og greiðist með sex greiðslum, eftir því sem verkinu þokar áfram, þannig:][1)] 20% þegar ráðuneytið hefur samþykkt, að verk megi hefja, 10% þegar botnplata er steypt, 20% þegar bygging er fokheld, 25% þegar múrverki er lokið og bygging er tilbúin undir tréverk, 20% þegar úttekt af hálfu ráðuneytisins hefur farið fram, 5% þegar skóli er fullbúinn til notkunar (hús og búnaður).

☐ Hafi sveitarfélag tvö eða fleiri skólamannvirki í smíðum samtímis, skal heimilt að greiða framlög ríkissjóðs án viðmiðunar við framangreind stig framkvæmda. Þegar framlög ríkissjóðs eru greidd á þennan hátt, skal árlegri fjárveitingu skipt í fimm jafnar greiðslur, sem greiðast 1. marz, 1. maí, 1. júlí, 1. október og 1. nóvember.

☐ Áætlun um skiptingu framlags ríkissjóðs til íþróttamannvirkja skv. 12. gr. eftir byggingarstigum framkvæmda skal ár hvert fylgja tillögum menntamálaráðuneytisins við undirbúning fjárlaga.

☐ Greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni er háð því, að framlag viðkomandi sveitarsjóða sé greitt, og skulu framlög þeirra og mótframlög ríkissjóðs greidd í sérstakan reikning byggingarinnar í banka eða sparisjóði, sem samkomulag verður um milli menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

[1)] *L. 30/1973, 2. gr.*

■ **15. gr.** Ef henta þykir að kaupa húsnæði til skólahalds, skal viðkomandi sveitarstjórn sækja um það til ráðuneytisins, sem lætur fara fram athugun og mat á verðmæti húsnæðisins. Ef af kaupum verður, tekur ríkissjóður þátt í kaupverði í sömu hlutföllum og í stofnkostnaði nýbygginga. Slíkar byggingar skulu teknar í framkvæmdaáætlun um skólabyggingar.

☐ Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður í sömu hlutföllum og stofnkostnaður mundi greiddur, ef að mati ráðuneytisins er hagkvæmara að kaupa sérstakar skólabifreiðir en að greiða fyrir flutning nemenda á annan hátt.

III. kafli. Rekstrarkostnaður.[1)]

[1)] *16.—23. gr. eru fallnar úr gildi að því er varðar rekstur grunnskóla, sbr. l. 63/1974, 88. gr.*

■ **16. gr.** Öll föst laun skólastjóra, fastra kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar, svo og laun stjórnskipaðra prófdómenda, greiðast beint úr ríkissjóði.

☐ Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum mánaðarlega á starfstíma skóla laun vegna stunda- og forfallakennslu, allar aukagreiðslur til skólastjóra og kennara, sem leiðir af samningum ríkisins við stéttarsamtök þeirra eða af kjaradómi.

☐ Við heimavistarskóla skyldunámsins greiðir ríkissjóður laun ráðskvenna og aðstoðarstúlkna í mötuneyti, hafi fjöldi þeirra og ráðningarkjör hlotið samþykki ráðuneytisins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

☐ Ríkissjóður greiðir að öllu leyti laun námsstjóra við

barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla og annan kostnað af námseftirlitinu.[1)]

☐ Laun fræðslustjórans í Reykjavík greiðir ríkissjóður að hálfu og endurgreiðir kostnað af störfum hans sem námsstjóra að ¼ hluta.

[1)] *L. 5/1968, 5. gr.*

■ **17. gr.** Við ákvörðun reiknaðra stunda eru allar kennslustundir og aðrar starfsstundir kennara fyrir sama fræðslustig lagðar að jöfnu. Eigi skiptir máli, hvort greitt er fyrir þær með föstum launum eða þær eru greiddar sem stundakennsla. Á sama hátt er eigi gerður munur á venjulegum kennslustundum og þeim stundum, er greiðsla fyrir heimavinnu fylgir eða greiddar eru sem yfirvinna eða með álagi vegna vinnu í kaffitíma.

■ **18. gr.** Skólastjórar skulu í byrjun hvers almanaksárs gera áætlun um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda á kennslumánuði og áætlaðan kostnað ríkissjóðs næsta skólaár samkvæmt III. kafla laganna. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd til samþykktar og senda ráðuneytinu fyrir 15. apríl ár hvert eða annan þann dag, sem ráðuneytið ákveður.

☐ Í sveitarfélögum, þar sem fleiri en einn skóli er á sama fræðslustigi, skulu skólanefndir (fræðsluráð) sjá um deildaskiptingu í skólum og annast skiptingu reiknaðra stunda milli einstakra skóla. Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins er skólanefndum (fræðsluráðum) í þessum sveitarfélögum heimilt að ráðstafa hluta reiknaðra stunda til sameiginlegra stjórnunarstarfa vegna skólanna. Jafnframt skulu skólanefndir (fræðsluráð) gera áætlun um kostnað ríkissjóðs vegna fjölda reiknaðra stunda og senda ráðuneytinu í samræmi við ákvæði fyrri mgr.

☐ Til reiknaðra stunda teljast, auk kenndra stunda, m. a. aðstoð við skólastjórn, störf að félagsmálum nemenda, leshjálp, umsjón, leiðbeiningarstörf við kennslu; enn fremur greiðslur fyrir eyður í stundaskrá og fyrir skrifstofuaðstoð, en slíkar greiðslur færast til reiknaðra stunda miðað við greiðslu fyrir stundakennslu í dagvinnu.

☐ Samanlagður fjöldi reiknaðra stunda fari ekki fram úr ákveðnu hámarki, sem er breytilegt eftir tölu nemenda samtímis í skóla, fræðslustigi, sérkennsluþörf og umsjónarþörf vegna heimavistar.

■ **19. gr.** Hámark reiknaðra stunda á kennslumánuði skóla, sem falla undir ákvæði þessara laga, miðað við að fullnægt sé ákvæðum námsskrár, er:

a. **Á barnafræðslustigi,** miðað við 40 mínútna kennslustund: Fyrir skóla með: allt að 10 nemendum komi 9 stundir á hvern nemanda; 11–20 nemendum komi 90 stundir, auk átta stunda á hvern nemanda umfram 10; 21–40 nemendum komi 170 stundir, auk sjö stunda á hvern nemanda umfram 20; 41–80 nemendum komi 310 stundir, auk sex stunda á hvern nemanda umfram 40; 81–160 nemendum komi 550 stundir, auk fimm stunda á hvern nemanda umfram 80; 161–240 nemendum komi 950 stundir, auk fjögurra stunda á hvern nemanda umfram 160; fleiri en 240 nemendur komi jafnmargar stundir á hvern nemanda og fyrir skóla með 240 nemendur.

b. **Á gagnfræðastigi** er miðað við 45 mínútna kennslustund, og fjöldi greiddra stunda má vera allt að 25% hærri en samkvæmt a-lið.

c. Sé nemendastundafjöldi á kennslumánuði hærri en venjuleg námsskrá fyrir níu mánaða barnaskóla eða gagnfræðaskóla segir til um, vegna styttra skólaárs, eða vixlkennslu bekkja, hækkar stundafjöldi á mánuði, sem nemur aukinni kennsluþörf, til þess að nemendur fái tilskilda kennslu.

d. Veiti skóli verknámskennslu eða aðra kennslu, er hefur í för með sér nauðsynlega deildaskiptingu umfram það, að kennslustundir í óskiptum bekk (bekkjardeild) séu 20 fleiri en nemendastundir á mánuði, hækkar stundafjöldi sem nemur aukinni kennsluþörf. Þó má ekki að jafnaði hafa færri en tólf nemendur í sérkennslutímum í einstökum bekkjardeildum.

e. Sé heimavist við skóla, má auka stundafjölda samkvæmt a- og b-liðum um allt að 20% vegna þeirra nemenda, sem eru samtímis í heimavist, m. a. vegna umsjónar utan kennslustunda.

f. Greiddar stundir vegna forfalla samkvæmt læknisvottorði endurgreiðast úr ríkissjóði, en koma ekki til frádráttar stundafjölda skv. liðunum a–e. Störf stjórnskipaðra prófdómenda teljast ekki með reiknuðum stundum. Sama gildir um greiðslu yfir- og eftirvinnuálags, heimavinnu og vinnu í kaffitímum, sbr. 17. gr.

☐ Almenn ákvæði b–f- liða gilda einnig fyrir iðnfræðsluskóla og húsmæðraskóla, eftir því sem við getur átt.

☐ Víkja má frá ákvæðum a–e- liða til hækkunar, þegar svo stendur á, að ekki er hægt innan þeirra að ná tilskilinni kennslu samkv. námsskrá eða nauðsynlegri umsjón í heimavist eða vegna félagsstarfsemi nemenda. Slík frávik skulu úrskurðuð af ráðuneytinu til eins árs í senn eða fleiri ára, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

☐ Þó skal ekki leyfa slík frávik umfram það, að útgjöld ríkissjóðs þeirra vegna nemi allt að tveimur af hundraði (2%) af áætluðum heildarútgjöldum hans samkvæmt þessari grein, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

☐ Séu reiknaðar stundir, með samþykki skólanefndar (fræðsluráðs), fleiri en samrýmist reglum a–e eða sérstakri skriflegri undanþágu ráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

☐ Verði af hálfu ráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á kennslu, námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um stundafjölda til samræmis.

☐ Þegar ekki er fullnægt ákvæðum námsskrár um vikulegar kennslustundir og um kennslugreinar og þar af leiðandi ekki þörf fyrir þann stundafjölda, sem greindur er í a- til e-liðum, lækkar fjöldi reiknaðra stunda og samsvarandi greiðslur úr ríkissjóði til samræmis.

☐ Eigi skal að jafnaði setja eða skipa fleiri kennara við skóla en sem nemur því, að skyldukennsla þeirra sé allt að 80% af þeim stundafjölda, er viðkomandi skóli á rétt á, nema þegar 1–4 kennarar, að skólastjóra meðtöldum, fullnægja kennsluþörf og rétti skólans með fjölda skyldustunda sinna.

☐ Um greiðslur til smábarnaskóla gilda ákvæði 54. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna.[1)]

[1)] *L. 63/1974, 88. gr.*

■ **20. gr.** Ríkissjóður greiðir eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og

1967 Nr. 49 29. apríl

húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur, svo og flutningskostnað nemenda, þegar við það sparast heimavist, bygging skólamannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum, í sömu hlutföllum og stofnkostnaður mundi greiddur. Heilbrigðisþjónustu í öllum skólaflokkum greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði.

■ **21. gr.** ...[1]

[1] *L. 45/1979, 12. gr.*

■ **22. gr.** Sveitarfélög greiða ein húsvörzlu, hitun, lýsingu, ræstingu og allan annan rekstrarkostnað, sem ekki er sérstaklega nefndur, og ráða starfslið til þeirra starfa, sem hér um ræðir, að fengnum tillögum skólastjóra.

□ Í heimavistarskólum fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, greiðir ríkissjóður, auk framantalins kostnaðar, helming fæðiskostnaðar og helming kostnaðar við gæzlu og þjónustu.

■ **23. gr.** Húsnæði til skólahalds má taka á leigu með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.

□ Hreinar leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla koma í hlut ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur.

□ Um leigu á eignum skóla má ákveða í reglugerð.

□ Menntamálaráðuneytið ákveður heimavistargjöld nemenda í heimavistum í skólum utan skyldunáms, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og skólanefnda svo og iðnfræðsluráðs.

■ **24. gr.** Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Ákvæði þetta gildir ekki um framkvæmdir samkv. 12. gr.

□ Umráð og umsjón skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, er í höndum sveitarstjórna (skólanefnda), nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð.

□ Skylt er sveitarfélögum að sjá um eðlilegt viðhald eigna þessara að mati byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

IV. kafli. Endurskoðun og reikningshald.[1)2)]

[1] *25.—26. gr. eru fallnar úr gildi að því er rekstur grunnskóla varðar, sbr. l. 63/1974, 88. gr.* [2] *Sbr. l. 5/1968, 7. gr. 2. tl.*

■ **25. gr.** Fjármálaeftirlit skóla hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd laga þessara, að því er varðar skóla, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, samkvæmt því sem menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð. Skulu fjármálaeftirlitinu afhentir ársreikningar skólanna til endurskoðunar og úrskurðar.

□ Menntamálaráðuneytinu skal sent samrit ársreikninga skólanna, athugasemda og úrskurða.

□ Rísi ágreiningur um reikningana eða einstök atriði þeirra, sker menntamálaráðuneytið úr.

■ **26. gr.** Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald skóla, sem lög þessi taka til, en falið geta þau skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald, í umboði sínu. Val reikningshaldara er háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

□ Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

□ Menntamálaráðuneytið ákveður, hver skuli annast reikningshald og endurskoðun þeirra skóla, sem taldir eru í 14. gr. og eru að öllu leyti eign ríkisins.

1967 Nr. 49 29. apríl

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **27. gr.** Nú er skóli, sem kostaður er sameiginlega af ríki og sveitarfélagi, lagður niður samkvæmt fyrirmælum eða með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn fræðslumálastjóra og skólanefnda eða fræðsluráða, og skulu þá skuldlausar eignir skólans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

■ **28. gr.** Menntamálaráðuneytið setur reglugerðir[1)] um framkvæmd laga þessara.[2)]

□ ...[3)]

[1] *Rg. 213/1975 (um rekstrarkostnað grunnskóla), Rg. 345/1978 (um stofnkostnað skólamannvirkja).* [2] *L. 5/1968, 4. gr.* [3] *L. 63/1974, 88. gr.*

■ **29. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. sept. 1968. Þó geta sveitarfélög, sem að húsmæðraskóla standa, að fengnum tillögum skólanefndar, fyrir 1. sept. 1968 ákveðið, að skipting rekstrarkostnaðar skólans skuli áfram fara eftir reglum laga nr. 41/1955.

□ [Rekstrarkostnaði héraðsskóla, sem reistir hafa verið af ríki og sveitarfélögum og ekki hafa verið afhentir samkvæmt lögum nr. 34 18. apríl 1962, skal, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska, skipta eftir ákvæðum laga nr. 41 17. maí 1955, og gilda ákvæði þeirra laga um rekstrarkostnað einnig fyrir skólaárið 1968 – 1969.][1)] Jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda falla úr gildi lög nr. 41/1955, með áorðnum breytingum, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

[1] *L. 50/1969, 1. gr.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Stofnkostnaður þeirra skólamannvirkja, sem samþykkt hafa verið, áður en reglur (norm) byggingadeildar verða staðfestar, skal skiptast milli ríkis og sveitarfélaga og greiðast eftir sömu reglum og giltu samkvæmt lögum nr. 41/1955.

□ [Á árinu 1969 skulu framlög til nýrra skólamannvirkja skiptast á 4ra ára greiðslutímabil vegna hverrar framkvæmdar.][1)]

[1] *L. 90/1968, 1. gr.*

Lög um námsgagnastofnun.

1979 Nr. 45 30. maí

■ **1. gr.** Hlutverk námsgagnastofnunar er að sjá grunnskólum fyrir sem bestum og fullkomnustum náms- og kennslugögnum. Uppeldis- og kennslufræðileg markmið námsgagnastofnunar eru í samræmi við 2. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

□ Heimilt er að fela námsgagnastofnun að annast verkefni, hliðstæð þeim sem tilgreind eru í lögum þessum, fyrir framhaldsskóla. Enn fremur er heimilt að fela námsgagnastofnun að annast alhliða þjónustu fyrir skóla- og almenningsbókasöfn skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

□ Námsgagnastofnun heyrir undir menntamálaráðuneytið.

■ **2. gr.** Námsgagnastofnun annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hvers konar námsgagna og kennslutækja, fylgist með nýjungum á því sviði og kynnir þær.

□ Stofnunin skal hafa samstarf við þá aðila sem vinna að endurskoðun námsefnis og nýjungum í skólastarfi á vegum menntamálaráðuneytisins, við fræðsluskrifstof-

1979 Nr. 45 30. maí

ur, svo og Kennaraháskóla Íslands og aðrar stofnanir sem veita kennaramenntun.

■ **3. gr.** Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn sjö manna námsgagnastjórn og jafnmarga til vara:

a. einn fulltrúa tilnefndan af Félagi skólastjóra og yfirkennara,

b. tvo tilnefnda af samtökum kennara á grunnskólastigi,

c. einn tilnefndan af samtökum kennara á framhaldsskólastigi,

d. einn tilnefndan af Kennaraháskóla Íslands,

e. einn tilnefndan af fræðslustjórum,

f. einn fulltrúa menntamálaráðuneytisins.

□ Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna og ákveður laun stjórnarinnar.

■ **4. gr.** Námsgagnastjórn gerir framkvæmdaáætlanir og endurskoðar þær reglulega. Hún staðfestir fjárhagsáætlanir og ber ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar. Hún ræður starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum námsgagnastjóra, sbr. þó 5. grein laga þessara.

■ **5. gr.** Menntamálaráðuneytið skipar námsgagnastjóra að fengnum tillögum námsgagnastjórnar. Hann á sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti og sér um framkvæmd á ákvörðunum hennar.

□ Námsgagnastjóri annast daglega stjórn og fjárreiður stofnunarinnar og samhæfir störf deilda.

■ **6. gr.** Námsgagnastofnun skiptist í tvær aðaldeildir: **framleiðsludeild** og **afgreiðslu- og söludeild.** Að öðru leyti skal starfsskipting innan stofnunarinnar ákveðin í reglugerð, sbr. 11. gr.

□ Verkefni deilda eru í megindráttum þessi:

a. Framleiðsludeild framleiðir náms- og kennslugögn miðað við íslenskar þarfir og aðstæður. Hún annast útgáfu námsbóka, handbóka, kennsluleiðbeininga og ítarbóka. Deildin gefur út íslenskt nýsiefni og erlent í íslenskri aðlögun. Hún lætur gera fræðslumyndir eða er aðili að gerð þeirra svo og setja íslenskt tal eða texta við erlendar myndir.

b. Afgreiðslu- og söludeild annast öflun og dreifingu náms- og kennslugagna. Hún vinnur að hagkvæmri notkun nýsitækja í skólum landsins og veitir leiðbeiningar um notkun þeirra. Deildin hefur einnig með höndum kynningar- og fræðslustarfsemi fyrir skóla um námsgögn og kennslutækni í samstarfi við þá aðila sem taldir eru í 2. gr.

□ Námsgagnastofnun er heimilt að hafa þau náms- og kennslugögn, sem hún framleiðir, til sölu á frjálsum markaði samkvæmt nánari ákvörðun námsgagnastjórnar.

■ **7. gr.** Nemendur í skyldunámi skulu fá ókeypis námsgögn samkvæmt ákvörðun námsgagnastjórnar.

□ Á þeim tíma árs, er námsgagnastjórn ákveður, skulu skólanefndir sjá um að námsgagnastofnun berist greinargerð um þau náms- og kennslugögn sem þörf er á til kennslu næsta skólaár. Greinargerðinni skal fylgja skýrsla um fjölda skólaskyldra barna og unglinga í skólahverfinu ásamt skilagrein fyrir síðastliðið ár. Námsgagnastofnun hlutast síðan til um að námsgögn, miðað við pöntun og rétt skólans samkvæmt gildandi úthlutunarreglum, séu send til réttra aðila. Nemendur fá námsgögnin til afnota eða eignar samkvæmt reglum sem námsgagnastjórn setur.

1979 Nr. 45 30. maí

■ **8. gr.** Kostnaður við starfsemi námsgagnastofnunar greiðist úr ríkissjóði og af eigin tekjum stofnunarinnar sem eingöngu má verja í þágu þeirra verkefna sem lög þessi mæla fyrir um.

□ Námsgagnastjórn gerir áætlun til allt að 5 ára um útgáfu náms- og kennslugagna. Áætlunina skal endurskoða árlega og skal hún fylgja tillögum stofnunarinnar um fjárveitingu í fjárlögum.

■ **9. gr.** Eigi er skylt að úthluta skólum námsgögnum umfram það sem ákveðið er í lögum þessum, sbr. 7. gr. Þó er skólum heimilt að nota námsbækur og námsgögn, sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis, þess efnis að þau fari ekki í bága við gildandi námsskrá.

□ Nánar skal kveðið á um veitingu slíkrar viðurkenningar í reglugerð.

■ **10. gr.** Námsgagnastofnun skal stuðla að varðveislu gamalla skólagagna.

□ Heimilt er, að fenginni fjárveitingu, að fela sérstökum starfsmanni umsjón þessa verkefnis.

■ **11. gr.** Menntamálaráðuneytið setur reglugerð[1] um framkvæmd laga þessara.

[1] *Rg. 600/1980.*

■ **12. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51/1956, um Ríkisútgáfu námsbóka, lög nr. 54/1961, um Fræðslumyndasafn ríkisins, og 21. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, svo og önnur ákvæði sem fara í bága við lög þessi.

Lög um heilsuvernd í skólum.

1957 Nr. 61 8. júní

■ **1. gr.** Rækja skal heilsuvernd í öllum skólum landsins samkvæmt reglum, er menntamálaráðherra setur með ráði heilbrigðisstjórnar.

■ **2. gr.** Framkvæmd heilsuverndar í skólum er í höndum heilbrigðisstjórnar.

■ **3. gr.** Sérfróður læknir, skólayfirlæknir landsins, skipaður af heilbrigðismálaráðherra, hefur yfirumsjón með heilsuvernd í skólum landsins og stjórnar starfi heilbrigðisstarfsliðs þess, sem annast hana, sbr. þó fyrri málsgrein 6. gr. Enn fremur hefur hann eftirlit með íþróttastarfsemi í landinu og heilsufari íþróttamanna.

□ Skólayfirlæknir tekur laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, og annar kostnaður við skólayfirlæknisembættið greiðist einnig úr ríkissjóði.

■ **4. gr.** Við alla skóla landsins skulu vera starfandi skólalæknar. Skólalækningar eru aukastarf læknis, nema sérstaklega sé um annað samið.

■ **5. gr.** Þar sem völ er á og þegar til þess hefur verið veitt fé, skal heimilt að ráða að skóla hjúkrunarkonu og tannlækni til að gegna þar störfum.

■ **6. gr.** Þar sem starfandi eru heilsuverndarstöðvar, annast þær, undir umsjón skólayfirlæknis, heilsuvernd í skólum, sbr. heilsuverndarlög, nr. 44 18. maí 1955.[1]

□ Þar sem ekki eru starfandi heilsuverndarstöðvar, gegna héraðslæknar, undir umsjón skólayfirlæknis, skólalæknisstörfum við alla skóla í héraði sínu. Þó er heilbrigðisstjórn heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði þar, sem nemendafjöldi er að mati hennar meiri en svo, að héraðslækni teljist kleift að annast allt eftirlitið.

[1] *Nú l. 57/1978, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, 4. tl.*

1957 Nr. 61 8. júní

■ **7. gr.** Heilsuvernd skal nemendum og forráðamönnum þeirra að kostnaðarlausu í öllum skólum, sem reknir eru af ríki eða sveitarfélögum eða styrks njóta af almannafé. Kostnaður við hana telst hluti af rekstrarkostnaði hvers skóla og skiptist milli greiðsluaðila í skólum, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, eftir reglum, er fræðslumálastjórn setur hverju sinni, sbr. lög um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, nr. 41 17. maí 1955.[1)]

[1)] *Nú l. 49/1967.*

■ **8. gr.** Öllum nemendum og starfsliði skóla er skylt að gangast undir berklaskoðun, eftir því sem fyrir er mælt í lögum og reglum um berklavarnir hverju sinni, og undir skólaskoðun, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð þar að lútandi.

■ **9. gr.** Í reglugerð[1)] skal ákveðið um starfssvið og skyldur skólayfirlæknis, ráðningu, starfssvið og skyldur skólalækna, skólahjúkrunarkvenna og skólatannlækna, um þátt skólastjóra og kennara í heilsuverndarstarfi skóla, um tilhögun á skólaeftirliti heilsuverndarstöðva um framkvæmd skólaskoðunar, um heilsuseðla og önnur eyðublöð, um börn, sem byrja skólagöngu fyrr en lög mæla fyrir, um heilbrigðisfræðslu í skólum, um heimild nemenda til að stunda íþróttir utan skólans og til að taka þátt í íþróttakeppni, um undanþágu frá námi og um fjarvistarvottorð.

[1)] *Rg. 214/1958, sbr. 196/1965 og 284/1966.*

■ **10. gr.** Háskóli Íslands er undanþeginn lögum þessum.

1962 Nr. 13 31. marz

Lög um heyrnleysingjaskóla.

I. Skólinn og hlutverk hans.

■ **1. gr.** Í Reykjavík skal vera skóli fyrir heyrnarleysingja. Nefnist hann Heyrnleysingjaskólinn. Við skólann skal starfrækt heimavist.

□ Hlutverk skólans er að kenna heyrnarlausum eða heyrnarlitlum börnum að skilja mál og tala. Skal skólinn leitast við að haga störfum sínum í samræmi við eðli og sérstakar þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim til þess að öðlast heilbrigt lífsviðhorf og gæta andlegrar og líkamlegrar heilsu þeirra. Enn fremur að veita þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum nemenda á fræðsluskyldualdri, hverjum eftir getu og þroska.

■ **2. gr.** Skylt er læknum að tilkynna skrifstofu landlæknis á þar til gerðu eyðublaði jafnskjótt og þeir komast að raun um, að barn innan 7 ára aldurs hafi svo litla heyrn, að lítil líkindi séu til þess, að það læri málið, eða hætta sé á, að það missi málið vegna heyrnarleysis.

■ **3. gr.** Foreldrum og forráðamönnum þeirra barna, sem annaðhvort eru fædd með svo litla heyrn eða heyrn þeirra hefur skemmzt svo af sjúkdómum, slysum eða öðrum orsökum, að þau læra ekki málið á eðlilegan hátt, er skylt að senda þau til náms í Heyrnleysingjaskólann, þegar þau eru 4 ára gömul.

□ Verði líkur færðar fyrir því, að barn hljóti jafngóða kennslu og uppeldi á annan hátt, getur fræðslumálastjóri, að fengnum tillögum skólastjóra Heyrnleysingjaskólans, veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

□ Börn skulu stunda nám í skólanum til 16 ára aldurs, nema þau hafi lokið námi þar fyrr eða rétt þyki af öðrum ástæðum að láta þau fara fyrr úr skólanum. Það skal að jafnaði gert, reynist barnið algerlega óhæft til náms. Taki barn svo miklum framförum, að það verði hæft til að njóta kennslu í almennum skólum, skal skólastjóri hlutast til um, að það hljóti skólavist með venjulegum hætti.

□ Missi barn heyrn, eftir að það er orðið talandi og áður en það er orðið 16 ára, gilda framangreind ákvæði einnig um það. Heimilt er að ákveða í reglugerð, að taka megi til náms í skólanum fólk eldra en 16 ára, hafi það misst heyrnina og skilji af þeim sökum eigi mælt mál.

■ **4. gr.** Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur fræðslumálastjóri, í samráði við skólastjóra, veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. 3. gr. um það, hvenær barni skuli komið til náms í skólanum.

■ **5. gr.** [Við Heyrnleysingjaskólann skal starfa framhaldsdeild er hafi það hlutverk að veita nemendum undirbúning og aðstoð til að afla sér menntunar og þjálfunar í ýmsum starfsgreinum og réttinda til sérnáms í framhaldsskólum eða háskólum. Deildin skal starfa í samvinnu við skóla á viðkomandi námssviði. Nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar skulu sett í reglugerð.[1)]][2)]

[1)] *Rg. 333/1978.* [2)] *L. 70/1978, 1. gr.*

II. Kennarar og starfsfólk.

■ **[6. gr.]**[1)] Menntamálaráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara við skólann. Skólastjóri og fastir kennarar eru opinberir starfsmenn og taka laun samkv. launalögum.

□ Skólastjóri ræður stundakennara, eftir því sem þörf krefur, í samráði við fræðslumálastjóra.

[1)] *L. 70/1978, 1. gr.*

■ **[7. gr.]**[1)] ...[2)]

[1)] *L. 70/1978, 1. gr.* [2)] *L. 51/1978, 18. gr.*

■ **[8. gr.]**[1)] Skólastjóri og kennarar, sem settir eru eða skipaðir til starfs, skulu gegna því samkvæmt erindisbréfi, sem menntamálaráðherra setur.

[1)] *L. 70/1978, 1. gr.*

■ **[9. gr.]**[1)] Skylt er kennara að kenna að jafnaði 30 klukkustundir á viku, en fækka má þeim niður í 25, er hann verður 55 ára, og í 20, þegar hann verður 60 ára. Kennarinn skal starfa utan kennslustunda með nemendum sínum í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ákveðið verður í erindisbréfi.

□ Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

[1)] *L. 70/1978, 1. gr.*

■ **[10. gr.]**[1)] Skólastjóri ræður annað starfsfólk skólans en fasta kennara, en um tölu þess og laun skal leita samþykkis menntamálaráðuneytisins.

[1)] *L. 70/1978, 1. gr.*

■ **[11. gr.]**[1)] Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um réttindi til orlofs fyrir kennara Heyrnleysingjaskólans, og skal þar tekið tillit til þeirra sérstöku krafna, sem gerðar eru til kennara skólans, auk þess sem þeir njóti sömu réttinda og kennarar við aðra skóla, er annast kennslu nemenda á fræðsluskyldualdri.

[1)] *L. 70/1978, 1. gr.*

III. Fjármál.

■ **[12. gr.]**[1)] Kostnaður við skólann greiðist að öllu

1962 Nr. 13 31. marz

1962 Nr. 13 31. marz

leyti úr ríkissjóði. Áætlanir um fjárþörf skólans skulu árlega lagðar fyrir menntamálaráðuneytið, og eru allar greiðslur kostnaðar bundnar samþykki þess.

[1] *L. 70/1978, 1. gr.*

IV. Stjórn skólans, skýrslur o. fl.

■ **[13. gr.]**[1] Menntamálaráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn skólans. Skólastjóri fer í skólanum með umboð fræðslumálastjórnar gagnvart kennurum skólans og nemendum og forráðamönnum þeirra. Hann stjórnar starfi skólans eftir gildandi lögum og ber ábyrgð á því gagnvart fræðslumálastjórn.

[1] *L. 70/1978, 1. gr.*

■ **[14. gr.]**[1] Skólastjóri skal árlega senda fræðslumálastjóra skýrslu um hæfni og framfarir nemenda og annað, er að kennslunni lýtur.

[1] *L. 70/1978, 1. gr.*

■ **[15. gr.]**[1] Skólastjóri skal í samráði við foreldra barns eða forráðamenn þess leitast við að útvega því vinnu eða koma því til náms við þess hæfi, er það hverfur úr Heyrnleysingjaskólanum. Til þess er skólanum heimilt að styrkja það, ef með þarf, en samþykki fræðslumálastjórnar þarf til hverju sinni, og skal nánar kveðið á um þetta í reglugerð.

[1] *L. 70/1978, 1. gr.*

■ **[16. gr.]**[1] Menntamálaráðuneytið setur reglugerð[2] um tilhögun kennslunnar í Heyrnleysingjaskólanum, svo og um önnur atriði, er skólann varða.

[1] *L. 70/1978, 1. gr.* [2] *Rg. 270/1977 (um sérkennslu).*

1975 Nr. 22 23. maí

Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

■ **1. gr.** Með tónlistarskóla er í lögum þessum átt við skóla, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Hefur a. m. k. einn fastan kennara, auk stundakennara.

2. Starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með prófum og opinberum nemendatónleikum.

3. Veitir hverjum nemanda kennslu í aðalnámsgrein, eina stund í viku. Auk þess séu a. m. k. tvær aukanámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur).

4. Hefur a. m. k. 30 nemendur.

■ **2. gr.** Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá styrk úr ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi, er nemi launagreiðslum til skólastjóra og kennara skólanna. Sveitarstjórn ræður skólastjóra og kennara að fengnum tillögum skólanefndar og teljast þeir starfsmenn sveitarfélagsins. Sveitarfélagið annast launagreiðslur, en ríkisstyrkur, er nemi 50% launakostnaðar, skal mánaðarlega greiddur sveitarfélaginu, enda séu laun greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

□ Skólanefnd, skipuð fulltrúum eignaraðila skólans, fer með fjárreiður skólans, en viðkomandi sveitarfélag skal ávallt eiga fulltrúa í nefndinni.

□ Ef fleiri en eitt sveitarfélag stendur að rekstri tónlistarskóla, gera þau með sér samning um fyrirkomulag greiðslna og kostnaðarskiptingu.

□ Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilt að taka starfsmenn tónlistarskóla, sem starfa samkvæmt lögum þessum, í tölu sjóðfélaga, sbr. 4. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og önnur ákvæði þeirra laga.

■ **3. gr.** Rekstrarstyrkir til tónlistarskóla skulu ákveðnir í fjárlögum. Gerir menntamálaráðuneytið í sambandi við undirbúning fjárlaga tillögu um fjárveitingu til hvers skóla um sig, með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu skólans síðasta starfsár, sbr. 4. gr.

1975 Nr. 22 23. maí

■ **4. gr.** Tónlistarskólar, sem styrks njóta samkvæmt þessum lögum, skulu senda viðkomandi sveitarfélagi fyrir 1. maí árlega endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning sinn fyrir síðastliðið almanaksár, ásamt skýrslu um starfsemi skólans, svo og fjárhags- og starfsáætlun næsta árs. Viðkomandi sveitarfélag skal svo senda menntamálaráðuneytinu fjárhags- og starfsáætlunina, samþykkta af sveitarfélaginu, fyrir 1. júní sama ár. Getur ráðuneytið ákveðið í hvaða formi skýrslur þessar skuli vera.

■ **5. gr.** Nú berst umsókn um styrk til tónlistarskóla, sem er að hefja starfsemi, og skal þá styrkur ekki veittur fyrr en viðkomandi sveitarfélag hefur kannað allar aðstæður til að starfrækja styrkhæfan skóla á viðkomandi stað. Ef skilyrði til skólahalds reynast fyrir hendi, þá skal styrkur í fyrsta sinn ákveðinn með hliðsjón af rekstraráætlun, sbr. 4. gr.

■ **6. gr.** Styrkur skal veittur tónlistarskólum til hljóðfærakaupa eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Menntamálaráðuneytið skiptir styrknum með hliðsjón af þörf skólanna. Styrkur má þó aldrei vera hærri en nemi ⅓ af andvirði hljóðfærisins.

■ **7. gr.** Heimilt er að veita styrki til tónlistarkennslu á stöðum, sem ekki fullnægja framangreindum skilyrðum um tónlistarskóla. Skulu styrkumsóknir sendar menntamálaráðuneytinu eigi síðar en 1. júní ár hvert, ásamt nákvæmri skýrslu um kennsluna síðastliðið ár og kostnað við hana. Ef ástæða telst til styrkveitingar, gerir menntamálaráðuneytið tillögu um fjárlagastyrk til tónlistarkennslunnar með hliðsjón af því, hversu fullkomna og fjölþætta kennslu um er að ræða.

■ **8. gr.** Menntamálaráðuneytið getur kvatt sér til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara sérfróða menn í tónlistarmálum.

■ **9. gr.** Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má þar gera að skilyrði fyrir styrkgreiðslu, að námsskrá hlutaðeigandi skóla hafi hlotið staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

■ **10. gr.** Ef tónlistarskóli, sem styrks hefur notið, hættir störfum skal sveitarfélagið varðveita eignir skólans (hljóðfæri o. fl.) þar til skóli tekur til starfa að nýju.

■ **11. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 12/1963, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, og önnur ákvæði sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

1975 Nr. 37 26. maí

Lög um Leiklistarskóla Íslands.

■ **1. gr.** Stofna skal á vegum ríkisins leiklistarskóla, og er heiti hans Leiklistarskóli Íslands.

□ Hlutverk skólans er að þroska leiklistarhæfileika nemenda og þjálfa þá til leiklistarstarfa.

□ Skólinn starfar í Reykjavík, en heimilt er að reka undirbúningsdeildir í tengslum við skólann annars staðar á landinu.

□ Heimilt er að starfrækja nemendaleikhús á vegum skólans.

1975 Nr. 37 26. maí

□ Allur kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

■ **2. gr.** Leiklistarskóli Íslands heyrir undir menntamálaráðuneytið. Skólinn er þriggja vetra skóli og skal starfa sem næst 8 mánuði á ári. Ákveða skal með reglugerð,[1)] hvert skuli vera námsefni skólans, inntökuskilyrði, hæfnismat (próf) og annað, er varðar starfsemi skólans og undirbúningsdeilda skv. 1. gr.

[1)] *Rg. 190/1978.*

■ **3. gr.** Við skólann starfar skólastjóri, sem settur skal eða skipaður af ráðherra til fjögurra ára í senn. Skólastjóri getur sá einn orðið, sem öðlast hefur menntun og reynslu í leiklistarstörfum. Um starfskjör hans fer eftir hinu almenna launakerfi ríkisins, eftir því sem við á. Skólastjóri ræður kennara að skólanum í samráði við skólanefnd, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

■ **4. gr.** Skólanefnd er til ráðuneytis skólastjóra um málefni skólans. Menntamálaráðherra skipar skólanefndina, sem í eiga sæti 9 fulltrúar. Ráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar, og er hann formaður. Aðrir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Þjóðleikhússráðs, leikhússráðs Leikfélags Reykjavíkur, Leikfélags Akureyrar, Bandalags ísl. leikfélaga, Ríkisútvarpsins, Félags íslenskra leikara, kennara Leiklistarskóla Íslands, nemenda Leiklistarskóla Íslands. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn nema fulltrúar nemenda og kennara, sem skipaðir eru til eins árs hverju sinni.

■ **5. gr.** Þjóðleikhús og önnur leikhús í landinu, sem ríkisstyrks njóta, svo og Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp) skulu veita Leiklistarskóla Íslands aðstoð í starfi hans eftir því sem um semst milli aðila hverju sinni og við verður komið.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Vegna þess að leiklistarkennsla hefur farið fram undanfarið á vegum tveggja aðila, annars vegar Leiklistarskóla leikhúsanna, hins vegar Leiklistarskóla Samtaka áhugafólks um leiklist (SÁL), skulu nemendur þessara skóla, sem kjósa að halda áfram námi sínu í Leiklistarskóla Íslands, eiga rétt á því. Ber í því sambandi að taka tillit til þess náms, sem nemandi hefur þegar lokið í skóla sínum, og hvort hann hefur staðist þar hæfnismat. Ráðherra getur sett nánari reglur um þetta efni og á um það úrskurðarvald.

1978 Nr. 55 11. maí

Lög um búnaðarfræðslu.

I. kafli. Um hlutverk, skipulag og stjórn.

■ **1. gr.** Markmið búnaðarfræðslu er:

a. að veita bændaefnum og öðrum hagnýta fræðslu um landbúnað;

b. að stuðla að aukinni fræðslu og endurmenntun þeirra, er við og fyrir landbúnað starfa;

c. að veita vísindalega fræðslu í búfræði og undirstöðugreinum hennar.

□ Almenn búnaðarfræðsla skv. liðum a og b fer fram við búnaðarskóla, sbr. II. kafla. Enn fremur getur hún farið fram við aðra framhaldsskóla, í bréfaskóla, með námskeiðahaldi og á hvern þann hátt annan, sem hagkvæmt þykir og samþykkt er af yfirstjórn búfræðslumála. Fræðsla skv. lið c fer fram við búvísindadeild bændaskólans á Hvanneyri í Borgarfirði, sbr. III. kafla laganna.

■ **2. gr.** Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn búnaðarfræðslunnar samkvæmt lögum þessum.

1978 Nr. 55 11. maí

■ **3. gr.** Búfræðslunefnd skal marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra, er að þeim vinna. Landbúnaðarráðherra skipar búfræðslunefnd til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti: skólastjórar búnaðarskóla, einn fulltrúi úr hópi búfræðikennara, tilnefndur af félagi þeirra, tveir fulltrúar kosnir á Búnaðarþingi og fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu. Nefndarmenn starfi á kostnað þeirrar stofnunar sem þeir eru fulltrúar fyrir.

□ Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

■ **4. gr.** Á skólastöðum eða í tengslum við þá skal reka fjölbreyttan búskap, er fullnægi sem flestum þörfum kennslu og verkþjálfunar, skapi aðstöðu til rannsókna og sé til fyrirmyndar, hvað snertir rekstrarhætti og umgengni.

■ **5. gr.** Rannsóknir við skólana skulu skipulagðar með öðrum landbúnaðarrannsóknum í landinu.

II. kafli. Um búnaðarnám.

■ **6. gr.** Í landinu skal starfrækja a. m. k. þrjá búnaðarskóla, að Hólum í Hjaltadal, á Hvanneyri í Borgarfirði og í Odda á Rangárvöllum. Á búnaðarskólum skal veita bóklega og verklega fræðslu um alla þætti almenns búrekstrar svo og um aukabúgreinar, eftir því sem við verður komið við hvern skóla.

□ Landbúnaðarráðherra getur ákveðið verkaskiptingu á milli skóla og skólabúa, ef þurfa þykir.

■ **7. gr.** Ráðherra skipar skólastjóra, og hafa þeir á hendi stjórn skóla, skólabús, rannsókna og annarrar starfsemi skólans.

■ **8. gr.** Við hvern skóla skal starfa ráðgefandi skólanefnd, tilnefnd af stjórnum búnaðarsambanda viðkomandi landshluta til fjögurra ára í senn. Skólanefnd skal m. a. efla tengsl skólanna við bændur og búnaðarsamtök á svæðinu og vera skólastjóra til fulltingis við uppbyggingu skólasetursins. Nánar skal kveða á um skipun og starfsvið hverrar skólanefndar í reglugerð. Skólanefndir séu ólaunaðar.

■ **9. gr.** Ráðherra skipar fasta kennara við skólana, en skólastjóri ræður stundakennara.

□ Kennarar við hvern skóla skulu vera eigi færri en 6 auk skólastjóra. Af þeim skal einn hafa yfirumsjón með skipulagningu á verkþjálfun og verknámi nemendanna, sbr. 12. gr. þessara laga.

□ Skipa má bústjóra við skólabúin með sömu kjörum og kennara, enda hafi þeir sambærilega menntun.

■ **10. gr.** Fastir kennarar búnaðarskólanna skulu vinna fullt ársstarf. Auk kennslu skulu þeir vinna að rannsóknum, kennslubókagerð og öðrum hliðstæðum störfum í þágu skólastofnunarinnar. Nánar skal kveðið á um störf skólastjóra og kennara í erindisbréfi.

Inntökuskilyrði, námstilhögun og próf.

■ **11. gr.** Almenn deild búnaðarskóla nefnist bændadeild og lýkur námi í henni með búfræðiprófi.

□ Inntökuskilyrði í bændadeild eru:

1. Umsækjandi hafi lokið grunnskólaprófi eða aflað sér á annan hátt jafngildrar undirbúningsþekkingar að dómi skólastjóra.

2. Umsækjandi hafi öðlast reynslu við landbúnaðarstörf og að jafnaði stundað þau eigi skemur en eitt ár, bæði vetur og sumar.

■ **12. gr.** Nám við bændadeild skal skipuleggja sem tveggja ára nám. Árlegur námstími skal eigi vera skemmri en 27 vikur. Námið skiptist í eftirtalin þrjú svið:

1. Grunnnám með aðaláherslu á undirstöðuatriði búfræði og búrekstrar.
2. Verknám og verkþjálfun, er farið getur fram jöfnum höndum á skólastöðunum og á bændabýlum eða öðrum búum, og þá undir eftirliti skólans.
3. Nám í hinum einstöku greinum búfræði og tengdum greinum.

■ **13. gr.** Námsefni til búfræðiprófs skal ákveðið með námsskrá, sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

□ Auk búfræðigreina og tengdra greina skal til búfræðiprófs kenna íslensku og stærðfræði. Enn fremur skal gefa nemendum kost á kennslu í ensku og einu Norðurlandamáli eftir ákvörðun búfræðslunefndar. Sú kennsla skal sniðin eftir námsefni almennra framhaldsskóla.

□ Nám til búfræðiprófs skal metið til eininga, hverfi nemandi úr búnaðarskóla að öðru framhaldsnámi.

□ Um tímalengd og skiptingu námsins, svo og fyrirkomulag þess og námsmat, skal nánar kveðið á í reglugerð.

■ **14. gr.** Nú sækja nemendur, sem stundað hafa nám við aðra framhaldsskóla, um inngöngu í bændadeild búnaðarskóla, og skal þá meta til eininga það af fyrra námi þeirra, sem nýtist fyrir búfræðipróf, og minnka námsskylduna, er því nemur.

■ **15. gr.** Nú er í almennum framhaldsskóla stofnað til námsbrautar í búfræði, og skal þá námsskrá slíkrar kennslu og fyrirkomulag á verknámi og námsmat hljóta samþykki búfræðslunefndar.

□ Búfræðslunefnd ákveður, hvort eða hvenær slíkur skóli getur útskrifað búfræðinga.

Um bútæknanám og námskeiðahald.

■ **16. gr.** Heimilt er að koma á framhaldsnámi í búfræði eftir búfræðipróf, bútæknanámi, við einn eða fleiri af búnaðarskólunum, þegar aðstæður eru fyrir hendi.

■ **17. gr.** Framhaldsnám þetta skal miða við, að það veiti fyllri fræðslu í búfræðigreinum, einkum bútækni, bústjórn og búnaðarhagfræði, og standi eigi skemur en 30 vikur.

□ Námsefni til bútæknaprófs skal ákveða með námsskrá, er landbúnaðarráðherra staðfestir. Nánar skal kveða á um fyrirkomulag náms og námsmat í reglugerð.

■ **18. gr.** Búnaðarskólarnir skulu halda námskeið fyrir bændur og starfsmenn landbúnaðarins. Námsefni skal miðast við, að það henti starfandi bændum og öðrum, er við landbúnað vinna, hvort sem þeir hafa lokið búfræðiprófi eða ekki.

III. kafli. Um búvísindanám.

■ **19. gr.** Við Bændaskólann á Hvanneyri skal starfrækt búvísindadeild, sem er vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun á sviði landbúnaðar.

□ Búvísindadeild veitir nemendum sínum fræðslu og vísindalega þjálfun í búfræði, er miðast við það, að þeir geti tekið að sér sérfræðistörf fyrir íslenskan landbúnað og unnið að rannsóknum í þágu hans.

■ **20. gr.** Skólastjóri bændaskólans er yfirmaður búvísindadeildar. Deildarstjórn er skólastjóra til ráðuneytis um stjórn deildarinnar og skipulagningu kennslu og rannsókna.

□ Deildarstjórn skipa fulltrúar kennara á öllum námssviðum (sbr. 24. gr.) og 2 fulltrúar nemenda við deildina.

□ Kveða skal nánar á um vald og verksvið deildarstjórnar í reglugerð.

■ **21. gr.** Landbúnaðarráðherra skipar fasta kennara, sem skulu fullnægja sömu kröfum og gerðar eru til háskólakennara og njóta sömu kjara.

□ Skipa skal a. m. k. 5 aðalkennara og auk þess aðstoðarkennara eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum skólastjóra og deildarstjórnar, og samkvæmt lögum um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, nr. 97/1974. Skólastjóri ræður stundakennara.

□ Aðalkennarar hafa umsjón með kennslu hver á sínu námssviði og skipuleggja rannsóknir og þjálfun nemenda á því sviði.

■ **22. gr.** Skipa skal hverju sinni þriggja manna dómnefnd, er fjalli um hæfni umsækjenda til að gegna stöðu kennara við búvísindadeild. Einn skal skipaður eftir tilnefningu deildarstjórnar, annar eftir tilnefningu Félags íslenskra búfræðikandídata, ráðherra skipar formann án tilnefningar. Skipa má þá eina í dómnefnd, sem lokið hafa háskólaprófi í viðkomandi grein eða eru viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Um inntökuskilyrði, námsefni og próf.

■ **23. gr.** Skilyrði til inntöku í búvísindadeild eru þessi:

a. að umsækjandi hafi lokið búfræðiprófi með fyrstu einkunn,

b. að umsækjandi hafi lokið stúdentsprófi eða öðru framhaldsskólanámi, sem deildarstjórn telur jafngilt og mælir með.

■ **24. gr.** Námsefni deildarinnar er skipt í eftirtalin fimm svið:

1. undirstöðugreinar,
2. búfjárfræði,
3. jarðræktarfræði,
4. bútækni,
5. búnaðarhagfræði og félagsfræði.

Hverju námssviði er skipt í námsgreinar. Efni hverrar námsgreinar skal skilgreina í námsskrá, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

■ **25. gr.** Árlegur námstími við búvísindadeild skal eigi vera skemmri en 34 vikur. Ákveða má einstök námskeið utan reglulegs námstíma. Leyfi og önnur kennsluhlé skal ákveða í reglugerð.

■ **26. gr.** Lokapróf frá búvísindadeild er kandídatspróf í búfræði (B.S.- próf).

□ Námsskrá miðast við 3 ára nám og 4 ára nám.

□ Heimilt er að brautskrá búfræðikandídata að loknum tilskildum prófum eftir þrjú námsár.

□ Auk þess skal á fjórða námsári gefinn kostur á sérhæfðu námi og rannsóknaþjálfun.

■ **27. gr.** Hafa skal samvinnu við Háskóla Íslands um kennslu nemenda búvísindadeildar eftir því sem henta þykir, með tilliti til kennslukrafta og kennsluaðstöðu.

□ Um þá samvinnu skal gera sérstakt samkomulag á milli Bændaskólans á Hvanneyri og Háskóla Íslands.

1978 Nr. 55 11. maí

■ **28. gr.** Landbúnaðarráðherra skipar prófdómara við búvísindadeild.

□ Í reglugerð skal kveða á um námsmat og réttindi nemenda til að ganga undir próf.

■ **29. gr.** Starfrækja skal við búvísindadeild fræðilegt bókasafn varðandi landbúnað. Það skal vera nemendum og kennurum til afnota svo og þeim sem vinna að landbúnaðarrannsóknum.

IV. kafli. Embættisbústaðir.

■ **30. gr.** Á landi skólanna skal reisa bústaði fyrir skólastjóra, kennara og aðra fasta starfsmenn skólanna, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður og fé er veitt til á fjárlögum.

■ **31. gr.** Nú vill fastur starfsmaður skóla reisa sér íbúðarhús, og á hann þá rétt á lóð undir það í landi skólans. Lóðir skulu ákveðnar í samræmi við skipulagsuppdrátt staðarins. Leita skal í hvert sinn samþykkis ráðherra fyrir byggingunni og þeirri teikningu, sem byggt er eftir.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **32. gr.** Kostnaður við stofnun og starfrækslu búnaðarskóla, búvísindadeildar og skólabúa greiðist úr ríkissjóði. Verði rekstursafgangur á skólabúunum, skal hann greiðast úr ríkissjóði.

■ **33. gr.** Skólastjórar skólanna sjá um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti, ella selji skólarnir þeim fæði á kostnaðarverði.

■ **34. gr.** Í reglugerð,[1)] sem ráðherra setur, að fengnum tillögum búfræðslunefndar, skal kveða nánar á um starfsemi búnaðarskólanna, búvísindadeildar og annað, er að framkvæmd laga þessara lýtur.

[1)] *Rg. 525/1979 (um búnaðarfræðslu).*

■ **35. gr.** Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55 frá 20. apríl 1963.

■ **36. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. september 1978. Ákvæði 12. gr. skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 4 árum frá gildistöku laganna.

1936 Nr. 91 23. júní — Lög um garðyrkjuskóla ríkisins.

■ **1. gr.** Stofna skal garðyrkjuskóla að Reykjum í Ölfusi.

■ **2. gr.** Ríkið leggur skólanum til nægilegt land til garðyrkju, svo og vermireiti og gróðrarskála og aðrar byggingar, og enn fremur búfé og búsáhöld, sem nú eru á Reykjum og tilheyra Reykjabúinu.

■ **3. gr.** Garðyrkjuskólinn skal rekinn sem sjálfstæð stofnun á ábyrgð ríkisins og ber sjálfur kostnað við skólahaldið, eftir því sem tekjur hans hrökkva, enda njóti hann alls þess arðs, er garðyrkjan og annar rekstur skólabúsins gefur af sér. Heimilt skal stofnuninni að taka lán til framkvæmda sinna, eftir því sem nauðsyn krefur, með samþykki fjármálaráðherra.

■ **4. gr.** Við skólann skulu gerðar ýmsar tilraunir með ræktun garðjurta, bæði við almenn skilyrði og í gróðrarskálum.

■ **5. gr.** Í garðyrkjuskólanum skal fram fara bæði verkleg og bókleg kennsla. Verklegu kennslunni skal fyrir komið á tvennan hátt:

a. með námskeiðum að vorinu og sumrinu 3–4 mánaða tíma, þar sem fram fari tilsögn í ræktun allra algengra garðávaxta,

b. með tveggja til þriggja ára verknámi fyrir þá, sem vilja verða fullnuma í garðyrkju. Kennsla þessi skal fram fara bæði á köldu landi og heitu. Bóknámið má standa yfir allt að einu ári, og skal það fara fram aðallega að vetrinum. Aðgang að því eiga þeir, sem stundað hafa 2—3 ára verknám á þeim garðyrkjubúum, sem landbúnaðarráðherra löggildir til að hafa verklega garðyrkjukennslu með höndum. Auk garðyrkjunámskeiðanna má einnig hafa matreiðslunámskeið í skólanum, einkum að því er snertir notkun garðjurta.

■ **6. gr.** Við garðyrkjuskólann skal skipaður forstöðumaður, og honum fengin aðstoð við kennslu og annan rekstur eftir þörfum. Launakjör fastra starfsmanna skulu vera í samræmi við launakjör kennara bændaskólanna.

■ **7. gr.** Forstöðumaður hefur aðalumsjón með skólanum og sér um allar framkvæmdir og kennslu. Hann hefur og á hendi allt reikningshald skólans.

■ **8. gr.** Nemendur fá í skólanum ókeypis húsnæði og kennslu, en um greiðslu fyrir fæði fer eftir ákvæðum, sem ráðherra setur í reglugerð.

■ **9. gr.** Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn skólans ásamt þriggja manna nefnd, er hann skipar til þess. Laun skólanefndar skulu ákveðin af landbúnaðarráðherra og greidd af skólanum. Landbúnaðarráðherra gefur og út reglugerð[1)] um starfsemi skólans, og skal þar nánar ákveðið um inntökuskilyrði, námsgreinar, tilhögun kennslu, próf, kennslukrafta, tilraunastarfsemi, rekstur garðyrkjubúsins, fyrirkomulag námskeiða o. fl.

[1)] *Rg. 261/1970.*

1975 Nr. 26 23. maí — Lög um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

I. kafli. Tilgangur, námstími og réttindi.

■ **1. gr.** Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal annast menntun hússtjórnarkennara og matráðsmanna.

■ **2. gr.** Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal starfa í tveimur deildum, kennaradeild og matráðsmannadeild.

□ Kennaradeild býr nemendur undir kennslu í hússtjórn, svo og þeim greinum öðrum, er reglugerð ákveður, í grunnskólum og framhaldsskólum ásamt störfum við rannsóknir og leiðbeiningaþjónustu neytenda og atvinnuvega.

□ Matráðsmannadeild menntar starfsmenn til þess að veita forstöðu mötuneytum sjúkrahúsa, heimavistarskóla, vistheimila og annarra stofnana.

■ **3. gr.** Lokapróf frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands veita réttindi til þeirra starfa, er talin eru í 2. gr., samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

■ **4. gr.** Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skal vera þriggja ára skóli. Námstími skal vera 110–120 vikur.

□ Skiptingu kennslunnar í námstímabil skal ákveða í reglugerð.

II. kafli. Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

■ **5. gr.** Inntökuskilyrði í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eru: Stúdentspróf ásamt 20 vikna hússtjórnarnámskeiði eða próf úr hússtjórnarskóla að viðbættu prófi úr tveggja ára framhaldsdeildum gagnfræðaskóla.

□ Með samþykki menntamálaráðuneytis má veita umsækjendum með annað nám að baki skólavist, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því. Þeir, sem besta undirbúningsmenntun hafa, sitja fyrir um skólavist.

□ Nemandi skal sýna læknisvottorð um að hann sé eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið og hamli skólavist að dómi skólastjórnar.

■ **6. gr.** Í báðum deildum Hússtjórnarkennaraskóla Íslands skal kenna þessar námsgreinar:

a. Íslensku og íslensk fræði, framsögn.
b. Næringarefnafræðigreinar.
c. Raungreinar.
d. Hagfræði- og félagsfræðigreinar.
e. Heilbrigðisfræðigreinar og umhverfisvernd.
f. Í kennaradeild skal kenna uppeldisgreinar. Í matráðsmannadeild skal kenna verkstjórn og áætlanagerð, sjúkdómafræði og um sérfæði (diet).

■ **7. gr.** Þær kennsluæfingar, sem ekki fara fram í skólanum eða í Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands, verði í skólum þeim, sem menntamálaráðuneyti ákveður, að fengnum tillögum skólastjóra Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, og skal hafa um þetta samráð við fræðsluskrifstofur og skólastjóra viðkomandi skóla.

■ **8. gr.** Nemendur matráðsmannadeildar Hússtjórnarkennaraskóla Íslands skulu fá verklega kennslu í stofnunum ríkis og Reykjavíkurborgar, eftir samkomulagi þar um við forráðamenn viðkomandi stofnana.

□ Skylt er leiðbeinendum, sem taka að sér verklega kennslu nema í matráðsmannadeild, að veita þeim tilsögn í samráði við skólastjóra Hússtjórnarkennaraskóla Íslands samkvæmt reglugerð.

■ **9. gr.** Próf skal halda í lok hvers námstímabils. Við lokapróf í hverri grein skulu prófdómendur skipaðir af menntamálaráðuneyti, að fengnum tillögum skólastjóra.

□ Í reglugerð skal ákveða nánar um prófgreinar, próftíma, lágmarkseinkunnir, skiptingu lokaprófs á námstímabil og annað er að prófum lýtur.

III. kafli. Skólastjórn og kennarar.

■ **10. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Hússtjórnarkennaraskóla Íslands.

□ Það skipar sex manna skólanefnd þannig: Formann nefndarinnar án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Kennaraháskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Kennarafélagsins Hússtjórnar, einn samkvæmt tilnefningu Félags matráðskvenna og einn samkvæmt tilnefningu nemenda í skólanum. Gildir skipun nemendafulltrúans eitt ár en hinna fjögur. Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu máls, ræður atkvæði formanns úrslitum.

□ Formaður skólanefndar boðar til fundar þegar hann telur ástæðu til eða þegar skólastjóri eða einhver nefndarmanna æskir, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

□ Skólastjóri á rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar fjallað er um mál, er varða hann persónulega.

■ **11. gr.** Skólastjóri og fastir kennarar ásamt einum fulltrúa nemenda úr hvorri deild skólans mynda skólaráð, sem er skólastjóra til ráðuneytis um skólastarfið.

□ Skólastjóri stýrir fundum skólaráðs.

■ **12. gr.** Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt kjarasamningum.

□ Skólastjóri skal skipaður af forseta Íslands. Menntamálaráðherra skipar kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.

1975 Nr. 26 23. maí

□ Hann ræður einnig yfirkennara, ef þurfa þykir, að fengnum tillögum skólastjóra.

■ **13. gr.** Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum.

□ Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi.

□ Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

■ **14. gr.** Þá eina má setja skólastjóra og kennara við Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eða hafa kennarapróf frá hliðstæðum kennaraskólum erlendum og hafa stundað framhaldsnám í hússtjórnarfræðum, uppeldisfræðum eða „diet" fræðum.

□ Þeir kennarar, er lokið hafa kandídatsprófi frá Norræna búsýsluskólanum eða kandídatsprófi frá annarri hliðstæðri stofnun í einhverri aðalkennslugrein skólans, að viðbættri menntun í uppeldisfræðum, sitja að öðru jöfnu fyrir um stöður.

□ Til þess að fá skipun við skólann þurfa kennarar að hafa stundað framhaldsnám, sem menntamálaráðuneyti metur gilt á hverjum tíma. Skólastjóri ræður sérfræðinga til stundakennslu.

■ **15. gr.** Menntamálaráðherra setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

IV. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **16. gr.** Stofn- og rekstrarkostnaður Hússtjórnarkennaraskóla Íslands greiðist úr ríkissjóði. Menntamálaráðuneyti ákveður heimavistargjöld og þátttöku nemenda vegna efniskostnaðar, að fengnum tillögum skólastjóra.

■ **17. gr.** Skólastjóri ræður, með samþykki menntamálaráðuneytis, starfslið til að annast húsvörslu, ræstingu, skrifstofustörf og önnur nauðsynleg störf vegna rekstrar skólans.

■ **18. gr.** Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til

a. reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða
b. a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

□ Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

□ Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/

1975 Nr. 26 23. maí

eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki, og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

□ Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur, til tiltekins náms eða námsferða skv. 3. málsgr., má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

□ Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum, og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

□ Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólastjóra.

■ **19. gr.** Skylt er Húsmæðrakennaraskóla Íslands, að fenginni sérstakri fjárveitingu og í samráði við menntamálaráðuneyti, að halda endurhæfingarnámskeið í sérgreinum skólans fyrir húsmæðrakennara og matráðsmenn.

■ **20. gr.** Í reglugerð skal setja ákvæði um heilsuvernd í skólanum.

■ **21. gr.** Menntamálaráðuneyti setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

■ **22. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi, og tekur Húsmæðrakennaraskóli Íslands þá við hlutverki Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Teljast fastir starfsmenn Húsmæðrakennaraskóla Íslands starfsmenn Húsmæðrakennaraskóla Íslands frá sama tíma.[1)]

[1)] *L. 63/1965 eru væntanlega fallin úr gildi með l. 26/1975, 22. gr.*

1975 Nr. 53 26. maí

Lög um húsmæðrakennaraskóla.

I. kafli. Markmið, námstími.

■ **1. gr.** Hlutverk húsmæðrakennaraskóla er að veita verklega og bóklega menntun í hagnýtum greinum heimilisfræða og búa nemendur undir:

1. Hirðingu og umönnun heimilis og fjölskyldu.
2. Störf og þjónustu í húsmæðrakennargreinum og félagsmálum.
3. Framhaldsnám í æðri skólum, t. d. kennaraskólum, félagsmálaskólum, fósturskólum, hjúkrunarskólum, hótelskólum o. fl.

□ Enn fremur að veita nemendum á skyldunámsstigi kennslu í heimilisfræðum svo og framhaldsskólanemendum, ef þeir hafa slíkt nám sem valgrein, og skal kveða nánar á um þetta í reglugerð.

□ Kennslan skal miða að því að þroska sjálfstæði, dómgreind og félagsanda nemenda, jafnframt skal hvetja þá til þess að varðveita menningararf þjóðarinnar.

■ **2. gr.** Starfstími húsmæðrakennaraskóla skal vera 28—36 vikur samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytis — kennsla og próf — þar sem verkleg kennsla skiptist í þrjár annir: matreiðslu, sauma og þvott og ræstingu, en bóknám dreifist jafnt á allan námstímann. Þó getur ráðuneytið ákveðið frávik frá þessu. Um nánari skiptingu í verklegt og bóklegt nám skal ákveða í reglugerð.

■ **3. gr.** Stofna má til framhaldsnáms í húsmæðra- og heimilisfræðum fyrir þá, sem hyggjast veita forstöðu mötuneytum og viststofnunum. Menntamálaráðuneyti ákveður hvort og hvenær stofna skuli til slíks framhaldsnáms og setur í reglugerð ákvæði um námsgreinar og lengd námstíma.

II. kafli. Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

■ **4. gr.** Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

a. Að nemandinn hafi lokið skyldunámi grunnskóla.
b. Að nemandinn sýni læknisvottorð um að hann sé eigi haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólastjóra og skólanefndar. Skólarnir eru bæði fyrir stúlkur og pilta.

■ **5. gr.** Í húsmæðrakennaraskólum skal veita kennslu í því námsefni, sem hér er talið, sbr. þó 15. gr.:

a. Íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði.
b. Manneldisfræðigreinum.
c. Hagfræðigreinum og verkstjórn.
d. Uppeldis- og félagsfræðigreinum.
e. Heilbrigðisfræðigreinum og umhverfisvernd.
f. Handíðagreinum.

□ Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

■ **6. gr.** Próf skal halda í lok hverrar annar. Þau skulu vera samræmd í ákveðnum fjölda námsgreina, sem menntamálaráðuneytið ákveður hverju sinni. Í reglugerð skal setja ákvæði um samræmingu prófa og námsbækur. Um próf og einkunnir skal setja ákvæði í reglugerð. Menntamálaráðuneyti skipar prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra.

□ Eins árs nám í húsmæðrakennaraskóla skal veita sömu réttindi til framhaldsnáms og eins árs nám í almennum framhaldsskóla að loknu skyldunámi.

III. kafli. Skólastjórn og kennarar.

■ **7. gr.** Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn húsmæðrakennaraskóla. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Hann skipar einnig fasta kennara, að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Til þess að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við húsmæðrakennaraskóla þarf kennarapróf frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands eða frá hliðstæðri menntastofnun erlendis og einnig má setja eða skipa þá sem kennara, er lokið hafa prófi frá vefnaðarkennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þá eina má setja skólastjóra, er gegnt hafa kennslu í að minnsta kosti eitt ár.

■ **8. gr.** Við húsmæðrakennaraskóla skal starfa skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar, og starfar hún samkvæmt erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formann skal skipa án tilnefningar, en tvo nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í byggðarlagi skólans, tvo tilnefnda af viðkomandi lands-

hlutasamtökum og tvo tilnefnda af nemendum úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en annarra nefndarmanna til fjögurra ára. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skólastjóri á rétt til setu á fundum skólanefndar með tillögurétti og málfrelsi, nema þegar fjallað er um mál, er varða hann persónulega.

■ **9. gr.** Skólastjóri fer með stjórn hússtjórnarskóla samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum þar um og í samræmi við erindisbréf, er menntamálaráðuneytið setur. Hann ræður stundakennara og annað starfsfólk með samþykki menntamálaráðuneytis. Skólastjóra til aðstoðar skal vera kennararáð. Í kennararáði skulu vera allir fastráðnir kennarar skólans og skólastjóri, sem er sjálfkjörinn formaður. Heimilt er nemendum að kjósa úr sínum hópi einn til tvo fulltrúa í kennararáð til ráðuneytis um málefni nemenda.

■ **10. gr.** Skólastjóri og kennarar eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

■ **11. gr.** Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

Orlof.

■ **12. gr.** Nú óskar kennari að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína eða kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til

a. reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða

b. a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

□ Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

□ Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki, og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að ⅔ af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

□ Orlof skv. 2. mgr. má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 10 ár, settur eða skipaður. Skemmra orlof en 4 mánuðum nemur, til tiltekins náms eða námsferða skv. 3. málsgr., má veita kennara, sem gegnt hefur embætti í 5 ár, settur eða skipaður. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en nemur tveggja ára embættislaunum.

□ Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum, og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að náminu loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

□ Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólastjóra.

IV. kafli. Fjármál.

■ **13. gr.** Hússtjórnarskólar skulu vera ríkisskólar og kostaðir að fullu úr ríkissjóði. Nemendur skulu þó greiða efniskostnað vegna verklegrar kennslu og kostnað við mötuneyti svo sem gert er í öðrum heimavistarskólum. Nemendur greiði einnig húsaleigu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

■ **14. gr.** Miða skal stærð hússtjórnarskóla við það, að þar sé kennsluaðstaða og annað húsrými fyrir að minnsta kosti 36 – 40 nemendur. Þar sem sá fjöldi reglulegra nemenda hefur eigi verið síðastliðin tvö ár, getur ráðuneytið ákveðið að skólinn skuli eigi rekinn um sinn eða í öðru formi svo sem námskeiðum. Ef hússtjórnarskóli er eigi rekinn, er heimilt að nota eignir hans til annarrar menningarstarfsemi. Í verklegum greinum, skal nemendafjöldi ekki vera lægri en 12 í hópi að jafnaði. Að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefnda skal menntamálaráðuneyti sjá skólanum[1)] fyrir nauðsynlegu húsnæði, er nægi til allrar starfsemi þeirra ásamt heimavist og íbúðum handa starfsliði, þar sem þess gerist þörf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Hússtjórnarskólunum skal á sama hátt séð fyrir nægilegum kennslutækjum og bókasafni, sem nemendur hafa aðgang að.

□ Í reglugerð skal ákveða nánar um lágmarksbúnað skólanna.

[1)] *Svo í Stjtíð., en virðist eiga að vera „skólunum".*

V. kafli. Handíðaskóli.

■ **15. gr.** Stofna skal 36 vikna handíðaskóla, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum.

□ Námsefni skal í meginatriðum vera hliðstætt því, sem er í öðrum hússtjórnarskólum, sbr. 5. gr., en þó skal sérstök áhersla lögð á handíða- og textílgreinar.

□ Heimilt er að ráða kennara við skólann, sem sérstaklega eru þjálfaðir til handíða- eða teiknikennslu, án þess að þeir uppfylli skilyrði 7. gr.

□ Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

□ Að öðru leyti gilda sömu ákvæði um handíðaskólann og aðra hússtjórnarskóla.

VI. kafli. Námskeið.

■ **16. gr.** Heimilt er að starfrækja í hússtjórnar- og handíðaskóla námskeið með mismunandi námsefni og stundafjölda, svo sem framhaldsnámskeið í sérgreinum og námskeið fyrir starfshópa, sem vilja afla sér menntunar á afmörkuðum sviðum heimilisfræða og handíða, heimilishjálpar o. fl.

1975 Nr. 53 26. maí

☐ Setja skal reglugerð um starfsemi þeirra húsmæðraskóla, sem starfa eftir föstu námskeiðafyrirkomulagi, svo og önnur námskeið, enda hafi menntamálaráðuneyti samþykkt námskeiðshald, námsefni og námskeiðsgjöld.

VII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **17. gr.** Í reglugerð skal setja ákvæði um heilsuvernd í skólunum.

■ **18. gr.** Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má setja hverjum skóla sérstaka reglugerð og ákveða þeim mismunandi verkefni, t. d. einungis kennslu í formi námskeiða með lausráðnu starfsliði svo og að skólarnir taki að sér húsmæðrakennslu þá, sem fram á að fara í grunnskólum, og önnur slík verkefni, ef henta þykir.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að því er varðar þá húsmæðraskóla, sem nú eru starfandi, jafnóðum og samið hefur verið um yfirtöku ríkissjóðs á skuldum þeirra og eignum, ef forráðamenn þeirra æskja, að skólarnir komi undir ákvæði laga þessara. Þangað til skulu um þá gilda áfram lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu,[1] og lög nr. 49/1967, um skólakostnað.

☐ Yfirtöku ríkissjóðs á eignum og skuldum skólanna fylgir ekki kvöð um, að þeir verði reknir áfram sem húsmæðra(húsmæðra)skólar, nema umsóknir um skólavist fullnægi því lágmarki, sem nauðsynlegt telst á hverjum tíma til þess að slíkur skóli verði rekinn.

[1] *Um texta l. 49/1946, sjá Lagasafn 1973, d. 754—757.*

1972 Nr. 22 3. maí

Lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

I. kafli. Markmið skólans og skipulag.

■ **1. gr.** Markmið Stýrimannaskólans er að veita þá fræðslu, er þarf til að standast fiskimannapróf, farmannapróf og próf skipstjóra á varðskipum ríkisins.

■ **2. gr.** Skipstjórnarnám skal vera í 4 stigum, og veiti hvert stig tiltekin atvinnuréttindi, eins og þau verða ákveðin í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. 1. stig farmanna og fiskimanna, námstími 6 mán. 2. stig farmanna og fiskimanna, námstími 7½ mán. 3. stig farmanna, námstími 7½ mán. 4. stig skipstjóraefna á varðskipum ríkisins, námstími 4 mán.

☐ Heimilt er að lengja námstímann með reglugerðarákvæði.

■ **3. gr.** Til þess að ljúka 2., 3. og 4. stigi skipstjórnarnáms þarf nemandi áður að hafa lokið lægri stigum.

II. kafli. Kennsla.

■ **4. gr.** Í skólanum skal kenna: Stærðfræði, siglingafræði, þar með talin kennsla í notkun siglinga- og fiskileitartækja, íslenzku, ensku, dönsku, eðlisfræði, raf magnsfræði, vélfræði, sjórétt, landa- og veðurfræði, heilsufræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og íþróttir, einkum sund. Þá skal leitazt við að veita nemendum fiskimannadeildar fræðslu um fiskverkun og annað, er lýtur að meðferð og geymslu fisks um borð í skipum.

☐ Auk þessa skal kenna þær fræðigreinar, sem sérstaklega er krafizt fyrir skipstjóraefni á varðskipum ríkisins.

☐ Heimilt er að bæta við námsgreinum, ef þörf þykir. Kennslumagn í hverri grein skal ákveðið í reglugerð.

III. kafli. Inntaka nemenda.

■ **5. gr.** Almenn inntökuskilyrði í skólann eru þessi:

1. Að fullnægja kröfum reglugerðar um siglingatíma.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða krefst.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er geti orðið öðrum nemendum skaðvænir.
5. Að hafa lokið gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi.

1972 Nr. 22 3. maí

☐ Heimilt er að halda námskeið við skólann fyrir þá, sem ekki hafa gagnfræðapróf eða annað hliðstætt próf. Námskeið þetta skal standa minnst 4 mánuði. Námsgreinar skulu vera: Stærðfræði, eðlisfræði, íslenzka, enska og danska. Skal námsefnið miðað við það, sem kennt er til gagnfræðaprófs í þessum greinum. Próf frá þessu námskeiði með tilskilinni einkunn veitir rétt til setu í 1. bekk, sé öðrum inntökuskilyrðum fullnægt.

IV. kafli. Kennslutími.

■ **6. gr.** Heimilt er að halda hálfsmánaðar námskeið í stærðfræði og íslenzku eða fleiri greinum að haustinu, áður en skóli hefst, fyrir þá, er ekki náðu tilskilinni lágmarkseinkunn í þessum greinum til að setjast í hærri bekk, en náðu þó tilskilinni lágmarksmeðaleinkunn, eins og ákveðið verður í reglugerð.

V. kafli. Próf.

■ **7. gr.** Próf skulu haldin í lok kennslutímabils hvers stigs og skulu gefin út prófskírteini fyrir hvert stig. Prófskírteini við próf 2. stigs, 3. stigs og 4. stigs skulu gefin út bæði á íslenzku og ensku.

■ **8. gr.** Við próf 1., 2., 3. og 4. stigs skal auk kennarans, sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein, nema í siglingafræði skulu vera tveir prófdómarar, og skipar ráðuneytið prófdómara að fengnum tillögum skólastjóra.

■ **9. gr.** Vilji maður ganga undir próf án þess að hafa stundað nám við skólann, skal hann senda menntamálaráðuneytinu beiðni um það eigi síðar en tveimur mánuðum áður en próf hefst, og skal fylgja beiðninni vottorð um, að umsækjandi fullnægi kröfum þeim, er um getur í 1.—5. lið 5. gr. þessara laga, og vottorð um þann undirbúning, er hann hefur fengið.

☐ Heimilt skal skólastjóra að veita manni leyfi til að ganga undir próf upp úr undirbúningsdeildinni, þótt hann hafi ekki stundað þar nám.

VI. kafli. Kennarar skólans.

■ **10. gr.** Menntamálaráðuneytið skipar skólastjóra við skólann og fasta kennara eftir þörfum að fengnum tillögum skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara eftir þörfum.

☐ Laun skólastjóra og fastra kennara skulu ákveðin í kjarasamningum starfsmanna ríkisins eða með dómi kjaradóms.

■ **11. gr.** ...[1]

[1] *L. 51/1978, 18. gr.*

VII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **12. gr.** Kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði.

■ **13. gr.** Menntamálaráðuneytið setur reglugerð,[1] þar sem ákveðið sé um námsefni fyrir hvert stig. Enn fremur ákvæði um próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kennslutilhögun, námskeið og annað, er varðar skólahaldið almennt.

[1] *Rg. 259/1974 og rg. 360/1974.*

1972 Nr. 22 3. maí

■ **14. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

□ Í skólanefnd eiga sæti 7 menn. Ráðuneytið skipar 5 skólanefndarmenn til 4 ára í senn: tvo samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, annan úr farmannastétt, hinn úr fiskimannastétt, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Formann skipar ráðuneytið án tilnefningar. Tvo skólanefndarmenn skipar ráðuneytið til eins árs í senn samkvæmt tilnefningu nemenda skólans. Tilnefning fulltrúa nemenda skal fara fram eftir reglum, sem ráðuneytið setur.

□ Skólanefndin skal fylgjast með kennslutilhögun og námsefni og vera skólastjóra til aðstoðar í málefnum skólans almennt.

■ **15. gr.** Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem um getur í 5. gr., svo og þá fræðslu, sem þarf til að standast fiskimannapróf 1. stigs og jafnframt til að setjast í 2. bekk í stýrimannaskóla, skal skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík láta halda árlega á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er að dómi ráðuneytisins: Akureyri, Ísafirði og í Neskaupstað.

□ Námskeiðin skulu haldin á sama tíma og kennsla fer fram í sams konar deildum Stýrimannaskólans í Reykjavík. Inntökuskilyrði skulu vera hin sömu og í sams konar deildir í Reykjavík.

□ Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum stöðum en að ofan greinir, að tilskildu samþykki menntamálaráðuneytisins.

□ Í reglugerð skal ákveðið nánar um lágmarksþátttöku o. fl. varðandi námskeiðin. Verkefni fyrir skrifleg próf við lok námskeiðanna skulu send frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Prófdómara skipar menntamálaráðuneytið að fenginni tillögu skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík.

□ Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði af fjárlagalið Stýrimannaskólans.

■ **16. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði laga nr. 84/1966 gilda um þá, er hafa hafið nám í skólanum, áður en lögin taka gildi.[1)]

[1)] *Um texta l. 84/1966, sjá Lagasafn 1973, d. 757—763.*

1973 Nr. 1 2. jan.

Lög um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum.

I. kafli. Markmið skólans og skipulag.

■ **1. gr.** Markmið Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum er að veita þá fræðslu, er þarf til að standast fiskimannapróf og farmannapróf 1. og 2. stigs.

■ **2. gr.** Skipstjórnarnám skal vera í 2 stigum og veiti hvort stig tiltekin atvinnuréttindi, eins og þau verða ákveðin í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna. 1. stig farmanna og fiskimanna, námstími 6 mán. 2. stig farmanna og fiskimanna, námstími 7½ mán.

□ Heimilt er að lengja námstímann með reglugerðarákvæði.

■ **3. gr.** Til þess að ljúka 2. stigi skipstjórnarnáms þarf nemandi áður að hafa lokið 1. stigi.

II. kafli. Kennsla.

■ **4. gr.** Í skólanum skal kenna: stærðfræði, siglingafræði, þar með talin kennsla í notkun siglinga- og fiskileitartækja, íslenzku, ensku, dönsku, eðlisfræði, rafmagnsfræði, vélfræði, sjórétt, landa- og veðurfræði, heilsufræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og íþróttir, einkum sund. Þá skal leitast við að veita nemendum fiskimannadeildar fræðslu um fiskverkun og annað, er lýtur að meðferð og geymslu fisks um borð í skipum.

□ Heimilt er að bæta við námsgreinum, ef þörf þykir. Kennslumagn í hverri grein skal ákveðið í reglugerð.

III. kafli. Inntaka nemenda.

■ **5. gr.** Almenn inntökuskilyrði í skólann eru þessi:

1. Að fullnægja kröfum reglugerðar um siglingartíma.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða krefst.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er geti orðið öðrum nemendum skaðvænir.
5. Að hafa lokið gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi.

□ Heimilt er að halda námskeið við skólann fyrir þá, sem ekki hafa gagnfræðapróf eða annað hliðstætt próf. Námskeið þetta skal standa minnst í 4 mánuði. Námsgreinar skulu vera: stærðfræði, eðlisfræði, íslenzka, enska og danska. Skal námsefnið miðað við það, sem kennt er til gagnfræðaprófs í þessum greinum. Próf frá þessu námskeiði með tilskilinni einkunn veitir rétt til setu í 1. bekk, sé öðrum inntökuskilyrðum fullnægt.

IV. kafli. Kennslutími.

■ **6. gr.** Heimilt er að halda hálfsmánaðar námskeið í stærðfræði og íslenzku eða fleiri greinum að haustinu, áður en skóli hefst, fyrir þá, er ekki náðu tilskilinni lágmarkseinkunn í þessum greinum til að setjast í efri bekk, en náðu þó tilskilinni lágmarkseinkunn, eins og ákveðið verður í reglugerð.

V. kafli. Próf.

■ **7. gr.** Próf skulu haldin í lok kennslutímabils hvors stigs eða ef henta þykir í einstökum greinum í lok hvers námsáfanga (annar), og skulu gefin út prófskírteini fyrir hvort stig. Prófskírteini við próf 2. stigs skulu gefin út á íslenzku, ensku og dönsku.

■ **8. gr.** Við próf 1. og 2. stigs skal auk kennarans, sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein, nema tveir í siglingafræði, og skipar ráðuneytið þá að fengnum tillögum skólastjóra.

■ **9. gr.** Vilji maður ganga undir próf, án þess að hafa stundað nám við skólann, skal hann senda menntamálaráðuneytinu beiðni um það eigi síðar en tveimur mánuðum áður en próf hefst, og skal fylgja beiðninni vottorð um, að umsækjandi fullnægi kröfum þeim, er um getur í 1.—5. lið 5. gr. þessara laga, og vottorð um þann undirbúning, er hann hefur fengið.

□ Heimilt skal skólastjóra að veita manni leyfi til að ganga undir inntökupróf, þótt hann hafi ekki stundað nám í undirbúningsdeild, sbr. 5. gr.

VI. kafli. Kennarar skólans.

■ **10. gr.** Menntamálaráðuneytið skipar skólastjóra við skólann og eftir þörfum fasta kennara að fengnum tillögum skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara eftir þörfum innan marka fjárveitingar.

□ Laun skólastjóra og fastra kennara skulu ákveðin í kjarasamningum starfsmanna ríkisins eða með dómi kjaradóms.

■ **11. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 51/1978, 18. gr.*

1973 Nr. 1 2. jan.

VII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **12. gr.** Kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði.

■ **13. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

□ Í skólanefnd eiga sæti 5 menn. Ráðuneytið skipar 4 skólanefndarmenn til 4 ára í senn: tvo samkvæmt tilnefningu Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, Vestmannaeyjum, og einn samkvæmt tilnefningu Útvegsbændafélags Vestmannaeyja. Formann skipar ráðuneytið án tilnefningar.

□ Einn skólanefndarmann skipar ráðuneytið til eins árs í senn samkvæmt tilnefningu nemenda skólans. Tilnefning fulltrúa nemenda skal fara fram eftir reglum, sem ráðuneytið setur.

□ Skólanefndin skal fylgjast með kennslutilhögun og námsefni og vera skólastjóra til aðstoðar í málefnum skólans almennt.

■ **14. gr.** Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem ákveðið sé um námsefni fyrir hvort stig, enn fremur ákvæði um próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kennslutilhögun, námskeið og annað, er varðar skólahaldið almennt.

■ **15. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði laga nr. 73/1964 gilda um þá, er hafa hafið nám í skólanum, áður en lögin taka gildi.[1)]

[1)] *Um texta l. 73/1964, sjá Lagasafn 1973, d. 764–767.*

1966 Nr. 67 10. maí

Lög um vélstjóranám.

I. kafli. Grundvallaratriði.

■ **1. gr.** Vélstjóranám skal vera í fjórum stigum, er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda: 1. stig. Námskeið á vegum Vélskóla Íslands, námstími 5 mánuðir. 2. stig. I. bekkur vélskólans, námstími 8½ mánuður. 3. stig. II. bekkur vélskólans, námstími 8½ mánuður. 4. stig. III. bekkur vélskólans, námstími 7 mánuðir.

■ **2. gr.** Til þess að ljúka 2., 3. og 4. stigi vélastjóranáms, þarf nemandi áður að hafa lokið lægri stigum þess, sbr. þó 5. tl. b og c 8. gr. og 9. gr.

■ **3. gr.** Sá, sem lýkur einhverju stigi vélstjóranáms, á rétt á atvinnuheitinu vélstjóri. Sama rétt eiga þeir, sem eftir eldri reglum hafa lokið prófi frá vélskólanum eða hinu minna eða meira mótorfræðinámskeiði Fiskifélags Íslands.

□ [Sá sem lokið hefur fyllsta námi frá Vélskóla Íslands á hverjum tíma og hefur auk þess lokið sveinsprófi í vélvirkjun eða annarri málmiðnaðargrein, sbr. 14. gr. þessara laga, á rétt á starfsheitinu vélfræðingur.][1)]

[1)] *L. 6/1981, 1. gr.*

II. kafli. Vélstjóranámskeið.

■ **4. gr.** [Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til að ljúka 1. stigi vélstjóranáms, skal skólastjóri Vélskóla Íslands láta halda árlega á þessum stöðum: Reykjavík, Ólafsvík, Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjum.

□ Kennslutími skal vera minnst fimm mánuðir.][1)]

[1)] *L. 21/1973, 1. gr.*

■ **5. gr.** Inntökuskilyrði á námskeiðið eru:

a. Að umsækjandi hafi náð 17 ára aldri.

b. Að umsækjandi sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.

c. Að umsækjandi kunni sund.

1966 Nr. 67 10. maí

■ **6. gr.** Kennslugreinar á námskeiðinu skulu vera: íslenzka, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, eðlisfræði, rafmagnsfræði verkleg og bókleg og tilsögn í meðferð og umhirðu talstöðva, dýptarmæla, radartækja, miðunarstöðva og fiskileitartækja.

□ Að námskeiðinu loknu skulu haldin próf. Þeir, sem standast prófin, hafa þar með lokið 1. stigi vélstjóranáms.

III. kafli. Vélskóli Íslands.

■ **7. gr.** Vélskóli Íslands starfar í Reykjavík. Markmið hans er að búa nemendur undir að ljúka vélstjóraprófi 2., 3. og 4. stigs. Auk þess hefur skólinn með höndum námskeið vegna vélstjóranáms 1. stigs, sbr. II. kafla. Skólinn starfar í þrem bekkjum. Þá er skólanum og heimilt, ef þörf krefur og aðstæður leyfa, að halda uppi kennslu fyrir 2. námsstig (I. bekk) utan Reykjavíkur.

■ **8. gr.** Inntökuskilyrði í skólann eru:

1. Að umsækjandi hafi náð 18 ára aldri.

2. Að umsækjandi hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.

3. Að umsækjandi sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.

4. Að umsækjandi kunni sund.

5. Að umsækjandi hafi eitt af þrennu:

a. lokið vélstjóranámi 1. stigs, þ. e. staðizt próf að loknu námskeiði fyrir vélstjóraefni, sbr. 4. gr.;

b. öðlazt a. m. k. tveggja ára reynslu í meðferð véla eða vélaviðgerðum og staðizt sérstakt inntökupróf við skólann;

c. lokið eins vetrar námi í verknámsskóla iðnaðar í málmiðnaðargreinum og hlotið a. m. k. 6 mánaða reynslu að auki í meðferð véla eða vélaviðgerðum og enn fremur staðizt sérstakt inntökupróf við skólann.

□ Heimilt er vélskólanum að halda námskeið til undirbúnings inntökuprófi samkv. 5. tl. b og c. Ef umsækjendur um skólavist verða fleiri en hægt er að veita viðtöku eða aðrar sérstakar ástæður verða fyrir hendi, er skólanum heimilt að láta alla umsækjendurna ganga undir inntökupróf.

■ **9. gr.** Þeim, sem lokið hafa hinu minna námskeiðsprófi Fiskifélags Íslands eftir eldri reglum, skal heimilt að setjast í I. bekk vélskólans, enda fullnægi þeir skilyrðum 1.– 4. tl. 8. gr. Þó má víkja frá skilyrði 2. tl. 8. gr., ef umsækjandi hefur aflað sér nægrar almennrar menntunar að dómi vélskólans. Með tilsvarandi skilmálum skal þeim, sem lokið hafa hinu meira námskeiðsprófi Fiskifélags Íslands eftir eldri reglum, heimilt að setjast í II. bekk vélskólans.

■ **10. gr.** [Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Vélskóla Íslands. Það ræður skólastjóra svo og fasta kennara og stundakennara eftir þörfum í samráði við skólastjórann. Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

□ Ráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti: Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, tveir eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda

1966 Nr. 67 10. maí

skólans, en formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

□ Skólanefndin skal fylgjast með rekstri skólans og hafa eftirlit með kennslutilhögun og námsefni. Nefndin úrskurðar um það, hvort skilyrðum til inntöku í skólann sé fullnægt. Skólastjóri á rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar fjallað er um mál, sem varða hann persónulega.

□ Ráðherra setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.][1)]

[1)] *L. 56/1974, 1. gr.*

■ **11. gr.** Kennslugreinar í vélskólanum skulu vera sem hér segir, sbr. þó 20. gr.: I. bekkur: íslenzka, danska, enska, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, kælitækni, eðlisfræði, vélteikning, smíðar, rafmagnsfræði verkleg og bókleg, hjúkrunarfræði og kennsla í meðferð og umhirðu talstöðva, dýptarmæla, radartækja, miðunarstöðva og fiskileitartækja. II. bekkur: íslenzka, danska, enska, þýzka, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, eðlisfræði, vélteikning, smíðar, burðarþolsfræði, rafmagnsfræði verkleg og bókleg, kælitækni og bókfærsla. III. bekkur: enska, þýzka, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, efnafræði, vélteikning, eðlisfræði, rafmagnsfræði verkleg og bókleg og vatnsvélafræði.

■ **12. gr.** Þeir, sem staðizt hafa próf úr I. bekk vélskólans, hafa þar með lokið 2. stigi vélstjóranáms og eiga rétt á að setjast í II. bekk skólans. Heimilt er að krefjast þess, að nemandi hljóti tiltekna framhaldseinkunn við próf úr I. bekk, til þess að hann fái að setjast í II. bekk skólans.

■ **13. gr.** Þeir, sem staðizt hafa próf úr II. bekk vélskólans, hafa þar með lokið 3. stigi vélstjóranáms. Þeir eiga rétt á að setjast í III. bekk skólans, er þeir hafa starfað við gæzlu dieselvélar, 400 hestafla eða stærri, í a. m. k. sex mánuði. Heimilt er að krefjast þess, að nemandi hljóti tiltekna framhaldseinkunn við próf úr II. bekk vélskólans, til þess að hann fái að setjast í III. bekk skólans.

■ **14. gr.** Þeir, sem staðizt hafa próf úr III. bekk vélskólans, hafa þar með lokið 4. stigi vélstjóranáms. Þetta námsstig verður því aðeins grundvöllur sérstakra atvinnuréttinda, að nemandinn hafi einnig lokið sveinsprófi í vélvirkjun. Þeim, sem gert hafa námssamning, áður en lög þessi öðlast gildi, nægir þó sveinspróf í einhverri annarri grein járniðnaðar.

■ **15. gr.** Hafi nemandi í I. eða II. bekk vélskólans áður lokið sveinsprófi í vélvirkjun, er heimilt að veita honum undanþágu frá smíðanámi í þessum bekkjum.

■ **16. gr.** Vilji nemandi, sem lokið hefur prófi úr I., II. eða III. bekk vélskólans, síðar taka sveinspróf í vélvirkjun, skal hann eiga rétt á styttingu verklegs námstíma í vélvirkjun vegna smíðanáms í vélskólanum og annarrar starfsreynslu. Einnig skal hann eiga rétt á undanþágu að meira eða minna leyti frá námi og prófum í iðnskóla vegna námsins í vélskólanum. Iðnfræðsluráð setur reglur um þessi atriði í samráði við vélskólann. Smíðanámið í vélskólanum skal og skipulagt í samráði við iðnfræðsluráð.

■ **17. gr.** Auk hinnar almennu I. bekkjar kennslu, sem fram fer á einum vetri í vélskólanum, er heimilt, ef nægileg þátttaka fæst, að gefa nemendum kost á því að ljúka námi í I. bekk á tveim vetrum á kvöldnámskeiðum í vélskólanum. **1966** Nr. 67 10. maí

■ **18. gr.** Kennsla í vélskólanum skal að jafnaði hefjast 15. september ár hvert.

IV. kafli. Almenn ákvæði.

■ **19. gr.** Kostnaður við vélstjórakennslu samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

■ **20. gr.** Menntamálaráðuneytið skal setja reglugerð[1)] um vélstjóranám, þar sem kveðið skal á um prófreglur, prófnefndir og einkunnastiga og ítarlegri reglur settar um kennslutilhögun alla, námskeið, skólahald og námsefni. Heimilt er með reglugerðarákvæði að flytja námsgreinar milli bekkja, að taka upp nýjar námsgreinar og lengja námstímann.

[1)] *Rg. 188/1947, sbr. 199/1952. Rg. 7/1982.*

■ **21. gr.** Hver sá, sem staðizt hefur próf 1., 2., 3. eða 4. stigs vélstjóranáms, á rétt á prófskírteini, er gefið skal út bæði á íslenzku og ensku, eftir fyrirmynd, sem menntamálaráðuneytið setur. Á skírteininu skal getið þeirra námsgreina, sem nemandinn hefur verið prófaður í, og þeirra einkunna, sem hann hefur hlotið.

Lög um fiskvinnsluskóla. **1971**

I. kafli. Markmið skólans. Nr. 55 15. apríl

■ **1. gr.** Meginhlutverk skólans skal vera að veita fræðslu í vinnslu sjávarafla.

□ Í lögum þessum nær orðið fiskur, eitt sér og í samsetningum, yfir allan fisk og auk þess krabbadýr og skeldýr.

■ **2. gr.** Skólinn skal útskrifa fiskiðnaðarmenn, fiskvinnslumeistara og fisktækna, sbr. 10. gr.

□ Kennsla skólans skal miða að því, að:

1. fiskiðnaðarmenn hafi öðlazt nægilega undirstöðuþekkingu, bóklega og verklega, til þess að geta annast almenna verkstjórn, gæðaflokkun og stjórn fiskvinnsluvéla;

2. fiskvinnslumeistarar verði, auk þess sem um getur í 1. tölulið, færir um að taka að sér eftirlitsstörf, verkþjálfun, einfalda vinnuhagræðingu og stjórnun;

3. fisktæknar verði, auk þess sem um getur í 1. og 2. tölulið, færir um að annast tiltekin rannsókna- og skipulagsstörf, sbr. 4. gr.

■ **3. gr.** [Skólinn skal halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins, sem miði að því að veita þeim starfsmönnum fiskiðnaðar, er vinna að móttöku og verkun sjávarafla, hagnýta fræðslu um meðferð og vinnslu aflans. Námskeið þessi skulu haldin í verstöðvum landsins eftir því sem við verður komið. Skólinn skal einnig, þegar þörf krefur, halda námskeið til endurmenntunar matsmanna verkaðs sjávarafla, svo og til þjálfunar og menntunar nýrra matsmanna.

□ Fela skal skólanum að hafa námskeið í meðferð sjávarafla fyrir nemendur sjómannaskóla.

□ Skólinn skal hafa samráð við Framleiðslueftirlit sjávarafurða um námskeiðahald fyrir matsmenn samkvæmt þessari grein.][1)]

[1)] *L. 18/1981, 1. gr.*

■ **4. gr.** Heimilt er að stofna til framhaldsdeilda við skólann, er m. a. veiti viðbótarkennslu í sérgreinum fiskiðnaðarins, svo sem niðursuðu, síldar- og fiskmjöls-

framleiðslu o. s. frv., fyrir fiskvinnslumeistara og aðra starfandi menn í fiskiðnaðinum, sem fullnægja inntökuskilyrðum, er nánar verði kveðið á um í reglugerð.

☐ Viðbótarnámi þessu er ætlað að tryggja aukna sérhæfingu og skal reynt að haga náminu svo, að það auðveldi nemendum aðgang að frekara námi í háskóla.

II. kafli. Stjórnun, húsnæði og kostnaður.

■ **5. gr.** Skólinn skal vera sérstök stofnun undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

■ **6. gr.** Skólinn skal staðsettur á Suðvesturlandi. Auk þess skal stofnaður fiskvinnsluskóli í Vestmannaeyjum, sem útskrifi fiskiðnaðarmenn og fiskvinnslumeistara samkv. 1. og 2. tölulið 2. gr., og skal námi við skólann skipt í 3 deildir, sbr. 1.—3. tölulið 10. gr.

☐ Á árunum 1972—1975 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum.

☐ Heimilt skal, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að setja á stofn framhaldsdeildir við skólana utan Reykjavíkur, sbr. 4. gr., þegar skilyrði eru fyrir hendi.

☐ Ráðuneytið skipar hverjum skóla þriggja manna skólanefnd til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, annar af samtökum fiskiðnaðarins á hverjum stað, en hinn þriðja skipar ráðuneytið án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

☐ Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

☐ Lög þessi gilda um fiskvinnsluskóla utan Reykjavíkur, að því er varðar greiðslu kostnaðar og annað, sem við getur átt að dómi ráðuneytisins og afmarkað skal í reglugerð.

■ **7. gr.** [Menntamálaráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti:

Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu Fiskmatsmannafélags Íslands og einn úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar, annar skal vera frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, hinn úr röðum framleiðenda.

☐ Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

☐ Ráðherra skipar formann.

☐ Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.][1)]

[1)] *L. 18/1981, 2. gr.*

■ **8. gr.** Stefnt skal að því, að skólinn geti sem fyrst fengið eigið húsnæði til starfsemi sinnar, og skal þar vera aðstaða til bóklegrar og verklegrar kennslu, svo og heimavist.

■ **9. gr.** Stofn- og rekstrarkostnaður skólans skal greiddur úr ríkissjóði og kennsla veitt ókeypis.

III. kafli. Nám, próf, inntökuskilyrði, námsefni.

■ **10. gr.** Námi í skólanum skal skipt í þrjár deildir, auk framhaldsdeildar, sem heimilt verði að starfrækja, sbr. 4. gr. Heildarnámstími í hverri deild skal vera sem næst 11 mánuðir, og skiptist námið í skólanám, bóklegt og verklegt, og verklega þjálfun, sem skólinn skipuleggur á vinnustöðum. Deildirnar eru þessar:

1. undirbúningsdeild;
2. fiskiðndeild;
3. meistaradeild;
4. framhaldsdeild.

☐ Af námstímanum skal 60% varið til skólanáms að jafnaði í undirbúningsdeild og fiskiðndeild, en afganginum til verklegrar þjálfunar. Í fisktæknideild og framhaldsdeild skal sem næst 80% tímans varið til skólanáms, en um 20% til verklegrar þjálfunar. Nánar skal kveðið á um skiptingu námstímans í reglugerð.

☐ [Til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðist próf upp úr fiskiðndeild og auk þess lokið 9 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, sem lýkur með prófi eða sérstöku verkefni. Varðandi saltfisk, skreið og saltsíld skal fara fram sérstakt verklegt próf, sem geti sýnt alhliða þekkingu á meðferð og mati afurðanna í samræmi við þarfir markaðslandanna, sbr. 11. gr. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um efni og framkvæmd þessara verklegu prófa.][1)]

☐ Úr meistaradeild útskrifast fiskvinnslumeistarar. Starfsréttindi þeirra skulu háð því, að þeir hafi hlotið a. m. k. tveggja ára viðurkennda starfsreynslu á viðeigandi vinnustað að loknu námi í fiskiðndeild.

☐ Heimilt er að veita nemendum, sem útskrifast úr framhaldsdeild, titilinn fisktæknir, enda hafi þeir áður öðlazt starfsréttindi sem fiskiðnaðarmenn.

[1)] *L. 18/1981, 3. gr.*

■ **11. gr.** Próf skulu haldin í lok allra bóknámsáfanga og í lok 11 mánaða starfsþjálfunaráfanga að loknu námi í fiskiðndeild. Jafnan skal ákveðins námsárangurs krafizt, til þess að nemandi teljist hafa lokið námi hverrar deildar eða öðlazt rétt til að hefja nám í næstu deild.

☐ Nánari ákvæði um próf og einkunnagjöf skulu sett í reglugerð.

■ **12. gr.** Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

1. Til að hefja nám í undirbúningsdeild skal nemandi hafa staðizt gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla ellegar aflað sér á annan hátt hliðstæðrar, bóklegrar menntunar. Innan takmarka, sem skólanefnd setur, skal skólastjóra heimilt að veita undanþágu frá þessu inntökuskilyrði. Skal þessi heimild einkum notuð til að veita fólki, sem starfað hefur í fiskiðnaði, rétt til skólavistar.

2. Til að hefja nám í fiskiðndeild skal nemandi hafa lokið námi í undirbúningsdeild, fiskimannadeild stýrimannaskóla eða staðizt próf í samræmi við ákvæði 15. gr. og jafnframt fengið a. m. k. þriggja mánaða verklega þjálfun, eftir að hann varð 15 ára gamall.

3. Til að hefja nám í meistaradeild skal nemandi hafa lokið fiskiðndeild.

4. Um nám í framhaldsdeild fer eftir ákvæðum 4. gr.

■ **13. gr.** Helztu bóklegar námsgreinar skulu vera: fiskvinnslufræði, vél- og teiknifræði, vinnuhagræðing, framleiðslufræði og verkstjórn, gæðaeftirlit og tölfræði, markaðsfræði, rekstrarbókhald, lög og reglur um fiskvinnslu og fiskmat, haflíffræði, efnafræði, lífefnafræði, gerlafræði og hreinlæti, eðlisfræði, stærðfræði, íslenzka, svo og rannsóknastofustörf, m. a. í efnafræði, lífefnafræði, gerlafræði og eðlisfræði.

☐ Heimilt er að bæta við námsgreinum, ef skólanefnd telur ástæðu til.

■ **14. gr.** Helztu verklegar námsgreinar skulu vera: meðferð á nýjum fiski, ísun, flökun, frysting, söltun,

1971 Nr. 55 15. apríl

flatning, síldarsöltun, herzla, reyking, niðursuða, framleiðsla fiskrétta, lifrarbræðsla, fiskmjölsframleiðsla, hvalvinnsla, fiskmat, vinnuhagræðing, meðferð og notkun fiskvinnsluvéla, svo og aðrar námsgreinar, sem skólanefnd telur ástæðu til að kenna.

■ **15. gr.** Verði stofnað til eins árs matvælakjörsviðs í framhaldsdeildum, er taka við nemendum að loknu gagnfræðaprófi eða landsprófi miðskóla, skulu nemendur, sem staðizt hafa próf á því kjörsviði, öðlast rétt til inngöngu í fiskiðndeild, sbr. 12. gr., 2. tölulið, samkvæmt nánari ákvörðun, er sett verði í reglugerð. Við útskrift úr fiskiðndeild skal þess gætt, að þessir nemendur hafi fullnægt námsskrá skólans varðandi verklega þjálfun.

■ **16. gr.** Nánari ákvæði um starfsemi skólans skulu sett í reglugerð.

IV. kafli. Gildistaka laganna.

■ **17. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda, svo sem hér greinir:

1. Innan tveggja mánaða frá setningu laganna skal staða skólastjóra auglýst.

2. Skólanefnd skal skipuð á sama tíma og staða skólastjóra er auglýst, og skal nefndin síðan láta ráðuneytinu í té umsögn um þær umsóknir, er berast um starf skólastjóra.

3. Staða skólastjóra skal veitt innan fjögurra mánaða frá setningu laganna.

4. Heimilt verði að ráða a. m. k. einn kennara að skólanum til undirbúningsstarfa um svipað leyti og staða skólastjóra er veitt.

5. Skólastjóri skal fá eitt ár til að undirbúa stofnun og starfrækslu skólans í samráði við skólanefnd. Sama gildir um kennara, ef ráðnir verða. Auk almenns undirbúnings skal skólastjóri hafa umsjón með skipulagningu námskeiða, sbr. 3. gr., og verklegrar þjálfunar, sbr. 10. gr.

6. Bókleg kennsla í skólanum skal hafin að loknu undirbúningsári skólastjóra.

1975 Lög um Sjóvinnuskóla Íslands.

Nr. 33 23. maí

■ **1. gr.** Heimilt er að stofna farskóla, sem heitir Sjóvinnuskóli Íslands, og hefur hann heimilisfang í Reykjavík.

■ **2. gr.** Markmið skólans er:

1. Að annast þá kennslu í verklegri sjóvinnu, sem krafist er fyrir fiskimanna- og farmannapróf við stýrimannaskóla.

2. Að annast slíka kennslu utan Reykjavíkur og Vestmannaeyja, þar sem stýrimannaskólanám er stundað.

3. Að standa fyrir sjóvinnunámskeiðum fyrir pilta og stúlkur er hyggja á nám við stýrimannaskóla, enda veiti próf þaðan sömu réttindi og próf frá sjóvinnuskólanum (skv. liðum 1 og 2).

4. Að annast kennslu í sjóvinnubrögðum við verknám gagnfræðastigsins við unglingaskóla og fjölbrautaskóla hinna stærri staða í samvinnu við viðkomandi fræðsluyfirvöld.

5. Að standa fyrir námskeiðum, ef þurfa þykir, fyrir leiðbeinendur sem annist kennslu í sjóvinnubrögðum meðal fullorðinna, kennara og unglinga, þó eigi oftar en annað hvert ár.

6. Að beita sér fyrir fræðslu í öllum framhaldsskólum í samráði við Slysavarnafélag Íslands og sjóslysanefnd um slysa- og öryggismál sjófarenda með fyrirlestrum og fræðslumyndum. **1975** Nr. 33 23. maí

7. Að tengja enn betur saman nám þeirra, sem á skipum ætla að starfa, við fiskiðnaðarnámið með fræðslu í meðferð og verkun sjávarafla meðal nemenda unglinga- og gagnfræðaskóla og gefa þeim, sem sjómennsku stunda, frekari tækifæri til áframhaldandi náms á þessum sviðum.

■ **3. gr.** Í skólanum skal kenna:

Sjómennsku verklega og munnlega, heilsufræði og vélfræði. Enn fremur skal með fyrirlestrum og heimsóknum í fiskiðjuver og um borð í skip og á annan hátt gefa nemendum leiðbeiningar um meðferð og verkun sjávarafurða.

■ **4. gr.** Nemendur, sem lokið hafa prófi frá sjóvinnuskólanum, skulu fá prófskírteini er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

■ **5. gr. Almenn inntökuskilyrði:**

1. Að hafa náð 15 ára aldri.

2. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er getur orðið öðrum nemendum skaðvænn.

■ **6. gr.** Skólinn starfar allt að 10 mánuði á ári og skal skólatíma yfirleitt skipt í þriggja mánaða námskeið.

■ **7. gr.** Forstöðumaður skólans skal hafa lokið annars stigs prófi frá stýrimannaskóla eða hlotið hliðstæða menntun. Hann skal ráða kennara við námskeiðin í samráði við Fiskifélag Íslands. Laun forstöðumanns og kennara skulu vera samkvæmt kjarasamningi starfsmanna ríkisins.

■ **8. gr.** Ráðherra skipar fjóra menn í skólanefnd skv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og fimmta manninn án tilnefningar og er hann formaður skólanefndar.

■ **9. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og setur reglugerð um námsskrá, kennslutíma o. fl., en Fiskifélag Íslands annast allan daglegan rekstur skólans.

□ Kostnaður við skólann greiðist úr ríkissjóði.

Lög um menningarsjóð og menntamálaráð. **1957**

Nr. 50 5. júní

I. kafli. Um menningarsjóð.

■ **1. gr.** Hlutverk menningarsjóðs er að styðja íslenzka menningu með því að efla listir og vísindi.

■ **2. gr.** Menntamálaráð hefur á hendi yfirstjórn menningarsjóðs. Menntamálaráð gerir árlega áætlun um tekjur og gjöld menningarsjóðs. Skal hún borin undir menntamálaráðherra til samþykktar. ...[1] Tekjum menningarsjóðs og þeirra stofnana, sem reknar verða á vegum hans, má eingöngu verja í þágu sjóðsins (sbr. 4. gr.).

[1] *L. 35/1971, 1. gr.*

■ **3. gr.** Til menningarsjóðs falla árlega þessar tekjur:

a. Gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.

[b. Fjárveiting, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.][1]

[1] *L. 35/1971, 2. gr.*

1957 Nr. 50 5. júní

■ **4. gr.** Tekjum menningarsjóðs skal varið til eftirfarandi menningarmála:

a. ...[1)]

b. Til bókaútgáfu.

c. ...[1)]

d. Til stuðnings gerð íslenzkra menningar- og fræðslukvikmynda.

e. Til eflingar þjóðlegum fræðum og athugana á náttúru landsins.

f. Til styrktar íslenzkri tónlist og myndlist.

g. Til kynningar á íslenzkri menningu, innan lands og utan.

h. Til greiðslu fargjalda, sbr. 7. gr.

i. Til annarrar menningarstarfsemi, að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

[1)] *L. 35/1971, 3. gr.*

■ **5. gr.** Að minnsta kosti 5% af árlegum heildartekjum menningarsjóðs samkv. 3. gr. a og b skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild menningarsjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en þó er menntamálaráði heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að verja fé stofndeildar til kaupa á fasteignum, sem notaðar yrðu í þágu menningarmála, svo sem húsnæðis fyrir starfsemi menningarsjóðs og stofnana hans. Heimilt er menntamálaráði að verja vöxtum af fé stofndeildar og tekjum af fasteignum hennar til almennrar starfsemi menningarsjóðs.

II. kafli. Um menntamálaráð.

■ **6. gr.** Menntamálaráð skipa fimm menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar. Hlutgengur í menntamálaráð er hver íslenzkur borgari, sem hefur kosningarrétt til Alþingis og er búsettur í Reykjavík eða svo nærri bænum, að hann eigi auðvelt með að sækja þangað daglega fundi. Menntamálaráð skiptir sjálft með sér verkum í byrjun hvers kjörtímabils. Skal þóknun fyrir störf þess ákveðin af menntamálaráðherra.

■ **7. gr.** Hlutverk menntamálaráðs Íslands er:

a. Að hafa með höndum yfirstjórn menningarsjóðs og ákvarða um árlega heildarskiptingu á tekjum sjóðsins milli þeirra flokka menningarmála, er sjóðnum ber að styðja (sbr. 4. gr.).

b. Að annast yfirstjórn Bókaútgáfu menningarsjóðs og velja bækur þær, sem út eru gefnar.

c. Að hafa yfirumsjón með Listasafni ríkisins, þar til lög verða sett um safnið, og standa fyrir sýningum innan lands og utan á íslenzkri list, listiðnaði, bókum og handritum.

d. Að hafa yfirumsjón með listaverkaskreytingum opinberra bygginga.

e. Að láta gera íslenzkar menningar- og fræðslukvikmyndir eða að stuðla að gerð þeirra og styðja á annan hátt innlenda kvikmyndagerð.

f. Að veita styrki til rannsókna á þjóðlegum fræðum, til athugana á náttúru landsins og til eflingar íslenzkri tónlist og myndlist.

g. Að úthluta ...[1)] þeim styrkjum ...[1)] sem fé er veitt til í fjárlögum og menntamálaráði er þar falið að úthluta.

h. Að úthluta ókeypis fari milli Íslands og annarra landa til manna, sem fara til útlanda til námsdvalar o. fl.

i. Að hafa á hendi yfirstjórn sjóða, er stofnaðir kunna að verða til eflingar listum og vísindum á Íslandi, enda sé menntamálaráði falið þetta vald í stofnskrám sjóðanna.

1957 Nr. 50 5. júní

j. Að efla á annan hátt íslenzka menningarviðleitni, eftir því sem tök eru á og hagur menningarsjóðs á hverjum tíma leyfir.

[1)] *L. 7/1967, 15. gr.*

■ **8. gr.** Menntamálaráðherra skipar forstjóra menningarsjóðs að fengnum tillögum menntamálaráðs. Skal honum falið að annast daglega stjórn og fjárreiður sjóðsins og sjá um framkvæmdir á ákvörðunum menntamálaráðs.

□ Laun forstjóra menningarsjóðs skulu ákveðin í launalögum, en þangað til það verður gert, skal menntamálaráðherra ákveða þau.

□ Forstjóri menningarsjóðs á sæti á fundum menntamálaráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

Lög um þýðingarsjóð.

1981 Nr. 35 26. maí

■ **1. gr.** Stofna skal sjóð til þýðinga á erlendum bókmenntum.

■ **2. gr.** Tekjur sjóðsins skulu vera framlag ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum hvers árs, þó aldrei lægra en 500 þúsund krónur á verðlagi ársins 1981.

■ **3. gr.** Hlutverk sjóðsins er að lána eða styrkja útgefendur til útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku máli, jafnt skáldverka sem viðurkenndra fræðirita.

□ Greiðslur skulu útgefendur nota til þýðingarlauna.

■ **4. gr.** Menntamálaráðherra skal skipa 3 menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, einn tilnefndan af samtökum útgefenda, einn tilnefndan af Rithöfundasambandi Íslands og einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður stjórnarinnar.

■ **5. gr.** Veita skal úr sjóðnum í fyrsta sinn árið 1983.

■ **6. gr.** Menntamálaráðuneytið setur reglugerð[1)] um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands og samtök útgefenda. Skal þar kveðið á um vörslu sjóðsins og úthlutanir.

[1)] *Rg. 638/1982.*

Lög um Tækniskóla Íslands.

1972 Nr. 66 29. maí

■ **1. gr.** Tækniskóli Íslands starfar í Reykjavík og á Akureyri, sbr. 3. mgr. 7. gr. Meginmarkmið skólans skal vera að veita nemendum tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Skal jafnan tekið mið af þróun tæknimenntunar meðal nágrannaþjóða.

□ Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

■ **2. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og skipar rektor og kennara, svo og skólanefnd.

■ **3. gr.** Rektor skólans hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann annast daglegan rekstur skólans, hefur á hendi reikningshald og umsjón með byggingum og öðrum eignum skólans. Enn fremur ræður hann, með samþykki ráðuneytisins, starfsfólk skólans annað en fastráðna kennara.

1972 Nr. 66 29. maí

□ Kennarar og starfsmenn taka laun samkvæmt kjarasamningum.

■ **4. gr.** Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem hafa lokið tæknifræðiprófi eða háskólaprófi í aðalkennslugrein sinni.

■ **5. gr.** Námstími í skólanum skal ákveðinn í reglugerð.

■ **6. gr.** Heimilt er, að skólinn starfi í deildum, og skal deildaskipun ákveðin í reglugerð.

□ Nú er skólanum skipt í deildir, og skal þá heimilt að skipa deildarstjóra úr hópi kennara hlutaðeigandi deildar.

■ **7. gr.** Heimilt er skólanum að veita nemendum, sem fullnægja bóklegum og verklegum inntökuskilyrðum, allt að tveggja ára undirbúningsmenntun undir tæknifræðinám, og skal fyrra ár þess náms fara fram í undirbúningsdeild, en hið síðara í raungreinadeild. Hlutverk þessara deilda er að veita þekkingu og leikni í undirstöðuatriðum tæknifræðináms, einkum í stærðfræði og eðlisfræði.

□ Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild skólans á Ísafirði og á öðrum þeim stöðum, þar sem slíkt þykir henta. Enn fremur er heimilt að starfrækja raungreinadeild á Ísafirði.

□ Á næsta skólaári og framvegis skal starfrækt á Akureyri undirbúningsdeild og raungreinadeild. Stefnt skal að því, að á Akureyri verði sjálfstæður tækniskóli, og getur ráðherra ákveðið það með reglugerð.

■ **8. gr.** Inngöngu í undirbúningsdeild skólans skal veita nemendum, sem staðizt hafa sveinspróf í viðeigandi iðngrein. Enn fremur geta fengið inngöngu í undirbúningsdeild þeir, sem staðizt hafa gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla og fullnægja ákvæðum reglugerðar um verklega þjálfun, sbr. 3. mgr.

□ Heimilt er að láta umsækjendur þreyta sérstakt inntökupróf, sem sker úr um aðgang nemenda að undirbúningsdeild.

□ Ákvæði um verkskólun og verklega þjálfun, sem krafizt er til inngöngu í skólann, skal setja í reglugerð.

■ **9. gr.** Rétt til að hefja tæknifræðinám í skólanum hafa þeir nemendur, sem staðizt hafa próf frá raungreinadeild skólans eða lokið stúdentsprófi frá stærðfræðideild menntaskóla ásamt viðhlítandi verklegri þjálfun, sbr. 8. gr., svo og þeir nemendur, sem standast inntökupróf skólans.

■ **10. gr.** Við skólann starfar 5 manna skólanefnd, skipuð af menntamálaráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenzkra iðnrekenda og Tæknifræðingafélag Íslands tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina og annan til vara, en ráðuneytið skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar. Rektor situr fundi skólanefndar.

□ Við skólann starfar skólastjórn. Í henni eiga sæti rektor, sem er formaður, fastráðnir kennarar og einn fulltrúi nemenda fyrir hverja þrjá aðra skólastjórnarmenn.

■ **11. gr.** Hlutverk skólanefndar er að vera rektor til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með erlendri reynslu og þróun á sviði tæknimenntunar, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið og loks að gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans.

1972 Nr. 66 29. maí

■ **12. gr.** Menntamálaráðuneytið setur skólanum, að höfðu samráði við rektor og skólanefnd, reglugerð[1] um framkvæmd þessara laga, og skal þar m. a. kveðið á um þessi atriði:

1. Starf og hlutverk skólanefndar, skólastjórnar, rektors, deildarstjóra og fastráðinna kennara.
2. Deildir skólans og sérgreinar tæknifræðináms (sbr. 6. og 9. gr.).
3. Inntökuskilyrði, bókleg og verkleg (sbr. 8. gr.).
4. Námstíma, þ. á m. lengd skólaárs og námsáfanga (sbr. 5. gr.).
5. Próf, þ. á m. lokapróf, tilhögun prófa, einkunnakröfur, endurtekningu prófa og haustpróf.

[1] *Rg. 278/1977.*

■ **13. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Eru með þeim numin úr gildi lög nr. 25/1963, um Tækniskóla Íslands, og önnur ákvæði, er fara í bág við lög þessi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Menntamálaráðherra skal beita sér fyrir því, að undirbúin verði ný löggjöf um skipulag verk- og tæknimenntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi. Skal m. a. taka til athugunar, hvort ráðlegt sé, að stofnaður verði tækniháskóli og taki hann við öllu tæknifræðinámi, sem nú fer fram í Tækniskóla Íslands, og verkfræðinámi Háskóla Íslands. Ráðherra skal jafnframt láta rannsaka ítarlega, hvort ekki sé tiltækilegt, að tækniháskóli verði starfræktur á Akureyri.

Lög um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga.

1982 Nr. 46 11. maí

■ **1. gr.** Rétt til að kalla sig iðnfræðinga eða nota heiti sem felur í sér orðið iðnfræðingur hafa þeir einir hér á landi sem lokið hafa fullnaðarprófi í iðnfræði frá Tækniskóla Íslands eða hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

□ Engum má veita leyfi það sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar nema hann hafi lokið sambærilegu námi og iðnfræðingar frá Tækniskóla Íslands.

□ Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar má veita mönnum sem starfað hafa sem iðnfræðingar eigi skemur en sex ár leyfi til þess að kalla sig iðnfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim sem þar greinir.

■ **2. gr.** Áður en leyfi skv. 1. gr. er veitt skal leita álits Iðnfræðingafélags Íslands.

□ Réttur til að kalla sig iðnfræðing skv. 1. og 2. mgr. 1. gr. gildir frá þeim tíma er iðnfræðingur lauk fullnaðarprófi í grein sinni.

■ **3. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

□ Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

■ **4. gr.** Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Lög um iðnfræðslu.

1966 Nr. 68 11. maí

I. kafli.

■ **1. gr.** Um iðnfræðslu í löggiltum iðngreinum og að öðru leyti fer eftir lögum þessum.

□ Með reglugerð[1] skal ákveða, hverjar skuli vera iðngreinar, og svo um kennslu í þeim, eftirlit með kennslunni og prófkröfur. Þar skal og setja ákvæði um verkleg námskeið, er stofnað kann að verða til.

[1] *Rg. 558/1981 (um iðnfræðslu).*

■ **2. gr.** Iðnfræðsluskólar, sem lög þessi taka til, eru: Verknámsskólar iðnaðarins. Iðnskólar. Sérskólar einstakra iðngreina. Meistaraskólar.

II. kafli.

■ **3. gr.** Menntamálaráðherra og menntamálaráðuneyti fara óskipt með yfirstjórn iðnfræðslumála og iðnfræðsluskóla.

■ **4. gr.** Iðnfræðsluráð fer með framkvæmd mála, er varða iðnfræðslu og iðnfræðsluskóla, undir yfirstjórn ráðherra.

□ Iðnfræðsluráð hefur yfirstjórn kennslueftirlits, sér um, að gildandi lögum og fyrirmælum um iðnfræðslu sé hlýtt, og heimtar nauðsynlegar skýrslur um skólahald og verklegt nám. Menntamálaráðuneytið getur falið iðnfræðsluráði fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af.

III. kafli.

■ **5. gr.** Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Það skal skipað 9 mönnum, búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Iðnnemasambandi Íslands, einn tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda og einn tilnefndur af Sambandi iðnskóla á Íslandi. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.

□ Iðnfræðsluráð fer með mál, sem greinir í lögum þessum og reglugerð, er ráðherra setur.

■ **6. gr.** Iðnfræðsluráð skipar iðnfulltrúa, þar sem það telur þess þörf, og ákveður umdæmi þeirra.

□ Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga og hafa eftirlit með iðnnámi, hver í sínu umdæmi í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í lögum þessum. Nánari fyrirmæli um störf iðnfulltrúa setur iðnfræðsluráð í erindisbréfi.

■ **7. gr.** Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hverrar iðngreinar, þar sem þeirra er þörf.

□ Það er hlutverk prófnefnda:

1. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi.
2. Að sjá um sveinspróf og dæma þau.

■ **8. gr.** Leita skal tillagna iðnráða og iðnaðarmannafélaga, þar sem iðnráð eru eigi, um skipun iðnfulltrúa og prófnefnda.

■ **9. gr.** Iðnfræðsluráð löggildir iðnmeistara, er það telur hæfa, til að taka nemendur til iðnnáms og ákveður, hve marga nemendur meistari megi hafa, út frá því sjónarmiði einu, að nemendur fái notið fullkominnar kennslu í iðninni. Á sama hátt skal löggilda iðnfyrirtæki, sem hafa hæfa meistara í þjónustu sinni. Við ákvarðanir sínar í þessu efni skal iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustöð, húsnæðis, vélakosts, áhalda og verkefna.

□ Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar, vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í verulegum atriðum, og getur þá iðnfræðsluráð svipt hlutaðeigandi rétti til að hafa nemendur tiltekinn tíma eða að fullu. Úrskurði iðnfræðsluráðs má þó bera undir dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga, frá því að úrskurður var birtur aðilja.

■ **10. gr.** Iðnfræðsluráð skal halda uppi leiðbeiningastarfi um starfsval innan þess sviðs, sem fellur undir ákvæði þessara laga.

□ Iðnfræðsluráð skal í því skyni fylgjast með afkomu og atvinnuhorfum innan einstakra starfsgreina. Það skal árlega leita þar um álits hlutaðeigandi félagssamtaka.

■ **11. gr.** Iðnfræðsluráð skipar þriggja manna fræðslunefnd hverrar iðngreinar.

□ Skal einn nefndarmanna vera meistari og annar sveinn þeirrar iðngreinar, sem um er að tefla, en hinn þriðji nefndur af Sambandi iðnskóla á Íslandi, og sé hann að jafnaði kennari í viðkomandi grein. Skipar iðnfræðsluráð einn nefndarmanna formann, en að öðru leyti skipta nefndarmenn verkum með sér.

□ Hlutverk fræðslunefndar er að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis og gera tillögur um nám og kennsluháttu, enda ber stjórnvöldum að leita umsagnar nefndarinnar um slík mál, eftir því sem við á.

□ Iðnfræðsluráð hefur umsjón með störfum fræðslunefnda og setur þeim nánari starfsreglur.

IV. kafli.

■ **12. gr.** Iðnskólar skulu vera einn í hverju kjördæmi landsins, þeirra er nú eru, svo og starfandi skólar með minnst 60 nemendum, er lög þessi taka gildi. Skulu skólaumdæmi vera sem hér segir:

1. Vesturlandsumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
2. Vestfjarðaumdæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
3. Norðurlandsumdæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
4. Norðurlandsumdæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
5. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
6. Suðurlandsumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
7. Reykjanesumdæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.
8. Reykjavíkurborg.

□ Ráðherra getur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, gert breytingar á skólaumdæmum. Ráðherra ákveður skólasetur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og sýslunefnda og bæjarstjórna í hlutaðeigandi skólaumdæmi. Skal að jafnaði ákveða skólasetur þar, sem nemendafjöldi er mestur innan hvers skólaumdæmis.

□ Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, hvenær ákvæði 1. mgr. komi til framkvæmda og hverjir núverandi iðnskóla skuli starfa áfram til frambúðar eða fyrst um sinn.

□ Iðnskólar veita fræðslu nemendum, sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til iðnnáms samkv. lögum þessum, og svo nemendum, er verklegt nám stunda í verknámsskólum eða öðrum skólavinnustörfum, eftir

1966 Nr. 68 11. maí

1966 Nr. 68 11. maí

því sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

■ **13. gr.** Stofna skal og starfrækja á vegum iðnskóla þeirra, sem um ræðir í fyrstu málsgr. 12. gr., eftir því sem ráðherra ákveður og fé er til þess veitt, verknámsskóla, þar sem veitt skal fræðsla, verkleg og bókleg, um undirstöðuatriði iðnaðarstarfs. Skal lögð áherzla á, að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á vélum og verkfærum, sem um er að tefla, og efnum, sem úr er unnið, jafnframt þjálfun þeirra í starfi á kerfisbundinn hátt.

□ Inntökuskilyrði í verknámsskóla skulu vera hin sömu og í iðnskóla, sbr. 22. gr. þessara laga.

□ Námstími í verknámsskóla skal vera allt að einu ári, og skal kennsla miða að undirbúningi undir iðnnám, annað tækninám og iðnstörf. Námstíma skal varið sem næst að jöfnu milli bóknáms og verknáms. Í bóknámsgreinum skal miða við kennslu, sem svari námsskrá 1. og 2. bekkjar iðnskóla.

□ Verklegt nám fer fram í vinnustofum skólanna. Í þeim greinum, þar sem nemendafjöldi er nægur, má miða kennsluna við einstaka iðngrein, en ella við flokk skyldra greina.

□ Ráðherra skal sjá um að verknámsskólar einbeiti sér að kennslu í tilteknum greinum og skipti með sér verkum, eftir því sem við verður komið.

□ Ráðherra ákveður, hverjar verklegar greinar skuli kenna á vegum verknámsskóla. Í verklegu námi skulu nemendur hverrar bekkjardeildar eigi vera fleiri en 15.

□ Nemendur, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá verknámsskóla, skulu eiga rétt til styttingar á námstíma sínum, ef þeir ráðast í iðnnám hjá meistara eða iðnfyrirtæki. Skal sú stytting svara til þess, að átta mánaða verknámsskóli stytti iðnnám samkvæmt námssamningi um 12 mánuði. Skal sama regla gilda um verklegan starfstíma og krafizt er til upptöku í aðra verknáms- og tækniskóla.

□ Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, að starfrækja skuli framhaldsdeildir við verknámsskóla í einstökum iðngreinum, 6 til 10 mánuði, eftir þörfum iðngreinanna. Í iðngreinum, þar sem erfitt er að koma við námi á vinnustað, má á sama hátt ákveða, að námið fari að öllu leyti fram í verknámsskóla.

■ **14. gr.** Ráðherra setur reglur[1] um starfsháttu iðnfræðsluskóla, búnað þeirra, inntökuskilyrði, námstíma, kennslu, námstilhögun, námsskrá, próf, einkunnagjöf og prófskírteini og svo, eftir því sem við á, um kjör nemenda.

[1] *Reglur 40/1973 (um þóknun prófnefndarmanna í löggiltum iðngreinum).*

■ **15. gr.** Iðnfræðsluskólar skulu vera dagskólar. Þó má kennslan fara fram að kvöldi að nokkru leyti, er eigi verður hjá því komizt vegna kennaraskorts eða húsnæðis. Enn fremur er iðnfræðsluskólum rétt að starfrækja kvöldnámskeið í bóklegum og verklegum greinum, ef henta þykir, enda komi samþykki stjórnvalda til hverju sinni.

□ Námskeið fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins skulu haldin eftir nánari ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum samtaka iðnrekenda og verksmiðjufólks.

■ **16. gr.** [Iðnfræðsluskóla stjórnar 5 manna skólanefnd. Ráðherra skipar skólanefnd til fjögurra ára í senn, nema fulltrúa nemenda til tveggja. Skulu þrír skipaðir eftir reglum, sem ráðherra setur samkvæmt tillögum bæjarstjórna og sýslunefnda, sem aðild eiga að iðnfræðsluskóla skólaumdæmis. Einn kjósa nemendur skólans samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur. Hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Standi eitt sveitarfélag að skóla, skipar sveitarstjórn þrjá skólanefndarmenn.

□ Að minnsta kosti tveir þeirra, sem bæjarstjórnir eða sýslunefndir tilnefna í skólanefnd, skulu vera iðnlærðir.][1]

[1] *L. 18/1971, 1. gr.*

V. kafli.

■ **17. gr.** Ráðherra ákveður tölu fastra kennara iðnfræðsluskóla.

■ **18. gr.** ...[1] Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar.

□ ...[1] Um menntun annarra kennara fer eftir reglum sem ráðherra setur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

□ Ráðherra setur skólastjórum og kennurum erindisbréf, þar sem kveða ber á um starfssvið þeirra, réttindi og skyldur.

[1] *Með 18. gr. l. 51/1978 var 18. gr. l. 68/1966 felld úr gildi, „að undanskildum ákvæðum greinarinnar um stundakennara og erindisbréf kennara og skólastjóra".*

■ **19. gr.** Nú hefur kennari gegnt embætti tíu ár og óskar að hverfa frá störfum eitt ár til að efla þekkingu sína og kennsluhæfni, og skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Telji ráðherra greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send menntamálaráðuneytinu með árs fyrirvara, og veitir ráðuneytið kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárinu skuli varið, en allir verða þeir að gefa ráðuneytinu fullnægjandi skýrslu um störf sín, að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

VI. kafli.

■ **20. gr.** [Skylt er að taka í iðnskóla til iðnnáms í þeim iðngreinum, sem kenndar eru við hlutaðeigandi skóla, alla þá í umdæmi skólans, er gert hafa löglega námssamninga eða fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum, sbr. þó 45. gr.][1] Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki skulu tilkynna iðnskóla, er í hlut á, þegar námssamningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna skólastjóra, ef nemandi hættir iðnnámi.

[1] *L. 18/1971, 2. gr.*

■ **21. gr.** Sá, sem hefja vill iðnnám, skal senda um það umsókn til iðnfulltrúa og geta þess í umsókninni, hvort hann eigi kost á kennslu hjá ákveðnum iðnmeistara eða iðnfyrirtæki. Sé svo ekki, skulu iðnfulltrúar aðstoða umsækjanda við að komast í nám eða beina umsókninni til iðnfræðsluráðs.

□ [Ef námssamningur kemur til staðfestingar hjá iðnfulltrúa, skal hann taka ákveðið gjald af báðum samningsaðilum, er greiðist Iðnnemasambandi Íslands og fari til eflingar fræðslustarfs þess um iðnfræðslu-

löggjöfina. Gjald iðnfyrirtækis eða iðnmeistara skal vera 1% af fyrsta árs árlegu lágmarkskaupi iðnnema í rafvirkjun, eins og það er hverju sinni, en gjald nemans ½% af sömu upphæð. Greiðist það í eitt skipti fyrir öll.][1)]

[1)] *L. 68/1972, 1. gr.*

■ **22. gr.** Þessi eru almenn inntökuskilyrði verknámsskóla og iðnskóla:

1. Að umsækjandi sé fullra 15 ára.
2. Að hann hafi lokið miðskólaprófi. [Iðnfræðsluráð getur áskilið, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að nemandi hafi hlotið tiltekna lágmarkseinkunn á miðskólaprófi í einstökum námsgreinum svo og í aðaleinkunn.

□ Þá er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, að ákveða, að almenn inntökuskilyrði í iðnfræðsluskóla skuli vera staðlað gagnfræðapróf. Slík breyting skal tilkynnt með a. m. k. eins ára fyrirvara.][1)]

□ Iðnfræðsluráði er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 2. töluliðar 1. málsgreinar, þegar um er að ræða nemendur, sem hefja iðnnám eftir átján ára aldur, enda liggi fyrir samþykki fræðslunefndar viðkomandi iðngreinar um, að undanþága sé veitt, að því er iðngreinina snertir.

□ Sé undanþága veitt, skal nemandi sýna við inntökupróf, að hann hafi nægjanlega þekkingu í íslenzku og reikningi, og skulu inntökupróf miðuð við eigi minni kröfur en gerðar eru til miðskólaprófs í þessum námsgreinum.

□ Rétt er verknámsskólum og iðnskólum að halda undirbúningsnámskeið í íslenzku og reikningi, ef ástæða þykir til.

[1)] *L. 18/1971, 3. gr.*

■ **23. gr.** Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim. Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella.

□ Nú neita iðnfulltrúar að staðfesta námssamning, og má skjóta synjun þeirra til iðnfræðsluráðs til úrskurðar. Námstími telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn byrjað nám sitt þá.

□ Iðnfulltrúar skulu eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

□ Iðnfræðsluráð skal halda skrá um þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

□ Iðnskóli, sem tekur nemanda í nám til sveinsprófs í ákveðinni grein, skal hafa sömu skyldur gagnvart honum sem um meistara væri að ræða, að svo miklu leyti sem við getur átt.

■ **24. gr.** Námstími fer eftir ákvæðum reglugerðar, sbr. 14. gr. Nú hefur nemandi áður stundað nám í verknámsskóla, eða á verklegu námskeiði, sbr. 2. mgr. 1. gr., og ákveður iðnfræðsluráð þá styttingu námstíma, eftir því sem efni eru til, sbr. þó 13. gr.

□ Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari. Rísi ágreiningur um það, hvort námssamningi hafi verið slitið löglega, ákveður iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti sá tími, er nemandi hefur nám stundað, skuli dragast frá fullum námstíma hjá öðrum.

■ **25. gr.** Þegar námstími er á enda, skal nemandi gera prófsmíð hjálparlaust eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni.

□ Í reglugerð, sbr. 14. gr., skal ákveða, hver prófverk skuli vera. Standist nemandi prófið, ber að gefa út handa honum prófskírteini, er sé undirritað af meistara hans, prófdómendum, skólastjóra og lögreglustjóra. Heitir það prófskírteini sveinsbréf.

□ Nú hefur nemandi eigi staðizt próf það, sem um ræðir í 1. mgr., og skal hann þá eiga rétt á að ganga undir próf á ný, þegar það er næst haldið í iðngreininni, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram. Enginn nemandi má þó ganga oftar en þrisvar undir próf í sömu iðngrein.

■ **26. gr.** Daglegur vinnutími nemenda á vinnustað skal vera hinn sami sem sveina í hlutaðeigandi iðngrein samkvæmt kjarasamningi, sbr. þó 34. gr.

□ Nú er svo ástatt í einhverri iðngrein, að ekki er fyrir hendi samningur um vinnutíma sveina, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið hámarksvinnutíma nemenda í iðngreininni með hliðsjón af vinnutíma í skyldum iðngreinum. Nemendum er ekki skylt að inna af hendi eftirvinnu eða helgidagavinnu, og ekki má setja þá til neinnar þeirrar vinnu, sem er þeim um megn eða skaðleg getur talizt heilsu þeirra.

■ **27. gr.** Sumarleyfi iðnnema skal vera 21 dagur virkur með fullu kaupi.

□ Vinni nemandi aukavinnu, skal hann fá greitt orlofsfé, 7% af aukavinnutekjum.

■ **28. gr.** Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í slysa- og sjúkdómstilfellum skal nemandi fá fullt kaup allt að 6 mánuðum samtals yfir allan námstímann.

□ [Iðnfræðsluskólar skulu greiða slysatryggingariðgjald samkvæmt lögum um almannatryggingar vegna þeirra nemenda, sem nám stunda í verknámsskóla iðnaðarins, enda séu þeir nemendur ekki á staðfestum námssamningi.][1)]

[1)] *L. 18/1971, 4. gr.*

■ **29. gr.** Nú hefur nemandi verið veikur lengur en 6 mánuði samtals á námstímanum, og getur iðnfræðsluráð þá ákveðið, að námstíminn framlengist hæfilegan tíma.

■ **30. gr.** Meistari skal veita nemanda sínum kennslu í námsgreininni og sjá svo um, að hann hafi, að námstíma loknum, hlotið hæfilega æfingu í öllum störfum, er iðngreinin tekur til venju samkvæmt, og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, sem tíðkuð eru í iðngreininni.

□ Iðnfræðsluráð skal setja námsreglur fyrir hverja iðngrein, að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðslunefndar, þar sem sagt sé fyrir um störf þau, er nemendur skuli hljóta æfingu í á hverju ári námstímans. Það getur fyrirskipað, að færðar skuli vinnuskýrslur fyrir nemendur, þar sem skráð sé, hver verk þeir stundi daglega og hve lengi á dag. Skulu slíkar vinnuskýrslur gerðar eftir

fyrirmynd, er iðnfræðsluráð samþykkir. Enn fremur skal iðnfræðsluráð gefa út eyðublöð undir missirislega umsögn meistarans um skólavist nemenda, hæfni þeirra, iðni og hegðun.

■ **31. gr.** Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni, koma á vinnustöðvar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur að minnsta kosti einu sinni árlega og árita þær þar um. Hafi nemandi að þeirra dómi ekki hlotið fullnægjandi fræðslu eða æfingu, miðað við það, sem á er liðið námstímann, geta þeir lagt fyrir meistarann að bæta úr því innan ákveðins tíma.

□ Skjóta má ákvörðun iðnfulltrúa undir úrskurð iðnfræðsluráðs.

□ Iðnfulltrúar kveðja prófnefndir, eða eftirlitsmenn, er iðnfræðsluráð skipar, sér til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð.

■ **32. gr.** Nemendur skulu ganga til verka, er þeim er skipað til, sbr. þó 26. gr. Þeir skulu vera ástundunarsamir og trúir í starfi.

■ **33. gr.** Nú stendur yfir verkfall eða verkbann á vinnustöð, þar sem nemandi stundar nám sitt, og skal hann þá eigi taka þátt í framleiðslustörfum. Aftur á móti er nemanda skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra á vinnustöð, þar sem því verður við komið.

□ Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna, og getur iðnfræðsluráð þá ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma.

■ **34. gr.** Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur sína ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimtir. Um skólanámið fer samkvæmt lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim.

□ Þegar kennslan fer fram í dagskóla með fullum kennslustundum, heldur nemandi kaupi sínu, en mætir ekki til vinnu.

□ Nú fer kennslan fram í kvöldskóla, sbr. 15. gr., og skal vinnutími nemanda á vinnustöð þá vera 12 stundum styttri á viku en samningsbundinn vinnutími sveina. Að öðru leyti setur iðnfræðsluráð reglur um styttingu námstíma sökum kvöldskólanáms.

■ **35. gr.** Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá skólanámi:

1. Hafi nemandi þegar lokið iðnskólaprófi eða prófi við annan skóla, sem ekki hefur veitt minni fræðslu í neinni grein en heimtuð er til burtfararprófs úr iðnskóla.

2. Hafi meistari séð nemanda fyrir annarri kennslu, fullgildri að dómi iðnfræðsluráðs, enda ljúki hann fullnaðarprófi frá iðnskóla.

[3. Hafi nemandi fatlazt, andlega eða líkamlega, meðan á námstíma stendur eða áður, en telst þó fullgildur verkmaður í sumum þáttum iðngreinar, enda hljóti slíkur nemandi aldrei meistarabréf, þótt hann standist verklegt próf.

□ Menntamálaráðuneytið getur veitt heimild til þess, að umsækjandi gangi undir verklegt próf í iðngrein án skólanáms, enda liggi fyrir:

A. Umsögn viðkomandi iðnaðarmannafélags.

B. Umsögn iðnfræðsluráðs.

C. Umsögn meistara og vottorð um, að viðkomandi hafi unnið við iðnina í 10 ár.

□ Standist umsækjandi prófið, öðlast hann sveinsbréf, sem veitir ekki réttindi til meistarabréfs síðar.][1)]

[1)] *L. 18/1971, 5. gr.*

■ **36. gr.** 1. Fyrstu sex mánuðir námstíma samkvæmt iðnnámssamningi skoðast sem reynslutími. Hafi nemandi lokið prófi frá verknámsskóla, áður en gerður er námssamningur við meistara eða iðnfyrirtæki, skal reynslutími hjá meistara eða iðnfyrirtæki þó aðeins vera 3 mánuðir. Hvenær sem er á reynslutímanum, getur hvor samningsaðilja um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.

2. Meistari eða iðnfyrirtæki getur slitið námssamningi:

a. Ef nemandi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum.

b. Hafi nemandi verið 6 mánuði samfleytt frá verki sakir sjúkleika síns.

c. Ef nemandi að áliti embættislæknis hefur ekki heilsu til að stunda iðnina.

3. Nemandi getur slitið námssamningi:

a. Ef komið er ósæmilega fram við hann á vinnustöð.

b. Ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar.

c. Ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum.

d. Verði nemandi sakir sjúkdóms eða annarra orsaka vegna óhæfur til starfa að iðninni, eða hættulegt er fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina, að áliti embættislæknis.

e. Ef námsstúlka giftist.

4. Nú er svo ástatt sem í 3 a—b greinir, en nemandi slítur ekki námssamningi, og geta iðnfulltrúar þá slitið samningi, að undangenginni rannsókn. Skjóta má þeirri ákvörðun iðnfulltrúa til iðnfræðsluráðs.

5. Aðiljum er heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það. Er námssamningi er slitið, skal það jafnan tilkynnt iðnfulltrúum.

■ **37. gr.** Nemandi á rétt á skaðabótum, ef námssamningi er slitið af þeim sökum, sem greinir í 36. gr., 3 a – c.

□ Skaðabótakröfur þessar skulu vera forgangskröfur í bú hlutaðeigandi meistara eða iðnfyrirtækis, og fer um þær samkvæmt 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulaunakröfur væru, þær er þar koma til greina.

■ **38. gr.** Ágreining milli nemanda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi skal leggja í gerð, nema aðiljar komi sér saman um annað.

□ Í gerðardómi skal sitja lögreglustjóri, þar sem námið er stundað, og er hann oddviti gerðardómsins, og tveir menn aðrir, einn tilnefndur af hvorum málsaðilja.

□ Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, sem ákveður gerðarfund og kveður báða málsaðilja til þess fundar ásamt gerðarmönnum þeirra með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða

oddvita þykir nauðsyn bera til, svo að réttur úrskurður verði á lagður.

□ Nú sækir gerðarmaður aðilja ekki fund og hefur eigi tjáð lögleg forföll, og getur oddviti og hinn gerðarmaðurinn þá lagt fullnaðarúrskurð á málið.

□ Gerðardómur á úrskurð um slit námssamninga og dæmir skaðabætur.

□ Úrskurður gerðardóms skal vera aðfararhæfur.

□ Úrskurði gerðardóms má þó skjóta til dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá birtingu úrskurðar.

■ **39. gr.** Það varðar sektum að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara.
2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemenda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Koma ósæmilega fram við nemanda.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

VII. kafli.

■ **40. gr.** Meistaraskóla skal starfrækja á vegum iðnskóla í Reykjavík og eftir ákvörðun ráðherra á vegum annarra iðnskóla, sbr. 1. mgr. 12. gr.

□ Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðngreina. Inntökuskilyrði er sveinsbréf, og má krefjast ákveðinnar lágmarkseinkunnar úr iðnskóla og verklegu prófi.

■ **41. gr.** Meistaraskóli er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðnaði.

□ Skólinn starfar sem eins árs skóli með 44 stunda kennsluviku, 7—8 mánuði árlega. Heimilt er þó að starfrækja skólann í tveimur til þremur áföngum með samsvarandi heildarnámstíma.

■ **42. gr.** Kennslan skal vera bæði bókleg og verkleg. Kennslugreinar skulu m. a. vera þessar:

1. Íslenzk verzlunarbréf og vélritun.
2. Stærðfræði og kostnaðarreikningur.
3. Bókfærsla og rekstrarhagfræði.
4. Enska.
5. Eðlis- og efnafræði.
6. Iðn- og verzlunarréttur og vinnulöggjöf.
7. Slysavarnir og hjálp í viðlögum.
8. Verkstjórn og vinnuhagræðing.
9. Iðnfræðsla, bókleg og verkleg, varðandi þá iðngrein, sem um er að tefla.

□ Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum. Skal einkum lögð áherzla á að kynna nýjungar og sérstakar vinnuaðferðir, að því er snertir vélar, verkfæri, áhöld og efni, og skal um námsefni taka sérstakt tillit til þarfa iðngreinanna.

■ **43. gr.** Námi lýkur með burtfararprófi, og nefnist það meistarapróf.

□ Ráðherra setur nánari reglur um starfsháttu meistaraskóla, próf, einkunnagjöf og prófskírteini.

□ Í reglugerð má ákveða, að meistarapróf skuli vera skilyrði fyrir veitingu meistarabréfs í löggiltri iðngrein.

VIII. kafli.

■ **44. gr.** [Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar iðnfræðsluskóla, en hlutaðeigandi sveitarsjóðir hvers skólaumdæmis, sbr. 12. gr., helming, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum nr. 49/1967, 7. og 11. gr.

□ Nú verður ekki samkomulag milli allra sveitarfélaga í skólaumdæmi um að standa sameiginlega að iðnfræðsluskóla, og getur þá ráðherra heimilað því sveitarfélagi, þar sem skólasetur hefur verið ákveðið samkvæmt 12. gr., að standa einu eða ásamt fleirum að skólanum á móti ríkissjóði.][1]

□ Sveitarfélag, þar sem iðnfræðsluskóli er, skal leggja til ókeypis nauðsynlegar lóðir fyrir skólann. Áður en hafizt er handa um byggingu iðnfræðsluskóla, eða verulegar breytingar skólahúsnæðis, skal liggja fyrir teikning, samþykkt af menntamálaráðherra.

□ Iðnfræðsluráð skal árlega gera tillögur til ráðuneytisins um húsagerð og aðrar framkvæmdir á vegum iðnfræðsluskóla og um skiptingu þess fjár, sem veitt er til byggingar iðnfræðsluskóla, kaupa á vélum og öðrum búnaði.

[1] *L. 18/1971, 6. gr.*

■ **45. gr.** [Ríkissjóður og hlutaðeigandi sveitarsjóður, — sveitarsjóðir, ef fleiri en eitt sveitarfélag standa að skóla, — greiða rekstrarkostnað iðnfræðsluskóla í samræmi við lög nr. 49/1967, eftir því sem við getur átt.

□ Standi sveitarfélag ekki að iðnfræðsluskóla, skal það greiða námsvistargjald til þeirra skóla, sem nemendur úr sveitarfélaginu sækja. Sveitarfélag nemanda telst í þessu sambandi lögheimili þess atvinnurekstrar, er nemandinn stundar iðnnám við. Stundi nemandi nám við verknámsskóla iðnaðarins án þess að vera kominn á námssamning hjá meistara, skal lögheimilissveit nemandans greiða námsvistargjaldið.

□ Á sama hátt ber sveitarfélagi að greiða námsvistargjald, ef nemendur úr sveitarfélaginu verða að sækja skóla annars skólaumdæmis, vegna þess að iðngreinin er ekki kennd í skólaumdæmi sveitarfélagsins.

□ Námsvistargjald samkv. lögum þessum er fullt framlag sveitarfélags samkv. 1. mgr. þessarar gr. svo og greiðsla miðað við eðlilega afskrift stofnkostnaðar samkv. 44. gr. þessara laga. Menntamálaráðuneytið ákveður árlega námsvistargjald að fengnum sameiginlegum tillögum þeirra sveitarstjórna, sem að rekstri viðkomandi skóla standa.

□ Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sbr. lög nr. 69/1962,[1] annast uppgjör námsvistargjalds skv. þessari grein, milli þeirra sveitarfélaga, sem í hlut eiga hverju sinni, af framlagi sjóðsins til þess sveitarfélags, sem inna á greiðslu af hendi, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn samþykkt greiðsluskyldu sína.

□ Ráðherra ákveður skólagjald í iðnskólum og meistaraskólum, svo og þátttöku nemenda í verknámsskólum í efniskostnaði, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólaverkstæðum og skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.][2]

[1] *Nú l. 73/1980, III. kafli.* [2] *L. 18/1971, 7. gr.*

■ **46. gr.** Skólanefndir og skólastjórar annast fjárreiður og reikningshald iðnfræðsluskóla, nema hlutaðeigandi stjórnvöld ákveði annað.

□ Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit gilda sömu reglur sem um aðra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

■ **47. gr.** Ríkissjóður greiðir kostnað af starfi iðnfræðsluráðs, iðnfulltrúa og prófnefnda og svo annan kostnað af stjórn iðnfræðslumála samkvæmt lögum þessum.

1966 Nr. 68 11. maí

1966 Nr. 68 11. maí

□ Prófgjöld skulu ákveðin í reglugerð, og renna þau í ríkissjóð.

IX. kafli.

■ **48. gr.** Ráðherra setur reglugerðir[1] samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

[1] *Rg. 558/1981 (um iðnfræðslu).*

1962 Nr. 35 18. apríl

Lög um Hjúkrunarskóla Íslands.[1]

[1] *Rg. 279/1966.*

I. kafli. Markmið og stjórn skólans.

■ **1. gr.** Ríkið rekur heimavistarskóla, er hefur það hlutverk að veita nemendum hjúkrunarfræðslu. Kennslan skal veitt ókeypis.

■ **2. gr.** Skólinn heitir Hjúkrunarskóli Íslands. Hann starfar undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

■ **3. gr.** Stjórn skólans annast 5 manna skólanefnd. Í nefndinni eiga sæti: Landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, forstöðukona Landsspítalans og þrír aðrir, sem ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Hjúkrunarfélags Íslands, annan samkvæmt tillögu Læknafélags Íslands og hinn þriðja án tilnefningar, og skal hann vera sérfróður um skólamál. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólanefndar.

II. kafli. Um kennara skólans.

■ **4. gr.** ...[1]

[1] *L. 51/1978, 18. gr.*

■ **5. gr.** Eigi skal skipa kennara fyrr en eftir 2—3 ára reynslutíma. Um starfstíma fastra kennara og starfstilhögun skulu sett ákvæði í reglugerð. Ráðherra setur skólastjóra og kennurum erindisbréf að fengnum tillögum skólanefndar.

■ **6. gr.** Um orlof kennara frá störfum eftir 10 ára kennslu skulu gilda sömu reglur og í öðrum skólum, sem þeirra réttinda njóta.

III. kafli. Inntökuskilyrði.

■ **7. gr.** Þessi eru aðal inntökuskilyrði í skólann:

1. Að umsækjandi sé fullra 18 ára og eigi eldri en 30 ára. Þó getur skólanefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

2. Að umsækjandi hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti stafað hætta af eða orðið honum til trafala í námi og starfi.

3. Að umsækjandi hafi góða framkomu og óspillt siðferði.

4. Að umsækjandi hafi lokið landsprófi miðskóla, gagnfræðaprófi eða hlotið hliðstæða menntun. Umsækjendur, sem hlotið hafa frekari menntun, skulu ganga fyrir að öðru jöfnu.

5. Skólanum skal heimilt að láta umsækjendur ganga undir inntökupróf samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

IV. kafli. Um námstíma og námsefni.

■ **8. gr.** Námstími skólans skal vera 3 ár, og hefst hann með námskeiði, sem má taka allt að 16 vikna tíma. Að því loknu skal ákveða, hvort nemandi telst hæfur til að hefja verklegt hjúkrunarnám. Eigi síðar en eftir 4 mánaða reynslutíma í verklegu hjúkrunarnámi í sjúkrahúsi skal fundur fastra kennara skólans, að fengnu áliti viðkomandi yfir- eða deildarhjúkrunarkvenna, skera úr því, hvort nemandi sé hæfur til að halda námi áfram.

■ **9. gr.** Námið er bæði bóklegt og verklegt. Bóklega námið fer fram í námskeiðum, en hið verklega í Landsspítalanum, svo og í öðrum stofnunum samkvæmt ákvörðun skólanefndar.

1962 Nr. 35 18. apríl

■ **10. gr.** Í skólanum skal kenna þessar aðalnámsgreinar: Hjúkrunarfræði og ágrip almennrar heilsufræði og heilsuverndar, líffæra- og lífeðlisfræði, sjúkdóma- og sýklafræði, lyfjafræði, lyflæknisfræði, handlæknisfræði, sálarfræði og geðsjúkdómafræði. Í reglugerð skal ákveða undirgreinar og aukagreinar, enn fremur kennslustundafjölda í hverri námsgrein og tilhögun kennslu að öðru leyti.

V. kafli. Próf og einkunnir.

■ **11. gr.** Próf skulu haldin í lok hvers námstímabils eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Kennarar skólans prófa, en landlæknir skipar prófdómara. Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum og tíundu hlutum frá 0 upp í 10.

VI. kafli. Framhaldsnám og námskeið.

■ **12. gr.** Skólanum skal heimilt að fenginni sérstakri fjárveitingu að veita framhaldsmenntun í hjúkrunarfræðum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig má ákveða í reglugerð, að skólinn haldi uppi sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum, t. d. fyrir ljósmæður, í því skyni að gera þær færari um að taka að sér heimahjúkrun í umdæmum sínum, ásamt ljósmóðurstörfum.

VII. kafli. Um fjármál og fleira.

■ **13. gr.** Um fjárreiður skólans skal fara eftir ákvæðum í reglugerð.

■ **14. gr.** Samningsaðilar um laun og hlunnindi hjúkrunarnemenda skulu vera: Skólanefnd H.S.Í. annars vegar og hins vegar fulltrúar stjórnarnefndar ríkisspítalanna og stjórnar borgarsjúkrahússins í Reykjavík.

1972 Nr. 81 31. maí

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að stofna og reka hjúkrunarskóla í tengslum við Borgarspítalann í Reykjavík frá hausti 1972 eða svo fljótt sem við verður komið.

□ Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

■ **2. gr.** Stjórn skólans annast fimm manna skólanefnd. Ráðherra skipar formann án tilnefningar. Hinir skulu skipaðir samkv. tilnefningu þessara aðila: borgarstjórnar Reykjavíkur, Hjúkrunarfélags Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og nemenda skólans.

□ Skólastjóri hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum skólanefndar.

□ Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára, nema fulltrúi nemenda til árs í senn.

■ **3. gr.** Um þennan skóla skulu gilda, eftir því sem við á, lög nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands.

■ **4. gr.** Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um skólann.

1964 Nr. 35 20. maí

Lög um Ljósmæðraskóla Íslands.

■ **1. gr.** Ríkið rekur ljósmæðraskóla í sambandi við Landspítalann í Reykjavík, og skal hann veita nemendum sínum menntun til þess að gegna ljósmóðurstörfum á Íslandi.

■ **2. gr.** Skólinn heitir Ljósmæðraskóli Íslands og starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með

1964 Nr. 35 20. maí

heilbrigðismál. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna gegnir skólanefndarstörfum fyrir skólann.

■ **3. gr.** Námstími ljósmæðraskólans er 2 ár. Yfirlæknir fæðingardeildar Landspítalans er skólastjóri og yfirljósmóðir aðalkennari ásamt skólastjóra. Heimilt er að ráða að skólanum aukakennara eftir ákvörðun ráðherra.

■ **4. gr.** Nemendur ljósmæðraskólans fá kaup, sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Landspítalinn selur nemendum fæði við kostnaðarverði.

■ **5. gr.** Í reglugerð[1)] skulu vera ákvæði um árlegan starfstíma skólans, tölu nemenda, inngönguskilyrði, námsefni og kennslutilhögun, próf og vitnisburði, réttindi og skyldur nemenda og laun kennara.

[1)] *Rg. 547/1982.*

1971 Nr. 6 30. marz

Lög um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

■ **1. gr.** Hótel- og veitingaskóli Íslands skal starfrækt ur í Reykjavík. Meginverkefni hans er að mennta og þjálfa fólk til starfa í íslenzkum veitinga- og gistihúsum og í skyldum greinum.

■ **2. gr.** [Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar sex manna skólanefnd. Skulu fimm nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka: Einn eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda. Einn eftir tilnefningu Félags framreiðslumanna. Einn eftir tilnefningu Félags matreiðslumanna. Einn eftir tilnefningu Matsveinafélags Sjómannasambands Íslands, og skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn. Einn skal skipaður til eins árs í senn, eftir tilnefningu Félags matreiðslu- og framreiðslunema í Hótel- og veitingaskóla Íslands. Hinn sjötta skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður skólanefndar.

□ Ef atkvæði í skólanefnd verða jöfn, sker atkvæði formanns úr um afgreiðslu þess máls, sem um ræðir hverju sinni.

□ Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og fjárreiður hans.][1)]

[1)] *L. 109/1974, 1. gr.*

■ **3. gr.** Hlutverk skólans skal vera:

1. Að veita bóklega og verklega fræðslu þeim, sem nema vilja matreiðslu til sveinsprófs, sbr. l. nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

2. Að veita bóklega og verklega fræðslu þeim, sem nema vilja framreiðslu til sveinsprófs, sbr. l. nr. 68/1966, um iðnfræðslu.

3. Að veita fræðslu þeim, sem ætla að gerast matsveinar á fiski- og flutningaskipum, sbr. l. nr. 50/1961, um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

4. Að veita fræðslu þeim, sem ætla að gerast brytar á farþega- og flutningaskipum, sbr. l. nr. 50/1961, um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

5. Að starfrækja framhaldsdeild fyrir þá, sem ætla sér að gerast umsjónarmenn í veitingasölum og yfirmatreiðslumenn.

6. Að veita fræðslu öðru starfsfólki í hótelum og veitingahúsum en um getur í 1. og 2. tölulið, svo og þeim, sem hyggjast starfa við hliðstæð störf á farþegaskipum og flugvélum. Enn fremur er skólanum heimilt að starfrækja deild eða efna til námskeiða fyrir matráðskonur.

1971 Nr. 6 30. marz

7. Þá er og skólanum heimilt, með samþykki ráðuneytis, að veita fræðslu nemendum skyldra iðn- og starfsgreina, svo sem í brauð- og kökugerð og kjötiðnaði.

8. Skólinn getur, með samþykki ráðuneytis, haldið námskeið utan Reykjavíkur, ef henta þykir.

■ **4. gr.** Almenn inntökuskilyrði eru þessi:

A. Fyrir nemendur samkvæmt 1. og 2. tl. 3. gr. eru inntökuskilyrði hin sömu og gilda á hverjum tíma samkvæmt lögum og reglugerð um iðnfræðslu.

B. Fyrir aðra nemendur skólans skulu inntökuskilyrði ákveðin í reglugerð, nema annað sé ákveðið í lögum.

■ **5. gr.** Verklegt nám fer fram í eldhúsi og vinnusölum skólans. Ráðherra getur ákveðið, að skólinn starfræki veitingahús og/eða hótel af hæfilegri stærð.

■ **6. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 51/1978, 18. gr.*

■ **7. gr.** Ríkissjóður greiðir stofn- og rekstrarkostnað skólans.

■ **8. gr.** Ráðuneytið ákveður þátttöku nemenda í efniskostnaði að fengnum tillögum skólanefndar.

□ Gjöld þessi, svo og hreinar tekjur samkv. 5. gr., skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði skólans.

■ **9. gr.** Ráðuneytið setur reglugerð samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum skólastjóra, skólanefndar og iðnfræðsluráðs, þar sem nánar verður kveðið á um starfsemi skólans, kennslutíma, námsefni o. fl.

1965 Nr. 38 11. maí

Lög um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

I. kafli. Tilgangur og skipan deilda.

■ **1. gr.** Skólinn heitir Myndlista- og handíðaskóli Íslands.

■ **2. gr.** Tilgangur skólans er:

1. Að veita kennslu og þjálfun í myndlistum,
2. listiðnum og
3. búa nemendur undir kennarastörf í vefnaði, teiknun og öðrum greinum myndrænna lista, sem kenndar eru í skólum landsins.

■ **3. gr.** Í skólanum eru þessar deildir:

1. Myndlistadeild, en til hennar teljast forskóli og námsflokkar til framhaldsnáms í þessum greinum: frjálsri myndlist, rítlist, mótlist og veggmyndalist. Enn fremur námsflokkar til undirbúnings að námi í tæknifræðum og húsagerðarlist.
2. Kennaradeild, er greinist í teiknikennaradeild og vefnaðarkennaradeild.
3. Listiðnadeild.
4. Námskeið.

II. kafli. Inntökuskilyrði, námsdeildir og próf.

■ **4. gr.** Myndlistadeild.1. Rétt til inngöngu í forskóla myndlistadeildar veitir landspróf miðskóla, gagnfræðapróf eða hliðstæð próf með þeirri einkunn, sem stjórn skólans metur gilda. Ef sérstaklega stendur á, getur skólastjórn veitt undanþágu frá þessum ákvæðum að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Við inntöku í forskólann skal höfð hliðsjón af hæfileikum umsækjanda á sviði myndrænna listgreina.

Forskólinn veitir tveggja ára undirbúningsmenntun í

1965 Nr. 38 11. maí

almennum myndlistum. Aðalkennslugreinar skulu vera teiknun, málun og myndmótun.

2. Rétt til framhaldsnáms í myndlistadeild eiga þeir, sem lokið hafa forskólanámi með fullnægjandi árangri, eða hlotið hliðstæðan undirbúning annars staðar.

□ Þessir skulu vera flokkar framhaldsnáms:

a. Frjáls myndlist. Aðalgreinar eru teiknun, málun og myndmótun.

b. Frjáls rítlist. Aðalgreinar eru teiknun og almennar greinar rítlistar.

c. Hagnýt rítlist. Aðalgreinar eru teiknun, letrun, sérgreinar ríttækni og gerð auglýsinga.

d. Veggmyndalist. Aðalgreinar eru teiknun, málun og gerð veggmynda.

e. Mótlist. Aðalgreinar eru teiknun og myndmótun.

f. Undirbúningur að námi í tæknifræðum og húsagerðarlist. Aðalgreinar eru fríhendisteiknun, tækni- og rúmsæisteiknun og hagnýt mótun. Nám í flokkum a—e tekur tvö ár og lýkur með prófi.

■ **5. gr.** Kennaradeild.1. Teiknikennaradeildin veitir tveggja ára undirbúning að kennarastarfi í teiknun og skyldum greinum í barna- og framhaldsskólum landsins.

Inntökuskilyrði eru, að umsækjandi hafi áður lokið tveggja ára forskólanámi myndlistadeildar, eða hlotið hliðstæða undirbúningsmenntun.

2. Vefnaðarkennaradeildin veitir tveggja ára undirbúning að kennarastarfi í vefnaði.

Inntökuskilyrði eru, að umsækjandi hafi áður stundað undirbúningsnám í vefnaði með þeim árangri, sem skólastjóri metur gildan.

3. Nám í öðrum greinum kennaradeildanna en sérgreinum skal vera hið sama eða hliðstætt námi í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskóla Íslands. Námi í kennaradeild lýkur með kennaraprófi.

■ **6. gr.** Listiðnadeild. Listiðnadeildin veitir kennslu í listiðnum eða einstökum þáttum þeirra, svo sem listvefnaði, tízkuteiknun og leirmunagerð. Um inntökuskilyrði, námstíma og próf fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar skólans.

■ **7. gr.** Námskeið. Skólinn heldur uppi kennslu á skemmri eða lengri námskeiðum:

a. Fyrir almenning í einstökum greinum myndrænna lista og handíða, og

b. í sérgreinum kennaradeildanna fyrir starfandi kennara.

■ **8. gr.** Heimilt er að fjölga eða fækka kennsludeildum að fengnum tillögum skólastjóra og fræðsluráðs og með samþykki menntamálaráðuneytisins.

III. kafli. Skólastjórn, kennarar og skólaráð.

■ **9. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

□ Skólastjórn er skipuð skólastjóra og föstum kennurum skólans, og skal starfssvið hennar nánar ákveðið í reglugerð.

□ Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins. Þeir skulu skipaðir af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum fræðsluráðs.

□ Um launakjör og kennsluskyldu skólastjóra og kennara fari eftir ákvæðum laga nr. 55/1962,[1] um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

[1] *Sjá nú l. 46/1973 og l. 29/1976.*

■ **10. gr.** Heimilt er að skipa, auk skólastjóra, fjóra fasta kennara við skólann. Fjölgi eða fækki kennslugreinum eða -deildum, er heimilt, að fengnum tillögum skólastjóra og fræðsluráðs og með samþykki menntamálaráðuneytisins að breyta tölu fastra kennara.

1965 Nr. 38 11. maí

□ ...[1]

[1] *L. 51/1978, 18. gr.*

■ **11. gr.** Skólastjóri ræður stundakennara og aðra starfsmenn skólans, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

■ **12. gr.** Til þess að stuðla að sem nánustum tengslum skólans við þróun þeirra þátta í atvinnu- og menningarlífi þjóðarinnar, sem mestu skipta starf hans og tilgang, skal skipa sérstakt skólaráð.

□ Skólaráð skal vera stjórn skólans til ráðuneytis um ýmis mál er skólastarfsemina varða, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skólaráð skal skipað fimm mönnum til þriggja ára í senn. Borgarráð Reykjavíkur, Landssamband iðnaðarmanna, Kvenfélagasamband Íslands og Bandalag íslenzkra listamanna tilnefna hvert um sig einn fulltrúa í ráðið og sé fulltrúi B.Í.L. myndlistamaður. Menntamálaráðherra skipar formann skólaráðs án tilnefningar. Skólaráðið starfar án launa.

IV. kafli. Kostnaður og önnur ákvæði.

■ **13. gr.** Ríkissjóður greiðir einn allan kennslu- og rekstrarkostnað, er af kennaradeildunum leiðir.

□ Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara.

□ Nú eru fastir kennarar skólans færri en heimilt er samkv. 10. gr., og greiðir þá ríkissjóður stundakennslu, sem því nemur, að fullu.

□ Kostnaður við stundakennslu umfram það, sem fram er tekið í 3. mgr. þessarar greinar, svo og annar kostnaður við rekstur skólans, að frádregnum tekjum, skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og borgarsjóðs.

■ **14. gr.** Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Íþróttalög.

1956 Nr. 49 7. apríl

I. kafli. Um stjórn íþróttamála.

■ **1. gr.** Í lögum þessum merkja íþróttir hvers konar líkamsæfingar, er stefna að því að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp.

■ **2. gr.** Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón allra íþróttamála að því leyti, er ríkið lætur þau til sín taka. Til aðstoðar ráðuneytinu um stjórn og framkvæmd íþróttamála er íþróttafulltrúi í skrifstofu fræðslumálastjóra og íþróttanefnd.[1]

[1] *Sbr. l. 5/1968, 7. gr. 4. tl.*

■ **3. gr.** Íþróttafulltrúi skal hafa alhliða þekkingu um íþróttamál og auk þess þekkingu á sviði almennra uppeldismála. Hann skal ráðinn af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum íþróttanefndar, og greiðast laun hans úr ríkissjóði. Skipa má hann í embættið eftir þrjú ár, að fengnum tillögum nefndarinnar.

□ Íþróttafulltrúi skal hafa á hendi þessi störf:

1. Að hafa umsjón með íþróttastarfsemi í skólum.

2. Að vinna að útbreiðslu og eflingu íþrótta í landinu.

3. Að gera tillögur um framkvæmdir til eflingar íþróttum og hafa eftirlit með slíkum framkvæmdum.

4. Að veita íþróttafélögum og einstaklingum leiðbeiningar og aðstoð varðandi íþróttamál.
5. Að safna skýrslum um íþróttastarfsemi í landinu.
6. Að gera tillögur um úthlutun fjár úr íþróttasjóði.
7. Annað það, sem honum er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

□ Ráðherra setur íþróttafulltrúa erindisbréf.

■ **4. gr.** Íþróttanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Menntamálaráðherra skipar íþróttanefnd, og skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tillögum stjórnar Íþróttasambands Íslands, en annar samkv. tillögum stjórnar Ungmennafélags Íslands. Á sama hátt skal skipa varamann. Íþróttanefndin er skipuð til þriggja ára í senn. Nefndarmenn allir skulu vera búsettir í Reykjavík eða nágrenni hennar.

□ Íþróttanefnd tekur eigi laun fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði. Kostnað við sérfræðilega aðstoð skal þó greiða úr íþróttasjóði.

□ Íþróttanefnd stjórnar íþróttasjóði og úthlutar fé úr honum eftir fyrirmælum laga þessara. Að öðru leyti skal nefndin hafa á hendi þessi störf:

1. Að vinna að eflingu íþróttamála, og getur hún gert tillögur um allt, sem að þeim lýtur.
2. Að vinna ásamt íþróttafulltrúa að því að koma skipulagi á íþróttamál í landinu, sbr. 21. gr.
3. Annað það, sem henni er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

□ Íþróttafulltrúi á sæti á fundum íþróttanefndar, en á þar eigi atkvæðisrétt nema hann sé skipaður í nefndina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd.

II. kafli. Um íþróttasjóð.

■ **5. gr.** Alþingi veitir árlega fé í sjóð til eflingar íþróttum í landinu, eða sér honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt. Nefnist hann íþróttasjóður.

■ **6. gr.** Styrkveitingar úr íþróttasjóði skulu miða að því að bæta skilyrði til íþróttaiðkana, og skal áherzla lögð á, að þær komi að sem almennustum notum.

□ Styrki má veita til:

1. Hvers konar mannvirkja og tækja, sem miða að bættum skilyrðum til íþróttaiðkana, einkum efniskaupa og aðstoðar iðnaðarmanna.
2. Til íþróttakennslu og námskeiða.
3. Til útbreiðslu íþrótta og aukinnar íþróttamenntunar.

□ Þó má eigi veita styrki til íþróttamóta, kappleika eða kaupa á verðlaunagripum. Enn fremur er óheimilt að veita styrki til greiðslu annars rekstrarkostnaðar einstakra félaga en kostnaðar við íþróttakennslu. Þá er og óheimilt að veita styrki til fastrar íþróttakennslu í almennum skólum og til ferðalaga.

[□ Heimilt er að veita úr íþróttasjóði styrk til breytinga á íþróttahúsnæði, sem miða að því að bæta fötluðum aðgang og umferð um það. Styrkurinn má nema allt að 40% af kostnaði við breytinguna.][1)]

[1)] *L. 47/1981, 5. gr.*

■ **7. gr.** Þessir aðilar geta notið styrks úr íþróttasjóði:

1. Íþróttasamband Íslands (Í.S.Í.), Ungmennafélag Íslands (U.M.F.Í.), svo og félög og félagasambönd innan vébanda þeirra.
2. Bæjar-, sveitar- eða sýslufélög.
3. Samtök þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölul. þessarar greinar, svo sem íþróttasamtök slík, er ræðir um í 21. gr. laga þessara.

■ **8. gr.** Umsóknir um styrk úr íþróttasjóði skulu sendar íþróttanefnd samkvæmt reglum, er hún setur.

□ Við úthlutun úr sjóðnum skal taka tillit til þessa:

1. Hve almenna íþróttalega, heilbrigðis- og félagslega þýðingu úthlutunin getur haft.
2. Að styrkurinn dreifist með tímanum sem jafnast um landið samkvæmt fólksfjölda.
3. Að hve miklu leyti félögin standa undir rekstrarkostnaði sínum með iðgjöldum félagsmanna.
4. ...[1)]

[1)] *L. 34/1972, 1. gr.*

■ **9. gr.** [Styrkur íþróttasjóðs til íþróttamannvirkja skal nema 25 – 40 af hundraði áætlaðs stofnkostnaðar íþróttamannvirkis. Eigi má hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki íþróttanefndar og menntamálaráðuneytis. Um kostnaðaráætlun og annan undirbúning, skilgreiningu á stofnkostnaði og greiðslufyrirkomulag skal, svo sem við á, fylgt ákvæðum laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

□ Skylt er íþróttanefnd að láta aðilum, sem um styrki sækja, ókeypis í té allar leiðbeiningar og sérfræðilega aðstoð um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa.][1)]

[1)] *L. 34/1972, 2. gr.*

■ **10. gr.** [Setja skal reglugerð, að fengnum tillögum íþróttanefndar, um þau atriði, sem um getur í 9. gr., svo og um viðmiðunartölur styrkveitinga til einstakra tegunda íþróttamannvirkja.

□ Setja skal reglur um stjórn mannvirkis, viðhald og notkun, og skulu þær reglur staðfestar af menntamálaráðuneytinu.[1)]

□ Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennra afnota, eftir því sem við verður komið, en eigi má nota þau til þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþrótta.][2)]

[1)] *Rg. 68/1976 (fyrir íþróttahúsið Ásgarð í Garðakaupstað), rg. 300/1976 (fyrir íþróttahúsið á Akranesi) og rg. 352/1977 (íþróttamiðstöð Vestmannaeyja).* [2)] *L. 34/1972, 3. gr.*

III. kafli. Um íþróttir í skólum.

■ **11. gr.** Í öllum skólum landsins skulu íþróttir iðkaðar eftir því, sem mælt er fyrir í lögum þessum, eða reglugerðum,[1)] er ráðherra setur samkvæmt þeim.

[1)] *Rg. 69/1959, sbr. 236/1979 (sundnám). Rg. 204/1964 (leikfimi).*

■ **12. gr.** Barnaskólum í kaupstöðum og kauptúnum með 400 íbúum eða fleiri, öllum æðri skólum og heimavistarskólum skal séð fyrir hæfu húsnæði með heitu og köldu vatni og nauðsynlegum áhöldum til íþróttakennslu, og er hvort tveggja háð úrskurði íþróttafulltrúa. Í barnaskólum í sveitum og kauptúnum með færri en 400 íbúum skal kenna nemendum þær íþróttir, sem við verður komið í húsnæði skólanna, enda sé eigi völ á öðru húsnæði betra. Allir fastir barnaskólar og æðri skólar skulu hafa til umráða hæfilegt landsvæði eða leikvang til þess að leika knattleiki og útíþróttir.

■ **13. gr.** Öll börn í landinu skulu læra sund, nema þau séu óhæf til þess að dómi skólalæknis. Höfuðáherzlu skal leggja á að kenna bringu- og baksund og helztu

aðferðir við björgunarsund og lífgun úr dauðadái. Skal hver nemandi hafa lokið þessu námi áður, eða eigi síðar, en hann lýkur prófi úr barnaskóla, og hafa leyst af hendi ákveðnar raunir í sundi og björgun samkvæmt reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur. Þar sem sundlaugar eru svo nærri skólum, að sundiðkunum verður við komið samhliða öðru námi, skal ætla þeim tíma á stundaskrá skólanna. Að öðrum kosti skal kenna sund í námskeiðum, og skal hver nemandi eiga kost á sem næst þriggja vikna sundkennslu.

□ Í öðrum skólum en barnaskólum skulu nemendur iðka sund, nema þeir teljist til þess óhæfir að dómi skólalæknis, enda eigi þeir kost á sundkennslu og aðgang að sundlaug. Skulu nemendur leysa af hendi prófraunir, er miðist við aldur þeirra og þroska. Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði um þetta í reglugerð.

□ Þar, sem sækja þarf langt til sundnáms, skal ríkissjóður taka þátt í ferðakostnaði nemenda, eftir reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

■ **14. gr.** Í öllum skólum skal leggja áherzlu á það, að nemendur fái tækifæri til þess að stunda íþróttir úti, eftir því sem fært þykir og staðhættir leyfa. Þá skal og stuðla að því, að nemendur iðki íþróttir í tómstundum sínum. Enn fremur skulu piltar í öllum skólum eiga kost á tilsögn í glímu.

■ **15. gr.** Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum íþróttanefndar og íþróttafulltrúa, ákvæði um tilhögun og stundafjölda íþróttaiðkana í skólum. Nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis þarfnast sérstakrar sjúkraleikfimi, skal þar sem því verður við komið séð fyrir slíkum æfingum á vegum skólans. Enn fremur skal sjá nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis eru eigi færir um að taka þátt í hinum almennu íþróttaiðkunum skólans, fyrir líkamsæfingum við þeirra hæfi, eftir því sem fært þykir.

■ **16. gr.** Í öllum barnaskólum og öðrum almennum skólum skal fara fram kennsla í heilsufræði. Leggja skal sérstaka áherzlu á fræðslu um heilsuvernd, gildi íþrótta og skaðsemi eiturnautna.

■ **17. gr.** Menntamálaráðuneytinu er heimilt að láta gera íþróttamerki fyrir skóla, samkvæmt reglugerð, sem það setur. Merkin skulu allir skólanemendur eiga kost á að fá fyrir lágt verð, er þeir hafa unnið tilskilið afrek og náð tilskilinni leikni.

IV. kafli. Um réttindi til íþróttakennslu.

■ **18. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 51/1978, 18. gr.*

■ **19. gr.** Við Íþróttakennaraskóla Íslands skal starfrækja leiðbeinendadeild, sem veiti takmörkuð réttindi til leiðbeininga um iðkun eða þjálfun í einni eða fleiri íþróttagreinum hjá félögum, stofnunum eða einstaklingum.

□ Heimilt er héraðsskólum, svo og Í.S.Í. og U.M.F.Í., að starfrækja slíkar sérdeildir.

V. kafli. Um frjálsa íþróttastarfsemi.

■ **20. gr.** Íþróttastarfsemi utan skólanna er falin frjálsu framtaki landsmanna, og fer fram í félögum og sem einstaklingsstarf, með þeim stuðningi, sem veittur er samkvæmt lögum þessum. Íþróttasamband Íslands (Í.S.Í.) er æðsti aðili um frjálsa íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu og kemur fram erlendis af Íslands hálfu í íþróttamálum, nema að því leyti, sem ríkisstjórnin kann að velja til þess fulltrúa sjálf.

□ Öll opinber íþróttakeppni skal fara fram samkvæmt reglum, er Í.S.Í. setur, enda séu þær ætíð í samræmi við alþjóðaíþróttareglur. Þó getur íþróttanefnd mælt svo fyrir, að enginn megi taka þátt í keppni í tilteknum íþróttagreinum, nema læknir hafi áður skoðað hann.

■ **21. gr.** Landið skiptist í íþróttahéruð eftir legu og aðstöðu til samvinnu um íþróttaiðkanir. Íþróttanefnd annast skiptingu þessa í samráði við Í.S.Í. og U.M.F.Í. Íþróttanefnd og íþróttafulltrúi skulu vinna að því, að allir aðilar um íþróttamál í íþróttahéraði hverju bindist samtökum um hagsmuni sína. Þar sem aðilar þessir hafa eigi myndað slík samtök, skal íþróttanefnd skipa þriggja manna stjórnarnefnd í héraði hverju. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Í.S.Í., annar samkvæmt tilnefningu U.M.F.Í. og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu menntamálaráðuneytisins. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður er umboðsmaður íþróttanefndar og íþróttafulltrúa í héraði sínu. Eigi þiggur hann laun fyrir það starf.

□ Þá er héraðssamtök íþróttaaðila hafa myndazt, tekur stjórn þeirra við starfi nefndarinnar.

■ **22. gr.** Til þess að félög séu viðurkennd til styrkveitinga samkvæmt lögum þessum verða þau að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Inntaka manna í þau sé ekki bundin skilyrðum um trúar- eða stjórnmálaskoðanir.
2. Allir félagsmenn séu skyldir að greiða iðgjöld í sjóði félaganna.
3. Félögin séu í Í.S.Í. eða U.M.F.Í., greiði þeim tilskilin gjöld, sendi árlegar fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul.
4. Félögin hafi lækniseftirlit með íþróttamönnum sínum, eftir því sem við verður komið.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **23. gr.** Skylt er bæjar-, sveitar- og sýslufélögum að leggja til endurgjaldslaust hentug lönd og lóðir undir íþróttamannvirki, sem styrkt eru úr íþróttasjóði eða íþróttanefnd viðurkennir. Heimilt er að taka land til þessa eignarnámi, ef þörf krefur.

■ **24. gr.** Ef félag eða skóli, sem fengið hefur styrk úr ríkissjóði eða íþróttasjóði til mannvirkja eða íþróttatækja, leggst niður, skulu þessar eignir þess renna til íþróttasjóðs, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum eða reglugerðum. Íþróttanefnd sér um, að þær komi að notum til íþróttaiðkana á þeim stað, sem þær eru, eftir því sem ástæður leyfa. Íþróttamannvirki, sem styrk hefur hlotið úr íþróttasjóði, má hvorki gefa né selja, nema samþykki íþróttanefndar komi til, enda endurgreiðist þá til íþróttasjóðs sú styrkupphæð, sem veitt hefur verið til viðkomandi íþróttamannvirkis.

■ **25. gr.** Viðurkenndir skólar og íþróttafélög skulu hafa forgangsrétt að notkun íþróttamannvirkja og tækja, sem þegar eru til í landinu, eða byggð kunna að verða, að því leyti sem eigendur nota þau ekki til íþróttaiðkana, enda sé greitt fyrir það sanngjarnt verð.

■ **26. gr.** Ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á lögum þessum eða framkvæmdum þeirra, skal skjóta til úrskurðar íþróttanefndar, nema svo sé vaxinn, að hann heyri undir dómstóla.

1956 Lög um að banna hnefaleika.

Nr. 92 27. des.

■ **1. gr.** Bönnuð er öll keppni eða sýning á hnefaleik. Enn fremur er bannað að kenna hnefaleik.

■ **2. gr.** Bönnuð er sala og notkun hnefaleiksglófa og annarra tækja, sem ætluð eru til þjálfunar hnefaleikara. Í reglugerð skal ákveða, hvernig fara skuli með slík tæki, sem nú eru til í landinu.

■ **3. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal varða sektum allt að 10 000 krónum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

1928 Lög um sundhöll í Reykjavík.

Nr. 32 7. maí

■ **1. gr.** Landstjórninni er heimilt að leggja allt að 100 þús. kr. móti jafnmiklu framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur, til að byggja sundhöll í Reykjavík, er sé fullbúin til afnota 1930, með þeim skilyrðum, sem hér segir:

a. Að Reykjavíkurbær leggi sundhöllinni til ókeypis heppilega lóð nærri hinum nýja barnaskóla bæjarins og heitt laugavatn, eftir að það hefur gengið gegnum hitaleiðslur þess skóla.

b. Að ráðuneytið samþykki uppdrátt og lýsingu af sundhöllinni og legu hennar, enda sé hún eign bæjarfélagsins.

c. [Að nemendur úr skólum, sem landið kostar að meira eða minna leyti, í Reykjavík fái aðgang til sundnáms í sundhöllinni, enda geri fræðslumálastjórn og bæjarstjórn Reykjavíkur samkomulag sín á milli um kostnað, sem af þessu hlýzt, og greiðslu þess kostnaðar.][1)]

d. Að Reykjavíkurbær kosti viðhald og rekstur sundhallarinnar, en selji þó ekki almenningi aðgang dýrari en þarf til að fyrirtækið beri sig. Aðgangseyrir skal ákveðinn í gjaldskrá,[2)] er bæjarstjórn setur og ráðherra staðfestir.

[1)] *L. 32/1952, 1. gr.* [2)] *Augl. 25/1982 (um gjaldskrá fyrir sundstaði í Reykjavík).*

1925 Lög um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglinga til sundnáms.

Nr. 39 27. júní

■ **1. gr.** Í kaupstöðum eða sveitarfélögum, þar sem sund er kennt á kostnað hins opinbera, skal bæjar- og sveitarstjórnum heimilt með reglugerð, er stjórnarráðið staðfestir, að gera öllum heimilisföstum unglingum frá 12—16 ára að aldri innan síns umdæmis skylt að stunda sundnám allt að 4 mánuðum samtals. Þó skal jafnan undanþiggja þá unglinga sundnámsskyldu, sem að dómi sundkennara eru sæmilega syndir, ef þess er óskað.

■ **2. gr.** Undanþegnir sundnámsskyldu skulu þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests.

■ **3. gr.** Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni.

1970 Lög um æskulýðsmál.

Nr. 24 17. apríl

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Tilgangur þessara laga er að setja reglur um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi.

□ Þeir aðilar, sem njóta skulu stuðnings samkvæmt lögum þessum, eru:

1. Félög, er vinna að æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfboðastarfi og eigin fjárframlögum félagsmanna.

2. Aðrir aðilar, er sinna einkum velferðarmálum ófélagsbundins æskufólks í skipulögðu starfi.

□ Lögin taka til íþrótta- og bindindisstarfsemi og félags- og tómstundastarfsemi í skólum, að svo miklu leyti sem við á og önnur lög og aðrar reglur gilda ekki þar um.

□ Lögin miðast einkum við æskulýðsstarfsemi fyrir ungmenni á aldrinum 12—20 ára.

II. kafli. Stjórn æskulýðsmála.

■ **2. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra æskulýðsmála, sem lög þessi fjalla um.

□ Stofna skal Æskulýðsráð ríkisins, skipað fimm mönnum. Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Þrír menn skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einn maður skal tilnefndur af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími er tvö ár.

■ **3. gr.** Hlutverk Æskulýðsráðs ríkisins er:

1. Að skipuleggja og samræma opinberan stuðning við æskulýðsstarf í landinu og örva starfsemi þeirra samtaka, sem að æskulýðsmálum vinna.

2. Að leitast við að samræma æskulýðsstarfsemi félaga, skóla og sveitarfélaga og stuðla að samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál og efla þá til sameiginlegra átaka um lausn ákveðinna verkefna.

3. Að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar til æskulýðsmála. Tillögur skulu berast ráðuneytinu fyrir 1. júní ár hvert.

4. Að efna til umræðufunda og/eða ráðstefna um æskulýðsmál eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

5. Að safna gögnum um æskulýðsmál hérlendis og erlendis, fylgjast með þróun þeirra mála og láta í té umsagnir til stjórnvalda um mál, er varða æskulýð og æskulýðsstarfsemi. Ráðið hlutist til um, að fram fari fræðilegar rannsóknir á sviði æskulýðsmála.

6. Að sinna öðrum verkefnum, sem talin eru í lögum þessum eða ráðuneytið kann að fela því.

□ Menntamálaráðherra setur Æskulýðsráði ríkisins starfsreglur, þar sem verkefni ráðsins skulu rakin ítarlegar og fyllra en gert er í lögum þessum.

□ Kostnaður við störf ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

■ **4. gr.** Menntamálaráðherra ræður æskulýðsfulltrúa til 5 ára í senn að fengnum tillögum Æskulýðsráðs ríkisins, og greiðast laun hans úr ríkissjóði. Fulltrúinn skal annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið og gegna öðrum þeim störfum að æskulýðsmálum, sem ráðherra felur honum með erindisbréfi.

■ **5. gr.** Heimilt skal að stofna æskulýðsnefndir eins eða fleiri sveitarfélaga. Skulu starfsreglur þeirra samþykktar af sveitarstjórn og staðfestar af Æskulýðsráði ríkisins.

III. kafli. Stuðningur við félags- og tómstundastarfsemi.

■ **6. gr.** *Þjálfun leiðbeinenda.* Stuðningur ríkissjóðs við félags- og tómstundastarfsemi skal meðal annars fólginn í þátttöku í kostnaði við þjálfun leiðbeinenda.

□ Menntamálaráðuneytið setur reglur um leiðbeinendaþjálfun, að fengnum tillögum Æskulýðsráðs ríkisins.

■ **7. gr.** *Menntun æskulýðsleiðtoga.* Æskulýðsráð ríkisins gengst fyrir því, að haldin séu námskeið fyrir

1970 Nr. 24 17. apríl

æskulýðsleiðtoga. Skulu námskeið þessi, ef ástæða þykir til, haldin í samráði við Kennaraskóla Íslands eða Íþróttakennaraskóla Íslands. Allur kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

□ Menntamálaráðuneytið setur reglur um námskeið þessi, þar sem m. a. skal ákveða lágmarkstölu þátttakenda, inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

□ Heimilt skal að styrkja efnilega æskulýðsleiðtoga til framhaldsnáms og þjálfunar erlendis, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

■ **8. gr.** *Sumarbúðir og útivistarsvæði.* Heimilt skal að veita viðurkenndum aðilum styrki:

a. til sumarbúðastarfsemi fyrir æskufólk og

b. til að laga og bæta aðstæður á ákveðnum útivistarsvæðum. Um framangreindar styrkveitingar skulu settar sérstakar reglur.

■ **9. gr.** *Önnur starfsemi í þágu æskufólks.* Heimilt skal að styðja einstök verkefni í þágu æskufólks, þ. á m. nýjungar og tilraunir í æskulýðsstarfi, svo og ráðstafanir, sem miða að lausn sérstakra æskulýðsvandamála, er skapast kunna, enn fremur til námskeiða og annars fræðslustarfs einstakra samtaka.

IV. kafli. Stuðningur bæjar- og sveitarfélaga við æskulýðsmál.

■ **10. gr.** Samband íslenzkra sveitarfélaga semur í samráði við sveitar- og bæjarstjórnir og borgarstjórn Reykjavíkur reglur um stuðning þessara aðila við æskulýðsmál, en menntamálaráðherra staðfestir reglurnar. Skal stuðningur þessara aðila m. a. ná til þátttöku í kostnaði við störf leiðbeinenda, tækjakaup og húsnæði.

V. kafli. Reglugerð og gildistaka.

■ **11. gr.** Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. ...

1941 Nr. 63 27. júní

Lög um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu.

■ **1. gr.** Heimilt er bæjarstjórnum og hreppsnefndum, með samþykki atvinnumálaráðherra, að stofna til þegnskylduvinnu eftir þeim reglum, sem felast í lögum þessum.

■ **2. gr.** Nú vill hreppsnefnd eða bæjarstjórn öll eða meiri hluti þeirra stofna til þegnskylduvinnu samkvæmt lögum þessum, eða þeim berast bréflegar áskoranir um það frá minnst ⅕ hluta kjósenda innan umdæmisins, og er henni þá skylt að láta atkvæðagreiðslu fara fram um málið á venjulegan hátt, en áður skal halda almennan fund um það, verði því við komið. Fundur eða atkvæðagreiðsla um málið sé boðað með hálfs mánaðar fyrirvara, og sé þá að jafnaði auglýst, hvaða verkefni eigi að leysa með þegnskylduvinnunni, hve mörg ár samþykktin eigi að gilda, og hve lengi vinnan skuli vara fyrir hvern þegnskyldan mann. Ef minnst ⅗ hlutar kosningarbærra manna í sveitamálefnum, sem atkvæði greiddu, hafa goldið jákvæði tillögunni um þegnskylduvinnu, enda hafi að minnsta kosti helmingur kjósenda tekið þátt í atkvæðagreiðslunni, er samþykktin orðin bindandi, að fenginni staðfestingu atvinnumálaráðherra.

■ **3. gr.** Þegnskylduvinna nær til allra heimilisfastra vinnufærra karlmanna á aldrinum 16—25 ára, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Enginn er þó þegnskyldur lengur en þrjú ár samtals. Þegnskylduvinna má vara allt að hálfum mánuði fyrir hvern einstakling árlega, og eigi lengur samtals en 6 vikur.

1941 Nr. 63 27. júní

□ Þeir, sem þegnskyldu inna af hendi, skulu fá þóknun, er nægi þeim til greiðslu fæðis og dvalarkostnaðar meðan vinnan stendur yfir. Teljast útgjöld þessi með kostnaði við framkvæmd þegnskylduvinnunnar.

■ **4. gr.** Nú hefur hreppsfélag eða kaupstaður gert samþykkt um þegnskylduvinnu og ráðherra staðfest samþykktina, og skal þá skipuð þegnskylduvinnunefnd til 4 ára í senn.

□ Í hreppsfélögum kýs hreppsnefnd einn mann í þegnskylduvinnunefnd, skólanefnd annan, en ráðherra skipar formann.

□ Í kaupstöðum skipar ráðherra formann þegnskylduvinnunefndar, en bæjarstjórn kýs aðra nefndarmenn.

□ Heimilt er, með samþykki ráðherra, að fela skólanefndum störf þegnskylduvinnunefnda.

□ Þegnskylduvinnunefnd skal gera frumvarp til reglugerðar um tilhögun og framkvæmd þegnskylduvinnunnar, er ráðherra staðfestir þá þegar, eða að gerðum þeim breytingum, er hann telur nauðsynlegar. Nefndin úrskurðar og um það, hverjir skuli inna af hendi þegnskylduvinnu á hverju ári. Undanþágur eða frestir skulu veittir, ef um veikindi eða aðrar gildar ástæður er að ræða. Þegnskylduvinnunefnd ræður kennara og verkstjóra við þegnskylduvinnu.

■ **5. gr.** Í þegnskylduvinnu má vinna að hverju því verkefni, sem til framfara horfir eða almenningsheilla, svo sem hvers konar jarðrækt, vegagerð, skógrækt, sundlauga- og leikvallagerð, skólahúsbyggingum o. fl.

□ Þegnskylduvinnunefnd ákveður verkefnin og hefur umsjón með framkvæmdum í samráði við þær stjórnardeildir, sem ráðherra felur yfirumsjónina.

■ **6. gr.** Þegnskylduvinnunefnd skal árlega gera áætlun um kostnað af framkvæmd þegnskylduvinnu. Skal áætlunin lögð fyrir hreppsnefnd eða bæjarstjórn til staðfestingar og síðan send ráðherra.

□ Ríkissjóður greiðir hálfan kostnað af þegnskylduvinnu samkvæmt áætlun af því fé, sem árlega er veitt á fjárlögum í þeim tilgangi, en hreppssjóður eða bæjarsjóður hálfan kostnað og þann kostnað, er verða kann umfram áætlun.

□ Nú er útlit fyrir, að fjárveiting hrökkvi ekki fyrir eftirspurn eftir þegnskylduvinnustyrk, og skal þá ráðherra tilkynna svo fljótt sem auðið er um fjárhæð væntanlegs styrks.

■ **7. gr.** Nú kemur þegnskyldur maður ekki til vinnu eftir fyrirlagi þegnskylduvinnunefndar, og sætir hann þá sektum, er nema tvöföldu dagkaupi við sams konar störf fyrir þau dagsverk, er tapast. Sektir renna í hreppssjóð.

1974 Nr. 58 21. maí

Lög um landgræðslustörf skólafólks.

■ **1. gr.** Heimilt er að kveðja til starfa við landgræðslu a. m. k. tvo daga á hverju skólaári hvern þann nemanda, sem orðinn er 12 ára eða eldri og stundar nám í skóla, sem kostaður er af ríkinu að einhverju eða öllu leyti, enda sé nemandinn hraustur og ófatlaður.

■ **2. gr.** Landgræðslustörf samkvæmt lögum þessum eru græðsla lands og hvers konar vinna vegna gróðurverndar, gróðursetning trjáplantna, grisjun skóga og

1974 Nr. 58 21. maí

fegrun skóglendis; gróðursetning skrúðjurta og endurbætur skrúðgarða; lagfæring og fegrun umhverfis skóla, gistihúsa, sjúkrahúsa eða annarra opinberra menningar- og líknarstofnana.

□ Lög þessi taka hvorki til túnræktar né annarra sérstakra framkvæmda á lögbýlum.

■ **3. gr.** Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með framkvæmd þessara laga.

□ Skógrækt ríkisins — að fengnum tillögum Skógræktarfélags Íslands — velur verkefni og skipuleggur framkvæmdir, þar sem unnið er á skóglendi.

□ Landgræðsla Íslands — að fengnum tillögum Landverndar — velur verkefni og skipuleggur landgræðslustörf nemenda í skólum í Reykjavík, sbr. þó 2. málsgr.

□ Búnaðarsamband á því svæði, þar sem skóli starfar utan Reykjavíkur, velur verkefni og skipuleggur landgræðslustörf skólafólks á búnaðarsambandssvæðinu.

□ Verkefni skólafólks við landgræðslu, sbr. 2. gr., skulu valin í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra og fyrir eitt skólaár í senn.

■ **4. gr.** Skólastjóri ákveður, hvaða dag á skólaárinu skal unnið að landgræðslu, og tilkynnir það nemendum skólans.

□ Skólastjóri eða kennari skal hafa eftirlit með landgræðslustörfum nemenda skólans.

■ **5. gr.** Ferðakostnað nemenda vegna landgræðslustarfa skal telja með skólakostnaði.

■ **6. gr.** Í reglugerð,[1)] sem menntamálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um landgræðslustörf skólafólks.

[1)] *Rg. 448/1975.*

1952 Nr. 13 31. jan.

Lög um skógræktardag skólafólks.

■ **1. gr.** Heimilt er skógræktarstjóra, í samráði við hlutaðeigandi skólanefnd og skólastjóra, að kveðja hvern þann ófatlaðan nemanda, pilt eða stúlku, sem nýtur ókeypis kennslu í ríkisskóla, til starfa í þjónustu Skógræktar ríkisins einn dag á ári.

□ Skógræktarstjóri skipuleggur starfið og sér fyrir hæfri verkstjórn og góðri vinnuaðstöðu.

□ Verkefni séu jafnan valin innan skólahverfisins eða í nánd við skólastað.

■ **2. gr.** Skógræktardagurinn sé á vorin, að jafnaði áður en skólar hætta störfum. Skal ákveða hann með nægum fyrirvara í samráði við stjórnendur skólanna. Ber að taka tillit til staðhátta og ákveða daginn einvörðungu með tilliti til þess, að ræktunarstarf skólafólksins geti borið sem beztan árangur.

■ **3. gr.** Nú þykja ekki ákjósanleg verkefni fyrir hendi á einhverjum stað við skóggræðslu, og mega þá stjórnendur skóla, í samráði við viðkomandi sveitarstjórn, fela skólafólkinu verkefni við gróðursetningu trjáplantna eða skrúðjurta, til fegrunar á umhverfi skóla, kirkna, sjúkrahúsa, elliheimila eða annarra opinberra menningar- og líknarstofnana.

■ **4. gr.** Nánari ákvæði um tilhögun starfa og verkefnaval á skógræktardaginn má setja með reglugerð, er skógræktarstjóri semur, í samráði við fræðslumálastjóra, og ráðherra staðfestir.

1977 Nr. 33 12. maí

Leiklistarlög.

■ **1. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn leiklistarmála samkvæmt lögum þessum.

□ Lög þessi taka, eftir því sem við á, til allrar leiklistarstarfsemi í landinu.

■ **2. gr.** Ríkið rekur og kostar Þjóðleikhús og Leiklistarskóla Íslands eftir því sem fyrir er mælt í löggjöf um þessar stofnanir og í fjárlögum.

□ Alþingi veitir einnig árlega fé í fjárlögum til stuðnings annarri leiklistarstarfsemi:

I. Til Leikfélags Reykjavíkur.
II. Til Leikfélags Akureyrar.
III. Til Bandalags íslenskra leikfélaga.
IV. [Til leiklistarstarfsemi áhugaleikfélaga.][1)]
V. Til leiklistarráðs.
[VI. Til annarrar leiklistarstarfsemi.][1)]
[VII. Til óperustarfsemi.][1)]

□ Sveitarstjórnir veita fé til leiklistarstarfsemi í sveitarfélögum eftir því sem ákveðið verður í fjárhagsáætlun þeirra, þó eigi lægri fjárhæð til hvers leikfélags en ríkissjóður greiðir skv. 3. gr.

[1)] *L. 10/1979, 1. gr.*

■ **3. gr.** Menntamálaráðuneytið úthlutar fé því sem veitt er í fjárlögum samkvæmt IV. lið í 2. gr., að fengnum tillögum Bandalags íslenskra leikfélaga.

■ **4. gr.** Hlutverk leiklistarráðs er:

I. [Að vera vettvangur umræðna um leiklistarmál og stuðla að því að leiklistarstarfi séu búin þroskavænleg skilyrði.][1)]

II. Að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðuneytið, sveitarfélög og leiklistarstofnanir þær sem taldar eru í 2. gr.

III. Að stuðla að ritun og útgáfu leikrita.

IV. Að sinna öðrum verkefnum í þágu leiklistar í samráði við menntamálaráðuneytið.

[1)] *L. 10/1979, 2. gr.*

■ **5. gr.** Menntamálaráðuneytið skipar leiklistarráð, einn fulltrúa án tilnefningar, en aðra ráðsmenn og jafnmarga til vara tilnefna eftirtaldir aðilar:

Bandalag íslenskra leikfélaga einn fulltrúa fyrir hvern tug félaga sem eru fullgildir aðilar að Bandalaginu.

Félag íslenskra leikara þrjá fulltrúa.

Eftirtaldir aðilar tilnefna einn hver:

Ríkisútvarp, einn frá hljóðvarpi og annan frá sjónvarpi, Félag leikstjóra, Félag leikritahöfunda, Samtök félagsheimila, Leikfélag Akureyrar, Leikfélag Reykjavíkur, Tónskáldafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Þjóðleikhúsráð.

□ Ráðherra er heimilt að veita öðrum, er fjalla með nokkrum hætti um leiklistarmál, aðild að leiklistarráði, að fenginni umsögn ráðsins. Skipunartími ráðsmanna er þrjú ár í senn. Ráðið kýs sér sjálft formann og varaformann.

■ **6. gr.** Leiklistarráð kemur saman til fundar einu sinni á ári, nema sérstök ástæða sé til fleiri funda. Skylt er að boða fund, ef 5 ráðsmenn hið fæsta óska þess bréflega og tilgreina umræðuefni.

□ Framkvæmdastjórn þriggja manna fer með málefni leiklistarráðs milli funda. Leiklistarráð kýs tvo menn í framkvæmdastjórn, en formaður ráðsins er sjálfkjörinn.

□ Leiklistarráð er ólaunað, en greiða skal þóknun fyrir stjórnarstörf og ferða- og dvalarkostnað utanbæjarmanna vegna fundarsetu.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15/1965, um fjárhagslegan stuðning við

1977 Nr. 33 12. maí leiklistarstarfsemi áhugamanna, og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.
□ Ráðherra setur reglugerð[1] um framkvæmd laganna.
[1] *Rg. 786/1982.*

1957 Nr. 51 5. júní **Lög um vísindasjóð.**

I. kafli. Stofnun og verksvið vísindasjóðs.

■ **1. gr.** [Stofna skal sjóð, er nefnist vísindasjóður. Tekjur sjóðsins eru:
A. Fjárveiting, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.
B. Fjárframlag frá Seðlabanka Íslands skv. 33. gr. laga nr. 10/1961.
□ A. m. k. 5% af árlegum peningatekjum vísindasjóðs skulu lögð í sérstakan sjóð, er nefnist stofndeild vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má aldrei skerða, en heimilt er að verja vöxtum af fé stofndeildar til almennrar starfsemi sjóðsins.][1]
[1] *L. 34/1971, 1. gr.*

■ **2. gr.** Það er hlutverk vísindasjóðs að efla íslenzkar vísindarannsóknir.
□ Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn:
a. Einstaklinga eða vísindastofnanir vegna tiltekinna rannsóknaverkefna.
b. Kandídata til vísindalegs sérnáms og þjálfunar.
c. Rannsóknastofnanir til kaupa á tækjum, ritum eða rannsóknaefnum.

II. kafli. Skipulag og stjórn vísindasjóðs.

■ **3. gr.** Vísindasjóður greinist í tvær deildir, raunvísindadeild og hugvísindadeild. Raunvísindadeild annast styrkveitingar til rannsókna á sviði náttúruvísinda, þar með taldar eðlisfræði og kjarnorkuvísindi, efnafræði, stærðfræði, læknisfræði, líffræði, lífeðlisfræði, jarðfræði, dýrafræði, grasafræði, búvísindi, fiskifræði, verkfræði og tæknifræði.
□ Hugvísindadeild annast styrkveitingar á sviði sagnfræði, bókmennta, málvísinda, félagsfræði, lögfræði, hagfræði, heimspeki, guðfræði, sálfræði og uppeldisfræði.

■ **4. gr.** Stjórn vísindasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 þeirra ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar, en formaður og varaformaður skulu skipaðir af menntamálaráðherra.
□ Stjórn vísindasjóðs er í fyrirsvari fyrir sjóðinn gagnvart stjórnarvöldum og öðrum aðilum og sér um fjárvörzlu sjóðsins. Hún ákveður einnig, hvernig skipta skuli fjárframlagi til vísindasjóðs á milli deilda hans, og setur, að höfðu samráði við menntamálaráðherra, reglur um verkefnaval og styrkveitingar úr sjóðnum, en deildarstjórnirnar úthluta síðan fénu til einstakra verkefna og framkvæmda, sbr. 6. gr.
□ Stjórn vísindasjóðs skal vera ólaunuð.

■ **5. gr.** Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir til fjögurra ára samkvæmt því sem hér segir:
a. Stjórn raunvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af rannsóknaráði ríkisins, einn af læknadeild Háskóla Íslands, einn af verkfræðideild Háskóla Íslands og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum, sem fást við rannsóknir á sviði raunvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal ákveðið í reglugerð, hverja þangað skuli boða.
b. Stjórn hugvísindadeildar er skipuð fimm mönnum. Skal einn tilnefndur af heimspekideild Háskóla Íslands, einn af laga- og hagfræðideild Háskóla Íslands, einn af Félagi íslenzkra fræða og einn af fundi fulltrúa frá vísindastofnunum og félögum, sem fást við rannsóknir á sviði hugvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins, og skal ákveðið í reglugerð, hverja þangað skuli boða.
c. Menntamálaráðherra skipar formenn deildarstjórna án tilnefningar.
d. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

■ **6. gr.** Deildarstjórnir úthluta styrkjum hvor úr sínum hluta vísindasjóðs og hafa eftirlit með því, að þeim sé varið í samræmi við það, sem áskilið var, er þeir voru veittir. Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Stjórn deildar getur þó boðið vísindamanni eða forráðamanni rannsóknastofnunar fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Styrkur er veittur til eins árs í senn, en heimilt er að endurveita hann.
□ Stjórn deildar getur átt frumkvæði að rannsóknum á tilteknum efnum og skipulagt þær.

■ **7. gr.** Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð[1] sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stjórnar vísindasjóðs.
[1] *Rg. 157/1959, sbr. 89/1966.*

1957 Nr. 51 5. júní

1969 Nr. 38 7. maí **Lög um Landsbókasafn Íslands.**

■ **1. gr.** Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands.

■ **2. gr.** Hlutverk Landsbókasafns er:
1. að annast söfnun og varðveizlu íslenzkra rita og rita, er varða Ísland eða íslenzk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra,
2. að afla erlendra rita í öllum greinum vísinda, bókmennta, lista, tækni og samtíðarmálefna,
3. að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði,
4. að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta og íslenzkrar menningar innan lands og utan,
5. að leiðbeina þeim, er til safnsins leita, og örva til bóklestrar og fræðaiðkana.

■ **3. gr.** Landsbókasafn skal þaulsafna prentuðu efni íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar, á hverri tungu sem er. Sé enginn kostur frumrita, skulu fengnar af þeim filmur eða annars konar myndir eftir því sem auðið er.
□ Landsbókasafn skal varðveita ónotað eitt eintak af sem flestu íslenzku prentuðu efni, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

■ **4. gr.** Landsbókasafn varðveitir handritasöfn þau, er það hefur viðað að sér frá öndverðu, en skal jafnframt vinna að söfnun íslenzkra handrita og erlendra handrita, er varða íslenzk efni, og greiða fyrir rannsókn þeirra og útgáfu.
□ Það skal vinna að öflun mynda af íslenzkum handritum, ef frumrit eru ekki fáanleg. Landsbókasafnið og Handritastofnun Íslands skulu hafa samráð um þetta síðasta atriði, skipta þar með sér verkum, svo að ekki komi til tvíverknaðar.

■ **5. gr.** Landsbókasafn skal halda uppi rannsóknum í íslenzkri bókfræði og gefa út skrár íslenzkra bóka og handrita og önnur rit, er íslenzka bókfræði varða, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

■ **6. gr.** Landsbókasafn veitir viðtöku skylduein-

1969 Nr. 38 7. maí

tökum frá íslenzkum prentsmiðjum (og öðrum þeim aðilum, sem tilgreindir eru í lögunum um afhendingu slíkra eintaka) og annast ráðstöfun þeirra samkvæmt reglugerð.

□ Safnið skal halda uppi og greiða fyrir bókaskiptum við erlend söfn og vísindastofnanir.

■ **7. gr.** Landsbókasafn skal hafa samvinnu við önnur bókasöfn og sérfræðibókasöfn, sem ríkisstofnanir og félög eiga, um bókakaup og bókalán. Halda skal uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir sérfræðibókasöfn.

■ **8. gr.** Háskóli Íslands varðveitir Háskólabókasafn í Landsbókasafni undir yfirstjórn landsbókavarðar, er ný þjóðbókhlaða skapar skilyrði til þess, jafnframt því sem stofnanir Háskólans hafa söfn í sinni vörzlu.

□ Öflun erlendra rita og þjónusta í háskólaþarfir skal fara fram sameiginlega í samræmi við 2. tölulið 2. gr. auk 6., 7., 12. og 14. gr. Miðist starfræksla þessi við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir innan Háskólans. Skal undirbúningur þessa fyrirkomulags þegar hafinn.

■ **9. gr.** Forseti skipar landsbókavörð. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

□ Heimilt er að skipta safninu í deildir. Heimild þessi nær jafnframt til starfrækslu þeirrar, er leiðir af 8. gr.

□ Menntamálaráðherra skipar bókaverði og aðra starfsmenn safnsins að fengnum tillögum landsbókavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum.

■ **10. gr.** Laun landsbókavarðar og annarra fastra starfsmanna skulu vera samkv. hinu almenna launakerfi opinberra starfsmanna.

■ **11. gr.** Landsbókavörður ræður bókakaupum til safnsins, eftir því sem fé endist til.

□ Bókaverðir skulu vera landsbókaverði til fulltingis um bókaval, hver í þeirri grein eða greinum, sem hann er kunnugastur.

□ Háskólaráð skipar safninu jafnframt ráðunauta um bókaval, svo marga og í þeim greinum, er ástæða þykir til. Starf þeirra er ólaunað.

□ Landsbókaverði er heimilt að leita ráða eða hlíta tillögum enn annarra sérfróðra manna.

■ **12. gr.** Í Landsbókasafni skal vera myndastofa, og annist þeir, sem þar starfa, alla myndagerð fyrir safnið, en þjóni jafnframt öðrum opinberum stofnunum, eftir því sem við verður komið.

■ **13. gr.** Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, samvinnu þess við önnur bókasöfn og önnur atriði, er ástæða þykir til. Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á starfsreglum safnsins.[1)]

□ Um samstarf Háskólabókasafns og Landsbókasafns, svo og um þjónustu við Háskóla Islands og stofnanir hans, skal sett sérstök reglugerð í samræmi við 8. og 9. gr. þessara laga og 2. og 36. gr. laga nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.[2)]

[1)] *Rg. 85/1956 og 44/1950.* [2)] *Nú l. 77/1979.*

■ **14. gr.** Í Landsbókasafni skal vera bókbandsstofa, og bindi starfsmenn hennar bækur safnsins og rit, en veiti jafnframt Þjóðskjalasafni þjónustu, svo sem verið hefur.

Lög um almenningsbókasöfn.

1976 Nr. 50 25. maí

■ **1. gr.** Allar byggðir landsins skulu njóta þjónustu almenningsbókasafna, svo sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

□ Almenningsbókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnanir fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar.

■ **2. gr.** Almenningsbókasöfn eru: Bæjarbókasöfn (borgarbókasafn í Reykjavík), bæjar- og héraðsbókasöfn, héraðsbókasöfn, hreppsbókasöfn, bókasöfn í sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fangahúsum.

■ **3. gr.** Landið skiptist í bókasafnsumdæmi.

□ Bæjarbókasöfn starfa í kaupstöðum og skulu hafa útibú í bæjarhverfum eftir ástæðum.

□ Bæjar- og héraðsbókasöfn starfa í kaupstöðum en rækja jafnframt bókasafnsþjónustu í byggðunum í kring. Héraðsbókasöfn eru aðalsöfn hvert í sínu umdæmi og skulu vera sem næst miðsvæðis.

□ Bókasafnsumdæmi skulu ákveðin í reglugerð, svo og aðsetur héraðsbókasafna.

■ **4. gr.** Hreppsbókasöfn starfa í hreppum þar sem héraðsbókasöfn eru ekki. Í hverjum hreppi skal vera bókasafnsþjónusta en heimilt er að fela héraðsbókasafni að annast þessa þjónustu gegn lögboðnu fjárframlagi. Einnig geta tveir eða fleiri hreppar sameinast um rekstur bókasafns ef um það næst samkomulag.

■ **5. gr.** Heimilt er að sameina almenningsbókasafn og skólasafn og reka sameiginlega ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

■ **6. gr.** Í öllum sjúkrahúsum landsins, hælum, vistheimilum og fangahúsum skal vera bókasafn kostað og rekið af viðkomandi stofnun.

□ Heimilt er að fela almenningsbókasafni í byggðarlaginu þessa þjónustu enda greiði stofnunin hæfilega þóknun fyrir að mati viðkomandi aðila. Nánari ákvæði um búnað og starfsemi þessara bókasafna skulu sett í reglugerð.

■ **7. gr.** Almenningsbókasöfn eru rekin af sveitarfélögum og kjósa sveitarstjórnir bókasafnsstjórnir. Þó er heimilt að gömul lestrarfélög starfi áfram á svipuðum grundvelli og verið hefur og í samráði við hreppsnefndir.

■ **8. gr.** Lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til almenningsbókasafna skulu vera sem hér segir:

a. Til bæjarbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins.

b. Til bæjar- og héraðsbókasafns greiðir bæjarsjóður 1300 kr. á hvern íbúa kaupstaðarins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.

c. Til héraðsbókasafns greiðir sveitarsjóður þar sem safnið er 1300 kr. á hvern íbúa hreppsfélagsins. Önnur sveitarfélög í umdæminu greiða til safnsins 130 kr. á hvern íbúa og stendur sýslusjóður skil á þessari greiðslu.

d. Til hreppsbókasafns greiðir viðkomandi hreppssjóður (hreppssjóðir) 1000 kr. á hvern íbúa hreppsins (hreppanna).

1976 Nr. 50 25. maí

□ Þessi lágmarksfjárframlög sveitarfélaganna skulu endurskoðuð árlega og færð til samræmis við verðlag í landinu skv. útreikningum Hagstofu Íslands.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar getur sveitarstjórn ákveðið annað lágmark ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda mæli félagsmálaráðuneytið með undanþágu hverju sinni.

■ **9. gr.** Sveitarfélög reisa bókhlöður og búa þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum, eftir því sem fé er til veitt. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin.

■ **10. gr.** Menntamálaráðuneyti fer með málefni almenningsbókasafna. Sérstakur fulltrúi í ráðuneytinu annast málefni safnanna, og skal að öðru jöfnu ráða eða skipa í það starf bókasafnsfræðing með reynslu í starfi. Nánari ákvæði um starfsundirbúning hans og starfssvið skal setja í reglugerð. Heimilt er ráðherra að skipa sérstaka ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna. Í nefndinni skulu eiga sæti tveir fulltrúar, annar tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, hinn tilnefndur af Bókavarðafélagi Íslands, og sé hann starfandi í almenningsbókasafni.

■ **11. gr.** Ríkissjóður greiðir árlega 12 milljónir króna í Rithöfundasjóð Íslands fyrir afnot bóka íslenskra höfunda í þeim söfnum sem þessi lög gilda um. Þessi fjárhæð skal endurskoðuð árlega til samræmis við verðlag, sbr. 8. gr.

□ Sérstaka reglugerð skal setja um Rithöfundasjóð Íslands í samráði við Rithöfundasamband Íslands.

■ **12. gr.** Við bæjarbókasöfn (borgarbókasafn í Reykjavík) og bæjar- og héraðsbókasöfn skal forstöðumaður (yfirbókavörður) að jafnaði vera bókasafnsfræðingur.

□ Einnig skulu bókasafnsfræðingar að jafnaði hafa forgangsrétt til bókavarðarstarfa.

□ Nánari ákvæði um menntun og starfsundirbúning starfsmanna almenningsbókasafna skal setja í reglugerð.

■ **13. gr.** Ráðherra setur reglugerð[1)] um starfsemi almenningsbókasafna. Skal reglugerðin samin í nánu samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga, að höfðu samráði við sérstaka fulltrúa Bókavarðafélags Íslands og Félags bókasafnsfræðinga, einn frá hvoru félagi.

[1)] *Rg. 138/1978.*

■ **14. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

□ Um leið falla úr gildi lög nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn, og önnur ákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.

□ Ákvæði um fjárframlög koma til framkvæmda á þremur árum frá 1. jan. 1976 að telja.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Menntamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu sameiginlega gangast fyrir gerð heildaráætlunar um uppbyggingu og aðsetur almenningsbókasafna.

1977 Nr. 43 16. maí

Lög um skylduskil til safna.

I. kafli. Tilgangur.

■ **1. gr.** Tilgangur þeirrar skilaskyldu, sem á er lögð í II. kafla laga þessara, er að tryggja:

a. að unnt sé að varðveita til frambúðar það efni, sem skilaskylda nær til;

b. að unnt sé að gera og gefa út tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess;

c. að efnið geti verið tiltækt til nota vegna rannsókna, opinberrar stjórnsýslu eða annarra réttmætra þarfa.

1977 Nr. 43 16. maí

II. kafli. Skilaskylt efni.

■ **2. gr.** Íslenskar prentsmiðjur, fjölritunarstofur og aðrir aðilar, sem fjölfalda texta eða myndaefni í víðtækasta skilningi (myndir, teikningar, kort, uppdrætti, nótur o. s. frv.), skulu halda eftir af upplagi fjórum eintökum til skylduskila, sbr. þó ákvæði 3. gr.

□ Til skylduskila skal jafnframt koma annað efni sem fylgir útgefnum prentgrip, svo sem ljósmyndir, hljómplötur o. s. frv.

□ Til skylduskila skulu enn fremur koma jafnmörg eintök hliðstæðs efnis, sem unnið er erlendis og íslenskir útgefendur standa að, einir eða í samvinnu við aðra.

□ Af hljómplötum (öðrum en þeim, er fylgja útgefnum prentgrip), svo og af annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal afhenda þrjú eintök.

■ **3. gr.** Séu afbrigði í texta, myndaefni, pappír eða öðrum frágangi sama upplags, skulu koma til skylduskila þrjú eintök af algengustu gerð, en að auki eitt eintak af hverju afbrigði. Tölusetning eintaka er þó skilin undan þessu ákvæði.

■ **4. gr.** Til skylduskila skulu koma sérprentanir og nýjar útgáfur, enn fremur endurprentanir, ef minnsta breyting er gerð á texta, myndaefni eða frágangi, enda þótt sama letursteypa eða filmusetning sé notuð og ekki talið um nýja útgáfu að ræða.

□ Skyldueintök skulu vera hrein og óskert. Bækur og tímarit skal afhenda í brotnum örkum.

■ **5. gr.** Það efni, sem er trúnaðar- eða einkamál og aðeins birt til mjög takmarkaðra afnota, getur útgefandi ákveðið, að safn geymi innsiglað tiltekinn tíma, og er safni skylt að heita því með skriflegri yfirlýsingu, ef óskað er. Sá tími, sem efni er þannig innsiglað að ósk útgefanda, má ekki fara fram úr fyrningartíma höfundaréttar. Útgefandi getur ákveðið, að þann tíma, sem efni er innsiglað, séu öll skyldueintök varðveitt í Landsbókasafni.

□ Af efni, sem opinber yfirvöld gera upptækt, skulu lögregluyfirvöld tryggja skil eintaka og kveða á um innsiglun þeirra.

□ Ráðuneyti getur veitt undanþágu frá skylduskilum efnis, sem um er fjallað í þessari grein.

■ **6. gr.** Undanþeginn skylduskilum er prentaður gjaldmiðill, svo sem bankaseðlar, verðbréf og frímerki.

□ Landsbókasafni Íslands er falið að setja reglur um, hvaða tegundir smáprents aðrar skuli vera undanþegnar skylduskilum.

III. kafli. Framkvæmd skylduskila.

■ **7. gr.** Skilaskylda hvílir á prentsmiðju eða fjölföldunaraðila, að því er tekur til þess efnis, sem talið er í 1. málsgrein 2. gr., en á útgefanda, að því er tekur til þess efnis, sem greint er í 2., 3. og 4. málsgrein sömu gr. og V. kafla.

■ **8. gr.** Landsbókasafn Íslands veitir skyldueintökum viðtöku og hefur eftirlit með skylduskilum. Skilaskyldir aðilar skulu senda safninu eigi sjaldnar en einu sinni á ári það efni, sem þeim ber að skila, og skal skilum fyrir hvert ár lokið eigi síðar en 1. febrúar á næsta ári. Skilum skal fylgja skrá í tvíriti, þar sem hið afhenta efni er greint lið fyrir lið, en hið smærra efni má þó flokka og

1977 Nr. 43 16. maí

greina fjölda eininga í hverjum flokki. Skránni skal fylgja skrifleg yfirlýsing hins skilaskylda aðila um, að honum beri ekki skv. lögum þessum að skila öðru efni en því, sem greint er á skránni. Hafi prentsmiðja eða fjölföldunarfyrirtæki ekki unnið neitt skilaskylt efni á árinu, skal eigi að síður senda Landsbókasafni skriflega yfirlýsingu um það. Landsbókasafn skal gefa út eyðublöð fyrir skilaskrár.

■ **9. gr.** Verði prentsmiðja eða fjölföldunarfyrirtæki gjaldþrota eða hætti störfum, áður en skylduskil hafa að fullu verið innt af höndum, er þrotabúinu eða kostnaðaraðila hins unna efnis skylt að sjá um, að ákvæðum 2. gr. sé fullnægt.

IV. kafli. Varðveisla og meðferð skyldueintaka.

■ **10. gr.** Landsbókasafni Íslands, Amtsbókasafninu á Akureyri og Háskólabókasafni er gert að varðveita skyldueintök og fara með þau í samræmi við þann tilgang þessara laga, sem lýst er í 1. gr. Landsbókasafn skal varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri og Háskólabókasafn eitt eintak hvort safn.

□ Af hljómplötum og annars konar tón- og talupptökum, sem gefnar eru út, skal Landsbókasafn Íslands varðveita tvö eintök, en Amtsbókasafnið á Akureyri eitt.

■ **11. gr.** Landsbókasafn Íslands og Amtsbókasafnið á Akureyri skulu aðeins lána skyldueintök til afnota á lestrarsal. Háskólabókasafni er heimilt að lána út skyldueintök stofnunum Háskólans, starfsmönnum og stúdentum vegna rannsókna þeirra, enn fremur öðrum söfnum innan lands og utan og stjórnsýslustofnunum.

■ **12. gr.** Landsbókasafn Íslands skal gefa út skrár um það efni, sem safnið fær skv. lögum þessum, annað en smáprent.

V. kafli. Ríkisstyrkt útgáfa.

■ **13. gr.** Þeir útgefendur, stofnanir, félög eða einstaklingar, sem njóta styrks af almannafé til útgáfu á ritum, skulu afhenda Landsbókasafni ókeypis allt að tíu eintökum hvers slíks rits, ef landsbókavörður óskar þess, og ber Landsbókasafni að taka frá þrjú eintök af hverju þeirra og ætla þau Amtsbókasafninu í Stykkishólmi, Bókasafni Ísafjarðar og Amtsbókasafninu á Seyðisfirði, eitt eintak hverju safni. Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

VI. kafli. Viðurlög.

■ **14. gr.** Nú gerir skilaskyldur aðili ekki fullnaðarskil í tæka tíð, og verður innheimta vanskilaefnis þá, ef þurfa þykir, falin lögregluyfirvöldum á hverjum stað. Heimilt er lögreglustjóra að beita dagsektum, allt að 2000 krónum á dag.

VII. kafli. Gildistaka.

■ **15. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi lög um afhendingu skyldueintaka til bókasafna, nr. 11 8. mars 1949, svo og ákvæði annarra laga, er brjóta kunna í bág við lög þessi.

1982 Lög um Blindrabókasafn Íslands.

Nr. 35 7. maí

■ **1. gr.** Hlutverk Blindrabókasafns Íslands er að sjá blindum, sjónskertum, og öðrum þeim, sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt, fyrir alhliða bókasafnsþjónustu. Blindrabókasafn Íslands heyrir undir menntamálaráðuneytið.

■ **2. gr.** Blindrabókasafn Íslands annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hljóðbóka og blindraletursbóka með efni skáldverka og fræðirita, þar á meðal námsgagna. **1982** Nr. 35 7. maí

□ Blindrabókasafn fylgist með nýjungum á sínu sviði og kynnir þær. Safnið skal hafa samstarf við aðila, sem vinna að framleiðslu og dreifingu námsefnis, svo og þá, sem standa að skipulagningu bókasafnsmála.

□ Safnið vinnur í náinum tengslum við samtök blindra og sjónskertra.

■ **3. gr.** Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn fimm manna stjórn Blindrabókasafns og jafnmarga til vara:

a. tvo fulltrúa tilnefnda af Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskertra á Íslandi,

b. einn fulltrúa tilnefndan af Félagi íslenskra sérkennara,

c. einn fulltrúa tilnefndan af Bókavarðafélagi Íslands,

d. einn fulltrúa menntamálaráðuneytisins.

□ Stjórnin velur úr sínum hópi formann og varaformann. Ráðherra ákveður laun stjórnarinnar.

■ **4. gr.** Stjórn Blindrabókasafns gerir framkvæmdaáætlanir og endurskoðar þær reglulega. Hún staðfestir fjárhagsáætlanir og ber ábyrgð á heildarstarfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar. Hún ræður starfslið stofnunarinnar að fengnum tillögum forstöðumanns Blindrabókasafns og með samþykki menntamálaráðuneytisins.

■ **5. gr.** Blindrabókasafn skiptist í þrjár deildir, útláns- og upplýsingadeild, námsbókadeild og tæknideild. Að öðru leyti skal starfsskipting stofnunarinnar ákveðin í reglugerð, sbr. 10. gr. Verkefni deilda eru í megindráttum þessi:

a. Útláns- og upplýsingadeild. Þar fer fram flokkun og skráning safnkosts, upplýsingaþjónusta, útlán og kynning á þjónustu Blindrabókasafnsins í heild.

b. Námsbókadeild. Aflar og gefur út námsefni við hæfi blindra og sjónskertra, einkum fyrir nemendur utan grunnskólastigs.

c. Tæknideild. Sér um framleiðslu hljóðbóka og blindraletursbóka, varðveislu frumgagna og viðhald safnkosts og tækja.

■ **6. gr.** Starfsmannafundir, sem haldnir eru mánaðarlega að jafnaði, gera starfsáætlanir og samræma störf deilda. Á þeim eiga sæti allir starfsmenn safnsins, en einungis fastráðnir starfsmenn eiga atkvæðisrétt. Ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í senn.

■ **7. gr.** Stjórn Blindrabókasafns skipar fimm manna bókvalsnefnd til tveggja ára í senn. Hlutverk hennar er að móta stefnu í bókvali og gæta jafnvægis milli fræðslu- og skemmtiefnis. Í henni skulu sitja einn bókmenntafræðingur, einn sérkennari, einn fulltrúi Blindrafélagsins og tveir starfsmenn Blindrabókasafns, valdir af starfsmannafundi.

■ **8. gr.** Kostnaður við starfsemi Blindrabókasafns Íslands greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt í fjárlögum. Ef um aðrar tekjur safnsins er að ræða, skal þeim varið í þágu þeirra verkefna, sem lög þessi mæla fyrir um.

■ **9. gr.** Menntamálaráðuneytið gerir samning við Rithöfundasamband Íslands um rétt til að framleiða og dreifa ritverkum hljóðrituðum og á blindraletri.

1982 Nr. 35 7. maí
■ **10. gr.** Menntamálaráðuneytið setur reglugerð samkvæmt lögum þessum, þar sem nánar er ákveðið um hlutverk og starfsemi Blindrabókasafns. Reglugerðin skal sett að höfðu samráði við Blindrafélagið, Bókavarðafélag Íslands, Félag íslenskra sérkennara og Rithöfundasamband Íslands.

1969 Nr. 13 17. marz Lög um Þjóðskjalasafn Íslands.

■ **1. gr.** Þjóðskjalasafn Íslands er ríkisskjalasafn og lýtur yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.
□ Kostnaður við rekstur þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt árlegu framlagi í fjárlögum.
■ **2. gr.** Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands er:
1. að annast innheimtu og varðveizlu á öllum þeim skjalasöfnum opinberra embætta og stofnana ríkisins, sem orðin eru afhendingarskyld samkvæmt gildandi reglugerð um Þjóðskjalasafn á hverjum tíma;
2. að skrásetja öll afhent skjalasöfn, hvert um sig, og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar við notkun þeirra;
3. að safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innan lands og utan, þar með ljósritum slíkra heimilda, sem finnast í erlendum skjalasöfnum;
4. að halda opnum lestrarsal fyrir almenning, þar sem hægt sé að sinna fræðistörfum og færa sér varðveitt skjöl og heimildir skjalasafnsins í nyt.
■ **3. gr.** Forseti Íslands skipar þjóðskjalavörð. Þjóðskjalavörður annast daglega stjórn Þjóðskjalasafns, en hefur jafnframt á hendi yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum, sbr. lög nr. 7 12. febrúar 1947, um héraðsskjalasöfn.
□ Menntamálaráðherra skipar skjalaverði og aðra starfsmenn safnsins, að fengnum tillögum þjóðskjalavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.
■ **4. gr.** Laun þjóðskjalavarðar, skjalavarða og annarra fastra starfsmanna skulu ákveðin á sama hátt og laun annarra opinberra starfsmanna.
■ **5. gr.** Í Þjóðskjalasafni skal vera viðgerðarstofa skjala og handrita. Skal hún jafnframt starfa fyrir Landsbókasafn og Handritastofnun.
■ **6. gr.** Menntamálaráðuneytið setur reglugerð[1] um störf og starfshætti Þjóðskjalasafns. Í þeirri reglugerð má ákveða viðurlög við brotum á starfsreglum þess.
[1] *Rg. 5/1916.*

1947 Nr. 7 12. febr. Lög um héraðsskjalasöfn.

■ **1. gr.** Sýslunefnd og bæjarstjórn er heimilt að koma á fót í sýslunni eða kaupstaðnum héraðsskjalasafni, er varðveiti á sem tryggilegastan hátt skjöl og handrit og aðrar ritaðar heimildir, sem snerta sérstaklega hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfélag og ekki ber að afhenda Þjóðskjalasafninu, sbr. 3. gr., svo sem skjalleg gögn félaga og stofnana, er styrks njóta af opinberu fé. Með reglugerð, sem sett verður samkv. 5. gr., má ákveða, að þessum aðilum sé skylt að láta slík skjöl af hendi við héraðsskjalasafn. Í héraðsskjalasafni skal einnig varðveita kirkju- og manntalsbækur þær úr hlutaðeigandi kirkjusóknum, sem ritaðar eru samkv. l. nr. 3 1945.
□ Heimilt er sýslunefndum og kaupstöðum að koma á fót sameiginlegu héraðsskjalasafni fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað þar, sem það þykir betur henta og samkomulag næst um það, og er safnið þá sameign þessara aðila.

1947 Nr. 7 12. febr.
■ **2. gr.** Þjóðskjalavörður hefur yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum, sem sett eru á stofn samkvæmt lögum þessum, enda skal geymslustaður þeirra háður samþykki hans.[1] Nú telur þjóðskjalavörður, að héraðsskjalasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur hann þá að fengnu samþykki menntamálaráðherra látið flytja safnið á Þjóðskjalasafnið á kostnað þeirra aðila, er að safninu stóðu.
[1] *L. 13/1969, 3. gr.*
■ **3. gr.** Nú hefur héraðsskjalasafni verið komið á fót samkv. 1. gr. og það fullnægir skilyrðum 2. gr. um húsnæði, enda telur þjóðskjalavörður að öðru leyti vel borgið stjórn safnsins og vörzlu skjalanna, og á þá safnstjórnin rétt á að fá til varðveizlu á safninu eftirtalin skjalasöfn úr þeim sýslum og kaupstöðum, sem ákveðið er, að héraðsskjalasafnið nái til:
1. Skjalasöfn hreppstjóra.
2. Skjalasöfn sýslunefnda og bæjarstjórna.
3. Skjalasöfn hreppsnefnda.
4. Skjalasöfn undirskattanefnda og yfirskattanefnda.
5. Skjalasöfn sáttanefnda.

□ Enn fremur skjalasöfn þeirra annarra nefnda, sem annars er skylt að geyma á Þjóðskjalasafninu, ef starfssvið þeirra nær ekki út fyrir þau sýslu- eða bæjarfélög, sem eru sameigendur héraðsskjalasafnsins á hverjum stað.
■ **4. gr.** Héraðsskjalasöfn njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga.
■ **5. gr.** Ráðherra setur með reglugerð[1] nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þar á meðal afhendingu skjala til héraðsskjalasafna, varðveizlu þeirra og afnot, og má ákveða í reglugerð viðurlög fyrir brot á fyrirmælum hennar, en slík brot skulu sæta meðferð opinberra mála.
[1] *Rg. 61/1951.*

Þjóðminjalög.

1969 Nr. 52 19. maí

I. kafli. Þjóðminjasafn Íslands.

■ **1. gr.** Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenzka ríkisins. Forseti skipar þjóðminjavörð, sem stjórnar safninu undir yfirumsjón menntamálaráðuneytisins.
■ **2. gr.** Þjóðminjasafnið er miðstöð allrar þjóðminjavörzlu í landinu. Það skal varðveita íslenzkar þjóðminjar í víðasta skilningi, hvort sem eru gripir geymdir í safninu sjálfu eða fornminjar og friðuð mannvirki, sem um er fjallað í sérstökum köflum laga þessara.
■ **3. gr.** Safnið skal vera til sýnis almenningi á tilteknum tímum, svo og fornminjar og mannvirki friðuð á þess vegum, þegar þau hafa verið gerð sýningarhæf og aðrar ástæður leyfa.
■ **4. gr.** Safnið má eigi taka við gjöfum, sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.
■ **5. gr.** Heimilt er að lána gripi úr safninu til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra.

■ **6. gr.** Eigi má nota myndir af gripum safnsins sem vörumerki eða í auglýsingaskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi þjóðminjavarðar.

■ **7. gr.** Safnið skal eftir megni stuðla að rannsóknum íslenzkra þjóðminja og útgáfu fræðilegra rita og ritgerða um þær. Birta skal árlega starfsskýrslu safnsins.

■ **8. gr.** Heimilt er að skipta safninu í deildir. Menntamálaráðherra skipar safnverði og aðra starfsmenn safnsins, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

II. kafli. Fornminjar.

A. Fornleifar.

■ **9. gr.** Til fornleifa teljast hvers konar leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, sem mannaverk eru á, svo sem rústir bæja og annarra húsa, meðal annars hofa og kirkna, þingbúðarústir og önnur mannvirki á fornum þingstöðum, forn garðlög, leifar af verbúðum, naustum og vörum, forn vígi og rústir af þeim, minjar um dvalarstaði útilegumanna, haugar og aðrir fornir greftrunarstaðir, hellar með áletrunum eða öðrum verksummerkjum af manna völdum, áletranir og myndir á klöppum eða jarðföstum steinum.

■ **10. gr.** Fornleifar, sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að friða, skulu skráðar á fornleifaskrá.

□ Tilkynna skal landeiganda og ábúanda skráninguna og tilgreina staðinn svo nákvæmlega sem unnt er.

□ Skráningu fornleifar á fornleifaskrá skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá, sem í hlut á.

□ Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðunar áfram.

■ **11. gr.** Allar fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, eru friðhelgar.

□ Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

■ **12. gr.** Skylt er landeiganda og ábúanda að gera þjóðminjaverði viðvart, ef friðuð fornleif liggur undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða henni er spillt af manna völdum. Þjóðminjavörður ákveður þá, hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifinni.

■ **13. gr.** Nú telur landeigandi, ábúandi eða nokkur annar, þar á meðal sá, sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask, er haggar við friðaðri fornleif, og skal hann þá skýra þjóðminjaverði frá því, áður en hafizt er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim, er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjavörður ákveður, hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

■ **14. gr.** Nú finnst fornleif, sem áður var ókunn, og skal finnandi þá skýra þjóðminjaverði frá fundinum, svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda, er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleif finnst við framkvæmd verks, skal sá, er fyrir því stendur stöðva framkvæmd, unz fenginn er úrskurður þjóðminjavarðar um, hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

■ **15. gr.** Þjóðminjavörður hefur rétt til að framkvæma rannsókn á fornleifum með greftri eða á annan hátt og gera það, sem með þarf, til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

1969 Nr. 52 19. maí

■ **16. gr.** Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs fornleifum þeim, sem á fornleifaskrá standa. Fer um það eftir ákvörðun þjóðminjavarðar hverju sinni.

B. Forngripir.

■ **17. gr.** Þegar fornir gripir finnast, sem liggja eða legið hafa í jörðu og eru ekki, svo vitað sé, í einkaeign, skal finnandi tilkynna þjóðminjaverði fundinn, svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki hagga við fundinum, nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu, með því að ella væri hætta á, að munir spilltust eða færu forgörðum.

□ Ákvæði 1. málsgr. taka til allra muna, sem menn hafa notað eða mannaverk eru á, og einnig til leifa af líkömum manna eða dýra, sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

□ Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Þeir skulu varðveittir í Þjóðminjasafni Íslands, en þjóðminjavörður getur þó falið byggðasafni varðveizlu slíkra muna, ef sérstaklega stendur á.

■ **18. gr.** Greiða skal finnanda útgjöld, sem hann hefur haft vegna fundarins.

□ Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal ef um gullpeninga eða silfurpeninga er að ræða, og skal þá meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði. Skal annar helmingur matsfjárhæðar greiddur finnanda, en hinn landeiganda.

□ Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

■ **19. gr.** Ekki má flytja úr landi neina muni eða gripi, sem eru eldri en 100 ára, nema þjóðminjavörður leyfi. Skiptir ekki máli, hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign. Leiki vafi á um aldur hlutar, úrskurðar þjóðminjavörður. Þá getur þjóðminjavörður með samþykki menntamálaráðuneytisins hindrað útflutning yngri gripa en hér er kveðið á um, ef þeir þykja sérstaklega merkilegir.

III. kafli. Kirkjugripir og minningarmörk.

■ **20. gr.** Þjóðminjavörður setur á skrá þá kirkjugripi, sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur skráningar verða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

□ Þjóðminjavörður setur einnig á skrá þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum landsins, sem hann telur rétt að vernda af framangreindum ástæðum.

■ **21. gr.** Munir, sem á skrá eru teknir samkvæmt 20. gr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu, nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

□ Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripi. Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka, svo sem segir í 16. gr. laga um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963.

■ **22. gr.** Gera skal sérstaka skrá um friðlýsta kirkjugripi hverrar kirkju, og sama gildir um friðlýst minningarmörk í kirkjugörðum. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té prófföstum og sóknarnefndum, sem hlut eiga að máli.

■ **23. gr.** Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugripi og þá gripi, sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um, að eigi sé ástæða til

að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveizlu gripanna.

■ **24. gr.** Sé kirkja lögð niður, skulu gripir hennar renna til safns, samkvæmt ákvæðum 23. gr. eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófasts. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur sem safnaðarkirkjur.

□ Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign, ef seldir verða.

IV. kafli. Friðun húsa og annarra mannvirkja.

■ **25. gr.** Friða má hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi.

□ Með sama skilorði má einnig friða önnur mannvirki, og skal þá beita ákvæðum þessa kafla, eftir því sem við á.

■ **26. gr.** Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar og viðkomandi sveitarstjórnar.

□ Heimilt er sveitarstjórn (bæjarstjórn eða hreppsnefnd) að ákveða friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar.

□ Í húsafriðunarnefnd eiga fimm menn sæti. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til 4 ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna, annan samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en tvo án tilnefningar.

■ **27. gr.** Friðuðum húsum eða húshlutum skal skipa í tvo flokka, A og B. Ef hús er friðað í heild, telst það til A-flokks, en taki friðun aðeins til ytra borðs húss eða hluta af ytra eða innra borði, skal húsið talið til B-flokks.

■ **28. gr.** Halda skal skrá um friðuð hús eða húshluta.

□ Ákvörðun um friðun skal tilkynna húseiganda, öðrum, sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, svo og hlutaðeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn og byggingarnefnd. Greina skal í tilkynningu, hvort eign er friðuð í A-flokki eða B-flokki, og því nánar lýst, til hvers friðun taki.

□ Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign þá, sem í hlut á. Þinglýsingardómari skal tilkynna húsafriðunarnefnd, ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

■ **29. gr.** Friðun á húsi eða húshluta ber öllum að hlíta, þar á meðal hverjum þeim, sem réttindi eiga í eigninni, og án tillits til, hvenær réttur þeirra er til orðinn.

■ **30. gr.** Óheimilt er án leyfis húsafriðunarnefndar að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign í A-flokki og á ytra byrði húsa og húshlutum í B-flokki. Viðhald skal framkvæmt á þann hátt, að það breyti í engu upphaflegum svip eða gerð hússins. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús.

□ Nú vill eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til samkv. 1. málsgr., og skal hann þá í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar lýsa nákvæmlega hinum fyrirhuguðu framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin skal svo fljótt sem við verður komið, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni, hvort heldur samþykki eða synjun. Nú setur nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu, að verk sé framkvæmt með tilteknum hætti, öðrum en þeim, sem í umsókn greinir, og er eiganda þá skylt að hlíta því, ef hann hverfur ekki frá framkvæmdum, enda skal hann þá fá greiddan aukakostnað, sem af breytingu nefndarinnar leiðir.

1969 Nr. 52 19. maí

■ **31. gr.** Ef slíkar breytingar, sem um er getið í 1. málsgr. 30. gr., hafa verið gerðar án leyfis húsafriðunarnefndar, getur hún lagt fyrir eiganda að færa húsið eða húshlutann í hið fyrra horf innan hæfilegs frests. Nú sinnir eigandi ekki fyrirmælum nefndarinnar, og getur hún þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

■ **32. gr.** Ef vanrækt er viðhald húss í A-flokki eða ytra borðs húss eða húshluta í B-flokki, getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda eða afnotahafa að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur, án þess að úr sé bætt, og getur þá húsafriðunarnefnd, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda eða afnotahafa.

■ **33. gr.** Nú verður friðlýst eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum, og skal eigandi eða afnotahafi þá gera húsafriðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðizt verður í endurbyggingu, gilda ákvæði 30. gr.

■ **34. gr.** Nú samþykkir eigandi húss eða húshluta friðun, þar á meðal að hús verði hvorki rifið né flutt af stað sínum, og skal þá þinglýsa sérstaklega yfirlýsingu hans um það, enda bindur hún þá einnig síðari eigendur eða aðra rétthafa að eigninni.

□ Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir, getur húsafriðunarnefnd veitt eiganda styrk til viðhalds á eigninni, ef hún telur það sanngjarnt vegna friðunarákvæða, enda hafi verið veitt fé á fjárlögum í þeim tilgangi. Hafi friðun verið ákveðin samkvæmt 2. mgr. 26. gr., ákveður sveitarstjórn styrkinn og greiðist hann úr sveitarsjóði.

■ **35. gr.** Nú vill eigandi friðaðs húss eða húshluta, sem ákvæði 34. gr. taka ekki til, rífa húsið eða flytja það af stað sínum, og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafriðunarnefndar. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum. Ef ráðherra leyfir niðurrif eða brottflutning, skal, að framkvæmd lokinni, aflýsa friðunarkvöðinni. Hafi sveitarstjórn ákveðið friðun, sendir nefndin henni erindið til ákvörðunar á sama hátt.

□ Ef ráðherra samþykkir ekki umsóknina, getur hann, að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar, gert ráðstafanir til þess, að ríkið eignist hina friðuðu eign ásamt tilheyrandi lóð eða lóðarhluta, þar á meðal með eignarnámi, ef á þarf að halda. Hið sama gildir um sveitarstjórn, sem ákveðið hefur friðun.

□ Nú hefur ríkið eignazt friðaða eign samkvæmt ákvæðum 2. málsgr., og er því þá heimilt að selja hana aftur, eftir að þinglesin hefur verið sérstök friðunarkvöð í samræmi við 1. málsgr. 34. gr. Um styrk til viðhalds gilda þá einnig ákvæði 2. málsgr. 34. gr. Hið sama gildir um sveitarstjórn, eftir því sem við á.

□ Óheimilt er eiganda friðlýstrar eignar að rífa hana eða flytja af stað sínum, nema hann hafi fengið leyfi samkvæmt 1. málsgr. eða yfirlýsingu húsafriðunarnefndar um, að kaup eða önnur yfirtaka á eigninni af hálfu ríkisins eða sveitarstjórnar muni ekki fram fara.

1969 Nr. 52 19. maí

■ **36. gr.** Ef byggingarnefnd verður vör við, að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni sé ekki vel við haldið, skal hún gera húsafriðunarnefnd viðvart.

■ **37. gr.** Húsafriðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma, eiganda að kostnaðarlausu, hvers konar eftirlit með og skoðanir á friðlýstri eign, sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

■ **38. gr.** Útgjöld vegna starfsemi húsafriðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

■ **39. gr.** [Stofna skal sjóð, er nefnist húsafriðunarsjóður. Hlutverk hans er að veita styrki til viðhalds og endurbóta húsa, húshluta og annarra mannvirkja, sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt gildi, og stuðla að friðun húsa.

□ Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið einhverjum ríkisbankanna.][1)]

[1)] *L. 42/1975, 1. gr.*

■ **40. gr.** [Tekjur sjóðsins eru:

1. árlegt framlag ríkissjóðs,
2. árlegt framlag sveitarfélaga,
3. frjáls framlög.

□ Framlag ríkissjóðs skal miða við að það nemi á ári hverju 20 kr. á hvern íbúa landsins. Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 20 kr. á hvern íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags. Þessi framlög skulu þó breytast árlega í hlutfalli við byggingavísitölu.

□ Framlög sveitarfélaga greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. 8. gr. laga nr. 8/1972,[1)] um tekjustofna sveitarfélaga.][2)]

[1)] *Nú l. 73/1980.* [2)] *L. 42/1975, 1. gr.*

■ **41. gr.** [Húsafriðunarnefnd stjórnar húsafriðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstakri reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um sjóðinn. Skal þar m. a. kveðið á um skyldur þeirra, sem fjárframlög fá úr sjóðnum.][1)]

[1)] *L. 42/1975, 1. gr.*

V. kafli. Byggðasöfn.

■ **[42. gr.]**[1)] Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum söfn, sem sveitarfélög (bæjarfélög, sýslufélög, hreppar) hafa sett eða setja á stofn í þeim tilgangi, sem í 40. gr. segir, enda hafi menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, viðurkennt safnið.

□ Ef tvö eða fleiri sveitarstjórnarumdæmi standa að sama byggðasafni, skulu þau gera um það samþykkt, þar sem meðal annars séu ákvæði um stað safnsins, eignarrétt aðila að því, þátttöku í kostnaði við það og ráðningu gæzlumanns.

□ Þau byggðasöfn, sem hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjavarðar skv. eldri lögum, skulu halda henni framvegis, þótt eigi séu eign sveitarfélaga.

[1)] *L. 42/1975, 1. gr.*

■ **[43. gr.]**[1)] Hlutverk byggðasafns er að safna þjóðlegum munum, varðveita þá og hafa til sýnis almenningi. Einkum ber að leggja stund á söfnun muna, sem hafa listrænt gildi eða notagildi í daglegu lífi þjóðarinnar, en eru að víkja eða hverfa úr sögunni vegna breyttra þjóðhátta. Sérstaklega ber hverju safni að leggja áherzlu á öflun muna, sem telja má sérkennilega fyrir hlutaðeigandi hérað eða landsfjórðung, en eru að verða fágætir.

[1)] *L. 42/1975, 1. gr.*

■ **[44. gr.]**[1)] Ef friðað hús í eign ríkis eða sveitarfélags er til á byggðasafnssvæði, er stjórn byggðasafns heimilt með samþykki þjóðminjavarðar að varðveita þar muni, sem til safnsins heyra, einkum þó þá muni, sem á sínum tíma tíðkaðist að nota í slíkum byggingum.

[1)] *L. 42/1975, 1. gr.*

■ **[45. gr.]**[1)] Nú vill stjórn byggðasafns afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og á aðili þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess á fjárlögum, enda samþykki þjóðminjavörður húsnæðið og stofnkostnað.

□ Laun gæzlumanns byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans á starfstíma og samþykkt af þjóðminjaverði, greiðist að hálfu úr ríkissjóði.

[1)] *L. 42/1975, 1. gr.*

■ **[46. gr.]**[1)] Nú telur þjóðminjavörður, að byggðasafni sé hætta búin sökum vanhirðu eða af öðrum orsökum, og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir, og getur þá menntamálaráðherra, að fengnum tillögum þjóðminjavarðar, svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhirðu, getur þjóðminjavörður að fengnu samþykki menntamálaráðherra tekið gripi safnsins til varðveizlu í Þjóðminjasafni.

[1)] *L. 42/1975, 1. gr.*

VI. kafli. Almenn ákvæði.

■ **[47. gr.]**[1)] Hver sá, er fyrir fétjóni verður vegna framkvæmdar á ákvæðum II. eða IV. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Hafi hann orðið fyrir slíku fétjóni vegna framkvæmda á friðunarákvörðun sveitarstjórnar skv. VI. kafla[2)] laganna, á hann hins vegar rétt til skaðabóta úr hlutaðeigandi sveitarsjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

[1)] *L. 42/1975, 1. gr.* [2)] *Svo í Stjtíð. Mun eiga að vera IV. kafli.*

■ **[48. gr.]**[1)] Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum, sem út eru gefin vegna framkvæmdar á lögum þessum.

[1)] *L. 42/1975, 1. gr.*

■ **[49. gr.]**[1)] Brot gegn ákvæðum 11.—14. gr., 1. málsgr. 17. gr., 19. gr., 21. gr., 29. gr., 30. gr., 33. gr., 4. málsgr. 35. gr. og 36. gr. varða sektum til ríkissjóðs, nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

[1)] *L. 42/1975, 1. gr.*

■ **[50. gr.]**[1)] Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

[1)] *L. 42/1975, 1. gr.*

1969 Nr. 52 19. maí

Lög um Listasafn Íslands.

1969 Nr. 15 1. apríl

■ **1. gr.** Safnið er eign íslenzka ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. [Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr ríkissjóði, þ. á m. skal árlega í fjárlögum ætluð ákveðin fjárveiting til listaverkakaupa.][1)]

[1)] *L. 36/1971, 1. gr.*

■ **2. gr.** Aðalhlutverk listasafnsins skal vera:

a. að afla svo fullkomins safns íslenzkrar myndlistar sem unnt er, varðveita það og sýna,

b. að afla viðurkenndra erlendra listaverka, og skal verja í því skyni allt að tíu af hundraði af því fé, sem

safninu er fengið til listaverkakaupa. Geyma má fé í þessu skyni frá ári til árs,

c. að annast fræðslustarfsemi um myndlist, innlenda og erlenda, með fyrirlestrum, kvikmyndasýningum, leiðsögn um safnið, útgáfu mynda og rita, eða með öðrum þeim hætti, er henta þykir og fé er veitt til,

d. að láta gera kvikmyndir um verk hinna fremstu íslenzku myndlistarmanna, ævi þeirra og starfsháttu, eftir því sem fjárráð og aðrar ástæður leyfa,

e. að afla heimilda um íslenzka myndlist að fornu og nýju og kaupa til safnsins nauðsynlegan bókakost,

f. að efna til farandsýninga um landið,

g. að veita erlendum söfnum og öðrum opinberum aðilum upplýsingar um íslenzka myndlist, eftir því sem óskað er og við verður komið,

h. að hafa umsjón með öllum listaverkum í eigu ríkisins, þótt þau séu geymd utan safnsins, nema þeim, sem geymd eru í Þjóðminjasafni eða falin þjóðminjaverði eða öðrum til umsjónar.

■ **3. gr.** Sýningarsalir safnsins skulu opnir almenningi án gjalda á auglýstum tíma.

■ **4. gr.** Menntamálaráðherra skipar forstöðumann safnsins, safnverði og annað nauðsynlegt starfslið, að fengnum tillögum forstöðumanns og þegar fé er veitt í því skyni í fjárlögum. Þeir skulu taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi starfsmanna ríkisins.

■ **5. gr.** Mynda skal safnráð fimm manna þannig: Forstöðumaður safnsins á sæti í ráðinu samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður þess. Forstöðumaður getur falið safnverði að gegna störfum í safnráði í forföllum sínum.

□ Menntamálaráðuneytið skipar einn mann í ráðið og varamann hans eftir hverjar alþingiskosningar.

□ Íslenzkir myndlistarmenn skulu kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð til fjögurra ára í senn, tvo listmálara og einn myndhöggvara. Varamenn skulu þeir vera, sem flest hljóta atkvæði næst hinum kjörnu safnráðsmönnum, tveir listmálarar og einn myndhöggvari. Verði tala varamanna eigi fullskipuð með þeim hætti, skal kjósa sérstaklega eins marga varamenn og á skortir fulla tölu. Forstöðumaður safnsins skal gera skrá um þá, sem kosningarrétt og kjörgengi hafa til safnráðs. Á henni skulu vera þeir myndlistarmenn, sem voru á kjörskrá við kosningu í safnráð 1961 og á lífi eru, svo og þeir, sem voru félagar í Félagi íslenzkra myndlistarmanna og Myndlistarfélaginu 1. janúar 1965, en eigi voru á kjörskrá 1961. Enn fremur skal jafnan bæta á kjörskrána þeim íslenzkum myndlistarmönnum, sem tvö af eftirtöldum atriðum eiga við um:

1. að hafa átt verk á opinberri listsýningu, innanlands eða utan, sem íslenzka ríkið beitir sér fyrir eða styður,

2. að hafa a. m. k. einu sinni hlotið listamannalaun af fé því, sem Alþingi veitir árlega til listamanna og úthlutað er af sérstakri nefnd, er Alþingi kýs, og

3. að verk hafi verið keypt eftir hann til Listasafns Íslands, eftir að lög nr. 53/1961, um Listasafnið, tóku gildi.

□ Skal skráin liggja frammi í Listasafninu hæfilegan tíma, áður en kosning til safnráðs fer fram, til þess að mönnum gefist kostur á að kanna, hvort þeir eru á kjörskrá, og koma fram leiðréttingum. Undirbúning og framkvæmd kosningar til safnráðs skal menntamálaráðherra fela kjörstjórn, er skipuð sé forstöðumanni safnsins, sem er formaður hennar, ráðuneytisstjóranum í menntamálaráðuneytinu og einum manni, tilnefndum af stjórn Bandalags íslenzkra listamanna.

□ Kosning til safnráðs skal vera leynileg og fara fram skriflega.

□ Þegar kjörstjórn er fullskipuð, skal hún láta gera kjörseðla. Kjörstjórn skal síðan senda einn kjörseðil ásamt tilheyrandi umslagi til hvers kjósanda, sem atkvæðisrétt hefur, og tilkynna honum um leið, hvenær kjörseðillinn skuli kominn í hendur hennar aftur. Kjörseðlar skulu sendir í ábyrgðarpósti milli kjósenda og kjörstjórnar.

■ **6. gr.** Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum í safnráði, sbr. þó 9. gr. Þó þarf einróma samþykki fjögurra ráðsmanna til ákvörðunar um kaup á listaverkum, ef forstöðumaður safnsins, eða safnvörður í forföllum hans, er henni andvígur.

□ Ef ágreiningur rís milli formanns safnráðs og annarra safnráðsmanna, skal bóka ágreiningsefni og rökstudda greinargerð aðila í gerðabók ráðsins. Slíkum ágreiningi geta aðilar skotið til menntamálaráðherra til úrskurðar.

□ Menntamálaráðuneytið ákveður þóknun safnráðs.

■ **7. gr.** Forstöðumaður skal leita ákvörðunar safnráðs um eftirgreind atriði:

a. kaup á listaverkum til safnsins,

b. hvort veita skuli viðtöku gjöfum, er kunna að bjóðast,

c. sérsýningar, er safnið kann að gangast fyrir,

d. önnur mál, er forstöðumaður æskir, að safnráð fjalli um, eða mál, er minnst tveir safnráðsmenn æskja, að þar séu rædd og safnið varða.

■ **8. gr.** Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra og hafa í huga, hvað safnið á eftir sama höfund.

■ **9. gr.** Heimilt er að selja myndir úr eigu safnsins í því skyni að kaupa annað verk eftir sama listamann, er æskilegra þykir fyrir safnið. Sala er þó því aðeins heimil, að safnráðsmenn og höfundar séu um það sammála.

■ **10. gr.** Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf, má það eigi takast á hendur skuldbindingar um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins. Þó má safnið aldrei selja eða á annan hátt láta af hendi listaverk, er það hefur þegið að gjöf.

□ Gjöf skal fylgja gjafabréf.

■ **11. gr.** Óheimilt er að lána listaverk safnsins, nema á listsýningar, og þá því aðeins, að forstöðumaður telji sérstaka ástæðu til. Með samþykki safnráðs má þó víkja frá þessu ákvæði.

■ **12. gr.** Safnráð tekur ákvörðun um það hverju sinni, hvort heimila skuli afnot af sýningarsölum safnsins fyrir aðrar sýningar en þær, er íslenzka ríkið stendur að.

■ **13. gr.** Reisa skal sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt.

■ **14. gr.** Safnið fær þann rétt, sem á hverjum tíma fylgir listaverki samkvæmt íslenzkum höfundalögum við venjulegt, óskilorðsbundið afsal þess, þó með þeirri takmörkun um sölu eða aðra afhendingu, sem leiðir af ákvæðum 9. og 10. gr. Safnið hefur rétt til opinberra sýninga á listaverkunum á vegum safnsins og öðrum

1969 Nr. 15 1. apríl

1969 Nr. 15 1. apríl

listsýningum, sbr. 11. gr. Enn fremur skal safnið hafa rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar af listaverkunum til afnota fyrir það sjálft og til sölu innan veggja þess og á sýningum, sem það heldur, en til eftirgerðar í öðru skyni þarf samþykki höfundar eða annars handhafa höfundarréttar, enda á hann þá rétt til þóknunar.

■ **15. gr.** Menntamálaráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

1959 Nr. 41 23. maí

Lög um byggingarsjóð Listasafns Íslands.

■ **1. gr.** Stofna skal byggingarsjóð Listasafns Íslands. Stofnfé sjóðsins er það fé, sem Alþingi hefur lagt fram til að byggja vinnusal og íbúð fyrir Jóhannes Sveinsson Kjarval, listmálara.

■ **2. gr.** Þangað til bygging húss fyrir Listasafn Íslands hefst, skal sjóðurinn varðveittur og ávaxtaður í Landsbanka Íslands.

□ Menntamálaráðuneytið birtir árlega í Stjórnartíðindum eða Lögbirtingablaði endurskoðaðan ársreikning sjóðsins.

1982 Nr. 34 7. maí

Lög um Listskreytingasjóð ríkisins.

■ **1. gr.** Stofna skal sjóð er hafi það markmið að fegra opinberar byggingar með listaverkum.

□ Nafn sjóðsins er Listskreytingasjóður ríkisins.

□ Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórn sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Málefni sjóðsins heyra undir menntamálaráðuneytið.

■ **2. gr.** Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar byggingar sem ríkissjóður fjármagnar að nokkru eða öllu leyti. Undanþegnar eru þó byggingar, sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar, sem standa fjarri alfaraleið, skemmubyggingar og aðrar sambærilegar byggingar.

□ Ríkisstjórnin getur ákveðið að lög þessi taki, eftir því sem við á, til bygginga á vegum ríkisstofnana er hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar fjárveitingaákvörðun Alþingis.

■ **3. gr.** Tekjur sjóðsins eru:

1. Árlegt framlag ríkisins. Framlagið nemur 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum (sveitarfélögum o. s. frv.), sbr. 4. gr.
2. Vaxtatekjur.
3. Aðrar tekjur.

■ **4. gr.** Framlag ríkissjóðs skv. 1. tl. 3. gr. skal vera sérliður á fjárlögum og ákvarðast í samráði við byggingadeild menntamálaráðuneytisins og fjárlaga- og hagsýslustofnun.

□ Greiða skal til Listskreytingasjóðs eigi minna en 1/12 árlegs framlags á mánuði hvert fjárlagaár, og skal uppgjöri ríkisins við sjóðinn lokið fyrir 10. desember ár hvert.

■ **5. gr.** Stjórn Listskreytingasjóðs skipa fimm menn: formaður, skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar, einn skipaður samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og tveir myndlistarmenn samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna. Ráðuneyti, sem bygging sú heyrir undir, sem listskreyta skal, getur tilnefnt einn fulltrúa til samstarfs við stjórn Listskreytingasjóðs, ef það æskir, og hefur hann tillögu- en ekki atkvæðisrétt. Réttur til slíkrar tilnefningar tekur þó ekki til menntamálaráðuneytisins.

□ Stjórnina skal skipa til tveggja ára í senn.

□ Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

□ Afl atkvæða ræður úrslitum mála í sjóðstjórn. Halda skal gerðabók um stjórnarfundi.

□ Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna, sem greiðist úr sjóðnum ásamt öðrum kostnaði við starfsemi hans.

■ **6. gr.** Þegar ákveðið hefur verið að reisa mannvirki, sem lög þessi taka til, ber arkitekt mannvirkisins og byggingarnefnd, sem hlut á að máli, að hafa samband við stjórn Listskreytingasjóðs þannig að byggingin verði frá öndverðu hönnuð með þær listskreytingar í huga, sem ráðlegar teljast.

■ **7. gr.** Stefnt skal að því að um meiriháttar verkefni á sviði listskreytinga fari fram opinber samkeppni eftir reglum sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Bandalags ísl. listamanna, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Arkitektafélags Íslands. Heimilt skal að ákveða að samkeppni um listskreytingu skuli opin listamönnum á Norðurlöndum.

□ Með listskreytingu er átt við hvers konar fasta og lausa listmuni, s. s. veggskreytingar innan húss og utan, höggmyndir, málverk, veggábreiður og hvers konar listræna fegrun.

□ Skal leitast við að dreifa verkefnum milli listgreina, þannig að í hverri byggingu séu fleiri en ein tegund listskreytinga.

■ **8. gr.** Sjóðstjórnin skal samþykkja fyrirhugaða listskreytingu þeirra mannvirkja, sem lög þessi taka til, og hvernig staðið skuli að framkvæmdum í samvinnu við arkitekt byggingar og byggingarnefnd. Hún getur kvatt sérfróða menn til aðstoðar við einstök verkefni.

■ **9. gr.** Stefnt skal að því að verja einnig úr sjóðnum fé til listskreytingar bygginga, sem þegar eru fullbyggðar, og skal þá hafa samráð við arkitekt byggingarinnar, ef þess er kostur.

■ **10. gr.** Verja má til listskreytingar bygginga, sem lög þessi ná til, fjárhæð sem svarar til 1% álags á framlögum ríkisins til hlutaðeigandi byggingar.

□ Menntamálaráðherra getur heimilað að verja hærri fjárhæð en þessu svarar, ef fjárhagur sjóðsins leyfir og sjóðstjórn gerir um það tillögu.

■ **11. gr.** Stjórn Listskreytingasjóðs getur hvort heldur er óskað eftir að gerð séu ný listaverk eða keypt fullgerð listaverk eða listaverk sem unnið er að. Heimilt er að kaupa listaverk frá Norðurlöndum, enda séu gagnkvæm samskipti milli landanna á þessu sviði.

■ **12. gr.** Semja skal við bankastofnun um að annast reikningshald og fjárvörslu Listskreytingasjóðs og skal þess gætt að hann njóti jafnan bestu vaxtakjara. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu rekstrar- og efnahagsreikningar endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun árlega og birtir í Stjórnartíðindum.

■ **13. gr.** Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

■ **14. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 27. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, svo og 10. gr. laga um skólakostnað, nr. 49 29. apríl 1967, svo

1982 Nr. 34 7. maí og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við þessi lög.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Ákvæði laga þessara taka til bygginga sem í smíðum eru þegar lögin öðlast gildi og eigi hafa verið gerðar um bindandi ráðstafanir varðandi listskreytingar, nema sveitarstjórn ákveði listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Þá er heimilt að verja til listskreytingar fjárhæð er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

□ Lög þessi skulu tekin til endurskoðunar að fimm árum liðnum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi sem hér er gert ráð fyrir um listskreytingu opinberra bygginga.

1978 Nr. 14 8. maí **Lög um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.**

I. kafli. Kvikmyndasafn.

■ **1. gr.** Stofna skal Kvikmyndasafn Íslands. Kvikmyndasafn hefur aðsetur í Fræðslumyndasafni ríkisins og starfar í tengslum við það uns annað verður ákveðið af stjórn þess og menntamálaráðuneyti.

■ **2. gr.** Kvikmyndasafn skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslensk efni, gömlum og nýjum, hverju nafni sem nefnast, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka (eftirgerða) af erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi að mati safnstjórnar.

■ **3. gr.** Kvikmyndasafn fær til umráða ásamt Fræðslumyndasafni tæknilega útbúið geymslurými þar sem kvikmyndir þess skulu varðveittar. Á fjárlögum skal veita sérstakt fjárframlag til handa Kvikmyndasafni og Fræðslumyndasafni til að koma á fót þessari kvikmyndageymslu og gera hana svo úr garði sem nauðsyn krefur.

■ **4. gr.** Fræðslumyndasafn annast rekstur Kvikmyndasafns, gegn hæfilegri borgun, þar til annað verður ákveðið, sbr. 1. gr.

□ Ráðinn skal sérhæfur starfsmaður að Kvikmyndasafni í a. m. k. hálfa stöðu og greiðast laun hans beint úr ríkissjóði.

□ Ríkissjóður greiðir til Kvikmyndasafns árið 1979 5 m. kr. og árlegt framlag eftir því sem ákveðið verður í fjárlögum.

■ **5. gr.** Kvikmyndasafn skal hafa sýningar á myndum safnsins fyrir áhugahópa um kvikmyndir og kvikmyndagerðarlist ef óskað er og safnstjórn telur tiltækilegt. Aðgangseyrir skal tekinn fyrir kostnaði við þessar sýningar.

■ **6. gr.** Menntamálaráðherra skipar fimm manna stjórn Kvikmyndasafns til fjögurra ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar en hinir fjórir samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila: Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna, Fræðslumyndasafns ríkisins, Ríkisútvarps — sjónvarps og Þjóðminjasafns Íslands. Stjórnin tekur ákvarðanir um kvikmyndakaup og heildarstarfsemi safnsins en felur forstöðumanni Fræðslumyndasafns framkvæmdir.

II. kafli. Kvikmyndasjóður.

■ **7. gr.** Stofna skal Kvikmyndasjóð með 30 m. kr. framlagi úr ríkissjóði, sem greiðist árið 1979. Ríkissjóður greiðir árlegt framlag til Kvikmyndasjóðs eftir því sem ákveðið verður í fjárlögum.

1978 Nr. 14 8. maí

■ **8. gr.** Tilgangur Kvikmyndasjóðs er að styrkja íslenska kvikmyndagerð með beinum fjárframlögum eða lánum til kvikmyndagerðarmanna.

■ **9. gr.** Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Kvikmyndasjóðs til fjögurra ára og úthlutar hún úr sjóðnum. Formaður skal vera formaður stjórnar Kvikmyndasafns en hinir tveir samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Fræðslumyndasafns ríkisins.

III. kafli. Almenn ákvæði.

■ **10. gr.** Kvikmyndasafn og Kvikmyndasjóður skulu í sameiningu stuðla að eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar og auknum skilningi á kvikmyndagerðarlist almennt. Skulu safn og sjóður leitast við í traustri samvinnu að sinna þessu verkefni með öllum tiltækum ráðum eftir því sem fjárhagur og aðstæður frekast leyfa.

■ **11. gr.** Menntamálaráðuneyti setur reglugerð með lögum þessum þar sem nánar er ákveðið um hlutverk og starfsemi Kvikmyndasafns og reglur settar um úthlutun úr Kvikmyndasjóði. Sérstaklega skal kveða á um tengsl og samvinnu Kvikmyndasafns og Fræðslumyndasafns og tillit tekið til hugsanlegra breytinga á því fyrirkomulagi. Reglugerðin skal sett að höfðu samráði við Félag íslenskra kvikmyndagerðarmanna og Fræðslumyndasafn.

1965 Nr. 48 18. maí **Lög um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.**

I. kafli. Almennar náttúrurannsóknir.

■ **1. gr.** Með almennum náttúrurannsóknum er í lögum þessum átt við undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landfræði, sem ekki eru unnar beinlínis í þágu atvinnuveganna. Menntamálaráðherra hefur yfirumsjón allra slíkra rannsókna.

■ **2. gr.** Náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón, er þeir kunna að valda.

□ Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða náttúrugripi, sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

□ Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti, sem áður voru ókunn, og ber þá rannsakanda að tilkynna það rétthafa þess lands, þar sem verðmætin eru.

■ **3. gr.** Íslenzkir ríkisborgarar skulu hafa forgangsrétt til almennra rannsókna á náttúru Íslands.

□ Ráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, veitt erlendum náttúrufræðingum heimild til að stunda almennar náttúrurannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma, enda hafi þeir samráð við stofnunina og láti henni í té skýrslur um rannsóknir sínar, allt samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

II. kafli. Náttúrufræðistofnun Íslands.

A. Hlutverk.

■ **4. gr.** Aðalverkefni stofnunarinnar eru þessi:

a. Að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands, vinna að slíkum rannsóknum, samræma þær og efla.

b. Að koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni íslenzkra og erlendra náttúrugripa og varðveita það.

c. Að koma upp sýningarsafni, sem veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi.

d. Að hafa eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga hér á landi og gæta íslenzkra hagsmuna í sambandi við þær.[1)]

e. Að greina frá meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu og frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum.

[1)] *Rg. 107/1968.*

■ **5. gr.** Stofnunin skal annast fuglamerkingar, og hefur hún ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi.

B. Stjórn og skipulag.

■ **6. gr.** Í Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera þrjár deildir, dýrafræðideild, grasafræðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

■ **7. gr.** Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar og skipar að fengnum tillögum forstöðumanns deildarstjóra, sérfræðinga og annað starfslið hennar. Deildarstjórar skulu vera jafnmargir deildum stofnunarinnar og skulu þeir vera sérfræðingar í einhverri þeirra aðalgreina, sem falla undir viðkomandi deild. Ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í senn og ákveður tölu sérfræðinga og annarra starfsmanna eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum.

□ Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið doktorsprófi, meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreinum sínum.

■ **8. gr.** Forstöðumaður fer með stjórn sameiginlegra málefna stofnunarinnar, en deildarstjórar stjórna og bera ábyrgð á daglegum störfum og rekstri deilda sinna.

□ Deildarstjórar koma fram gagnvart innlendum og erlendum aðilum sem fulltrúar deilda sinna, en forstöðumaður er auk þess í fyrirsvari fyrir stofnunina í heild.

C. Fjármál.

■ **9. gr.** Tekjur Náttúrufræðistofnunar Íslands eru:

a. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum eða að öðru leyti af opinberri hálfu.

b. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.

c. Framlög eða gjafir einstaklinga, félaga eða stofnana.

d. Aðrar tekjur.

■ **10. gr.** Laun starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962.[1)]

[1)] *Nú l. 46/1973 og l. 29/1976.*

D. Almenn ákvæði.

■ **11. gr.** Náttúrufræðistofnun Íslands skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum, sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar.

■ **12. gr.** Stofnunin skal ekki veita viðtöku gripagjöfum, ef þeim fylgja kvaðir um aðra meðferð þeirra en annarra muna stofnunarinnar. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef viðkomandi deildarstjóri mælir með því og forstöðumaður telur sérstaka ástæðu til.

□ Óheimilt er að lána sýningargripi stofnunarinnar.

■ **13. gr.** Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstur og starfsemi stofnunarinnar.

Lög um náttúruvernd.

Hlutverk náttúruverndar.

■ **1. gr.** Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

□ Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenzkrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt.

□ Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni.

Stjórn náttúruverndarmála.

■ **2. gr.** Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn náttúruverndarmála.

■ **3. gr.** Í hverju sýslu- og bæjarfélagi og Reykjavík skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sýslunefnd, bæjar- eða borgarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna og kýs þá til fjögurra ára í senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.

□ Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m. a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna, Náttúruverndarþings eða Náttúruverndarráðs.

■ **4. gr.** Náttúruverndarþing kemur saman þriðja hvert ár. Hlutverk þess er að fjalla um náttúruvernd landsins og gera tillögur um röðun þeirra verkefna, sem það telur brýnast að leysa.

□ Á Náttúruverndarþingi eiga sæti:

1. Fulltrúi kjörinn af hverri náttúruverndarnefnd.

2. Einn fulltrúi fyrir hvert af eftirfarandi samtökum: Samband dýraverndunarfélaga Íslands, Ferðamálaráð, Fuglaverndarfélag Íslands, Félag íslenzkra náttúrufræðinga, Hið íslenzka náttúrufræðifélag, Landvernd, Bandalag íslenzkra skáta, Skógræktarfélag Íslands, Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Ungmennafélag Íslands, Æskulýðssamband Íslands, Bandalag íslenzkra farfugla, Ferðafélag Íslands, Samband íslenzkra sveitarfélaga, Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Arkitektafélag Íslands, Náttúruverndarsamtök.

3. Þrír fulltrúar fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands, sérfróðir um jarðfræði, grasafræði og dýrafræði.

4. Einn fulltrúi fyrir hvern þingflokk á Alþingi.

5. Náttúruverndarráð.

6. Eftirtaldir embættismenn: Búnaðarmálastjóri, flugmálastjóri, framkvæmdastjóri rannsóknaráðs, landgræðslustjóri, landlæknir, formaður eiturefnanefndar, siglingamálastjóri, yfirdýralæknir, framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, framkvæmdastjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fulltrúi frá Háskóla Íslands, orkumálastjóri, skipulagsstjóri, skógræktarstjóri, vegamálastjóri, veiðimálastjóri, þjóðminjavörður og fulltrúi frá menntamálaráðuneytinu.

7. Heimilt er með reglugerð að fjölga þeim, sem sæti eiga á Náttúruverndarþingi.[1)]

[1)] *Rg. 154/1981 (um Náttúruverndarþing).*

■ **5. gr.** Náttúruverndarráð boðar þingið, undirbýr dagskrá þess og leggur fyrir það skýrslu um störf sín. Formaður ráðsins setur þingið og stýrir því, unz það hefur kosið forseta. Þingið setur sér þingsköp.

□ Seta á Náttúruverndarþingi er ólaunuð, en hlutaðeigandi aðilar greiða kostnað fulltrúa. Annar nauðsynlegur kostnaður af þinghaldinu greiðist úr ríkissjóði samkv. úrskurði ráðherra.

■ **6. gr.** Náttúruverndarráð er skipað sjö mönnum. Sex þeirra kýs Náttúruverndarþing óbundinni kosningu, að undanskildum fulltrúum í 6. lið 4. gr. Hinn sjöunda skipar menntamálaráðherra, áður en kosning fer fram, og er hann formaður ráðsins. Varamenn skulu valdir jafnmargir á sama hátt til sama tíma.

■ **7. gr.** Náttúruverndarráð hefur með höndum framkvæmdir í náttúruverndarmálum, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

□ Ráðið hafi forgöngu um fræðslu fyrir almenning um náttúru landsins og leitist við að efla áhuga á náttúruvernd, m. a. með útgáfustarfsemi, kynningu í skólum og fjölmiðlunartækjum.

□ Ráðið skal hafa náið samstarf við samtök áhugamanna um náttúruvernd, m. a. með því að stuðla að héraðsfundum um náttúruvernd.

■ **8. gr.** Náttúruverndarráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra til að veita henni forstöðu. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greiðsla kostnaðar af framkvæmd laganna.

■ **9. gr.** Fyrir lok maímánaðar ár hvert semur Náttúruverndarráð og sendir menntamálaráðuneytinu fjárhagsáætlun um útgjöld, sem ætla má að leiði af framkvæmd laganna á næsta almanaksári.

■ **10. gr.** Kostnaður af framkvæmd laganna skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem fé er til þess veitt á fjárlögum.

Aðgangur almennings að náttúru landsins og umgengni.

■ **11. gr.** Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

□ Gangandi fólki er því aðeins heimil för um eignarlönd manna, að þau séu óræktuð og ógirt og að dvöl manna þar hafi ekki í för með sér ónæði fyrir búpening né óhagræði fyrir rétthafa að landinu. Sé land girt þarf leyfi landeigenda til að ferðast um það eða dveljast á því. Sama gildir um ræktuð landsvæði.

■ **12. gr.** Almenningi er heimilt að lesa ber, sem vaxa villt á óræktuðu landi, til neyzlu á vettvangi.

□ Öllum er heimil berjatínsla á landsvæðum utan landareigna lögbýla.

□ Náttúruverndarráði er heimilt að leggja bann við notkun tækja eða verkfæra við berjatínslu, ef uggvænt þykir, að af þeim hljótist spjöll á gróðri.

■ **13. gr.** Öllum er skylt að sýna varúð, svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

□ Náttúruverndarráð skal setja sérstakar reglur um akstur ökutækja og umgengni ferðamanna í óbyggðum þ. á m. um merkingu bílaslóða. Er ráðinu skylt að banna allan óþarfa akstur utan vega og merktra slóða, þar sem náttúruspjöll geta af hlotizt. Það skal og gera tillögur til réttra aðila um gerð bílaslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra eða setja bein fyrirmæli þar um.

□ Á víðavangi er bannað að fleygja frá sér eða skilja eftir rusl, sem er til hættu eða óprýði, svo og að bera rusl eða sorp í sjó, í fjörur eða á sjávarbakka, í ár eða á árbakka, í læki eða á lækjarbakka. Skylt skal að ganga frá áningarstað og tjaldstæði, er menn hafa tekið sér úti í náttúrunni, þannig að ekkert sé þar eftir skilið, sem lýti umhverfið.

□ Bannað er að safna rusli í hauga á almannafæri eða við alfaraleiðir. Skylt er að ganga svo frá sorphaugum, að hvorki fjúki úr þeim né fljóti. Hreinsa má rusl á kostnað þess, er sannur er að broti á þessu fyrirmæli.

■ **14. gr.** Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt eða saurga vatnsból eða spilla vatni, hvort heldur er rennandi vatn í ám og lækjum eða í stöðuvötnum og brunnum. Nánari ákvæði um þetta skulu sett í reglugerð.

■ **15. gr.** Hafi byggingar, skip í fjöru, bifreiðar eða áhöld eða mannvirki, þ. á m. girðingar, verið skilin eftir í hirðuleysi og grotni þar niður, svo að telja verði til lýta eða spjalla á náttúru, er eiganda skylt að fjarlægja það.

□ Fari jörð í eyði, er landeiganda skylt að ganga svo frá jarðarhúsum, girðingum, brunnum og öðrum mannvirkjum, að ekki valdi hættu fyrir fólk og skepnur né valdi náttúruspjöllum eða sé til lýta.

□ Sveitarstjórn skal annast framkvæmdir þær, sem nauðsynlegar eru samkvæmt fyrirmælum þessum, á kostnað þess er skylt var að annast þær, en hefur látið það ógert.

■ **16. gr.** Við samkomustaði úti í náttúrunni, skemmtisvæði, garðlönd almennings og aðra þvílíka staði, sem almenningi er ætlað að safnast á, skal jafnan komið fyrir nauðsynlegum hreinlætistækjum, áður en staðurinn er tekinn til afnota.

■ **17. gr.** Malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám og vikurnám er hverjum manni heimilt í landi sínu, ef ekki gengur í berhögg við 22.—26. gr. Sveitarstjórn getur, að fenginni umsögn náttúruverndarnefndar, bannað jarðrask af þessum sökum, ef hún telur hættu á, að með því verði sérkennilegu landslagi eða merkum náttúruminjum raskað. Skjóta má ákvörðun sveitarstjórnar til menntamálaráðuneytisins, er leggur fullnaðarúrskurð á málið, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

□ Í almenningum er bannað allt nám jarðefna, er um getur í 1. mgr., nema til komi samþykki menntamálaráðuneytisins, eftir að það hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs.

□ Um jarðefni til vega fer eftir vegalögum.

■ **18. gr.** Hafi jarðrask orðið við mannvirkjagerð, malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða á annan hátt af mannavöldum, skal þeim, er valdið hefur, skylt að ganga frá því á snyrtilegan hátt. Náttúruverndarráð getur sett fyrirmæli um, hvernig við skal skilið, og m. a. sett mönnum ákveðinn frest til að ljúka frágangi.

■ **19. gr.** Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á eign, þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

☐ Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar. Spjöld með leiðbeiningum fyrir vegfarendur, svo sem um leiðir, nöfn bæja, áningarstaði, þjóðgarða og friðunarsvæði falla ekki undir ákvæði þessi.

☐ Náttúruverndarráð setur reglur um auglýsingar og leiðbeiningar samkvæmt þessari grein og úrskurðar vafaatriði.

■ **20. gr.** Eigi má setja byggingar, girðingar né önnur mannvirki á sjávarströnd né á vatnsbakka og árbakka, þannig að hindri frjálsa umferð fótgangandi manna. Ákvæði þessarar málsgreinar eiga þó ekki við um þær byggingar eða þau mannvirki, sem nauðsynleg eru vegna atvinnurekstrar, þar með talin íbúðarhús bænda, né þau, sem reist eru með leyfi réttra yfirvalda á skipulögðum svæðum, eða mannvirki, sem reist hafa verið fyrir samþykkt þessara laga.

■ **21. gr.** Í sveitarfélögum, sem ekki eru skipulagsskyld, er óheimilt að byggja sumarbústaði án leyfis sveitarstjórnar.

☐ Sveitarstjórn skal, áður en leyfi er veitt, leita umsagnar náttúruverndarnefndar héraðsins.

☐ Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um leyfi til byggingar sumarbústaða og ákveður þar meðal annars, að Náttúruverndarráð skuli jafnan gefa umsögn um staðsetningu og skipulag sumarbústaðahverfa.

☐ Það telst sumarbústaður, ef bygging er reist til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs, t. d. um helgar.

☐ Ávallt skal við byggingu sumarbústaða fullnægt kröfum heilbrigðisyfirvalda um frágang rotþróa, olíutanka og annað, sem mengunarhætta getur stafað frá.

Friðlýsing náttúruminja og stofnun útivistarsvæða.

■ **22. gr.** Náttúruverndarráð getur friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella, dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess, að þær eru fagrar eða sérkennilegar. Náttúrumyndanir, sem friðlýstar eru samkv. þessu ákvæði, nefnast náttúruvætti.[1)]

☐ Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruvætti, svo sem nauðsynlegt er, til þess að þau fái notið sín, og skal þess greinilega getið í friðlýsingu og markað á staðnum.

☐ Friðlýstum náttúruvættum má enginn granda, spilla né breyta nema eftir fyrirmælum Náttúruverndarráðs.

[1)] *Augl. 399/1973 (Skútustaðagígar), 121/1974 (Eldborg í Bláfjöllum), 218/1974 (Steðji), 309/1974 (Eldborg í Hnappadal), 103/1975 (Surtarbrandsgil), 105/1975 (gervigígar í Álftaveri), 215/1975 (Lakagígar), 216/1975 (Grábrókargígar), 217/1975 (Hveravellir á Kili), 518/1975 (Teigarhorn við Berufjörð), 519/1975 (Háalda), 522/1975 (Kattarauga við Kornsá í Vatnsdal), 523/1975 (Díma í Lóni), 525/1975 (silfurbergsnáma að Helgustöðum), 194/1978 (Askja í Ódáðahrauni), 445/1980 (Bárðarlaug í Breiðuvíkurhreppi), 245/1981 (Fjallfoss í Arnarfirði), 269/1981 (Borgir í Kópavogskaupstað), 41/1982 (Laugarás í Reykjavík).*

■ **23. gr.** Náttúruverndarráð getur friðlýst jurtir eða dýr, sem miklu skiptir frá náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt.

☐ Friðun getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.[1)]

☐ Ef ætla má, að fyrirhugaðar framkvæmdir raski svo náttúrulegu umhverfi að hætta sé á, að ákveðnar jurtir eða dýr eyðist eða verði fyrir verulegum skaða, getur Náttúruverndarráð látið friðlýsingu sína taka til banns við slíkum framkvæmdum, enda sé áður fengin umsögn stofnana á viðkomandi sérsviði.

[1)] *Augl. 120/1974 (um friðlýsing dropsteina). Virðist eiga stoð í 22. gr. l. 47/1971. Augl. 184/1978 (um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda).*

■ **24. gr.** Landsvæði, sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, getur Náttúruverndarráð friðað í heild, og nefnast þau landsvæði friðlönd.[1)] Má þar ekki raska náttúrufari né gera mannvirki, sem spilla svip landsins. Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um, hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar, umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar. Þá mega og fylgja friðlýsingu fyrirmæli um nauðsynlegar aðgerðir, til þess að almenningur njóti svæðisins, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar.

☐ Friðlöndum má enginn, hvorki landeigendur, ábúendur né aðrir, raska að því leyti sem fyrirmæli friðlýsingarinnar taka til.

☐ Náttúruverndarráð getur veitt undanþágu frá settum fyrirmælum í friðlýsingu, ef ástæður eru fyrir hendi.

[1)] *Augl. 32/1973 (Hvannalindir), 393/1973 (Hólmanes), 118/1974 (Melrakkaey), 119/1974 (Eldey), 122/1974 (Surtsey), 217/1974 (Húsafellsskógur), 219/1974 (Grótta), 272/1974 (Herðubreið), 94/1975 (Hornstrandir), 96/1975 (Vatnsfjörður), 366/1975 (Hornstrandir), 395/1975 (Flatey), 524/1975 (Kringilsárrani), 29/1977 (Miklavatn), 30/1977 (Vestmannsvatn), 31/1977 (Lónsöræfi), 249/1977 (Salthöfði og Salthöfðamýri), 425/1977 (Hrísey), 101/1978 (Dyrhólaey), 188/1978 (Esjufjöll), 189/1978 (Ástjörn), 388/1978 (Ingólfshöfði), 141/1979 (Gullfoss), 354/1979 (Friðland að Fjallabaki), 355/1979 (Ströndin við Stapa og Hellna), 357/1979 (Búðahraun), 443/1980 (Svarfaðardalur), 453/1980 (Varmárósar), og 753/1981 (Þjórsárver).*

■ **25. gr.** Sé landsvæði sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvíli söguleg helgi, þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum, getur Náttúruverndarráð lýst það þjóðgarð, enda sé svæðið ríkiseign.[1)]

☐ Náttúruverndarráð fer með stjórn þjóðgarða og setur reglur um meðferð þeirra og umgang almennings.

☐ Í þjóðgörðum skal koma upp nauðsynlegri hreinlætisaðstöðu, tjaldstæðum, gangstígum og öðru því, sem auðveldar almenningi afnot af svæðinu og kemur í veg fyrir spjöll. Í hverjum þjóðgarði skal og veita almenningi leiðbeiningar um helztu leiðir um hið friðlýsta svæði.

[1)] *Rg. 229/1968 (Skaftafell í Öræfum), rg. 216/1973 (Jökulsárgljúfur).*

■ **26. gr.** Nú óskar eitt sveitarfélag eða fleiri, að tiltekið svæði verði lýst fólkvangur, og skal það (þau) þá bera fram ósk til Náttúruverndarráðs um slíkt. Skal gerð grein fyrir mörkum fólkvangsins og hvaða takmarkanir ákvörðun um fólkvang kunni að setja umráðarétti eigenda lands, sem um er að ræða, og annað, er máli skiptir.[1)]

☐ Ef Náttúruverndarráð getur á tillöguna fallizt, skal það tilkynnt í Lögbirtingablaði, svo og með þeim hætti, sem venja er að birta stjórnvaldaauglýsingar á viðkomandi stað, að fyrirhuguð sé stofnun fólkvangs með tilteknum mörkum. Þar skal og nánar gerð grein fyrir hugsanlegum takmörkunum á umráðarétti landeigenda. Jafnframt skal tekið fram, að þeir, sem geri ekki athugasemdir við stofnun fólkvangs innan tiltekins frests, sem má ekki vera skemmri en 8 vikur, teljist

samþykkja þá ákvörðun og fyrirgeri þar með hugsanlegum rétti til bóta.

☐ Þegar frestur samkvæmt 2. mgr. er liðinn, skal Náttúruverndarráð ákveða, hvort athugasemdir, er kunna að hafa borizt, séu svo veigamiklar, að ástæða sé til að breyta upphaflegri fyrirætlun eða hverfa frá henni. Gefa skal fulltrúum sveitarfélaga, sem um ræðir í 1. mgr., kost á að vera viðstaddir, þegar um þessi mál verður fjallað.

☐ Ef Náttúruverndarráð og fulltrúar sveitarfélaga, sem í hlut eiga, verða sammála um, að haldið verði fast við ákvörðun um stofnun fólkvangs, breytta eða óbreytta, skal Náttúruverndarráð hlutast til um, að dómkvaddir verði matsmenn til að meta bætur fyrir tjón, er aðilar, sem athugasemdir gera, sbr. 2. mgr., kunna að verða fyrir við stofnun fólkvangs. Um framkvæmd mats fer skv. lögum nr. 61/1917.[2)]

☐ Þegar endanlegt mat liggur fyrir, skal kannað, hvort hlutaðeigandi sveitarfélög óska eftir, að formleg ákvörðun verði tekin um stofnun fólkvangs.

☐ Ef þau óska slíks og Náttúruverndarráð samþykkir, skal það gera sérstaka ályktun um stofnun fólkvangsins, og skal hún birt í Stjórnartíðindum.

☐ Sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, bera allan kostnað, sem beinlínis leiðir af stofnun og rekstri fólkvangs, að því leyti sem ekki koma til framlög úr ríkissjóði, og skal þeim kostnaði skipt í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna næsta ár á undan. Ef sveitarfélag hættir þátttöku í undirbúningi að stofnun fólkvangs, er því skylt að greiða áfallinn kostnað hlutfallslega.

☐ Sveitarfélög, sem standa að rekstri fólkvangs, stofna með sér samvinnunefnd er starfar í samráði við Náttúruverndarráð. Í samvinnusamningi skal kveðið á um fjölda nefndarmanna og starfshætti nefndarinnar. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, ræður afl atkvæða. Þegar um er að ræða atriði, sem hafa sérstakan kostnað í för með sér, fer þó um atkvæðisrétt eftir greiðsluhlutföllum aðila.

☐ Nú rís ágreiningur um skilning á grein þessari eða upp koma sérstök vafaatriði, sem snerta rekstur fólkvangs, og sker þá Náttúruverndarráð úr, en skjóta má úrskurði þess til fullnaðarákvörðunar ráðherra.

[1)] *Augl. 97/1973, sbr. 517/1975 (Bláfjöll), 393/1973 (Hólmanes), 185/1974 (Rauðhólar), 520/1975 (Reykjanes), 521/1975 (Hrútey), 71/1976 (Álfaborg í Borgarfirði eystra), 444/1980 (Spákonufellshöfði) og 427/1982 (Ósland).* [2)] *Nú l. 11/1973.*

■ **27. gr.** Til stuðnings við útivist almennings getur Náttúruverndarráð eða náttúruverndarnefndir gengizt fyrir að halda opnum göngustígum, strandsvæðum til sjóbaða, vatnsbökkum og öðrum stígum og svæðum, sem ástæða er til að halda opnum til að greiða fyrir því, að almenningur fái notið náttúrunnar; enn fremur sett upp göngubrýr og girðingarstiga og afmarkað tjaldstæði og gert annað það, er þurfa þykir í þessu skyni.

☐ Framkvæmdir samkvæmt þessari grein skulu einungis gerðar með samþykki landeiganda.

Framkvæmd friðlýsingar.

■ **28. gr.** Náttúruverndarráð skal með aðstoð náttúruverndarnefnda kynna sér eftir föngum náttúruminjar, sem ástæða er til að friðlýsa, svo og lönd þau, sem ástæða kann að verða til að lýsa friðlönd eða leggja til þjóðgarða eða fólkvanga. Skal ráðið semja skrá[1)] um slíkar minjar og slík lönd.

☐ Ef Náttúruverndarráð telur ástæðu til friðlýsingar eða annarra náttúruverndaraðgerða samkvæmt lögum þessum, skal það freista að komast að samkomulagi við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra, er hagsmuna eiga að gæta. Verði samkomulag, skal það fært til bókar og staðfest af hlutaðeigandi aðilum.

[1)] *Augl. 58/1982 (um náttúruminjaskrá).*

■ **29. gr.** Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á því, að landið breyti varanlega um svip, að merkum náttúruminjum verði spillt eða hættu á mengun lofts eða lagar, er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast.

☐ Ef það er vanrækt, getur Náttúruverndarráð krafizt atbeina lögreglustjóra til að varna því, að verk verði hafið eða því fram haldið.

☐ Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagningu til slíkra mannvirkja.

☐ Nánari fyrirmæli samkv. þessari grein setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

■ **30. gr.** Ákveði Náttúruverndarráð friðlýsingu og liggi ekki þegar fyrir samþykki eigenda eða annarra rétthafa eða sveitarfélags þess, er hlut á að máli, þá skal Náttúruverndarráð semja tillögu að friðlýsingunni.

☐ Tillagan skal send landeigendum, ábúendum og öðrum rétthöfum, er friðlýsing snertir, svo og sveitarfélögum. Skal þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við friðlýsinguna, koma að mótmælum eða gera bótakröfur til Náttúruverndarráðs innan 4 mánaða. Jafnframt skal í tillögunni tekið fram, að berist kröfur ekki innan þess tíma, verði þær ekki teknar til greina í friðlýsingunni.

■ **31. gr.** Berist mótmæli gegn friðlýsingu eða bótakröfur vegna hennar, getur Náttúruverndarráð reynt samninga á ný um bótakröfurnar og breytt friðlýsingunni í samræmi við mótmælin, enda skerði breytingin í engu rétt annarra.

■ **32. gr.** Engar ákvarðanir Náttúruverndarráðs um friðun eða friðlýsingu koma til framkvæmda, fyrr en menntamálaráðuneytið hefur lagt á þær samþykki sitt.

■ **33. gr.** Þegar tekin hefur verið fullnaðarákvörðun samkv. 32. gr. um friðlýsingar og friðunarákvæði birtir menntamálaráðuneytið þau í Stjórnartíðindum og taka þau gildi frá þeim degi, sem þau eru birt.

☐ Þau skulu og fest upp á staðnum, eftir því sem við verður komið og nauðsynlegt er að mati Náttúruverndarráðs.

Ýmis ákvæði.

■ **34. gr.** Um sölu jarðar, sem öll eða að hluta hefur verið sett á náttúruminjaskrá samkvæmt 28. gr., fer eftir ákvæðum laga nr. 40 5. apríl 1948,[1)] en þó þannig, að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum, sem hann er veittur með þeim lögum.

[1)] *Nú l. 65/1976, sbr. 62. gr.*

■ **35. gr.** Menntamálaráðuneytinu er heimilt að taka eignarnámi lönd, mannvirki og réttindi til þess að framkvæma friðlýsingu, er í lögum þessum greinir.

■ **36. gr.** Hver sá, er fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmdar á framangreindum ákvæðum, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur, skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám, nr. 61/1917.[1)]

[1)] *Nú l. 11/1973.*

1971 Nr. 47 16. apríl

1971 Nr. 47 16. apríl

■ **37. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi.

☐ Sektir renna í ríkissjóð.

☐ Beita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allt að 2000 krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum, eða til þess að láta af atferli, sem er ólögmætt.

☐ Menntamálaráðuneytið skal setja reglugerð[1] um nánari framkvæmd laga þessara.

[1] *Rg. 205/1973, sbr. 640/1982 (um náttúruvernd).*

■ **38. gr.** ...

☐ Lög nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, halda gildi sínu þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Náttúruverndarráð, sem skipað var samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 48 7. apríl 1956, skal starfa samkvæmt lögum þessum, unz nýtt hefur verið kosið. Náttúruverndarþing skal kallað saman innan árs frá gildistöku þessara laga.

☐ Sýslunefndir og bæjar- eða borgarstjórnir skulu hafa lokið kosningu náttúruverndarnefnda eigi síðar en 8 mánuðum eftir gildistöku laganna.

Lög um friðun Þingvalla.

1928 Nr. 59 7. maí

■ **1. gr.** Frá ársbyrjun 1930 skulu Þingvellir við Öxará og grenndin þar vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

■ **2. gr.** Mörk hins friðhelga lands skulu vera sem hér segir:

a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.

b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár að Ármannsfelli.

c. Að norðan: Frá Ármannsfelli þvert austur yfir hraunið að Hlíðargjá.

d. Að austan: Eystri bakki Hlíðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

☐ Landið innan ofannefndra marka skal, eftir því er Þingvallanefnd kveður á og fært kann að reynast, varið fyrir ágangi af sauðfé og geitum. En skógurinn og villidýralíf, sem þar kynni að geta þrifizt, skal vera algerlega friðað. Þó skal nefndin gera ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði eða vinna búfénaði héraðsmanna tjón.

☐ Þingvallanefnd ræður veiði í Þingvallavatni norðan línu þeirrar, er um getur í a-lið.

☐ Ekkert jarðrask, húsabyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði, eða í landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka, nema með leyfi Þingvallanefndar.

■ **3. gr.** Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta land, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarétt jarðanna eða jarðarhlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotarétt-inn samkv. óvilhallra dómkvaddra manna mati. Svo skulu og metnar bætur til Þingvallahrepps fyrir íþyngingfjallskila og rýrnun útsvara, enda náist ekki samningar.

☐ Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka, eða ef ekki næst viðunandi samningar um verð, að taka jörðina eignarnámi samkvæmt lögum.

■ **4. gr.** Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.

1928 Nr. 59 7. maí

■ **5. gr.** Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefur fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annarra jarða í ríkiseign, sem til eru greindar í 2. gr. Þingvallanefnd skal kosin með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi í lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, í fyrsta skipti á þingi 1928.

■ **6. gr.** Þingvallanefnd semur reglugerð um hið friðlýsta land og meðferð þess, en stjórnarráð staðfestir. Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því fé upp í kostnað við friðunina.

☐ Þingvallanefnd má ráða umsjónarmann á Þingvöllum til 5 ára í senn.

■ **7. gr.** Öll óhjákvæmileg útgjöld við verndun Þingvalla samkvæmt lögum þessum greiðast úr ríkissjóði.

■ **8. gr.** [Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða sektum, varðhaldi, eða fangelsi ef sakir eru miklar. Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.][1]

[1] *L. 75/1982, 6. gr.*

Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

1974 Nr. 36 2. maí

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun Mývatns- og Laxársvæðisins í Suður-Þingeyjarsýslu.

■ **2. gr.** Ákvæði laganna taka til Skútustaðahrepps og Laxár með hólmum og kvíslum allt að ósi árinnar við Skjálfanda, ásamt 200 metra breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

■ **3. gr.** Á landssvæði því, er um getur í 2. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

☐ Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli straumvatna eru einnig óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.

☐ Heimilar skulu þó framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, nema spjöllum valdi á náttúruverðmætum að dómi Náttúruverndarráðs.

☐ Þá eru heimilar, án sérstaks leyfis Náttúruverndarráðs, byggingar samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi Náttúruverndarráð fallist á skipulagsáætlun þá, sem um er að ræða.

■ **4. gr.** Reisa skal og reka náttúrurannsóknastöð við Mývatn. Menntamálaráðuneytið skipar stjórn stöðvarinnar samkvæmt tilnefningum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, hreppsnefndar Skútustaðahrepps og Landeigendafélags Laxár og Mývatns og Náttúruverndarráðs, og skal fulltrúi ráðsins vera formaður stjórnarinnar.

☐ Stjórn stöðvarinnar sér um framkvæmdir og rekstur. Hún er stjórnvöldum til ráðuneytis um allt það, er lýtur að framkvæmd laga þessara. Í reglugerð, er menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs, skal nánar kveðið á um starfshætti stjórnarinnar og starfsemi stöðvarinnar, m. a. um samstarf við heimamenn og aðstöðu til námskeiðahalds fyrir háskólanema í náttúrufræðum.

1974 Nr. 36 2. maí

■ **5. gr.** Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum heilbrigðisráðuneytisins og Náttúruverndarráðs, reglugerð[1] um varnir gegn hvers konar mengun svæðis þess, er lögin taka til, og skal þar m. a. kveðið á um sérstakar mengunarvarnir Kísiliðjunnar við Mývatn. Í reglugerðinni skal enn fremur kveðið á um verndun lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess, svo sem um takmörkun á aðgangi ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu.

[1] *Rg. 136/1978.*

■ **6. gr.** Náttúruverndarráð getur, að fengnum tillögum stjórnar rannsóknastöðvarinnar ráðið starfsmann til eftirlits með framkvæmd laga þessara og reglugerða, er settar verða samkvæmt þeim.

■ **7. gr.** Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

■ **8. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi. Sektir renni í ríkissjóð.

□ Beita má dagsektum, er renna í ríkissjóð, allt að 2000 krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, eða láta af atferli, sem er ólögmætt.

■ **9. gr.** Að öðru leyti fer um verndun Laxár- og Mývatnssvæðisins eftir reglum í lögum um náttúruvernd.

1957 Nr. 21 13. apríl

Lög um dýravernd.

I. kafli. Um meðferð dýra.

■ **1. gr.** Skylt er að fara vel með dýr, svo að þau þjáist ekki að nauðsynjalausu.

■ **2. gr.** Öllum þeim, sem eiga dýr eða ráða yfir þeim að öðru leyti eða hafa umsjá með dýrum fyrir eiganda þeirra eða annan rétthafa, er skylt að sjá svo um, að dýrin fái nægilegt vatn og fóður við þeirra hæfi og viðhlítandi umhirðu. Eiganda eða öðrum rétthafa er skylt að sjá dýrum fyrir hæfilegum vistarverum (geymslustað, vörzlustað), skjólgóðum og rúmgóðum, enda er skylt að ræsta slíka staði með viðunandi hætti.

■ **3. gr.** Óheimilt er:

1. Að beita bareflum á dýr, ef hætt er við, að slíkt spilli heilsu dýra eða valdi þeim miklum sársauka.
2. Að tjóðra dýr eða hefta frelsi þeirra með öðrum hætti, svo að það valdi dýrum kvölum.
3. Að ofbjóða þoli dýra við vinnu eða rekstur eða með öðrum hætti.
4. Að svíða hár eða húð dýra í stað þess að klippa þau eða í því skyni að eyða lús eða öðrum óhreinindum.

■ **4. gr.** Óheimilt er að temja dýr eða aga í því skyni að sýna þau almenningi eða til þess að taka af þeim kvikmyndir, ef tamning dýra í þessu skyni veldur þeim miklum sársauka.

□ Óheimilt er að hafa dýr til sýnis hér á landi, nema leyfi lögreglustjóra þar á vettvangi, sem sýning á að fara fram, komi til. Menntamálaráðuneyti er rétt að setja sérstakar reglur um eftirlit með starfsemi þeirra manna, sem hafa dýr til sýnis, svo sem um búr, geymslu dýra og heilbrigðisráðstafanir. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til búfjársýninga.

□ Óheimilt er að setja á stofn dýragarða eða koma upp annars konar söfnum lifandi dýra, nema samþykki lögreglustjóra komi til. Menntamálaráðuneyti er heimilt að setja reglugerð[1] um eftirlit með slíkum stofnunum og um aðbúnað að dýrum.

[1] *Rg. 67/1971 (um dýragarða og sýningar á dýrum).*

1957 Nr. 21 13. apríl

■ **5. gr.** Nú eru dýr eignarmörkuð, og er þá skylt að gæta þess, að mörkunin sé dýrinu jafn kvalalítil og kostur er. Óheimilt er að eyrnamarka fé svo, að meira en helmingur eyrans sé numinn brott.

■ **6. gr.** Nú sýkist dýr eða lemstrast, og er þá eiganda (umráðamanni) skylt að sjá dýrinu fyrir hæfilegri umönnun, en deyða það, ef dýr er helsjúkt eða lemstur banvæn.

■ **7. gr.** Við flutning á dýrum skal þess sérstaklega gætt, að notað sé viðhlítandi farartæki í þessu skyni og dýr njóti hæfilegs aðbúnaðar, meðan á flutningi stendur.

II. kafli. Um deyðingu dýra og aðgerðir á dýrum.

■ [**8. gr.** Óheimilt er að reka hvali á land, nema fullvíst sé, að unnt sé að hagnýta þá til matar eða á annan hátt. Við rekstur hvala skal nota eins mannúðlegar aðferðir og unnt er, og við deyðingu þeirra skal beita lagvopnum og aðferðum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð.][1]

[1] *L. 38/1968, 1. gr.*

■ [**9. gr.**][1] Þegar dýr eru deydd, ber að gæta þess, að deyðing fari fram með jafnhröðum og sársaukalitlum hætti og frekast er völ á.

□ Menntamálaráðherra setur nánari ákvæði um þetta í reglugerð.[2]

[1] *L. 38/1968, 1. gr.* [2] *Rg. 158/1957.*

■ [**10. gr.**][1] Óheimilt er að stertstýfa hross, nema það sé gert af heilbrigðisástæðum og að ráði dýralæknis. Dýralæknum einum er heimilt að framkvæma þá aðgerð, og skal deyfa dýrið við aðgerðina. Ákvæði þessi eiga einnig við um skurð á hala á kúm eða á eyrum og rófum á hundum. Þó er heimilt að stýfa rófu á hvolpum, vikugömlum eða yngri.

[1] *L. 38/1968, 1. gr.*

■ [**11. gr.**][1] Löggiltum dýralæknum einum er heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum í öðrum tilvikum en þeim, sem getur í 9. gr.,[2] ef ætla verður, að aðgerð muni baka dýri verulega þjáningu. Nú er miklum örðugleikum bundið að ná til dýralæknis eða mjög kostnaðarsamt að kveðja dýralækni á vettvang, og skal þá reyna eftir föngum að leita læknisráða hjá dýralækni um framkvæmd aðgerðar. Hinu sama gegnir, ef vinda þarf svo bráðan bug að aðgerð, að ekki er gerlegt að kveðja dýralækni á vettvang.

[1] *L. 38/1968, 1. gr.* [2] *Nú 10. gr.*

III. kafli. Um notkun dýra í vísindalegum tilgangi.

■ [**12. gr.**][1] Óheimilt er án leyfis yfirdýralæknis að nota dýr við vísindalegar rannsóknir eða tilraunir eða í sambandi við kennslu, ef samfara þessu eru sérstakar aðgerðir á dýrinu, blóðtaka eða dæling efna í dýrið eða yfirleitt, ef meðferð á dýri í þessu skyni vekur dýrinu sérstakan ótta eða þjáningu. Sama gegnir, ef dýr eru notuð við framleiðslu lyfja eða til svipaðra þarfa.

□ Menntamálaráðuneyti er rétt að setja nánari reglur[2] um efni þau, sem greinir í 1. málsgrein.

□ Úrlausn yfirdýralæknis samkvæmt 1. málsgrein má

skjóta til menntamálaráðuneytis, er úrskurðar mál til þrautar.

[1]*L. 38/1968, 1. gr.* [2]*Rg. 77/1973.*

■ **[13. gr.]**[1] Við tilraunir eða aðgerðir á dýrum samkv. 11. gr. ber að gæta þess að baka dýrum ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er og nota deyfingu, þar sem við verður komið. Nú verður að ætla, að dýr kveljist, vegna tilrauna eða aðgerðar, til langframa, og skal þá deyða það, er tilraun eða aðgerð er um garð gengin.

[1]*L. 38/1968, 1. gr.*

IV. kafli. Um eftirlit með framkvæmd laganna o. fl.

■ **[14. gr.]**[1] Löggæzlumenn skulu hafa vakandi auga með því, að lögum þessum sé hlýtt.

□ Nú kemst löggæzlumaður að því, að aðbúnaði að dýri er ábótavant, eða verður áskynja um annars konar brot á lögum þessum, og skal hann þá gera lögreglustjóra viðvart, ef ekki verður ráðin bót á þessu þegar í stað. Skal lögreglustjóri leggja fyrir aðilja að bæta úr fyrirvaralaust eða innan tiltekins tíma, eftir atvikum. Heimilt er lögreglustjóra að leggja við dagsektir allt að 200 krónum, er renni í ríkissjóð, ef aðili skeytir ekki fyrirmælum. Lögreglustjóri getur meðal annars mælt svo fyrir, að umráðamaður dýrs skuli flytja dýr á hæfilegan geymslustað, ræsta geymslurúm dýrs, annast um sæmilegan hita í geymslurúmi dýrs, afla nægilegs fóðurs og drykkjar eða jafnvel fækka gripum, ef ekki er annars úrkosta. Lögreglustjóri skal hafa samráð við embættisdýralækni eða löggiltan dýralækni um þessi fyrirmæli, ef föng eru á því.

□ Nú skipast aðili ekki eftir fyrirmælum lögreglustjóra, og hlutast lögreglustjóri þá til um framkvæmd á fyrirmælum á kostnað eiganda dýra eða annars rétthafa. Ekki er þó heimilt að farga skepnum eða taka þær frá aðilja eða neyta annarra þeirra úrræða, sem valdið geta aðilja miklum fjárútlátum eða miklu fjártjóni, nema héraðsdýralæknir — eða yfirdýralæknir, þar sem ekki er völ á héraðsdýralæknum — hafi lýst sig samþykkan slíkum aðgerðum. Veita skal aðilja færi á að tjá sig um slíkar aðgerðir, áður en til þeirra er gripið. Ef annar er umráðamaður dýrs en eigandi, skal einnig veita eiganda tækifæri á að lýsa afstöðu sinni til máls.

□ Endurgreiðslukröfur lögreglustjórnar á hendur aðilja samkv. þessari grein eru lögtakskræfar.

[1]*L. 38/1968, 1. gr.*

■ **[15. gr.]**[1] Nú er embættisdýralæknir eða löggiltur dýralæknir kvaddur til dýrs, sem er sjúkt og lemstrað, og rannsókn hans leiðir í ljós, að dýrið sé ekki lífvænlegt, og er honum þá skylt að hlutast til um, að það sé deytt, enda sé dýrið haldið miklum kvölum. Deyðing fer fram á kostnað eiganda (umráðamanns) dýrs. Löggæzlumönnum er skylt að aðstoða við deyðingu dýrs samkvæmt lögmætri ákvörðun dýralæknis, eftir því sem hann mælir fyrir um.

□ Dýralæknir á kröfu á ríkissjóð samkvæmt 1. málsgr., en ríkissjóður á bakkröfu á hendur eiganda dýrs eða umráðamanni, og er sú krafa lögtakskræf.

[1]*L. 38/1968, 1. gr.*

■ **[16. gr.]**[1] Nú verður maður var við dýr, sem er sjúkt, lemstrað eða bjargarvana að öðru leyti, og er honum þá skylt að veita því umönnun eftir föngum og gera eiganda (umráðamanni), löggæzlumönnum eða dýralækni viðvart án ástæðulausrar tafar. Ef högum dýrs er þannig farið, að telja verður sjúkdóm dýrs eða lemstur tvímælalaust banvæn, er þeim, sem sér dýrið, heimilt eða jafnvel skylt að deyða það, ef dýrið er mjög kvalið og ekki er unnt að ná til eiganda (umráðamanns), löggæzlumanns eða dýralæknis með hröðum hætti. Þeim, sem deyðir dýr samkvæmt þessu ákvæði, er skylt að skýra löggæzlumanni frá því jafnskjótt og föng eru á.

[1]*L. 38/1968, 1. gr.*

1957 Nr. 21 13. apríl

V. kafli. Stjórn dýraverndarmála.

■ **[17. gr.]**[1] Menntamálaráðuneytið hefur yfirstjórn allra mála, er varða dýravernd. Ráðuneytið nýtur aðstoðar dýraverndarnefndar um stjórn þeirra málefna. Menntamálaráðuneyti skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 5 menn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands, einn eftir tillögu Dýraverndunarfélags Íslands, einn eftir tillögu Hins íslenzka náttúrufræðifélags, einn eftir tillögu Dýralæknafélags Íslands. Menntamálaráðuneyti skipar einn nefndarmanna án tilnefningar, en nefndin kýs sér formann úr sínum hópi.

□ Tillagna dýraverndarnefndar skal leitað við setningu reglugerða eða annarra stjórnvaldsreglna um dýravernd. Nefndinni er og skylt að gera tillögur til menntamálaráðuneytis um allt það, sem horfir til framdráttar dýravernd í landinu. Dýraverndarnefnd skal láta löggæzlumönnum, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um málefni, er varða dýravernd, eftir tilmælum þeirra. Nefndin skal enn fremur beita sér fyrir því að auka þekkingu manna og skilning á dýraverndarmálum.

□ Dýraverndarnefnd starfar kauplaust, en framlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er menntamálaráðherra samþykkir.

[1]*L. 38/1968, 1. gr.*

VI. kafli. Um refsingu og önnur viðurlög.

■ **[18. gr.]**[1] Brot á lögum þessum eða á reglum eða reglugerð, sem sett er með stoð í þeim, varðar sektum ...[2] eða varðhaldi allt að 1 ári. Ef brot er stórfellt eða ítrekað, má beita fangelsisrefsingu allt að 2 árum.

□ Brot dýralæknis á ákvæðum 14. gr.[3] 1. málsgr. varðar sektum.

□ Hlutdeild í brotum á lögum þessum og tilraun til brota er refsiverð, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga.

□ Sektir samkv. lögum þessum renna í ríkissjóð.

[1]*L. 38/1968, 1. gr.* [2]*L. 75/1982, 7. gr.* [3]*Nú 15. gr.*

■ **[19. gr.]**[1] Nú hefur maður gerzt sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða eldri refsiákvæðum, er varða dýravernd, og er þá unnt að svipta hann heimild til að eiga dýr, nota þau eða hafa í umráðum sínum, verzla með þau, slátra þeim eða sýsla um þau með öðrum hætti. Heimildarsvipting þessi getur lotið að dýrum almennt eða einstökum dýrategundum, og má ýmist svipta menn þessum heimildum um tiltekið tímabil eða ævilangt. Heimildarsviptingu má beita gagnvart ósakhæfum manni. Ákæruvald getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í refsimáli eða sérstöku máli á hendur sakborningi. Aðili, sem sviptur er heimild samkv. 1. málsgr. og skeytir ekki þessu ákvæði dóms, skal sæta sektum. Sá maður, sem veit af slíku

1957 Nr. 21 13. apríl

dómsákvæði og fær allt að einu dómfellda dýr til umráða andstætt dómsákvæði skal sæta sektum.

[1] *L. 38/1968, 1. gr.*

■ **[20. gr.]**[1] Foreldrum eða öðrum forráðamönnum barna yngri en 15 ára er skylt að stuðla að því, að þau hlýðnist fyrirmælum þessara laga. Nú fremur barn á ofangreindum aldri brot á lögum þessum og brotið er framið með vitund foreldra eða forráðamanna, og skal þeim þá refsað fyrir brotið, ef sannað er, að þeir hafi vanrækt að koma í veg fyrir brotið.

[1] *L. 38/1968, 1. gr.*

VII. kafli. Almenn ákvæði, gildistaka laga og brottfallin lög.

■ **[21. gr.]**[1] Menntamálaráðuneyti setur reglugerð um slátrun búpenings og um rekstur búfjár til slátrunar og annan flutning búfjár innanlands og um flutning á húsdýrum öðrum en hrossum til útflutnings.[2] Einnig er ráðuneytinu heimilt að setja fyllri reglur í reglugerð um efni þau, sem um ræðir í lögum þessum, auk þeirra atriða, sem greinir í 4., 8. og 11. gr.[3]

□ Stjórnvaldsreglur um dýravernd, sem settar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu, unz nýjar reglur eru settar.

[1] *L. 38/1968, 1. gr.* [2] *Rg. 127/1958, sbr. 232/1968 (um meðferð búfjár við rekstur og flutning með vögnum, skipum og flugvélum). Evrópusamn. 13. 12. 1968 um vernd dýra í millilandaflutningum, augl. C 8/1969.* [3] *Nú 4., 9. og 12. gr.*

■ **[22. gr.]**[1] Um rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögum þessum fer að hætti laga nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála.[2]

□ Kostnaður við framkvæmd laganna telst til almenns löggæzlukostnaðar, nema annars sé getið.

[1] *L. 38/1968, 1 gr.* [2] *Nú l. 74/1974.*

1940 Nr. 28 12. febr.

Lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

■ **1. gr.** [Hreindýr skulu friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum. Nú telur eftirlitsmaður hreindýra, að þeim hafi fjölgað svo, að stofninum stafi eigi hætta af veiðum, og er ráðherra þá rétt að heimila veiðar, enda skal hann þá setja reglur um veiðarnar, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanna og eftirlitsmanns, og kveða á um, hvert renna skuli hagnaður, er verða kann af veiðunum. Heimilt er ráðherra að veita mönnum leyfi til að handsama dýr til eldis.][1]

[1] *L. 72/1954, 1. gr.*

■ **2. gr.** Ráðherra er heimilt að skipa sérstakan mann eða menn til aðstoðar yfirvöldum landsins við eftirlit með, að lögum þessum sé hlýtt, og til þess að hafa að öðru leyti eftirlit með hreindýrum. Kostnaður, sem af þessu kann að leiða, greiðist úr ríkissjóði.

■ **3. gr.** [Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varðar sektum eða varðhaldi.

□ Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.][1]

[1] *L. 75/1982, 8. gr. A.*

■ **4. gr.** ...[1]

[1] *L. 75/1982, 8. gr. B.*

1914 Nr. 23 2. nóv.

Lög um friðun héra.

■ **1. gr.** Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, að hérar skuli friðaðir vera, nokkurn hluta árs eða allt árið.

■ **2. gr.** Brot gegn ákvæðum þeim, er sett verða samkvæmt 1. gr., varða 20. kr. sekt fyrir hvert dýr, sem drepið er eða veitt; rennur helmingur sektarinnar í sjóð þeirrar sveitar, þar sem brotið var framið, en helmingurinn til uppljóstrarmanns.

□ Með mál út af brotum á friðunarákvæðunum skal farið sem opinber lögreglumál.

1914 Nr. 23 2. nóv.

Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um fuglaverndun.

1956 Nr. 14 15. febr.

Hinn 28. janúar 1956 var utanríkisráðuneyti Frakklands afhent aðildarskjal Íslands að alþjóðasamningi um fuglaverndun, sem gerður var í París hinn 18. október 1950.

□ Fylgir samningurinn hér með í íslenzkri þýðingu og miðast gildistaka aðildar Íslands að samningnum við afhendingardag aðildarskjalsins.[1]

[1] *Um samninginn vísast til Lagasafns 1965 d. 2145—2148.*

1971 Nr. 19 5. apríl

Útvarpslög.

I. kafli. Ríkisútvarpið.

■ **1. gr.** Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eign íslenzka ríkisins.

■ **2. gr.** Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi, það er útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt. Í þessu skyni reisir Ríkisútvarpið sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum.

□ Heimilt er Ríkisútvarpinu að flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki, sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp, enda fullnægi tækin þeim skilyrðum um öldutíðni, útgeislun o. fl., sem ákveðið er samkvæmt alþjóðasamþykktum og reglugerðum varðandi fjarskipti, sem Ísland er aðili að.

■ **3. gr.** Ríkisútvarpið skal stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenzka tungu. Það skal meðal annars flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum, þar á meðal umferðar- og slysavarnarmálum. Það skal kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Það skal halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar. Það skal flytja fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri.

□ Útvarpsefni skal miða við fjölbreytni íslenzks þjóðlífs, svo og við þarfir og óskir minni hluta sem meiri hluta. Veita skal alla þá þjónustu, sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma.

□ Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum.

■ **4. gr.** Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra, sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

□ Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess að settum reglum um hana sé fylgt.

□ Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þar á meðal auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

■ **5. gr.** [Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir, ásamt jafnmörgum varamönnum, kosnir hlutfallskosn-

ingu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

□ Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.][1)]

[1)] *L. 8/1975, 1. gr.*

■ **6. gr.** Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum, og leggur fullnaðarsamþykkt á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda.

□ Ráðið setur reglur eins og þurfa þykir til gæzlu þess, að fylgt sé ákvæðum 3. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar.

■ **7. gr.** Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í þremur deildum, fjármáladeild, sem fjallar um sameiginleg mál stofnunarinnar, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild. Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild.

□ Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu á starfi deilda og gera tillögur um önnur mál, sem fyrir hana verða lögð.

□ Starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs, ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

II. kafli. Dreifing og réttindi.

■ **8. gr.** Ríkisútvarpið og Landssími Íslands skulu hafa náið samstarf til að tryggja, að útvarps- og fjarskiptastarfsemi verði í heild sem hagstæðust fyrir þjóðina.

□ Heimilt er útvarpsstjóra, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að semja við Landssíma Íslands um að reisa og reka sendistöðvar og endurvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins.

■ **9. gr.** Ríkisútvarpið hefur sama rétt og Landssími Íslands um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er að leggja svo nýjar lagnir, að þær trufli lagnir eða tæki Ríkisútvarpsins.

□ Reynist raflagnir, vélar eða tæki, hvers kyns sem eru, valda truflunum á starfsemi Ríkisútvarpsins, er því heimilt að gera eða fyrirskipa á kostnað eigenda nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra slíkar truflanir.[1)] Starfsmönnum Ríkisútvarpsins er heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna til eftirlits eða athugana á þessum efnum.

[1)] *Rg. 49/1930, sbr. 96/1930 og 105/1931.*

■ **10. gr.** Heimilt er Ríkisútvarpinu án endurgjalds eða nokkurra kvaða að leggja nauðsynlegar leiðslur fyrir upptöku eða útsendingu útvarpsefnis um kirkjur, leikhús, félagsheimili, samkomuhús, íþróttamannvirki, skóla, veitingasali og hvarvetna þar, sem almennir mannfundir eru haldnir og koma þarf fyrir tækjum í því skyni, ljósabúnaði eða öðru, sem því fylgir. Allar slíkar framkvæmdir skulu vera húseigendum að skaðlausu. Réttur til að hljóðrita, myndrita eða útvarpa því, sem fram fer á þessum stöðum, er óviðkomandi þessu ákvæði.

■ **11. gr.** Heimilt er Ríkisútvarpinu að útvarpa án endurgjalds öllu því efni, sem lög um höfundarétt eða prentrétt heimila að prenta megi eða birta án gjalds. Heimilt er einnig að útvarpa messugjörðum án endurgjalds.

■ **12. gr.** Útvarpsviðtæki má ekki nota til viðtöku á öðru efni en útvarpsefni. Útvarpsnotandi, sem af tilviljun hlustar á aðrar þráðlausar talsendingar eða loftskeyti, má ekki flytja öðrum slíkar fregnir og ekki heldur hagnýta sér þær í fjárgróðaskyni á einn eða annan hátt.

□ Óheimilt er útvarpsnotanda að hagnýta sér útvarpsefni til fjárgróða, til dæmis með upptöku þess, útgáfu eða með því að selja aðgang að viðtæki sínu.

III. kafli. Fjármál.

■ **13. gr.** Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar eða útvarpsnota.

□ Megintekjustofnar Ríkisútvarpsins eru gjöld fyrir útvarpsafnot, gjöld fyrir auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi og aðrir tekjustofnar, sem Alþingi kann að ákveða.

□ Útvarpsstjóri kynnir fjárhagsáætlun fyrir útvarpsráði, en sendir hana menntamálaráðherra. Alþingi staðfestir áætlunina endanlega í fjárlögum.

□ Menntamálaráðherra ákveður afnotagjald og auglýsingataxta að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

■ **14. gr.** [Í sjóð, er nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar.][1)]

□ Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.

[1)] *L. 49/1979, 1. gr.*

■ **15. gr.** Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem er eigandi viðtækis, er nota má til að hagnýta útvarp ríkisins, skal greiða Ríkisútvarpinu árlegt afnotagjald. Innheimta skal hljóðvarpsgjald og sjónvarpsgjald. Í reglugerð má ákveða, að afnotagjald skuli greiða af hverju sjónvarpstæki, þótt fleiri séu en eitt á heimili eða í stofnun, og að gjald skuli greiða af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í sjónvarps- eða talstöðvartækjum. Einnig má ákveða, að gjald skuli greiða af viðtækjum, sem notuð eru í bifreiðum eða skipum. Ef stofnun greinist í deildir, má ákveða, að greiða skuli fyrir útvarpsafnot í hverri deild um sig.

□ Heimilt er með reglugerð að sameina hljóðvarps- og sjónvarpsgjöld í eitt gjald.

□ Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 21. gr. laga um almannatryggingar frá 1963,[1)] verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalda af hljóðvarpi.

[1)] *Nú l. 67/1971, 19. gr.*

■ **16. gr.** Hver sá, er hagnýtir sér útvarp ríkisins, skal tilkynna viðtæki sitt til Ríkisútvarpsins. Nær þetta til allra sjónvarpsviðtækja og eins hljóðvarpsviðtækis á hverju heimili eða í hverri stofnun, sbr. þó ákvæði 15. gr. um notkun hljóðvarpsviðtækja í bifreiðum og skipum, svo og í stofnunum, sem greinast í deildir.

□ Þegar eigendaskipti verða að viðtæki, hvort heldur nýju eða notuðu, þar á meðal vegna sölu frá aðila, sem verzlar með viðtæki, skal nýr eigandi, svo og sá, sem af

hendi lætur, tilkynna Ríkisútvarpinu eigendaskiptin þegar í stað. Tekur þetta einnig til sölu viðtækis með eignarréttarfyrirvara.

□ Hver sá, er fæst við sölu hljóðvarps- eða sjónvarpsviðtækja, skal tilkynna það Ríkisútvarpinu mánaðarlega.

□ Tilkynningar samkvæmt grein þessari skulu skráðar á eyðublöð, sem Ríkisútvarpið lætur í té og fá má hjá því og lögreglustjórum. Í tilkynningu um eigendaskipti skal greina fullt nafn og heimilisfang nýs eiganda, nafnnúmer hans, ef um einstakling er að ræða, svo og tegund sjónvarpsviðtækis og framleiðslunúmer. Enn fremur skal rita á eyðublöðin aðrar þær upplýsingar, sem þar kann að vera gert ráð fyrir og nánar greinir í reglugerð.

■ **17. gr.** Ríkisútvarpið heldur skrá yfir öll sjónvarpsviðtæki, sem notuð eru hér á landi og í íslenzkum skipum og flugvélum. Skráin skal vera lausblaðaskrá.

□ Í skránni skal greina:

1. Skráningarnúmer, sem helzt óbreytt, meðan viðtækið er skráð hjá Ríkisútvarpinu.
2. Tegund viðtækis og framleiðslunúmer.
3. Dagsetningu frumskráningar.
4. Fullt nafn og heimilisfang eiganda, svo og nafnnúmer hans, sé um einstakling að ræða.
5. Dagsetningu bústaðaskipta eiganda og hið nýja heimilisfang hans.
6. Dagsetningu eigendaskipta, með hverjum hætti sem verða, og upplýsingar um nýjan eiganda, eins og segir í 4. tölulið. Einnig skal greina, hvaða dag tilkynning um eigendaskipti barst Ríkisútvarpinu.
7. Upplýsingar um lögtak, sem gert kann að vera í viðtæki samkvæmt 20. gr., ásamt dagsetningu.

□ Afmá skal sjónvarpsviðtæki af skrá, ef sönnur, sem innheimtustjóri metur gildar, eru á það færðar, að tækið sé orðið ónýtt eða verði af öðrum ástæðum ekki notað lengur til móttöku sjónvarps samkvæmt 1. mgr.

■ **18. gr.** Afnotagjaldi af sjónvarpsviðtæki ásamt dráttarvöxtum eða öðru vangreiðsluálagi og öllum innheimtukostnaði fylgir lögveðréttur í viðtækinu, sem helzt, þótt eigendaskipti verði. Gengur veðið fyrir hvers konar eldri sem yngri samningsveðum, dómveðum og öðrum höftum, sem á viðtæki kunna að hvíla, nema eignarréttarfyrirvörum.

□ Lögveðið helzt í þrjú ár frá gjalddaga.

□ Ef skráðum eiganda sjónvarpsviðtækis er skylt að greiða afnotagjald af hljóðvarpsviðtæki, skal því gjaldi einnig fylgja lögveðréttur í sjónvarpsviðtæki hans, eins og segir í 1. mgr.

□ Eigendur hljóðvarpsviðtækja og sjónvarpsviðtækja bera persónulega ábyrgð á greiðslu gjalda af þeim til Ríkisútvarpsins, sem á hafa fallið, áður en tilkynning um eigendaskipti samkvæmt 16. gr. hefur borizt Ríkisútvarpinu.

■ **19. gr.** Ráðherra skipar innheimtustjóra Ríkisútvarpsins, sem fullnægja skal almennum dómaraskilyrðum.

■ **20. gr.** Þegar liðinn er mánuður frá því, að afnotagjöld af hljóðvarpsviðtækjum og sjónvarpsviðtækjum féllu í eindaga, getur innheimtustjóri krafizt lögtaks fyrir ógreiddum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði, og skal úrskurður auglýstur eins og fyrir er mælt um opinber gjöld.

■ **21. gr.** Innheimtustjóri getur framkvæmt eða látið framkvæma innsiglun á útvarpsviðtæki:

1. Ef það er hagnýtt til útvarpsmóttöku, án þess að það hafi verið tilkynnt til Ríkisútvarpsins.
2. Ef vanskil eru orðin á greiðslu afnotagjalds af því.
3. Ef hlutaðeigandi aðili hefur sagt upp útvarpsnotum.

□ Nú eru fyrir hendi skilyrði samkvæmt 1. tölulið 1. mgr., eða gert hefur verið lögtak í viðtæki fyrir vangreiddu afnotagjaldi og getur þá innheimtustjóri tekið eða látið taka viðtækið úr vörzlum eiganda eða annars vörzlumanns.

□ Viðkomandi héraðsdómari kveður upp dómsúrskurði, ef nauðsyn ber til vegna framangreindra framkvæmda.

IV. kafli. Ábyrgð á útvarpsefni.

■ **22. gr.** Ef útsending á útvarpsefni brýtur í bága við lög, fer um refsi- og fébótaábyrgð svo sem hér segir:

Sá, sem flytur sjálfur efni í eigin nafni, ber ábyrgð á því. Gildir það bæði um efni, sem útvarpað er samtímis því, að það er flutt, og efni, sem útvarpað er samkvæmt áður gerðri upptöku. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til samtals í útvarpi, þannig að hver, sem tekur þátt í samtali í eigin nafni, ber ábyrgð á sínu framlagi í því.

Flytjandi ber ábyrgð á efni, sem annar maður hefur samið.

Á samsettu dagskrárefni ber sá ábyrgð, sem útsendingu stjórnar hverju sinni, enda sé ekki um að ræða flutning eða samtal, sem ábyrgðarreglur 2. eða 3. mgr. taka til. Jafnan skal skrá fyrir fram í gerðabók, hver sé stjórnandi útsendingar.

Auglýsandi ber ábyrgð á auglýsingu.

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á öðru efni.

Nú hefur tiltekinn starfsmaður Ríkisútvarpsins, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur, og ber Ríkisútvarpið þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

■ **23. gr.** Engan skal dæma til ábyrgðar vegna útsendingar á útvarpsefni né fyrir hlutdeild í útsendingu annan en þann, sem ábyrgð ber eftir ákvæðum 22. gr.

□ Skylt er Ríkisútvarpinu að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um, hver ábyrgð hafi borið á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 22. gr.

□ Um rétt til málssóknar út af brotum í sambandi við útsendingu útvarpsefnis fer eftir almennum reglum laga. Refsiábyrgð og fébótaskylda falla niður, ef 6 mánuðir líða frá útsendingu án þess að einkamál sé höfðað, krafa hafi verið borin fram um opinbera málssókn, þegar það á við, eða hafin sé opinber réttarrannsókn út af broti, ef það á að sæta skilyrðislausri opinberri saksókn.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **24. gr.** Brot gegn einkarétti Ríkisútvarpsins samkvæmt 2. gr. og óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 12. gr. varða sektum. Beita má varðhaldsrefsingu, ef sök er stórfelld. Upptæk má gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt, sbr. 2. gr., svo og viðtæki, sem notuð hafa verið til hagnýtingar á útvarpsefni í fjárgróðaskyni, sbr. 12. gr.

□ Vanræksla á tilkynningum samkvæmt 16. gr. varðar

1971 Nr. 19 5. apríl

1971 Nr. 19 5. apríl

sektum. Ef um er að ræða aðila, sem verzlar með viðtæki, skal sektarupphæð ekki vera lægri en kr. 100 000,00.

□ Um önnur brot á lögum þessum fer eftir viðeigandi ákvæðum almennra hegningarlaga.

■ **25. gr.** Ráðherra setur með reglugerð[1)] nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra. Ákveða má í reglugerð, að brot gegn ákvæðum hennar varði refsingu samkvæmt lögunum.

[1)] *Rg. 260/1974, sbr. 431/1980.*

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Útvarpsráð skal í fyrsta sinn kosið samkvæmt lögum þessum að loknum alþingiskosningum í júní 1971.

1982 Nr. 36 7. maí

Lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

■ **1. gr.** Hljómsveitin heitir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

□ Sinfóníuhljómsveit Íslands er sjálfstæð stofnun með sérstakan fjárhag og lýtur sérstakri stjórn. Málefni hennar heyra undir menntamálaráðuneytið.

■ **2. gr.** Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m. a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp. Sérstaka áherslu ber að leggja á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar, utan lands sem innan, ef tilefni gefast.

□ Í öllu starfi hljómsveitarinnar skal kappkosta að hafa sem best samstarf við þá aðila aðra sem að skyldum markmiðum vinna, einkum aðra íslenska flytjendur tónlistar, einstaklinga, hópa og stofnanir.

□ Tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er.

■ **3. gr.** Að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands standa eftirtaldir aðilar og greiða þeir rekstrarkostnað hennar í eftirgreindum hlutföllum:

a. Ríkissjóður 56%.
b. Ríkisútvarp 25%.
c. Borgarsjóður Reykjavíkur 18%.
d. Bæjarsjóður Seltjarnarness 1%.

□ Með samþykki rekstraraðila getur menntamálaráðuneytið heimilað fleiri sveitarfélögum aðild að rekstri hljómsveitarinnar.

□ Efna má til samvinnu á viðskiptagrundvelli milli Sinfóníuhljómsveitarinnar annars vegar og Þjóðleikhússins, Íslensku óperunnar, Íslenska dansflokksins og annarra aðila hins vegar um einstök verkefni eftir því sem tilefni gefast til og önnur starfsemi hljómsveitarinnar leyfir.

□ Samningur sé gerður milli Sinfóníuhljómsveitarinnar og Ríkisútvarpsins um réttindi Ríkisútvarpsins varðandi flutning á tónlistarefni hljómsveitarinnar á móti framlagi útvarpsins samkv. þessari grein og sé í samningnum miðað við þá hefð og venjur sem í þeim efnum hafa mótast á undanförnum árum.

□ Sinfóníuhljómsveitin skal kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi, svo að sem mest af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greitt af slíkum tekjum hennar.

■ **4. gr.** Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg, einum tilnefndum af starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af fjármálaráðuneytinu og einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu. Menntamálaráðuneytið skipar formann án tilnefningar. Menntamálaráðuneytið skipar stjórnina til fjögurra ára og ákveður henni þóknun sem greiðist af rekstrarfé hljómsveitarinnar.

1982 Nr. 36 7. maí

■ **5. gr.** Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður sér framkvæmdastjóra og ber hann ábyrgð á störfum sínum gagnvart henni. Hann skal ráðinn til 4 ára í senn en endurráðning er heimil. Stjórn hljómsveitarinnar ákveður verksvið framkvæmdastjóra.

■ **6. gr.** Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra og skipar verkum með þeim.

□ Stjórnin ræður hljóðfæraleikara, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, í minnst 65 stöðugildi. Aðra hljóðfæraleikara ræður stjórnin eftir því sem viðfangsefni krefjast, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra og innan þeirra marka sem fjárframlög heimila, enda hafi viðfangsefnið verið samþykkt í fjárhagsáætlun.

□ Um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar fer eftir kjarasamningum þeirra og fjármálaráðherra.

□ Heimilt er að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar í takmarkaðan tíma eða fá verk til flutnings hjá tónskáldum.

■ **7. gr.** Við verkefnaval Sinfóníuhljómsveitar Íslands skal stjórn hennar njóta aðstoðar verkefnavalsnefndar. Skal hún skipuð 7 mönnum, einum tilnefndum af Tónskáldafélagi Íslands, einum tilnefndum af Ríkisútvarpinu, einum tilnefndum af starfsmönnum hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af Reykjavíkurborg. Ráðinn hljómsveitarstjóri og konsertmeistari skulu einnig skipa nefndina en formaður hennar er tilnefndur af menntamálaráðuneytinu og skal hann hafa staðgóða tónlistarmenntun.

□ Verkefnavalsnefndin skal skila áætlun um verkefni hljómsveitarinnar og gera kostnaðaryfirlit fyrir eitt ár í senn og skal leggja það fyrir stjórn til samþykktar eigi síðar en 1. júní ár hvert. Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist af rekstrarfé stofnunarinnar.

■ **8. gr.** Stjórn hljómsveitarinnar skal leggja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir fjárveitingaraðila með nægum fyrirvara til þess að gögn liggi fyrir þegar fjárlög eru undirbúin og afgreidd og fjárhagsáætlanir viðkomandi sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri býr starfs- og fjárhagsáætlunina í hendur stjórnarinnar. Stjórnin ber ábyrgð á að fjárreiður og reikningshald sé í góðu lagi. Efnahags- og rekstrarreikningur skal gerður að loknu hverju almanaksári og sendur ríkisendurskoðun til endurskoðunar. Við gildistöku þessara laga telst Sinfóníuhljómsveit Íslands eiga höfuðstól samkvæmt efnahagsreikningi hljómsveitarinnar pr. 31. desember 1980.

■ **9. gr.** Heimilt er að semja við ríkisbókhaldið um að það taki að sér bókhald Sinfóníuhljómsveitarinnar. Starfsfólk á skrifstofu og til aðstoðar við æfingar, tónleika, nótnavörslu og annað skal framkvæmdastjóri ráða að fengnu samþykki ráðninganefndar ríkisins.

■ **10. gr.** Sinfóníuhljómsveit Íslands skal árlega fara í tónleikaferðir um landið. Gera skal sérstaka fjárhagsáætlun vegna ferðanna. Hluti skemmtanaskatts (10%)

1982 samkvæmt 7. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt
Nr. 36 rennur til greiðslu kostnaðar ferðanna.
7. maí ■ **11. gr.** Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

1967 Lög um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum.
Nr. 19
14. apríl ■ **1. gr.** Úr gildi er numinn II. kafli laga nr. 68/1934, um einkasölu á útvarpstækjum, svo og 2. málsliður 1. málsgreinar og 2. málsgrein III. kafla sömu laga.
■ **2. gr.** Eignir Viðtækjaverzlunar ríkisins skulu að frádregnum 1,8 milljónum króna, sem ganga eiga til ríkissjóðs, vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar og 1,0 milljón króna, sem verja skal til þess að ljúka Þjóðleikhúsbyggingunni, renna í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins, er jafnframt tekur á sig skuldbindingar Viðtækjaverzlunarinnar gagnvart lánardrottnum og starfsmönnum hennar.

1932 Lög um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins.
Nr. 14
23. júní ■ **1. gr.** Skylt er embættismönnum landsins og sýslunarmönnum án endurgjalds að flytja árlega eitt eða tvö erindi, eftir ákvörðun útvarpsráðs, í útvarp ríkisins um stofnun þá eða starfsgrein, er þeir veita forstöðu. Ef aðili óskar að vera laus við flutning erindis, eða hann getur það ekki útvarpinu eða ríkissjóði að kostnaðarlausu, vegna fjarvistar, skal hann í tæka tíð senda útvarpsráðinu erindi sitt fullsamið, en það felur aftur einhverjum starfsmanni útvarpsins að flytja erindið.
□ Lengd erindanna miðast við venjuleg útvarpserindi, og skulu þau miða til þess að veita almenningi yfirlitsfræðslu um unnin störf og fyrirætlanir í framkvæmdum þjóðarinnar og opinberri starfrækslu.
■ **2. gr.** Fyrir 1. október ár hvert semur útvarpsráðið skrá yfir þau erindi, er það óskar að fá samkvæmt lögum þessum. Skylt er útvarpsráði að tilkynna aðila með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara, hvenær erindi skuli flytja eða hvenær handrit að erindi skuli vera komið til útvarpsráðs.

1978 Lög um Þjóðleikhús.
Nr. 58
12. maí ■ **1. gr.** Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar.
■ **2. gr.** Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem leiksviði eru tengdar.
□ Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að vekja og auka áhuga landsmanna á þessum listgreinum, vinna að síbatnandi skilyrðum fyrir þær og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.
■ **3. gr.** Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Jafnframt skal það árlega flytja óperu og söngleiki og sýna listdans.
□ Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.
■ **4. gr.** Þjóðleikhúsið heyrir undir menntamálaráðuneytið. Stjórn þess er að öðru leyti í höndum þjóðleikhússtjóra og þjóðleikhúsráðs.
■ **5. gr.** Menntamálaráðherra skipar, eftir hverjar alþingiskosningar, fimm menn í þjóðleikhúsráð, fjóra eftir tilnefningu fjögurra stærstu þingflokkanna og einn samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra leikara. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins.
□ Hlutverk þjóðleikhúsráðs er að hafa eftirlit með starfsemi og rekstri Þjóðleikhússins. Leita skal tillagna þjóðleikhúsráðs um allar meiriháttar ákvarðanir er stofnunina varða.
■ **6. gr.** Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn, sbr. þó 13. gr., að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.
□ Ráðinn skal maður með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Endurnýja má ráðningu þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fjögurra ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal ráða annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.
□ Laun þjóðleikhússtjóra og annarra starfsmanna Þjóðleikhússins skulu ákveðin með sama hætti og annarra ríkisstarfsmanna.
■ **7. gr.** Við Þjóðleikhúsið skal starfa fjármálafulltrúi, er menntamálaráðuneytið skipar, eftir að starfið hefur verið auglýst og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.
□ Fjármálafulltrúi annast fjárreiður Þjóðleikhúss, reikningsskil og skrifstofustjórn. Hann er ráðunautur þjóðleikhússtjóra um fjármál og rekstur leikhússins.
■ **8. gr.** Ráðinn skal sérstakur framkvæmdastjóri, sem hafi með höndum skipulagsstarf innan leikhússins, yfirumsjón með vinnuhagræðingu hinna ýmsu deilda og fylgist með innkaupum þeirra, raði niður á æfingum og æfingatímum, skipuleggi leikferðir innanbæjar og utan og annist önnur skyld störf. Hann hefur þannig á hendi starfsmannastjórn ásamt þjóðleikhússtjóra og fjármálafulltrúa.
■ **9. gr.** Þjóðleikhússtjóri ræður leikara, söngvara, listdansara og aðra listamenn leikhússins svo og aðra starfsmenn þess. Hann gerir við þá starfssamninga í samráði við fjármálafulltrúa leikhússins.
■ **10. gr.** Við Þjóðleikhúsið skulu starfa bókmennta- og leiklistarráðunautur (dramaturg), tónlistarráðunautur og listdansstjóri (balletmeistari). Ræður þjóðleikhússtjóri þá til jafnlangs tíma og hann er sjálfur ráðinn. Skulu bókmennta- og leiklistarráðunautur og listdansstjóri vera í fullu starfi, en starf tónlistarráðunauts skal vera ⅓ af fullu starfi.
■ **11. gr.** Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og hefur forystu um að móta listræna stefnu þess. Þjóðleikhússtjóri semur starfs- og fjárlagaáætlun leikhússins með aðstoð fjármálafulltrúa og bókmennta- og leiklistarráðunautar og leggur hana fyrir þjóðleikhúsráð.
□ Þjóðleikhússtjóri stjórnar leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum. Um fjárhagslega framkvæmd er fjármálafulltrúi til aðstoðar honum, en bókmennta- og leiklistarráðunautur að því er tekur til listrænnar starfsemi. Einnig skal hafa samráð við tónlistarráðunaut um val og flutning á óperum og söngleikjum, svo og við listdansstjóra, að því er listdans varðar.
□ Við samningu verkefnaskrár skal leitast við, að nýting starfskrafta verði hagkvæm og tillit tekið til listrænn-

1978 Nr. 58 12. maí

ar velferðar og þroska listamannanna.

■ **12. gr.** Miða skal við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti að staðaldri leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að rækja samkvæmt lögum þessum. Við Þjóðleikhúsið skal starfa blandaður kór. Úr hópi kórfélaga skal á hverju leikári kjósa einn félaga, sem skal verða þjóðleikhússtjóra og tónlistarráðunaut til fulltingis við val óperu og söngleikja.

□ Þjóðleikhúsinu er heimilt, eftir því sem aðstæður leyfa, að ráða til starfa leikritahöfund eða aðra höfunda allt að einu ári.

■ **13. gr.** Leikár Þjóðleikhússins telst frá 1. september til 31. ágúst. Ráðningartími leikara, söngvara, listdansara og annarra listamanna leikhússins skal fara eftir gildandi samningum við stéttarfélög hlutaðeigandi listamanna.

□ Þjóðleikhússtjóri skal ráðinn og launaður frá 1. janúar og eiga þess kost að fylgjast með starfsemi leikhússins til loka þess leikárs. Hann undirbýr starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár og fer með atkvæði þjóðleikhússtjóra í framkvæmdaráði, þegar þar er um hana fjallað, en tekur að fullu við störfum í upphafi nýs leikárs.

■ **14. gr.** Þjóðleikhúsráð tekur þátt í stofnun og rekstri leikmunasafns ásamt sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins. Veita skal Leikfélagi Reykjavíkur og öðrum leikfélögum kost á aðild að safninu, ef um það næst samkomulag við menntamálaráðuneytið. Við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar Þjóðleikhússins skal miðað við, að nægileg fjárhæð gangi til að greiða kostnað þess af leikmunasafninu.

□ Í leikmunasafni skal safnað saman, eftir því sem ástæða þykir til, búningum og sviðsbúnaði, sem notaður hefur verið við sýningar Þjóðleikhússins og sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins svo og annarra leikfélaga, sem aðild eiga að safninu. Skulu safnmunir þessir leigðir leikfélögum landsins til notkunar við sýningar, og ákveður stjórn safnsins leigu og önnur viðskiptakjör. Safnið skal hafa í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateiknara. Starfsemi safnsins skal miðuð við, að hún verði leiklist í landinu að sem mestu liði og að það fjármagn, sem til þessara hluta er varið, nýtist sem best.

□ Menntamálaráðuneytið setur safninu reglugerð, þar sem m. a. skal ákveðið, hvernig stjórn þess og forstöðu skuli háttað.

□ Þangað til leikmunasafni hefur verið komið á fót, skal Þjóðleikhúsið leigja leikfélögum leiktjöld, búninga o. fl., eftir því sem stjórn Þjóðleikhússins telur við verða komið.

■ **15. gr.** Þjóðleikhúsið skal kappkosta að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té gistileikara og leikstjóra til leiðbeiningar, eftir því sem unnt er. Gera skal leikfélögum áhugamanna kleift að fylgjast með starfi Þjóðleikhússins. Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar á starfstíma þess leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir hingað erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

■ **16. gr.** Þjóðleikhúsið skal svo fljótt sem verða má koma sér upp öðru leiksviði, svo mögulegt sé að framkvæma ákvæði þessara laga, og leysi það þá af hólmi bráðabirgðasvið það sem komið hefur verið upp í veitingasal leikhúskjallara.

■ **17. gr.** Þegar Þjóðleikhúsbyggingin er ekki notuð til þeirrar starfsemi sem lög þessi fjalla um, má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

■ **18. gr.** Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og aflafé leikhússins hrekkur ekki til. Eigi skal ráða í nýjar stöður samkvæmt lögum þessum fyrr en fé er veitt til þess á fjárlögum.

■ **19. gr.** Þjóðleikhúsbyggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

■ **20. gr.** Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð[1] nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

[1] *Rg. 549/1982.*

■ **21. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86 5. júní 1947, um Þjóðleikhús, og önnur ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

1978 Nr. 58 12. maí

Lög um Veðurstofu Íslands.

1958 Nr. 17 27. marz

■ **1. gr.** Veðurstofa Íslands er ríkisstofnun með heimilisfangi í Reykjavík. Veðurstofustjóri, skipaður af ráðherra, fer með stjórn hennar og annast framkvæmd þeirra málefna, sem henni eru falin undir yfirstjórn ráðherra.

■ **2. gr.** Starfssvið Veðurstofunnar skal vera sem hér segir:

1. Að setja upp og starfrækja veðurstöðvar, leiðbeina veðurathugunarmönnum og hafa eftirlit með störfum þeirra.

2. Að safna daglegum veðurskeytum, innlendum og erlendum, sjá um, að úrvali innlendra veðurskeyta sé dreift til alþjóðanota, semja veðurspár og sjá um dreifingu þeirra og leiðbeina um veðurskilyrði á flugleiðum og flugvöllum fyrir innanlandsflug og millilandaflug.

3. Að safna nákvæmum fregnum um hafís og senda út ísfregnir til skipa, þegar ástæða er til. Svo skal og safna fregnum, þegar jarðskjálfta, eldgos eða öskufall ber að höndum, og senda út tilkynningar um það, þegar ástæða þykir til.

4. Að safna gögnum til rannsókna á veðurfari landsins, vinna úr veðurskýrslum og gefa út veðurfarsskýrslur, er sýni skilyrði þau og takmörk, sem veðráttan setur atvinnuvegum landsmanna.

5. Að varðveita bóka- og skjalasafn Veðurstofunnar og sjá um, meðal annars með ritskiptum við erlendar stofnanir, að bókakostur verði svo fullkominn sem unnt er.

6. Að annast jarðskjálftamælingar og úrvinnslu þeirra. Ríkisstjórninni er heimilt að fela Veðurstofunni önnur tiltekin verkefni á sviði jarðeðlisfræði. Störf þau, sem greind eru í þessum lið, getur ríkisstjórnin þó falið öðrum stofnunum, ef henni þykir það hagkvæmara.

7. Að fylgjast með framförum og þróun veðurfræðinnar og annarra greina jarðeðlisfræði á starfssviði Veðurstofunnar, svo og að vinna að rannsóknum í þeim fræðigreinum.

8. Að annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina (World Meteorological Organization) og vinna í samráði við ríkisstjórnina að öðrum þeim málum, sem snerta alþjóðasamvinnu á starfssviði Veðurstofunnar.

1958 Nr. 17 27. marz

■ **3. gr.** Veðurstofustjóri ákveður, í samráði við ráðherra, hvar vera skuli veðurstöðvar innanlands og hvaða skipum og flugvélum skuli falið að annast veðurathuganir.

■ **4. gr.** Í veðurspám skal einkum lögð stund á að vara við þeim veðurfyrirbærum, sem valdið geta tjóni eða slysum. Þá skal þess og gætt, að veðurspár komi atvinnuvegum landsmanna að sem mestum notum.

□ Setja skal í reglugerð fyrirmæli um birtingu veðurfregna og hafísfregna.[1)]

[1)] *Reglur 57/1929.*

■ **5. gr.** Veðurfarsskýrslur skal gera þannig úr garði, að þær séu grundvöllur undir vísindalegar veðurfarsskýrslur og hafi jafnframt hagnýtt gildi fyrir atvinnuvegi landsmanna.

■ **6. gr.** Til þess að ná þeim tilgangi, sem í 4. og 5. grein segir, skal Veðurstofan hafa samband og samráð við opinberar stofnanir og fyrirsvarsstofnanir atvinnuvega og samgöngumála, eftir því sem ástæða þykir til. Veðurstofan skal, að því leyti sem henni er unnt án truflunar á almennri starfsemi sinni, verða við tilmælum slíkra stofnana eða einstaklinga um að láta í té munnlegar eða skriflegar skýrslur um veðurútlit, veðurfar og annað, sem starfsemi hennar varðar. Ef ástæða þykir til, má krefjast greiðslu fyrir slíkar skýrslur, miðað við þá vinnu, sem fram er lögð.

■ **7. gr.** Veðurþjónustu skal haga með hliðsjón af reglum þeim, sem Alþjóðaveðurfræðistofnunin setur og í gildi eru á hverjum tíma. Veðurþjónusta fyrir millilandaflug skal fara eftir gildandi reglum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (International Civil Aviation Organization) og Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar, eftir því sem unnt er.

■ **8. gr.** Ráðherra ræður og skipar fasta starfsmenn Veðurstofunnar eftir þörfum stofnunarinnar, að fengnum tillögum veðurstofustjóra.

□ Ákvæði um menntun starfsmanna skal sett í reglugerð.

□ Laun fastra starfsmanna skulu ákveðin í launalögum. Sé starfsmaður skipaður, sem ekki er gert ráð fyrir í launalögum, ákveður ráðherra laun hans til bráðabirgða, unz þau eru greind í launalögum.[1)]

□ Greiðslur til starfsmanna fyrir yfirvinnu og næturvinnu skulu ákveðnar í reglugerð. Einnig skal ákveða í reglugerð þóknun til veðurathugunarmanna.

[1)] *L. 46/1973 og l. 29/1976.*

■ **9. gr.** Reisa skal byggingu fyrir Veðurstofuna á stað, sem hentar starfsemi hennar, þegar fé verður veitt til þess í fjárlögum.

■ **10. gr.** Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um málefni og starfsemi Veðurstofunnar í samræmi við lög þessi.

1957 Nr. 12 27. febr.

Auglýsing um samning milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarskiptum.

Hinn 23. febrúar 1957 var undirritaður í Reykjavík samningur milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarskiptum.

□ Samningurinn var gerður á íslenzku og ensku og fylgir hann hér með.[1)]

[1)] *Samningurinn er birtur í Lagasafni 1965 d. 923—927.*

Lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga. **1968** Nr. 73 9. okt.

■ **1. gr.** Rétt til að kalla sig verkfræðinga eða heiti, sem felur í sér orðið verkfræðingur (civil-ingeniör, diplom-ingeniör), hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

■ **2. gr.** Engum má veita leyfi það er um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða tekníska háskóla, sem stéttarfélag verkfræðinga hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

□ Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu verkfræðistörf eigi skemur en sex ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

□ Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig verkfræðinga.

■ **3. gr.** Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

■ **4. gr.** Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 3. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingarlist við listaháskóla eða tekníska háskóla, sem stéttarfélag húsameistara hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

□ Að fengnum meðmælum stéttarfélags húsameistara hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu húsameistarastörf eigi skemur en 6 ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig húsameistara, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

□ Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsameistara.

■ **5. gr.** Rétt til að kalla sig tæknifræðinga (ingeniör) eða heiti, sem felur í sér orðið tæknifræðingur, hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

■ **6. gr.** Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 5. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í tæknifræði frá teknískum æðri skóla, sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

□ Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig tæknifræðinga.

■ **7. gr.** Rétt til að kalla sig byggingafræðinga (bygningskonstruktör) hafa hér á landi þeir einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

■ **8. gr.** Engum má veita leyfi það sem um ræðir í 7. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingafræði frá byggingafræðilegum æðri skóla, sem Byggingafræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

□ Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig byggingafræðinga.

■ **9. gr.** Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér orðið „ingeniör".

1968 Nr. 73 9. okt.

■ **10. gr.** Hver, sem kallar sig heiti, er leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum ...[1] Sektirnar renna í ríkissjóð.

[1] *L. 10/1983, 16. gr.*

■ **11. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

1976 Nr. 40 23. maí

Lög um sálfræðinga.

■ **1. gr.** Rétt til að kalla sig sálfræðinga hér á landi hafa þeir einir sem til þess hafa fengið leyfi menntamálaráðuneytisins.

□ Öðrum aðilum er óheimilt að nota starfsheiti sem til þess er fallið að gefa í skyn að þeir hafi hlotið löggildingu sem sálfræðingar.

■ **2. gr.** Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hafa kandídatsprófi eða öðru hliðstæðu prófi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði sem aðalgrein við háskóla á Norðurlöndum eða sambærilegu prófi við aðra háskóla, hvort tveggja að fenginni umsögn Sálfræðingafélags Íslands.

□ Ef sérstakar ástæður mæla með því er einnig heimilt að veita þeim takmarkað eða tímabundið leyfi samkvæmt 1. gr. sem hafa aðra háskólamenntun en hafa við sjálfstæðar sálfræðilegar eða uppeldisfræðilegar rannsóknir eða hagnýt störf sýnt að þekking þeirra er sambærileg við þá sem nefnd er í 1. mgr., enda liggi fyrir meðmæli Sálfræðingafélags Íslands.

□ Heimilt er að synja manni leyfis ef 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

■ **3. gr.** Sálfræðingi er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda nær einnig til samstarfsmanna sálfræðings, þ. á m. til fræðimanna sem fá aðgang að gögnum í vísindalegum tilgangi. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum.

■ **4. gr.** Sálfræðingur getur afsalað sér löggildingu. Skal hann þá tilkynna ráðuneytinu það skriflega og endursenda því löggildingarbréf sitt.

■ **5. gr.** Ráðuneytinu er heimilt að afturkalla löggildingu, sbr. 2. gr., ef sálfræðingur er vegna sjúkdóms eða af öðrum ástæðum álitinn óhæfur til að gegna starfi sem sálfræðingur. Leita skal álits Sálfræðingafélags Íslands um málið.

□ Einnig er heimilt að afturkalla löggildingu ef sálfræðingur þrátt fyrir viðvörun vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli laga. Sá aðili, sem hlut á að máli, getur skotið úrskurði um sviptingu löggildingar til dómstóla.

■ **6. gr.** Sá sem afsalað hefur sér löggildingu eða verið sviptur leyfi til að kalla sig sálfræðing getur öðlast löggildingu að nýju ef skilyrðum 2. gr. er fullnægt og ástæður þær, sem tilgreindar eru í 5. gr., eiga ekki við. Heimilt er að veita slíka löggildingu til takmarkaðs tíma.

■ **7. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur mánuðum. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **8. gr.** Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

1967 Nr. 29 29. apríl

Lög um listamannalaun.

■ **1. gr.** Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn. Getur það bæði veitt tilteknum listamönnum ákveðin heiðurslaun og veitt að auki í þessu skyni eina upphæð, sem síðan skal skipt af nefnd sjö manna, kosinni af sameinuðu Alþingi að afloknum alþingiskosningum, en í fyrsta skipti þegar eftir að lög þessi öðlast gildi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

■ **2. gr.** Hafi Alþingi veitt tilteknum listamönnum heiðurslaun, skal upphæð þeirri, sem nefndinni er ætlað að skipta, varið þannig, að um tvo launaflokka sé að ræða, og séu launin í öðrum helmingi hærri en í hinum. Nefndin ákveður hæð launanna, áður en tillögur eru gerðar um, hverjir skuli hljóta laun.

□ Nefndarmenn skulu gera heildartillögu um skiptingu þeirrar fjárhæðar, sem til ráðstöfunar er, og geta tveir eða fleiri þeirra sameinazt um flutning slíkrar tillögu.

□ Þegar þessar tillögur eru komnar fram, skal tekin ákvörðun um, hversu margir skuli hljóta laun í hvorum flokknum, og ræður í því sambandi afl atkvæða. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um það, skal gerður kjörseðill með nöfnum allra þeirra, sem tillaga hefur komið fram um, að hljóta skuli hærri launin. Skulu nefndarmenn leynilega merkja við nöfn jafnmargra listamanna á kjörseðlinum og ákveðið var, að hljóta skyldu hærri launin. Er kjörseðillinn ógildur, ef merkt er við fleiri nöfn eða færri. Skulu þeir listamenn hljóta launin, sem flest atkvæði fá.

□ Síðan skal gerður annar kjörseðill með nöfnum þeirra, sem tillögur höfðu verið gerðar um, að hlytu lægri launin, og hinna, sem ekki hlutu hærri launin, og skal ákveðið með sama hætti og áður, hverjir hljóta lægri launin.

□ Hafi Alþingi ekki veitt tilteknum listamönnum laun, getur nefndin í upphafi starfs síns ákveðið að veita sérstök laun, er séu hærri en laun í þeim tveim launaflokkum, sem gert er ráð fyrir í grein þessari, og dregst þá heildarupphæð þeirra launa frá heildarfjárveitingu þeirri, sem nefndin úthlutar samkvæmt reglum þessarar greinar.

■ **3. gr.** Aðildarfélög Bandalags íslenzkra listamanna skulu eiga rétt á að tilnefna hvert um sig tvo fulltrúa til samstarfs við nefnd þá, sem Alþingi kýs til þess að ákveða listamannalaun. Áður en atkvæði eru greidd í nefndinni, skulu fulltrúar bandalagsfélaganna eiga rétt á að láta í ljós skoðun sína á tillögugerð um listamenn á því sviði, er hlutaðeigandi bandalagsfélag starfar á. Meðan nefndin starfar, skulu allar tillögur fundarmanna og allar umsagnir fulltrúa bandalagsfélaganna skoðaðar trúnaðarmál. En þegar störfum nefndarinnar er lokið, er bæði nefndarmönnum og fulltrúum bandalagsfélaganna heimilt að skýra opinberlega frá sínum eigin tillögum og umsögnum, en ekki tillögum og umsögnum annarra.

1975 Nr. 29 20. maí

Lög um launasjóð rithöfunda.

■ **1. gr.** Stofna skal launasjóð íslenskra rithöfunda. Stofnfé sjóðsins skal vera 21,7 milljónir króna og greiðast úr ríkissjóði.

■ **2. gr.** Fjárveiting samkvæmt 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt í fjárlögum fyrir árið 1976.

1975 Nr. 29 20. maí

□ Í fjárlögum ár hvert skal sjóðnum síðan ætluð fjárveiting, er nemi eigi lægri fjárhæð en að ofan greinir.

□ Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárlaga með tilliti til breytinga á byrjunarlaunum menntaskólakennara.

■ **3. gr.** Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

■ **4. gr.** Menntamálaráðuneytið setur reglugerð[1)] um framkvæmd laga þessara, að höfðu samráði við félagssamtök rithöfunda, þar sem m. a. skal kveðið á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og greiðslur úr honum.

[1)] *Rg. 437/1979.*

1965 Nr. 64 21. maí

Lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

I. kafli. Rannsóknaráð ríkisins.

■ **1. gr.** Rannsóknaráð ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið.

■ **2. gr.** Í Rannsóknaráði skulu eiga sæti 21 maður.

□ Á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi 7 alþingismenn og jafnmarga alþingismenn til vara í Rannsóknaráð. Aðra fulltrúa í Rannsóknaráði skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Fiskifélags Íslands. Einn samkvæmt tilnefningu Iðnaðarmálastofnunar Íslands.[1)] Einn samkvæmt tilnefningu Efnahagsstofnunarinnar. Skal hann hafa lokið háskólaprófi í hagfræði. Einn samkvæmt tilnefningu Raforkuráðs og raforkumálastjóra sameiginlega. Þrjá samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, og skulu þeir hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum. Fimm fyrir hagnýtar rannsóknir, forstjóra eftirtalinna rannsóknastofnana: Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar.

□ Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

□ Sömu aðilar tilnefna varamenn.

□ Menntamálaráðherra er formaður Rannsóknaráðs og skipar varaformann úr hópi annarra ráðsmanna.

[1)] *Nú Iðntæknistofnun Íslands, sbr. l. 41/1978.*

■ **3. gr.** Rannsóknaráð ríkisins er ráðgjafarstofnun, sem vinnur að eflingu hagnýtra rannsókna í landinu, en einnig að eflingu undirstöðurannsókna, að því leyti sem þau verkefni eru eigi í höndum Háskóla Íslands, og þá jafnan í fullu samráði við hann.

■ **4. gr.** Rannsóknaráð kýs úr sínum hópi 5 manna framkvæmdanefnd, sem í umboði Rannsóknaráðs gerir tillögur um þau málefni, sem því eru falin í lögum þessum. Nefndin kýs sér formann. Ráðherra ákveður laun hennar.

■ **5. gr.** Rannsóknaráð skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um rannsóknamál. Það skal gera hlutaðeigandi ráðuneyti aðvart um rannsóknaverkefni, er það telur að sinna ætti. Rannsóknaráð skal hafa samstarf við rannsóknastofnanir. Skylt er þeim stofnunum og einstaklingum, sem fá framlag úr ríkissjóði til rannsókna, að láta Rannsóknaráði ríkisins í té upplýsingar og hafa samstarf við það, þegar þess er óskað og við verður komið.

■ **6. gr.** Menntamálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs, að fengnum tillögum ráðsins. Sérfræðinga við Rannsóknaráð skipar menntamálaráðherra að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Framkvæmdanefnd ræður annað starfslið. Framkvæmdastjóri annast framkvæmdir Rannsóknaráðs, fjárreiður þess og reikningsskil. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi.

1965 Nr. 64 21. maí

■ **7. gr.** Rannsóknaráð skal koma saman ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Ráðið er ólaunað. Það heldur gjörðabók um störf sín. Reikningar þess skulu endurskoðaðir árlega af ríkisendurskoðuninni, og skýrslur um störf Rannsóknaráðs skal senda menntamálaráðuneytinu að loknu hverju reikningsári, svo og samrit af reikningum ráðsins.

■ **8. gr.** Verkefni Rannsóknaráðs ríkisins skulu vera:

1. Efling og samræming hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu. Ráðið skal hafa náið samstarf við hinar ýmsu rannsóknastofnanir. Það skal hafa sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og gera tillögur til úrbóta, ef það telur rannsóknastarfsemina ófullnægjandi, rannsóknaskilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknaverkefni vanrækt.

2. Athuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina, enda skulu allar tillögur um nýjungar á sviði atvinnuvega og atvinnugreina, sem berast ríkisvaldinu, sendar ráðinu, og skal það beita sér fyrir því, að fram fari tæknileg og þjóðhagsleg athugun þeirra, ef það telur þess þörf.

3. Gera tillögur um framlög ríkisins til rannsóknamála og fylgjast með ráðstöfun opinberra fjárframlaga til þeirra rannsóknastofnana, sem lög þessi ná til.

4. Öflun fjármagns til rannsóknastarfseminnar almennt til viðbótar framlagi ríkisins og tillögugerð um skiptingu þess á milli rannsóknastofnana og rannsóknaverkefna.

5. Að hafa í sínum vörzlum skýrslur um rannsóknir á sviði raunvísinda, sem kostaðar eru af opinberu fé, og hlutast til um, að niðurstöður séu kynntar. Rannsóknaráð semur árlega skýrslu um rannsóknastarfsemina í landinu.

6. Að stuðla að söfnun erlendra rita og annarra upplýsinga um vísindastörf, rannsóknastörf og tækni og úrvinnslu þeirra til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Upplýsingum þessum skal komið á framfæri við rannsóknastofnanir.

7. Að beita sér fyrir skjótri hagnýtingu tæknilegra nýjunga hjá atvinnuvegunum með kynningastarfsemi og upplýsingaþjónustu.

8. Samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir og að stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknamála.

9. Önnur þau verkefni, sem æskilegt reynist að sameina fyrir rannsóknastarfsemina.

II. kafli. Rannsóknastofnanir.

■ **9. gr.** Á vegum ríkisins skulu starfræktar eftirtaldar rannsóknastofnanir, eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum: Hafrannsóknastofnunin. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Rannsóknastofnun iðnaðarins. Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

□ Ráðherra getur að fengnum tillögum Rannsóknaráðs ríkisins og með samþykki Alþingis stofnsett rannsóknastofnanir, sem vinni að öðrum verkefnum en greinir í III. til VII. kafla laga þessara.

III. kafli. Hafrannsóknastofnunin.

■ **10. gr.** Hafrannsóknastofnunin er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsmálaráðuneytið.

■ **11. gr.** Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera þrír menn, skipaðir af sjávarútvegsmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

■ **12. gr.** Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

■ **13. gr.** Sjávarútvegsmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Hafrannsóknastofnunina að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum og vera sérfróður um hafrannsóknir. Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

■ **14. gr.** Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

■ **15. gr.** Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn: Landssamband ísl. útvegsmanna tvo menn. Fiskifélag Íslands einn mann. Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda einn mann. Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands einn mann. Alþýðusamband Íslands einn mann. Sjómannasamband Íslands einn mann.

□ Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.

□ Nefndin kýs sér formann.

□ Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.

□ Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

■ **16. gr.** Hafrannsóknastofnunin skal hafa yfirstjórn fiskirannsóknaskipa, sem eru í eigu ríkisins.

■ **17. gr.** Verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar skulu meðal annars vera:

1. Rannsóknir á göngum og stofnsveiflum íslenzkra sjávardýra og áhrifum þeirra á aflamagn, veiðihorfur og hámarksnýtingu. Enn fremur rannsóknir á dýrastofnum og öðrum sjávarverðmætum, sem ónytjuð eru, í því skyni að auka fjölbreytni sjávarútvegsins.
2. Rannsóknir á lífnaðarháttum og lífsskilyrðum sjávardýra og sjávargróðurs.
3. Rannsóknir á sviði efna- og eðlisfræði sjávar.
4. Skipulagning og stjórn rannsókna og fiskileitar á veiðisvæðum og leit nýrra fiskimiða.
5. Rannsóknir á fiskirækt og öllu, sem að þeim lýtur, áburð á sjó o. s. frv.
6. Tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi, svo og rannsóknir á hagkvæmustu gerð fiskiskipa.
7. Að stuðla að söfnun og úrvinnslu veiðiskýrslna.
8. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna í vísinda- og fræðsluritum.

□ Hafrannsóknastofnunin ein skal annast þau verkefni, sem tilgreind eru hér að framan og unnið er að á vegum ríkisins.

■ **18. gr.** Til framkvæmda á verkefnum, sem um ræðir í 17. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Síldar- og svifrannsóknir.
2. Botnfiska- og botndýrarannsóknir.
3. Sjófræði- og lífeðlisfræðirannsóknir.
4. Veiðitæknirannsóknir.

IV. kafli. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

■ **19. gr.** Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsmálaráðuneytið.

■ **20. gr.** Í stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af sjávarútvegsmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

■ **21. gr.** Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

■ **22. gr.** Sjávarútvegsmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum og vera sérfróður um fiskiðnað. Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

■ **23. gr.** Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

■ **24. gr.** Við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn: Fiskifélag Íslands. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Félag íslenzkra fiskimjölsframleiðenda. Samband ísl. samvinnufélaga. Síldarútvegsnefnd. Samlag skreiðarframleiðenda. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Félag fiskniðursjóðenda. Sjómannasamband Íslands. Alþýðusamband Íslands. Stéttarsamband fiskiðnaðarins. Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

□ Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni. Nefndin kýs sér formann. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og fiskiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórnarnefnd til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.

□ Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarinnar skuli hagað.

■ **25. gr.** Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ásamt Hafrannsóknastofnuninni eigandi hússins Skúlagötu 4 í

1965 Nr. 64 21. maí

Reykjavík. Þegar byggingarnefnd hússins Skúlagötu 4 hefur lokið störfum, annast stjórnir fiskiðnaðarstofnunarinnar og Hafrannsóknastofnunarinnar rekstur hússins og önnur mál, er varða þessar stofnanir sameiginlega.

■ **26. gr.** Verkefni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu meðal annars vera:

1. Rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins til þess að tryggja fyllstu nýtingu hráefnanna og gæði afurðanna.
2. Aðstoð og leiðbeiningar við fiskiðnaðinn við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðar.
3. Kynning á nýjungum í fiskiðnaði, tækjum og vinnsluaðferðum og prófun á gagnsemi þeirra.
4. Nauðsynleg rannsóknaþjónusta við fiskiðnaðinn.
5. Námskeið fyrir matsmenn, vélstjóra og verkstjóra í fiskiðnaðinum.
6. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna í vísinda- og fræðsluritum.

■ **27. gr.** Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 26. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Efnafræðirannsóknir.
2. Efnaverkfræðirannsóknir.
3. Gerlafræðirannsóknir.
4. Rannsóknir á sviði véla- og verksmiðjutækni.

■ **28. gr.** [Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfrækir og kostar rannsóknastofur utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins. Leita skal samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi svæði. Sömuleiðis skal athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum.

□ Rannsóknastofur þessar skulu veita fiskiðnaði og öðrum matvælaiðnaði á viðkomandi svæði þjónustu með rannsóknum, gæðaeftirliti og leiðbeiningum gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá[1] Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.][2]

[1] *Gjskr. 329/1982.* [2] *L. 107/1974, 1. gr.*

V. kafli. Rannsóknastofnun landbúnaðarins.[1]

[1] *Rg. 53/1971 (um innflutning, framræktun og verzlun með sáðvörur); rg. 7/1976 (um prófun búvéla) og gjskr. 562/1982.*

■ **[29. gr.]**[1] Rannsóknastofnun landbúnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[30. gr.]**[1] Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn tilnefndur af tilraunaráði stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[31. gr.]**[1] Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[32. gr.]**[1] Landbúnaðarráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Rannsóknastofnun landbúnaðarins að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum og vera sérmenntaður í einhverri grein búvísinda. Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

1965 Nr. 64 21. maí

■ **[33. gr.]**[1] Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[34. gr.]**[1] Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins er tilraunaráð. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í ráðið til fjögurra ára í senn: Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 1.—5. tölul. 35. gr., tvo menn og sé annar þeirra starfandi tilraunastjóri á tilraunastöð í jarðrækt. Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 6.—9. tölul. 35. gr., tvo menn. Búnaðarfélag Íslands tvo menn, og sé annar þeirra ráðunautur í jarðrækt, en hinn í búfjárrækt. Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann. Stéttarsamband bænda tvo menn. Bændaskólarnir tvo menn. Garðyrkjuskóli ríkisins einn mann.

□ Forstjóri stofnunarinnar á sæti í tilraunaráði.

□ Ráðið kýs sér formann.

□ Tilraunaráðið er tengiliður milli stofnunarinnar og hinna ýmsu greina landbúnaðarins. Það er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðið er ólaunað.

□ Landbúnaðarráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í tilraunaráði og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[35. gr.]**[1] Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal annast eða hafa umsjón með öllum rannsóknum og tilraunum á sviði landbúnaðarins, sem fé er veitt til á fjárlögum, og falla undir eftirtalin verkefni:

1. Rannsóknir og tilraunir til öflunar vísindalegrar og hagnýtrar þekkingar og reynslu í undirstöðuatriðum jarðræktar og búfjárræktar.
2. Rannsóknir á orsökum þess, að landgæði spillast eða landnytjar ganga úr sér, og tilraunir með varnarráðstafanir.
3. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins, sem miða að betri og fullkomnari nýtingu.
4. Þjónusta við landbúnaðinn með rannsóknum.
5. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna og starfsemi stofnunarinnar í vísinda- og fræðsluritum.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[36. gr.]**[1] Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 34. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirfarandi verksvið:

1. Jarðvegsrannsóknir, áburðar og jarðræktartilraunir.
2. Jurtakynbætur, lífeðlisfræðirannsóknir, gróður- og frærannsóknir.
3. Rannsóknir á beitilöndum.
4. Garðyrkju- og ylræktarrannsóknir.
5. Rannsóknir á sjúkdómum og meindýrum jurtagróðurs og varnir gegn þeim.
6. Vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir með búvélar.
7. Búfjárkynbætur og arfgengisrannsóknir búfjár.
8. Fóðurrannsóknir, fóðrunartilraunir og rannsóknir á fóðrunarsjúkdómum.

9. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins.
[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[37. gr.]**[1] Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal fá umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar, sem ríkið á. Þar skulu framkvæmdar tilraunir í jarðrækt, búfjárrækt, heyverkun og öðru, sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

□ Stofnuninni er heimilt að semja við einstaka bændur og búnaðarsambönd um tilraunir, ræktun úrvalsfræs og annað í sambandi við starfsemi stofnunarinnar, eins og stjórnin telur hentugt.
[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

VI. kafli. ...[1]
[1] *L. 41/1978, 15. gr.*

VII. kafli. Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

■ **[47. gr.]**[1] Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðuneytið.
[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[48. gr.]**[1] Í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af iðnaðarmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.
[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[49. gr.]**[1] Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.
[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[50. gr.]**[1] Iðnaðarmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

□ Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

□ Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.
[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[51. gr.]**[1] Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.
[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[52. gr.]**[1] Við Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn: Alþýðusamband Íslands. Arkitektafélag Íslands. Félag íslenzkra iðnrekenda. Húsameistari ríkisins. Húsnæðismálastofnun ríkisins. Iðnaðarmálastofnun Íslands. Landssamband iðnaðarmanna. Borgarstjórn Reykjavíkur. Sementsverksmiðja ríkisins. Teiknistofa landbúnaðarins. Vinnuveitendasamband Íslands. Raforkumálastjóri. Vegamálastjóri. Vitamálastjóri.

□ Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.

□ Nefndin kýs sér formann.

□ Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og byggingaiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.

□ Iðnaðarmálaráðherra getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.
[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[53. gr.]**[1] Verkefni Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu meðal annars vera:

1. Endurbætur í byggingaiðnaði og lækkun kostnaðar við mannvirkjagerð, þar á meðal sjálfstæðar grundvallarrannsóknir í byggingatækni, hagnýtingu húsrýmis, bæjarskipulagning og gatnagerð. Í þeim tilgangi skal stofnunin fylgjast með nýjungum í byggingaiðnaði og laga þær að íslenzkum staðháttum.
2. Hagnýtar jarðfræðirannsóknir.
3. Vatnsvirkjarannsóknir.
4. Kynning á niðurstöðum rannsókna og veiting upplýsinga um byggingafræðileg efni.
5. Aðstoð við eftirlit með byggingaefnum og byggingaframkvæmdum.
6. Nauðsynleg rannsóknaþjónusta í þeim greinum, sem stofnunin fæst við.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[54. gr.]**[1][2] Af öllu innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárni skal greiða ½% aðflutningsgjald og ½% framleiðslugjald af sementi, sem framleitt er hér á landi.

□ Gjöld þessi renna til greiðslu kostnaðar við starfsemi Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, auk þeirra framlaga og tekna, sem stofnunin hlýtur samkvæmt ákvæðum 55. gr. VIII. kafla.
[1] *L. 107/1974, 1. gr.* [2] *Augl. 42/1968.*

VIII. kafli. Almenn ákvæði.

■ **[55. gr.]**[1] Forstjórar rannsóknastofnana, sérfræðingar og annað starfsfólk tekur laun samkvæmt gildandi kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

□ Ráðherra ákveður deildaskiptingu í rannsóknastofnunum og skipar deildarstjóra að fengnu áliti forstjóra og stjórnar viðkomandi stofnunar. Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigrein sinni. Þó skal ráðherra heimilt að víkja frá þessu ákvæði, hafi umsækjandi á annan hátt sannað vísindalega hæfni sína.
[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ **[56. gr.]**[1] Tekjur hinna ýmsu rannsóknastofnana eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Gjöld, sem fást með álagningu á framleiðsluvörur eða á annan hátt, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

□ Framlag ríkisins, samkv. 1. lið, skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst samkvæmt 5. lið.

□ Verkefni, sem rannsóknastofnun vinnur að beiðni einkaaðila eða samtaka þeirra eða þeim til hagsbóta, skulu verðlögð í gjaldskrá, sem ráðherra setur að fengnum tillögum hlutaðeigandi rannsóknastofnana, eða samkv. sérstökum samningi.
[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

1965 Nr. 64 21. maí

■ [57. gr.][1] Eignum Atvinnudeildar Háskólans skal ráðstafa þannig:

Eignir fiskideildar skulu falla til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Eignir búnaðardeildar skulu falla til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Eignum iðnaðardeildar skal skipta á milli Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins samkvæmt ákvörðun iðnaðarmálaráðuneytisins.

Húseign Atvinnudeildar á lóð Háskólans ráðstafar ríkisstjórnin í þágu íslenzkrar vísindastarfsemi.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ [58. gr.][1] Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins kallar forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar saman á fund ársfjórðungslega eða oftar, ef þurfa þykir. Skulu þeir ræða málefni, sem eru þessum stofnunum sameiginleg.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ [59. gr.][1] Ríkið kemur upp hentugum byggingum og athafnasvæðum í rannsóknahverfi til handa þeim rannsóknastofnunum, sem um getur í lögum þessum, að svo miklu leyti, sem stofnunum er ekki séð fyrir þeirri aðstöðu annars staðar, svo og rannsóknatækjum og öðrum hjálpargögnum, sem sameiginleg not geta orðið af fyrir margar rannsóknastofnanir.

□ Rannsóknaráð ríkisins skal hafa yfirumsjón með óráðstöfuðu landssvæði og sameiginlegum byggingum og tækjum, sem um getur að ofan, en einstakar byggingar og landssvæði þeirra skulu vera til óskertra umráða þeirra stofnana, sem þær nota.

□ Um tilhögun bygginga og athafnasvæða skal, svo sem við verður komið, farið eftir tillögum þeirra rannsóknastofnana, sem ætlað er að nota þau.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ [60. gr.][1] Hver rannsóknastofnun hefur aðskilinn fjárhag og bókhald. Þó skal kappkosta, eins og við verður komið, að rannsóknastofnanir noti sameiginlega starfskrafta við skrifstofustörf og önnur þjónustustörf.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ [61. gr.][1] Fé það, sem Háskóla Íslands ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands, rennur í byggingasjóð rannsóknastarfseminnar.[2]

[1] *L. 107/1974, 1. gr.* [2] *Rg. 85/1966.*

■ [62. gr.][1] Þær stofnanir, sem um getur í lögum þessum, skulu eiga aðgang að upplýsingum, sem opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða starfsemi þeirra.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ [63. gr.][1] Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af einstaklingi, félagi eða stofnun, nema með samþykki hennar. Ef þagnarskylda er brotin, varðar það ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.

[1] *L. 107/1974, 1. gr.*

■ [64. gr.][1] Nánari ákvæði um starfsemi stofnana þeirra, er lög þessi taka til, má setja með reglugerðum.[2] Þar á meðal er heimilt að ákveða breytingu á verksviðum einstakra stofnana, enn fremur að heimila sérfræðingum rannsóknastofnananna að kenna við Háskóla Íslands.

1965 Nr. 64 21. maí

[1] *L. 107/1974, 1. gr.* [2] *Rg. 125/1966; rg. 236/1980 (um eftirlit, framleiðslu og útflutning á lagmeti).*

Lög um vernd barna og ungmenna.[1]

1966 Nr. 53 13. maí

[1] *Rg. 105/1970 (um vernd barna og ungmenna).*

I. kafli. Inngangur.

■ **1. gr.** Vernd barna og ungmenna tekur yfir þessi verkefni og úrræði:

1. Almennt eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis.
3. Ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnaheimilum, vöggustofum, dagheimilum, leikskólum, gæzluleikvöllum, sumardvalarheimilum,[1] fávitahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv., sé eftirlitið ekki falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum.
5. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru líkamlega eða andlega miður sín, einkum þeim, sem eru blind, málhölt, fötluð eða fávita.
6. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru siðferðislega miður sín, hafa framið afbrot eða eru á annan hátt á glapstigum.
7. Vinnuvernd.
8. Eftirlit með skemmtunum.

□ [Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldursskeiði 16—18 ára, sbr. ákvæði 1. mgr. 43. gr. þessara laga.][2]

[1] *Rg. 94/1973 (um sumardvalarheimili barna og sumarbúðir).* [2] *L. 14/1983, 1. gr.*

■ **2. gr.** Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum: barnaverndarnefndir og barnaverndarráð. Menntamálaráðuneytið hefur yfirstjórn barnaverndarmála.

□ Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu setja fram tillögur og ábendingar um úrræði, sem stuðla að því að búa börnum og ungmennum góð uppeldisskilyrði, svo og að benda á félagsleg atriði, sem eru andstæð því uppeldistakmarki.

□ Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu leita samvinnu við forráðamenn skóla, heilsugæzlu og félagsmála og aðra þá, sem fjalla um málefni barna og ungmenna.

■ **3. gr.** Barnaverndarnefndarmenn og barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðilja og annað starfslið á vegum þeirra eru opinberir starfsmenn og hljóta þá vernd, sem slíkum mönnum er tryggð, og bera skyldur samkvæmt því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

II. kafli. Um barnaverndarnefndir.

■ **4. gr.** Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og í hverjum hreppi landsins. Heimilt er þó að hafa sameiginlegar barnaverndarnefndir fyrir fleiri en einn hrepp, séu þeir mjög fámennir.

■ **5. gr.** Barnaverndarnefnd hefur eftirlit með uppeldi

og hegðun barna til 16 ára aldurs, svo og ungmenna, ef þau eru líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, og þá allt að 18 ára aldri.

■ **6. gr.** Bæjarstjórn (borgarstjórn) í kaupstað kýs barnaverndarnefnd, í Reykjavík 7 manna, í öðrum kaupstöðum 5 manna. Barnaverndarnefnd utan kaupstaða (sbr. 4. gr.) skal skipuð 3 mönnum og valin af hreppsnefnd eða hreppsnefndum (sbr. 4. gr.). Skulu nefndarmenn vera kunnir að grandvarleik og bera sem bezt skyn á mál þau, sem barnaverndarnefnd fjallar um.

□ Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn, sbr. l. nr. 58 29. marz 1961, 19., sbr. 18. gr., og um þá kosningu fer eftir 37. gr. sömu laga eftir því sem við á, sbr. þó 8. gr. 1. málsgr. hér á eftir.

□ Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Kjósa skal með sama hætti jafnmarga varamenn í barnaverndarnefnd.

□ Í kaupstöðum skal leitazt við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd, þar sem slíks er kostur.

□ [Menntamálaráðherra er heimilt að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti. Ráðherra kveður nánar á um starfssvið í reglugerð.[1)] Skipan félagsmálaráðs, fjöldi ráðsmanna og kjörtímabil ákvarðast af borgarstjórn Reykjavíkur.][2)]

□ [Með sama hætti getur ráðherra heimilað, ef sveitarstjórn óskar þess, að störf barnaverndarnefndar í sveitarfélagi utan Reykjavíkur verði falin félagsmálaráði að nokkru eða öllu leyti, þar sem sveitarstjórn ákveður stofnun slíks félagsmálaráðs.][3)]

[1)] *Rg. 96/1970.* [2)] *L. 31/1968, 1. gr.* [3)] *L. 94/1969, 1. gr.*

■ **7. gr.** Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami og bæjarstjórnar. Fyrsta kosning samkvæmt lögum þessum gildir þó einungis, þangað til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram. Barnaverndarnefnd gegnir störfum, þar til ný nefnd hefur verið kosin.

□ Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami og sveitarstjórnar, er kýs hana, þó svo að barnaverndarnefnd gegni störfum, unz ný nefnd hefur verið kosin, sbr. einnig 61. gr.

□ Oddvitar (sveitarstjórar) og bæjarstjórar (borgarstjóri) skulu þegar eftir að kosning barnaverndarnefndar hefur farið fram skýra menntamálaráðuneytinu frá skipun nefndar.

■ **8. gr.** Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta skorazt undan kosningu þeir, er átt hafa sæti í nefnd allt síðasta kjörtímabil. Maður eldri en 60 ára getur skorazt undan kosningu fyrir fullt og allt.

□ Bæjarstjórnir (bæjarráð) og hreppsnefndir ákveða þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfum úr sveitarsjóði, þar með talin laun starfsfólks og önnur útgjöld við störf nefndarinnar.

■ **9. gr.** Barnaverndarnefndarmenn skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Ritari heldur nákvæma fundarbók um störf nefndar og sendir barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir apríllok ár hvert.

■ **10. gr.** Barnaverndarnefnd skal, að fenginni heimild sveitarstjórnar, ráða eftir þörfum sérhæft starfslið, er annist dagleg störf í umboði hennar, svo og annað starfsfólk. Barnaverndarráð skal beita sér fyrir athugun á því, hvort kleift sé að ráða sérhæfða starfsmenn, er séu til ráðuneytis barnaverndarnefndum innan tiltekinna umdæma, t. d. fjórðunga eða smærri umdæma.

■ **11. gr.** Um störf og starfsháttu fer að öðru leyti eftir IV. kafla þessara laga.

III. kafli. Um barnaverndarráð.

■ **12. gr.** [Ráðherra skipar fimm manna barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það hafa aðsetur í Reykjavík. Formaður ráðsins skal vera lögfræðingur.][1)]

□ Ráðherra skipar á sama hátt jafnmarga varamenn.

□ Barnaverndarráðsmaður má ekki veita forstöðu uppeldisstofnun samkvæmt lögum þessum.

□ Gerðir ráðsins skulu skráðar í fundabók.

□ Barnaverndarráð skal ráða í þjónustu sína sérfróðan mann um uppeldismál, er annist framkvæmdir og eftirlit á vegum þess, enn fremur annað starfsfólk við hæfi.

□ Ráðherra ákveður laun barnaverndarráðsmanna, og greiðast þau úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið.

□ Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs fer eftir V. kafla þessara laga.

[1)] *L. 8/1967, 1. gr.*

IV. kafli. Um störf og starfsháttu barnaverndarnefndar.

■ **13. gr.** Barnaverndarnefnd er ályktunarfær, þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund, enda sé formaður eða varaformaður á fundi.

□ Nú á embættisgengur lögfræðingur ekki sæti í nefndinni, og skal héraðsdómari (í Reykjavík borgardómari) þá taka sæti í nefndinni sem meðlimur hennar með fullum réttindum og skyldum, ef fjalla á um töku barns af heimili, sviptingu foreldravalds, kröfu um, að barn skuli flutt frá fósturforeldrum, eða kröfu um, að felldur sé niður úrskurður um töku barns af heimili eða sviptingu foreldravalds. Ályktanir um þessi málefni fá ekki gildi, nema 2 nefndarmenn hið fæsta af 3, 3 af 4, 4 af 5 eða 6, 5 af 7 og 6 af 8 gjaldi þeim jákvæði.

□ Nú hamlar nauðsyn barnaverndarnefndarmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

■ **14. gr.** Um vanhæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála gilda ákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936, eftir því sem við getur átt.

□ Öllum meiri háttar málum, er varða ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra, skal ráðið til lykta með úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt, og skal vekja athygli á, að heimild sé til málskots, sbr. 56. gr., ef því er að skipta.

□ Um starfsháttu barnaverndarnefnda, þ. á m. um boðun funda, bókun fundargerða og boðun varamanna, skulu sett nánari ákvæði í reglugerð, er menntamálaráðherra setur. Í reglugerð má einnig kveða á um verkaskiptingu innan hinna fjölmennari nefnda svo og um starfsmenn og ráðunauta barnaverndarnefnda.

■ **15. gr.** Ef bráðan bug þarf að vinda að ráðstöfun, sem ber undir barnaverndarnefnd, getur formaður — eða fulltrúi í umboði hans — framkvæmt hana, en leggja skal málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barna-

verndarnefnd svo fljótt sem kostur er.

■ **16. gr.** Við úrlausn barnaverndarmáls skal kosta kapps um að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barna eða ungmenna, sem í hlut eiga, tengsl þeirra við foreldra eða aðra forráðamenn og aðbúð þeirra á heimili, skólagöngu þeirra og hegðun á heimili og utan þess, svo og andlegt og líkamlegt ásigkomulag þeirra. Skal leita aðstoðar sérfræðinga, eftir því sem þörf krefur. Um öflun upplýsinga utan umdæmis nefndar gilda ákvæði 17. gr.

□ Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt að fara á einkaheimili og barnaheimili til rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar máli.

□ Þegar barnaverndarnefnd leysir úr máli, skal jafnan það ráð upp taka, sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir beztu. Nefndinni ber jöfnum höndum að hafa hliðsjón af því, hvort dvöl barns á heimili kunni að hafa skaðlegar afleiðingar fyrir önnur börn, sem þar vistast. Enn fremur ber að forðast að sundra systkinahópi.

■ **17. gr.** Barnaverndarnefnd, þar sem barn er dvalfast, á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 37. gr. 3. málsgr. Nú flyzt barn úr umdæmi nefndar, eftir að nefnd hefur tekið mál til meðferðar, og skal barnaverndarnefnd á hinu nýja heimili barnsins fjalla til fullnaðar um málið, en barnaverndarráð getur þó ákveðið, að nefnd sú, sem fyrst fjallaði um málið, ráði því til lykta.

□ Barnaverndarnefndir skulu veita hver annarri atbeina til skýringar málum og í framkvæmd hvers konar barnaverndarráðstafana.

■ **18. gr.** Ef opinber starfsmaður verður í starfa sínum var við misfellur á uppeldi og aðbúð barna eða ungmenna, er honum skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum og þeim, sem fara með framfærslumál, skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi barna og ungmenna og hafa náið samstarf við barnaverndarnefnd.

□ Um tilkynningarskyldu annarra manna fer svo sem segir í 48. gr.

■ **19. gr.** Skylt er löggæzlumanni að aðstoða barnaverndarnefndir og gera þeim viðvart, ef hann verður þess vís, að ábótavant sé framferði, uppeldi eða aðbúð barns eða ungmennis.

□ Ef brot eru framin, sem börn eða ungmenni innan 18 ára eru viðriðin, ber löggæzlumanni og dómara þegar í stað að tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls og láta nefndarmenn, fulltrúa eða annan starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu. Getur dómari krafizt þess, ef honum þykir þörf.

■ **20. gr.** Áður en meiri háttar barnaverndarmáli, sbr. 13. gr., er ráðið til lykta, ber að veita foreldrum eða öðrum forráðamönnum barns kost á að tjá sig um málið, munnlega eða skriflega, þ. á m. með liðsinni lögmanna, ef því er að skipta. Að jafnaði ber að veita barni eða ungmenni kost á að koma á fund barnaverndarnefndar, þegar svo stendur á.

■ **21. gr.** Barnaverndarnefnd skal fylgjast sem bezt með framferði, uppeldi og aðbúð barna og ungmenna í umdæmi sínu og hafa stöðugt samband við aðra þá aðilja, sem stöðu sinnar vegna öðlast vitneskju um þessi efni.

■ **22. gr.** Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að heimilishögum, uppeldisháttum, framferði foreldra, forráðamanna eða annarra heimilismanna, aðbúnaði eða hegðun barns sé ábótavant, og skal hún þá láta málið til sín taka á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur.

■ **23. gr.** Ef barn verður forsjárlaust eða forsjármenn þess veita því ekki fullnægjandi framfærslu, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, sem láta sig hag þess varða, við að koma því í fóstur á gott heimili eða sjá því farborða með öðrum hætti, sbr. 38. og 39. gr. framfærslulaga nr. 80/1947, enda er óheimilt að vista börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, samþykkir.

■ **24. gr.** Ef fjárhagur foreldra barns eða forráðamanna er svo bágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um, að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, og greiðist kostnaður úr bæjar-(sveitar-)sjóði, að svo miklu leyti sem almannatryggingum ber ekki að greiða hann. Jafnan skal þess gætt, að aðstoð við heimili fari á undan öðrum framkvæmdum til úrbóta, að því leyti sem við verður komið.

□ Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna.

■ **25. gr.** Nú er barn sjúkt og fær ekki viðunandi hjúkrun eða læknishjálp, eða barn er fáviti eða að öðru leyti andlega vanþroska og fær ekki sérstaka umönnun, sem því er þörf á, og skal þá barnaverndarnefnd í samráði við heimilislækni, heilbrigðisyfirvöld og aðra sérfræðinga, ef því er að skipta, gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til verndar heilsu barns eða ungmennis. Sama er, ef heilsu barns eða ungmennis þykir stafa hætta af sjúkdómi, sem aðrir heimilismenn hafa tekið.

■ **26. gr.** Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að uppeldi barns eða ungmennis, aðbúnaði eða atlæti er ábótavant vegna hirðuleysis foreldra eða forráðamanna, vankunnáttu þeirra, andlegra eða siðferðislegra annmarka, líkamlegrar eða andlegrar vanheilsu, drykkjuskapar, eiturlyfjanautnar, ofnotkunar deyfilyfja, lauslætis eða annars siðleysis, refsiverðs athæfis o. s. frv., og skal þá barnaverndarnefnd gera viðeigandi ráðstafanir. Kemur þá m. a. til greina að leiðbeina foreldrum og forráðamönnum og áminna þá, skipa heimili eftirlitsmann, eiga hlut að því, að sjúklingi eða annmarkamanni verði komið brott af heimili, eða taka barn af heimili, ef það þykir bezt henta, og má þá fela öðrum forræði barnsins. Ef ungmenni yfir 16 ára á í hlut, skal barnaverndarnefnd fara eftir ákvæðum 31. gr., eftir því sem við á.

□ Það er borgarakvöð að taka skipun sem eftirlitsmað-

ur heimilis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, en eldri maður en 60 ára getur þó skorazt undan kvaðningu.

■ **27. gr.** Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimamanns, svo sem vegna deyfilyfjanautnar, ofdrykkju eða annars ósæmilegs athæfis, en því gæti annars liðið vel á heimilinu, er henni skylt, ef umvandanir og aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að kæra málið fyrir valdsmanni þeim, er í hlut á. Er honum þá skylt að gera ráðstöfun, sem tryggi hag barnsins eða ungmennisins að þessu leyti og í því skyni jafnvel heimilt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar, ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 49. gr.

■ **28. gr.** Ef barnaverndarnefnd verður þess vís, að hegðun barns sé ábótavant, svo sem vegna ódælsku og óknytta, útivista á óleyfilegum tíma, slæpingsháttar, flækings, betls, vanrækslu á námi, drykkjuskapar eða annarrar óreglu, lauslætis eða lögbrota, skal barnaverndarnefnd hefjast handa um viðeigandi aðgerðir, þar á meðal rannsókn sérfræðinga. Skal hún þá ráðgast um við foreldri eða forráðamenn, áminna barnið og reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut. Ef barn er í skóla eða við nám, skal barnaverndarnefnd ráðgast við kennara eða meistara um betrun á hegðun þess, en við dómara, ef um lögbrot er að tefla. Ef nauðsyn þykir bera til, skal barnaverndarnefnd láta taka barn brott af heimili og fá því góðan samastað á heimili til umsjár eða á vistheimili eða uppeldisstofnun, enda sé höfð hliðsjón af annmörkum þess, og skulu þeim, sem við því taka, veittar leiðbeiningar um, hvernig með það skuli fara. Sá, sem tekur við slíku barni, skal ekki láta það frá sér fara án vitundar barnaverndarnefndar á staðnum, né þeirrar, er barninu hefur ráðstafað.

□ Þegar annmarkabarn eða ungmenni, sbr. 31. gr., er vistað á heimili, skal þess gætt, að á heimilinu séu ekki önnur börn eða ungmenni, sem ætla má, að stafi hætta af sambúð við það.

□ Nú verður barn 16 ára á heimili, vistheimili eða uppeldisstofnun, þar sem barnaverndarnefnd hefur komið því fyrir, og skal þá sú ákvörðun barnaverndarnefndar haldast, þar til hún ákveður annað. Rétt er aðilja, þegar hann er orðinn 16 ára, eða lögráðamanni hans að bera málið á ný undir barnaverndarnefnd og barnaverndarráð.

□ Um skilorðsbundna niðurfellingu saksóknar fer eftir ákvæðum 56. gr. laga nr. 19/1940, sbr. l. nr. 22 3. maí 1955, 3. gr., og um niðurfellingu saksóknar samkv. 24. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961,[1] sbr. 30. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940, sbr. l. nr. 17 31. marz 1962, 1. gr.

[1] *Nú l. 74/1974, 24. gr.*

■ **29. gr.** Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni eða ungmenni til dvalar í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar, skal hún tilkynna það þeirri barnaverndarnefnd, sem þá ber að fylgjast með högum þess. Jafnframt ber þeirri nefnd skylda til að sjá um, að barnið eða ungmennið skipti ekki um dvalarstað nema með leyfi þeirrar barnaverndarnefndar, er barninu hefur ráðstafað. Barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barns skal skylt að láta barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi þess fylgjast með högum þess með skýrslugjöf eða á annan hátt.

■ **30. gr.** Þegar barni er ráðstafað brott af heimili, sbr. 26. og 28. gr., skal leggja áherzlu á, að því sé séð fyrir lögskipaðri fræðslu eða fræðslu við sitt hæfi, ef annmarkabarn á í hlut. Nú er barn fullra 15 ára, og skal þá barnaverndarnefnd leitast við að ráðstafa því til þess starfs eða náms, er bezt svarar til hæfis þess og því má að gagni koma. Kostnaður af þessu greiðist hlutfallslega af ríkissjóði og sveitarsjóðum samkv. fræðslulögum.

■ **31. gr.** Ef ungmenni eldra en 16 ára er haldið annmörkum þeim, er í 28. gr. getur, skal barnaverndarnefnd reyna að bæta hegðun og framferði þess með leiðbeiningum og áminningum, viðræðum við venzlafólk, húsbændur, kennara, meistara o. s. frv.

□ Ef ungmenni lætur skipast við áminningar barnaverndarnefndar og fellst á, að því sé komið í vist eða til náms, er barnaverndarnefnd skylt að veita atbeina sinn til þess, enda ráðstafi dómari eða ráðherra ekki á annan veg ungmenni, sem framið hefur lögbrot og eldra er en 15 ára. Jafnframt þessu koma m. a. til greina ákvæði 56. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940, sbr. l. nr. 22 3. maí 1955, 3. gr.

□ Nú hefur ungmenni lokið vist, sem því hefur verið fengin samkvæmt ákvæðum þessara laga, og skal þá barnaverndarnefnd sú, sem í hlut á, veita því atbeina sinn til þess að komast í vist, í atvinnu eða til náms við þess hæfi.

■ **32. gr.** Nú telur barnaverndarnefnd, að ekki verði hjá því komizt að taka barn af heimili, og skal þá leita eftir samþykki foreldra eða annarra lögráðamanna til þeirrar ráðstöfunar. Ef það fæst ekki eða samþykki er tekið aftur, skal fara með mál samkvæmt því, er 13. gr. mælir fyrir um. Ef barn er forsjárlaust, tekur nefndin þegar við forsjá þess og hlutast eftir atvikum til um, að því sé skipaður lögráðamaður.

□ Þegar barn er tekið af heimili samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar, hverfur forsjá þess til nefndarinnar að svo stöddu, en nefndin getur falið forsjá þess einstökum mönnum, þ. á m. forstöðumanni uppeldisstofnunar eða aðilja, er tekur barn til framfærslu eða fósturs. Heimilt er að svipta foreldri, annað eða bæði, foreldravaldi, sbr. 13. gr., ef ákvæði 26. og 28. sbr. 31. gr. eiga við og nauðsyn krefur, og hlutast nefndin þá til um, að barninu verði skipaður lögráðamaður að svo stöddu.

■ **33. gr.** Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal dómsmálaráðuneyti leita umsagnar barnaverndarnefndar, sbr. 8. gr. laga nr. 19/1953.[1] Skal hún kynna sér gaumgæfilega hagi og uppeldishæfi væntanlegs kjörforeldris og hagi kjörbarns, áður en umsögn er látin uppi.

[1] *Nú l. 15/1978, 8. gr.*

■ **34. gr.** Skylt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með vegna umkomuleysis eða annmarka, sömuleiðis yfir þau börn, sem njóta ekki umsjónar forsjármanna.

■ **35. gr.** Enginn má taka barn eða ungmenni í fóstur, nema með samþykki barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi hans. Skal sú barnaverndarnefnd kynna sér gaumgæfilega hagi og uppeldishæfi væntanlegra fósturforeldra og hagi barnsins, þar á meðal skal nefndin kynna sér heilsufar aðilja og heimilisfólks væntanlegra fósturforeldra. Nefndin veitir ekki samþykki sitt

til þess, að barn verði tekið í fóstur, nema tryggilegt þyki, að barn njóti góðrar aðhlynningar og uppeldis á fósturheimili og ekkert sérstakt geri það varhugavert að fallast á umsóknina.

☐ Enginn má ráðstafa barni til fósturs, nema til aðilja, sem fengið hefur samþykki barnaverndarnefndar til þessa samkv. 1. málsgr.

■ **36. gr.** Nú kemst barnaverndarnefnd að raun um, að þeir, sem hafa barn í fóstri, vanræki uppeldi þess, atlæti og aðbúnað, og skal hún þá gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til verndar barni eða ungmenni, og koma þá m. a. þau úrræði til greina, er getur í 26. gr. Auk þess getur barnaverndarnefnd lagt bann við því, að fósturforeldrar þessir taki börn framvegis.

☐ Þegar barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur, skal hún gera sér allt far um að velja heimili við hæfi þess. Þá skal eftirlitsmaður barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi barnsins koma á fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

☐ Barnaverndarnefnd er jafnan heimilt að úrskurða, að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum, ef þar fer vel um það, þótt þeir, er foreldraráð hafa yfir barni, kalli eftir því.

■ **37. gr.** Óheimilt er að koma á fót eða reka barnaheimili, þar með talin vistheimili, dagheimili og leikskólar, eða aðra slíka uppeldisstofnun, nema leyfi menntamálaráðherra komi til. Áður en leyfi er veitt, skal leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki má fela forstöðu slíks heimilis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, telur þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef heimili er ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum úr fleiri barnaverndarumdæmum en einu.

☐ Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnaheimilum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu, þar með talin sumardvalarheimili, og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún jafnan fylgjast með, hvað verður um börn, sem tekin eru af slíkum barnaheimilum, nema sumardvalarheimilum, og samþykkja þá staði, sem þau fara til. Skal hún gæta þess vandlega, að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur heimili eða stofnanir en þær, sem hlotið hafa löggildingu lögum samkvæmt.

☐ Nú stendur sveitarfélag eða aðiljar innan þess fyrir rekstri barnaheimilis í öðru umdæmi, og skal barnaverndarnefnd í sveitarfélagi, sem rekur heimilið, eða þaðan sem heimilið er rekið, hafa eftirlit með því á þann hátt, sem segir í 2. málsgr. Sömuleiðis ber barnaverndarnefnd að fylgjast með högum barna, er ráðstafað kann að vera úr hennar umdæmi á barna- eða sumardvalarheimili í öðru umdæmi, þ. á m. með beinu eftirliti a. m. k. einu sinni á ári.

☐ Ef meðferð barns á barnaheimili eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks heimilis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt heimili eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. Bera má mál þessi undir dómstóla, en ekki frestar það framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

■ **38. gr.** Áður en ráðstafað er samkvæmt lögum þessum barni eða ungmenni, sem er líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, sbr. 5. tölul. 1. gr., skal barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með skuli fara.

☐ Ríkisstjórn skal í þessu skyni setja á stofn og reka athugunarstöð eða stöðvar að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Þar, sem athugunarstöð er sett, skal leita umsagnar viðkomandi barnaverndarnefndar um stað, stærð og fyrirkomulag. Á athugunarstöð skulu barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu eiga kost á að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

☐ Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu þessarar stöðvar eða stöðva í samráði við barnaverndarráð.

■ **39. gr.** Ríkisstjórninni er skylt, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að setja á stofn og reka heimili, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu heimili þessi vera a. m. k. tvö, annað fyrir stúlkur, en hitt fyrir pilta. Ráðherra setur reglur[1)] um vist barna og ungmenna á heimilum þessum, fræðslu, uppeldi og aga.

☐ Heimili þau, sem að framan getur, skulu hvert um sig hafa stjórnarnefnd, 3 – 5 manna, sem skipaðar eru af ráðherra til 4 ára í senn, að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Skal nefnd hafa stöðugt og nákvæmt eftirlit með rekstri heimilis, aðbúð og uppeldi barna þar og aðstoða forstöðumenn. Nánari ákvæði um stjórnarnefndir skal setja í reglugerð.

☐ Þegar þörf krefur skulu sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, setja á stofn og reka eftirtalin heimili eða stofnanir:

a. Til að annast uppeldi, og ef þörf krefur fræðslu, þeirra barna, sem eru frá heimilum, er vanrækja svo mjög uppeldishlutverk sitt, að varhugavert er fyrir börn að dveljast þar.

b. Til að annast uppeldi, og ef þörf krefur fræðslu, gáfnasljórra eða andlega vanþroska barna.

c. Til að annast uppeldi og fræðslu barna, sem að dómi skólalæknis hafa ekki heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt skólanám.

☐ Ríkissjóður greiðir hluta af stofn- og rekstrarkostnaði þeirra heimila og stofnana, sem um getur í 3. málsgrein eftir sömu reglum og gilda um byggingu og rekstur skóla skyldunámsstigsins. Barnaverndarráð skal beita sér fyrir samstarfi tveggja eða fleiri sveitarfélaga um stofnun og rekstur slíkra heimila, þar sem aðstæður leyfa.

☐ Sveitarfélög skulu eitt eða fleiri saman eftir þörfum stofna heimangöngu- eða heimavistarskóla fyrir börn, sem að dómi skólastjóra eru miður heppileg fordæmi öðrum skólabörnum. Kostnaður við slíka skóla greiðist samkvæmt fræðslulögum.

☐ Líkamlegum refsingum má ekki beita á heimilum eða í stofnunum, sem um getur í lögum þessum.

☐ Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á heimilum

þessum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 37. gr. getur, fer samkvæmt lögum nr. 78 1936.

[1] *Rg. 118/1978 (um Unglingaheimili ríkisins).*

■ **40. gr.** Hafi barnaverndarnefnd ráðstafað barni eða ungmenni í fóstur eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum, skal Tryggingastofnun ríkisins greiða með því þrefaldan barnalífeyri með börnum innan 7 ára aldurs og tvöfaldan með eldri börnum, en framfærslusveit barns endurgreiðir Tryggingastofnuninni.

□ Að öðru leyti greiðist kostnaður úr sveitarsjóði, sbr. þó 24. og 39. gr. þessara laga.

□ Allan kostnað, sem barnaverndarnefnd kann að hafa af hvers konar ráðstöfun barna og ungmenna úr öðrum umdæmum, skulu sveitarsjóðir þeirra umdæma endurgreiða, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum.

■ **41. gr.** Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum.

□ Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum, nema skólaskipi eða æfingaskipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæzlu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari. Til iðnaðarnáms má eigi ráða barn yngra en 16 ára.

□ Rétt er ráðherra að setja reglugerðir, er taki yfir landið í heild, ef við á, en annars einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, aðbúð, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar. Þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð, er sporni við yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna, og kveða á um hámarksvinnutíma svo og eftir atvikum læknisskoðun til úrlausnar um það fyrir fram, að vinna sé ekki barni eða ungmenni um megn. Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð, er sporni við vinnu barna og ungmenna með tækjum, er sérstök slysahætta stafar af.

□ Rétt er, að ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna taki m. a. yfir vernd sendisveina í starfi, þar á meðal útbúnað flutningatækja þeirra; takmörkun á blaðsölu barna og ungmenna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra; störf barna og ungmenna í veitingahúsum og opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi, svo og önnur störf, sem siðferði þeirra getur stafað hætta af.

□ Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

■ **42. gr.** Barnaverndarnefnd skal vinna gegn áfengis- og tóbaksneyzlu barna og ungmenna og aðstoða í því efni áfengisvarnarnefnd í umdæmi sínu, og m. a. stuðla að því, að þeir, sem veita eða selja þeim áfengi sæti ábyrgð lögum samkvæmt.

■ **43. gr.** Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með leiksýningum og öðrum opinberum sýningum, svo og hvers konar öðrum skemmtunum. Er þeim, sem veita slíkum skemmtunum forstöðu, skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni þeirra á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur skemmtun skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni, sbr. þó um kvikmyndasýningar 58. gr. 5. málsgr. Skulu þá forstöðumenn skemmtunar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana. [Þegar börnum og ungmennum er bannaður aðgangur að þeim skemmtunum sem að ofan greinir, þar með taldar kvikmyndasýningar, sbr. 58. gr. þessara laga, skal miða aldur þeirra við fæðingarár en ekki fæðingardag.][1]

□ Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum, sem honum eru settar samkv. ákvæðum greinar þessarar, varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

[1] *L. 14/1983, 2. gr.*

■ **44. gr.** Rétt er að setja með reglugerð ákvæði til verndar börnum og ungmennum gegn siðspillandi áhrifum, vondum fordæmum og freistingum.

□ Rétt er ráðherra að takmarka í reglugerð útivist barna og ungmenna á kvöldum og nóttum, ferðir út í skip og banna þeim aðgang að opinberum skemmtistöðum, sem eru ekki við barna og ungmenna hæfi. Samræmi skal vera í reglugerðunum um land allt.[1]

□ Í reglugerð má leggja bann við starfa kvenna innan 18 ára á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

□ Rétt er að takmarka í reglugerð heimild manna til að fela börnum og ungmennum fjárhæðir í vörzlu eða til umráða og hafa tiltekin verzlunarviðskipti við börn.

□ Brot gegn ákvæðum reglugerðar, sem sett er samkv. grein þessari, varðar sömu viðurlögum og brot gegn ákvæðum 41. gr.

[1] *T. d. rg. 58/1955 (Hafnarfj.).*

■ **45. gr.** Ef maður viðhefur í návist barns eða ungmennis ósiðlegt, ruddalegt eða ósæmilegt orðbragð eða athæfi, ertir það eða dregur dár að því eða særir það á ósæmilegan hátt eða beitir það refsingum, ógnunum eða hótunum og slíkt orðbragð eða athafnir má telja því skaðsamlegar andlega eða líkamlega, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

■ **46. gr.** Ef maður leiðir barn eða ungmenni allt að 18 ára á siðferðislega glapstigu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

□ Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef maður verður áskynja um brot samkvæmt 1. mgr. og lætur ógert að afstýra því, ef honum er það fært, eða gera hlutaðeigandi löggæzlumanni eða barnaverndarnefnd viðvart.

■ **47. gr.** Ef foreldrar, forráðamenn, forstöðumaður eða starfsmaður barnaheimilis eða uppeldisstofnunar, kennari, meistari eða aðrir, sem forsjá barns og ungmennis allt að 18 ára er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé hætta búin, þá varðar það refsingu samkvæmt 191. gr. laga nr. 19 1940. Þegar maður er dæmdur til refsingar eftir grein þessari, má beita hann ákvæðum 65. og 68. gr. sömu laga.

■ **48. gr.** Hver, sem verður þess vís, að foreldrar, forráðamenn, kennari, meistari eða aðrir þeir, sem forsjá barns eða ungmennis er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé hætta búin, skal skyldur að tilkynna það barnaverndarnefnd, þar sem barnið er.

□ Vanræksla í þessu efni varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum.

□ Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik, sem telja má, að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

■ **49. gr.** Það varðar mann sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum, ef hann heimsækir gegn forboði barnaverndarnefndar, barnaverndarráðs eða dómara barn eða ungmenni, sem ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum eða almennum hegningarlögum. Hver, sem á brott nemur barn eða ungmenni, er ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum, tælir það til brotthlaups, leynir því eða aðstoðar það við að strjúka, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

□ Sömu refsingu varðar það mann, ef hann óhlýðnast úrskurði valdsmanns að víkja brott af heimili samkvæmt 27. gr. eða sækir á heimili, eftir að honum hefur verið vikið þaðan. Beita má hér ákvæðum 65. gr. laga nr. 19 1940.

□ Hver, sem annars tálmar rannsókn eða framkvæmd, sem fram á að fara samkvæmt lögum þessum, gefur ranga eða villandi skýrslu þeim, sem slíka rannsókn eða framkvæmd á að annast, eða hlýðir ekki því, sem lagt er fyrir hann samkvæmt heimild í lögum, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra.

V. kafli. Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs.

■ **50. gr.** Barnaverndarráð er ályktunarfært, ef allir ráðsmenn sitja fund og þrír þeirra fylgjast að máli. Til ráðstafana þeirra, sem um getur í 2. mgr. 13. gr. laga þessara, þarf þó samþykki fjögurra barnaverndarráðsmanna.

□ Nú hamlar nauðsyn barnaverndarráðsmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

■ **51. gr.** Hlutverk barnaverndarráðs er að hafa yfirumsjón starfa allra barnaverndarnefnda á landinu og fara með úrskurðarvald barnaverndarmála samkvæmt 56. gr. Skal það veita barnaverndarnefndum hvers konar leiðbeiningar um starfa þeirra, skilning á lagaákvæðum, er þær varða, o. s. frv.

□ Barnaverndarráð skal leita álits sérfræðinga utan ráðsins, þegar ástæða þykir til.

■ **52. gr.** Nú verður barnaverndarráð þess víst, að barnaverndarnefnd rækir ekki störf þau, sem henni eru falin í lögum, og skal barnaverndarráð þá krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína.

■ **53. gr.** Ef barnaverndarráði þykir ástæða til, getur það tekið mál í umdæmi barnaverndarnefndar til meðferðar og lagt fyrir hana að framkvæma sérstakar ráðstafanir í því, hvort sem hún hefur áður um fjallað eða ekki. Fer um tilhögun rannsóknar í því efni eftir því, sem við á, á sama hátt sem um starfa barnaverndarnefnda.

□ Skylt er barnaverndarnefnd að framkvæma samþykktir barnaverndarráðs, nema framkvæmd þeirra heyri undir önnur stjórnvöld.

□ Ef beita verður valdi við framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs samkvæmt lögum þessum, heyrir slík valdbeiting undir fógeta eða lögreglu, ef brýna nauðsyn ber til. Fulltrúi barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs skal þó ávallt vera viðstaddur slíkar framkvæmdir.

■ **54. gr.** Barnaverndarráð heimtir ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en annað hvert ár. Ráðherra getur, að fengnum tillögum barnaverndarráðs, beitt dagsektum, [allt að 1000][1] kr. á dag, ef barnaverndarnefnd vanrækir að standa skil á fyrirskipuðum skýrslum.

[1] *L. 10/1983, 17. gr.*

■ **55. gr.** Barnaverndarráð hefur yfirumsjón allra barnaheimila og uppeldisstofnana á landinu, þ. á m. sumardvalarheimila, og beint eftirlit með heimilum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglingum hvaðanæva af landinu. Skal það fela einum eða fleirum ráðsmanna eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers heimilis eða stofnunar svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Er forráðamanni þeirrar stofnunar, er í hlut á, skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar eru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, mataræði, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o. s. frv.

□ Tálmanir gegn framkvæmd eftirlits varða refsingu að lögum, sbr. 3. gr. og 49. gr., 3. mgr.

■ **56. gr.** Foreldrar eða aðrir forsjármenn barns svo og aðrir þeir, sem hagsmuna eiga að gæta vegna ráðstafana barnaverndarnefnda, geta borið mál undir barnaverndarráð til fullnaðarúrskurðar. Er ráðinu skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Ákvæði 14., 15., 16. og 20. gr. eiga hér einnig við, og getur barnaverndarráð mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu.

□ Málskot til barnaverndarráðs frestar ekki framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á, getur barnaverndarráð þó ákveðið, að framkvæmd ályktana barnaverndarnefndar skuli frestað, unz ráðið hefur fellt úrskurð sinn. Skal barnaverndarráð þá hraða störfum svo sem framast er unnt.

□ Barnaverndarráð getur metið að nýju bæði lagahlið málsins og sönnunargögn þess. Það getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu, þar á meðal mælt fyrir um aðrar ráðstafanir en barnaverndarnefnd. Þá getur ráðið einnig vísað málinu til nefndarinnar til meðferðar að nýju, svo og aflað gagna sjálft eða fyrir atbeina barnaverndarnefnda eða með öðrum hætti, ef því er að skipta.

□ Nú verður barnaverndarráð þess áskynja, að barnaverndarnefnd hafi gert ráðstöfun andstætt lögum, og ber barnaverndarráði þá að láta mál til sín taka, þótt því hafi ekki verið skotið til ráðsins.

1966 Nr. 53 13. maí

1966 Nr. 53 13. maí

■ **57. gr.** Í reglugerð, er menntamálaráðherra setur, skulu sett nánari ákvæði um starfsháttu barnaverndarráðs, þ. á m. um boðun funda, bókun fundargerða, boðun varamanna svo og um verkaskiptingu innan ráðsins, um starfsmenn ráðsins og ráðunauta, svo og skrifstofuhald ráðsins.

VI. kafli. Um skoðun kvikmynda.

■ **58. gr.** Enga kvikmynd má sýna börnum innan 16 ára aldurs, nema að undangenginni athugun, sem framkvæmd sé af þar til hæfum mönnum. Ráðherra tilnefnir, að fengnum tillögum barnaverndarráðs, sérstaklega þar til hæfa menn til fimm ára í senn til að annast skoðun kvikmynda.

□ Skoðunarmenn skulu meta, hvort mynd geti haft skaðsamleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna eða á annan hátt. Skulu þeir hverju sinni ákveða, hvort mynd sé óhæf til sýningar börnum innan 16 ára eða á tilteknum aldursskeiðum innan þess aldurs.

□ Ekki aflar það barni innan ákveðins aldurs heimildar til aðgangs að kvikmyndahúsi, þar sem sýnd er mynd, sem bönnuð er börnum á þess aldri, að það sé í fylgd með fullorðnum eða þeim, sem heimild hafa til að sjá viðkomandi kvikmynd.

□ Nú hefur kvikmynd, önnur opinber sýning eða skemmtun verið bönnuð börnum innan tiltekins aldurs samkv. 2. málsgr. þessarar greinar eða 1. málsgr. 43. gr. og bera þá dyraverðir og eftirlitsmenn samkomustaðar ásamt hlutaðeigandi forstöðumanni ábyrgð á framkvæmd bannsins. Þegar slík sýning hefur verið bönnuð börnum, eru dyraverðir og eftirlitsmenn viðkomandi skemmtistaðar skyldir að láta þau börn, sem eftir útliti og vexti gætu verið yngri en tilskilið er, sanna aldur sinn með framvísun nafnskírteinis, þá er þau æskja aðgangs að sýningunni. Nafnskírteini er því aðeins fullnægjandi sönnunargagn um aldur í þessu sambandi, að á því sé mynd skírteinishafa með embættisstimpli lögreglustjóra og dagsetningu.

□ Skoðun kvikmynda fer fram í Reykjavík, og skal tryggja skoðunarmönnum viðunandi aðstöðu til starfsins. Heimilt er þó ráðherra að ákveða, að skoðun fari fram utan Reykjavíkur, þar sem aðstaða er fyrir slíka skoðun að mati hans. Úrskurður skoðunarmanns skal fylgja hverri mynd og gildir hann hvarvetna á landinu.

□ Tveir skoðunarmenn hið fæsta skulu skoða hverja mynd. Greini þá á, skal hinn þriðja kveðja til, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, og ræður þá meiri hluti, hvort banna á mynd eða ekki.

□ Sá, er skoðunar beiðist, skal greiða kostnað við hana, þar á meðal þóknun til skoðunarmanna, eftir ákvörðun ráðherra.

□ Barnaverndarnefndir á viðkomandi stöðum skulu hafa eftirlit með, að aðeins séu þar sýndar börnum kvikmyndir, sem kvikmyndaeftirlitið hefur leyft.

□ Um starfshætti kvikmyndaeftirlitsins og starfsemi þess skulu sett nánari ákvæði í reglugerð, er ráðherra setur.

□ Ef forráðamaður kvikmyndahúss brýtur gegn ákvæðum þessarar greinar eða ákvæðum reglugerðar, settum samkvæmt henni, varðar það allt að 15 000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

□ Ríkisútvarpið annast skoðun kvikmynda, sem það sjónvarpar.

VII. kafli. Niðurlagsákvæði. 1966 Nr. 53 13. maí

■ **59. gr.** Um rannsókn og meðferð brota, sem refsing er lögð við í lögum þessum, fer að hætti opinberra mála.

■ **60. gr.** Barnaverndarráði er heimilt að stofna til námskeiða og fyrirlestra fyrir meðlimi barnaverndarnefnda og starfsmenn þeirra, svo og ef þörf krefur fyrir starfsmenn hvers konar barnaheimila og uppeldisstofnana. Ráðinu er enn fremur heimilt að stofna til námskeiða eða annarrar fræðslustarfsemi fyrir foreldra og uppalendur. Þá skal barnaverndarráð gefa út handbækur fyrir barnaverndarnefndir. Kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

■ **61. gr.** ...

□ Menntamálaráðuneytið hlutast til um, að barnaverndarnefndir séu kosnar í hreppum samkvæmt ákvæðum laga þessara, og er kjörtími þeirra það, sem eftir er af kjörtímabili hreppsnefndar, er kaus nefndina, en barnaverndarnefnd gegnir þó störfum, unz ný nefnd hefur verið kosin. ...

□ Menntamálaráðuneytið hlutast til um, að barnaverndarráð sé skipað samkvæmt ákvæðum 12. gr. svo fljótt sem föng eru á, enda fellur niður umboð núverandi barnaverndarráðs, er hið nýja ráð er fullskipað.

□ Menntamálaráðherra skipar eftir gildistöku laga þessara kvikmyndaeftirlitsmenn, sbr. 58. gr., enda fellur þá niður umboð núverandi kvikmyndaeftirlitsmanna.

Lög um bann við ofbeldiskvikmyndum. 1983 Nr. 33 23. mars

■ **1. gr.** Bannað er að framleiða í landinu eða flytja til landsins ofbeldiskvikmyndir, sbr. 2. mgr. Sala, dreifing og sýning mynda af þessu tagi er bönnuð í íslenskri lögsögu frá gildistöku laganna.

□ „Ofbeldiskvikmynd" merkir í lögum þessum kvikmynd, þar sem sérstaklega er sóst eftir að sýna hvers kyns misþyrmingar á mönnum og dýrum eða hrottalegar drápsaðferðir. Bannið tekur ekki til kvikmynda, þar sem sýning ofbeldis telst eiga rétt á sér vegna upplýsingagildis kvikmyndarinnar eða vegna listræns gildis hennar. Ekki tekur bann heldur til kvikmynda, sem hlotið hafa viðurkenningu skoðunarmanna, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966. Ef ástæða þykir til, er skoðunarmönnum þó heimilt að meta að nýju sýningarhæfni kvikmynda, sem áður hafa verið metnar.

□ „Kvikmynd" merkir í lögum þessum myndefni af hvaða tæknibúnaði sem er, hvort sem ætlað er til sýninga í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða öðrum myndflutningstækjum.

■ **2. gr.** Skoðunarmenn kvikmynda, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966, leggja mat á sýningarhæfni kvikmynda. Skulu innflytjendur, framleiðendur eða dreifingaraðilar og sýnendur kvikmynda kveðja skoðunarmenn til þess að skoða kvikmyndir áður en þær eru teknar til sýningar og greiða kostnað við skoðun þeirra, skv. reglum sem ráðherra setur.

■ **3. gr.** Barnaverndarnefndir og löggæslumenn skulu hafa eftirlit með því, að aðeins séu sýndar kvikmyndir, sem kvikmyndaeftirlit hefur leyft, eða slíkt efni selt eða leigt á myndböndum eða myndplötum.

■ **4. gr.** Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum eða varðhaldi allt að 12 mánuðum. Gera skal upptækar ólöglegar kvikmyndir samkv. lögum þessum.

1983 Nr. 33 23. mars

■ **5. gr.** Menntamálaráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1987.

1970 Nr. 107 28. okt.

Lög um félagsheimili.

■ **1. gr.** [Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi, enn fremur samkomuhús sveitarfélaga. Sama gildir um sjómannastofur, sem sömu aðilar eiga og reka, sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi.][1)]

[1)] *L. 54/1979, 1. gr.*

■ **2. gr.** Í Félagsheimilasjóð rennur skattur af skemmtunum, eftir því sem segir í lögum um skemmtanaskatt.

□ Verja skal allt að 90% af tekjum sjóðsins til að styrkja byggingar félagsheimila samkvæmt 1. gr. Til þess að hefja byggingu nýs félagsheimilis, er njóti styrks úr sjóðnum, þarf leyfi menntamálaráðherra, enda samþykki hann staðsetningu þess og teikningu. Hann getur sett það skilyrði fyrir styrkveitingu, að sveitarfélag, þar sem félagsheimili á að byggja, láti ókeypis í té viðunandi byggingarlóð. Einnig getur ráðherra sett það skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum, að fleiri en eitt félag standi að byggingu félagsheimilis, svo og sett þau önnur skilyrði viðvíkjandi gerð og notkun félagsheimilanna, sem hann telur nauðsynleg til þess, að þau komi að sem beztum notum og séu sem mest við hæfi bæjar þess eða byggðar, þar sem þau eru reist.

□ [Af tekjum Félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í Menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Heimilt er þó að styrkja menningarstarfsemi sem fram fer utan félagsheimila, er sérstaklega stendur á. Styrkveitingar til menningarstarfsemi einstakra félagsheimila má binda því skilyrði, að tiltekinn hluti aðgangseyris af samkomum félagsheimilisins renni í sérstakan menningarsjóð þess. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili.][1)2)]

[1)] *Reglur 333/1980 (um Menningarsjóð félagsheimila).* [2)] *L. 54/1979, 2. gr.*

■ **3. gr.** [Stjórn Félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. Byggingarstyrkir skulu veittir að fengnum tillögum íþróttanefndar og deildarstjóra byggingardeildar menntamálaráðuneytisins. Styrkir úr menningarsjóðnum skulu veittir að fengnum tillögum menningarsjóðsnefndar, sem ráðherra skipar til fjögurra ára þannig: Einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Ungmennafélags Íslands og Bandalags ísl. leikfélaga, einn samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og einn án tilnefningar og verður hann formaður nefndarinnar.

□ Umsóknir um byggingarstyrki skal senda íþróttanefnd. Ef um er að ræða umsókn um styrk til nýbyggingar skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Umsókn um styrk úr menningarsjóðnum skal senda menningarsjóðsnefnd. Í umsókn skal gerð nákvæm grein fyrir hvernig fyrirhugað er að verja styrknum. Skrá um úthlutun úr Félagsheimilasjóði skal birt árlega í Fréttabréfi menntamálaráðuneytisins.][1)]

□ Ekki má styrkur til byggingar félagsheimilis, hvort heldur eitt eða fleiri félög standa að því, nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði.

□ Nú hefur félagsheimili notið eða nýtur byggingarstyrks úr ríkissjóði, auk þess sem fyrir er mælt í lögum þessum, og má þá styrkur samkvæmt þeim ekki nema meiru en svo, að hann ásamt ríkisstyrknum nemi 40% af byggingarkostnaði.

□ Heimilt skal Félagsheimilasjóði að gefa út skuldabréf til allt að 15 ára með venjulegum vöxtum til greiðslu á styrk til þeirra félagsheimila, sem byggingu er lokið á eða eru í byggingu. Menntamálaráðherra gerir, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og íþróttanefndar, áætlun um, hvernig væntanlegum tekjum sjóðsins skuli skipt milli styrkja til félagsheimila og endurgreiðslu á skuldabréfunum ásamt vöxtum, enda skulu þá tekjur sjóðsins áætlaðar varlega. Heimilt er að veita ríkisábyrgð fyrir þessum skuldabréfum.

□ [Nú ákveða eigendur félagsheimilis að breyta því með það fyrir augum að auðvelda fötluðum aðkomu og umferð og er þá heimilt að verja fé úr Félagsheimilasjóði til greiðslu allt að 40% heildarkostnaðar, sem af þessari breytingu hlýst.][2)]

[1)] *L. 54/1979, 3. gr.* [2)] *L. 47/1981, 4. gr.*

■ **4. gr.** Nú hefur sveitarfélag eða sveitarfélög forgöngu um byggingu félagsheimilis og áskilur sér rétt til þess að nota húsið að meira eða minna leyti til annarrar starfsemi en um ræðir í 1. gr., og skal þá draga frá byggingarkostnaði þess fjárhæð, sem telja má hæfilega vegna þessara nota, og má styrkurinn ekki nema meiru en 40% af því, sem þá verður eftir. Án leyfis menntamálaráðherra er sveitarfélagi óheimilt að taka síðar að nota aukinn hluta hússins til annars en um ræðir í 1. málsgr.[1)] Leyfi menntamálaráðherra slíkt skal sveitarfélagið endurgreiða tiltölulegan hluta styrksins. Vilji það síðar láta aukinn hluta hússins eða það allt til þeirrar starfsemi, sem um ræðir í 1. málsl.,[1)] má veita því viðbótarstyrk, svo sem um nýbyggingu væri að ræða.

[1)] *Á líklega við 1. gr. laganna.*

■ **5. gr.** Eigendum félagsheimila, sem notið hafa byggingarstyrks úr Félagsheimilasjóði, skal skylt að heimila slíkum félögum, sem um ræðir í 1. gr., í sama bæ eða sömu byggð afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef það fer ekki í bága við eðlilega þörf þeirra sjálfra fyrir það. Fræðslumálastjóri og íþróttanefnd geta með samþykki menntamálaráðherra ákveðið hámark afnotagjalds slíkra félaga af félagsheimilum, sem styrkt hafa verið úr ríkissjóði. Verði ágreiningur um, hvort félag eigi rétt á afnotum af félagsheimili, sker fræðslumálastjóri úr. Úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðherra.

□ Nú verður samkomulag um það milli eigenda félagsheimilis og annars slíks félags eða félaga, sem um ræðir í 1. gr., að það verði meðeigandi að félagsheimilinu, og skal þá við ákvörðun þeirrar fjárhæðar, er það greiðir, miða við, að það verði hluttakandi í þeim styrk, sem veittur hefur verið til byggingar hússins úr Félagsheim-

1970 Nr. 107 28. okt.

1970 Nr. 107 28. okt.

ilasjóði eða ríkissjóði. Menntamálaráðherra skal samþykkja slík kaup.

■ **6. gr.** Óheimilt er að selja félagsheimili, sem styrkt hafa verið úr Félagsheimilasjóði, án leyfis menntamálaráðherra. Leyfi hann slíka sölu, skal Félagsheimilasjóði endurgreiddur styrkur sá, sem úr honum hafði verið veittur til byggingar hússins. Óheimilt er að veðsetja félagsheimili, sem styrkt hafa verið samkvæmt lögum þessum, nema fyrir láni til greiðslu byggingarkostnaðar eða vegna endurbóta á eigninni. Veðlán þessi mega aldrei nema meira en ⅓ hluta byggingarkostnaðar og ½ endurbótakostnaðar.

■ **7. gr.** Nú er eitt eða fleiri af félögum þeim, sem staðið hafa að byggingu félagsheimilis, lagt niður, og skal þá það eða þau félög, sem starfa áfram, eiga kost á að taka við húsinu með öllum réttindum og skyldum. Vilji þau það ekki eða séu öll félögin, sem staðið hafa að byggingu félagsheimilisins, lögð niður, skal sveitarstjórn, þar sem félagsheimilið er, eiga þess kost að fá það, ef hún skuldbindur sig til þess að reka það í þágu þeirrar starfsemi, sem um ræðir í 1. gr. Nú neitar sveitarstjórn að taka við félagsheimili til rekstrar eða vill hætta rekstri félagsheimilis, sem hún hefur áður tekið að sér að reka eða haft forgöngu um að byggja, og skal menntamálaráðherra þá skipa 3 manna nefnd, er gera skal tillögur um, hvernig ráðstafa skuli húsinu. Einn nefndarmanna skal skipaður samkv. tilnefningu félaga þeirra, sem síðast höfðu umráð yfir húsinu, annar eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar, en hinn þriðji án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Menntamálaráðherra ákveður síðan um ráðstöfun hússins, og er honum heimilt að fá það til rekstrar félagi eða félögum, sem um ræðir í 1. gr., eða láta selja það til lúkningar áhvílandi skuldum og endurgreiðslu byggingarstyrks til Félagsheimilasjóðs. Það, sem umfram kann að vera, rennur í Félagsheimilasjóð.

■ **8. gr.** Sérhvert félagsheimili, sem byggt er með styrk úr Félagsheimilasjóði, skal vera sjálfstæð stofnun, og skulu settar reglur[1] um rekstur og afnot þess, hvers og eins, og menntamálaráðherra staðfesta þær.

[1] *T. d. reglur 219/1973 og 301/1976.*

■ **9. gr.** Ágreiningi, sem verður um skilning á lögum þessum eða um framkvæmd þeirra, má skjóta til ráðherra.

II. h. Heilbrigðismál.

1958 Nr. 10 19. marz

Farsóttalög.

■ **1. gr.** Það er almenn skylda að gjalda sem mesta varúð við farsóttum og hvers konar næmum sjúkdómum og gera sér allt far um að sýkja hvorki sjálfan sig né aðra, að svo miklu leyti sem framkvæmanlegt er og þýðingu hefur.

□ Læknum og þeim, sem með lækningar fara, svo og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum, er sérstaklega skylt, hverjum í sínum verkahring, að vekja athygli á sýkingarhættum og gefa ráð og leiðbeiningar hér að lútandi.

□ Skylt er hlutaðeigendum jafnan að hlýða fyrirmælum læknis um nauðsynlegar viðurkenndar og venjulegar ráðstafanir til varnar gegn sóttnæmisútbreiðslu frá sjúklingi, er hann hefur til meðferðar.

1958 Nr. 10 19. marz

■ **2. gr.** Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir, eins og annars staðar, þar sem vikið er að héraðslæknum í lögum þessum) skulu, hver í sínu héraði, undir umsjá landlæknis og yfirstjórn ráðherra, hafa með höndum opinberar farsóttavarnir samkvæmt ákvæðum laga þessara.

□ Ráðherra birtir í farsóttareglugerð almenn fyrirmæli um tilhögun og framkvæmd opinberra farsóttavarna.[1]

□ Þegar svo ber við í einstökum tilfellum, að hlutaðeigandi héraðslækni verður um megn að inna af hendi þær skyldur, sem honum eru lagðar á herðar samkvæmt ákvæðum laga þessara, skipar ráðherra einn eða fleiri lækna héraðslækninum til aðstoðar.

□ Skylt er sýslumönnum, bæjarfógetum (lögreglustjórum), hreppstjórum, svo og sveitarstjórnum og heilbrigðisnefndum, ef til eru, að aðstoða héraðslækna við framkvæmd opinberra farsóttavarna samkvæmt ákvæðum laga þessara.

[1] *Reglur 132/1934; rg. 229/1971, sbr. 116/1972 og 290/1974.*

■ **3. gr.** Ætíð skal beita opinberum vörnum samkv. ákvæðum farsóttareglugerðar gegn útbreiðslu sóttvarnarsótta, sem eru (sbr. 1. gr. sóttvarnarlaga, nr. 34 12. apríl 1954, og 1. gr. sóttvarnarreglugerðar nr. 112 27. ágúst 1954):

1. bólusótt (variola);
2. dílasótt (typhus exanthematicus);
3. kólera (cholera asiatica);
4. rykkjasótt (febris recurrens);
5. svarti dauði (pestis).

□ Verði breyting gerð á ákvæðum sóttvarnarreglugerðar um það, hverjar sóttir skuli teljast sóttvarnarsóttir, tekur sú breyting til ákvæða laga þessara þar að lútandi.

□ Ráðherra getur fyrirskipað, að opinberum vörnum samkvæmt ákvæðum farsóttareglugerðar skuli og beita að meira eða minna leyti gegn öðrum sóttum en sóttvarnarsóttum, svo sem barnaveiki, blóðsótt, taugaveiki, heilasótt, mislingum, hettusótt, mænusótt, skarlatssótt og kighósta, þegar þessar eða þvílíkar sóttir eru skæðar, þegar líklegt þykir, að hefta megi hættulega útbreiðslu þeirra með opinberum vörnum, en ekki án slíkra varna, eða þegar öðrum sérstaklega knýjandi ástæðum er til að dreifa.

■ **4. gr.** Í hvert sinn er sóttvarnarsótt (sbr. 1. málsgr. 3. gr.) kemur upp, skal hlutaðeigandi héraðslæknir þegar í stað taka upp opinberar varnir gegn sóttinni samkvæmt ákvæðum farsóttareglugerðar, en gera landlækni það jafnskjótt kunnugt.

□ Telji héraðslæknir nauðsyn til bera að beita opinberum vörnum samkvæmt ákvæðum farsóttareglugerðar að meira eða minna leyti gegn öðrum sóttum (sbr. 3. málsgr. 3. greinar), ber hann málið undir landlækni og bíður fyrirmæla ráðherra. Ef héraðslæknir telur svo aðkallandi að beita slíkum vörnum að meira eða minna leyti, að hvers konar töf sé hættuleg, er honum heimilt að gera það til bráðabirgða, án þess að leita heimildar fyrirfram, en gera skal hann landlækni jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

□ Um sóttvarnir gegn útlöndum, um varnir gegn

berklaveiki, holdsveiki, kynsjúkdómum, fýlasótt, miltisbrandi, sullaveiki og öðrum alidýrasjúkdómum og um ónæmisaðgerðir fer jafnframt eftir sérstökum lögum.

■ **5. gr.** Nú hafa verið teknar upp opinberar varnir samkvæmt ákvæðum farsóttareglugerðar gegn einhverri sótt, og kveður þá ráðherra nánar á um, hverjar ráðstafanir skuli gerðar til að hefta útbreiðslu sóttarinnar. Þegar þau fyrirmæli hafa verið lögð fyrir hlutaðeigandi héraðslækni, hagar hann vörnunum samkvæmt þeim, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt af ráðherra. Ef héraðslæknir telur nauðsynlegar breytingar á tilhögun eða framkvæmd varnanna, leggur hann tillögur sínar þar að lútandi fyrir landlækni og bíður úrskurðar ráðherra. Ef héraðslæknir telur breytingarnar svo aðkallandi, að hvers konar töf sé hættuleg, er honum heimilt að framkvæma þær til bráðabirgða, enda séu varnirnar eftir sem áður í samræmi við ákvæði farsóttareglugerðar, en gera skal hann landlækni jafnskjótt kunnar ráðstafanir sínar.

■ **6. gr.** Þegar ástæða er til að ætla, að maður hafi dáið úr einhverri þeirri sótt, sem annaðhvort er skylt eða nauðsynlegt að beita opinberum vörnum gegn samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða hinn dáni er grunaður um að vera smitberi einhverrar þeirrar sóttar, getur hlutaðeigandi lögreglustjóri lagt fyrir, að rannsaka skuli hluta af líkinu eða jafnvel kryfja það, ef þörf er á til þess, að ákveðið verði, hvort opinberum farsóttavörnum skuli beitt.

□ Ráðherra birtir reglur um meðferð og umbúnað líka, sem flutt eru á milli staða hér á landi eða út úr landinu.[1)]

[1)] *Rg. 115/1971.*

■ **7. gr.** Eigi má nota farþegaskip, farþegabifreiðar, farþegaloftför eða önnur samsvarandi fólksflutningatæki til að flytja sjúkling, sem haldinn er sótt þeirri eða er smitberi þeirrar sóttar, sem skylt er að beita opinberum vörnum gegn eða opinberum vörnum er beitt gegn, nema fylgt sé öllum fyrirmælum hlutaðeigandi héraðslæknis um flutning slíks sjúklings eða smitbera.

□ Ákvæði þessarar greinar taka jafnan til barnaveiki, taugaveiki, heilasóttar og skarlatssóttar, þó að opinberum vörnum sé ekki beitt gegn útbreiðslu þeirra.

■ **8. gr.** Nú kemur sjúkdómur upp á heimili, eða yfirvofandi er, að hann komi upp á heimili, og auðsætt þykir eða líklegt, að verið hafi eða sé sóttvarnarsótt (sbr. 1. málsgr. 3. greinar) eða einhver þeirra sótta, sem taldar eru í 3. málsgr. 3. greinar, eða vitað er eða grunsamlegt, að heimilismaður sé smitberi einhverrar þeirrar sóttar, og skal þá húsráðanda skylt að skýra lækni sínum þegar frá því. Ef læknirinn er ekki hlutaðeigandi héraðslæknir og fellst á, að um slíka sótt eða smitburð geti verið að ræða, gerir hann héraðslækninum við vart. Húsráðanda, sem er fjarri lækni, er og heimilt, ef hann kýs það heldur, að gera hreppstjóra eða hreppsnefndarmanni í hreppi sínum kunnugt um sjúklinginn (smitberann), en hreppstjóri (hreppsnefndarmaður) skal þá jafnskjótt gera hlutaðeigandi héraðslækni við vart. Með heimilismönnum eru einnig taldir aðkomumenn þeir, er hafa húsnæði eða náttstað á heimili um stundarsakir, svo og þeir, sem þar eru í fæði. Nú kemur slíkur sjúkdómur, sem hér um ræðir, eða smitburður, upp meðal þeirra, sem eru í nauðungarvist á einhverjum stað eða í sjúkrahúsi, elliheimili, barnahæli, heimavistarskóla eða þvílíkri stofnun, og er þá forstöðumanni eða forráðamanni skylt að skýra frá því. Komi sjúkdómurinn upp á skipi eða í veri á vertíð meðal skipshafnar, skal skipstjóri eða formaður skýra frá því.

□ Starfandi læknum er sérstaklega skylt að hafa vakandi auga á sóttum, er ástæða gæti verið til að beita opinberum vörnum gegn, og gera hlutaðeigandi héraðslækni jafnskjótt kunnugt, ef þeir verða slíkrar sóttar varir.

□ Viti einhver til þess, að vanrækt hafi verið að gera héraðslækni kunnugt um sjúkdóm eða smitburð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal hann þegar í stað skýra frá því á þann hátt, er að framan segir.

□ Þurfi hreppstjóri eða hreppsnefndarmaður að takast ferð á hendur til að fullnægja fyrirmælum greinar þessarar, fær hann kostnaðinn endurgreiddan úr sveitarsjóði eftir reikningi, er hlutaðeigandi hreppsnefnd samþykkir.

■ **9. gr.** Nú er eigi unnt að hafa sjúkling eða smitbera svo afskekktan á heimili sínu, að ekki sé hætt við útbreiðslu sóttnæmis, og er þá hlutaðeigandi héraðslækni heimilt, í samræmi við ákvæði 3.—5. greinar að láta flytja sjúklinginn (smitberann) í sjúkrahús eða eitthvert annað hús, sem til þess er hentugt og hægt er að fá. Er sjúklingi (smitbera) skylt að vera þar, þangað til hættulaust er að flytja hann eða láta hann fara þaðan, enda sé honum látin þar í té hæfileg læknishjálp og aðhjúkrun. Heimilt er og að fara eins að, þá er rannsaka skal vafasöm sjúkdómstilfelli eða smitburð. Við flutning sjúklingsins (smitberans) skal þess gætt, að svo vel fari um hann sem unnt er, án þess að hætt sé við sóttnæmisútbreiðslu.

■ **10. gr.** Ef sjúklingur eða smitberi er ekki fluttur af heimili sínu, getur hlutaðeigandi lögreglustjóri eða hreppstjóri eftir fyrirmælum hlutaðeigandi héraðslæknis í samræmi við ákvæði 3.—5. greinar, takmarkað samgöngur milli heimilis hans (húss eða bæjar) og annarra heimila eða bannað með öllu utanheimilismönnum að koma á heimilið og einnig heimamönnum að fara á annarra manna heimili. Þegar samgöngur eru takmarkaðar, skal, ef þörf krefur, setja mann af öðru heimili til að líta daglega eftir hinu sýkta heimili og annast nauðsynlega aðflutninga, en skylt er að gera það, ef samgöngur eru með öllu bannaðar. Banna má og að flytja af sýktu heimili muni og matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir.

□ Á sama hátt getur hlutaðeigandi héraðslæknir takmarkað eða bannað sölu varnings, sem sótthætta getur stafað af, einnig verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, enn fremur veitingar á gistihúsum og veitingastöðum.

□ Matvælakaupmenn, matsalar, veitingamenn, brauðsalar og einkum mjólkursalar eru skyldir til, ef krafizt er vegna framkvæmda í samræmi við ákvæði laga þessara, að láta í té skrá yfir viðskiptamenn sína, að svo miklu leyti sem þeir eru þeim kunnir. Einnig eru skyldir til að gefa sig fram menn, sem viðskipti hafa átt við slíkan tilgreindan kaupmann, útsölumann eða veitingamann, ef hlutaðeigandi héraðslæknir krefst þess með auglýsingu.

1958 Nr. 10 19. marz

■ **11. gr.** Nú hefur sótt, sem opinberum vörnum er beitt gegn, gert vart við sig á heimili, þar sem eru börn eða aðrir nemendur, sem ganga í skóla, eða smitberi slíkrar sóttar hefst þar við, og má þá nemandi ekki sækja skóla, fyrr en ekki er hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá honum, að áliti héraðslæknis eða samkvæmt úrskurði ráðherra. Þessa skal og jafnan gætt um barnaveiki, taugaveiki, heilasótt, mænusótt og skarlatssótt, þó að opinberum vörnum sé ekki beitt gegn þeim, og um farsóttir yfirleitt, nema þær séu svo útbreiddar orðnar, að ekki teljist svara tilgangi. Um skólakennara gildir sama að þessu leyti og nemendur.

■ **12. gr.** Í byggðarlagi, þar sem sótt gengur, sem opinberum vörnum er beitt gegn, svo og í nærsveitum, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri, eftir fyrirmælum héraðslæknis í samræmi við ákvæði 3.—5. greinar, skipað, að loka skuli skólum, jafnt almennum skólum sem einkaskólum, bannað almenna mannfundi og opinberar skemmtisamkomur (kvikmyndasýningar, leiksýningar, samsöngva, dansleiki, hlutaveltur o. s. frv.), aðrar samkomur (brúðkaupsveizlur, innanfélagsskemmtanir o. s. frv.), þar sem margir koma saman í sama húsi, svo og messugerðir og líkfylgdir. Á sama hátt getur lögreglustjóri eða hreppstjóri lokað verzlunum, svo sem matvælabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, enn fremur gistihúsum og veitingastöðum.

■ **13. gr.** Þegar mjög mikil hætta vofir yfir, getur hlutaðeigandi lögreglustjóri, eftir fyrirmælum hlutaðeigandi héraðslæknis í samræmi við ákvæði 3.—5. greinar, skipað, að afkvía skuli sýktan kaupstað, kauptún, sveit, eða hluta þeirra, svo og önnur stór svæði, og skal lögreglustjóri þá annast nauðsynlegar ráðstafanir til að halda uppi slíku samgöngubanni.

□ Nú óskar bæjarstjórn þess, sýslunefnd eða hreppsnefnd, fyrir hönd kaupstaðar, sýslu eða hrepps, að afkvía kaupstaðinn, sýsluna eða hreppinn, eða hluta þeirra, til þess að ekki berist þangað hættuleg farsótt, og getur þá ráðherra, ef gild ástæða þykir til, heimilað afkvíunina og falið hlutaðeigandi lögreglustjóra framkvæmdirnar í samráði við hlutaðeigandi héraðslækni. Kostnaður af slíkri afkvíun greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sýslusjóði.

■ **14. gr.** Nú hefur verið beitt opinberum vörnum gegn sóttnæmisútbreiðslu frá grunuðum taugaveikissmitbera eða öðrum grunuðum smitbera, og á hinn grunaði smitberi þá kröfu á, að hann verði rannsakaður til hlítar og úr því skorið, ef unnt er, hvort grunurinn er á rökum reistur. Á sama hátt á taugaveikissmitberi eða annar smitberi, sem opinberum vörnum hefur verið beitt gegn, kröfu á að fá þá læknishjálp, sem til þess þarf, að hann verði, ef unnt er, losaður við smitburðinn.

□ Ráðherra er heimilt að semja um að veita viðvarandi taugaveikissmitbera eða aðstandendum slíks smitbera, og eins þó að einungis sé um að ræða grun, sem ekki verður hnekkt, styrk úr ríkissjóði um lengri eða skemmri tíma, gegn því að smitberanum verði tryggilega ráðstafað, svo að sýkingarhætta stafi ekki af honum.

■ **15. gr.** Skylt er mönnum að þola, að fram fari sótthreinsun á sjálfum þeim og skylduliði þeirra, búslóð, húsum og bæjum, einnig á skipum og öðrum farartækjum, svo og á lausum munum, þar er verið hefur einhver af sóttum þeim sem nefndar eru í 1. og 3. mgr. 3. gr., eða smitberar slíkra sótta, og þá endranær, er héraðslæknir fyrirskipar sótthreinsun í samræmi við ákvæði laga þessara.

□ Sé miklum umsvifum og erfiðleikum bundið að sótthreinsa lausa muni, má láta brenna þá eða eyða þeim á annan hátt, en skaðabætur skulu greiddar eiganda.

□ Að jafnaði annast hlutaðeigendur sjálfir sótthreinsun heimila sinna og annarra húseigna, skipa og annarra tækja samkvæmt fyrirsögn og leiðbeiningum hlutaðeigandi héraðslæknis eða heilbrigðisfulltrúa fyrir hans hönd og ætíð, þegar ekki er um annað að ræða en almenna hreingerningu húss (skips, farartækis) og muna, málningu (kölkun) eða veggfóðrun herbergja, böðun fólks, fataþvott og þess háttar, og eins þó að fyrirskipað sé að nota við hreingerningu og þvott venjulegt sótthreinsunarlyf.

□ Þegar mikið liggur við, svo sem þegar um er að ræða sótthreinsun vegna sóttvarnarsóttar (sbr. 1. málsgr. 3. gr.), skipar héraðslæknir í samráði við landlækni sérfróðan sótthreinsunarmann til að annast einstakar sótthreinsanir.

□ Ef sveitarstjórn telur henta að hafa á að skipa föstum sótthreinsunarmanni, er hlutaðeigandi lögreglustjóra heimilt að löggilda til sótthreinsunarstarfa í hlutaðeigandi sveitarfélagi hæfan mann, að dómi hlutaðeigandi héraðslæknis og heilbrigðisnefndar, ef til er.

■ **16. gr.** Ríkissjóður ber kostnað af opinberum farsóttavörnum, þ. e. vörnum gegn sóttvarnarsóttum (sbr. 1. málsgr. 3. greinar) og vörnum, sem ráðherra fyrirskipar sérstaklega samkvæmt ákvæðum 3. málsgr. 3. greinar, nema fyrir sé mælt, að kostnaðinn skuli greiða úr hlutaðeigandi sveitarsjóði eða sýslusjóði (sbr. 4. málsgr. 2. greinar, 4. málsgr. 8. greinar og 2. málsgr. 13. gr.) eða hlutaðeigendur beri hann sjálfir (sbr. 2., 3. og 6.—8. málsgr. þessarar greinar).

□ Ríkissjóður ber meðal annars kostnað af sótthreinsun, sem héraðslæknir í samráði við landlækni skipar sérstakan sótthreinsunarmann til að annast samkvæmt ákvæðum 4. málsgr. 15. greinar. Heimilismönnum er þó skylt að annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sótthreinsunina, sem þeir geta af hendi leyst og sótthreinsunarmaður þarf með og heimtar. Þeim er og skylt að leggja til ókeypis heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eftir þörfum.

□ Kostnað af sótthreinsun, sem héraðslæknir fyrirskipar og framkvæmd er samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 15. greinar, ber hlutaðeigandi sjálfur og eins, þó að til slíkrar sótthreinsunar sé fenginn löggiltur sótthreinsunarmaður (sbr. 5. mgr. 15. gr.), nema hlutaðeigandi sveitarsjóður beri kostnaðinn samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Ríkissjóður ber þó jafnan allan kostnað af því, ef héraðslæknir fyrirskipar að flytja burtu af heimili sængurfatnað eða annað til sótthreinsunar í sótthreinsunarofni.

□ Ríkissjóður ber kostnað af flutningi sjúkra manna vegna opinberra farsóttavarna, einnig ferðakostnað smitbera af heimili á sjúkrahús eða annað, svo og fyrir dvöl þeirra þar samkvæmt ákvæðum 9. gr., þar með talin aðhjúkrun, lyf og læknishjálp, enn fremur ferðakostnað smitbera til rannsóknar eða lækninga samkvæmt ákvæðum 14. greinar, svo og allan kostnað af

1958 Nr. 10 19. marz

1958 Nr. 10 19. marz

rannsókninni og læknishjálpinni, þar með talinn dvalarkostnaður á sjúkrahúsi.

☐ Ráðherra er heimilt að láta greiða úr ríkissjóði að meira eða minna leyti kostnað af læknishjálp, aðhjúkrun og eftirliti með sjúklingum í heimahúsum, þegar um sótt er að ræða, sem opinberum farsóttavörnum er beitt gegn og ætla má, að slíkt sé nauðsynlegt til að hefta útbreiðslu sóttarinnar.

☐ Ákvæði tveggja síðustu málsgreina leysa ekki hlutaðeigandi sjúkrasamlag undan þeirri kvöð að greiða eðlilegan sjúkrakostnað fyrir tryggðan meðlim, enda þótt farsóttavörnum sé beitt gegn honum, og tekur það bæði til nauðsynlegrar sjúkrahúsvistar sjúkdómsins vegna og venjulegrar læknishjálpar utan sjúkrahúss. Sama gildir um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, ef svo ber við, að hún á hlut að máli.

☐ Ríkissjóður ber ekki þann kostnað, sem leiðir af því, er ferðir manna eða farartækja eru hindraðar samkv. ákvæðum laga þessara, né greiðir skaðabætur fyrir þau atvinnuspjöll, er leiða kann af framkvæmd þeirra.

☐ Ríkissjóður ber ekki kostnað af farsóttavörnum, sem læknir fyrirskipar í samræmi við ákvæði 1. gr. laga þessara, og ekki heldur þótt í hlut eigi héraðslæknir, sem í samræmi við þau ákvæði fyrirskipar að haga slíkum vörnum að meira eða minna leyti samkv. ákvæðum farsóttareglugerðar.

■ **17. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara eða gegn almennum eða sérstökum fyrirmælum samkv. ákvæðum þeirra varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

☐ Ef maður er haldinn sóttvarnarsótt (sbr. 1. málsgr. 3. gr.) eða er smitberi slíkrar sóttar eða maður hefur dvalizt á heimili, þar sem slík sótt gengur eða slíkur smitberi dvelst, þá skal sá maður jafnan, er hann kemur á önnur heimili, á skip eða í önnur fólksflutningatæki, gera þetta kunnugt húsráðanda, skipstjóra eða forráðamanni. Sama gildir um þær sóttir, sem taldar eru í 3. málsgr. 3. greinar, ef opinberum vörnum er beitt gegn þeim, og einnig án þess um barnaveiki, taugaveiki, heilasótt og skarlatssótt. Nú vanrækir maður þetta, og má þá, auk hegningar, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar greinar, dæma hann til skaðabóta fyrir það, er leiða kann af vanrækslu hans.

☐ Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

1954 Nr. 34 12. apríl

Sóttvarnarlög.[1)]

[1)] *Rg. 229/1971, sbr. 116/1972 og 290/1974 (um sóttvarnir).*

I. kafli. Svið laganna.

■ **1. gr** Ráðherra ákveður, gegn hverjum sóttum beita skuli sóttvarnarráðstöfunum þeim, sem um er fjallað í lögum þessum, í því skyni að hindra, að þær sóttir berist inn í landið eða héðan til annarra landa.

II. kafli. Skýrgreiningar.

■ **2. gr.** Í lögum þessum merkir: *Einangrun:* stíun hlutaðeigandi manns eða flokks manna frá öðrum mönnum — að undanteknu því starfsfólki, sem annast einangrunina — í því skyni að hindra, að sóttnæmi breiðist út. *Farangur:* einkamunir og föggur farþega og einstakra manna áhafnar skips eða flugfars. *Flugfar:* millilandaflugfar (-loftfar). *Flughöfn:* flughöfn, sem leitað er af millilandaflugförum. *Grunaður:* um mann sem ætla má, að hafi haft tækifæri til að smitast af næmri sótt. *Hafnarstaður:* kaupstaður eða hreppur, þar sem er höfn eða flughöfn. *Höfn:* höfn (sjávarhöfn), sem leitað er af millilandaskipum. *Læknisrannsókn:* eftirlitsferð sóttvarnarlæknis í skip eða flugfar og bráðabirgðarannsókn hans á farþegum og áhöfn, en ekki reglubundin rannsókn á skipi í því skyni að leiða í ljós og ákveða, hvort rottueyðingar sé þörf. *Næm sótt:* sjúkdómur, sem sóttvarnarráðstöfunum skal beitt gegn samkvæmt ákvæðum 1. greinar. *Skip:* millilandaskip. *Sóttvarnareftirlit (eftirlit):* eftirlit heilbrigðisyfirvalda með heilsufari grunaðs manns. *Sóttvarnarsvæði:* hið minnsta svæði innan landamæralands — t. d. höfn eða flughöfn — sem hefur ákveðin takmörk og þar sem heilbrigðismálum er svo skipað, að unnt er að koma þar við fullkomnum sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings. *Sýktur:* um mann, sem er haldinn næmri sótt eða telst smitaður af slíkri sótt.

☐ Þegar í lögum þessum er rætt um *millilandaferð* skips eða flugfars, tekur það einnig til ferðar á milli hafna og flughafna hér á landi, ef hlutaðeigandi skip eða flugfar hefur á leið sinni samband við stað í öðru landi eða skip eða flugfar frá öðru landi, ef skipið eða flugfarið hefur ekki hlotið leyfi til frjálsra samskipta hér við land.

III. kafli. Sóttvarnaryfirvöld.

■ **3. gr.** Sóttvarnarnefndir hafa með höndum, hver á sínum stað, framkvæmd ráðstafana gegn því, að næmar sóttir berist inn í landið og héðan til annarra landa.

☐ Sóttvarnarnefnd í Reykjavík er skipuð tollstjóra, borgarlækni og lögreglustjóra, í kaupstöðum öðrum en Reykjavík bæjarfógeta, héraðslækni og bæjarstjóra, en á öðrum hafnarstöðum lögreglustjóra (hreppstjóra), héraðslækni og hreppsnefndaroddvita.

☐ Formaður sóttvarnarnefndar í Reykjavík er tollstjóri, í kaupstöðum öðrum en Reykjavík bæjarfógeti, en á öðrum hafnarstöðum lögreglustjóri (hreppstjóri).

☐ Almennar framkvæmdir sóttvarnarnefndar annast formaður með ráði og aðstoð héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis). Einstök sóttvarnarlæknisstörf, aðgerðir og rannsóknir samkvæmt ákvörðun laga þessara má sóttvarnarnefnd með ráði héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis) fela öðrum löggiltum læknum og lækninga- eða rannsóknarstofnunum.

■ **4. gr.** Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) eru sóttvarnarlæknar, hver í sínu héraði.

☐ Í forföllum reglulegs sóttvarnarlæknis er sóttvarnarnefnd heimilt að fela öðrum löggiltum lækni að annast aðkallandi sóttvarnarlæknisstörf.

☐ Þegar sérstaklega stendur á, er ráðherra heimilt að skipa sérstaka sóttvarnarlækna.

■ **5. gr.** Embættis- og starfsmönnum tollgæzlu, lögreglu, hafnargæzlu, flugsamgangna og hafnsögumönnum er jafnan skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við framkvæmd sóttvarnarráðstafana samkvæmt ákvæðum laga þessara.

IV. kafli. Skipun sóttvarna að öðru leyti.

■ **6. gr.** Bæjar- og sveitarstjórnum er skylt að gera ráðstafanir til þess, í samráði við sóttvarnarnefndir, að við verði komið — allra helzt á sjúkrahúsi — tryggilegri einangrun og nauðsynlegri aðhlynningu aðkomufólks til landsins, sem einangra þarf samkvæmt ákvæðum laga þessara.

1954 Nr. 34 12. apríl

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd ráðstafana þessara.

■ **7. gr.** Sóttvarnarnefndir skulu gera sér far um, með því að leita samkomulags við hlutaðeigandi yfirvöld og á annan hátt, að stuðla að því, að rottugangi á hafnar- og flughafnarsvæðum verði haldið í skefjum, svo sem unnt er, m. a. með því, að hús og önnur mannvirki á slíkum svæðum verði gerð svo rottuheld sem tök eru á.

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um varnir gegn því, að rotta berist í land úr skipum, og um útrýmingu rottu á hafnar- og flughafnarsvæðum.

■ **8. gr.** Ráðherra er heimilt að skipa svo fyrir, að rottueyðing fari fram í skipum með ákveðnu, reglulegu millibili, eða þess sé gætt, að rottugangi í skipum sé sífelldlega haldið í skefjum, svo sem unnt er. Ráðherra ákveður, á hverjum hafnarstöðum rottueyðing í skipum fari fram. Rannsókn á rottugangi og rottueyðing í skipum fer fram á vegum sóttvarnarnefndar eftir þeim reglum, er ráðherra setur. Sóttvarnarnefnd lætur ókeypis í té vottorð um, að skip hafi verið rannsakað með tilliti til rottugangs og rottueyðingar hafi ekki talizt þörf (rottuvottorð), eða rottueyðing hafi farið fram (rottueyðingarvottorð). Ráðherra segir fyrir um gerð rottu- og rottueyðingarvottorða og hversu lengi þau skuli gilda.

□ Ráðherra er heimilt að skipa svo fyrir, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt þykir, að rottu sé eytt í flugförum, enda setur þá nánari reglur þar að lútandi.

■ **9. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða, að fyrirmæli 7. og 8. gr. um rottu megi, þegar svo stendur á, láta gilda um önnur nagdýr og dýr yfirleitt, sem kunn eru að því að vera eða geta verið smitberar næmra sótta.

■ **10. gr.** Ráðherra er heimilt að löggilda flughöfn, er mikið kveður að millilandaferðum um, sem sóttvarnarflughöfn. Á sóttvarnarflughöfn skal vera kostur læknisþjónustu í sérstökum lækninga- og rannsóknarstofum, búnum nauðsynlegum tækjum.

□ Jafnframt því sem ráðherra löggildir sóttvarnarflughöfn, setur hann nánari reglur um sóttvarnarbúnað hennar.

■ **11. gr.** Fulltrúar utanríkisráðuneytisins erlendis skulu gera sér far um að fylgjast sem bezt með sóttarfari, hver í sínu umdæmi, og tilkynna ráðuneytinu tafarlaust, ef upp koma eða yfirvofandi má telja, að upp komi sóttir, sem sóttvarnarráðstöfunum er skylt að beita gegn samkvæmt ákvæðum laga þessara. Sama gildir um hvers konar aðrar sóttir, ef þær gerast óvenjulega útbreiddar eða illkynja, eða ráðuneytið óskar sérstaklega fregna af þeim. Utanríkisráðuneytið tilkynnir tafarlaust ráðherra þeim, sem fer með heilbrigðismál, allar sóttarfarsfréttir.

□ Þegar vitað er af tilkynningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar samkvæmt ákvæðum hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings, af fréttum frá fulltrúum utanríkisráðuneytisins erlendis samkvæmt ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar eða samkvæmt öðrum áreiðanlegum heimildum, að á sóttvarnarsvæði erlendis hafi orðið vart næmrar sóttar, er ráðherra heimilt að ákveða, að litið skuli á það svæði sem sýkt af þeirri sótt, sem um er að ræða.

□ Ef ekki hafa verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til að hefta útbreiðslu sóttarinnar frá hinu sýkta sóttvarnarsvæði, er ráðherra heimilt að ákveða, að einnig skuli litið á aðliggjandi svæði sem sýkt svæði.

□ Ráðherra tilkynnir, hvenær aftur skuli litið á áður tilkynnt sýkt svæði sem ósýkt svæði.

V. kafli. Almenn fyrirmæli.

■ **12. gr.** Allar sóttvarnarráðstafanir samkvæmt ákvæðum laga þessara skal hefja, svo fljótt sem unnt er, og leiða til lykta án ónauðsynlegra tafa.

□ Áður en hafnar eru sérstakar sóttvarnarráðstafanir umfram læknisrannsókn og venjulegar rottueyðingaraðgerðir samkvæmt 8. gr., skal ætíð, þegar við verður komið, hafa samráð við landlækni, en ella tilkynna honum gerðar ráðstafanir svo fljótt sem tök eru á.

■ **13. gr.** Sótthreinsun, skordýra- og rottueyðingu og öðrum sóttvarnaraðgerðum skal haga þannig, að ekki hafi í för með sér:

a. ónauðsynleg óþægindi eða heilbrigðishættu fyrir hlutaðeigendur;

b. skemmdir á skipi eða flugfari;

c. eldhættu.

□ Við framkvæmd sóttvarnaraðgerða, er koma niður á farmi, farangri og öðrum munum, skal gæta ýtrustu varúðar, svo að ekki hljótist skemmdir af að óþörfu.

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd sóttvarnaraðgerða samkvæmt ákvæðum laga þessara, þ. á m. um sótthreinsun skipa og flugfara, skordýraeyðingu í skipum og flugförum, sótthreinsun og eftir atvikum tortímingu dýra, farms, óhreins líns og annars, sem hætta er á, að valdið geti útbreiðslu næmrar sóttar.

□ Ef þess er krafizt af sóttvarnarnefnd, er sérhverju skipi og flugfari, sem sóttvarnarráðstöfunum er beitt gegn samkvæmt ákvæðum laga þessara, skylt að aðstoða með áhöfnum sínum, eftir því sem tök eru á, við framkvæmd sóttvarnaraðgerðanna.

■ **14. gr.** Ef þess er krafizt, lætur sóttvarnarnefnd í té þeim, er farm flytur, ókeypis vottorð (sóttvarnarvottorð) um sóttvarnarráðstafanir, sem beitt hefur verið samkvæmt ákvæðum laga þessara gegn skipi eða flugfari, hver hluti skips eða flugfars hafi orðið fyrir aðgerðunum, í hverju þær hafi verið fólgnar og hver verið hafi ástæða til þeirra. Ef flugfar á í hlut og sé þess krafizt, skal skrá vottorð þetta á hið almenna afgreiðsluskírteini flugfarsins.

□ Ef þess er krafizt, lætur sóttvarnarnefnd enn fremur í té ókeypis vottorð:

a. ferðamanni, þar sem greindur sé komudagur hans til landsins, brottfarardagur hans úr landi og tekið fram, hverjum sóttvarnarráðstöfunum hafi verið beitt gegn honum og farangri hans;

b. sendanda, móttakanda, þeim er farm flytur, og umboðsmönnum hans um sóttvarnarráðstafanir, sem beitt hafi verið gegn farmi þeirra.

■ **15. gr.** Mann, sem er undir sóttvarnareftirliti samkvæmt ákvæðum laga þessara, er óheimilt að einangra, og skal hann vera frjáls ferða sinna að öðru leyti en því, að skylt er honum, sé þess krafizt, að sýna sig heilbrigðisyfirvöldum með tilteknu, reglulegu millibili, alla þá tíð sem hann er undir eftirliti. Enn fremur er heilbrigðisyfirvöldum heimilt að láta lækni rannsaka hlutaðeiganda og krefjast annarra upplýsinga um hann, sem

nauðsynlegar kunna að vera til að leiða í ljós heilbrigðisástand hans, er máli skiptir.

□ Nú óskar maður, sem er undir sóttvarnareftirliti, að fá að ferðast frá þeim stað, þar sem hann dvelst, til annars staðar hér á landi, og skal hann þá tilkynna það hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvöldum, er gera heilbrigðisyfirvöldum á þeim stað, sem ferðinni er heitið til, viðvart um komu hlutaðeiganda. Jafnskjótt sem á staðinn er komið, skal hlutaðeigandi ganga fyrir heilbrigðisyfirvöld staðarins og undirgangast þar sóttvarnareftirlit samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar.

□ Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd sóttvarnareftirlits samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

■ **16. gr.** Sóttvarnarnefnd er heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, sem framkvæmanlegar eru til að koma í veg fyrir, að hafnir sóttmengist af mannasaur og öðrum úrgangi frá skipum.

■ **17. gr.** Flugförum sem fljúga yfir íslenzkt land, er bannað að fleygja niður nokkru því, er borið getur með sér sóttnæmi næmra sótta.

■ **18. gr.** Ráðherra setur nánari reglur um sóttvarnarráðstafanir gegn einstökum næmum sóttum, og skal þar m. a. kveðið á um, hver teljast skuli meðgöngutími hverrar slíkrar sóttar, er sóttvarnarráðstafanir samkvæmt lögum þessum ber að miða við.

□ Í reglum þessum má kveða á um, hvenær skip eða flugför skuli teljast sýkt af næmri sótt, grunuð um að vera sýkt og ósýkt. Enn fremur má í reglum þessum krefjast þess, eða heimila ráðherra, þegar sérstaklega stendur á, að krefjast þess, að menn, er koma til landsins frá tilteknum löndum eða landshlutum, leggi fram gild vottorð um ónæmisaðgerðir gegn tilteknum næmum sóttum, að viðlögðu sóttvarnareftirliti eða einangrun, ef ekki er fullnægt.

VI. kafli. Sóttvarnarráðstafanir við för úr landi.

■ **19. gr.** Þegar nauðsyn ber til að hindra, að næm sótt berist héðan til annarra landa, er ráðherra heimilt að skipa svo fyrir, að menn, sem ferðast úr landi, undirgangist læknisrannsókn fyrir brottför sína. Ákveða skal stað og stund slíkrar læknisrannsóknar með tilliti til tollskoðunar o. s. frv., þannig að sem minnstum töfum valdi.

□ Sóttvarnarnefnd skal gera allar ráðstafanir, sem með góðu móti eru framkvæmanlegar til að koma í veg fyrir:

a. að maður, sem er sýktur eða grunaður, fari úr landi;

b. að sóttnæmi næmra sótta eða dýr, sem kunn eru að því að vera eða geta verið smitberar slíkra sótta, berist eða sleppi út í skip eða flugför á leið til útlanda.

□ Þrátt fyrir ákvæði 2. málsgreinar þessarar greinar, er sóttvarnarnefnd heimilt að leyfa, að maður á millilandaferð, sem við komu sína til landsins hefur sætt sóttvarnareftirliti, haldi ferð sinni áfram. Haldi hann ferðinni áfram loftleiðis, skal sóttvarnarnefnd láta þess getið á hinu almenna afgreiðsluskírteini flugfarsins, að hann hafi sætt sóttvarnareftirliti.

VII. kafli. Umleiðarferðir.

■ **20. gr.** Ekki skal beita sóttvarnarráðstöfunum gegn skipum, sem leggja leið sína um landhelgi Íslands án þess að leita hér hafnar eða hafa á annan hátt samskipti við land eða landsmenn.

■ **21. gr.** Sóttvarnarnefnd eru óheimilar sóttvarnarráðstafanir aðrar en læknisrannsókn gegn farþegum og áhöfn:

a. skips, sem er ósýkt af næmri sótt, ef farþegar og áhöfn halda kyrru fyrir í skipinu, á meðan staðið er við;

b. flugfars, sem er ósýkt af næmri sótt, ef farþegar og áhöfn halda kyrru fyrir í vistarveru flughafnar, sem sóttvarnarnefnd sér þeim fyrir, á meðan staðið er við.

VIII. kafli. Sóttvarnarráðstafanir við komu til landsins.

■ **22. gr.** Skip eða flugfar, sem kemur hér að landi, má ekki nema í neyðartilfelli hafa samskipti við land eða landsmenn, fyrr en sóttvarnarnefnd eða sá, sem hún hefur veitt umboð til þess, hefur veitt skipinu eða flugfarinu leyfi til frjálsra samskipta.

□ Áður en tilkynnt hefur verið leyfi til frjálsra samskipta, má enginn án leyfis sóttvarnarnefndar ganga á land úr skipi eða flugfari, né nokkur úr landi fara út í skipið eða stíga upp í flugfarið.

□ Tollgæzlan annast tilkynningu frjálsra samskipta.

■ **23. gr.** Þegar skip kemur að landi, skal skipstjóri, og sé skipslæknir á skipi, þá einnig hann, skýra sóttvarnarnefnd eða þeim, sem kemur fram fyrir hennar hönd, frá heilbrigðisástandi í skipinu á leiðinni og við komu að landi. Þegar flugfar kemur að landi, skal flugfarsstjóri eða fulltrúi hans veita samsvarandi upplýsingar. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um, hverra upplýsinga hér að lútandi skuli krafizt og á hvern hátt þær skuli látnar í té. Einnig er ráðherra heimilt að mæla fyrir um, á hvern hátt skip og flugför skuli gera viðvart um, að þau komi frá eða hafi haft samskipti við sýkt sóttvarnarsvæði eða í skipinu eða flugfarinu sé eða hafi verið á leiðinni sjúkdómstilfelli, sem ætla megi næma sótt.

□ Ef skip eða flugfar telst ósýkt af næmri sótt, skal sem skjótast leyfa því frjáls samskipti, þó ekki fyrr en ráðrúm hefur gefizt til læknisrannsóknar, ef ástæða þykir til. Þegar við verður komið, skal útvarpa til skips eða flugfars, áður en að landi er komið, leyfi til frjálsra samskipta, enda telji sóttvarnarnefnd, samkvæmt fregnum, er henni hafa borizt frá skipinu eða flugfarinu, að fullvíst sé, að af komunni stafi ekki sú hætta, að til landsins berist næm sótt.

□ Ef skip eða flugfar telst sýkt eða grunað um að vera sýkt af næmri sótt, má ekki veita skipinu eða flugfarinu leyfi til frjálsra samskipta, fyrr en það hefur verið rannsakað af sóttvarnarlækni og síðan látið sæta sóttvarnarráðstöfunum af hendi sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum þessara laga.

■ **24. gr.** Ráðherra er heimilt að veita skipum og flugförum, er annast reglubundnar ferðir, undanþágu, að nokkru eða öllu leyti, frá ákvæðum 22. og 23. greinar. Sama gildir, þegar í hlut eiga hafnsögubátar, dráttarskip, fiskibátar og önnur smáför.

□ Ráðherra kveður og á um, hverja undanþágu frá sóttvarnarráðstöfunum unnt er að veita herskipum og herflugförum.

■ **25. gr.** Sóttvarnarnefnd er heimilt að láta fara fram læknisrannsókn á hverju skipi og flugfari, svo og hverjum manni, sem til landsins kemur frá útlöndum.

□ Um ákvarðanir varðandi aðrar sóttvarnarráðstafanir skal fara eftir því, hvernig á hefur staðið á leiðinni til

1954 Nr. 34 12. apríl

landsins og hvernig á stendur að læknisrannsókn lokinni.

■ **26. gr.** Sóttvarnarnefnd er heimilt að ákveða, að maður, sem kemur til landsins með skipi eða flugfari og nefndin telur sýktan, skuli sæta einangrun. Ef þess er krafizt af réttum hlutaðeigendum, skal flytja slíkan mann úr skipi eða flugfari.

■ **27. gr.** Sóttvarnarnefnd er heimilt að hlutast til um, að grunaður maður, sem kemur til landsins frá sýktu sóttvarnarsvæði, sé tekinn undir sóttvarnareftirlit. Hlutaðeigandi er háður slíku eftirliti, unz liðinn er meðgöngutími þeirrar næmu sóttar, sem um er að ræða.

□ Nema stoð eigi í sérstökum fyrirmælum samkvæmt ákvæðum þessara laga, má einangrun ekki koma í stað sóttvarnareftirlits, ef ekki stendur svo á, að sóttvarnarnefnd hafi ríka ástæðu til að ætla, að um sérstaka sótthættu sé að ræða.

■ **28. gr.** Þegar nauðsynlegt telst til að hindra, að næm sótt berist til landins og breiðist hér út, er ráðherra heimilt að mæla svo fyrir, að mönnum, sem til landsins koma, bjóðist að undirgangast viðeigandi ónæmisaðgerð, en sé því hafnað, má láta það varða sóttvarnareftirliti eða einangrun.

■ **29. gr.** Auk læknisrannsóknar er óheimilt að endurtaka sóttvarnaraðgerð, sem áður í sömu ferð hefur verið framkvæmd á annarri viðkomuhöfn eða flughöfn, nema

a. eitthvert það sóttarfyrirbrigði hafi síðan gerzt í hlutaðeigandi skipi eða flugfari, sem réttlæti endurtekningu aðgerðarinnar;

b. sóttvarnarnefnd telji tvímælalaust, að aðgerðin hafi verið óvirk.

■ **30. gr.** Skipi eða flugfari má af sóttvarnarástæðum ekki meina að leita sambands við nokkra höfn eða flughöfn. Ef höfnin eða flughöfnin hefur ekki skilyrði til að beita þeim sóttvarnarráðstöfunum, sem sóttvarnarnefnd telur nauðsynlegar, er heimilt að leggja fyrir skipið — eða flugfarið, ef því er það fært — að halda á eigin kostnað og ábyrgð til annarrar hafnar eða flughafnar, þar sem nauðsynlegum sóttvarnarráðstöfunum verður komið við, enda sé höfnin eða flughöfnin ekki óhaganlega úrleiðis.

■ **31. gr.** Ekki skal litið svo á, að flugfar komi frá sýktu sóttvarnarsvæði, einungis fyrir það, að það hafi á leið sinni yfir sýkt svæði leitað þar sóttvarnarflughafnar, enda sé hún ósýkt.

■ **32. gr.** Ekki skal litið svo á, að maður, sem ferðast í flugfari, er flogið hefur yfir sýkt sóttvarnarsvæði án þess að leita þar flughafnar, komi frá sýktu sóttvarnarsvæði, og ekki heldur, þó að flugfarið hafi leitað flughafnar á svæðinu, ef hlutaðeigandi hefur sætt viðeigandi sóttvarnarráðstöfunum á staðnum til tryggingar því, að hann smitist ekki.

■ **33. gr.** Skip eða flugfar, sem leitað hefur hafnar eða flughafnar og færist undan að sæta sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum laga þessara, á rétt á að halda ferð sinni áfram, en þá tafarlaust og er óheimilt að hafa samskipti við nokkra aðra höfn eða flughöfn hér á landi. Slíkt skip eða flugfar á þó rétt á, ef gætt er varúðarráðstafana, sem sóttvarnarnefnd segir fyrir um, að birgja sig hér að eldsneyti, vatni og vistum.

■ **34. gr.** Ef skip strandar eða flugfar nauðlendir, er sóttvarnarnefnd heimilt að krefjast þess, að gætt sé sanngjarnlegra varúðarráðstafana, en aldrei um fram það, sem samrýmist ákvæðum laga þessara.

IX. kafli. Sóttvarnarráðstafanir gegn farmi, farangri og pósti.

■ **35. gr.** Því aðeins má láta farm skips eða flugfars sæta sóttvarnaraðgerðum, að sóttvarnarnefnd hafi gilda ástæðu til að ætla, að hann sé mengaður sóttnæmi næmrar sóttar eða líklegur til að valda útbreiðslu slíkrar sóttar.

□ Umleiðarfarm, annan en lifandi dýr — enda sé farminum ekki umhlaðið hér — má ekki láta sæta sóttvarnaraðgerðum, og ekki má kyrrsetja hann á neinni höfn eða flughöfn, nema ráðherra hafi mælt sérstaklega fyrir um sóttvarnarráðstafanir gegn þess háttar farmi.

■ **36. gr.** Ekki má láta farangur sæta öðrum sóttvarnaraðgerðum en sótthreinsun og skordýraeyðingu og þessum aðgerðum því aðeins að sá, er hann hefur meðferðis, sé sýktur eða grunaður, eða farmurinn mengaður sóttnæmi næmrar sóttar eða í honum séu skordýr, sem eru eða geta verið smitberar slíkrar sóttar.

■ **37. gr.** Póst, blöð, bækur og annað prentað mál má ekki láta sæta sóttvarnaraðgerðum. Þó getur ráðherra mælt fyrir um sérstakar sóttvarnaraðgerðir gegn póstbögglum, ef rík ástæða er til að ætla, að innihald þeirra sé mengað sóttnæmi næmrar sóttar eða það sé líklegt til að valda útbreiðslu slíkrar sóttar.

X. kafli. Ýmisleg ákvæði.

■ **38. gr.** Ráðherra er heimilt að semja fyrir Íslands hönd við eitt eða fleiri lönd um gagnkvæmar tilslakanir á sóttvarnarráðstöfunum, sem fjallað er um í lögum þessum.

■ **39. gr.** Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um flutning líka inn í landið og úr landi, svo og um flutning slíkra líka á milli staða hér á landi.[1)]

[1)] *Rg. 115/1971.*

■ **40. gr.** Hinum reglulegu sóttvarnarlæknum ber þóknun samkvæmt gjaldskrá héraðslækna fyrir sóttvarnarlæknisstörf, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Ef tilkallaðir eða skipaðir eru sóttvarnarlæknar aðrir en héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir), ber þeim fyrir sóttvarnarlæknisstörf sín þóknun samkvæmt gjaldskrá annarra lækna en héraðslækna.

■ **41. gr.** Ríkissjóður ber kostnað af sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum laga þessara með þeim undantekningum er greinir hér á eftir. Um umræddar greiðslur fer eftir reglum og gjaldskrá, er ráðherra setur.

a. Erlent skip, er stundar fiskveiðar eða aðrar veiðar hér við land eða á nálægum höfum og leitar hér hafnar í sambandi við veiðarnar, greiðir allan kostnað af sóttvarnarráðstöfunum gegn því;

b. skip eða flugfar greiðir kostnað af rannsókn á rottugangi og rottueyðingu, sem um er fjallað í 8. gr.;

c. skip eða flugfar greiðir kostnað af sóttvarnarráðstöfunum þeim, sem um er fjallað í 33. gr.;

d. skip eða flugfar, sem leitar hér hafnar eða flughafnar eingöngu til að setja á land sjúklinga eða lík, greiðir kostnað af sóttvarnarráðstöfunum gegn því, nema í hlut eigi skip, sem um ræðir undir staflið a. þessarar greinar, ber þó ríkissjóður kostnað af læknisrannsókn og frekari rannsóknum, sem nauðsynlegar eru til að leiða í ljós heilbrigðisástand farþega eða áhafnar;

1954 Nr. 34 12. apríl

e. hlutaðeigandi skip eða flugfar greiði kostnað af sjúkrahúsvist, aðhlynningu og lækningu sjúklings, sem sóttvarnarráðstöfunum er beitt gegn, að svo miklu leyti sem honum er sjúkrahúsvistin, aðhlynningin og lækningin nauðsynleg vegna sjúkdóms síns og engu síður, þó að honum sé ráðstafað á sjúkrahúsið jafnframt til einangrunar; hér til telst og kostnaður af útför sjúklingsins, ef til kemur;

f. kostnaður af sóttvarnarráðstöfunum gegn strönduðu skipi greiðist af andvirði strandgóss;

g. kostnað, sem leiðir af því, að maður fer í banni laga þessara út í skip eða stígur upp í flugfar, greiðir hlutaðeigandi, og er greiðslan lögtakskræf;

h. um kostnað af einangrun hjúkrunarliðs og annarra, sem haft hafa samskipti við sjúkling, er einangraður hefur verið samkvæmt ákvæðum laga þessara, fer, að svo miklu leyti sem kostnaðurinn hefur til fallið, eftir að sjúklingurinn er látinn eða hefur verið leystur úr einangrun, sem um kostnað af farsóttarvörnum innanlands.

■ **42. gr.** Ríkissjóður greiðir ekki skaðabætur vegna tjóns, er leiða kann af sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum laga þessara.

■ **43. gr.** Brot gegn fyrirmælum laga þessara eða reglugerða og auglýsinga, sem birtar kunna að verða samkvæmt ákvæðum þeirra, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Mál skulu rekin að hætti opinberra mála. Þegar sýnt þykir, að brot varða ekki þyngri viðurlögum en sektum, er sóttvarnarnefnd heimilt að taka boði hins brotlega um staðgreiðslu sektar gegn því að sleppa við málshöfðun.

□ Varningur, sem reynt er að flytja inn í landið eða fluttur hefur verið inn í landið í banni laga þessara, skal, að svo miklu leyti sem honum er ekki tortímt, gerður upptækur ríkissjóði til tekna. Sektir, sem menn hafa verið dæmdir til að greiða eða sætzt hefur verið á samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar, renna í ríkissjóð.

■ **44. gr.** Lög þessi skal birta á íslenzku og ensku.

■ **45. gr.** ...

□ Jafnframt því, sem lög þessi falla úr gildi, fellur niður innheimta gjalda í sóttvarnarsjóð, sem eftirleiðis skal hafa það hlutverk að standa straum af kostnaði af rannsóknum varðandi farsóttir og sóttvarnarmál. Sjóðurinn skal vera í vörzlum landlæknis undir yfirstjórn ráðherra, sem fer með heilbrigðismál, og eru allar greiðslur úr sjóðnum háðar samþykki ráðherra.

□ Sóttvarnarhús ríkisins skal selja og andvirði þess renna í sóttvarnarsjóð.

1920 Nr. 8 18. maí

Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni heimilast að banna flutning til landsins á brúkuðum fatnaði, líni og sængurfatnaði, dulum, brúkuðu vatti, hnökraull, pappírsafklippum, hári, húðum og öðrum þeim varningi, er stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

■ **2. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 50—5000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

□ Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Lög um ónæmisaðgerðir.

1978 Nr. 38 11. maí

■ **1. gr.** Ónæmisaðgerðir, sem lög þessi taka til, eru bólusetning gegn:

1. barnaveiki,
2. kíghósta,
3. stífkrampa,
4. mænusótt,
5. mislingum,
6. rauðum hundum,
7. berklaveiki,
8. bólusótt,
9. heilahimnubólgu,
10. hettusótt,
11. öðrum sóttum, ef virk ónæmisaðgerð gegn þeim verður kunn og sérstök smithætta er fyrir hendi,
12. enn öðrum sóttum, þegar sérstaklega stendur á, einkum í sambandi við ferðir manna úr landi.

■ **2. gr.** Almenningi skal gefinn kostur á ónæmisaðgerð samkvæmt 1. gr. 1.—5. tl., svo eftir því sem þörf krefur samkvæmt 1. gr. 6.—12. tl., þó samkvæmt 12. tl. aðeins að svo miklu leyti sem því verður við komið.

□ Ónæmisaðgerðir samkvæmt lögum þessum annast heilsugæslustöðvar.

■ **3. gr.** Þegar ætla má, að sérstakir aðilar eigi öðrum fremur á hættu að sýkjast af hættulegri sótt (svo sem farmenn á sjó, áhafnir loftfara, læknar, hjúkrunarfólk, sóttgæslumenn, ferðamenn, tollgæslumenn o. s. frv.), er heilsugæslustöð heimilt í samráði við landlækni að gera ráðstafanir til þess, að slíkir aðilar verði bólusettir gegn þeirri sótt, sem um er að ræða.

□ Þegar mikil sótthætta er yfirvofandi, er heilbrigðismálaráðherra heimilt að fyrirskipa almenna bólusetningu gegn þeirri sótt, sem um er að ræða, og láta hana ná til tiltekinna svæða, eða landsins í heild ef þurfa þykir.

■ **4. gr.** Heilsugæslustöðvar skulu, í samráði við landlækni, gera almenningi nægilega kunnugt, hvernig framkvæmdum ónæmisaðgerða samkv. lögum þessum skuli hagað, svo að almenningur eigi hæfilega greiðan aðgang að þeim, eftir því, sem til hagar á hverjum stað, og hafi af þeim sem fyllst not.

□ Berklayfirlæknir hefur yfirstjórn bólusetningar gegn berklaveiki með höndum og segir fyrir um framkvæmd hennar.

■ **5. gr.** Nú kemur í ljós, að bóluefni, sem notað hefur verið til ónæmisaðgerða, samkv. lögum þessum, hefur verið óvirkt, og skal sú ónæmisaðgerð metin ógerð, og skal hún endurtekin með virku bóluefni, svo fljótt sem við verður komið, teljist slíks þörf eða fari viðkomandi fram á slíkt.

■ **6. gr.** Landlæknir gerir úr garði og lætur heilsugæslustöðvum í té sérstakar skírteinisbækur, ónæmisskírteini. Skal sérhver sá, er leitar ónæmisaðgerðar hjá heilsugæslustöð, hafa slíka bók í höndum, varðveita hana og láta skrá í hana allar ónæmisaðgerðir, er hann gengst undir samkvæmt lögum þessum.

■ **7. gr.** Stefnt skal að því að ráða ekki starfsfólk að hælum eða öðrum stofnunum þar sem vistaðir eru sjúklingar, sem þjást af berklaveiki, nema það svari jákvætt við ónæmisprófun ellegar gangist undir sérstaka ónæmisbólusetningu áður en það hefur störf.

1978 Nr. 38 11. maí

■ **8. gr.** Heilsugæslustöðvar skulu skrá ónæmisaðgerðir samkvæmt lögum þessum í spjaldskrá, enda við því búnar að gefa vottorð þar að lútandi, ef á þarf að halda, svo sem ef ónæmisskírteini glatast. Ónæmisaðgerðir skólalækna skal skrá í nemendaskrá hlutaðeigandi skóla.

□ Skólayfirlæknir hefur yfirumsjón með bólusetningum í skólum og segir fyrir um framkvæmd þeirra.

■ **9. gr.** Heilsugæslustöðvar skulu í ársskýrslu sinni á þar til gerðu eyðublaði, sem landlæknir lætur í té, gera skýrslur um ónæmisaðgerðir þær, sem framkvæmdar hafa verið í umdæmi þeirra á árinu samkvæmt lögum þessum. Skal skýrslan bera með sér gegn hverjum sóttum hefur verið bólusett, og hversu margir gegn hverri sótt.

■ **10. gr.** Lyfjaverslun ríkisins annast útvegun bóluefnis til ónæmisaðgerða samkv. lögum þessum.

□ Kostnaður af framkvæmd ónæmisaðgerða samkv. 1. gr. 1.—11. tl. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

□ Kostnað vegna framkvæmda ónæmisaðgerða samkvæmt 1. gr. 12. tl. laga þessara greiða hlutaðeigendur sjálfir.

■ **11. gr.** Ráðherra er heimilt að setja reglugerð, þar sem kveðið er nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd laga þessara, þar á meðal um tilhögun hinna einstöku ónæmisaðgerða.

■ **12. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

1939 Nr. 66 31. des.

Berklavarnalög.

■ **1. gr.** Ákvæði laga þessara ná til allra tegunda berklaveiki, nema annað sé tekið fram. Með berklaveiki er átt við berklaveiki í mönnum, virka og óvirka, án tillits til þess, hvar hún er í líkamanum og hvort um er að ræða smitandi berklaveiki eða eigi. *Virk berklaveiki* er berklaveiki, sem gerir um sig í líkama sjúklings þannig, að sjálf berklaskemmdin ágerist eða veldur almennum sjúkdómseinkennum. Smitandi lungnaberklar og hvers konar berklaskemmdir með útferð teljast virk berklaveiki. Berklasjúklingar, sem loftbrjóstaðgerðir eru viðhafðar við, teljast og hafa virka berklaveiki. *Óvirk berklaveiki* er berklaveiki, sem ekki er virk. *Smitandi berklaveiki* er berklaveiki á því stigi, að gera má ráð fyrir, að hinir sýktu geti smitað frá sér. *Eftirstöðvar* eftir berklaveiki, sem auðsjáanlega er algerlega um garð gengin, teljast ekki berklaveiki.

■ **2. gr.** Tilgangur laga þessara er að reisa skorður við útbreiðslu berklaveiki hér á landi, með því að stuðla að því:

1. að gerðar verði ráðstafanir til varnar því, að heilbrigt fólk sýkist af berklaveiki, bæði með einangrun smitandi berklasjúklinga og öðrum beinum sóttvarnarráðstöfunum, svo og til eflingar hverju því, er miðar til að auka viðnámsþrótt almennings gegn veikinni,
2. að haldið verði uppi um land allt skipulagsbundinni leit að berklasýktu fólki,
3. að berklaveiku fólki verði veitt sem skjótust og öruggust læknishjálp,
4. að haft verði eftirlit með því og að því stutt, að fólk, sem verið hefur berklaveikt, en náð bata, búi við þau kjör, að sem minnst hætta sé á, að það veikist á ný.

■ **3. gr.** Yfirstjórn berklavarnastarfseminnar er í höndum ráðherra þess, sem fer með stjórn heilbrigðismála, enda nýtur hann í því efni ráða landlæknis. Framkvæmdarstjórn berklavarnanna skal falin sérfróðum berklalækni, berklayfirlækni landsins. Laun hans skulu ákveðin af ráðherra, unz þau verða ákveðin í launalögum.

□ Gert er ráð fyrir, að hæfilega margar heilsuverndarstöðvar, sem starfræktar eru af bæjar- og sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, eða öðrum almennum félagsskap, sem til þess er metinn gildur, njóti styrks úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið verður í fjárlögum, enda annist þær berklavarnastarfsemi eftir reglum, sem ráðherra setur með ráði berklayfirlæknis í samræmi við ákvæði þessara laga, og hlíti stöðvarnar að því leyti yfirumsjón berklayfirlæknis. Þar sem talað er um heilsuverndarstöðvar í lögum þessum, er aðeins átt við heilsuverndarstöðvar, sem starfa samkvæmt þessum reglum.[1)]

□ Ráðherra er og heimilt, með ráði berklayfirlæknis, að setja reglur um aukna berklavarnastarfsemi héraðslækna í héruðum, þar sem sérstakar heilsuverndarstöðvar eru ekki starfræktar, enda sé veittur til þess styrkur í fjárlögum.

[1)] *Sbr. nú l. 57/1978 og l. 44/1955, sbr. l. 57/1978, ákvæði til bráðabirgða, 4. tl.*

■ **4. gr.** Nú rannsakar læknir sjúkling og telur hann berklaveikan, og skal hann þá senda héraðslækni tafarlaust eða eigi síðar en innan viku tilkynningu um sjúklinginn, ef hann hefur eigi tilkynnt hann áður eða ef ætla má, að hann sé eigi skráður eða eigi talinn berklaveikur í berklabók héraðsins. Ef heilsuverndarstöð starfar í héraði, skulu læknar senda tilkynningar sínar um berklasjúklinga þangað, en heilsuverndarstöð sendir þær áfram til héraðslæknis. Ef um utanhéraðssjúkling er að ræða, ber héraðslækni að senda tilkynninguna héraðslækni sjúklingsins eða heilsuverndarstöð í héraði hans.

□ Tilkynningar þessar skal rita á sérstök eyðublöð, sem landlæknir lætur héraðslæknum í té og héraðslæknar öðrum læknum, og skal greina nafn, aldur, atvinnu og heimili sjúklings. Enn fremur sem nákvæmasta sjúkdómsgreiningu og ráðstafanir þær, er gerðar hafa verið um sjúklinginn.

□ Lækni við sjúkrahús eða aðrar stofnanir, sem berklaveikur sjúklingur útskrifast frá eða deyr í, ber tafarlaust að tilkynna það héraðslækni héraðsins (heilsuverndarstöð). Sama skylda hvílir á lækni, er stundað hefur berklasjúkling utan sjúkrahúss eða annarrar stofnunar, ef sjúklingurinn flyzt burtu í annað hérað eða deyr, og eins þó að aðaldánarorsök sé önnur er berklaveiki. Ber síðan héraðslækni (heilsuverndarstöð) að tilkynna flutninginn eða mannslátið héraðslækni sjúklingsins eða heilsuverndarstöð í héraði hans. Nær þetta einnig til lækna, sem gefa út dánarvottorð fyrir berklaveikan sjúkling, þó að þeir hafi ekki stundað hann í banalegunni. Héraðslæknir, sem lætur frá sér dánarskýrslur, þar sem talin eru mannslát berklaveikra, skal á sama hátt tilkynna þau þeirra mannsláta, sem honum er ekki kunnugt um, að áður hafi verið tilkynnt.

■ **5. gr.** Héraðslæknar skulu skrá alla berklaveika, sem vitað er um í héraði þeirra, í sérstaka bók (berklabók), er landlæknir lætur héraðslæknum í té. Þar sem

1939 Nr. 66 31. des.

heilsuverndarstöð starfar í héraði, annast hún þessa skrásetningu undir eftirliti héraðslæknis. Héraðslæknar skulu senda landlækni með ársskýrslum sínum útdrátt úr framangreindri bók, ritaðan á eyðublöð, er landlæknir lætur þeim í té. Á heilsuverndarstöð skal haldin spjaldskrá yfir alla berklaveika, er leita stöðvarinnar, eða stöðin hefur einhver afskipti af. Við skrásetning skal meðal annars leggja áherzlu á að greina sundur eftir föngum virka og óvirka berklaveiki.

■ **6. gr.** Hafi læknir ástæðu til að ætla, að sjúklingur sé haldinn berklaveiki, skal hann svo fljótt sem auðið er gera ráðstafanir til þess að fá úr því skorið, hvort um berklaveiki sé að ræða, og tilkynna það þá tafarlaust héraðslækni (heilsuverndarstöð), sbr. 4. gr.

□ Læknar eru skyldir að gefa berklaveikum sjúklingum, er þeir rannsaka, leiðbeiningar um, hverrar varúðar þurfi að gæta, til þess að veikin berist ekki á aðra, og brýna fyrir þeim nauðsyn fyllstu nákvæmni í því efni.

□ Héraðslæknir (heilsuverndarstöð) skal hafa vakandi auga á, að allar rannsóknir, sem nauðsynlegt er að framkvæma í umhverfi berklaveiks manns, til þess að hindra útbreiðslu veikinnar, verði framkvæmdar, og að öllum settum fyrirmælum þar að lútandi sé hlýtt. Ef nauðsynlegt þykir, skal leita fulltingis lögreglustjóra til þess að framkvæma rannsóknir á slíkum heimilum eða öðrum stöðum þar sem grunsamlegt þykir, að um smitandi berklaveiki sé að ræða. Má lögreglustjóri fella úrskurð um, að rannsókn fari fram á einstökum mönnum og heimilum, sem skorazt hafa undan að ganga undir slíka rannsókn.

■ **7. gr.** Fari hinn berklaveiki, aðstandendur hans eða aðrir, sem hann umgengst, eigi eftir reglum þeim, er læknir hefur sett til að koma í veg fyrir útbreiðslu veikinnar, er lækni, heilsuverndarstöð eða öðrum, sem um það er kunnugt, skylt að tilkynna það héraðslækni, sem, ef þörf er, leitar fulltingis lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur, að fenginni umsögn berklayfirlæknis, úrskurðað hinn berklaveika í sjúkrahús. Nú óhlýðnast sjúklingurinn úrskurðinum, og er lögreglustjóra þá heimilt að annast flutning sjúklingsins þangað á kostnað hans. Slíkan sjúkling má eigi útskrifa frá sjúkrahúsinu, nema læknir sjúkrahússins og héraðslæknir votti fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra, að af honum stafi engin smithætta lengur, eða að full ástæða sé til að ætla, að hann muni gæta allrar varúðar og fylgja öllum settum reglum til að koma í veg fyrir útbreiðslu veikinnar, og fellir þá lögreglustjóri niður hinn fyrra úrskurð.

□ Ráðherra getur úrskurðað, að menn, sem lagðir eru á sjúkrahús samkv. þessari grein, liggi á þar til gerðu sjúkrahúsi eða sjúkradeild, eða skuli hlíta sérstakri gæzlu á almennu heilsuhæli eða sjúkrahúsi.

■ **8. gr.** Í mjólkurbúðum, mjólkursölustöðum, brauðgerðarhúsum, matsöluhúsum, farþegaskipum eða á öðrum tilsvarandi stöðum mega eigi starfa aðrir en þeir, sem með vottorði héraðslæknis (heilsuverndarstöðvar) hafa sýnt, að þeir séu eigi haldnir smitandi berklaveiki. Læknisvottorð þetta má eigi vera eldra en mánaðargamalt, er viðkomandi tekur til starfa, og ber að endurnýja það á 12 mánaða fresti. Skulu forstöðumenn þeirra stofnana, er hér um ræðir, bera ábyrgð á, að ákvæðum þessum sé framfylgt. Komi upp grunur um, að maður, sem við slík störf fæst, hafi sýkzt af smitandi berklaveiki, eftir að læknisrannsókn fór fram ber að tilkynna slíkt hlutaðeigandi héraðslækni (heilsuverndarstöð), sem krefst þá rannsóknar á viðkomanda, sbr. 6. gr.

1939 Nr. 66 31. des.

□ Eigi má selja mjólk frá heimili, ef sjúklingur með smitandi berklaveiki fæst þar við gripahirðingu, mjaltir eða aðra meðferð mjólkur, og aldrei má selja mjólk frá heimili, þar sem smitandi berklasjúklingur dvelur, nema með leyfi héraðslæknis. Fái læknir, húsráðandi eða aðrir vitneskju um, að maður, sem annast afgreiðslu á matvörum og neyzluvörum, einkum mjólk og mjólkurafurðum, fiski, kjöti, brauði, grænmeti, ávöxtum og sælgætisvörum, kunni að vera með smitandi berklaveiki, ber þegar í stað að tilkynna það héraðslækni (heilsuverndarstöð), sem krefst rannsóknar á honum sbr. 6. gr.

■ **9. gr.** Enginn, sem hefur smitandi berklaveiki, má fást við kennslu í skólum, heimiliskennslu né einkakennslu.

□ Engan nemanda með smitandi berklaveiki má taka í skóla, til kennslu á heimili eða til einkakennslu.

□ Engan, sem hefur smitandi berklaveiki, má ráða sem starfsmann við skóla.

□ Engan nemanda má taka til kennslu á heimili, þar sem sjúklingur með smitandi berklaveiki dvelur.

□ Skal leggja fram læknisvottorð hér að lútandi, eigi eldri en mánaðargömul, og endurnýjist þau eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Skulu skólanefndir (húsráðendur) bera ábyrgð á, að ákvæði þessu sé framfylgt.

□ Enginn má halda einkaskóla, nema hann hafi til þess skriflegt leyfi lögreglustjóra, og skal það leyfi eigi veitt, nema héraðslæknir telji húsnæði og aðbúnað fullnægja heilbrigðiskröfum, enda liggi fyrir tilskilin læknisvottorð um, að hvorki kennari eða aðrir á heimilinu né neinn nemendanna séu haldnir smitandi berklaveiki.

□ Hafi skólalæknir, annar læknir eða einhver annar ástæðu til að ætla, að nemandi, kennari, starfsmaður eða heimilismaður við skóla eða á kennslustað gangi með smitandi berklaveiki, ber honum að tilkynna það hlutaðeigandi skólastjóra (kennara eða húsráðanda), sem ber ábyrgð á, að viðkomandi láti lækni rannsaka sig þegar í stað.

□ Verði rannsókninni ekki komið við þegar í stað, skal hinn grunaði leggja niður nám sitt eða starf, unz rannsókn hefur farið fram. Reynist hinn rannsakaði hafa smitandi berklaveiki, skal hann hverfa frá skólanum (heimilinu) þegar í stað. Sanni hann síðar með vottorði héraðslæknis (heilsuverndarstöðvar), að engin smithætta stafi af honum lengur, getur hann aftur fengið aðgang að skólanum.

□ Ef kennari við skóla, jafnt einkaskóla sem opinbera skóla, er sjúkur eða sýkist af smitandi berklaveiki, getur ráðherra með ráði berklayfirlæknis fyrirskipað, að hann víki úr stöðu sinni. Þeir kennarar, sem eru opinberir starfsmenn, en verða að láta af kennslu sakir berklaveiki samkvæmt síðastgreindu ákvæði, skulu í 2 ár fá sem biðlaun ⅔ hluta launa þeirra, er þeir nutu, þegar þeir létu af kennslu. Biðlaun þessi greiðast af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum og hin fyrri laun.

□ Ráðherra setur, með ráði berklayfirlæknis og fræðslumálastjóra, reglur um fræðslu berklaveikra

barna til fullnægingar kröfum fræðslulaga, svo og um kennslu annarra berklaveikra.

■ **10. gr.** Um sérhverja aðra opinbera stofnun eða einkastofnun en um getur í 8. og 9. gr., sem vistar börn eða unglinga til gæzlu eða uppeldis (barnahæli, dagheimili fyrir börn o. s. frv.), gilda að öllu leyti sömu reglur og settar eru í 9. gr. um skóla til varnar gegn útbreiðslu berklaveiki þar.

□ Um sjúkrahús, elliheimili, fangelsi o. s. frv. fer samkvæmt ákvæðum 15. gr.

■ **11. gr.** Á heimili, þar sem er smitandi berklaveiki, má eigi ráða hjú né annað starfsfólk né taka fólk til dvalar um lengri eða skemmri tíma án þess að láta þess sérstaklega getið við hlutaðeigandi, að smitandi berklaveiki sé á heimilinu. Sama gildir um ráðningu fólks til starfa á vinnustað, þar sem maður með smitandi berklaveiki er starfandi.

■ **12. gr.** Enginn, sem haldinn er smitandi berklaveiki, má taka að sér að gæta barna.

□ Kona með smitandi berklaveiki má eigi hafa barn á brjósti.

□ Hafi einhver ástæðu til að ætla, að barnfóstra eða kona, sem hefur barn á brjósti, sé haldin smitandi berklaveiki, ber honum þegar í stað að tilkynna það lækni, sem gerir ráðstafanir samkvæmt fyrirmælum 6. greinar.

■ **13. gr.** Ekki má vista barn til fósturs eða langdvalar á heimili, nema borið sé undir héraðslækni (heilsuverndarstöð), og ekki sé ástæða til að ætla, að smitandi berklaveiki sé á heimilinu.

□ Enginn má taka berklaveikt barn, sem smithætta getur stafað af, til fósturs eða dvalar, ef á heimilinu eru börn eða unglingar, sem ekki eru berklaveik, eða aðrir, sem sérstök ástæða er til að ætla, að séu næmir fyrir berklaveiki.

□ Gilda þessi ákvæði jafnt um börn þau, sem bæjar- eða sveitarstjórnir ráðstafa og einstakir menn.

□ Nú kemur smitandi berklaveiki upp á heimili, þar sem bæjar- eða sveitarstjórnir hafa ráðstafað börnum til fósturs eða dvalar, og skal þá gera annað tveggja, flytja barnið eða sjúklinginn burt af heimilinu. Sýkist barnið sjálft af smitandi berklaveiki á heimili, þar sem eru börn og unglingar, sem eigi eru berklaveik, eða aðrir, sem sérstök ástæða er til að ætla, að séu næmir fyrir berklaveiki, skal það tafarlaust tekið af heimilinu.

□ Barnaverndarnefndum ber skylda til að hafa sérstakt eftirlit með því, að framfylgt sé fyrirmælum þessarar greinar, og leita til þess aðstoðar hlutaðeigandi héraðslæknis (heilsuverndarstöðvar).

□ Börn nefnast í lögum þessum allir, sem eru innan 16 ára aldurs.

■ **14. gr.** Enginn, sem hefur smitandi berklaveiki, má stunda ljósmóður- eða hjúkrunarstörf. Ljósmæður og hjúkrunarkonur skulu, þegar þær eru skipaðar eða ráðnar til starfa, leggja fram vottorð héraðslæknis (heilsuverndarstöðvar), eigi eldra en mánaðar gamalt, um að þær séu eigi haldnar smitandi berklaveiki. Héraðslæknar skulu líta vandlega eftir heilsufari starfandi ljósmæðra og hjúkrunarkvenna í héruðum sínum með tilliti til berklaveiki. Sama skylda hvílir á sjúkrahúslæknum, varðandi hjúkrunarkonur og ljósmæður, er starfa við sjúkrahús þeirra.

□ Nú sýkist starfandi ljósmóðir eða hjúkrunarkona af smitandi berklaveiki, og skal hún þá tafarlaust hætta að gegna því starfi. Ef hún er launuð af opinberu fé, þá skal greiða henni biðlaun fyrir sama tíma og á sama hátt og um getur í 9. gr. um kennara.

■ **15. gr.** Í sjúkrahúsum, geðveikra- og fávitahælum, elliheimilum, fangelsum, hegningarhúsum og öðrum tilsvarandi stofnunum ber að einangra alla þá, sem þar kunna að dvelja með smitandi berklaveiki.

□ Ráðherra setur, með ráði berklayfirlæknis, reglur um, á hvern hátt koma skuli í veg fyrir útbreiðslu berklaveiki í stofnunum þeim, er að ofan greinir, svo og í vinnustofum, verksmiðjum, verbúðum, skrifstofum, verzlunarbúðum, gistihúsum, matsölustöðum, kirkjum, skólum, leikhúsum, kvikmyndahúsum, danssölum og öðrum tilsvarandi samkomustöðum. Reglur þessar skulu enn fremur ná til opinberra bygginga og farþegaskipa, svo og flutnings berklaveikra á farþegaskipum, bifreiðum, flugvélum og öðrum flutningatækjum.

□ Þá er ráðherra og heimilt, með ráði berklayfirlæknis, að setja sérstakar reglur um varnir gegn útbreiðslu berklaveiki meðal skipshafna á hvers konar farþega-, flutninga- og fiskiskipum.

■ **16. gr.** Að berklasjúkrahúsum, berklahælum, berklavarnarstöðvum eða öðrum slíkum stofnunum má eigi ráða hjúkrunarnema, hjúkrunarkonur eða annað starfsfólk, sem ætla má, að náin mök þurfi að hafa við sjúklingana, nema það sanni við berklapróf hjá héraðslækni (heilsuverndarstöð), að það sé þegar berklasmitað.

□ Ráðherra er heimilt, með ráði berklayfirlæknis, að ákveða í reglugerð, að fólki, sem enn er ósmitað af berklaveiki og ætla má, að vegna starfs síns sé í sérstakri sýkingarhættu, gefist kostur á bólusetningu gegn berklaveiki. Í reglugerðinni má og ákveða, að aðstandendum barna, sem líkur eru til, að séu í sérstakri sýkingarhættu af berklaveiki, gefist kostur á að fá þau bólusett gegn berklaveiki.

■ **17. gr.** Héraðslæknar (heilsuverndarstöðvar) skulu gefa nánar gætur að berklaveiki í nautgripum sem smitunaruppsprettu, er leitt geti til berklaveiki í mönnum, enda leita samvinnu við dýralækna um eftirlit og ráðstafanir hér að lútandi. Eigi má selja mjólk úr fjósi eða frá heimili, þar sem nautgripur er berklaveikur, fyrr en gripnum hefur verið fargað eða hann einangraður tryggilega að dómi dýralæknis og héraðslæknis og sótthreinsun farið fram (sbr. lög nr. 25 20. júní 1923, um berklaveiki í nautpeningi).

■ **18. gr.** Nú deyr smitandi berklaveikur maður, eða skiptir um dvalarstað, og skal þá læknir sá, er stundað hefur sjúklinginn, tilkynna það tafarlaust héraðslækni (heilsuverndarstöð).

□ Húsráðandi er meðábyrgur um, að tilkynning þessi sé ekki vanrækt.

□ Héraðslæknir (heilsuverndarstöð) tilkynnir síðan sótthreinsunarmanni, sem annast, að sótthreinsað sé á heimilinu, og skal sótthreinsa herbergi þau, fatnað, sængurklæði og annað, er hætta getur stafað af. Þessa lausu muni má eigi láta af hendi, hvorki til eignar né afnota, senda í þvott eða aðgerð, nema sótthreinsaðir hafi verið. Eigi má heldur fá öðrum til íbúðar herbergi þau, er sjúklingurinn dvaldi í, fyrr en þau hafa verið

1939 sótthreinsuð, nema héraðslæknir telji sótthreinsun
Nr. 66 óþarfa.
31. des. ■ **19. gr.** Berklasjúklingar njóta styrks úr ríkissjóði til sjúkrahúsvistar og læknishjálpar samkvæmt ákvæðum laga nr. 78 23. júní 1936,[1] um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

□ Landlæknir úthlutar í samráði við berklayfirlækni fé því, sem kann að vera veitt í fjárlögum til styrktar þurfandi berklasjúklingum, sem dvalið hafa í sjúkrahúsum eða hælum og náð þeim bata, að þeir teljist að meira eða minna leyti vinnufærir. Skal leitazt við að haga styrkveitingunum þannig, að þær miði til þess, að styrkþegarnir verði síðar færir um að sjá sér farborða við þá atvinnu og þau kjör, er hentar heilsufari þeirra.

[1] *Nú l. 67/1971, (l. 78/1936 voru afnumin með l. 83/1967).*

■ **20. gr.** Ráðherra er heimilt, með ráði berklayfirlæknis, að setja reglur um hvers konar félagsskap eða stofnanir, sem hafa með höndum berklavarnir, hjálparstarfsemi meðal berklaveikra eða fræðslustarfsemi meðal almennings til tryggingar því, að starfsemi þessari sé eigi misbeitt og að hún torveldi á engan hátt berklavarnaframkvæmdir hins opinbera.

■ **21. gr.** Nú þarf héraðslæknir að taka sér ferð á hendur vegna fyrirmæla laga þessara, og greiðir þá sýslusjóður ferðakostnaðinn, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn. Ferðakostnaður greiðist samkvæmt gjaldskrá héraðslækna.

□ Fyrir tilkynningar lækna samkvæmt lögum þessum skal ekkert gjald greiða.

□ Kostnaður við sótthreinsanir greiðist af sóttvarnarfé samkvæmt ákvæðum laga nr. 66 19. júní 1933,[1] um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

□ Kostnaður við berklabækur og eyðublöð undir tilkynningar greiðist úr ríkissjóði.

[1] *Nú l. 34/1954.*

■ **22. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum ...[1], nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

[1] *L. 10/1983, 18. gr.*

1978 **Lög um varnir gegn kynsjúkdómum.**
Nr. 16
28. apríl ■ **1. gr.** Eftirtaldir sjúkdómar skulu nefndir einu nafni kynsjúkdómar:

Sárasótt (syphilis),
lekandi (gonorrhoea),
þvagrásarbólga af öðrum orsökum (nongonococcal urethritis),
linsæri (ulcus molle), lymphogranuloma venereum og granuloma inguinale.

□ Taka lögin aðeins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

■ **2. gr.** Hver sem sýkist af kynsjúkdómi, eða hefur grun um að svo sé, skal leita sér læknishjálpar þegar í stað. Honum er skylt að fara í einu og öllu eftir fyrirmælum þeim, sem læknir gefur honum um meðferð sjúkdómsins og varúð gegn smitun annarra.

■ **3. gr.** Veita skal þeim sjúklingum, sem haldnir eru kynsjúkdómum eða grunur leikur á að svo sé, ókeypis læknishjálp á heilsugæslustöð. Nær sú hjálp til allrar læknishjálpar, nauðsynlegra rannsókna og lyfja. Þar sem til staðar eru stofnanir eða sérfræðingar á sviði kynsjúkdómavarna skal sjúklingum vísað þangað sé þess nokkur kostur.

■ **4. gr.** Læknar skulu skrá sérstaklega alla sjúklinga með kynsjúkdóma. Skráningum skal hagað þannig, að sjúklingur skal auðkenndur með upphafsstöfum og fæðingarnúmeri á þar til gert eyðublað, sem skrifstofa landlæknis gefur út. Sérhver starfandi læknir skal annast þessa skráningu eftir því sem þurfa þykir og senda héraðslækni, í Reykjavík borgarlækni. Lokaskráning og úrvinnsla gagna fer fram hjá landlæknisembættinu.

□ Tíðni kynsjúkdóma skal tilfærð á venjulegan hátt á mánaðar- eða vikuskrám þeim, sem læknum er skylt að senda viðkomandi héraðslækni, sem síðan annast skýrslugerð til landlæknis. Sé rökstuddur grunur um, að sjúklingur hafi kynsjúkdóm, skal hann skráður, þótt eigi hafi fundist óræk merki þess, að hann sé sjúkur.

■ **5. gr.** Læknir skal útskýra fyrir sjúklingum með kynsjúkdóma, hvað að þeim gangi. Læknir skal skýra vandlega fyrir þeim hvernig sjúkdómur smiti, hverrar varúðar beri að gæta og að sé út af brugðið varði slíkt hegningu samkv. almennum hegningarlögum. Þá skal læknir enn fremur fá hverjum sjúklingi, sem til hans leitar vegna kynsjúkdóms, prentaðar leiðbeiningar, sem landlæknir lætur í té. Í öllum íslenskum skipum skal vera upplýsingarit um kynsjúkdóma og eitt eintak af lögum þessum skal fylgja lyfjakistli skipsins.

■ **6. gr.** Hafi læknir greint kynsjúkdóm skal hann grennslast vandlega eftir því af hverjum sjúklingur hefur smitast, svo og hverja sjúklingur kann að hafa smitað. Sjúklingur skal láta í té alla vitneskju sína um það efni. Læknirinn skal gera gangskör að því að hinir grunuðu séu rannsakaðir og teknir til meðferðar ef þörf krefur. Lögregluyfirvöld skulu aðstoða lækni telji hann þörf á aðstoð. Sé um að ræða einstaklinga í öðru læknishéraði skal tilkynna hlutaðeigandi héraðslækni það tafarlaust og ber hann upp frá því ábyrgð á framkvæmd rannsóknarinnar.

■ **7. gr.** Sérhverjum, sem starfs síns vegna kemst að nöfnum sjúklinga og heilsufari þeirra, ber að gæta þagmælsku þar um, nema lög bjóði annað eða brýn nauðsyn krefji, t. d. vegna yfirvofandi smitunar.

■ **8. gr.** Komi kynsjúkdómur upp á stað þar sem enginn læknir er, eða þar sem erfitt er að ná í fullkomna læknisþjónustu, skal landlækni heimilt að senda þangað lækni svo fljótt sem auðið er, til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og veita sjúklingum læknishjálp. Kostnaður við slíkar ráðstafanir greiðist úr ríkissjóði.

■ **9. gr.** Í grunnskólum skal veita fræðslu um kynsjúkdóma og varnir gegn þeim. Menntamálaráðuneytið kveður á um námsefni og tilhögun fræðslunnar í samráði við yfirlækni húð- og kynsjúkdómadeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur, landlækni og skólayfirlækni.

■ **10. gr.** Með mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

■ **11. gr.** Fyrir brot gegn lögum þessum skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkv. almennum hegningarlögum.

Lög um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum. **1898** Nr. 2 4. febr.

■ **1. gr.** ...

■ **2. gr.** Við spítalann skal skipa sérstakan lækni ...[1] Skal læknir þessi, auk læknisstarfa við spítalann og

1898 Nr. 2 4. febr.

yfirumsjónar á honum, skyldur að gegna kennslu í einni eða fleiri vísindagreinum við læknaskólann[2] án sérstakrar þóknunar.

[1] *L. 71/1919, 13. gr.* [2] *Nú Háskólann.*

■ **3. gr.** Árleg útgjöld til spítalans skal veita á fjárlögunum.

■ **4. gr.** Á spítala þessum skal veita móttöku sjúklingum þeim, er þangað eru sendir samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Sé rúm fyrir fleiri sjúklinga, má einnig taka við öðrum holdsveikum mönnum, er sjálfir æskja að fara á spítalann.

■ **5. gr.** Í stjórn spítalans eru amtmaðurinn yfir suður- og vesturamtinu og landlæknir. Ef deild Odd-Fellow-reglunnar í Danmörku verður stofnsett hér á landi, skal stjórn hennar hafa rétt til að skipa stjórn spítalans einum manni úr flokki reglunnar. Landshöfðingi semur eftir tillögum frá yfirstjórn spítalans reglugerð fyrir hann og erindisbréf fyrir þjónustumenn spítalans.

1898 Nr. 3 4. febr.

Lög um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

■ **1. gr.** Héraðslæknar og aukalæknar skulu, hver í sínu héraði, rita alla holdsveika í héraðinu í bók, er til þess sé gerð á þann hátt, er landlæknir ákveður í samráði við holdsveikislækninn. Kostnað við kaup bókanna skal greiða úr landssjóði.

□ Einu sinni á ári semur læknir útdrátt úr bók þessari eftir fyrirsögn landlæknis, og sendir honum.

■ **2. gr.** Þá er holdsveikur maður flytur úr einu læknisumdæmi í annað, ber lækni þess umdæmis, er sjúklingurinn fer úr, að tilkynna vistferlin lækni þess héraðs, sem sjúklingurinn flytur í.

■ **3. gr.** Læknum ber að hafa glöggar gætur á lifnaðarháttum allra holdsveikra manna í héruðum sínum. Þeir eiga að skýra sjúklingunum og samvistarmönnum þeirra frá því, hvers þeir eiga að gæta, til þess að sjúkdómurinn ekki berist á aðra, og sjá um, að ekki sé út af brugðið. Skyldir eru hreppstjórar og heilbrigðisnefndir að veita læknum lið við þessi störf, eftir því sem þeim er unnt.

■ **4. gr.** Holdsveikir menn skulu jafnan gæta þess, er hér segir:

1. Holdsveikir mega ekki sofa hjá öðrum í rúmi; þó eru hjón undanþegin þessu banni, nema hlutaðeigandi læknir skipi öðruvísi fyrir.

2. Holdsveikir menn skulu hafa sér hrákadalla og mega ekki hrækja á gólf í húsum manna.

3. Þeir skulu hafa matarílát og borðbúnað hvers konar, er þeir einir noti.

4. Rúmföt, íveruföt, matarílát og hvers konar borðbúnað holdsveikra skal þvo út af fyrir sig. Umbúðir af sárum þeirra skal brenna, eða sjóða að minnsta kosti hálfa stund í vatni.

5. Holdsveikir menn mega ekki stunda börn, ekki þjóna óholdsveikum mönnum og ekki vinna að matreiðslu fyrir aðra en sjálfa sig.

6. Þeir mega eigi að nauðsynjalausu fara á aðra bæi eða taka á móti gestum.

□ Nú álítur læknir, að frekari varúðar sé þörf og megi við koma, og eru þeir þá skyldir að hlýða honum.

■ **5. gr.** Nú hefur holdsveikur maður notað íbúðarhús eða herbergi út af fyrir sig, og mega þá aðrir menn ekki nota það hús eða herbergi, fyrr en það hefur hreinsað verið á þann hátt, er læknir skipar fyrir um. Sama er um föt, sængurfatnað og annað þess háttar, er holdsveikur maður hefur notað.

1898 Nr. 3 4. febr.

■ **6. gr.** Þá er holdsveikur maður deyr eða fer vistferlum, skal húsráðandi á heimilinu þegar í stað skýra hreppstjóra eða lögreglustjóra frá því, en hann lætur hlutaðeigandi lækni vita um það innan hálfs mánaðar. Nú hefur læknir fengið slíka tilkynningu, og ber honum þá þegar að annast, að íveruhús eða herbergi hins holdsveika manns, föt, sængurfatnaður og aðrir þeir munir, er eftir hann finnast, séu tafarlaust hreinsaðir eftir þörfum.

■ **7.—8. gr.** ...[1]

[1] *Sbr. l. 57/1909.*

■ **9. gr.** Ef þörf gerist, annast lögreglustjóri eða hreppstjóri flutning holdsveikissjúklinga, er samkvæmt lögum þessum eiga að fara á spítala.

■ **10. gr.** ...[1]

[1] *Sbr. l. 57/1909.*

■ **11. gr.** Fyrir ferðir þær, er læknar verða að fara samkv. ákvæðum laga þessara, fá þeir sömu borgun og fyrir ferðir og störf í þarfir hins opinbera.

□ Öll gjöld og kostnað við hreinsanir eftir 6. gr. skal greiða úr landssjóði.

■ **12. gr.** Brot gegn ákvæðum 5. gr. og á skýrsluskyldu þeirri, er getur um í 6. gr., varða allt að 200 kr. sektum.

□ Með mál um slík brot skal farið sem opinber lögreglumál.

1909 Nr. 57 30. júlí

Lög um breyting á lögum nr. 3 4. febr. 1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

■ **1. gr.** Holdsveikir menn, sem líkþráir eru (með „lepra tuberosa“ eða „lepra mixta“), skulu allir settir í holdsveikraspítalann, svo fljótt sem rúm leyfir.

□ Holdsveikir menn, sem limafallssjúkir eru (með „lepra anæsthetica“), skulu og settir í holdsveikraspítalann, þegar héraðslæknir telur nauðsyn á því vegna sára eða annars lasleika.

□ Sveitarómögum holdsveikum utan spítala skal komið fyrir á þann hátt, sem fyllst trygging sé fyrir því, að farið verði eftir fyrirmælum 4. gr. laga nr. 3 4. febr. 1898.

□ Börnum holdsveikra foreldra, þeirra er sveitarstyrks njóta, skal jafnan komið í fóstur á önnur heimili.

□ Ekki má sveitarstjórn setja sveitarlimi niður á heimili, þar sem holdsveikir eru fyrir, nema læknar leyfi.

■ **2. gr.** Kostnað allan við veru holdsveikra í holdsveikraspítalanum skal greiða úr landssjóði, svo og flutning þeirra í spítalann.[1]

[1] *L. 78/1936.*

1940 Nr. 70 7. maí

Lög um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt.

■ **1. gr.** Ráðherra er heimilt að fyrirskipa hvers konar nauðsynlegar ráðstafanir til varnar gegn því, að menn sýkist af fýlasótt (psittacosis, páfagaukaveiki), og þar á meðal að banna að meira eða minna leyti fýlatekju, hvort sem er á einstökum stöðum eða á landinu í heild.

1979 Nr. 47 30. maí

Lög um aðstoð við þroskahefta.[1)]

[1)] *Falla úr gildi 1. jan. 1984, sjá 44. gr. l. 41/1983.*

1. kafli. Markmið og stjórn.

■ **1. gr.** Markmið þessara laga er að tryggja þroskaheftum jafnrétti við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa sem eðlilegustu lífi í samfélaginu.

■ **2. gr.** Orðið þroskaheftur táknar í lögum þessum hvern þann, sem þannig er ástatt um, að hann geti ekki án sérstakrar aðstoðar náð eðlilegum líkamlegum eða andlegum þroska.

■ **3. gr.** Málefni þroskaheftra heyra undir 3 ráðuneyti. Hjúkrunar- og sjúkradeildir heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, fræðsla undir menntamálaráðuneytið og önnur mál undir félagsmálaráðuneytið.

☐ Sérstök deild innan félagsmálaráðuneytisins annast málefni þroskaheftra. Félagsmálaráðherra setur reglur um starfsemi og verksvið deildarinnar.

☐ Ráðuneytin skipa sinn manninn hvert í stjórnarnefnd málefna þroskaheftra, sem m. a. skal gæta þess, að ráðstafanir varðandi alla þjónustu við þá verði samræmdar. Auk þess skal Öryrkjabandalag Íslands tilnefna einn fulltrúa í nefndina og Landssamtökin Þroskahjálp einn fulltrúa. Fulltrúi félagsmálaráðuneytisins er formaður nefndarinnar, sem skipuð skal til þriggja ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

☐ Nefndin úrskurðar ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar laganna, en vísa má þeim úrskurði til félagsmálaráðherra.

■ **4. gr.** Landinu skal skipt í átta starfssvæði hvað málefni þroskaheftra snertir:

1. Reykjavíkursvæði, sem tekur yfir Reykjavíkurborg.

2. Reykjanessvæði, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Grindavíkurkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurkaupstað, Hafnarfjarðarkaupstað, Garðakaupstað, Kópavogskaupstað og Seltjarnarneskaupstað.

3. Vesturlandssvæði, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Mýrarsýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Akraneskaupstað.

4. Vestfjarðasvæði, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, Strandasýslu, Bolungarvíkurkaupstað og Ísafjarðarkaupstað.

5. Norðurlandssvæði vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.

6. Norðurlandssvæði eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Þingeyjarsýslu, Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Akureyrarkaupstað og Húsavíkurkaupstað.

7. Austurlandssvæði, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Suður-Múlasýslu, Austur-Skaftafellssýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað og Eskifjarðarkaupstað.

8. Suðurlandssvæði, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Vestmannaeyjakaupstað og Selfosskaupstað.

☐ Á hverju svæði skal starfa 5 manna (Reykjanessvæði 6 manna) svæðisstjórn, er hefur það hlutverk að gera tillögur um þjónustu og samræma aðgerðir þeirra aðila, sem með stjórn þessara mála fara, svo sem fræðslustjóra, héraðslækna og fulltrúa sveitarfélaga. Í hverri svæðisstjórn skulu vera: Fræðslustjóri (fræðslustjórar), héraðslæknir og þrír menn skipaðir af ráðherra, tveir þeirra samkvæmt tilnefningu svæðisbundinna samtaka sveitarfélaga (í Reykjavík borgarstjórn) og einn samkvæmt tilnefningu foreldrasamtaka þroskaheftra á svæðinu. Stjórnin kýs sér formann. Skipunartími stjórnar er 4 ár.

☐ Ráðherra setur svæðisstjórnum starfsreglur[1)] að fengnum tillögum svæðisstjórna og stjórnarnefndar.

[1)] *Rg. 263/1980.*

■ **5. gr.** Á hverju svæði skal eftirfarandi þjónusta veitt:

1. Frumgreining.
2. Sjúkraþjálfun.
3. Iðjuþjálfun.
4. Þroskaþjálfun.[1)]
5. Talkennsla.
6. Félagsráðgjöf.
7. Leiktækjaþjónusta.
8. Sálfræðiþjónusta.

☐ Þjónustu þessa skal veita, eftir því sem við á, í heilsugæslustöðvum, skólum, dagvistarstofnunum, á heimilum og öðrum stöðum þar sem þroskaheftir dveljast.

☐ Ráðherra getur í reglugerð[2)] sett nánari ákvæði um þjónustu þessa svæðisbundið eða fyrir allt landið, að fengnum tillögum svæðisstjórnar (svæðisstjórna) og stjórnarnefndar.

[1)] *Rg. 208/1971 (Þroskaþjálfaskóli). Sett samkv. l. 53/1967.* [2)] *Rg. 199/1977 (um kennslu í fávitastofnunum). Sett samkv. l. 53/1967.*

2. kafli. Tilkynningarskylda.

■ **6. gr.** Komi í ljós við mæðraskoðun að líkur séu til að barn verði þroskaheft, ber viðkomandi eftirlitsaðila þegar í stað að tilkynna foreldrum það og í samráði við þá hlutast til um frekari rannsókn.

■ **7. gr.** Komi í ljós við fæðingu eða eftir fæðingu einkenni, er benda til þess að barn verði þroskaheft, ber viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni að tilkynna það svæðisstjórn. Jafnframt skal á heilsugæslustöð fara fram frumgreining. Skal foreldrum gerð grein fyrir hugsanlegri þroskaheftingu.

☐ Svæðisstjórn tilkynnir niðurstöður frumgreiningar til greiningarstöðvar ríkisins ef þurfa þykir.

■ **8. gr.** Við reglulegar heilsufarsskoðanir barna skal sérstaklega gefa gaum að líkamlegu og andlegu atgjörvi þeirra. Sama skylda hvílir á sálfræðiþjónustu í skólum. Komi í ljós einkenni um þroskaheftingu skal tilkynna svæðisstjórnum það og fer um slíkt í samræmi við 7. gr.

■ **9. gr.** Sérhverjum, er starfar samkvæmt lögum þessum, ber að gæta fyllstu þagmælsku um það er hann kemst að í starfi sínu samkv. 3. kafla þessara laga.

☐ Reynist grunur um þroskaheftingu ekki á rökum reistur skal eyða öllum skráðum upplýsingum um athugun á því.

3. kafli. Greiningarstöð ríkisins.

■ **10. gr.** Ríkið starfrækir eina aðalgreiningarstöð, greiningarstöð ríkisins. Hlutverk hennar er fyrst og fremst:

a. Rannsókn og greining á þroskaheftum, sem vísað er þangað.

1979 Nr. 47 30. maí

b. Tilvísanir til meðferðaraðila.

c. Ráðgjöf fyrir foreldra, forráðamenn og meðferðaraðila.

d. Skráning og varðveisla upplýsinga um þroskahefta í samvinnu við fræðslu- og heilbrigðisyfirvöld.

e. Leiktækjaþjónusta og uppeldisráðgjöf fyrir foreldra og forráðamenn.

f. Leiðbeiningarstarf og þjálfun starfsmanna, er annast þjónustu samkv. 5. gr., í samvinnu við svæðisstjórnir.

☐ Á greiningarstöð ríkisins skulu starfa:

Forstöðumaður, sérmenntaður í uppeldi og umönnun þroskaheftra.

Læknar.

Sálfræðingar.

Félagsráðgjafar.

Sjúkraþjálfarar.

Sérkennarar.

Iðjuþjálfar.

Þroskaþjálfar.

Fóstrur auk aðstoðarfólks.

☐ Heimilt er að fela starfandi stofnunum verkefni greiningarstöðvar ríkisins uns hún tekur til starfa.

4. kafli. Þjónusta og stofnanir.

■ **11. gr.** Veita skal þroskaheftum þjónustu á almennum stofnunum að svo miklu leyti sem unnt er.

☐ Búa skal þannig að almennum stofnunum að þeim sé kleift að annast slíka þjónustu.

■ **12. gr.** Stofnanir fyrir þroskahefta skulu vera:

1. Deildir tengdar dagvistarstofnunum og leikskólum.
2. Göngudeildir, þar sem jafnframt skal veita eftirvernd.
3. Skammtímafósturheimili.
4. Leikfangasöfn.
5. Skóladagheimili.
6. Sambýli (Pensionöt).
7. Afþreyingarheimili.
8. Hjúkrunarheimili.
9. Verndaðir vinnustaðir ásamt vinnumiðlun.
10. Heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila.
11. Vistheimili.

☐ Ráðherra skal með reglugerð[1] kveða nánar á um starfsemi þessa og verkskiptingu milli einstakra stofnana.

[1] *Rg. 576/1982 (fyrir sambýli).*

■ **13. gr.** Umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum, sbr. 12. gr., skulu sendar viðkomandi svæðisstjórn. Svæðisstjórn heimilar vistun að höfðu samráði við forstöðumann, enda sé áður leitað umsagnar greiningarstöðvar ríkisins og hún hafi mælt með vistun.

☐ Sé um að ræða stofnanir, sem reknar eru af öðrum aðilum en ríkinu, skal jafnframt hafa samráð við stjórnir þeirra.

■ **14. gr.** Þroskaheftum, sem af óviðráðanlegum ástæðum að mati svæðisstjórna njóta ekki kennslu eða þjálfunar utan heimilis, skal séð fyrir ókeypis kennslu og þjálfun við þeirra hæfi. Svæðisstjórnir skulu sjá um að þessi þjónusta verði veitt að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila og greiningarstöð ríkisins.

■ **15. gr.** Framfærendur þroskahefts einstaklings, sem eingöngu dvelur í heimahúsum og þarfnast umönnunar eða gæslu að dómi svæðisstjórnar, að höfðu samráði við greiningarstöð ríkisins, eiga rétt á aðstoð. Viðkomandi sveitarfélög skulu sjá um að aðstoð þessi verði veitt.

☐ Kjósi framfærendur að annast þetta sjálfir og telji svæðisstjórn þá til þess hæfa, skal aðstoð veitt með peningagreiðslum. Slíkar greiðslur skulu miðaðar við hálft daggjald á meðalstofnun samkvæmt 12. gr. 10. tl., allt eftir tegund vistunar.

■ **16. gr.** Leyfi til reksturs stofnana fyrir þroskahefta veita hlutaðeigandi ráðuneyti, allt eftir því hver stofnunin er, að fengnum tillögum stjórnarnefndar samkv. 3. gr.

☐ Öðrum aðilum en hinu opinbera skal heimilt að reka stofnanir fyrir þroskahefta eftir nánari reglum, sem settar verða.

5. kafli. Rekstur og kostnaður.

■ **17. gr.** Ríkið skal sjá um að komið verði á fót þeim stofnunum, sem taldar eru upp í 12. gr., tölulið 2—9. Kostnaður greiðist úr Framkvæmdasjóði, sbr. 6. kafla. Sveitarfélög sjá um að koma upp deildum samkv. 1. tölul. 12. gr. og fer um þann kostnað í samræmi við lög nr. 112/1976.

☐ Ríkið tryggir þroskaheftum ókeypis vist á þeim stofnunum, sem um getur í 12. gr., og greiðir alla þjónustu á þessum stofnunum.

☐ Flutningur til og frá þjónustustofnun greiðist sem hluti af reksturskostnaði viðkomandi stofnunar.

☐ Kostnaður samkv. 14. og 15. gr. greiðist úr ríkissjóði.

■ **18. gr.** Af kostnaði vegna reksturs stofnana samkv. 12. gr. tl. 1—9 greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir 15%. Ráðherra er heimilt að fela sérstakri opinberri stofnun að annast greiðslur og jafna niður á sveitarfélög og að innheimta þeirra hlut í samræmi við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

☐ Greiða skal til stofnana með föstum mánaðarlegum greiðslum fyrir 10. hvers mánaðar.

■ **19. gr.** Kostnaður vegna starfa greiningarstöðvar ríkisins greiðist úr ríkissjóði.

☐ Setja skal reglur um greiðslu kostnaðar vegna ferða einstaklinga til og frá greiningarstöð ríkisins.

■ **20. gr.** Kostnaður vegna starfa stjórnarnefndar greiðist úr ríkissjóði.

■ **21. gr.** Kostnaður vegna starfa héraðslækna og fræðslustjóra í svæðisstjórn samkv. 4. gr. greiðist af viðkomandi stjórnvöldum.

☐ Kostnaður vegna starfa fulltrúa sveitarstjórna greiðist af viðkomandi sveitarfélögum í samræmi við fjölda íbúa 16 ára og eldri. Kostnaður vegna starfa fulltrúa foreldrasamtaka greiðist úr ríkissjóði.

■ **22. gr.** Greiddur skal eðlilegur dvalarkostnaður þroskaheftra á stofnunum samkv. 12. gr. 10. tl.

☐ Daggjöld samkvæmt þessu skulu ákveðin fyrir allar stofnanir, sem ekki eru í eigu hins opinbera, af stjórnarnefnd samkv. 3. gr., að höfðu samráði við daggjaldanefnd samkv. almannatryggingalögum og fulltrúa frá hlutaðeigandi stofnun.

■ **23. gr.** Fyrir lok júnímánaðar skal liggja fyrir áætlun um útgjöld samkv. lögum þessum fyrir komandi fjárlagaár.

6. kafli. Framkvæmdasjóður.

■ **24. gr.** Stofna skal sjóð er nefnist Framkvæmda-

1979 Nr. 47 30. maí

sjóður öryrkja og þroskaheftra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

☐ Hlutverk sjóðsins er að fjármagna þær framkvæmdir, sem taldar eru í 1. mgr. 17. gr., og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu og endurhæfingar, einnig endurhæfingarstöðvar og dvalarheimili, sem ekki er fyrirsjáanlegt að fé verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum, er um getur í lögum nr. 27/1970, eða á annan hátt, sbr. enn fremur 2. mgr. 26. gr.

[☐ Einnig skal veita úr sjóðnum styrki til framkvæmda við heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila, svo og vistheimili.][1)]

[1)] *L. 59/1980, 1. gr.*

■ **25. gr.** Tekjur sjóðsins eru:

a. Ríkissjóður skal árlega leggja sjóðnum til a. m. k. 1000 milljónir króna. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni. [Við ákvörðun framlags úr ríkissjóði til sjóðsins skal taka tillit til þess að sjóðnum er ætlað að veita styrki til sjálfseignarstofnana og vistheimila, sbr. 3. mgr. 24. gr. laganna, og ber í fjárlögum að ætla sérgreint framlag til þessara verkefna, þannig að það komi til viðbótar við framlög til sjóðsins samkvæmt 1. og 2. málslið.][1)]

b. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.

c. Vaxtatekjur.

[1)] *L. 59/1980, 2. gr.*

■ **26. gr.** Stjórnarnefnd, sbr. 3. mgr. 3. gr., annast stjórn sjóðsins. Hlutverk hennar er að ráðstafa fé sjóðsins í samræmi við ákvæði 24. gr., að fengnum tillögum ráðuneyta félagsmála og menntamála. Leita skal staðfestingar viðkomandi ráðherra, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974 og 5. gr. laga nr. 27/1970.

☐ Heimilt skal þó að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða.

☐ Við úthlutun úr sjóðnum skal taka sérstakt tillit til fjölda einstaklinga, sem úrlausnar þarfnast á hverju sviði og í hverju byggðarlagi. Varast ber að ráðast í óhæfilega mörg verkefni samtímis.

■ **27. gr.** Formaður stjórnarnefndar annast daglegan rekstur sjóðsins í skrifstofu félagsmálaráðuneytisins, nema ráðherra ákveði aðra tilhögun.

■ **28. gr.** Menntamálaráðuneytið lætur stjórnarnefndinni í té árlega endurskoðaða áætlun um þörf stofnana vegna kennslu þroskaheftra, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974, og gerir tillögur um fjármögnun hennar. Ráðuneytið veitir sjóðsstjórn allar upplýsingar um kennslu þroskaheftra, þar á meðal um sérkennsluþörf í hverju byggðarlagi og í landinu öllu.

■ **29. gr.** Félagsmálaráðuneytið í samráði við endurhæfingarráð lætur stjórnarnefnd í té áætlun og upplýsingar varðandi endurhæfingu. Þessir aðilar skulu gera reglulega könnun á þörfinni fyrir endurhæfingar- og vinnustöðvar með tilliti til hvers byggðarlags og landsins alls. Könnunin skal einnig ná til dvalarheimila.

☐ Lána- og styrktarsjóðum þeim, sem um getur í endurhæfingarlögum, er skylt að veita stjórnarnefnd reglulega yfirlit yfir það fé, sem er til ráðstöfunar og fyrirhugað er að verja til framkvæmda.

7. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **30. gr.** Svæðisstjórnir og stofnanir samkv. 12. gr. skulu senda stjórnarnefnd reikninga yfir reksturinn ásamt skýrslu fyrir hvert almanaksár eigi síðar en fyrir lok febrúar ár hvert.

1979 Nr. 47 30. maí

■ **31. gr.** Ráðherra setur með reglugerð[1)] nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

[1)] *Rg. 257/1982 (um framfærslukostnað skv. 2. mgr. 15. gr.).*

■ **32. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 53/1967 um fávitastofnanir, ásamt síðari breytingum og undanskildum lögum nr. 12/1977. Auk þess falla úr gildi öll ákvæði almannatryggingalaga nr. 67/1971 ásamt síðari breytingum, sem ekki samrýmast lögum þessum. Enn fremur ákvæði annarra laga, sem kunna að ganga í berhögg við þessi lög.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þegar í stað skal hefjast handa um stofnun sérstakrar deildar í félagsmálaráðuneytinu, sbr. 2. gr., og skipun í stjórnarnefnd samkv. 3. gr. og svæðisstjórnir samkv. 4. gr., þannig að starfsemi þessara aðila verði að fullu hafin við gildistöku laganna.

☐ Þær stofnanir, er starfa við gildistöku laganna, mega starfa áfram óbreyttar til ársloka 1982. Þær skulu eigi síðar en í lok september 1982 senda umsókn um starfsleyfi í samræmi við 16. gr. laganna og skal með umsókn fylgja nákvæm lýsing á fyrirhugaðri starfsemi.

Lög um fávitastofnanir.

1967 Nr. 53 22. apríl

...[1)]

[1)] *L. 47/1979, 32. gr.*

■ **15. gr.** [Ríkið skal starfrækja skóla, Þroskaþjálfaskóla Íslands. Hlutverk skólans er að mennta fólk til að gegna uppeldi, umönnun og þjálfun þroskaheftra.

☐ Skólastjóri Þroskaþjálfaskóla Íslands skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennaraprófi frá viðurkenndum háskóla. Skólastjóri skal einnig hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnun fólks með sérþarfir.

☐ Um stjórn skólans, starfslið, námstíma, námsefni, inntökuskilyrði og annað, er varðar starfsemi hans, skal ákveða í reglugerð.[1)]][2)]

[1)] *Rg. 208/1971.* [2)] *L. 12/1977, 1. gr.*

Lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

1964 Nr. 39 19. maí

I. kafli. Um meðferð ölvaðra manna.

■ **1. gr.** Þegar lögreglan tekur mann höndum sakir ölvunar, skal hún tilkynna nánustu vandamönnum hans aðgerðir sínar, ef um mann undir 21 árs aldri er að ræða. Sé maður handtekinn vegna ölvunar tvisvar sinnum eða oftar með skömmu millibili, skal lögreglan tilkynna nafn hans til áfengisvarnarráðunauts eða áfengisvarnanefndar, sem heldur spjaldskrá í þessu skyni.

☐ Þegar um ítrekaðar handtökur er að ræða, eða grunur leikur á, að hinn handtekni sé haldinn drykkjusýki, eða yfirvofandi drykkjusýki, skal lögreglan, að fengnu læknisvottorði, flytja hinn handtekna í sjúkrahús, er veitt getur slíkum sjúklingi viðtöku.

☐ Nú er ekki völ á rúmi í sjúkrahúsi í þessu skyni, og skal þá veita hlutaðeigandi sjúklingi læknismeðferð, eftir því sem við verður komið.

■ **2. gr.** Ölvaða menn, sem sæta meðferð samkvæmt

ákvæðum 1. greinar, skal hafa í gæzlu, unz af þeim er runnið, og allt að tveimur sólarhringum til læknisrannsóknar, eftir því sem ástæða þykir til samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

■ **3. gr.** Læknir, sem stundar ölvaða menn samkvæmt ákvæðum 1. og 2. greinar, skal sjá um, að hlutaðeigandi sjúklingi sé látin í té viðeigandi aðhlynning, en auk þess gerir hann sér far um að kynna sér líkamlegt og andlegt ásigkomulag þeirra, svo og allar aðstæður með tilliti til drykkjuhneigðar þeirra og drykkjuskapar. Komist hann að raun um, að um drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki sé að ræða, tilkynnir hann hlutaðeiganda sjálfum, eða aðstandendum hans, eftir því sem við á, niðurstöður sínar og er til ráðuneytis um, hvernig við skuli bregðast.

■ **4. gr.** Auka skal svo fljótt sem verða má sjúkrahúskost til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr. Kostnaður við byggingu slíkra sjúkrahúsa eða sjúkrahúsadeilda skal greiðast úr gæzluvistarsjóði eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálastjórnarinnar.

■ **5. gr.** Ákvæði 1.—3. greinar raska ekki ákvæðum laga um viðurlög við ölvunarbrotum, enda mega ákvæði þessara laga ekki verða því til hindrunar, að þeim viðurlögum verði komið fram.

■ **6. gr.** Kostnaður af dvöl á sjúkrahúsi skv. 2. gr. greiðist á sama hátt og annar sjúkrahúskostnaður.

■ **7. gr.** Ráðherra setur nánari reglur um meðferð ölvaðra manna samkv. ákvæðum 1.—3. greinar, með sérstöku tilliti til þess, ef um endurtekin tilfelli, drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki er að ræða, að hlutaðeigendum gefist kostur á sem fullkomnustum leiðbeiningum og aðstoð sér til viðréttingar, og þá sérstaklega, ef unglingar eiga í hlut.

II. kafli. Um meðferð drykkjusjúkra manna.

■ **8. gr.** Meðferð drykkjusjúkra skal vera í höndum lækna, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva eða annarra stofnana, sem til þess hafa hlotið sérstakt leyfi heilbrigðisstjórnarinnar og háðar eru eftirliti hennar.

□ Stofnanir eða einstakir læknar, sem hafa drykkjusjúklinga til meðferðar, skulu senda landlækni, eða þeim, er hann ákveður, upplýsingar á þar til gerðum eyðublöðum, er skrifstofa landlæknis lætur í té.

■ **9. gr.** Á geðsjúkrahúsi ríkisins og síðar á móttökudeild þess, er byggð verður, skal vera unnt að veita drykkjusjúklingum meðferð og framkvæma á þeim nauðsynlegar rannsóknir. Í þessu skyni skal auka sjúkrarými stofnananna, svo að unnt verði að vista þar drykkjusjúka til skammrar sjúkrahúsmeðferðar. Í tengslum við geðsjúkrahúsið eða móttökudeild þess skal reka lækningastöð fyrir þá, sem ekki þarfnast innlagningar, svo og til eftirmeðferðar þeirra, sem innlagðir hafa verið. Í tengslum við geðsjúkrahúsið skal enn fremur reisa og reka sérstök hæli til meðferðar þeirra, sem ekki er talið að veitt verði viðhlítandi meðferð á annan hátt; hér með talin deild á sjúkrahúsinu fyrir þá, sem haldnir eru psychoses alcoholicae eða alcoholismus symptomaticus in aliis psychosibus.

□ Til þess að mæta hinum auknu störfum, sem ákvæði þessarar greinar leggja á geðsjúkrahúsið, skal ráða sérstakan aðstoðaryfirlækni, er hafi m. a. með höndum meðferð drykkjusjúkra í sjúkrahúsinu og fyrir- og eftirmeðferð í lækningastöð. Annað starfslið, sem nauðsynlegt kann að þykja til að fullnægja þessum störfum, skal heimilt að ráða eftir þörfum.

1964 Nr. 39 19. maí

■ **10. gr.** Vilji bæjarfélag eða samtök, sem starfa að bindindis- eða líknarmálum og fengið hafa leyfi heilbrigðismálastjórnarinnar, reisa og reka á sinn kostnað lækningastöð eða hæli til aðhlynningar og lækningar drykkjusjúku fólki, er heimilt að veita til þess styrk úr gæzluvistarsjóði, að því tilskildu, að heilbrigðismálastjórn staðfesti reglugerð slíkra stofnana, enda séu þær háðar eftirliti hennar.

■ **11. gr.** Til hælisvistar skv. 9. og 10. gr. verða teknir:

1. Þeir, sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar vistar í allt að sex mánuði. Umsóknin skal undirrituð af umsækjanda í viðurvist tveggja vitundarvotta, sem staðfesta, að undirskriftin sé gerð af fúsum og frjálsum vilja og að umsækjandi hafi verið vel fær um að gera sér grein fyrir þeirri skuldbindingu, er í umsókninni fólst.
2. Þeir, sem sviptir eru sjálfræði vegna drykkjusýki.
3. Þeir, sem undirgangast fyrir sakadómi að sæta hælisvist allt að sex mánuði.
4. Þeir, sem dæmdir eru til hælisvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940.

□ Tekið skal fram í umsókn, sbr. tl. 1, og yfirlýsingu fyrir dómi, sbr. tl. 3, að umsækjandi gangist undir að virða í einu og öllu þær reglur, sem um hælisvist eru settar.

■ **12. gr.** Sá, sem fengið hefur hælisvist skv. 1.—3. tl. 11. gr., skal dvelja á hælinu svo lengi sem læknir þess ákveður. Þó skal sjúklingur, er hlotið hefur hælisvist skv. 1. eða 3. tl. 11. gr., aldrei dvelja lengur á hæli en hann hefur skuldbundið sig til með umsókn, þ. e. í mesta lagi sex mánuði, nema samþykki hans komi til að nýju.

□ Sá, sem dæmdur hefur verið til hælisvistar skv. 4. tl. 11. gr., skal hlíta vistinni svo lengi sem segir í 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940.

□ Nú fer sá, sem fengið hefur hælisvist skv. ákvæðum þessara laga, heimildarlaust af hæli, þar sem hann dvelst, og er þá heimilt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, í vistina á ný og til að hlíta henni, unz lokið er þeim tíma, sem segir í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar.

■ **13. gr.** Hælisvist fylgir vinnuskylda, eftir því sem yfirlæknir hælisins segir fyrir um eða aðstoðarlæknir hans eða aðrir í hans umboði.

■ **14. gr.** Hver sá, er gefur eða veitir áfengi þeim, sem honum vitanlega er í meðferð vegna drykkjusýki eða aðstoðar hann við útvegun áfengis, skal sæta sektum.

■ **15. gr.** Um greiðslu kostnaðar vegna hælisvistar fer eftir lögum nr. 78 1936,[1] um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

[1] *Nú l. 67/1971.*

■ **16. gr.** Ráðherra setur nánari reglur um meðferð drykkjusjúkra manna skv. lögum þessum, þar á meðal með hverjum skilyrðum þeim verði veitt hælisvist, rekstur hæla skv. 9. gr., vist þar, vinnu vistmanna, svo og aðrar skyldur þeirra og réttindi.[1]

[1] *Rg. 227/1969 (um vistheimilið Bláa bandið).*

III. kafli. Um gæzluvistarsjóð.

■ **17. gr.** Af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins skal greiða 7½ milljón krónur ár hvert í sérstakan sjóð,

1964 Nr. 39 19. maí

gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara, og þá fyrst og fremst að auka og reisa stofnanir þær, sem um getur í 4. og 9. gr. laganna.

☐ Af tekjum sjóðsins skal árlega verja a. m. k. 2%, tveim af hundraði, til rannsókna á orsökum, eðli og meðferð drykkjusýki.

☐ Heilbrigðisstjórn er heimilt að ákveða til allt að fimm ára í senn, að verja megi nokkrum hluta af tekjum sjóðsins til að styrkja starfsemi félaga, sem reka á sinn kostnað hæli eða aðrar stofnanir til lækninga drykkjusjúku fólki, enda fari öll sú starfsemi fram skv. reglugerðum, sem heilbrigðisstjórnin staðfestir, og sé háð eftirliti hennar.

IV. kafli. Um meðferð þeirra, er misnota önnur slævandi eða örvandi efni.

■ **18. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða, að lög þessi taki einnig til þeirra, sem misnota önnur slævandi eða örvandi efni, að því leyti, sem við getur átt, og skal þá sérstök reglugerð sett þar um.

V. kafli. Niðurlagsákvæði.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eftir því sem skilyrði verða fyrir hendi til að fullnægja ákvæðum þeirra. ...

1942 Nr. 14 15. maí

Lög um læknaráð.

■ **1. gr.** Í læknaráði eiga sæti eftirtaldir læknar:

1. Landlæknir, sem er forseti ráðsins,
2. kennarinn í réttarlæknisfræði við háskólann,
3. kennarinn í heilbrigðisfræði við háskólann,
4. kennarinn í lyfjafræði við háskólann,
5. yfirlæknir lyflæknisdeildar Landspítalans,
6. yfirlæknir handlæknisdeildar Landspítalans,
7. yfirlæknir geðveikrahælis ríkisins,
8. yfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins,
9. formaður Læknafélags Íslands.

☐ Verði ráðið á þennan hátt ekki skipað 7 eða 9 mönnum, skipar ráðherra lækni eða lækna til viðbótar í ráðið, unz 7 eru, en einn, ef 8 eru fyrir.

■ **2. gr.** Það er hlutverk læknaráðs að láta dómstólum, ákæruvaldi og stjórn heilbrigðismálanna í té sérfræðilegar umsagnir varðandi læknisfræðileg efni.

☐ Læknaráð lætur meðal annars í té umsagnir um hvers konar læknisvottorð, sem lögð eru fyrir dómstólana, enda sé þeim beint til ráðsins samkvæmt úrskurði dómara.

☐ Læknaráð lætur stjórn heilbrigðismálanna í té álit sitt á því, hvort tiltekin aðgerð, hegðun eða framkoma læknis, tannlæknis, nuddara, lyfsala, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða annarra þvílíkra heilbrigðisstarfsmanna sé tilhlýðileg eða ekki.

☐ Læknaráð lætur og stjórn heilbrigðismálanna í té álit sitt í sambandi við mikilsverðar heilbrigðisframkvæmdir, einkum varðandi meiri háttar sóttvarnarráðstafanir.

■ **3. gr.** Læknaráðið lætur ekki önnur mál til sín taka en þau, er borin hafa verið undir það samkvæmt 2. gr., og af þeim aðilum, er þar greinir.

☐ Læknaráð lætur ekki í té umsögn um andlegt ástand eða sakhæfi manns, nema áður liggi fyrir álitsgerð sérfræðings eftir viðeigandi athugun, enda sé kostur slíkrar athugunar.

☐ Læknaráð lætur ekki í té umsögn um dánarmein manns, nema áður liggi fyrir álitsgerð sérfræðings eftir líkskurð eða mannskaðaskýrslu lögum samkvæmt, ef um voveiflegt mannslát er að ræða, enda sé kostur slíkra gagna.

1942 Nr. 14 15. maí

■ **4. gr.** Rétt er, að læknaráð leiti jafnan álits sérfróðra manna utan ráðsins um mál, sem eru utan við sérfræðisvið þeirra manna, er ráðið skipa.

☐ Áður en ráðið hnekkir vottorði læknis, skal það jafnan, ef því verður við komið, gera hlutaðeigandi lækni kost á að rökstyðja vottorð sitt nánar.

☐ Mál, er varða sérstaklega aðgerð, hegðun eða framkomu læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna (sbr. 3. málsgrein 2. gr.), skal ráðið jafnan, ef því verður við komið, bera undir aðila, svo og stéttarfélag hans, áður en það lætur í té umsögn sína um það.

■ **5. gr.** Enginn læknaráðsmanna á atkvæðisrétt um mál, er varðar sjálfan hann eða umbjóðanda hans, eða hann hefur áður tekið afstöðu til, hvort heldur er persónulega eða í embættisnafni. Nú verður ráðið óstarfhæft fyrir það, að einhver sérfræðingur ráðsins á ekki atkvæðisrétt um mál, er heyrir undir sérgrein hans, og skipar þá ráðherra sérfræðing í hans stað eftir tillögu ráðsins til að fjalla um það mál.

■ **6. gr.** Læknaráð getur falið tveimur eða fleiri læknaráðsmönnum afgreiðslu máls í sínu umboði, enda heyri málið undir sérgrein eins eða fleiri þeirra, er um það fjalla. Læknaráðsmaður getur þó krafizt þess, að umsögn verði borin undir ráðið í heild. Ákveða má nánar um verkaskiptingu ráðsins í reglugerð,[1] er ráðherra staðfestir.

☐ Umsögn um aðgerð, framkomu eða hegðun læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna (sbr. 3. málsgrein 2. gr.) skal ætíð borin undir ráðið í heild.

☐ Verði ekki samkomulag í ráðinu um afgreiðslu máls, skal þess getið í umsögn, enda á sá eða þeir, er ágreining gera, rétt á að gera sérstaka grein fyrir atkvæði sínu.

☐ Niðurstöður ráðsins skulu að jafnaði rökstuddar, og ætíð, ef sá, er umsagnarinnar beiðist, æskir þess sérstaklega, svo og ef ágreiningur er í ráðinu um niðurstöðu.

[1] *Rg. 192/1942.*

■ **7. gr.** Læknaráð sendir ráðherra skýrslu um starfsemi sína að hverju ári liðnu, og skal birta opinberlega þær niðurstöður ráðsins, er almenning varða.

■ **8. gr.** Kostnaður af starfsemi læknaráðs greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

1969 Nr. 80 23. júní

Læknalög.

I. Um lækningaleyfi.

■ **1. gr.** [Rétt til þess að stunda lækningar hér á landi og kalla sig lækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.][1]

[1] *L. 108/1973, 1. gr.*

■ **2. gr.** [Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi frá læknadeild Háskóla Íslands svo og framhaldsnámi í sjúkrahúsi eftir reglum, sem læknadeild setur og heilbrigðisráðherra staðfestir.[1]

☐ Framhaldsnámi, samkvæmt 1. málsgrein, skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum heilbrigðisstjórnar og læknadeildar Háskóla Íslands.

☐ Þeir einir geta hlotið ótakmarkað lækningaleyfi, sem hafa til þess meðmæli læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis. Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef önnur málsgrein 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

☐ Meðmæli samkvæmt ofanrituðu er óheimilt að veita, ef einhverjum meðmælanda er kunnugt um andlega ágalla hjá umsækjanda, sem gera mundu hann óhæfan til læknisstarfa.

☐ Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjandi hafi gegnt starfi við heilsugæslustöð í allt að sex mánuði að námi loknu.[2)][3)]

[1)] *Rg. 39/1970, sbr. 243/1970, 249/1976 og 82/1982.* [2)] *Augl. 85/1982.* [3)] *L. 108/1973, 2. gr.*

■ **3. gr.** [Ráðherra getur veitt manni, sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 2. gr., lækningaleyfi (takmarkað eða ótakmarkað) og þar með rétt til þess að kalla sig lækni hér á landi, enda uppfylli hann skilorð 2. gr. að öðru leyti.

☐ Læknadeild Háskóla Íslands getur sett það skilyrði fyrir meðmælum sínum, að umsækjandi sanni fyrir henni, að próf hans sé sambærilegt að gæðum við próf frá deildinni.][1)]

[☐ Ráðherra getur einnig veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi, ef þeir hafa til þess næga þekkingu að dómi landlæknis og hann mælir með leyfisveitingunni að höfðu samráði við læknadeild Háskóla Íslands.][2)]

[1)] *L. 108/1973, 3. gr.* [2)] *L. 76/1977, 1. gr.*

■ **4. gr.** [Ef nauðsyn krefur, má ráðherra, eftir meðmælum landlæknis, fela læknanemum að gegna tilgreindum læknisstörfum um stundarsakir, og hefur viðkomandi þá lækningaleyfi, meðan hann gegnir þeim störfum.][1)]

[1)] *L. 108/1973, 4. gr.*

■ **5. gr.** Enginn læknir má kalla sig sérfræðing nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

☐ Læknadeild háskólans setur reglur um nám sérfræðinga, er ráðherra staðfestir,[1)] og getur enginn fengið leyfi til að kalla sig sérfræðing nema hann sanni fyrir læknadeildinni, að hann hafi lokið slíku námi.

☐ Læknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir læknadeild háskólans, að hann hafi lokið tilskildu sérfræðinámi og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

[1)] *Rg. 39/1970, sbr. 243/1970, 249/1976 og 82/1982.*

II. Um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa.

■ **6. gr.** Læknum og hverjum þeim, sem hafa lækningaleyfi, takmarkað sem ótakmarkað, ber að gegna störfum sínum með árvekni, halda þekkingu sinni sem bezt við, fara nákvæmlega eftir henni og gæta fyllstu samvizkusemi í hverju einu, þar á meðal í því að baka ekki sjúklingum sínum eða aðstandendum þeirra óþarfan kostnað, svo sem með óhóflegri lyfjanotkun, óþörfum vitjunum eða aðgerðum, ónauðsynlegri aðstoð o. s. frv.

■ **7. gr.** [Læknar eru skyldir til að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga, er þeir hafa eða hafa haft undir höndum, er slíkra vottorða er almennt krafist, vegna viðskipta sjúklinganna við hið opinbera, og ber þeim að fara nákvæmlega eftir öllum fyrirmælum um gerð vottorðanna. Sama skylda hvílir á sjúkrahúsum og öðrum tilsvarandi stofnunum. Heimilt er að senda landlækni einum vottorðið sem trúnaðarmál, ef ástæða þykir til vegna ákvæða 10. gr.][1)]

☐ Til allra vottorða og umsagna, er læknir gefur út sem læknir, ber honum að vanda sem bezt og segja það eitt, er hann veit sönnur á, hvort sem vottorðin eða umsagnirnar eiga að vera til leiðbeiningar hinu opinbera eða öðrum.

[1)] *L. 108/1973, 5. gr.*

■ **8. gr.** Sérhverjum lækni, öðrum en þeim, sem fyrir elli sakir eða sjúkdóms er hættur störfum, ber í skyndilegum sjúkdóms- eða hættutilfellum, ef hann er nærstaddur og til hans er leitað — og ekki því alvarlegri forföll banna — að veita hina fyrstu nauðsynlegu læknishjálp, unz til annarrar hjálpar hefur náðst.

■ **9. gr.** Sérhver læknir, sem stundar almennar lækningar í kaupstað eða kauptúni og hefur opna lækningastofu í því skyni, er skyldur til, einnig þó að hann sé ekki embættislæknir, að gegna aðkallandi sjúkravitjunum í kaupstaðnum eða kauptúninu, hvenær sem eftir því er leitað, nema hann sé hindraður af öðrum meira aðkallandi læknisstörfum eða öðrum alvarlegum forföllum.

☐ Nú tekur læknir í kaupstað eða kauptúni þátt í félagsskap um, að læknavörður sé til taks til að gegna sjúkravitjunum innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, enda sé vörðurinn fullnægjandi að dómi landlæknis, og er læknirinn þá ekki skyldur til að gegna læknisvitjunum þann tíma, er vörðurinn situr, sbr. þó 8. gr.

■ **10. gr.** Sérhverjum lækni ber að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er hann kann að komast að sem læknir, nema lög bjóði annað eða hann viti sönnur á, að brýn nauðsyn annarra krefji, enda láti hann þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komizt af með til að afstýra hættu.

☐ Um slík einkamál verður læknir ekki leiddur sem vitni í réttarmálum gegn vilja þess, er einkamálið varðar, nema ætla megi, að úrslit málsins velti á vitnisburðinum, enda sé málið þýðingarmikið fyrir málsaðila eða þjóðfélagið.

☐ Nú er lækni gert að bera vitni í slíkum málum, og skal það þá jafnan gerast fyrir luktum dyrum.

☐ [Ákvæði þessi gilda einnig um annað starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni, eftir því sem við getur átt.][1)]

[1)] *L. 108/1973, 6. gr.*

■ **11. gr.** Nú verður læknir þess vísari vegna starfsemi sinnar sem læknir, að heilsufari manns er þannig háttað andlega eða líkamlega, að öðrum stafar bein lífshætta af honum eða yfirvofandi heilsutjón, og ber þá lækninum að leitast við að afstýra hættunni með því að snúa sér til viðkomanda sjálfs eða, ef nauðsyn krefur, til landlæknis.

■ **12. gr.** Læknum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem lækna fram yfir látlausar auglýsingar í blöðum, sem birta má í hæsta lagi þrisvar, eða á lyfseðlum og dyraspjöldum með nafni, lærdómstitli, stöðu, heimilisfangi, síma, viðtalstímum og sérgrein, ef um sérfræðing er að ræða. Læknum og stéttarfélagsskap þeirra ber að vinna á móti því, að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl, eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni, en ef ekki verður komið í veg fyrir það, þá ber þeim eða stéttarfé-

lagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það, sem þar kann að vera ofmælt.

□ [Ákvæði þessi gilda einnig um þá, sem takmarkað lækningaleyfi hafa, svo og um annað starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni, og viðkomandi stéttarfélög, eftir því sem við getur átt.][1]

[1] *L. 108/1973, 7. gr.*

■ **[13. gr.][1]**

□ [Allir, sem lækningaleyfi hafa, skulu háðir eftirliti landlæknis. Ber honum að gæta þess, að þeir haldi ákvæði þessara laga og önnur ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins. Hann má heimta af þeim skýrslur viðvíkjandi störfum þeirra og heilbrigðismálum, sem hann telur nauðsynlegar, og að þeir haldi þær bækur, sem eru nauðsynlegar til skýrslugerðarinnar.[2]

□ Ákvæði þessi skulu einnig gilda um annað starfsfólk í heilbrigðisþjónustunni eftir því, sem við getur átt, svo og um hvers konar heilbrigðisstofnanir.][3]

[1] *L. 108/1973, 8. gr.* [2] *Rg. 34/1964.* [3] *L. 108/1973, 9. gr.*

III. Um skottulækningar.

■ **[14. gr.][1]** Hvers konar skottulækningar eru bannaðar hér á landi.

□ Það eru skottulækningar:

1. Ef sá, sem ekki hefur lækningaleyfi, býðst til að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf, sem lyfsalar mega ekki selja án lyfseðils, og nær það einnig til lyfsala og aðstoðarfólks þeirra.

2. Ef læknir með takmörkuðu lækningaleyfi stundar lækningar fram yfir það, sem leyfi hans er takmarkað við samkvæmt leyfisbréfi hans eða lögum. Nær þetta meðal annars til tannlækna, ef þeir fást við aðrar lækningar en tannlækningar, þar með taldar svæfingar, tannsmiði, ef þeir gefa sig við tannlækningum, nuddara, ef þeir taka fólk til meðferðar án tilvísunar og fyrirsagnar læknis, yfirsetukvenna, ef þær fást við svæfingar eða lyfjagjafir fram yfir það, sem þeim er sérstaklega heimilað o. s. frv.

3. [Ef einhver,][2] sem ekki hefur sérfræðingsleyfi, kallar sig, auglýsir sig eða gefur á annan hátt í skyn, að hann sé sérfræðingur, og gildir hið sama um sérfræðing, ef hann gefur á sama hátt til kynna, að hann sé sérfræðingur í annarri grein en þeirri, sem hann hefur sérfræðingsleyfi fyrir.

4. Ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefur, ráðleggur eða ávísar eða selur mönnum lyf í þýðingarlausu óhófi eða aðeins til þess að auðga sjálfan sig, eða ef hann ráðleggur mönnum eða framkvæmir að ástæðulausu, nema þá sjálfum sér til ávinnings, læknisaðgerð, annaðhvort við sjúkdómi, sem aðgerðin getur bersýnilega ekki átt við, eða við sjúkdómi, sem engin ástæða er að gera ráð fyrir, að viðkomandi sé haldinn af.

5. Ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefur, ávísar til sölu eða selur lyf undir því yfirskini, að þau eigi að fara til lækninga, en vitandi, að þau verði notuð í öðru skyni, svo sem til nautnar, eða til útsölu í hagnaðarskyni.

6. Ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefur, lætur frá sér vottorð eða umsögn til þess stílaða að gylla í verzlunarskyni lyf, lækningaáhöld eða matvæli, drykki, nautnalyf eða annað, svo að ætla megi, að fólk fyrir það fái skakkar hugmyndir um gildi lyfjanna, lækningaáhaldanna, matvælanna o. s. frv.

7. Ef læknir lánar nafn sitt þeim, sem ekkert lækningaleyfi hefur eða takmarkað lækningaleyfi, í því skyni að fólk blekkist til að halda, að sú lækningastarfsemi, sem þeir hafa með höndum, fari fram eftir ráðleggingum, undir eftirliti eða á ábyrgð læknisins. Sama gildir um þá, sem takmarkað lækningaleyfi hafa, ef þeir lána nafn sitt í tilsvarandi skyni.

[1] *L. 108/1973, 8. gr.* [2] *S. l. 10. gr.*

■ **[15. gr.][1]** Þeim, sem hefur takmarkað lækningaleyfi, er bannað jafnt og þeim, sem ekkert lækningaleyfi hefur, að taka til meðferðar sjúklinga með kynsjúkdóma, berklaveiki eða aðra smitandi sjúkdóma, svo og sjúklinga með krabbamein og önnur æxli.

□ Nú hefur viðkomandi orðið þetta á vegna ónógrar læknisþekkingar, og nægir það honum ekki til sýknunar.

[1] *L. 108/1973, 8. gr.*

■ **[16. gr.][1]** Lyfja- og lækningaáhaldaauglýsingar eru bannaðar hér á landi, einnig læknum og lyfsölum. Nær þetta til auglýsinga í blöðum og tímaritum, á sérstökum auglýsingamiðum eða í flugritum og bréfum, á lyfja- og lækningaáhaldaumbúðum, svo og hvers konar annarra auglýsingaaðferða, þar með taldar ritgerðir, sem til þess eru stílaðar að gylla í verzlunarskyni sérstök lyf eða lækningaáhöld. Á sama hátt eru bannaðar tilsvarandi auglýsingar um lækningakraft drykkja og matvæla, nautnalyfja og annars.

□ Enn fremur eru bannaðar gyllandi auglýsingar um sjúkrahús og hvers konar heilbrigðisstofnanir fram yfir nafn og stað, hvers konar sjúklingum sé tekið á móti og með hverjum kjörum.

□ Auglýsingar um lyf, lækningaáhöld, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir eru þó leyfðar í blöðum og tímaritum, sem gefin eru út af læknum eingöngu fyrir lækna, svo og í auglýsingabréfum til lækna og á umbúðum lyfja og lækningaáhalda, sem eingöngu koma læknum í hendur.

[1] *L. 108/1973, 8. gr.*

IV. Um refsingar, sviptingu lækningaleyfis og endurfengið lækningaleyfi.

■ **[17. gr.][1]** [Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum allt að kr. 500 þúsund, sviptingu lækningaleyfis eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.][2]

□ Í sektir skal dæma fyrir minni háttar brot, er ekki telst sannað, að það hafi valdið eða ef það er ekki sérstaklega líklegt til að geta valdið alvarlegu tjóni, hvorki fyrir einstaklinga né þjóðfélagið í heild sinni.

□ Í hæstu sektir skal dæma, ef um ítrekuð minni háttar brot er að ræða, eða ef sannað telst, að brotið hafi valdið alvarlegu tjóni, eða ef það er sérstaklega líklegt til að geta valdið alvarlegu tjóni fyrir einstaklinga eða þjóðfélagið í heild sinni. Ef læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefur, á í hlut, má þá jafnframt svipta hann lækningaleyfi.

□ Lækni og þann sem lækningaleyfi hefur, má enn fremur svipta lækningaleyfi, þó að ekki teljist sannað, að brotið hafi valdið tjóni, ef það er þess eðlis, að það verði að teljast honum sérstaklega ósamboðið, svo sem ef um er að ræða röng og villandi læknisvottorð eða

1969 Nr. 80 23. júní

læknisumsagnir að órannsökuðu máli, skottulækningar eða hlutdeild í skottulækningum, lausmælgi um einkamál, sem hann hefur komizt að sem læknir, eða alvarlegt hirðuleysi eða ódugnað í störfum sínum.

☐ Í fangelsi[3] má dæma, ef brotið er þess eðlis, að sannað teljist, að líftjón eða varanlegt heilsutjón hafi hlotizt af, eða að sérstaklega líklegt teljist, að það geti orðið slíks valdandi eða haft víðtækar hættulegar afleiðingar fyrir þjóðfélagið, og heyra þar meðal annars undir brot á 16. gr.[4]

☐ Lækni og þann, sem hefur lækningaleyfi, skal svipta lækningaleyfi fyrir þau brot, sem dæma má í fangelsi fyrir, eða, ef um ítrekuð brot er að ræða, sem svipta má lækningaleyfi fyrir.

☐ Í fangelsi[3] skal dæma, ef um ítrekuð brot er að ræða, sem dæma má í fangelsi[3] fyrir.

☐ Lækna og aðra, sem með brotum á lögum þessum gera öðrum skaða, svo að sannað teljist, má auk refsinga dæma til sanngjarnra skaðabóta.

☐ Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

[1] *L. 108/1973, 8. gr.* [2] *S. l. 11. gr.* [3] *L. 19/1940, 268. gr.* [4] *Nú 15. gr.*

■ **[18. gr.]**[1] Ef landlæknir verður þess var, að læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefur, vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bág við fyrirmæli heilbrigðislaga landsins, skal hann áminna hann um að bæta hegðun sína.

☐ Nú kemur áminningin ekki að haldi, eða sé um einhverja óhæfu að ræða viðkomandi læknisstörfum, og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur lækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

[1] *L. 108/1973, 8. gr.*

■ **[19. gr.]**[1] Nú telur landlæknir, að læknir, eða sá, sem lækningaleyfi hefur, hafi sýnt, að hann uppfylli ekki lengur þau skilyrði, sem krafizt var, er hann fékk lækningaleyfi, svo sem vegna bilunar á andlegri eða líkamlegri heilsu, sem gerir hann lítt hæfan, óhæfan eða hættulegan við störf sín, enda verði hann ekki án þess fenginn til að hætta þeim, eða vegna drykkjuskaparóreglu eða eiturlyfjanotkunar, eða vegna þess að hann hafi kynnt sig að alvarlegu hirðuleysi eða ódugnaði í störfum sínum, og skýrir hann þá ríkisstjórninni frá málavöxtum. Ráðherra leitar álits læknadeildar háskólans, og ef hún fellst á álit landlæknis, má svipta viðkomandi lækningaleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstólanna.

[1] *L. 108/1973, 8. gr.*

■ **[20. gr.]**[1] Læknar og aðrir, sem sviptir hafa verið lækningaleyfi samkv. lögum þessum, geta fengið lækningaleyfi á ný, en aðeins samkvæmt ákvæðum 2. og 3. gr.

[1] *L. 108/1973, 8. gr.*

V. Sérákvæði um ávísanir lækna á ávana- og fíknilyf.

■ **[21. gr.]**[1] Nú telur landlæknir rökstudda ástæðu til að hafa eftirlit með ávísunum læknis á tiltekin ávana- og fíknilyf, og getur ráðherra þá eftir tillögu landlæknis lagt fyrir lækninn að halda skrá yfir ávísanirnar og skrá þar m. a. nafn, aldur og heimilisfang sjúklings, heiti, magn og útgáfudag ávísaðra lyfja og tilefni notkunar þeirra. Um skráninguna og skil á skýrslum vegna hennar fer að öðru leyti eftir nánari ákvörðun ráðherra.

1969 Nr. 80 23. júní

☐ Ákvæði fyrstu málsgreinar taka einnig til eigin notkunar lækna á ávana- og fíknilyfjum.

☐ Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hvaða lyf skuli teljast ávana- og fíknilyf samkv. þessum kafla.

[1] *L. 108/1973, 8. gr.*

■ **[22. gr.]**[1] Ef læknir sá, sem á hefur verið lögð skráningarskylda samkv. 22. gr.,[2] hlítir ekki fyrirmælum þar að lútandi eða verður uppvís að því að ávísa (sjálfum sér eða öðrum) ávana- og fíknilyfjum, þannig að óhæfilegt þykir, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Er ráðherra þá heimilt, að fenginni umsögn læknadeildar háskólans, að svipta lækninn leyfi til að ávísa slíkum lyfjum, öllum eða einstökum flokkum þeirra, enda þyki ekki ástæða til að beita ákvæðum 20. gr.[3]

☐ Nú verður læknir, sem ekki hefur verið lögð á skráningarskylda samkv. 22. gr.,[2] uppvís að því að ávísa sjálfum sér óhæfilegu magni ávana- og fíknilyfja, og þykir atferli hans alvarlegra eðlis en svo, að skráningarskyldu verði beitt, og má þá svipta hann leyfi samkvæmt fyrstu málsgr. Þó skal lækninum gefinn kostur á að skýra málstað sinn munnlega, áður en leyfissvipting fer fram, en að öðru leyti fer um málsmeðferð og fyrirvara eftir ákvæðum fyrstu málsgr.

[1] *L. 108/1973, 8. gr.* [2] *Nú 21. gr.* [3] *Nú 19. gr.*

■ **[23. gr.]**[1] Læknir getur afsalað sér rétti til að ávísa ávana- og fíknilyfjum eða tilteknum flokki (flokkum) slíkra lyfja um tiltekinn eða ótiltekinn tíma.

[1] *L. 108/1973, 8. gr.*

■ **[24. gr.]**[1] Nú hefur læknir ekki leyfi til að ávísa ávana- og fíknilyfjum samkv. ákvæðum 23. eða 24. gr.,[2] og má hann þá með leyfi ráðherra og að höfðu samráði við landlækni semja við annan lækni um að annast nauðsynlegar ávísanir slíkra lyfja.

[1] *L. 108/1973, 8. gr.* [2] *Nú 22. og 23. gr.*

■ **[25. gr.]**[1] Læknir, sem sviptur hefur verið leyfi til að ávísa ávana- og fíknilyfjum, getur fengið til þess leyfi á ný, að fengnum tillögum landlæknis og læknadeildar háskólans.

[1] *L. 108/1973, 8. gr.*

VI. Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

■ **[26. gr.]**[1] Ákvæði þessara laga um veitingu lækningaleyfis ná ekki til þeirra, sem lækningarétt hafa eða lækningaleyfi, takmarkað eða ótakmarkað, þegar lögin ganga í gildi. Þeir læknar, sem þá hafa fengið leyfi Læknafélags Íslands til að kalla sig sérfræðinga, halda og áfram því leyfi. Önnur ákvæði þessara laga, þar á meðal ákvæðin um sviptingu lækningaleyfis, ná einnig til þeirra, sem hafa lækningarétt eða lækningaleyfi, takmarkað eða ótakmarkað, þegar lögin ganga í gildi, og á sama hátt og þeir hefðu fengið lækningaleyfi samkvæmt þessum lögum.

[1] *L. 108/1973, 8. gr.*

Lög um heilbrigðisþjónustu.

1983 Nr. 59 1. júní

■ **1. gr.**

☐ 1.1. Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.

☐ 1.2. Heilbrigðisþjónusta tekur til hvers kyns heilsugæslu, heilbrigðiseftirlits, lækningarannsókna, lækninga

og hjúkrunar í sjúkrahúsum, læknisfræðilegs endurhæfingarstarfs, tannlækninga og sjúkraflutninga.

☐ 1.3. Ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála sér um, að heilbrigðisþjónusta sé eins góð og þekking og reynsla leyfir og í samræmi við lög og reglugerðir.

I. kafli. Yfirstjórn.

■ **2. gr.**

☐ 2.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn heilbrigðismála.

☐ 2.2. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

■ **3. gr.**

☐ 3.1. Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt er varðar heilbrigðismál og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f. h. ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta. Aðstoðarlandlæknir skal vera landlækni til aðstoðar og staðgengill hans.

☐ 3.2. Landlæknir skipuleggur skýrslugerð lækna, heilbrigðisstofnana, innheimtir þær og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins í samvinnu við deildir ráðuneytis.

☐ 3.3. Forseti skipar landlækni. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins. Ráðherra skipar aðstoðarlandlækni og skal gera sömu kröfur um menntun hans og starfsreynslu og gert er til landlæknis.

☐ 3.4. Ráðherra setur reglugerð um starf og stöðu landlæknis og embættis hans að höfðu samráði við samtök heilbrigðisstétta, læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands. Í reglugerðinni skal kveða á um faglegt eftirlit landlæknis með heilbrigðisstofnunum, lyfjanotkun, heilbrigðiseftirliti og sóttvarnarráðstöfunum og einnig um sérhæft starfslið til þess að sinna þeim verkefnum.

☐ 3.5. Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Heimilt er að vísa ágreiningsmálum til sérstakrar nefndar, sem í eiga sæti 3 menn, tilnefndir af Hæstarétti og ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Enginn nefndarmanna má vera starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar, og einn skal vera embættisgengur lögfræðingur og jafnframt formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

■ **4. gr.**

☐ 4.1. Ráðuneytið annast framkvæmd mála fyrir hönd ráðherra og hefur eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um framkvæmd heilbrigðismála sé framfylgt.

■ **5. gr.**

☐ 5.1. Heilbrigðisþing skal haldið eigi sjaldnar en fjórða hvert ár. Verkefni heilbrigðisþings skulu vera ráðgjafar- og umsagnastörf á sviði heilbrigðismála. Til heilbrigðisþings skal boða fulltrúa hinna einstöku þátta heilbrigðisþjónustunnar og einstöku heilbrigðisstétta.

☐ 5.2. Ráðuneytið undirbýr heilbrigðisþing í samráði við landlækni og fullvinnur þau mál, er fram koma á þinginu hverju sinni.

II. kafli. Um læknishéruð og heilbrigðismálaráð.

■ **6. gr.**

☐ 6.1. Landið skiptist í læknishéruð sem hér segir:

1. Reykjavíkurhérað, sem tekur yfir Reykjavíkurborg.

2. Reykjaneshérað, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað, Grindavíkurkaupstað, Garðakaupstað, Seltjarnarneskaupstað og Kópavogskaupstað.

3. Vesturlandshérað, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.

4. Vestfjarðahérað, sem tekur yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.

5. Norðurlandshérað vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.

6. Norðurlandshérað eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Húsavíkurkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu.

7. Austurlandshérað, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.

8. Suðurlandshérað, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Selfosskaupstað.

☐ 6.2. Ráðherra skipar einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn; í Reykjavík borgarlækni.

■ **7. gr.**

☐ 7.1. Í hverju héraði skal starfa heilbrigðismálaráð.

☐ 7.2. Heilbrigðismálaráð skal þannig skipað að héraðslæknir er formaður ráðsins, en sveitarstjórnir héraðsins kjósa aðra ráðsmenn að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Skulu þeir kosnir úr hópi fulltrúa í stjórnum heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa, og skal hver slík stofnun jafnan eiga einn fulltrúa í heilbrigðismálaráði héraðsins. Í Reykjavík kýs borgarstjórn 7 fulltrúa óbundinni kosningu, en stjórnir heilbrigðisstofnana ríkisins og einkaaðila tilnefna fulltrúa frá hverri stofnun.

☐ 7.3. Verkefni heilbrigðismálaráðs eru:

1. Stjórn heilbrigðismála í héraði í umboði heilbrigðisráðuneytis, landlæknis og sveitarstjórna.

2. Gerð tillagna og áætlana um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraði.

3. Skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraði og rekstri í þeim mæli sem sveitarstjórnir verða ásáttar um.

☐ 7.4. Ráðherra setur reglugerð[1)] um starfsháttu heilbrigðismálaráða að fengnum tillögum landlæknis.

[1)] *Rg. 225/1978, sbr. 439/1979.*

■ **8. gr.**

☐ 8.1. Héraðslæknir er sérstakur ráðunautur heilbrigðisstjórnar um hvað eina, er við kemur heilbrigðismálum héraðsins.

☐ 8.2. Héraðslæknar skulu fylgjast með því að framfylgt sé lögum og reglum um heilbrigðismál í héraðinu. Þeir hafa þar umsjón með heilbrigðisstarfi í umboði ráðuneytis, í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum og ann-

ars staðar, þar sem slíkt starf fer fram. Þeir skulu annast samræmingu heilbrigðisstarfs í héraðinu.

☐ 8.3. Ráðherra setur héraðslæknum erindisbréf[1] að fengnum tillögum landlæknis.

[1] *Augl. 118/1980.*

■ **9. gr.**

☐ 9.1. Launa- og ferðakostnaður vegna starfa manna í heilbrigðismálaráðum greiðist af viðkomandi sveitarfélögum eða heilbrigðisstofnunum. Annar kostnaður vegna starfa heilbrigðismálaráða greiðist úr ríkissjóði.

☐ 9.2. Kostnaður heilsugæslulækna og borgarlæknis í Reykjavík vegna héraðslæknisstarfa greiðist úr ríkissjóði.

☐ 9.3. Ráðherra setur með reglugerð, að fengnu áliti landlæknis og viðkomandi heilbrigðismálaráðs, ákvæði um starfsaðstöðu héraðslæknis svo og starfslið.

■ **10. gr.**

☐ 10.1. Um laun heilsugæslulækna, sem jafnframt eru héraðslæknar, fer eftir launasamningum fjármálaráðuneytis og L. Í. á hverjum tíma.

III. kafli. Um heilsugæslu.

■ **11. gr.**

☐ 11.1. Heilsugæsla merkir í þessum lögum heilsuverndarstarf og allt lækningastarf, sem unnið er vegna heilbrigðra og sjúkra, sem ekki dveljast í sjúkrahúsum.

■ **12. gr.**

☐ 12.1. Setja skal á stofn heilsugæslustöðvar til þess að annast heilsugæslu samkvæmt lögum þessum.[1]

☐ 12.2. Þar sem aðstæður leyfa, skal heilsugæslustöð vera í starfstengslum við sjúkrahús og þá ávallt rekin sem hluti af því, og í sömu byggingu, sé þess kostur.

☐ 12.3. Þar sem sjúkrahús er fyrir og afráðið er, að stofna skuli heilsugæslustöð, skal byggja stöðina í starfstengslum við sjúkrahúsið, þannig að þjónustudeildir og starfslið nýtist fyrir hvort tveggja.

☐ 12.4. Þar sem afráðið verður samkvæmt lögum þessum að reisa heilsugæslustöð og ekki er sjúkrahús á staðnum fyrir, skal kanna þörf héraðsins (umdæmisins) fyrir sjúkrahús, sbr. 33. gr. og hvort þörf sé fullnægt, einkum hvað viðvíkur hjúkrunar- og endurhæfingarheimilum, og haga framkvæmdum í samræmi við það.

[1] *Rg. 160/1982 (fyrir heilsugæslustöðvar).*

■ **13. gr.**

☐ 13.1. Heilsugæslustöðvar skulu vera með þrennu móti: Heilsugæslustöð 2 (H2), þar sem starfa tveir læknar hið minnsta ásamt öðru starfsfólki skv. reglugerð. Heilsugæslustöð 1 (H1), þar sem starfar einn læknir hið minnsta ásamt öðru starfsfólki skv. reglugerð. Heilsugæslustöð H, þar sem starfar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir og læknir hefur reglulega móttöku sjúklinga. Heimilt er að ráða lækni til starfa við H2 og H1 stöðvar hluta úr ári, þar sem sérstakar ástæður mæla með. Einnig er heimilt að ákveða að læknir hafi aðsetur á H stöð, varanlega eða um tiltekinn tíma, mæli sérstakar ástæður með. Heilsugæslustöð H skal stjórnunarlega heyra undir næstu H1 eða H2 stöð.

☐ 13.2. Starfslið heilsugæslustöðvar getur að hluta verið sameiginlegt með annarri heilbrigðisstofnun í starfstengslum við stöðina.

☐ 13.3. Lyfjaútibú eða lyfjaútsala samkv. 43. og 44. gr. lyfsölulaga eða lyfjasala undir eftirliti lækna stöðvarinnar skal jafnan vera á heilsugæslustöð, ef lyfjabúð er ekki á staðnum. Ráðherra getur ákveðið að lyfjabúð skuli vera í heilsugæslustöð.

■ **14. gr.**

☐ 14.1. Heilsugæslustöðvar skulu vera í héruðum skv. 6. gr. Héruðum skal skipt í heilsugæsluumdæmi, og skulu stöðvar innan sama umdæmis hafa samstarf og veita hver annarri aðstoð og þjónustu, eftir því sem við verður komið. Heilsugæsluumdæmi og heilsugæslustöðvar skulu vera í héruðum svo sem hér greinir:

☐ 14.2. **Reykjavíkurhérað.** Staðarval heilsugæslustöðva og fyrirkomulag um samvinnu stöðva innan héraðsins verði ákveðið af borgarstjórn í samráði við héraðslækni og staðfest af ráðherra.

☐ 14.3. **Vesturlandshérað.**

1. **Akranesumdæmi.**

1. Akranes H2, starfssvæði Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melahreppur.

2. **Borgarnesumdæmi.**

1. Borgarnes H2, starfssvæði Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur.

2. Kleppjárnsreykir H.

3. **Ólafsvíkurumdæmi.**

1. Ólafsvík H2, starfssvæði Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur.

2. Hellissandur H.

4. **Stykkishólmsumdæmi.**

1. Stykkishólmur H2, starfssvæði Helgafellssveit, Flateyjarhreppur, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur og Miklaholtshreppur.

2. Grundarfjörður H1, starfssvæði Eyrarsveit.

3. Búðardalur H2, starfssvæði Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur, Saurbæjarhreppur, Gufudalshreppur, Reykhólahreppur og Geiradalshreppur.

4. Reykhólar H.

☐ 14.4. **Vestfjarðahérað.**

1. **Patreksfjarðarumdæmi.**

1. Patreksfjörður H2, starfssvæði Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur og Múlahreppur.

2. Bíldudalur H.

2. **Ísafjarðarumdæmi.**

1. Ísafjörður H2, starfssvæði Ísafjarðarkaupstaður, Suðureyrarhreppur, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnvíkurhreppur og Sléttuhreppur.

2. Suðureyri H.

3. Súðavík H.

4. Reykjanesskóli H.

5. Þingeyri H1, starfssvæði Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur og Auðkúluhreppur.

6. Flateyri H1, starfssvæði Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur.

7. Bolungarvík H1, starfssvæði Bolungarvíkurkaupstaður.

3. **Hólmavíkurumdæmi.**

1. Hólmavík H1, starfssvæði Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur.

2. Árnes H.

□ 14.5. **Norðurlandshérað vestra.**

1. **Hvammstangaumdæmi.**

1. Hvammstangi H2, starfssvæði Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur og Bæjarhreppur.

2. **Blönduósumdæmi.**

1. Blönduós H2, starfssvæði Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur.

2. Skagaströnd H.

3. **Sauðárkróksumdæmi.**

1. Sauðárkrókur H2, starfssvæði Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur.

2. Hofsós H.

4. **Siglufjarðarumdæmi.**

1. Siglufjörður H2, starfssvæði Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtshreppur.

□ 14.6. **Norðurlandshérað eystra.**

1. **Dalvíkurumdæmi.**

1. Dalvík H2, starfssvæði Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur.

2. Hrísey H.

3. Ólafsfjörður H1, starfssvæði Ólafsfjarðarkaupstaður.

2. **Akureyrarumdæmi.**

1. Akureyri H2, starfssvæði Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur.

2. Grenivík H.

3. **Húsavíkurumdæmi.**

1. Húsavík H2, starfssvæði Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Flateyjarhreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur.

2. Laugar H.

3. Reykjahlíð H.

4. Stórutjarnir H.

5. Kópasker H1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.

4. **Þórshafnarumdæmi.**

1. Þórshöfn H1, starfssvæði Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur.

2. Raufarhöfn H1, starfssvæði Raufarhafnarhreppur.

□ 14.7. **Austurlandshérað.**

1. **Egilsstaðaumdæmi.**

1. Egilsstaðir H2, starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur.

2. Borgarfjörður eystri H.

3. Seyðisfjörður H1, starfssvæði Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur.

4. Vopnafjörður H1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur.

5. Bakkafjörður H.

2. **Norðfjarðarumdæmi.**

1. Neskaupstaður H2, starfssvæði Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur.

2. Eskifjörður H2, starfssvæði Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar.

3. Reyðarfjörður H.

4. Fáskrúðsfjörður H1, starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur.

5. Stöðvarfjörður H.

3. **Hafnarumdæmi.**

1. Höfn H2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.

2. Hof H.

3. Djúpivogur H1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur.

4. Breiðdalsvík H.

□ 14.8. **Suðurlandshérað.**

1. **Víkurumdæmi.**

1. Vík í Mýrdal H1, starfssvæði Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.

2. Kirkjubæjarklaustur H1, starfssvæði Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallahreppur og Álftavershreppur.

2. **Rangárvallaumdæmi.**

1. Hvolsvöllur H1, starfssvæði Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur.

2. Hella H1, starfssvæði Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur.

3. **Árnesumdæmi.**

1. Laugarás H2, starfssvæði Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur.

2. Laugarvatn H.

3. Selfoss H2, starfssvæði Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur.

4. Eyrarbakki H.

5. Stokkseyri H.

6. Hveragerði H2, starfssvæði Ölfushreppur austan Hjalla og Hveragerðishreppur.

7. Þorlákshöfn H1, starfssvæði Ölfushreppur vestan Hjalla og Selvogshreppur.

1983 Nr. 59 1. júní

4. **Vestmannaeyjaumdæmi.**

1. Vestmannaeyjar H2, starfssvæði Vestmannaeyjar.

□ 14.9. **Reykjaneshérað.**

1. **Keflavíkurumdæmi.**

1. Keflavík H2, starfssvæði Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.

2. Grindavík H1, starfssvæði Grindavíkurkaupstaður.

3. Sandgerði H.

4. Gerðar H.

5. Vogar H.

2. **Hafnarfjarðarumdæmi.**

1. Hafnarfjörður H2, starfssvæði Hafnarfjarðarkaupstaður.

2. Garðabær H2, starfssvæði Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur.

3. **Kópavogsumdæmi.**

1. Kópavogur H2, starfssvæði Kópavogskaupstaður.

4. **Mosfellsumdæmi.**

1. Reykjalundur H2, starfssvæði Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

5. **Seltjarnarnesumdæmi.**

1. Seltjarnarnes H2, starfssvæði Seltjarnarneskaupstaður.

□ 14.10 Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða skv. 2.—9. mgr. þessarar greinar.

■ **15. gr.**

□ 15.1. Flokkun stöðva samkv. 14. gr. er ráðherra heimilt að breyta með reglugerð, ef aðstæður breytast svo, að þess sé talin þörf.

■ **16. gr.**

□ 16.1. Þrátt fyrir skiptingu landsins milli heilsugæslustöðva, svo sem rakið er í 14. gr., skulu íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga jafnan eiga rétt á að leita læknishjálpar til þeirrar heilsugæslustöðvar eða læknismóttöku, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

■ **17. gr.**

□ 17.1. Ráða skal hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og sjúkraþjálfara til starfa við heilsugæslustöðvar, og skulu þeir skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar og taka laun úr ríkissjóði.

□ 17.2. Heimilt er að ráða hjúkrunarforstjóra að þeim heilsugæslustöðvum þar sem starfsemin er svo umfangsmikil að ráðherra telji þess þörf.

□ 17.3. Ráðherra setur hjúkrunarforstjórum erindisbréf.[1)]

[1)] *Augl. 119/1980.*

■ **18. gr.**

□ 18.1. Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva, svo og vegna aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva greiðist 85% úr ríkissjóði en að 15% af viðkomandi sveitarfélögum.

□ 18.2. Íbúðarhúsnæði lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra telst hluti stöðvanna utan Stór-Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar.

□ 18.3. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eigendur heilsugæslustöðva í hlutfalli við fjárframlög, sbr. 18.1.

■ **19. gr.**

□ 19.1. Á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skal veita þjónustu eftir því sem við á og hér segir:

1. Almenn læknisþjónusta, hjúkrunarþjónusta, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, vaktþjónusta, vitjanir og sjúkraflutningar.

2. Lækningarannsóknir.

3. Sérfræðileg læknisþjónusta, tannlækningar og læknisfræðileg endurhæfing.

4. Heimahjúkrun.

5. Heilsuvernd.

Aðalgreinar heilsuverndar eru:

1. Heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi.
2. Mæðravernd.
3. Ungbarna- og smábarnavernd.
4. Heilsugæsla í skólum.
5. Ónæmisvarnir.
6. Berklavarnir.
7. Kynsjúkdómavarnir.
8. Geðvernd, áfengis-, tóbaks- og fíkniefnavarnir.
9. Sjónvernd.
10. Heyrnarvernd.
11. Heilsuvernd aldraðra.
12. Hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit.
13. Félagsráðgjöf, þ. m. t. fjölskyldu- og foreldraráðgjöf.
14. Umhverfisheilsuvernd.
15. Atvinnusjúkdómar, sbr. og lög nr. 46/1980.

Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er, skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.

■ **20. gr.**

□ 20.1. Reksturskostnaður heilsugæslustöðva, annar en launakostnaður fastráðinna lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraþjálfara, greiðist af viðkomandi sveitarfélögum. Viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja greiðist sem stofnkostnaður.

□ 20.2. Ráðherra setur gjaldskrá um greiðslu sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.

■ **21. gr.**

□ 21.1. Stjórn heilsugæslustöðva, H1 og H2, skal þannig skipuð, að starfslið stöðvarinnar kýs einn mann en tveir skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnum. Kjörtímabil stjórna heilsugæslustöðva er hið sama og sveitarstjórna.

□ 21.2. Þegar heilsugæslustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, fer sjúkrahússtjórn, sbr. 30. gr., með stjórn allrar stofnunarinnar. Læknaráð og starfsmannaráð skulu vera sameiginleg fyrir alla stofnunina. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi, skulu þær vera undir sameiginlegri stjórn. Í Reykjavík skal heilbrigðismálaráð fara með stjórn stöðva.

□ 21.3. Sveitarfélög innan heilsugæsluumdæmis geta samið um sameiginlega stjórn heilsugæslustöðva í umdæminu. Skal í slíkum tilvikum gera samning um eina stjórn, kosningu fulltrúa sveitarfélaga og kostnaðarskiptingu.

□ 21.4. Séu tveir eða fleiri læknar á heilsugæslustöð, skal stofna læknaráð. Formaður þess er jafnframt yfirlæknir stöðvarinnar.

■ **22. gr.**

□ 22.1. Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæslustöðvar, skulu skipaðir af ráðherra að fenginni

umsögn stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:

a. Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit svo og skólatannlækningar.

b. Laun skv. samningi stéttarfélags lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar.

IV. kafli. Um sjúkrahús.

■ **23. gr.**

□ 23.1. Sjúkrahús er í lögum þessum hver sú stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til dagvistunar eða fullrar vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það, sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.

■ **24. gr.**

□ 24.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:

1. Svæðissjúkrahús. Sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða flestum greinum læknisfræðinnar, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðdeildum og rannsóknadeildum til þess að annast þetta hlutverk.

2. Deildasjúkrahús. Sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helstu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðdeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingadeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.

3. Almennt sjúkrahús. Sjúkrahús sem hefur á að skipa sérfræðingum í handlæknisfræði, lyflæknisfræði eða heimilislækningum. Sjúkrahúsið tekur við sjúklingum til rannsókna og meðferðar og hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga.

4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili. Vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfða sjúkrahúsa.

5. Vinnu- og dvalarheimili. Stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, áfengis- og fíkniefnasjúklinga og fatlaða til dvalar eða starfs.

6. Sjúkraheimili. Dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalist í heimahúsum.

□ 24.2. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa samkvæmt þessari grein, að höfðu samráði við Landssamband sjúkrahúsa, og ákveður jafnframt starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa, er starfa við gildistöku laganna. Þó skal í þeirri reglugerð ákveðið, að í hverju læknishéraði skulu vera a. m. k. eitt sjúkrahús samkvæmt tölulið 2 í 24.1., með þeim deildum, sem þar eru taldar og við verður komið.[1)]

□ 24.3. Ráðherra skal með reglugerð kveða á um samvinnu sjúkrahúsa í landinu að höfðu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

[1)] *Rg. 452/1978 (fyrir heilsuhæli N. L. F. Í. Hveragerði); rg. 402/1978 (fyrir S. Í. B. S. að Reykjalundi).*

■ **25. gr.**

□ 25.1. Þegar bygging eða starfræksla nýs sjúkrahúss er ákveðin, skal starfssvið þess ákveðið í samræmi við ákvæði 24. greinar.

■ **26. gr.**

□ 26.1. Óheimilt er að setja á stofn eða reka sjúkrahús skv. 24. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama gildir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.

□ 26.2. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

■ **27. gr.**

□ 27.1. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi skv. 26. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingu, lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis, ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag, hve mörgum sjúklingum stofnun þessari er ætlað að sinna eða hve mörgum vistmönnum að anna og með hvaða kjörum.

□ 27.2. Ráðherra veitir því aðeins leyfi, að ætla megi að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits landlæknis og viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

■ **28. gr.**

□ 28.1. Heilbrigðisyfirvöld skulu eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum, sem um ræðir í þessum lögum.

■ **29. gr.**

□ 29.1. Við hvert sjúkrahús skv. 24. gr. skal starfa yfirlæknir, hjúkrunarforstjóri og framkvæmdastjóri.

□ 29.2. Á svæðis- og deildasjúkrahúsum skulu vera yfirlæknar sérdeilda, sem bera ábyrgð á lækningum, sem þar fara fram. Yfirlæknir hefur eftirlit með starfsemi deildarinnar og skal stuðla að því að hún sé ávallt sem hagkvæmust og markvissust.

□ 29.3. Formaður læknaráðs stofnunarinnar skal vera yfirlæknir hennar allrar nema stjórn ákveði annað. Hann kemur fram út á við sem læknisfróður forsvarsmaður stofnunar í samráði við yfirlækna sérdeilda annars vegar og stjórn, framkvæmdastjóra og læknaráð hins vegar.

□ 29.4. Á svæðis- og deildasjúkrahúsum skulu vera hjúkrunarstjórar deilda. Hjúkrunarstjóri skipuleggur hjúkrun á deildinni í samráði við hjúkrunarforstjóra og ber ábyrgð á henni.

□ 29.5. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar, annast fjármál, skipuleggur og samhæfir rekstur hennar, þannig að fyllstu hagkvæmni sé gætt. Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti, undirbýr þá og sér um framkvæmd ákvarðana stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar á öllum málefnum er varða áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir. Yfirlæknir sjúkrahúss og hjúkrunarforstjóri eru framkvæmdastjóra til ráðgjafar um slíkar áætlanir, skýrslugerð og rekstrarákvarðanir hvor á sínu sviði.

□ 29.6. Ráðherra setur yfirlæknum, hjúkrunarforstjórum og framkvæmdastjórum erindisbréf og setur nánari ákvæði um starfslið sjúkrahúsa í reglugerð að fengnum umsögnum viðkomandi sjúkrahússtjórna.

■ **30. gr.**

□ 30.1. Sjúkrahús þau, sem ríkið á eða starfrækir (ríkisspítalar), skulu vera undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, en stjórn þeirra allra að öðru leyti falin 7 manna stjórnarnefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráð ríkisspítala, sbr. 32. gr.

3. tl., tilnefnir tvo menn, sameinað Alþingi fjóra og ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Nefndin er skipuð til fjögurra ára í senn. Við ríkisspítalana skal starfa einn forstjóri skipaður af ráðherra að fengnum tillögum stjórnarnefndar. Forstjóri stjórnar fjármálum og daglegum rekstri ríkisspítalanna í umboði stjórnarnefndar og ráðuneytis.

□ 30.2. Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af fimm manna stjórnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa tvo menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir þrjá. Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar kýs fulltrúa borgarinnar í stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar. Þegar um einkasjúkrahús eða sjálfseignarstofnun er að ræða kýs starfsmannaráð einn stjórnarmann, viðkomandi sveitarstjórn einn, en eigendur þrjá.

□ 30.3. Yfirlæknum og hjúkrunarforstjórum sjúkrahúsa skal heimilt að sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi. Sama gildir um annað starfslið, er sinnir sjálfstæðum og sérhæfðum verkefnum, þegar þau mál eru á dagskrá.

□ 30.4. Stefnt skal að því, að framkvæmdastjórar sjúkrahúsa skv. 29. gr. 5. tl. og forstjóri ríkisspítalanna skv. 30. gr. 1. tl. hafi sérþekkingu á rekstri sjúkrahúsa. Sérstök nefnd metur hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra sjúkrahúsa. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi ráðuneytis og er hann jafnframt formaður, fulltrúi félags forstöðumanna sjúkrahúsa, og skulu þeir skipaðir til fjögurra ára í senn, og fulltrúi viðkomandi sjúkrahússtjórnar (stjórnarnefndar ríkisspítala), sem skipaður skal í hverju tilviki. Engan má ráða til starfa nema nefndin hafi talið hann hæfan.

□ 30.5. Sjúkrahússtjórnir skulu gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir sjúkrahúsin og einstakar skipulagsheildir þeirra. Slík áætlanagerð skal ávallt vera gerð a. m. k. 4 ár fram í tímann, en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánu samstarfi við forstöðumenn deilda og hjúkrunarstjóra sérdeilda sjúkrahúsanna. Áætlanir þessar skulu sendar heilbrigðismálaráðum til samþykktar og ráðuneyti til staðfestingar.

■ **31. gr.**

□ 31.1. Ráðherra skipar 3 lækna í nefnd, er metur hæfni umsækjenda um stöðu landlæknis, stöður yfirlækna, sérfræðinga, héraðslækna og lækna heilsugæslustöðva. Nefndin skal þannig skipuð: 1 tilnefndur af Læknafélagi Íslands, 1 tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og landlæknir og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefni varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára. Umsögn nefndarinnar fer síðan til stjórnarnefnda viðkomandi sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þegar um er að ræða stöður yfirlækna og sérfræðinga, hefur nefndin heimild til að kveðja 2 sérfræðinga sér til ráðuneytis. Nefndin skal hafa skilað rökstuddu áliti innan sex vikna, frá því að umsóknarfresti lauk.

□ 31.2. Yfirlæknar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn nefndar, sbr. 31.1., og stjórnarnefndar, sbr. 30.1., sbr. þó 21. gr. Um ráðningarkjör yfirlækna fer eftir samningum milli stéttarfélags lækna og viðkomandi stofnana eða samningum um kjör opinberra starfsmanna.

□ 31.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 31.1. sbr. þó 21. gr. Þó þarf ekki að leita þeirra umsagnar ef reglur sjúkrahúss kveða svo á, að sérfræðingar sérdeilda kjósi yfirlækna deilda úr sínum hópi til takmarkaðs tíma.

1983 Nr. 59 1. júní

□ 31.4. Hjúkrunarforstjórar sjúkrahúsa ríkisins skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn hjúkrunarráðs skv. hjúkrunarlögum nr. 8/1974 og viðkomandi sjúkrahússtjórnar. Hjúkrunarforstjórar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn hjúkrunarráðs. Hjúkrunardeildarstjórar skulu ráðnir að fenginni umsögn hjúkrunarforstjóra.

□ 31.5. Skipa má hvern þann lækni og hjúkrunarforstjóra til starfa skv. þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.

■ **32. gr.**

□ 32.1. Við öll sjúkrahús, þar sem 3 læknar eða fleiri starfa og a. m. k. 2 eru í fullu starfi, skal starfa læknaráð. Læknaráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, og ber stjórnendum að leita álits læknaráðs um allt, sem varðar læknisþjónustu sjúkrahússins.

□ 32.2. Læknaráð setja sér starfsreglur, sem sjúkrahússtjórnir staðfesta.

□ 32.3. Stofna skal við sjúkrahús sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa, þar sem starfshópar eiga fulltrúa.

□ 32.4. Með reglugerð skal kveða á um reglur fulltrúakjörs og starfsreglur starfsmannaráða.

■ **33. gr.**

□ 33.1. Ráðherra lætur gera áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir í samræmi við 14. og 24. gr. Áætlunin skal gerð í samvinnu við heilbrigðismálaráð héraðanna og landlækni og í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun. Áætlunin skal gerð til fjögurra ára og endurskoðast annað hvert ár og staðfest af Alþingi. Þau umdæmi eða svæði, sem verst eru sett að því er varðar heilsugæslu og læknisþjónustu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæslustöðva.

■ **34. gr.**

□ 34.1. Ráðuneytið sér um framkvæmd áætlunar þeirrar, er um getur í 33. gr.

□ 34.2. Sveitarfélögum er skylt að taka þátt í framkvæmdum í samræmi við ákvarðanir Alþingis um fjárveitingar á hverjum tíma og annast rekstur á heilbrigðisstofnunum í samræmi við ákvæði þessara laga. Ráðherra getur ákveðið að ríki og sveitarfélag eða sveitarfélög reki heilbrigðisstofnun í sameiningu þyki slíkt henta. Ráðherra getur gert samkomulag við aðra aðila um framkvæmdir eða rekstur heilbrigðisstofnana innan ramma áætlana 33. gr.

□ 34.3. Framlag ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga, sem til er stofnað skv. 34.2., skal vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað.

□ 34.4. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga. Viðhald fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður.

□ 34.5. Ráðherra setur að höfðu samráði við landlækni, dómsmálaráðuneyti, samgönguráðuneyti, menntamálaráðuneyti og viðkomandi heilbrigðismálaráð, eftir því sem við á, reglur um framkvæmd og skipulagningu sjúkraflutninga í hverju umdæmi, þar

1983 Nr. 59 1. júní

sem m. a. skal kveðið á um lágmarksmenntun sjúkraflutningsmanna, réttindi þeirra og skyldur og búnað sjúkraflutningstækja.

■ **35. gr.**

□ 35.1. Þau sjúkrahús í eigu sveitarfélaga eða einkaaðila, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna fylgja þeim starfsreglum, er þeim verða settar. Að öðru leyti verður rekstur þeirra óbreyttur, verði ekki um annað samið milli eigenda og ríkisins.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **36. gr.**

□ 36.1. Ráðuneytið skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið, Háskóla Íslands, landlækni og hin ýmsu stéttarsamtök heilbrigðisstarfsmanna, eftir því sem við á, stuðla að aukinni þekkingu og endurbót á grunn- og framhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna í samræmi við þarfir landsmanna á hverjum tíma. Skal það enn fremur í samvinnu við ofangreinda aðila stuðla að viðhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna. Óski menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands eftir, skal heimilt að binda kennsluskyldu við Háskóla Íslands við ákveðnar stöður innan heilbrigðisþjónustunnar.

■ **37. gr.**

□ 37.1. Ráðherra skal gera samkomulag við rannsóknastofnanir í sýkla- og veirufræði, eðlis- og efnafræði og lyfjafræði, svo að stofnanir heilbrigðiseftirlits, sem ekki reka eða hafa beinan aðgang að slíkum stofnunum, geti notið fullnægjandi rannsóknarþjónustu.

□ 37.2. Verði ekki séð fyrir nefndri þjónustu með þessu móti á fullnægjandi hátt, skal ráðuneytið hafa forgöngu um lausn málsins með byggingu og starfrækslu slíkra rannsóknastofnana.

■ **38. gr.**

□ 38.1. Ráðuneytið og landlæknir skulu hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðisþjónustu.

□ 38.2. Ráðuneytið og landlæknir skulu í samráði við utanríkisráðuneytið sjá um samstarf á sviði þessara mála á alþjóðavettvangi.

■ **39. gr.**

□ 39.1. Öll ferðalög fastráðins starfsfólks, sem um ræðir í lögum þessum skulu vera því að kostnaðarlausu, séu þau starfsins vegna, sbr. reglur um greiðslur kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, nr. 199/1970.

□ 39.2. Reglur um bifreiðamál ríkisins, nr. 6/1970, skulu gilda um starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, eftir því sem við getur átt.

■ **40. gr.**

□ 40.1. Heimilt er ráðuneytinu, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis að veita læknastúdentum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum og læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 74/1966, sbr. rg. 270/1966.*

■ **41. gr.**

□ 41.1. Læknishéraðasjóðum samkv. lögum nr. 82/1970, Bifreiðalánasjóði samkv. 14. gr. laga nr. 43/1965, svo og ónotuðum fjárveitingum samkv. 15. og 16. gr. sömu laga, skal slá saman í einn sjóð, Læknishéraðasjóð, og skal ríkissjóður leggja honum til við stofnun 5 milljónir króna.

□ 41.2. Hlutverk sjóðsins skal vera að bæta heilbrigðisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum, sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum landlæknis.

1983 Nr. 59 1. júní

□ 41.3. Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera þau embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæslustöðvar, sem ekki koma til greiðslu vegna þess að læknar hafa ekki fengist til starfanna, og auk þess skal árlega leggja sjóðnum fé á fjárlögum.

□ 41.4. Ráðherra setur sjóðnum reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 123/1966. Sett samkv. l. 43/1965.*

■ **42. gr.**

□ 42.1. Ráðherra er heimilt að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæslustöðvar, allt að 2 mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að 4 mánuðum fyrir aðstoðarlækna.

■ **43. gr.**

□ 43.1. Kostnaður við að gera byggingar heilbrigðisstofnana aðgengilegar fötluðu fólki greiðist af ríki og sveitarfélögum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður skv. lögum þessum.

■ **44. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1955, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæslustöðvar hafa verið skipulagðar til þess að annast það, en þó ekki lengur en til ársloka 1984. Skulu ofangreind lög þá að fullu úr gildi gengin. Sama gildir um læknastöðvar, sem ekki hafa fastráðið starfslið á launum hjá ríkinu og reknar eru af sveitarfélögum og/eða sjúkrasamlögum og sinna í meginatriðum þeirri þjónustu, sem heilsugæslustöðvum er ætlað að sjá um, hafi ráðuneytið viðurkennt þessar stöðvar og starfsemi sem fullnægjandi bráðabirgðalausn. Skulu þessar stöðvar fá árlega fjárframlög úr ríkissjóði, sem samsvari kaupi þess fastráðna, sérhæfða fólks, sem ráðið mundi að heilsugæslustöð á svæðinu, og húsaleigu, sé um leiguhúsnæði að ræða.

Lög um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

1980 Nr. 35 23. maí

■ **1. gr.** Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Stofnunin skal skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skal hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skal vera yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera heyrnar- og taluppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmiðir ásamt aðstoðarfólki.

■ **2. gr.** Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum nr. 57/1978[1)] um heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skipar ráðherra yfirheyrnar- og taluppeldisfræðing að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

[1)] *Nú l. 59/1983.*

■ **3. gr.** Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Skal stjórnin skipuð 7 mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Menntamálaráðuneytið tilnefnir einn, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra einn, Félagið

1980 Nr. 35 23. maí

Heyrnarhjálp einn, Talkennarafélag Íslands einn, Félag háls-, nef- og eyrnalækna einn og Heyrnleysingjaskóli Íslands einn.

■ **4. gr.** Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t. d. prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Stofnunin skal annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna. Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá landsmenn, sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Stofnunin skal annast heyrnarmælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi, t. d. vegna hávaða við vinnu eða notkunar lyfja. Skal stofnunin hafa fullt samráð við þá aðila opinbera, sem annast málefni á þessum vettvangi. Stofnunin skal hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, heyrnartækjameðferð og heyrnarrannsóknum, í samráði við aðra aðila, sem starfa á þessum vettvangi.

■ **5. gr.** Stofnunin skal annast útvegun á hvers konar hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta og málhalta, sem yfirlæknir hennar úrskurðar nauðsynleg.

□ Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja í samræmi við hliðstæðar greiðslur almannatryggingalaganna.

■ **6. gr.** Að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar er ráðherra heimilt að setja með reglugerð gjaldskrá[1] fyrir veitta þjónustu stöðvarinnar og skal sú gjaldskrá vera í samræmi við gjöld fyrir aðra veitta sérfræðiþjónustu.

[1] *Gjskr. 50/1982.*

■ **7. gr.** Stofnunin skipuleggur ferðir starfsmanna sinna og annarra sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum og málhöltum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa náið samstarf við Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík, enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum.

■ **8. gr.** Stofnunin hefur í samráði við skólastjóra og kennara Heyrnleysingjaskólans sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn nemenda skólans.

□ Sama gildir um sérdeildir heyrnardaufra í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk og um samráð við skólastjóra og kennara þeirra.

■ **9. gr.** Heilsugæslustöðvar skulu hafa samráð við stofnunina um alla þjónustu við heyrnardaufa og málhalta, sem veitt er á heilsugæslustöðvum.

■ **10. gr.** Ráðherra setur stofnuninni og stjórn hennar starfsreglur.

1955 Nr. 21 27. apríl

Lög um lækningaferðir.

■ **1. gr.** Það er hlutverk laga þessara að auðvelda fólki í byggðum, sem langt eiga að sækja til augnlæknis, háls-, nef- og eyrnalæknis og tannlæknis, að ná til þessara sérfræðinga og njóta þjónustu þeirra.

■ **2. gr.** Í því skyni, sem í 1. gr. getur, semur ráðherra við nægilega marga hlutaðeigandi sérfræðinga um árlegar lækningaferðir um landið með viðkomu og hæfilega langri dvöl á þeim stöðum, þar sem ætla má, að þjónustu þeirra sé mest þörf og hennar verði auðveldast og almennast notið.

□ Þegar því verður við komið, skal fela einum sérfræðingi hverrar greinar að ferðast um tiltekinn landshluta, og ef unnt er þeim sérfræðingi, sem búsettur er í þeim landshluta.

1955 Nr. 21 27. apríl

■ **3. gr.** Verja má fé úr ríkissjóði til styrktar lækningaferðum, eftir því sem fjárlög heimila á hverjum tíma.

□ Það er kvöð á því sveitarfélagi, þar sem sérfræðingur í lækningaferð samkvæmt lögum þessum hefur viðdvöl, að það sjái honum fyrir viðunandi ókeypis húsnæði til starfa sinna, svo sem í sjúkrahúsi eða læknisbústað staðarins, skólahúsi, samkomuhúsi eða annars staðar eftir því sem á stendur.

Lyfjalög.

I. kafli. Framkvæmd og eftirlit.

1978 Nr. 49 16. maí

■ **1. gr.** Ráðherra sá, sem fer með heilbrigðismál, hefur umsjá með framkvæmd laga þessara.

□ Lyfjanefnd (sbr. VIII. kafla), lyfjaverðlagsnefnd (sbr. IX. kafla), stjórn lyfsölusjóðs (sbr. X. kafla), Lyfjaeftirlit ríkisins (sbr. XI. kafla) og landlæknir eru ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis um framkvæmd laga þessara.

II. kafli. Skilgreining lyfja. Lyfjahugtakið.

■ **2. gr.** Lyf eru samkvæmt lögum þessum hvers konar efni eða efnasambönd, lífræn eða ólífræn, sem ætluð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum. Enn fremur efni eða efnasambönd, sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar, þar með talin geislavirk efni, ef þau koma í eða á líkama manna eða dýra.

□ Efni, sem notuð eru til sæfingar eða staðdeyfingar, teljast lyf (sæfingarlyf, staðdeyfingarlyf).

□ Efni í viðurkenndum lyfjaformum, sem eru notuð til getnaðarvarna eða til þess að auka frjósemi manna eða dýra, teljast einnig lyf.

□ Ákvæði laga þessara taka einnig til umbúða og áhalda, sem hafa lyf að geyma.[1]

[1] *Rg. 395/1977 (um gerð umbúða og íláta undir lyf) sett samkv. l. 30/1963.*

■ **3. gr.** Ráðherra er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum lyfjanefndar, að kveða svo á í reglugerð, að ákvæði laga þessara taki til hjúkrunar- og sjúkragagna, svo og lyfjagagna.

□ Ráðherra skal, að fengnum tillögum landlæknis, kveðja til nefnd sérfróðra manna til þess að skilgreina nánar og gera tillögur um stöðlun þess varnings, er greinir í 1. málsgr.

■ **4. gr.** Vítamín til inntöku teljast ekki lyf, nema magn þeirra í hverri mældri einingu sé umfram 1½ venjulegan dagskammt. Manneldisráð (sbr. lög nr. 16/1945) ákveður, hver sé venjulegur dagskammtur miðað við íslenskar aðstæður. Heimilt er þó að kveða svo á í reglugerð,[1] að ákveðin vítamín teljist ávallt lyf, enda þótt magn þeirra í einingu sé ekki umfram venjulegan dagskammt, enda sé talið líklegt að langvinn neysla geti valdið heilsutjóni.

[1] *Rg. 579/1980.*

■ **5. gr.** Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð,[1] er nánar skal skilgreina lyfjahugtakið og undanþágur frá því. Í reglugerð þessari skal kveða á um, hverjar vörur lyfjabúðir einar megi selja.

[1] *Rg. 579/1980.*

1978 Nr. 49 16. maí

III. kafli. Lyfjaskrá. Lyfjastaðlar.

■ **6. gr.** Ísland er aðili að evrópsku lyfjaskránni (European Pharmacopoeia; Ph. Eur.) ásamt viðaukum. Gildir hin enska útgáfa lyfjaskrárinnar hér á landi.

□ Lyfjanefnd ákveður að öðru leyti staðla fyrir lyfjaform, gæði og hreinindi lyfjaefna og hjálparefna við lyfjagerð, svo og fyrir aðferðir til greiningar og ákvörðunar á þessum efnum.

□ Ráðherra hefur á hendi auglýsingar og útgáfustarfsemi, er að stöðlum þessum lýtur.[1)]

[1)] *Augl. 189/1981 (um lyfjastaðla á Íslandi). Sjá ennfremur augl. 145/1965, sbr. 88/1972 og 224/1965 (varðandi lyfjaforskriftir).*

IV. kafli. Flokkun lyfja. Staðfesting lyfjaforskrifta og skráning sérlyfja.

■ **7. gr.** Fullgerð lyf (lyf tilbúin eða sem næst tilbúin til notkunar) er einungis heimilt að selja, afhenda eða flytja til landsins, að þau megi fella undir einhvern eftirtalinna flokka:

1. Stöðluð forskriftarlyf framleidd af viðurkenndum framleiðanda samkvæmt staðfestri forskrift, sbr. 9. gr., og nefnd gildandi samheiti. Ráðherra setur í reglugerð að fengnum tillögum lyfjanefndar nánari ákvæði um staðfestingu forskrifta eða niðurfellingu staðfestingar þeirra og um ílát, umbúðir og pakkningar staðlaðra forskriftarlyfja.

2. Skráð sérlyf framleidd af viðurkenndum framleiðanda samkvæmt staðlaðri forskrift, sbr. 10. gr., og nefnd sérheiti eða í sérstökum tilvikum samheiti. Þau skal skrá á sérlyfjaskrá, er ráðherra gefur út, og selja eða afhenda í órofnum ílátum (afhendingarílátum) framleiðanda. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um skráningu og afskráningu sérlyfja, um skráningargjöld og árgjöld slíkra lyfja.[1)]

3. Forskriftarlyf lækna framleidd í lyfjabúðum samkvæmt sérstökum fyrirmælum á lyfseðli (ordinatio magistralis) með hliðsjón af gildandi lyfjaskrá eða lyfjastöðlum, sbr. 6. gr., enda sé í hvívetna farið eftir gildandi lögum og reglum og góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð.

[1)] *Rg. 760/1982 og rg. 451/1976, sbr. 460/1978 og rg. 334/1979, sbr. augl. 620/1982.*

■ **8. gr.** Óheimilt er að flytja inn, selja eða afhenda með öðrum hætti önnur fullgerð lyf en 7. gr. tekur til.

□ Víkja má þó frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda mæli landlæknir og lyfjanefnd með. Við allar slíkar undanþágur skal þess gætt, að magn lyfjanna sé takmarkað við þarfir þeirra, sem þau eiga að nota.

□ Lyf þau, sem undanþáguheimild 2. mgr. nær til, má einungis láta úti gegn lyfseðli.

■ **9. gr.** Lyfjanefnd gerir tillögur til ráðherra um staðfestingu eða niðurfellingu staðfestingar framleiðsluforskrifta, sbr. 7. gr. 1. tl. Einnig skal hún hlutast til um að samdar verði slíkar forskriftir, ef nauðsyn ber til.

■ **10. gr.** Lyfjanefnd gerir tillögur til ráðherra um skráningu sérlyfja[1)] og afskráningu þeirra, sbr. 7. gr. 2. tl.

□ Heimilt er að binda skráningu sérlyfs við notkun eingöngu í sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði.

[1)] *Rg. 451/1976, sbr. 460/1978 (um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá). Sett skv. l. 30/1963.*

■ **11. gr.** Við mat á stöðluðum forskriftarlyfjum og sérlyfjum skal einkum taka tillit til rannsókna á lyfhrifum og eiturhrifum virkra efna í tilraunum með menn eða dýr, gæða allra efna, virkra sem óvirkra (hjálparefna), sem notuð eru við lyfjagerðina, aðgengi virkra efna (bioavailability) í lyfjaformum, verðs, geymsluþols og notagildis lyfjanna við meðferð tiltekinna sjúkdómseinkenna svo og hjáverkana.

□ Nú eru í tilgreindu lyfjaformi fleiri virk efni en eitt. Skal þá ítarlega kanna réttmæti þess að nota efnin saman fremur en hvort (hvert) í sínu lagi.

■ **12. gr.** Lyfjanefnd kannar á 5 ára fresti, hvort réttar forsendur séu enn fyrir staðfestingu staðlaðra lyfjaforskrifta eða skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá. Ef svo er ekki, gerir nefndin tillögu um niðurfellingu staðfestingar eða afskráningu lyfjanna.

■ **13. gr.** Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út að fengnum tillögum lyfjanefndar skrá, er greinir stöðluð lyf, sbr. 7. gr. 1.—2. tl., eftir lækningaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Skal skráin að öðru leyti vera þannig úr garði gerð, að notagildi hennar fyrir lækna og lyfjafræðinga verði sem mest. Í skránni skal m. a. greina frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum og helstu hjáverkunum skráðra lyfja.

V. kafli. Framleiðsla lyfja.[1)]

[1)] *Rg. 622/1980 (um notkun litarefna í lyfjum).*

■ **14. gr.** Lyfjagerðir skulu framleiða stöðluð forskriftarlyf og sérlyf, sbr. 7. gr. 1.—2. tl.

□ Ráðherra gefur út starfsleyfi til lyfjafyrirtækja, þeirra, sem getur í 1. mgr. Er óheimilt að hefja rekstur slíkra fyrirtækja, fyrr en leyfi hefur verið gefið út.

□ Til þess að fá starfsleyfi verður lyfjafyrirtæki, sbr. 1. mgr., að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að vera undir tæknilegri stjórn manns, sem veita mætti lyfsöluleyfi, enda gegni hann fullu starfi við fyrirtækið.

2. Að vera þannig búið að húsnæði, tækjum og starfsliði, að það geti samkvæmt mati Lyfjaeftirlits ríkisins framleitt lyf, sem fullnægi þeim kröfum, er lög og aðrar reglur[1)] áskilja.

□ Ráðherra getur afturkallað leyfi til lyfjagerðar og lyfjaframleiðslu, ef settra skilyrða er ekki gætt eða framleiðandi hefur gerst sekur um mikla vanrækslu eða mistök í starfi.

□ Lyfjabúðir skulu framleiða forskriftarlyf lækna, sbr. 7. gr. 3. tl., en ella útvega þau svo fljótt sem unnt er. Heimilt er að framleiða stöðluð lyf, sbr. 7. gr. 1.—2. tl., í lyfjabúðum, ef settum skilyrðum er fullnægt. Um starfsleyfi lyfjabúða fer eftir því, sem greinir í lyfsölulögum (sbr. lög nr. 30/1963).

□ Lyfjaeftirlitið annast eftirlit með fyrirtækjum þeim, sem grein þessi nær til, og gerir tillögur til ráðherra um reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsmenn lyfjafyrirtækja.

□ Framleiðandi lyfja skal í hvívetna hlíta ákvæðum gildandi lyfjaskrár og lyfjastaðla, svo og reglugerða þar að lútandi og góðum framleiðsluháttum í lyfjagerð.

□ Framleiðslu lyfs telst fyrst að fullu lokið, þegar það er komið í merkt afhendingarílát, sbr. 17. gr., nema öðruvísi sé ákveðið.

□ Lyfjabúðum, tveim eða fleiri, er heimilt að sam-

einast um framleiðsluvinnustofu, rannsóknavinnustofu og birgðastöð.

[1] *Rg. 289/1970 (um búnað og rekstur lyfjagerða o. fl.), augl. 185/1964 (um leyfi til framleiðslu lyfja (annarra en sérlyfja) o. fl.). Settar samkv. l. 30/1963.*

VI. kafli. Ávísun lyfja. Lyfseðlar og afgreiðsla þeirra. Merking lyfja.

■ **15. gr.** Lyfseðill er lyfjaávísun læknis, tannlæknis eða dýralæknis, er lækningaleyfi hefur hér á landi. Lyfseðill gildir lengst í eitt ár frá dagsetningu (útgáfudegi). Ráðherra getur heimilað að afgreiða megi lyf samkvæmt lyfseðlum frá læknum, tannlæknum eða dýralæknum, sem hafa lækningaleyfi í öðru landi, ef íslenskir læknar njóta þar sömu réttinda.

□ Útgefandi lyfseðils undirritar hann eigin hendi ásamt stöðuheiti (læknir, tannlæknir, dýralæknir) eða les hann fyrir í síma með þeim hætti, að ljóst sé af símlestrinum, hver hann er. Staðfestir útgefandi þannig, að hann hafi sjálfur ávísað hlutaðeigandi einstaklingi eða umráðamanni tilgreindu lyfi í tilteknu magni og sagt fyrir um skammta eða notkun.

□ Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávísunum lækna.

■ **16. gr.** Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð[1] um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja í samráði við landlækni.

□ Í reglugerð þessari skal m. a. kveða á um eftirfarandi atriði:

1. Hver lyf megi einungis láta út gegn lyfseðli og hve oft gegn sama lyfseðli.
2. Hversu hátta skuli áritun á ílát (afhendingarílát) undir fullgerð lyf.
3. Ávísun lyfja í síma.
4. Ávísun ávana- og fíknilyfja.
5. Ávísun lyfja til notkunar í skipum og loftförum.
6. Rétt læknisefnis til að ávísa lyfjum.

[1] *Rg. 291/1979, sbr. 458/1979, 272/1980, 587/1980, 752/1981 og 769/1982.*

■ **17. gr.** Merkingu sérlyfja og staðlaðra forskriftarlyfja skal haga þannig, að á ílátum (afhendingarílátum) standi skýrum stöfum eftir því, sem við á:

1. Heiti lyfsins (samheiti/sérheiti) og þess forms (viðurkennt heiti lyfjaforms), er virku efni hefur verið komið í við framleiðslu (t. d. töflur, hylki, stungulyf o. s. frv.), enda hafi landlæknir og lyfjanefnd fallist á þessi heiti.
2. Almenn, viðurkennd heiti virkra efna og magn þeirra í hverri mældri einingu hlutaðeigandi lyfjaforms (t. d. magn í hverri töflu, mæliskeið eða lykju o. s. frv.).

Ákvæði þessi gilda þó ekki ef fleiri virk efni en eitt eru í mældri einingu tilgreinds lyfjaforms, nema þess sé sérstaklega krafist í reglugerð, sbr. 2. málsgr.

3. Fjöldi mældra eininga hlutaðeigandi lyfjaforms (t. d. fjöldi taflna, hylkja eða lykja o. s. frv.) eða heildarmagn lyfsins í þyngdar- eða rúmmálseiningum og styrkt í hundraðshlutum.
4. Framleiðslunúmer, er gefi til kynna framleiðslulotu þannig, að auðvelt sé að rekja uppruna lyfsins.
5. Firmaheiti eða nafn framleiðanda og heimilisfang.
6. Fyrirmæli um geymslu og fyrningardag, ef því er að skipta.

□ Lyfjanefnd gerir tillögur að reglugerð,[1] þar sem nánar er kveðið á um merkingu lyfja. Þar skulu m. a. vera sérstök fyrirmæli um merkingu stungulyfja, innrennslislyfja, skilvökva (dialytica) og skolvökva (irrigabilia). Þar skal enn fremur kveða á um merkingu íláta undir fullgerð lyf samkvæmt ákvæðum 7. gr. 3. tl. (forskriftarlyf lækna).

[1] *Rg. 568/1982 (um merkingu sérlyfja).*

VII. kafli. Auglýsing og kynning lyfja, lækningaáhalda, sjúkravarnings og lyfjagagna.

■ **18. gr.** Auglýsa má og kynna fullgerð lyf, sbr. 7. gr., lyfjavöru, læknis- og lækningaáhöld og lyfjagögn á íslensku í tímaritum eða blöðum lækna, lyfjafræðinga, tannlækna, dýralækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, ljósmæðra og lyfjatækna og annarra sem vinna áþekk störf, svo og nemenda í þessum greinum.

□ Í lyfjaauglýsingum skal, auk þeirra atriða, er getur í 1., 2., 3. og 5. tölulið 17. gr., greina helstu ábendingar (indicationes) og frábendingar (contraindicationes), er varða notkun hlutaðeigandi lyfja og pakkningastærðir. Enn fremur stærð skammta og helstu atriði önnur um notkun og hjáverkanir. Skulu framangreindar upplýsingar ætíð vera í samræmi við það, sem greinir í lyfjaskrá, lyfjastöðlum, sérlyfjaskrá eða skrá um stöðluð lyf, sbr. 13. gr.

■ **19. gr.** Heimilt er að senda slíkar upplýsingar í pósti til fyrrgreindra einstaklinga. Heimilt er og að kynna þeim lyf og áðurtalinn varning munnlega eða á myndum, kvikmyndum eða í sjónvarpi, en þó á þann hátt, að ekki sé líklegt, að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

■ **20. gr.** Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum lyfjanefndar, að leyfa auglýsingu eða kynningu á lausasölulyfjum í lyfjabúðum, lyfjaútibúum, lyfjahlöðum og í sérstökum tilvikum á öðrum stöðum eða á annan hátt, enda skal texti auglýsingar eða kynningar vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, svo og annarra fyrirmæla, er að þessu lúta.

■ **21. gr.** Bannaðar eru hvers konar aðrar auglýsingar um lyf og annan þann varning, sem talinn er í 18. gr.

■ **22. gr.** Óheimilt er að senda eða afhenda lyfjafræðingum, aðstoðarlyfjafræðingum, hjúkrunarfræðingum, sjúkraþjálfurum, ljósmæðrum og lyfjatæknum og öðrum, sem vinna áþekk störf við heilbrigðisþjónustu, lyfjasýnishorn.

□ Heimilt er hins vegar að senda eða afhenda lækni, tannlækni eða dýralækni lyfjasýnishorn í minnstu pakkningu og án greiðslu, enda sé um að ræða lyf, sem hér eru á markaði, sbr. 7. gr., og ekki teljast ávana- eða fíknilyf.

□ Óheimilt er að senda lyfjasýnishorn á einkaheimili.

■ **23. gr.** Lyfjaeftirlit ríkisins gætir þess, að lyfjaauglýsingar séu réttar. Getur eftirlitið bannað tilteknar auglýsingar, sem gefa rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um lyf. Eftirlitið getur og krafist þess, að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar. Lyfjaeftirlitið leitar álits lyfjanefndar eða lyfjaverðlagsnefndar í þeim tilvikum, er vafi leikur á réttmæti lyfjaauglýsingar. Vefengi auglýsandi úrskurði lyfjaeftirlitsins sker landlæknir úr.

■ **24. gr.** Landlækni er heimilt að senda út tilkynningar um lyf, m. a. til þess að vara við hjáverkunum þeirra, sbr. 29. gr. 3. tl. og 54. gr.

■ **25. gr.** Landlæknir getur bannað auglýsingar um lækn is- og lækningaáhöld eða lyfjagögn, sbr. 1. málsgr. 18. gr., er gefa rangar eða villandi upplýsingar. Auk þess getur hann krafist, að auglýsandi sendi út leiðréttingar eða viðbótarskýringar.

■ **26. gr.** Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum lyfjaeftirlits og landlæknis, að kveða nánar á í reglugerð um gerð auglýsinga þeirra, er um ræðir í þessum kafla. Leita skal álits lyfjanefndar og lyfjaverðlagsnefndar um reglugerð þessa.

VIII. kafli. Lyfjanefnd.

■ **27. gr.** Ráðherra skipar þrjá menn í lyfjanefnd til fjögurra ára í senn sem hér segir:

1. Lækni með sérfræðingsmenntun í lyfjafræði lækna (pharmacology) eða kliniskri lyfjafræði (clinical pharmacology).

2. Lyfjafræðing með sérfræðingsmenntun í lyfjaefnafræði (medicinal chemistry).

3. Lækni með sérfræðingsmenntun í lyflæknisfræði.

☐ Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

☐ Þegar fjallað er um málefni, er varða töluliði 1, 2, 4, 6, 7, 8 og eftir atvikum 10 í 28. gr. og tölulið 1—2 í 29. gr., taka sæti í lyfjanefnd: Lyfsali samkvæmt tilnefningu Apótekarafélags Íslands, starfandi lyfjafræðingur samkvæmt tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands og læknir samkvæmt tilnefningu Læknafélags Íslands og skal hann vera heimilislæknir eða starfandi sérfræðingur.

☐ Yfirdýralæknir og einn héraðsdýralæknir samkvæmt tilnefningu Dýralæknafélags Íslands taka sæti í lyfjanefnd, þegar fjallað er um mál, er sérstaklega varða dýralækningar.

☐ Skipa skal sérfræðinga í tilteknum greinum læknisfræði og lyfjafræði lyfsala til þess að vera lyfjanefnd til ráðuneytis ef þurfa þykir.

☐ Fastir nefndarmenn í lyfjanefnd, sem fjalla um skráningu og afskráningu lyfja, mega engra hagsmuna hafa að gæta um sölu, innflutning eða framleiðslu lyfja.

☐ Framleiðendur sérlyfja eru skyldugir til að veita lyfjanefnd jafnóðum allar nýjar upplýsingar, er varða ábendingar, frábendingar, skömmtun og hjáverkanir skráðra lyfja og lyfja, sem eru í skráningarmeðferð.

■ **28. gr.** Verkefni lyfjanefndar er að gera tillögur til ráðherra um:

1. Reglugerð um nánari skilgreiningu á lyfjahugtakinu, sbr. 5. og 15. gr.

2. Framleiðsluforskriftir fyrir stöðluð forskriftarlyf eða staðfestingu þeirra og niðurfellingu staðfestingar, svo og reglugerð um þetta efni, sbr. 7. gr., 1. tl., 9. gr., 11. og 12. gr.

3. Skráningu og afskráningu sérlyfja, svo og reglugerð um þetta efni, sbr. 7. gr., 2. tl. 10. gr., 11. og 12. gr.

4. Flokkun lyfja, sbr. 13. gr.

5. Bann við sölu[1] og innflutningi lyfja.

6. Reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, sbr. 16. gr.

7. Reglugerð um merkingu lyfja, sbr. 17. gr.

8. Auglýsingu lausasölulyfja, sbr. 20. gr.

9. Veitingu leyfa til tilrauna með óskráð lyf.

10. Önnur atriði, er lúta að framkvæmd laga þessara eða hliðstæðra laga, svo sem ráðherra mælir um í reglugerð, hér með talið samvinna við erlendar lyfjanefndir eða lyfjaskrárnefndir.

☐ Leita skal umsagnar landlæknis eða Lyfjaeftirlits ríkisins eftir því, er við á hverju sinni um framangreindar tillögur lyfjanefndar.

[1] *Augl. 48/1969. (Sett samkv. l. 30/1963).*

■ **29. gr.** Verkefni lyfjanefndar eru enn fremur:

1. Að ákveða lyfjastaðla, sbr. 6. gr.

2. Að vera Lyfjaeftirliti ríkisins til ráðuneytis um réttmæti lyfjaauglýsinga, sbr. 23. gr.

3. Að vera landlækni til ráðuneytis við samningu tilkynninga eða upplýsinga um lyf, sbr. 24. gr.

4. Að vinna að skráningu hjáverkana lyfja hér á landi, sbr. 54. gr., og upplýsingagjöf til lækna þar að lútandi.

■ **30. gr.** Kostnaður af starfsemi lyfjanefndar, þar á meðal laun nefndarmanna og starfsliðs, skal greiða úr ríkissjóði.

■ **31. gr.** Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti lyfjanefndar.

IX. kafli. Verðlagning lyfja. Lyfjaverðlagsnefnd.

■ **32. gr.** Verð lyfja skal vera hóflegt. Það skal birta í lyfjaverðskrá, er ráðherra staðfestir.

■ **33. gr.** Ráðherra skipar menn í lyfjaverðlagsnefnd, til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir:

— Hagfræðing eða viðskiptafræðing að fengnum tillögum Hagstofu Íslands,

— lögfræðing að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins,

— starfandi lyfsala að fengnum tillögum Apótekarafélags Íslands,

— starfandi lyfjafræðing að fengnum tillögum Lyfjafræðingafélags Íslands,

— fimmti maðurinn skal vera sérfróður um lyfsölumál og skipar ráðherra hann án tilnefningar.

☐ Varamenn eru skipaðir á sama hátt.

☐ Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann.

☐ Þegar fjallað er um verðlagningu lyfja í heildsölu tekur fulltrúi samkvæmt tillögum Félags ísl. stórkaupmanna sæti lyfsalans í nefndinni.

☐ Þegar fjallað er um framleiðsluverð lyfja, sbr. 3. tölulið 34. gr., tekur fulltrúi samkvæmt tillögum innlendra lyfjaframleiðenda sæti lyfsalans í nefndinni.

☐ Þegar fjallað er um verðlagningu dýralyfja tekur yfirdýralæknir sæti fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins í nefndinni og héraðsdýralæknir samkvæmt tillögum Dýralæknafélags Íslands tekur sæti fulltrúa Lyfjafræðingafélags Íslands.

■ **34. gr.** Hlutverk lyfjaverðlagsnefndar er sem hér segir:

1. Að ákveða grundvöll heildsölu- og smásöluálagningar lyfja.

2. Að ákveða grundvöll vinnu- og afhendingargjalda lyfjabúða.

3. Að staðfesta framleiðsluverð lyfja að fengnum tillögum innlendra framleiðenda (lyfjagerða og lyfjabúða).

4. Að gera tillögur um lyfjaverðskrá, sbr. 32. gr.

☐ Við ákvarðanir samkvæmt 1.—3. tl. skal taka tillit til kostnaðar við framleiðslu, prófana, gæðaeftirlits, sölu og dreifingu.

☐ Lyfsölum, dýralæknum, lyfjaheildsölum og inn-

lendum lyfjaframleiðendum (lyfjagerðum og lyfjabúðum) er skylt að afhenda lyfjaverðlagsnefnd allar þær skýrslur og gögn og veita aðrar upplýsingar, sem hún telur sig þurfa til að rækja starfa sinn. Er nefndinni heimilt að beita dagsektum allt að kr. 5000,00 til að knýja á um skil á framangreindum gögnum. Skulu þær renna í ríkissjóð.

□ Lyfjaverðlagsnefnd er einnig heimilt að áætla grundvöll álagningar og gjalda samkvæmt 1. og 2. tl. og framleiðsluverð samkvæmt 3. tl., ef henni eru ekki látin í té gögn og aðrar upplýsingar samkvæmt framansögðu.

□ Lyfjaeftirlit ríkisins lætur lyfjaverðlagsnefnd í té upplýsingar um endanlegt kaupverð lyfja eftir því, sem hún óskar, sbr. 50. gr. 4. tl.

■ **35. gr.** Nú eru nefndarmenn í lyfjaverðlagsnefnd allir á einu máli um, hvert skuli vera verð lyfja, og er sú ákvörðun þá bindandi.

□ Ef nefndarmenn greinir á, sker ráðherra úr.

■ **36. gr.** Ráðherra skipar lyfjaverðlagsnefnd ritara í samráði við formann hennar, og annast hann dagleg störf hennar.

□ Ráðherra setur honum erindisbréf að fengnum tillögum lyfjaverðlagsnefndar.

■ **37. gr.** Setja skal í reglugerð[1)] nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti lyfjaverðlagsnefndar.

[1)] *Rg. 244/1974, sbr. 427/1976 (um viðurkenningu á innkaupsverði sérlyfja). Sett samkv. l. 30/1963.*

■ **38. gr.** Kostnaður af starfsemi lyfjaverðlagsnefndar, þar á meðal laun nefndarmanna og starfsliðs, greiðist úr ríkissjóði.

X. kafli. Lyfsölusjóður.

■ **39. gr.** Setja skal á stofn lyfsölusjóð til eflingar lyfjaframleiðslu og lyfjadreifingu í landinu.

■ **40. gr.** [Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins, til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir:][1)]

1. Starfandi lyfsala, samkvæmt tilnefningu Apótekarafélags Íslands.

2. Lyfjafræðing, samkvæmt tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands.

3. Ráðherra skipar formann án tilnefningar.

□ Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

□ Stjórnin leitar til Háskóla Íslands, þegar fjallað er um málefni samkvæmt 5. tölulið 41. gr.

[1)] *L. 88/1981, 1. gr.*

■ **41. gr.** Hlutverk lyfsölusjóðs er:

1. Að lána fé til stofnunar, kaupa eða endurnýjunar lyfjabúða.

2. Að kaupa áhöld og lyfjabirgðir lyfjabúðar, er leggja skal niður.

3. Að annast til bráðabirgða rekstur lyfjabúðar (sbr. 12. gr. laga nr. 30/1963).

4. Að stuðla með fjárframlögum að stofnun og rekstri lyfjabúða á þeim stöðum, er heilbrigðisyfirvöld telja nauðsyn lyfjabúða ótvíræða, en vafasamt er, hvort reksturinn gæti borið sig með eðlilegum hætti.

5. Að efla með lánum eða styrkveitingum innlenda lyfjaframleiðslu og rannsóknir í lyfjagerðarfræði.

■ **42. gr.** [Tekjur lyfsölusjóðs eru vextir af lánum, hagnaður af sölu áhalda og lyfjabirgða svo og tekjur af rekstri lyfjabúðar, sbr. 41. gr. 1.—3. tl.

□ Ríkissjóður leggi lyfsölusjóði til árlegt framlag skv. fjárlögum. Framlag þetta nemi sem næst 1% af áætluðu CIF-verði innfluttra lyfja og lyfjaefna.

□ Árlegt gjald, lyfsölusjóðsgjald, skal lagt á allar lyfjabúðir. Gjald þetta sé jafnhátt eftirlitsgjaldi lyfjabúða og innheimtist með því, svo sem nánar skal ákveðið í reglugerð. Gjald þetta er lögtakskræft.][1)]

[1)] *L. 88/1981, 2. gr.*

■ **43. gr.** Lán má veita úr lyfsölusjóði gegn öruggu fasteignaveði, sem lántaka er skylt að halda vel við og vátryggja.

□ Lánstími skal ekki vera lengri en 10 ár, og skulu lán endurgreidd með jöfnum afborgunum.

□ Vextir af lánum lyfsölusjóðs skulu vera hæstu löglegir fasteignavextir eins og þeir eru á hverjum tíma.

□ Heimilt er stjórn sjóðsins að binda lán og styrkveitingar frekari skilyrðum og þá í samræmi við megintilgang og starfsreglur hans.

■ **44. gr.** Nú verða eigendaskipti að eign, sem er veðsett lyfsölusjóði, og er stjórn hans þá heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru leyti eða öllu.

□ Skylt er seljanda að tilkynna stjórn lyfsölusjóðs eigendaskipti.

■ **45. gr.** Nú er lán úr lyfsölusjóði ekki greitt á réttum gjalddaga eða veð gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er ekki jafntryggt sem vera skal að dómi stjórnar lyfsölusjóðs eða nýr eigandi tekst ekki á hendur ábyrgð á láninu, og er þá stjórn lyfsölusjóðs heimilt að heimta eftirstöðvar láns þegar í stað án uppsagnar.

■ **46. gr.** Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins.

□ Þar skal meðal annars kveða á um:

1. Tekjuöflun sjóðsins og ávöxtun fjár hans.

2. Vátryggingu á veðbundnum eignum, viðhald þeirra o. fl.

3. Umsóknir um lán og styrki úr sjóðnum og hver gögn fylgja skuli umsókn.

□ Heimilt er að kveða á um verðtryggingu lánsfjár í samræmi við lánsvísitölu, enda liggi fyrir almenn löggjöf, sem heimili slíka verðtryggingu.

■ **47. gr.** Ráðherra getur falið stjórn lyfsölusjóðs könnun tiltekinna atriða, er varða lyfjasölu og lyfjadreifingu, m. a. stofnun lyfjabúða eða lyfjaútsala, lyfjagerð og lyfjaframleiðslu, er þurfa þykir.

■ **48. gr.** Allan kostnað skal greiða af tekjum sjóðsins. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga sjóðsins, er birta skal árlega í heilbrigðisskýrslum ásamt greinargerð um störf sjóðsins.

XI. kafli. Lyfjaeftirlit ríkisins.

■ **49. gr.** Lyfjaeftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis. Því veitir forstöðu lyfjafræðingur (yfirlyfjafræðingur), sem stenst kröfur þær, er lög áskilja til að geta öðlast lyfsöluleyfi. Við skipun í starf forstöðumanns skal auk þess taka tillit til sérmenntunar og starfsreynslu, sem ætla má að komi að sérstökum notum í starfinu.

■ **50. gr.** Hlutverk Lyfjaeftirlits ríkisins er sem hér segir:

1. Að annast faglegt eftirlit með rekstri lyfjabúða, lyfjaheildverslana, lyfjagerða og öðrum fyrirtækjum og stofnunum, er selja, framleiða, flytja inn eða búa um lyf.

2. Að hafa eftirlit með lyfjabirgðum spítaladeilda og annarra hliðstæðra stofnana.

3. Að hafa eftirlit með innflutningi lyfja og lyfjaefna og hráefna til lyfjagerðar.

4. Að meta kaupverð lyfja og gera tillögur til ráðherra um viðurkenningu á því, sbr. einnig ákvæði 34. gr. 5. mgr.

5. Að annast eftirlit með verði lyfja í heildsölu og smásölu.

6. Að hafa eftirlit með lyfjaauglýsingum og sjá til þess, að kynning og dreifing lyfja sé almennt í samræmi við gildandi lög og reglur, sbr. 18.—26. gr.

☐ Heimilt er að fela lyfjaeftirlitinu eftirlit með öðrum fyrirtækjum eða öðrum vörum en lyfjum, ef sérstakar ástæður mæla með.

■ **51. gr.** Tryggja skal lyfjaeftirlitinu hæfilegt starfslið og aðstöðu til að sinna verkefnum sínum. Heimilt er að fela óháðum rannsóknastofum hér á landi eða erlendis að annast rannsóknir á vegum lyfjaeftirlitsins.

■ **52. gr.** Leggja skal árlegt eftirlitsgjald[1)] á fyrirtæki þau og stofnanir, er Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með.

☐ Skal verja tekjum þessum til greiðslu kostnaðar við eftirlitið. Nú hrökkva tekjurnar ekki fyrir kostnaði og greiðist þá það, sem á vantar, úr ríkissjóði.

[1)] *Rg. 570/1982 (fyrir árið 1982).*

■ **53. gr.** Ráðherra kveður nánar á um starfssvið og starfshætti Lyfjaeftirlits ríkisins í reglugerð.[1)] Mæla skal einnig fyrir um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra í reglugerð.

☐ Eftirlitsgjöld eru lögtakskræf.

[1)] *Rg. 412/1973, sbr. 2/1977. Sett samkv. l. 30/1963.*

XII. kafli. Skráning hjáverkana lyfja.

■ **54. gr.** Að fengnum tillögum lyfjanefndar, Læknafélags Íslands, sérgreinafélaga lækna, Apótekarafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands eða annarra, er hlut eiga að máli, er ráðherra heimilt að fela landlækni að undirbúa skráningu hjáverkana lyfja hér á landi. Skal skráning þessi þegar til kemur, fara fram á vegum landlæknisembættisins, er jafnframt annast úrvinnslu og kynningu að þessu lútandi og samstarf við erlendar stofnanir, er sjá um skráningu hjáverkana lyfja.

☐ Heimilt er að fengnum tillögum eiturefnanefndar að tengja skráningu hjáverkana lyfja skráningu eitrana af völdum eiturefna og hættulegra efna (sbr. lög nr. 85/1968) og upplýsingastöð um eitranir (poison information center).

■ **55. gr.** Skipa skal sérfræðinga í lyfjafræði lækna, eiturefnafræði, lyfjafræði lyfsala eða öðrum greinum til þess að vera landlækni til ráðuneytis, þegar ákvæði 1. mgr. 54. gr. koma til framkvæmda.

XIII. kafli. Um þagnarskyldu, málarekstur og refsingar.

■ **56. gr.** Lyfjanefndarmenn, lyfjaverðlagsnefndarmenn, stjórnarmenn lyfsölusjóðs, starfsmenn framangreindra stofnana og lyfjaeftirlits ríkisins eru bundnir þagnarskyldu að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um allt, sem þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu varðandi sérmat einstaklinga og fyrirtækja, nema þeim beri lögum samkvæmt skylda til að tjá sig.

☐ Sama á við um ráðunauta, sem starfa í þágu þessara aðilja, og alla, sem taka að sér verkefni fyrir þá.

■ **57. gr.** Um mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála, nema öðruvísi sé mælt í lögum.

■ **58. gr.** Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum ...[1)] nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

☐ Nú er brot ítrekað eða stórfellt og skal þá refsa með varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

☐ Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

☐ Lyf og lyfjaefni, sem inn eru flutt ólöglega eða seld ólöglega innanlands, skal gera upptæk með dómi og enn fremur lyf, sem framleidd eru ólöglega, og ágóða af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

[1)] *L. 10/1983, 19. gr.*

XIV. kafli. Niðurlagsákvæði.

■ **59. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

☐ Með lögum þessum eru úr gildi felld:

1. Lyfsölulög nr. 30 29. apríl 1963, I., VI., VII. og X. kafli auk 40. og 50. gr.

2. Lög nr. 85 25. maí 1976 um breytingu á lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963.

☐ Enn fremur eru úr gildi numin önnur fyrirmæli í lögum, er brjóta í bága við lög þessi.

☐ Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum um lyf, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara og fara ekki í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram, uns þau hafa verið afnumin með stjórnvaldsreglum settum samkvæmt lögum þessum.

■ **Bráðabirgðaákvæði.** Þær lyfjagerðir, sem nú starfa, skulu innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara sækja um starfsleyfi samkvæmt 14. gr.

☐ Heimilt er til ársloka 1983 að framleiða stöðluð forskriftarlyf í lyfjabúðum, þar sem þau eru framleidd við gildistöku laga þessara, svo fremi Lyfjaeftirlit ríkisins telji búnað þeirra fullnægjandi.

☐ Ef lyfsali óskar að framleiða stöðluð forskriftarlyf í lyfjabúð (framleiðslulyfjabúð) að þeim tíma liðnum, skal hann sækja um starfsleyfi samkvæmt ákvæðum 14. gr.

Lyfsölulög.

I. kafli. ...[1)]

[1)] *L. 49/1978, 59. gr.*

II. kafli. ...[1)]

[1)] *L. 76/1982, 62. gr.*

III. kafli. ...[1)]

[1)] *L. 76/1982, 62. gr.*

IV. kafli. ...[1)]

[1)] *L. 35/1978, 19. gr.*

V. kafli. ...[1)]

[1)] *L. 76/1982, 62. gr.*

VI. kafli. ...[1)]

[1)] *L. 49/1978, 59. gr. og l. 76/1982, 62. gr.*

VII. kafli. ...[1)]

[1)] *L. 49/1978, 59. gr. og l. 76/1982, 62. gr.*

VIII. kafli. ...[1)]

[1)] *L. 76/1982, 62. gr.*

IX. kafli. Um lyfjagerðir, innflutning og heildsölu lyfja.

1963 Nr. 30 29. apríl

■ **50. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 49/1978, 59. gr.*

■ **51. gr.** Lyfjabúðum og viðurkenndum lyfjagerðum (sbr. 50. gr.) svo og tilraunastofnunum, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands, er heimilt að flytja inn lyf og efni til lyfjagerðar vegna eigin þarfa.

□ Önnur fyrirtæki mega því aðeins flytja inn og selja lyf í heildsölu, að þau hafi til þess leyfi ráðherra, enda mæli landlæknir með leyfisveitingunni.

□ Fyrirtæki þessi skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. vera undir tæknilegri stjórn manns, sem fullnægir skilyrðum 9. gr., 1.—5. liðs, sbr. 6. lið, enda gegni hann fullu starfi við fyrirtækið;

b. vera þannig búin að dómi landlæknis, að þau fullnægi kröfum um meðferð og geymslu lyfja.

□ Nú fullnægir fyrirtækið framangreindum skilyrðum, og ber þá að veita því leyfi samkvæmt 2. málsgrein.

□ Öllum öðrum er bannað að flytja inn lyf eða lyfjavörur.

□ Lyfjainnflytjendum er skylt að hlíta þeim reglum, er ráðherra kann að setja um eftirlit með innflutningi á lyfjum og efnum til lyfjagerðar, og greiða hæfilegt gjald vegna þess í ríkissjóð, sbr. 47. gr. Enn fremur getur ráðherra með reglugerð skyldað fyrirtæki til að sannprófa á eigin kostnað gæði og hreinleik hinna innfluttu lyfja og lyfjaefna.

□ Ráðherra getur afturkallað leyfi, sem um ræðir í þessari grein, ef sett skilyrði eru ekki haldin eða um er að ræða mikla eða endurtekna vanrækslu fyrirtækisins í sambandi við meðferð eða sölu lyfjanna.

X. kafli. ...[1)]

[1)] *L. 49/1978, 59. gr.*

XI. kafli. Um málarekstur og refsingar.

■ **67. gr.** Um mál, er rísa kunna út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögunum.

■ **68. gr.** Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum frá 100 til 200 000 króna, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt, og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkv. lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

□ Lyf og lyfjaefni, sem inn eru flutt ólöglega eða seld eru ólöglega innanlands, má gera upptæk með dómi, og enn fremur ólöglega gerð lyf og ágóða af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

XII. kafli. Niðurlagsákvæði.

■ **69. gr.** Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum landlæknis. Við samningu tillagna skal landlæknir kveðja til nefndarmenn lyfjaskrárnefndar, eftir því sem við á hverju sinni.

■ **70. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1963. ...

□ Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsreglum um lyfjabúðir og afhending lyfja, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, og ekki fara í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram, unz þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt lögum þessum.

■ **Bráðabirgðaákvæði.** 1. Þeir lyfsalar, sem hafa lyfsöluleyfi, er lög þessi öðlast gildi, og fullnægja ákvæðum laganna, eiga rétt á að halda leyfinu til 75 ára aldurs. **1963** Nr. 30 29. apríl

2. Verzlanir er verzlað hafa með vörur, sem þeim er gert óheimilt að selja, samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða þær mega því aðeins selja, að þær fullnægi sérstökum fyrirmælum laganna, halda rétti sínum óskertum í eitt ár frá gildistöku laga þessara. Slíkur frestur nær þó ekki til innflutnings þeirrar vöru, er lyfjabúðum og læknum (dýralæknum), sem rétt eða leyfi hafa til lyfjasölu, er einum heimilt að selja.

Ráðherra má þó veita undanþágu um einstök vörukaup, sem sannanlega hafa verið gerð áður en lög þessi gengu í gildi, enda sé tegund vörunnar hentug, gæði hennar óvefengjanleg, verð sanngjarnt og magn við hæfi. Vöruna má aðeins afhenda aðilum, sem rétt hafa samkvæmt lögum þessum til að verzla með viðkomandi varning, og þá gegn kostnaðarverði.

Ráðherra má einnig veita einstaklingi, sem haft hefur innflutning lyfja sem aðalstarf a. m. k. síðastliðin 10 ár, leyfi til að halda þeirri starfsemi áfram um eitt ár í senn.

Tilskipun um setningu nýrrar lyfjaskrár.[1)] **1965** Nr. 86 31. ágúst

[1)] *Ath. augl. 189/1981.*

Lög um lyfjadreifingu. **1982** Nr. 76 21. maí

I. kafli. Yfirstjórn.

■ **1. gr.** Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fer með yfirstjórn lyfjadreifingar samkvæmt lögum þessum. Í því ráðuneyti starfar deildarstjóri (lyfjamálastjóri) sem annast framkvæmd lyfjamála innan ráðuneytisins fyrir hönd ráðherra. Skal hann vera lyfjafræðingur að mennt og uppfylla að öðru leyti skilyrði laga til að öðlast lyfsöluleyfi.

II. kafli. Um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi.

■ **2. gr.** Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu vera í héruðum, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð,[1)] sem ráðherra setur með hliðsjón af skiptingu landsins í læknishéruð í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 57 20. maí 1978.

[1)] *Rg. 27/1983.*

■ **3. gr.** Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum og Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi, en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða, sem reknar eru af stofnunum.

□ Handhafa lyfsöluleyfis er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um réttarstöðu hans og starfshætti svo sem þau eru á hverjum tíma.

□ Heimilt er ráðherra að leggja þá kvöð á handhafa lyfsöluleyfis, að hann reki lyfjaútibú og/eða lyfjaforða í héraði sínu. Enn fremur að hann annist faglegt eftirlit með lyfjabirgðum heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðisstofnana.

□ Umsóknir um lyfsöluleyfi skulu sendar ráðherra. Þær skulu lagðar fyrir þriggja manna nefnd, sem skipuð er af ráðherra þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Lyfjafræðingafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Apótekarafélags Íslands, auk lyfjamálastjóra, sem er formaður nefndarinnar. Varamenn félaganna eru skipaðir á sama hátt, en varamaður lyfjamálastjóra er skip-

aður af ráðherra án tilnefningar. Sæki nefndarmaður um lyfsöluleyfi tekur varamaður sæti hans í nefndinni.

☐ Skipunartími nefndarmanna er þrjú ár. Nefndin lætur ráðherra í té umsögn um faglega hæfni þeirra umsækjenda, sem að hennar áliti eru hæfastir, þó aðeins þriggja hæfustu, ef umsækjendur eru fleiri en þrír.

☐ Nú sækir enginn um tiltekið lyfsöluleyfi eða enginn umsækjandi er talinn hæfur að dómi nefndarinnar og er þá lyfsölusjóði skylt að kaupa viðkomandi lyfjabúð og annast rekstur hennar til bráðabirgða með þeim réttindum og skyldum er því fylgir samkvæmt lögum þessum. Lyfsölusjóður annast rekstur lyfjabúðar í slíku tilviki þangað til umsækjandi gefur sig fram, og er þá lyfsöluleyfi auglýst að nýju eða lyfsöluleyfi úr gildi fellt.

☐ Háskóli Íslands getur öðlast eitt lyfsöluleyfi með sérstöku tilliti til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala. Lyfsöluleyfi, sem Háskóli Íslands hefur þannig hlotið, verður ekki framselt. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um starfsemi slíks háskólaapóteks að fengnum tillögum háskólaráðs.

☐ Háskóli Íslands skal hafa frumkvæði að tímabundinni vistun stúdenta í lyfjaverslun ríkisins, sjúkrahúsapótekum og öðrum lyfjabúðum og lyfjagerðum eftir því sem þörf krefur.

■ **4. gr.** Skilyrði til að öðlast lyfsöluleyfi eða fá skipun í stöðu forstöðumanns lyfjabúðar er að umsækjandi hafi starfsleyfi í samræmi við I. kafla laga um lyfjafræðinga, nr. 35/1978.

☐ Samvinnufélög þau, er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu áfram. Fer um réttarstöðu forstöðumanna þeirra á sama hátt og segir í 1. málsgr. 3. gr.

☐ Áður en leyfisbréf er afhent ber lyfsala að undirrita heit um að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi og í samræmi við landslög.

☐ Skilyrði þessarar greinar eiga jafnt við um forstöðumenn sjúkrahúsapóteka, samvinnulyfjabúða, forstöðumann háskólaapóteks og forstöðumenn skv. 1. málsgr. 3. gr. Umsóknir um slíkar stöður forstöðumanna skulu lagðar fyrir nefnd þá sem um getur í 4. málsgr. 3. gr., og staðfestir ráðherra ráðningu þeirra.

■ **5. gr.** Starfandi læknir (tannlæknir, dýralæknir) má ekki vera eigandi eða starfsmaður lyfjabúðar, sbr. III. kafla.

■ **6. gr.** Lyfsöluleyfi fellur niður, ef leyfishafi:

1. Tekur ekki við rekstri innan þess frests, sem tiltekinn er í 10. gr.
2. Deyr eða fullnægir ekki lengur skilyrðum 4. gr.
3. Hættir að veita forstöðu lyfjabúð án þess að hafa gert ráðstafanir um rekstur hennar samkvæmt 13. gr. eða getur ekki tekið við stjórn hennar á ný.
4. Fær lyfsöluleyfi fyrir annarri lyfjabúð.
5. Er sviptur leyfinu samkvæmt ákvæðum þessara eða annarra laga.

☐ Lyfsöluleyfi fellur niður í lok þess ár, sem leyfishafi verður sjötugur, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, 1. tölulið.

☐ Ef leyfishafi óskar, getur ráðherra hvenær sem er fellt úr gildi lyfsöluleyfi hans.

III. kafli. Um rekstur lyfjabúða.

■ **7. gr.** Lyfjabúð skal velja heiti, sem ráðherra samþykkir, og auðkenna á áberandi hátt. Handhöfum lyfsöluleyfa er heimilt að nefna lyfjaverslanir sínar og þær einar lyfjabúðir eða apótek.

■ **8. gr.** Lyfjabúðum er skylt að versla með lyf, sem selja má hér á landi, enn fremur helstu gerðir lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna.

☐ Ráðherra ákveður með reglugerð hverjar lyfjavörur, hjúkrunar- og sjúkragögn sem og aðrar vörur lyfjabúðir mega hafa á boðstólum, selja eða afhenda.

☐ Lyfjanefnd skal gera tillögur um reglugerð þessa í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins, Apótekarafélag Íslands og Lyfjafræðingafélag Íslands.

■ **9. gr.** Nú tekur lyfsali við rekstri annarrar lyfjabúðar eða fær lausn frá starfi og er honum þá rétt og skylt að reka lyfjabúðina þar til hinn nýi leyfishafi tekur við, sbr. 10. gr., eða lyfjabúðin er lögð niður.

☐ Nú deyr lyfsali og fer þá með réttindi og skyldur dánarbús til rekstrar lyfjabúðar sem hér segir:

1. Ef erfingjar taka á sig ábyrgð á skuldum, er búinu rétt og skylt að annast rekstur lyfjabúðarinnar í sex mánuði eftir lát lyfsala undir stjórn forstöðumanns, enda staðfestir ráðherra ráðningu hans. Hafi lyfsöluleyfinu ekki verið ráðstafað að þeim tíma loknum tekur lyfsölusjóður við rekstrinum og annast hann þar til leyfið hefur verið veitt að nýju.
2. Ef erfingjar taka ekki að sér ábyrgð á skuldum dánarbúsins eða sé það tekið til gjaldþrotaskipta annast lyfsölusjóður rekstur lyfjabúðarinnar þar til leyfi til rekstrar hennar hefur verið veitt.

☐ Þegar lyfsöluleyfi fellur niður vegna annarra orsaka ákveður ráðherra hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar, og má þá um stundarsakir reka hana á kostnað lyfsölusjóðs.

■ **10. gr.** Handhafi lyfsöluleyfis skal hefja reksturinn innan árs frá leyfisveitingu.

☐ Geta skal í auglýsingu um lyfsöluleyfi, sem laust er til umsóknar, hvenær verðandi lyfsali skuli hefja reksturinn.

☐ Ráðherra getur eftir atvikum lengt frest þennan séu knýjandi ástæður fyrir hendi.

☐ Nú er það ráðið, að lyfsali láti af rekstri lyfjabúðar í því skyni að taka við rekstri annarrar lyfjabúðar, og getur sá, er tekur við af honum, ekki krafist þess að hefja reksturinn fyrr en hinn fyrrnefndi hefur hafið rekstur lyfjabúðar þeirrar er hann tekur við, enda hefjist sú starfræksla innan þess frests sem greindur er í 1. og 2. málsgrein.

■ **11. gr.** Ef lyfsali lætur af rekstri lyfjabúðar, eða bú hans óskar þess og/eða aðrar ástæður mæla með því, skal lyfsala þeim, er við tekur, skylt að kaupa vörubirgðir lyfjabúðarinnar, að svo miklu leyti sem þær eru nothæfar.

☐ Ráðherra getur, ef fráfarandi lyfsali eða bú hans óskar þess, skyldað lyfsala þann, er við lyfjabúð tekur, til þess að kaupa húseign þá, er lyfjabúðin er í, enda sé hún eingöngu ætluð til rekstrar lyfjabúðarinnar og íbúðar lyfsalans og viðunandi hæf til hvors tveggja. Þessarar kvaðar skal sérstaklega getið í auglýsingu um lyfsöluleyfi. Ef lyfjabúð flytur í heilsugæslustöð við lyfsalaskipti, er lyfsölusjóði heimilt að kaupa húseign þá er lyfjabúðin er í og búnað hennar, þegar svo stendur á.

☐ Vilji fráfarandi lyfsali eða bú hans ekki selja húsnæði lyfjabúðarinnar, skal honum skylt að leigja það þeim,

er við tekur, í allt að tvö ár. Ágreiningi um leigufjárhæð og leiguskilmála skal lokið með þeim hætti er segir í 5. málsgrein.

☐ Ef fráfarandi lyfsali hefur haft húsnæði lyfjabúðarinnar á leigu gengur lyfsalinn, sem við tekur, inn í leigusamninginn allt að einu ári.

☐ Ef ekki næst samkomulag milli lyfsala þess, sem við tekur, eða lyfsölusjóðs og hins fráfarandi eða bús hans um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein, skal ágreiningurinn úrskurðaður af gerðardómi, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

☐ Ráðherra skipar þrjá menn í gerðardóm til fjögurra ára í senn og þrjá til vara. Skulu formaður og varaformaður fullnægja dómaraskilyrðum. Auk þess tilnefna málsaðilar sinn manninn hvor til setu í gerðardómi í hverju einstöku máli.

☐ Gerðardómur ákveður hvernig kostnaði af hverju máli skuli skipt milli málsaðila.

☐ Nýi leyfishafinn getur krafist að fá keyptan búnað og áhöld lyfjabúðarinnar sem teljast nauðsynleg til rekstrarins. Nýi leyfishafinn hefur forkaupsrétt að húsnæði lyfjabúðarinnar.

■ **12. gr.** Lyfsali samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar 4. greinar skal sjálfur annast forstöðu lyfjabúðar sinnar og bera ábyrgð á rekstri hennar svo og undirstofnunum, sbr. VI. kafla.

☐ Handhafi lyfsöluleyfis (Háskóli Íslands, sjúkrahúsapótek, samvinnufélög, lyfsölusjóður) ber ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar og undirstofnana hennar samkvæmt ákvæðum 4. málsgreinar 4. greinar. Hann skal fela lyfjabúð sína í umsjá forstöðumanns, sem einnig ber ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar og undirstofnana hennar.

☐ Þegar ræðir um lyfsala í lögum þessum, er átt við leyfishafa og forstöðumann lyfjabúðar samkv. 4. gr. eftir því sem við á.

☐ Lyfsala ber að sjá lyfjabúð sinni fyrir nægu og hæfu starfsliði.

☐ Lyfsala ber að skipuleggja störf í lyfjabúð sinni á þann hátt að sem tryggilegast sé girt fyrir misferli. Sérstaklega er lyfsala skylt að gæta þess um lyfjagerð, lyfjaafgreiðslu og hvers konar meðferð lyfja, að störfum og skráningu starfa sé þannig hagað, að jafnan sé auðrakið hver starfsmaður eigi hlut að máli, ef misferli kynni að eiga sér stað.

☐ Nú verða mistök um gerð eða afhendingu lyfs í lyfjabúð og stafar mönnum eða skepnum heilsutjón af, en ekki sannast hver persónulega er að misferlinu valdur eða ber ábyrgð á því, og skal þá refsing mæld lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar, ef misferlið má rekja til skorts á hæfu starfsliði, ónógs eftirlits, ófullkominnar vinnutilhögunar eða annarra skipulagsgalla á rekstri lyfjabúðarinnar, enda verði lyfsali (forstöðumaður) talinn eiga sök á því, sem aflaga fer í þessum efnum.

■ **13. gr.** Í fjarveru lyfsala vegna orlofs, sjúkdóms eða af öðrum ástæðum skal hann fela lyfjafræðingi að annast daglega stjórn lyfjabúðarinnar, enda sé ekki um lengra tímabil en tvo mánuði að ræða.

☐ Heimilt er að fela aðstoðarlyfjafræðingi að annast daglega stjórn innan greinds tímabils, ef hann er starfsmaður lyfjabúðarinnar og enginn lyfjafræðingur er fáanlegur til starfa. Samráð skal ávallt hafa við Lyfjaeftirlit ríkisins um setningu staðgengils lyfsala, nema um yfirlyfjafræðing lyfjabúðarinnar sé að ræða.

☐ Líði tveir mánuðir svo, að lyfsali geti ekki annast rekstur lyfjabúðar sinnar eða verði í upphafi að álíta að svo muni fara, skal forstöðumaður annast reksturinn áfram og bera faglega ábyrgð á honum. Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á ráðningu forstöðumanns. Sá forstöðumaður skal fullnægja skilyrðum 4. greinar.

IV. kafli. Starfsmenn lyfjabúða.

■ **14. gr.** Í lyfjabúð skal starfa til aðstoðar lyfsala a. m. k. einn lyfjafræðingur. Ef í lyfjabúð starfar aðeins einn lyfjafræðimenntaður maður auk lyfsala getur ráðuneytið leyft, að hann sé aðstoðarlyfjafræðingur. Ráðherra getur og leyst lyfsala sem rekur litla lyfjabúð undan skyldu til að hafa aðstoðarlyfjafræðing enda mæli Lyfjaeftirlit ríkisins með því. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins, gefið leiðbeiningar um hver sé nauðsynlegur fjöldi starfsmanna í lyfjabúð, sundurliðað í menntunarstig.

■ **15. gr.** Um nám, próf og starfsréttindi lyfjatækna, svo og annars afgreiðslu- og aðstoðarfólks í lyfjabúðum og öðrum stofnunum, sem afgreiða, framleiða eða selja lyf í heildsölu, skulu sett ákvæði í reglugerð.[1] Lyfjabúðum er skylt samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins í reglugerð að vista lyfjatækninema til verklegs náms.

☐ Ráðuneytinu er heimilt að starfrækja námskeið eða skóla[2] í lyfjatækni í samvinnu við samtök lyfsala og lyfjafræðinga.

[1] *Rg. 199/1983.* [2] *Rg. 193/1983.*

■ **16. gr.** Eigi má ráða starfsmann í lyfjabúð, nema hann leggi fram heilbrigðisvottorð frá lækni. Starfsfólk lyfjabúða skal árlega gangast undir almenna læknisrannsókn.

■ **17. gr.** Starfsmenn lyfjabúða eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun, sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál, sbr. 12. gr. laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.

☐ Um vitnaskyldu framangreindra aðila fer eftir því sem segir í réttarfarslögum.

■ **18. gr.** Nú telur Lyfjaeftirlit ríkisins rekstri lyfjabúðar ábótavant vegna vanrækslu af hendi lyfsala og annarra starfsmanna lyfjabúðarinnar, og skal eftirlitið þá tilkynna ráðuneytinu og landlækni það. Ráðherra ákveður eftir málsatvikum, hvernig farið skuli með hvert einstakt mál.

☐ Um missi starfsréttinda fer eftir V. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978.

☐ Aðila skal gefinn kostur á að tjá sig skriflega eða munnlega um málið áður en ráðherra ræður því til lykta.

V. kafli. Um afgreiðslu lyfja.

■ **19. gr.** Ráðherra mælir með reglugerð[1] fyrir um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða og annarra lyfjaverslana, þar á meðal um þær bækur, sem lyfsölum er skylt að halda.

[1] *Rg. 24/1983.*

■ **20. gr.** Ráðherra mælir fyrir í reglugerð[1] um afgreiðslutíma lyfjabúða. Lyfjabúð skal eins fljótt og auðið er afgreiða lyf, lyfjagögn, hjúkrunar- og sjúkragögn hvort sem er á venjulegum afgreiðslutíma eða vöktum.

[1] *Rg. 30/1983.*

■ **21. gr.** Lyfjabúðir og aðrir þeir, sem afgreiða lyf, skulu í hvívetna hlíta fyrirmælum löggiltrar lyfjaskrár.

□ Ráðherra mælir fyrir í reglugerð um tilhögun lyfjaafgreiðslu og meðferð og geymslu lyfja.

■ **22. gr.** Auk þess sem lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar er skylt að haga bókhaldi lyfjabúðar sinnar í samræmi við lög nr. 51 2. maí 1968 um bókhald ber honum að hlíta ítarlegri fyrirmælum þar að lútandi, ef sett verða í reglugerð.

□ Skylt er þeim, sem selja lyf, að leyfa athugun á bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, ef þess er krafist í umboði ráðherra.

■ **23. gr.** Lyfjabúðir og aðrir þeir, sem afgreiða lyf, skulu hafa hæfilegar vörubirgðir miðað við ávísanir þeirra lækna, tannlækna og dýralækna sem starfa á viðkomandi svæði.

■ **24. gr.** Með afgreiðslurétti á lyfjum og eiturefnum er átt við rétt til að bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðils og framkvæma lokaeftirlit með að rétt sé afgreitt samkvæmt lyfjaávísun eða eiturbeiðni. Slíkan rétt hafa lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar.

□ Ráðherra er heimilt að veita lyfjatækni takmarkaðan og staðbundinn afgreiðslurétt úr lyfjaforða, enda sé einungis um staðlaðar pakkningar að ræða samkvæmt lista sem staðfestur er af ráðuneytinu eftir tillögu héraðslæknis og lyfsala. Ef lyfjatæknir er ekki fáanlegur til starfa í lyfjaforða er heimilt að veita hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður slíkan afgreiðslurétt.

■ **25. gr.** Meðferð lyfja og eiturefna skal ávallt háð eftirliti lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga og skulu þeir sjá um að gildandi reglum sé í hvívetna fylgt.

■ **26. gr.** Lyfsali er skyldur til að afgreiða lyf gegn staðgreiðslu, þó einungis gegn lyfseðli þau lyf, sem aðeins má afgreiða á þann hátt. Ef læknir lætur þess getið á lyfseðli, að lyf eða sjúkragögn þurfi að afgreiða án tafar, og auk þess, hvern hann telji bera ábyrgð á greiðslunni, skal lyfsali afgreiða hið umbeðna svo skjótt sem auðið er.

VI. kafli. Undirstofnanir lyfjabúða.

■ **27. gr.** Innan umdæmis lyfjabúðar getur starfað lyfjaútibú, sbr. 2. gr., og stofna má lyfjaforða frá lyfjabúð samkvæmt meðmælum eða ósk hlutaðeigandi heilbrigðismálaráðs, lyfsala eða viðkomandi sveitarstjórnar, enda gerist þess þörf að dómi ráðherra.

■ **28. gr.** Lyfjaútibú er útibú frá lyfjabúð og er starfrækt til þess að halda uppi viðunandi lyfjaþjónustu þar sem ekki telst grundvöllur til að stofna lyfjabúð.

□ Lyfjaútibú skal bera heiti sem auðkennir það nafni viðkomandi lyfjabúðar.

■ **29. gr.** Í lyfjaútibúi má ekki framleiða lyf eða aðrar vörur, aðrar en skyndilyf (ordination magistralis), sbr. 7. gr. laga nr. 49/1978, 3. tölul., og er slík framleiðsla háð leyfi ráðuneytisins að fengnum meðmælum Lyfjaeftirlits ríkisins. Í lyfjaútibúi skulu vera til sölu öll algeng lausasölulyf, sem eftirspurn er eftir á viðkomandi svæði, auk allra algengra lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna. Lyfseðilsskyld lyf má afgreiða í lyfjaútibúi samkvæmt lyfjaávísun. Skulu slík lyf geymd í hirslum sem má læsa.

□ Afgreiðslutími lyfjaútibús skal ákveðinn af ráðuneytinu og skal þar sérstaklega kveðið á um afgreiðslutíma lyfseðilsskyldra lyfja.

■ **30. gr.** Lyfseðilsskyld lyf skulu afgreidd úr lyfjaútibúi af lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi, sem starfar á vegum viðkomandi lyfjabúðar. Alla aðra afgreiðslu annast lyfjatæknir (hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir), sem gætir útibúsins, þegar lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur er ekki viðstaddur.

■ **31. gr.** Þar sem strjálbýlt og langt eða erfitt er að komast til næstu lyfjabúðar eða lyfjaútibús má vera lyfjaforði frá lyfjabúð. Í lyfjaforða mega vera auk lausasölulyfja, sáraumbúða, hjúkrunar- og sjúkragagna einstök lyfseðilsskyld lyf, sem nauðsynlegt er að geta gripið skjótt til, sbr. 24. gr.

□ Lyfjaforði skal vera í gæslu lyfjatæknis, hjúkrunarfræðings, ljósmóður eða annars ábyrgs umboðsmanns, sem lyfsali ræður til þess, og skal lyfjamálastjóra tilkynnt um nafn og stöðu hans. Ráðuneytið getur mælt svo fyrir að lyfsala sé skylt að hafa lyfjaforða á ákveðnum stað eða í ákveðnu hverfi, sbr. 3. gr.

■ **32. gr.** Ráðherra getur ákveðið, að fengnum umsögnum Apótekarafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands, heilbrigðismálaráðs viðkomandi héraðs og Lyfjaeftirlits ríkisins, að lyfjaútibú skuli verða lyfjabúð, og skal lyfsala viðkomandi lyfjabúðar tilkynnt sú ákvörðun með hæfilegum fyrirvara. Skal hann þá fá lyfsöluleyfi fyrir hinni nýju lyfjabúð, ef hann óskar þess, enda segi hann um leið lausu leyfi sínu fyrir hinni eldri.

■ **33. gr.** Á stöðum þar sem ekki er lyfjabúð, lyfjaútibú eða lyfjaforði en læknir hefur aðsetur getur ráðherra heimilað viðkomandi lækni að annast afhendingu lyfja, sáraumbúða og annarra hjúkrunargagna gegn greiðslu. Varanna má afla frá lyfjabúð (lyfjaútibúi) í umdæminu á heildsöluverði að viðbættu þjónustugjaldi, sem ákveðið er af ráðherra að fengnum tillögum lyfjaverðlagsnefndar, og skulu þær vera í stöðluðum órofnum umbúðum. Hlutaðeigandi lyfjabúð annast eftirlit með slíkum lyfjabirgðum.

■ **34. gr.** Nánari fyrirmæli um búnað, rekstur og fyrirkomulag lyfjaútibúa og lyfjaforða skulu sett í reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 24/1983.*

VII. kafli. Innflutningur og heildsala lyfja.[1)]

[1)] *Augl. 183/1964. Sett samkv. l. 30/1963.*

■ **35. gr.** Leyfi til innflutnings lyfja hafa þau fyrirtæki ein, sem til þess hafa hlotið starfsleyfi sem ráðherra gefur út.

■ **36. gr.** Leyfi til að dreifa lyfjum og lyfjaefnum í heildsölu hafa þau fyrirtæki ein, sem til þess hafa hlotið leyfi ráðherra.

□ Til að fá starfsleyfi verður lyfjaheildsala, sbr. 1. málsgr., að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. Að henni veiti faglega forstöðu lyfjafræðingur, sem hefur starfsleyfi hér á landi, sbr. I. kafla laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978. Skal hann gegna fullu starfi við fyrirtækið.

2. Að vera þannig búin húsnæði, tækjum og starfsliði, að dómi Lyfjaeftirlits ríkisins, að hún fullnægi kröfum um geymslu og meðferð lyfja.

□ Lyfjaheildsölum er óheimilt að rjúfa lyfjapakkningar. Óheimilt er að breyta áletrun á pakkningum lyfja, nema á ábyrgð framleiðanda og að fenginni umsögn lyfjanefndar. Lyfjaeftirlit ríkisins fylgist með að slík breyting sé gerð á tryggilegan hátt.

□ Lyfjaheildsölum er óheimilt að selja lyf öðrum en þeim, sem leyfi hafa til smásölu lyfja, svo og til notkunar á sjúkrahúsum og þeim tilraunastofnunum sem leyfi hafa til tilrauna með lyf.

■ **37. gr.** Nú er lyfjainnflytjandi eða lyfjaheildsala einkainnflytjandi skráðs sérlyfs og er forráðamönnum hennar þá skylt að hafa ávallt þær birgðir lyfsins á boðstólum, sem hæfilegar teljast að mati Lyfjaeftirlits ríkisins.

■ **38. gr.** Umboðsmönnum erlendra sérlyfjaframleiðenda (innflytjendum, heildsölum) er skylt að greiða fyrir kaupum Lyfjaverslunar ríkisins á lyfjum frá umbjóðendum þeirra, annaðhvort beint frá framleiðanda á skráðu innkaupsverði (fob. /cif.) eða með afhendingu úr eigin vörubirgðum umboðsmanns á kostnaðarverði. Með kostnaðarverði er hér átt við það verð, sem heimilt er að leggja til grundvallar fyrir álagningu í heildsölu, að viðbættu þjónustugjaldi, sem ákveðið er af ráðherra, að fengnum tillögum lyfjaverðlagsnefndar.

□ Einungis Lyfjaverslun ríkisins er heimilt að flytja inn bóluefni og ónæmisefni.

■ **39. gr.** Starfandi læknar (dýralæknar, tannlæknar), lyfsalar og lyfjafræðingar (aðstoðarlyfjafræðingar) í apótekum og sjúkrahúsapótekum mega ekki vera umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda. Eignaraðild starfandi lyfsala og lyfjafræðinga (aðstoðarlyfjafræðinga) að sérlyfjainnflutningsfyrirtækjum og lyfjaheildsölum er þó heimil ef enginn þeirra á verulegra hagsmuna að gæta í fyrirtækinu, sbr. ákvæði 3 til bráðabirgða.

■ **40. gr.** Ráðherra getur afturkallað starfsleyfi lyfjainnflytjanda og lyfjaheildsala ef um alvarlega eða endurtekna vanrækslu við meðferð og/eða dreifingu lyfja er að ræða.

■ **41. gr.** Ráðherra setur reglugerð,[1)] þar sem nánar er kveðið á um húsnæði, búnað, rekstur og starfsemi fyrirtækja sem flytja inn og dreifa lyfjum í heildsölu samkvæmt tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins.

[1)] *Rg. 289/1970. Sett samkv. l. 30/1963.*

VIII. kafli. Um Lyfjaverslun ríkisins.

■ **42. gr.** Íslenska ríkið rekur lyfjaheildsölu og lyfjagerð sem sjálfstæða stofnun undir nafninu Lyfjaverslun ríkisins. Lyfjaverslun ríkisins er skylt að útvega hvers konar lyf, lyfjagögn, bóluefni, ónæmisefni og sjúkragögn fyrir sjúkrahús, dvalarheimili aldraðra og aðrar heilbrigðisstofnanir sem reknar eru af ríki og sveitarfélögum.

■ **43. gr.** Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og sölu til sjúkrahúsa, lyfjabúða, dvalarheimila aldraðra og annarra heilbrigðisstofnana í landinu.

□ Lyfjaverslun ríkisins annast framleiðslu lyfja og birgðahald Almannavarna.

■ **44. gr.** Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, annar tilnefndur af fjármálaráðuneyti, hinn þriðji er formaður, skipaður án tilnefningar.

■ **45. gr.** Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins. Skal hann vera lyfjafræðingur eða viðskiptafræðingur. Umsóknir um starf forstjóra skulu lagðar fyrir nefnd þá, sem um getur í 3. gr., og stjórn Lyfjaverslunar ríkisins, sem láta ráðherra í té umsögn um hæfni umsækjenda.

■ **46. gr.** Um búnað og fyrirkomulag í Lyfjaverslun ríkisins fer eftir þeim reglum sem gilda um lyfjagerðir og lyfjaheildsölur.

IX. kafli. Um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum.

■ **47. gr.** Á hverju sjúkrahúsi skal starfa lyfjafræðingur, sem hefur umsjón með og ber ábyrgð á öflun lyfja og eftirliti með notkun þeirra innan sjúkrahússins. Heimilt er að starf þetta tengist starfi viðkomandi lyfjafræðings í lyfjabúð eða lyfjaútibúi í umdæminu.

□ Dvalarheimili aldraðra skulu afla sér faglegrar aðstoðar lyfjafræðings að því er varðar öflun, geymslu og notkun lyfja innan stofnunarinnar.

■ **48. gr.** Á deildaskiptum sjúkrahúsum starfa sérstök sjúkrahúsapótek, sem hafa umsjón með og bera ábyrgð á öflun og varðveislu lyfja og eftirliti með notkun þeirra á einstökum deildum.

□ Yfirlyfjafræðingur er forstöðumaður slíks sjúkrahúsapóteks og skal ráðinn af viðkomandi sjúkrahússtjórn, en umsóknir um slíkar stöður lagðar fyrir stöðunefnd, sbr. 4. málsgrein 3. gr., og skal ráðning hans staðfest af ráðherra.

□ Yfirlyfjafræðingur sjúkrahúsapóteks ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart stjórn sjúkrahússins.

■ **49. gr.** Ráðherra getur veitt heimild til þess að sjúkrahúsapótek annist dreifingu lyfja til sjúklinga, sem ekki liggja á sjúkrahúsinu, ef skráning er sérstaklega bundin við notkun á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði.

□ Slík afgreiðsluheimild nær einnig til almennra lyfja, sem nauðsynleg eru sjúklingum, er sendir eru af sjúkrahúsi í stutt leyfi um helgar eða hátíðar.

□ Ráðherra getur og veitt heimild til þess að stærri sérhæfð sjúkrahús fái sams konar heimild og kveðið er á um 1. og 2. málsgrein þessarar greinar enda þótt þau séu ekki deildaskipt.

□ Um afgreiðslu lyfja frá sjúkrahúsi til sjúklinga utan sjúkrahúss samkvæmt heimild þessarar greinar fer eftir þeim almennu reglum, sem gilda um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

■ **50. gr.** Óheimilt er að afhenda lyf frá sjúkrahúsi til sjúklinga, sem ekki eru liggjandi á sjúkrahúsinu, með öðrum hætti en um getur í 49. gr.

■ **51. gr.** Á hverju sjúkrahúsi skal starfa 3ja til 5 manna lyfjanefnd, sem er ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Í slíkri lyfjanefnd skal vera a. m. k. 1 starfandi lækna sjúkrahússins og 1 lyfjafræðingur í þjónustu sjúkrahússins.

□ Að jafnaði skal þess gætt, þegar völ er á fleiri en einu jafngildu lyfi, að velja til notkunar á sjúkrahúsi þau lyf, sem ódýrari eru, og innlenda framleiðslu fremur en erlenda.

■ **52. gr.** Stofna skal sérstaka samstarfsnefnd Lyfjaverslunar ríkisins og sjúkrahúsapóteka. Í samstarfsnefnd þessari skulu eiga sæti forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins og einn af deildarlyfjafræðingum hennar, yfirlyfjafræðingar sjúkrahúsapóteka og auk þess skipar ráðherra einn mann í samstarfsnefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

□ Verkefni samstarfsnefndarinnar er að leita samræm-

1982 Nr. 76 21. maí

1982 Nr. 76 21. maí

ingar og hagkvæmni í innkaupum og framleiðslu lyfja, lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna vegna þarfa sjúkrahúsa.

■ **53. gr.** Stjórn sjúkrahúss er heimilt, að höfðu samráði við yfirlyfjafræðing sjúkrahúsapóteks, að haga dreifingu lyfja til sjúkrahúss þannig, að Lyfjaverslun ríkisins afgreiði beint til einstakra deilda þess öll algeng lyf, en beint til sjúkrahúsapóteksins þau lyf önnur sem nauðsynlegt er að hafa á sjúkrahúsinu af öryggisástæðum.

□ Lyfjanefnd sjúkrahússins gerir skrá yfir þau lyf sem þannig má afgreiða beint á deildir sjúkrahússins.

■ **54. gr.** Heilsugæslustöðvar mega afla sér lyfja frá lyfjabúð eða lyfjaútibúi í hlutaðeigandi lyfsöluumdæmi. Lyfjabúðir selja heilsugæslustöðvum lyf á heildsöluverði að viðbættu ákveðnu þjónustugjaldi, sem lyfjaverðlagsnefnd gerir tillögur um og ráðherra staðfestir.

■ **55. gr.** Stjórn sjúkrahúss ber að sjá svo um að húsnæði og búnaður sjúkrahúsapóteks eða lyfjageymslu sjúkrahússins sé við hæfi og skal hlíta úrskurði Lyfjaeftirlits ríkisins þar að lútandi, samkvæmt ákvæðum um búnað og rekstur þeirrar starfsemi, sem sett verða í reglugerð.

■ **56. gr.** Sett skulu í reglugerð[1] fyrirmæli um geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum, dvalarheimilum aldraðra, heilsugæslustöðvum og enn fremur í lækningastofum og öðrum stofnunum, þar sem lyf eru notuð til lækninga.

[1] *Rg. 113/1974. Sett samkv. l. 30/1963.*

X. kafli. Um dreifingu dýralyfja.

■ **57. gr.** Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum hefur heimild til að selja lyfjabúðum og héraðsdýralæknum framleiðslu sína á dýralyfjum og bóluefni í heildsölu, enda fullnægi hún ákvæðum lyfjalaga, nr. 49/1978, um framleiðslu lyfja. Þá getur tilraunastöðin flutt inn og selt sömu aðilum í heildsölu ormalyf sem skráð eru hér á landi eða gerðar eru tilraunir með.

□ Tilraunastöðin að Keldum getur selt bændum slík lyf og bóluefni í smásölu eftir því sem aðstæður krefjast, enda sé slík sala undir eftirliti dýralækna tilraunastöðvarinnar.

■ **58. gr.** Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu hafa á boðstólum algengustu dýralyf miðað við þarfir í hverju lyfsöluumdæmi. Héraðsdýralæknum er einnig heimilt að annast sölu dýralyfja og skulu þeir fá lyfin keypt hjá lyfjaheildsölum eða hjá Tilraunastöðinni að Keldum.

□ Þar sem héraðsdýralæknir situr en ekki er lyfjabúð eða lyfjaútibú á staðnum, skal hann hafa í umdæmi sínu á hendi sölu dýralyfja, sem hann kaupir frá lyfjaheildsölu, lyfjabúð eða hjá Tilraunastöðinni að Keldum.

XI. kafli. Eftirlit, málarekstur og refsing.

■ **59. gr.** Lyfjaeftirlit og annað eftirlit samkvæmt lögum þessum eða öðrum fyrirmælum er í höndum Lyfjaeftirlits ríkisins.

■ **60. gr.** Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt, og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að 2 árum.

XII. kafli. Niðurlagsákvæði.

■ **61. gr.** Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur ráðherra sett með reglugerð.

■ **Bráðabirgðaákvæði.** 1. Þeir lyfsalar, sem höfðu lyfsöluleyfi 1. júlí 1963 og fullnægja ákvæðum laganna, eiga rétt á að halda leyfinu til 75 ára aldurs. **1982** Nr. 76 21. maí

2. Ákvæði 4. málsgreinar 7. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 um hlutbundið lyfsöluleyfi (Reykjavíkur Apótek) eiga við meðan starfandi er lyfsali, sem öðlast hefur leyfið fyrir gildistöku laga þessara.

3. Eignaraðild starfandi lyfsala og lyfjafræðinga (aðstoðarlyfjafræðinga) er heimil að fyrirtækjum sem rekin eru í hlutafélagsformi, ef eignaraðild hvers þeirra fer ekki fram yfir 5% eignarhlut. Fyrirtæki, sem starfa í bága við 39. gr. við gildistöku laga þessara, hafa 5 ára frest til að aðlaga sig þeim.

4. Lyfjaverslun ríkisins er heimilt, uns ráðherra ákveður, að starfa í rekstrarlegum tengslum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hafa sameiginlegt skrifstofuhald með henni.

Lög um eiturefni og hættuleg efni. **1968**

I. kafli. Upphafsákvæði. Nr. 85 31. des.

Eiturefni og hættuleg efni.

■ **1. gr.** [**Eiturefni** (sterkt eitur; eitur) eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum I og II yfir eiturefni, svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sbr. 2. gr.) og landlæknis.

□ **Hættuleg efni** eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum III, IVA, IV B og V yfir hættuleg efni, svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sbr. 2. gr.) og landlæknis.][1]

[1] *L. 27/1973, 1. gr.*

Eiturefnanefnd.

■ **2. gr.** Ráðherra skipar 4 menn í **eiturefnanefnd** til 6 ára í senn samkvæmt tillögum landlæknis. Einn nefndarmanna skal vera eiturefnafræðingur (toxikolog), og er hann formaður nefndarinnar. Annar nefndarmanna skal vera lyfjafræðingur (candidatus pharmaciae). Þriðji nefndarmanna skal vera efnafræðingur (efnaverkfræðingur) og fjórði skal vera heilsufræðingur eða maður með heilsufræðilega þekkingu.

□ [Eiturefnanefnd gerir tillögur um röðun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. Nefndin gerir einnig tillögur um gerð nýrra lista, ef þörf gerist. Ráðherra staðfestir listana með reglugerð. Nefndin skal gera lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 14. gr. Eiturefnanefnd má kveðja til ráðuneytis um framkvæmd annarra laga, ef þörf gerist (sbr. einnig 15. gr. 1. málsgr.).][1]

□ [Þegar nefndin fjallar um eiturefni og hættuleg efni, sem notuð eru í garðyrkju, landbúnaði eða við grasrækt, tekur sæti í nefndinni maður, sem landbúnaðarráðuneytið tilnefnir, og er hann sérfróður um slík málefni.][2]

□ Nefndin getur kvatt sérfróða menn sér til ráðuneytis, ef þörf gerist.

☐ Kostnað við störf eiturefnanefndar skal greiða úr ríkissjóði.

☐ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar.

[1] *L. 27/1973, 2. gr.* [2] *S. l. 3. gr.*

■ **3. gr.** Ákvæði laga þessara taka ekki til eiturefna og hættulegra efna, ef þau eru notuð samkvæmt ákvæðum:

1. lyfsölulaga, nr. 30 29. apríl 1963[1] (lyf, dýralyf),

2. laga um eyðingu á minkum og refum, nr. 52 5. júní 1957, sbr. lög nr. 9 19. marz 1964, enda er notkun eiturefna og hættulegra efna í þessu skyni óheimil nema með samþykki eiturefnanefndar (sbr. einnig 5. gr. 3. málsgr.),

3. laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23 1. febr. 1952,[2]

4. laga um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau, nr. 69 23. júní 1936,[3]

5. laga um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, nr. 95 20. des. 1962.

[1] *Sjá l. 49/1978.* [2] *Nú l. 46/1980.* [3] *Nú l. 46/1977.*

II. kafli. Ákvæði varðandi eiturefni.

Framleiðsla eiturefna.

■ **4. gr.** Eiturefni mega þeir einir framleiða, er til þess hafa fengið leyfi ráðherra, enda mæli öryggismálastjóri og eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa.

☐ Blöndun og þynning eiturefna og pökkun í söluhæf ílát og umbúðir, þar með talið umpökkun og umhelling, svo og íburður í klæði, skoðast framleiðsla, nema öðruvísi sé ákveðið (sbr. 5. gr. 2. málsgr.).

Viðtaka eiturefna.

■ **5. gr.** Þeir einir, er hér greinir, mega veita viðtöku, kaupa, selja eða flytja inn eiturefni:

1. framleiðendur eiturefna, sbr. 4. gr.,

2. forstöðumenn efnagerða, efnaverksmiðja eða annarra fyrirtækja, er tilkynnt hafa öryggismálastjóra, að við rekstur eða framleiðslu fyrirtækjanna sé þörf tiltekinna eiturefna,

3. Lyfjaverzlun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverzlanir,

4. lyfjabúðir og læknar (dýralæknar), sem hafa leyfi til lyfjasölu,

5. verzlanir, sem fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra,

6. spítalar og viðurkenndar rannsóknastofur,

7. einstaklingar 18 ára eða eldri, er framvísa þeim aðilum, er greinir í 1.—5. tölulið, sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum gildum leyfum til kaupa á eiturefnum, sbr. 6. gr.

☐ Fyrirtækjum, sem greind eru í 3., 4. og 5. tölulið að framan og verzla með eiturefni, er þó heimilt (sbr. 4. gr. 2. málsgr.) að vega þau sundur, blanda eða þynna og umpakka eða umhella í ný, söluhæf ílát.

☐ Ákvæði þessi varðandi sölu og innflutning gilda einnig um eiturefni til útrýmingar á minkum og refum (sbr. 3. gr. 2. tölulið).

Eiturkaup einstaklinga.

■ **6. gr.** Einstaklingar mega kaupa eiturefni til eigin nota, ef þeir framvísa sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum gildum leyfum til kaupa á eiturefnum, sbr. 7. tölulið 1. málsgr. 5. gr.

☐ Lögreglustjóri gefur út eiturbeiðnir. Láta má úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni, ef um er að ræða efni, sem talið er á lista I, en þrisvar sinnum ef um er að ræða efni, sem talið er á lista II. Eiturbeiðnir gilda lengst í eitt ár frá útgáfudegi.

☐ Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín. Má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnum, er gilda til 1—3 ára í senn.

☐ Setja skal í reglugerð[1] nánari ákvæði lútandi að útgáfu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa, afgreiðslu þeirra og varðveizlu.

☐ Hlíta skal um kaup á eiturefnum til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra fyrirmælum þar að lútandi, er sett verða í reglugerð (sbr. 14. gr.).

[1] *Rg. 131/1971.*

Útlát eiturefna.

■ **7. gr.** Eiturefni má einungis selja eða afhenda þeim, sem er **18 ára eða eldri.** Eigi má afhenda eiturefni, ef ástæða er til þess að ætla að viðkomandi kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, ölvunar, vanþroska, vanstillingar eða fákunnáttu o. s. frv.

☐ Fyrirtæki og einstaklingar, er um ræðir í 1.—5. tölulið 1. málsgr. 5. gr., mega einir láta úti og selja eiturefni. Fyrirtæki, sem talin eru í 2. tölulið mega einungis selja eiturefni svo fremi, að efnin séu hluti af venjulegri framleiðsluvöru þeirra. Heimilt er að selja á frjálsum markaði varning, er inniheldur tiltekin eiturefni, enda skal þá gæta fyrirmæla að þessu lútandi, er sett verða í reglugerð (sbr. 16. gr.). Auglýsa skal sérstaklega slíkar undanþágur (sbr. 21. gr.) frá 5. gr. laganna.

■ **8. gr.** Eiturefni skal láta úti og selja í **sterkum og velluktum ílátum.** Ílátin skulu vera þannig útlits eða svo greinilega auðkennd, að ekki verði villzt á þeim og ílátum, sem notuð eru undir lyf, matvæli og fóðurvörur eða önnur óskaðleg efni. Á ílátum skal geta innihalds og á ílátum og yztu umbúðum um eiturefni skulu vera **íslenzk eiturmerki,** svo og nauðsynleg varnaðarorð, sbr. 17. gr.

☐ Eiturmerki má ekki nota á ílát og umbúðir um önnur efni en þau, sem talin eru á listum I og II, nema slíkt sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum.

Varðveizla eiturefna.

■ **9. gr.** Fyrirtæki og einstaklingar, sbr. 5. gr., skulu hlíta ákvæðum laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum varðandi varðveizlu eiturefna og ákvæðum laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum svo fremi, að nefnd lög taki til þeirra. Um Lyfjaverzlun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverzlanir og lyfjabúðir (sbr. 3. og 4. tölulið 1. málsgr. 5. gr.), gilda enn fremur ákvæði lyfsölulaga.[1]

☐ Hlíta skal í verzlunum, er leyfi hafa til þess að selja eiturefni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. 5. tölulið 1. málsgr. 5. gr.), fyrirmælum að þessu lútandi, er sett verða í reglugerð (sbr. 14. gr.).

☐ Í spítölum og viðurkenndum rannsóknastofum (sbr. 6. tölulið 1. málsgr. 5. gr.) skal varðveita eiturefni í umbúðum seljanda eða í öðrum umbúðum jafntrygg-

um. Einstaklingar (sbr. 7. tölulið 1. málsgr. 5. gr.) skulu varðveita eiturefni í umbúðum framleiðanda (seljanda).

☐ Eiturefni skal jafnan varðveita tryggilega og þannig, að þau séu **skilin frá** matvælum og dýrafóðri, einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig, að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

[1] *Nú lyfjalög, 49/1978.*

III. kafli. Ákvæði varðandi hættuleg efni.

Útlát hættulegra efna.

■ **10. gr.** Hættuleg efni skal láta úti og selja í **sterkum og velluktum ílátum.** Ílátin skulu vera þannig útlits eða auðkennd, að ekki verði villzt á þeim og ílátum, sem notuð eru undir lyf, matvæli, dýrafóður eða önnur óskaðleg efni. Ílátin skulu vera greinilega merkt og getið innihalds. Á ílátum og yztu umbúðum skulu enn fremur vera **varnaðarorð á íslenzku,** sbr. 17. gr.

Varðveizla hættulegra efna.

■ **11. gr.** Hættuleg efni skal varðveita í umbúðum seljanda eða öðrum umbúðum jafntryggum.

☐ Hættuleg efni skal varðveita tryggilega og þannig, að þau séu **skilin frá** matvælum og dýrafóðri, einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig, að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

Hættulegar lofttegundir.

■ **12. gr.** Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um notkun hættulegra lofttegunda, er ekki hafa lækningagildi og greindar eru á lista V.

IV. kafli. Sameiginleg ákvæði.

Almenn ákvæði um notkun.

■ **13. gr.** Nota ber eiturefni og hættuleg efni með **gát og varúð** og þannig, að ekki hljótist af tjón á mönnum og húsdýrum eða matvæli mengist af efnunum (sjá 15. gr.), sbr. einnig ákvæði laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

☐ Nú myndast eða koma fram eiturefni eða hættuleg efni, sem úrgangsefni við iðnrekstur, annan atvinnurekstur eða á annan hátt. Skal þess þá jafnan gætt, að efnin valdi ekki tjóni á mönnum (sbr. ákvæði laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum) og húsdýrum, né mengi umhverfið (andrúmsloft, jarðveg og vötn, þar með talið grunnvatn og vatnsból) þannig, að mönnum, dýrum eða plöntum geti stafað hætta af. Ráðherra setur eftir tillögum landlæknis og eiturefnanefndar í reglugerð nánari ákvæði til þess að koma í veg fyrir mengun lofts, láðs og lagar af völdum eiturefna og hættulegra efna, ef þörf gerist.

[**Ákvæði um skráningu eiturefna og hættulegra efna til sérstakra nota.**

■ **14. gr.** Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð má því einungis selja eða flytja til landsins og nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni, þar með talin aflífunarefni, að þau hafi sérstaklega verið skráð á listum yfir slík efni, annaðhvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda, sbr. 2. mgr. 2. gr. Ákvæði þessi taka einnig til örvera eða hluta lífvera („biological products"), ef þau eru notuð í sama skyni. Ráðherra setur nánar ákvæði um framangreint efni í reglugerð.

☐ Ráðherra getur að fengnum tillögum eiturefnanefndar látið ákvæði 1. mgr. um skráningu á lista einnig ná til eiturefna og hættulegra efna, sem ætluð eru til annarra nota en þar segir, svo sem fúavarnarefna, fegrunar- og snyrtiefna og lífrænna leysiefna. Skal þá kveða nánar á um skráningu slíkra efna í reglugerð, þ. á m. um notkun og bann við notkun.][1]

[1] *L. 19/1981, 1. gr.*

Ákvæði um matvæli og fóðurvörur.

■ **15. gr.** Eiturefni og hættuleg efni má ekki setja í eða blanda saman við matvæli (þar á meðal sælgæti) eða fóðurvörur, nema það sé sérstaklega heimilað í reglugerð samkv. lögum þessum, lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum eða öðrum lögum. Leita skal álits eiturefnanefndar um íblöndun hvers konar aukefna í matvæli og fóðurvörur, sem ætlaðar eru til sölu almenningi.

☐ Nú er talin hætta á, að matvæli eða fóðurvörur mengist við framleiðslu eða á annan hátt af tilteknum eiturefnum eða hættulegum efnum og þannig, að mönnum eða dýrum geti orðið að tjóni. Ráðherra getur þá í reglugerð að fengnum tillögum landlæknis og eiturefnanefndar kveðið nánar á um hið mesta magn slíkra efna, er vera megi í hverri þyngdar- eða lagareiningu (g, ml).

Nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna.

■ **16. gr.** Ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og eiturefnanefndar nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna, hvort sem efnin eru notuð hrein, í blöndum eða á annan hátt í samsetningum.

Nánari fyrirmæli um ílát o. fl.

■ **17. gr.** Eiturefnanefnd (sjá 2. gr.) gerir tillögur um gerð íláta og umbúðir, merkingu, eiturmerki og varnaðarorð eða varnaðarmerki varðandi útlát, sölu og varðveizlu eiturefna og hættulegra efna. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli að þessu lútandi.

Flutningur.

■ **18. gr.** Um flutning eiturefna og hættulegra efna með skipum, bifreiðum, loftförum, svo og í pósti, skal fara samkvæmt lögum þeim og reglum, er við eiga og í gildi eru hverju sinni. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um hvers konar flutning á eiturefnum og hættulegum efnum.

Notuð ílát. Förgun eiturefna og hættulegra efna.

■ **19. gr.** Tómum flöskum, öðrum ílátum, svo og umbúðum, sem hafa haft eiturefni eða hættuleg efni að geyma, skal farga eða hreinsa þannig, að mönnum eða dýrum stafi ekki hætta af. Að öðrum kosti skal endursenda ílát og umbúðir, luktar og merktar á viðeigandi hátt.

☐ Eigi má farga meiri háttar birgðum af eiturefnum eða hættulegum efnum, nema með samþykki viðkomandi embættislæknis eða eftirlitsmanns, sbr. 20. gr. Ef um er að ræða takmarkað magn nánar tiltekinna efna, er heimilt að farga þeim án vitundar viðkomandi embættislæknis, enda skal þá fara eftir settum fyrirmælum þar að lútandi.

Framkvæmd og eftirlit.

■ **20. gr.** Landlæknir hefur umsjá með málum, er varða eiturefni og hættuleg efni, undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál.

1968 Nr. 85 31. des.

☐ Eiturefnanefnd gerir tillögur um framkvæmd laga þessara, og hversu eftirliti með eiturefnum og hættulegum efnum skuli nánar háttað, sbr. 2. gr., sbr. einnig næstu málsgr.

☐ Eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara hefur öryggismálastjóri svo fremi, að það sé í verkahring hans, en að öðrum kosti lögreglustjórar, embættislæknar og eftirlitsmenn samkvæmt lyfsölulögum, svo og aðrir, er tilnefndir kunna að verða.

☐ Kostnað við framkvæmd og eftirlit skal greiða úr ríkissjóði.

☐ Framangreindir embættismenn og eiturefnanefnd, svo og aðrir, sem tilnefndir kunna að verða, eiga rétt á að skoða verzlanir, verksmiðjur og vinnustaði, þar sem seld eru eða umpökkuð, framleidd, varðveitt eða notuð eiturefni og hættuleg efni eða framleiddur er varningur, sem hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að mönnum og dýrum getur stafað hætta af. Þeim er einnig heimilt að rjúfa umbúðir og taka úr þeim sýnishorn til nánari athugunar og rannsóknar. Eigandi sýnishorns getur krafizt kvittunar úr hendi þess embættismanns, er sýnishornið tekur. Á kvittun skal greina magn og tegund sýnishornsins. Handhafi kvittunarinnar á síðar gegn framvísun hennar rétt á endurgreiðslu úr hendi innflytjanda eða framleiðanda.

☐ Embættismenn þeir, er um ræðir í 3. og 5. málsgr., geta krafizt þess, að framleiðandi eða innflytjandi gefi yfirlýsingu samkvæmt beztu vitund um innihald eiturefna eða hættulegra efna í tilteknum varningi, svo sem fegrunar- og snyrtiefnum, matvælum og fóðurvöru. Innflytjandi eða framleiðandi sá, er slíka yfirlýsingu gefur, getur krafizt þess, að með hana sé farið sem trúnaðarmál.

Undanþágur.

■ **21. gr.** Ráðherra getur eftir tillögum landlæknis og eiturefnanefndar heimilað, að **undanþiggja** megi eiturefni og hættuleg efni eða varning, sem hefur slík efni að geyma, að nokkru eða öllu leyti ákvæðum þessara laga. Undanþágur má þó einungis veita svo fremi, að fullnægt sé skilyrðum, sem sett kunna að verða hverju sinni (sbr. 16. gr.) eða greind eru í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt heimild í öðrum lögum. Auglýsa skal allar undanþágur frá ákvæðum laganna.

Refsingar.

■ **22. gr.** Um mál, er rísa kunna út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, fer að hætti opinberra mála.

■ **23. gr.** Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt, og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi, allt að 2 árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

☐ Eiturefni og hættuleg efni, sem inn eru flutt ólöglega eða seld eða framleidd eru ólöglega innanlands, má gera upptæk með dómi og einnig ágóða af slíkri ólöglegri starfsemi. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

V. kafli. Niðurlagsákvæði.

■ **24. gr.** Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð er ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og eiturefnanefndar.

1968 Nr. 85 31. des.

■ **25. gr.** ...

☐ Með lögum þessum eru numin úr gildi fyrirmæli í lögum, er brjóta í bága við ákvæði laga þessara.

☐ Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsreglum um málefni, sem lög þessi taka til og ekki fara í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram, unz þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum settum samkvæmt lögum þessum.

Lög um ávana- og fíkniefni.

1974 Nr. 65 21. maí

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt fyrir Íslands hönd að gerast aðili að alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni.

☐ Hugtakið ávana- og fíkniefni í lögum þessum tekur einnig til ávana- og fíknilyfja.

■ **2. gr.** Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna, sem talin eru upp í 6. gr. laga þessara, er óheimil á íslensku forráðasvæði samkvæmt því sem nánar segir í 4. málsgr.

☐ Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð, að varsla og meðferð annarra ávana- og fíkniefna, sem sérstaklega mikil hætta er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum, sé á sama hátt óheimil á íslensku forráðasvæði.

☐ Ráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og þá aðeins eftir þeim reglum og skilyrðum, er hann setur. Slíkar undanþágur eru ávallt afturtækar.

☐ Innflutningur, útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna, er greinir í 1. og 2. málsgr., er bannaður, með þeirri undantekningu, sem getur um í 3. mgr.

■ **3. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að efni, sem ekki falla undir 2. gr., en geta haft hættu í för með sér vegna eiginleika þeirra sem ávana- og fíkniefna og skráð eru sem slík í alþjóðasamningum, megi aðeins nota hér á landi í læknisfræðilegum og vísindalegum tilgangi. Sama er um efni, sem vísindalegar rannsóknir benda til, að haft gætu slíka hættu í för með sér.

☐ Inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla efna þeirra, er greinir í 1. málsgr., er einungis heimil lyfsölum og þeim, sem ráðherra hefur veitt sérstakt leyfi til slíks. Ráðherra getur sett frekari takmarkanir um slíka starfsemi og hann getur takmarkað og afturkallað leyfi hvenær sem er.

☐ Kaup og móttaka efna, er greinir í 1. málsgr., frá lyfsölum, svo og varsla efnanna er einnig heimil þeim, sem við þeim tekur samkvæmt lögum og almennum reglum um lyfseðla og aðrar lyfjaávísanir.

☐ Að öðru leyti er inn- og útflutningur, sala, kaup, skipti, afhending, móttaka, framleiðsla, tilbúningur og varsla þessara efna bönnuð.

■ **4. gr.** Ákvæðum 2. og 3. greinar verður einnig beitt, eftir því sem við á, um hráefni, sem unnt er að vinna úr eða breyta í ávana- og fíkniefni.

■ **5. gr.** [Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum ...[1)], varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem fær eða reynir að fá leyfi (undanþágu) samkvæmt lögum þessum eða reglum sett-

1974 Nr. 65 21. maí

um samkvæmt þeim með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða með því að leggja í sviksamlegum tilgangi launung á atriði, er máli skipta í þessu, eða brýtur skilyrði fyrir veittu leyfi. Enn fremur skal sá sæta sömu refsingu, sem gefur rangar skriflegar upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang eða stöðu sína, er hann leitar eftir lyfseðli eða annarri ávísun á þau lyf eða efni, sem um getur í 3. og 4. grein.][2)]

□ Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

□ Heimilt er að refsa fyrir brot á lögum þessum, ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

□ Gera skal upptæk til ríkissjóðs efni þau, er lög þessi taka til og aflað hefur verið á lögmætan[3)] hátt eða eru á annan hátt í ólögmætri vörslu.

□ Þá skal og heimilt að gera upptækt til ríkissjóðs andvirði ólögmætrar sölu efna, sem lög þessi taka til, svo og hvers konar muni, sem notaðir hafa verið eða ætlaðir eru til ólögmætrar meðferðar efnanna.

[1)] *L. 75/1982, 9. gr.* [2)] *L. 60/1980, 1. gr.* [3)] *Svo í Stjórnartíð., en hlýtur að eiga að vera „ólögmætan" eins og ljóst má vera af samhengi.*

■ **6. gr.** Eftirtalin ávana- og fíkniefni falla undir 2. gr. 1. mgr.: Asetorfín, Desómorfín, DET, DMHP, DMT, Etorfín, Heróín, Kannabis (Marihuana) og Kannabis harpeis, Ketóbemídón, Lýsergíð (LSD, LSD-25), Meskalín (peyote), Parahexýl, Psílosíne, Psílotsín, Psílocybín, STP, DOM, Tetrahýdrócannabínólar, allir ísómerar.

1929 Nr. 7 14. júní

Lög um tannlækningar.

A. Skilyrði fyrir tannlækningaleyfi.

■ **1. gr.** Rétt til að fara með sjálfstæðar tannlækningar hér á landi hefur aðeins sá, er fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. Hefur lokið tannlækningaprófi í tannlæknaskóla, er viðurkenndur er af heilbrigðisstjórn ríkisins.

2. Talar og skilur fullkomlega íslenzka tungu.

3. Hefur að afloknu prófi (ef námstími skólans er aðeins 3 ár) verið að minnsta kosti eitt ár aðstoðarmaður við lækningar hjá viðurkenndum tannlækni hér á landi, eða á annan hátt aflað sér álíka þekkingar og reynslu í tannlækningum, að áliti heilbrigðisstjórnar.

4. [Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.][1)]

□ Sá, er æskir tannlækningaleyfis, skal færa heilbrigðisstjórn sönnur á, að framangreindum skilyrðum sé fullnægt. Einnig skal hann undirrita drengskaparheit, stílað að fyrirmælum heilbrigðisstjórnar, um að gæta fullrar tannlæknisskyldu í starfi sínu.

□ Sá, er fullnægir fyrsta skilyrðinu, getur haft á hendi aðstoðartannlækningar, og með leyfi landlæknis getur hann um stundarsakir gegnt störfum sjálfstæðra tannlækna í forföllum þeirra.

[1)] *L. 27/1961, 1. gr.*

■ [**1. gr. a.** Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

□ Ráðherra staðfestir reglur um nám sérfræðinga, sem skulu settar af nefnd, er ráðherra skipar. Sú nefnd skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin skal þannig skipuð, að prófessorinn í tannlækningum við læknadeild Háskólans er formaður hennar, en tveir nefndarmenn skulu tilnefndir af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn. Með sama hætti skal enn fremur tilnefna tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

□ Tannlæknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir nefnd þeirri, sem að framan getur, að hann hafi lokið tilskildu sérfræðinámi í sérgrein, sem viðurkennd er samkvæmt fyrrnefndum reglum, og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.][1)]

[1)] *L. 36/1963, 1. gr.*

1929 Nr. 7 14. júní

■ **2. gr.** Þeir læknar, sem hafa almennt læknisleyfi, mega ekki kalla starf sitt tannlækningar, þótt þeir stundi þær, nema þeir hafi annaðhvort lokið tannlæknaprófi eða einhverju slíku sérprófi, sem heilbrigðisstjórnin metur gilt.

□ Dómsmálaráðuneytið getur þó fyrst um sinn, með ráði landlæknis, veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

B. Starfssvið tannlækna.

■ **3. gr.** Starfssvið tannlækna tekur yfir meðferð á alls konar tannsýki, þar með talið alls konar tannfyllingar, tannútdráttur og brota, tannhreinsun með verkfærum eða lyfjum, lagfæring óreglulegra tanna og tannréttingar, að brúfesta tennur og tanngarða (crown- and bridgework) o. s. frv., og enn fremur meðferð kvilla í slímhimnu munnsins, tannholdi og kjálkum, er af tannsýki stafa.

□ Tannlæknum er heimilt að beita alls konar deyfingum á tönnum, tannholdi og kjálkum, en svæfing (narcose) skal beitt af lækni, er almennt læknisleyfi hefur, eða af tannlækni að honum viðstöddum.

■ **4. gr.** [Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær þó ekki til lækna, ef þeir sanna heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein, og ekki til þeirra tannsmiða, er þegar hafa fengið leyfi til að starfa sjálfstætt, enda haldi þeir þá þessu leyfi fyrst um sinn, þar til ákveði verða sett í lögum um réttindi þeirra og skyldur.][1)]

[1)] *L. 62/1947, 1. gr.*

■ **5. gr.** Tannlæknum er heimilt að afla sér með lyfseðlum allra þeirra lyfja, sem þeir þarfnast við lækningar sínar, og nota þau tæki og hjálparmeðul, er fram koma á hverjum tíma, ef þeir þurfa við starfa sinn.

C. Almenn ákvæði.

■ **6. gr.** Tannlæknar lúta eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins. Skyldir eru þeir til að gefa landlækni skýrslu um, hvar þeir reka starfa sinn.

■ **7. gr.** Óheimilt er þeim, er ekki hafa tannlækningaleyfi, að auglýsa, að þeir fáist við tannlækningar, ísetning tanna, deyfingar eða lyfjanotkun til tannlækninga, eða bjóðast til þess á annan hátt.

■ **8. gr.** [Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi ef sakir eru miklar, nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum.][1)]

[1)] *L. 10/1983, 20. gr.*

■ **9. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 27/1961, 2. gr.*

■ **10. gr.** Lög þessi ná ekki til þeirra lækna, sem nú

1929 Nr. 7 14. júní

stunda tannlækningar, né heldur til þeirra, sem nú hafa takmarkað tannlækningaleyfi hér á landi.

1933 Nr. 17 19. júní

Ljósmæðralög.

■ **1. gr.** Rétt til að kalla sig ljósmæður eða yfirsetukonur og stunda ljósmæðrastörf hér á landi hafa þær konur einar sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í Ljósmæðraskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar eru taldar til þess hæfar.

□ Ráðherra getur veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig ljósmæður og stunda ljósmæðrastörf, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti til þess hæfar að dómi aðalkennara Ljósmæðraskólans og landlæknis.

■ **2. gr.** Hverri sýslu landsins skal skipta í ljósmæðraumdæmi, og gerir sýslunefnd það með samþykki ráðherra. Skipa skal eina ljósmóður til að gegna hverju umdæmi, og hefur hún þar aðsetur, er sýslunefnd þykir hæfa. Um stundarsakir má þó, ef nauðsyn krefur og með ráði héraðslæknis, fela skipaðri ljósmóður að gegna nágrannaumdæmum ásamt sínu umdæmi. Í hverjum kaupstað skal vera skipuð ljósmóðir, ein eða fleiri. Því ræður bæjarstjórn, hversu margar þær eru.

■ **3. gr.** Sýslumaður skipar ljósmóður í umdæmi eftir tillögum sýslunefndar og fær þeim veitingarbréf, en í kaupstöðum bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður)[1] eftir tillögum bæjarstjórnar.

□ Ekki má skipa ljósmæður í kaupstaðarumdæmi, nema þær hafi að loknu tilskildu námi verið að minnsta kosti eitt ár aðstoðarljósmæður á fæðingardeild Landspítalans, eða notið framhaldsmenntunar sem því svarar, að dómi aðalkennara Ljósmæðraskólans og landlæknis.

□ Jafnan skal leita álits hlutaðeigandi héraðslæknis áður en ljósmóðir er skipuð. Ef héraðslæknir telur hana óhæfa til starfsins, skal fresta skipuninni og skjóta því máli undir fullnaðarúrskurð landlæknis.

[1] *L. 74/1972, 2. gr.*

■ **4. gr.** [Launakjör skipaðra ljósmæðra skulu ákveðin með kjarasamningum eða af kjaradómi á sama hátt og laun opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 55 28. apríl 1962.[1]

□ Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði.

□ Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði. Launin greiða sýslumenn ársfjórðungslega fyrir fram.

□ Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

□ Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við skólastjóra og aðalkennara Ljósmæðraskóla Íslands, hver þau skuli vera.][2]

[1] *Nú l. 29/1976.* [2] *L. 39/1976, 1. gr.*

■ **5. gr.** [Ljósmóðir, sem skipuð er í starf samkvæmt lögum þessum, á rétt á orlofi ár hvert á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn.][1]

[1] *L. 39/1976, 2. gr.*

■ **6. gr.** Ljósmóðir, sem ekki er skipuð, en óskar að setjast að í umdæmi sem starfandi ljósmóðir, skal tilkynna það hlutaðeigandi héraðslækni, leggja fyrir hann skilríki sín og sanna honum, að hún hafi nauðsynleg áhöld til jafns við áhöld skipaðra ljósmæðra. Sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður)[1] getur með ráði héraðslæknis bannað henni að stunda ljósmóðurstörf í umdæminu, ef hún hefur ekki tilskilin áhöld, eða ef ætla má, að umdæmið verði ofsett ljósmæðrum, ef hún bætist við, svo að hætta geti orðið á, að því haldist ekki á skipaðri ljósmóður. Ef ljósmóðir er bannað að stunda ljósmóðurstörf í umdæmi af hinni síðartöldu ástæðu, má hún þó leita úrskurðar bæjarstjórnar eða sýslunefndar.

[1] *L. 74/1972, 2. gr.*

■ **7. gr.** Allar starfandi ljósmæður, skipaðar eða óskipaðar, eru skyldar til að láta aðstoð sína tafarlaust í té hverri þeirri sængurkonu í umdæminu, er gerir boð eftir þeim.

□ Nú baga ljósmóður veikindi eða önnur lögleg forföll, og eru þá ljósmæður í næstu umdæmum skyldar að gegna, ef þær mega því við koma án þess að vanrækja sín umdæmi.

□ Allar ljósmæður, þó óstarfandi séu, eru skyldar til, ef þær eru nærstaddar og ekki næst í skipaða eða starfandi ljósmóður — nema því alvarlegri forföll banni — að veita sængurkonu nauðsynlegustu hjálp, unz til starfandi ljósmóður hefur náðst.

■ **8. gr.** ...[1]

[1] *L. 23/1947, 2. gr.*

■ **9. gr.** [Landlæknir skal í samráði við aðalkennara Ljósmæðraskólans semja reglugerð, er ráðherra staðfestir, um skyldur ljósmæðra og gjöld fyrir ljósmóðurstörf þau, er þær inna af hendi.

□ Ef sængurkona er svo fátæk, að hún, þrátt fyrir ákvæði 34. gr. laga um almannatryggingar frá 7. maí 1946,[1] getur ekki borgað, þá á ljósmóðir heimting á, að sveitarsjóður greiði henni þóknun fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.][2]

[1] *Nú l. 67/1971.* [2] *L. 23/1947, 3. gr.*

■ **10. gr.** [Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum. Fyrir ítrekað brot og mikilsháttar er rétt að svipta ljósmóður rétti til ljósmæðrastarfs um stundarsakir eða að fullu. Fara skal með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.][1]

[1] *L. 10/1983, 21. gr.*

■ **11. gr.** Sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður)[1] má víkja skipaðri ljósmóður frá starfi sínu, ef hún að dómi héraðslæknis hefur brotið alvarlega af sér sem ljósmóðir, einkum ef hún hefur oftar en einu sinni skorazt undan að vitja sængurkvenna tafarlaust og að forfallalausu, ef hún hefur ljóstrað upp trúnaðarmáli, sem hún hefur komizt að sem ljósmóðir, eða ef hún hefur gert sig seka um óafsakanleg afglöp eða óhæfu í ljósmæðrastörfum. Á sama hátt má banna starfandi ljósmóður ljósmóðurstörf í umdæmi fyrir tilsvarandi sakir. Ef um einhverja óhæfu er að ræða að dómi landlæknis og aðalkennara Ljósmæðraskólans, má ráðherra svipta ljósmóður rétti til ljósmóðurstarfa, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

[1] *L. 74/1972, 2. gr.*

1933 Nr. 17 19. júní

■ **12. gr.** Ákvæði 1. málsgr. 1. greinar ná ekki til þeirra lærðra ljósmæðra, sem rétt hafa til ljósmæðrastarfa hér á landi, þegar lög þessi ganga í gildi, þó að þær hafi ekki lokið námi eins og þar segir.

□ Ekki má banna starfandi ljósmóður ljósmóðurstörf í umdæmi samkvæmt 6. grein, ef hún hefur starfað þar áður en lögin ganga í gildi, nema hún hafi ekki tilskilin áhöld til ljósmóðurstarfa.

1938 Nr. 86 11. júní

Lög um lífeyrissjóð ljósmæðra.

■ **1. gr.** Sjóðurinn heitir lífeyrissjóður ljósmæðra, og er hann eign ríkisins.

■ **2. gr.** [Stofnfé sjóðsins myndast af framlagi ríkissjóðs, 23 000 krónum á ári, og árlegum iðgjöldum lögskipaðra ljósmæðra, 4% af launum þeirra samkv. ljósmæðralögum, að meðtalinni dýrtíðaruppbót, og skal iðgjaldinu haldið eftir við útborgun launanna.][1)]

□ Um iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga lífeyrissjóðs ljósmæðra til lífeyrissjóðs Íslands fer eftir ákvæðum síðustu málsgr. 49. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.[2)]

[1)] *L. 114/1940, 1. gr.* [2)] *Nú l. 67/1971.*

■ **3. gr.** Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum.

■ **4. gr.** Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, formaður Ljósmæðrafélags Íslands, ein ljósmóðir, er kosin skal á aðalfundi Ljósmæðrafélags Íslands, en 3 menn í stjórnina skal ríkisstjórnin velja til þriggja ára, og gengur einn úr árlega, í fyrsta sinn eftir hlutkesti. Stjórn sjóðsins skal kjósa formann fyrir sjóðinn á fyrsta fundi, er hún heldur á árinu. Sjóðsstjórnin skal vinna kauplaust.

■ **5. gr.** Tryggingastofnun ríkisins hefur á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvorttveggja eftir tilvísun sjóðsstjórnarinnar.

■ **6. gr.** Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikning skal semja jafnframt ársreikningi ríkissjóðs, endurskoða og úrskurða á sama hátt og aðra reikninga ríkisins.

■ **7. gr.** Sjóðsstjórnin heldur fundi svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða, og má ekkert fé greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar.

■ **8. gr.** Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver lögskipuð ljósmóðir, sem starfað hefur sem lögskipuð ljósmóðir í 15 ár eða meira, og hættir störfum, eftir að sjóðurinn tekur til starfa, af ástæðum, er sjóðsstjórnin telur lögmætar. Lögmæt ástæða til að hætta störfum er aðeins sjúkdómur eða elli. Upphæð lífeyris skal fara eftir því, sem um getur í 11. gr. Þær fyrrverandi ljósmæður, sem nú fá sérstaklega veitt eftirlaun samkvæmt ákvæðum í fjárlögum eða samkvæmt ákvæðum ljósmæðralaga, fá árlega sömu eftirlaun greidd úr sjóðnum sem þær hafa nú, og þó ekki hærri upphæð en þeim bæri samkvæmt 10.—13. gr., miðað við núverandi launakjör ljósmæðra.

■ **9. gr.** Ljósmæður, er starfa í bæjum og tryggð eru sömu eftirlaun og öðrum föstum starfsmönnum bæjanna, gjalda ekki til sjóðsins og njóta ekki réttinda samkvæmt þessum lögum. Í þeim bæjum, þar sem eftirlaunamálum starfsmanna hefur ekki enn verið skipað, skulu þó ljósmæður, sem laun taka af bænum, hafa frjálsan aðgang að því að njóta réttinda þessara laga, með sömu kjörum og aðrar ljósmæður, þangað til þessum málum hefur verið skipað. Sama gildir um ljósmæður þær, sem starfa við fæðingardeild Landsspítalans.

□ [Iðgjald og lífeyrir ljósmæðra, sem njóta réttinda samkv. þessari grein, skal þó aldrei miðast við hærri upphæð en hámarkslaun ljósmæðra samkv. ljósmæðralögum.][1)]

[1)] *L. 114/1940, 2. gr.*

■ **10. gr.** [Upphæð lífeyris miðast við meðalárslaun hlutaðeigandi ljósmóður samkv. ljósmæðralögum síðustu 5 árin áður en hún lætur af starfi. Til árslaunanna teljast laun og dýrtíðaruppbót.][1)]

[1)] *L. 114/1940, 3. gr.*

■ **11. gr.** Fullur lífeyrir skal miðaður við árslaun samkvæmt 10. gr. og við fjölda þeirra ára, er ljósmóðirin hefur starfað sem lögskipuð ljósmóðir, hvort heldur óslitið eða með millibili. Ef ljósmóðir lætur af störfum án þess vegna veikinda sé, verður hún þó að vera fullra 60 ára til þess að njóta lífeyris. Fyrir minna en 15 ára starf greiðist enginn lífeyrir.

Fyrir	15–16	ára	starf	veitast	30%
–	16–17	–	–	–	33%
–	17–18	–	–	–	36%
–	18–19	–	–	–	39%
–	19–20	–	–	–	42%
–	20–21	–	–	–	45%
–	21–22	–	–	–	48%
–	22–23	–	–	–	51%
–	23–24	–	–	–	54%
–	24–25	–	–	–	57%
–	25 ára	starf	eða	meira	60%

af meðallaunum síðustu 5 ára

Standi upphæð lífeyris samkvæmt þessum útreikningi ekki á heilum tug króna, skal hækka hann svo, að standi á tug.

■ **12. gr.** Verði ljósmóðir ófær til allra starfa vegna slyss, sem hendir hana sökum starfs hennar sem ljósmóðir, skal hún fá greiddan jafnháan lífeyri úr sjóðnum og þær, er starfað hafa í 25 ár. Verði hún seinna vinnufær, fellur greiðslan niður.

■ **13. gr.** Láti ljósmóðir eftir sig föðurlaus börn innan 16 ára aldurs, skulu þau fá úr sjóðnum allt að 200 kr. árlega hvert fram til 16 ára aldurs, eftir úrskurði sjóðsstjórnar. Gildir það jafnt, hvort sem um skilgetin eða óskilgetin börn er að ræða.

■ **14. gr.** Í desembermánuði ár hvert semur stjórn sjóðsins skrá yfir þá, er lífeyris skulu njóta á næsta ári, og gerir samþykkt um breytingar jafnskjótt og tilefni er til.

■ **15. gr.** Lífeyrir greiðist árlega 1. dag júnímánaðar, og þá beint til hlutaðeiganda. Lífeyri til barna veitir móttöku fjárráðamaður þeirra. Áður en tryggingastofnunin greiðir lífeyri, skal hún fá uppgefinn embættisaldur viðkomandi hjá sjóðsstjórninni.

■ **16. gr.** Umsóknir um lífeyri úr sjóðnum skulu sendar formanni sjóðsins fyrir 1. des. ár hvert, og skal tekið fram, hve lengi og hvar viðkomandi hefur starfað.

1938 Nr. 86 11. júní

■ **17. gr.** [Nú lætur ljósmóðir af störfum án þess að fá lífeyri úr sjóðnum, og skal þá endurgreiða iðgjöld þau án vaxta, er hún hefur greitt til sjóðsins. Af endurgreiðsluupphæðinni skal fyrst greiða lífeyrissjóði Íslands upphæð þá, sem honum ber samkvæmt síðustu málsgrein 49. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937,[1] og síðan afganginn til hlutaðeigandi ljósmóður.][2]

[1] *Nú l. 67/1971.* [2] *L. 114/1940, 4. gr.*

1974 Nr. 8 13. mars

Hjúkrunarlög.

■ **1. gr.** [Rétt til að stunda hjúkrun og kalla sig hjúkrunarfræðing hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi ráðherra.

□ Þeim sem þess óska fremur skal heimilt að nota starfsheitin hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður.][1]

[1] *L. 32/1975, 1. gr.*

■ **2. gr.** Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hefur prófi í hjúkrunarfræðum frá hjúkrunarskóla hér á landi eða frá Háskóla Íslands.

□ Ráðherra getur og veitt hjúkrunarleyfi öðrum, er lokið hafa jafngildu námi erlendis og eru að öðru leyti hæfir að dómi hjúkrunarráðs, er ráðherra skipar. Hjúkrunarráð skal skipað 3 mönnum til fjögurra ára og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af menntamálaráðuneyti og einn af Hjúkrunarfélagi Íslands.

□ Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu, skulu hafa kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.

■ **3. gr.** Enginn má kalla sig sérfræðing í hjúkrun, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

□ Ráðherra setur reglugerð um skilyrði til að öðlast sérfræðileyfi að fengnum tillögum hjúkrunarráðs. Hjúkrunarfélag Íslands skal tilnefna [tvo sérfróða hjúkrunarfræðinga][1] til þátttöku með ráðinu í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá [þeir][1] þá atkvæðisrétt í ráðinu.

□ Hjúkrunarráð skal einnig fjalla um veitingu sérfræðileyfa.

[1] *L. 32/1975, 2. gr.*

■ **4. gr.** Ekki má ráða aðra en [hjúkrunarfræðinga][1] samkv. 1. gr. til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrastofnanir, elliheimili, heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum.

[1] *L. 32/1975, 2. gr.*

■ **5. gr.** [Hjúkrunarfræðingi][1] ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér þær nýjungar, er varða hjúkrun.

□ Ráðherra getur sett reglur um viðhaldsmenntun.

[1] *L. 32/1975, 2. gr.*

■ **6. gr.** [Hjúkrunarfræðingum][1] er skylt að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er [þeir][1] fá vitneskju um í starfi sínu, nema lög bjóði annað, og helst þagnarskyldan, þótt [þeir][1] láti af starfi.

□ Skylda til þess að bera vitni fyrir rétti er takmörkuð í samræmi við þetta og ákvæði réttarfarslaga um vitnaskyldu embættis- og sýslunarmanna og sérákvæði slíkra laga um lækna.

[1] *L. 32/1975, 2. gr.*

■ **7. gr.** Ef [hjúkrunarfræðingur][1] vanrækir skyldur sínar eða brýtur gegn heilbrigðislöggjöf landsins að dómi landlæknis, skal landlæknir áminna [hann].[1] Komi áminningin ekki að haldi, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að hlutaðeigandi skuli sviptur hjúkrunarleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstóla.

□ Nú hefur [hjúkrunarfræðingur][1] verið [sviptur][1] hjúkrunarleyfi samkv. 1. mgr., og er þá ráðherra heimilt að veita [honum][1] leyfið aftur, enda liggi fyrir meðmæli landlæknis.

[1] *L. 32/1975, 2. gr.*

1974 Nr. 8 13. mars

■ **8. gr.** Heimilt er að þjálfa sjúkraliða til aðstoðar við hjúkrun, og skal nám þeirra, starfsréttindi og skyldur ákveðið í reglugerð.

□ Ákvæði 6. og 7. gr. gilda einnig um sjúkraliða eftir því, sem við á.

■ **9. gr.** Heilbrigðismálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um efni laga þessara.

■ **10. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

□ Með mál út af brotum á löggjöfinni skal fara að hætti opinberra mála.

□ Sektir samkvæmt löggjöfinni renna í ríkissjóð.

1965 Nr. 16 24. apríl

Lög um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

■ **1. gr.** Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

■ **2. gr.** Sjóðfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir, sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

■ **3. gr.** Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður Hjúkrunarfélags Íslands, landlæknir og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni til þriggja ára í senn, og er hann formaður stjórnarinnar.

■ **4. gr.** Stjórn sjóðsins heldur fund svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða. Ekkert fé má greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðsstjórnarinnar.

□ [Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum.][1]

□ Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

[1] *L. 17/1978, 1. gr.*

■ **5. gr.** Tryggingastofnun ríkisins hefur á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvort tveggja eftir tilvísun sjóðsstjórnarinnar. Þóknun fyrir starf Tryggingastofnunarinnar fer eftir samkomulagi milli hennar og sjóðs-

stjórnarinnar. Náist ekki samkomulag, ákveður félagsmálaráðherra þóknunina.

■ **6. gr.** Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal birtur með ársreikningum Tryggingastofnunar ríkisins og endurskoðaður á sama hátt og þeir.

■ **7. gr.** Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver sjóðfélagi, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 5 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 65 ára aldur, ef viðkomandi hefur makalífeyristryggingu í sjóðnum, en ella við 60 ára aldur.

□ Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

■ **8. gr.** Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og launaflokki samkvæmt 1. málsgrein 13. greinar. Hann er 1,6% fyrir hvert ár, sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins í lægsta launaflokki, og hækkar um 0,02% við hvern flokk upp í 2% af launum fyrir hvert ár í hæsta flokki. Fyrir hvert námsár reiknast 1,6%. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum í öllum flokkum, en 2% fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og sjóðfélaginn hefur öðlazt rétt til að fá ellilífeyri.

□ Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 60 til 67 ára uppbót á ellilífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Því til sönnunar ber viðkomanda að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar. Við ákvörðun um uppbót á lífeyri skal sjóðsstjórnin hafa hliðsjón af heimilisástæðum viðkomandi sjóðfélaga og afstöðu hans til að nýta þá starfskrafta, sem hann kann að hafa.

□ Til launa telst eigi aðeins laun greidd í peningum, heldur fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni, og skal verðmæti þeirra fríðinda talið hið sama og þau eru metin til skatts.

■ **9. gr.** Sjóðfélagar, sem verða vegna örorku fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af launum, eða verða að hætta störfum sökum varanlegrar örorku, eftir að þeir öðluðust aðild að sjóðnum, eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meiri en 10%.

□ Hámark örorkulífeyris miðast við áunnin lífeyrisrétt samkvæmt 8. gr. að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til hjúkrunarstarfsins, skal þó reikna áunnin lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til þess tíma, er hann hefði öðlazt ellilífeyrisrétt. Áunnin lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma. Ef um nema er að ræða, skal miða við laun almennra hjúkrunarkvenna á þeim spítala, sem viðkomandi starfaði.

□ Sé örorkan milli 10% og 50%, er örorkulífeyririnn sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginganna. Þegar sjóðfélagi, sem er metinn undir 75% öryrki, nær 60 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 8. greinar. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

□ Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris. Örorkumatið skal framkvæmt af trúnaðarlækni sjóðsins, og skal það aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélagans til að gegna hjúkrunarstörfum.

□ Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja í sjóðnum hjúkrunarkonur, er starfa í þeirra þjónustu.

□ Þrátt fyrir örorku getur enginn sjóðfélagi fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

■ **10. gr.** Stjórn sjóðsins getur heimilað sjóðfélögum að tryggja maka sínum makalífeyri úr sjóðnum gegn því, að viðkomandi sjóðfélagi öðlist ekki ellilífeyrisrétt fyrr en frá og með 65 ára aldri. Umsókn um slíkt verður sjóðfélaginn að hafa sent áður en hann nær 55 ára aldri. Sjóðfélagi, sem hefur þannig afsalað sér réttinum til að fá ellilífeyri frá 60 ára aldri, getur ekki öðlazt þann rétt aftur. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir veitingu makalífeyristryggingar, að viðkomandi sjóðfélagi sé heilsuhraustur og afli að minnsta kosti eins mikilla peningatekna með vinnu sinni og maki hans. Stjórn sjóðsins getur krafizt þess, að umsækjandi leggi fram vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar sitt.

□ Nú andast sjóðfélagi, sem notað hefur heimildarákvæði þessarar greinar, og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, samkvæmt þeim reglum, er fara hér á eftir.

□ Upphæð makalífeyris ákvarðast þannig, að samanlagður makalífeyrir úr sjóðnum og maka- og ellilífeyrir, sem makinn kann að eiga rétt á frá almannatryggingum, er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélagans hefur verið 30 ár eða skemmri, er hundraðshluti þessi 20% af greindum launum að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár, sem hinn látni hafði starfað, eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum, en um 1% fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.

□ Sé makalífeyrir samkv. næstu málsgrein hér á undan lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatryggingunum, það, sem á vantar, að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim, sem nefndir eru í 3. málsgr. þessarar greinar.

□ Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

□ Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

□ Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra, í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

■ **11. gr.** Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni sjóðfélagi séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá sjóðfélagi lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

□ Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

□ Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

□ Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

■ **12. gr.** Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem hærra var launað.

□ Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um, er viðkomandi heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs trúnaðarlæknis sjóðsins til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

■ **13. gr.** Sjóðfélagar skulu greiða iðgjöld til sjóðsins, er séu ákveðinn hundraðshluti af launum, mismunandi eftir upphæð launa. Hundraðshluti þessi getur verið lægstur 2¼, en hæstur 4¼, og skal hann ákveðinn á sama hátt og hjá sjóðfélögum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 29/1963.

□ Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

□ Launagreiðendur greiði í iðgjöld til sjóðsins 6% af launum þeim, er sjóðfélagar taka hjá þeim. Launagreiðendum ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt eigin iðgjöldum til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Vanræki launagreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

□ Iðgjöld skal reikna af föstum launum að meðtöldum fríðindum, svo sem fæði og húsnæði, ef slík fríðindi fylgja stöðunni, sbr. 3. mgr. 8. greinar.

■ **14. gr.** Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Stjórn sjóðsins ákveður vextina með hliðsjón af ávöxtun sjóðsins. Hafi hann verið sjóðfélagi í 5 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðsstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans, sbr. 8. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 30 ár, skal barnalífeyrir ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 11. gr. skal margföldud með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 30 ár.

□ Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

□ Láti sjóðfélagi um stundarsakir af starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, er honum heimilt að greiða iðgjöld fyrir þann tíma, er hann var í burtu, enda hafi hann verið við framhaldsnám eða unnið að hjúkrunarstörfum, sem ekki veita aðgang að sjóðnum.

■ **15. gr.** Nú flyzt sjóðfélagi, er verið hefur í þessum lífeyrissjóði, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir

1965 Nr. 16 24. apríl

viðkomandi sjóðfélaga í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

□ Sjóðsstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

□ Á tilsvarandi hátt er sjóðsstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna sjóðfélaga, er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því, er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

□ Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum, að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar, er sjóðfélaginn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs, frá því hann var ráðinn, og að hann sé eldri en 30 ára, þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

■ **16. gr.** Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðsstjórnarinnar. Sjóðsstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til.

■ **17. gr.** Allar hjúkrunarkonur, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu vera skyldutryggðar í sjóði þessum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur, er starfa að hjúkrun, enda sé viðkomandi eigi ráðinn til skemmri tíma en eins árs, eða með að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

□ [Einnig er heimilt að taka í sjóðinn hjúkrunarkonur, sem starfa að félagsmálum hjúkrunarkvenna á vegum Hjúkrunarfélags Íslands, enda séu ráðningarkjör þeirra hin sömu og hjúkrunarkvenna, sem starfa við hjúkrun hjá öðrum aðilum en opinberum aðilum.][1)]

[1)] *L. 14/1969, 1. gr.*

■ **18. gr.** Ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggja hjúkrunarkonur í sjóði þessum, ábyrgjast hver fyrir sinn hóp greiðslur úr honum. Nú reynist einhver aðili, sem tryggt hefur hjúkrunarkonur í sjóðnum, ekki fær um að standa við ábyrgðarskuldbindingu sína, og er ríkissjóður þá bakábyrgur.

□ Lífeyrir greiðist með 1/12 árslífeyris fyrirfram á hverjum mánuði.

■ **19. gr.** Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

1965 Nr. 16 24. apríl

■ **20. gr.** Frá og með 1. janúar 1964 hafa allar hjúkrunarkonur öðlazt full réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiða frá sama tíma fullt gjald til þeirra. Stjórn sjóðsins semur við Tryggingastofnun ríkisins um uppgjör fyrir liðinn tíma í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga um það atriði.

□ Hjúkrunarkonur, sem fengið hafa lífeyri fyrir gildistöku laga þessara, skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum laga þessara frá gildistöku þeirra. Ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggt hafa hjúkrunarkonur í sjóðnum, endurgreiða honum mismuninn á þeim lífeyri, sem þannig verður greiddur, og þeim lífeyri, er viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum.

■ **21. gr.** Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum hjúkrunarkvenna, sbr. 8., 9. og 10. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggt hafa hjúkrunarkonur í sjóðnum, honum þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

■ **22. gr.** Ákvæði þessara laga gilda einnig um karla, er annast hjúkrunarstörf og hafa réttindi til þess samkvæmt hjúkrunarlögum.

Lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

1971 Nr. 64 16. apríl

■ **1. gr.** Orðið heilbrigðistæknir er í lögum þessum notað sem samheiti þeirra, sem lokið hafa viðurkenndu námi tæknimenntaðs starfsfólks við lækningar.

[□ Lög þessi gilda ekki um tannsmiði, enda falli úr gildi reglugerð nr. 92/1974, um tannsmíði.][1)]

[1)] *L. 39/1980, 1. gr.*

■ **2. gr.** Rétt til að starfa hér á landi sem heilbrigðistæknar hafa þeir einir, sem lokið hafa prófi í einhverri grein heilbrigðistækni og hlotið löggildingu heilbrigðismálaráðherra að afloknu bóklegu og verklegu námi.

□ Ráðherra setur reglugerð með nánari ákvæðum um náms- og menntunarskilyrði fyrir hverja stétt heilbrigðistækna.

■ **3. gr.** Rétt til að kalla sig hér á landi starfsheiti, sem að mati heilbrigðisyfirvalda fellur undir samheitið heilbrigðistæknir, hafa þeir einir, er hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra.

■ **4. gr.** Heilbrigðistæknir starfar við heilbrigðisstofnun eða við kennslustofnun heilbrigðisstétta. Ekki má heilbrigðistæknir starfa nema undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

■ **5. gr.** Óheimilt er að ráða til heilbrigðistæknistarfa aðra en þá, sem heilbrigðismálaráðherra hefur veitt löggildingu samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða um heilbrigðistækna.

■ **6. gr.** Um heilbrigðistækna gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknalaga, nr. 80 23. júní 1969.

□ Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi heilbrigðistækna, um sviptingu löggildingar þeirra og um endurveitingu starfsréttinda.

□ Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **7. gr.** Auk þeirra reglugerða, sem kveðið er á um í

1971 Nr. 64 16. apríl

2. grein, getur ráðherra sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

1976 Nr. 58 31. maí

Lög um sjúkraþjálfun.[1)]

[1)] *Láðst hefur að fella úr gildi l. 31/1962.*

■ **1. gr.** Rétt til að starfa sem sjúkraþjálfari hér á landi og kalla sig sjúkraþjálfara hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

■ **2. gr.** Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem hafa lokið prófi við skóla, sem viðurkenndur er fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis áður en leyfi er veitt.

■ **3. gr.** Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því, að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til þess að stunda sjúkraþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

■ **4. gr.** Sjúkraþjálfari starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu.

■ **5. gr.** Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.

■ **6. gr.** Óheimilt er að ráða til hvers konar sjúkraþjálfarastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. 2. eða 3. grein.

■ **7. gr.** Sjúkraþjálfara er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk, sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans. Aðstoðarfólk þetta hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstætt verkefni á neinu sviði, sem undir sjúkraþjálfun fellur.

■ **8. gr.** Sjúkraþjálfara ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða sjúkraþjálfun.

■ **9. gr.** Sérhverjum sjúkraþjálfara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkv. lögum eða eðli málsins. Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki sjúkraþjálfara og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

■ **10. gr.** Verði landlæknir þess var, að sjúkraþjálfari vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli laga eða heilbrigðisyfirvalda, skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

■ **11. gr.** Um sjúkraþjálfara gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota sjúkraþjálfara, um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu leyfis.

□ Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **12. gr.** Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

1977 Nr. 75 31. des.

Lög um iðjuþjálfun.

■ **1. gr.** Rétt til að starfa sem iðjuþjálfi hér á landi og kalla sig iðjuþjálfa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

■ **2. gr.** Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa prófi við skóla, sem viðurkenndur er fullkominn iðjuþjálfaskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar stjórnar námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknis, áður en leyfi er veitt.

■ **3. gr.** Nú uppfyllir maður skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því, að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, og er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi til þess að stunda iðjuþjálfun, enda hafi stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands og landlæknir mælt með leyfisveitingunni.

■ **4. gr.** Iðjuþjálfi starfar við hæfingu og endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu.

■ **5. gr.** Ekki má iðjuþjálfi taka sjúkling til meðferðar án samráðs við lækni.

■ **6. gr.** Óheimilt er að ráða til hvers konar iðjuþjálfastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. 2. eða 3. gr.

■ **7. gr.** Iðjuþjálfa er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk, sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans. Aðstoðarfólk þetta hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstætt verkefni á neinu sviði, sem undir iðjuþjálfun fellur.

■ **8. gr.** Iðjuþjálfa ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða iðjuþjálfun.

■ **9. gr.** Sérhverjum iðjuþjálfa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli málsins. Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki iðjuþjálfa og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

■ **10. gr.** Verði landlæknir þess var, að iðjuþjálfi vanrækir skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt eða brýtur í bága við fyrirmæli laga eða heilbrigðisyfirvalda, skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og ber þá landlækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

■ **11. gr.** Um iðjuþjálfa gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota iðjuþjálfa, um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu leyfis.

□ Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **12. gr.** Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þar til námsbraut í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands tekur til starfa skal leita umsagnar Iðjuþjálfafélags Íslands um þau atriði, sem stjórn námsbrautar í iðjuþjálfun við Háskóla Íslands er ætlað að fjalla um í lögum þessum.

1978 Lög um þroskaþjálfa.

Nr. 18 28. apríl

■ **1. gr.** Rétt til þess að starfa sem þroskaþjálfi hér á landi og kalla sig þroskaþjálfa hefur sá einn, er til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

■ **2. gr.** Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands (áður Gæslusystraskóli Íslands).

□ Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands, þar sem námið er stundað. Áður en leyfi er veitt skv. þessari málsgrein skal leita umsagnar Félags þroskaþjálfa og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

■ **3. gr.** Þroskaþjálfar starfa við þjálfun, uppeldi og umönnun þroskaheftra.

■ **4. gr.** Óheimilt er að ráða til þroskaþjálfastarfa aðra en þá, sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

■ **5. gr.** Þroskaþjálfa ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða þroskaþjálfun.

■ **6. gr.** Þroskaþjálfa er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

■ **7. gr.** Um þroskaþjálfa gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1969 með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m. a. um sviptingu og endurveitingu starfsréttinda, og um refsingu vegna brota þroskaþjálfa.

■ **8. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **9. gr.** Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

1978 Lög um lyfjafræðinga.

Nr. 35 11. maí

I. kafli. Starfsleyfi lyfjafræðinga.

■ **1. gr.** Rétt til þess að kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, er hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra.

■ **2. gr.** Umsóknir um leyfisveitingu skal stíla til ráðherra, er sendir þær umsagnar landlæknis og til þeirrar deildar Háskóla Íslands þar sem lyfjafræði lyfsala (pharmacy) er kennd.

■ **3. gr.** Rétt til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. 1. gr., hefur sá einn, sem lokið hefur háskólaprófi eða hliðstæðu prófi í lyfjafræði lyfsala, sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands. Enn fremur skal hann fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Vera íslenskur ríkisborgari, sbr. þó ákvæði 17. gr.
2. Vera lögráða.
3. Vera heilbrigður andlega og líkamlega.
4. Hafa unnið að minnsta kosti eitt ár við framleiðslu lyfja, tilbúning, merkingu og afgreiðslu, eða önnur lyfjafræðistörf hér á landi.
5. Hafa lokið prófi í íslenskri lyfjalöggjöf, ef umsækjandi hefur eigi áður lokið slíku prófi við Háskóla Íslands.

□ Heimilt er að víkja að hluta eða að öllu frá ákvæðum 4. töluliðs að framan, ef sérstakar ástæður mæla með að dómi þeirra, sem nefndir eru í 2. gr.

□ Eigi má veita starfsleyfi, sbr. 1. gr., ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi umsækjanda.

II. kafli. Starfsleyfi aðstoðarlyfjafræðinga.

■ **4. gr.** Rétt til þess að kalla sig aðstoðarlyfjafræðing (examinatus pharmaciae) og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, er hefur fengið til þess leyfi heilbrigðismálaráðherra.

■ **5. gr.** Umsóknir um leyfisveitingu skal stíla til ráðherra, er sendir þær til umsagnar sömu aðilum og taldir eru í 2. gr.

■ **6. gr.** Rétt til þess að öðlast starfsleyfi, sbr. 4. gr., hefur sá einn sem lokið hefur aðstoðarlyfjafræðingsprófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi, sem metið er gilt að dómi fastráðinna kennara í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands. Auk þess gilda ákvæði 3. gr. 1.—5. töluliðs og 2.— 4. málsgr. sömu gr.

□ Fyrrihlutapróf frá Lyfjafræðingaskóla Íslands skal jafngilda aðstoðarlyfjafræðingsprófi við Háskóla Íslands.

■ **7. gr.** Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfsréttindi aðstoðarlyfjafræðinga.

III. kafli. Starfsleyfi lyfsala. Lyfsöluleyfi.

■ **8. gr.** Lyfsali nefnist sá lyfjafræðingur, sem veitt hefur verið starfsleyfi til að reka lyfjabúð, og hefur hafið rekstur hennar.

■ **9. gr.** Umsækjandi um lyfsöluleyfi skal vera lyfjafræðingur, sbr. ákvæði I. kafla. Sömu kröfur skal gera til forstöðumanna annarra stofnana í lyfjadreifingu og lyfjaframleiðslu.

■ **10. gr.** Um veitingu lyfsöluleyfa, sérstakar skyldur og réttindi lyfsala og forstöðumanna, sbr. 9. gr., búnað og rekstur lyfjabúða og annað að því lútandi fer samkvæmt gildandi lögum og reglum settum samkvæmt þeim.

IV. kafli. Starfsskyldur.

■ **11. gr.** Lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar og lyfsalar skulu í starfi sínu gæta fyllstu árvekni, samviskusemi, trúmennsku og vandvirkni í hverju einu.

■ **12. gr.** Lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar og lyfsalar eru bundnir þagnarskyldu að viðlagðri ábyrgð samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um alla vitneskju eða grun um sjúkdóma eða önnur einkamál, sem þeir kunna að öðlast í starfi. Þeir skulu þó skýra landlækni og Lyfjaeftirliti ríkisins eða öðru yfirvaldi frá vitneskju sinni, ef ætla má, að einstaklings- eða almannaheill krefjist. Þeim ber skylda til að tjá sig fyrir dómi samkvæmt ákvæðum gildandi laga. Ef lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur starfar á vegum lyfsala eða forstöðumanns, sbr. 9. gr., skal hann skýra lyfsalanum eða forstöðumanninum frá vitneskju sinni, en hann síðan tilkynna landlækni, lyfjaeftirliti eða öðrum yfirvöldum.

□ Ákvæði 1. mgr. um þagnarskyldu taka og til lyfjatækna, meinatækna, ritara og annarra samstarfsmanna lyfjafræðinga, aðstoðarlyfjafræðinga eða lyfsala, er vegna starfa sinna kunna að öðlast sömu vitneskju um sjúkdóma og einkamál manna.

V. kafli. Missir starfsréttinda.

■ **13. gr.** Landlæknir og Lyfjaeftirlit ríkisins geta lagt til við ráðherra, að lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur verði sviptur starfsleyfi, ef hann vegna

1978 Nr. 35 11. maí

drykkjuskaparóreglu, fíknilyfjanotkunar eða fíkniefnanotkunar, geðveiki eða annarra veikinda, vegna alvarlegs hirðuleysis eða ódugnaðar telst lítt hæfur eða óhæfur til þess að sinna starfi sínu. Ef ráðherra fellst á álit landlæknis og lyfjaeftirlits, sviptir hann lyfjafræðinginn eða aðstoðarlyfjafræðinginn starfsleyfi sínu, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

□ Aðila skal gefinn kostur á að tjá sig skriflega eða munnlega um málið, áður en ráðherra ræður því til lykta.

■ **14. gr.** Ráðherra má veita lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi aftur starfsleyfi það, er hann hefur verið sviptur, sbr. 13. gr., enda séu þá forsendur leyfissviptingarinnar brott fallnar, og þeir aðilar, sem nefndir eru í 2. gr., mæli með.

■ **15. gr.** Ef lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur fremur refsiverðan verknað, má með dómi í opinberu máli svipta hann starfsleyfi um tiltekinn tíma eða ótímabundið. Ákæruvaldið skal gefa ráðherra kost á því að tjá sig um sakarefni, áður en mál er höfðað. Heimilt er að veita hinum dæmda starfsleyfi á ný eftir afplánun refsingar, ef fyrir liggja meðmæli þeirra, sem nefndir eru í 2. gr.

VI. kafli. Sérfræðingaleyfi.

■ **16. gr.** Ráðherra setur í reglugerð,[1)] að fengnum tillögum þeirrar deildar Háskóla Íslands þar sem lyfjafræði lyfsala er kennd, fyrirmæli um veitingu sérfræðingsleyfa handa lyfjafræðingum, er hafa aflað sér sérfræðingsmenntunar í einhverri megingrein lyfjafræði lyfsala (lyfjaefnafræði, lyfjagerðarfræði o. fl.) eða í öðrum greinum, sem kenndar eru lyfjafræðingsefnum, svo sem lífefnafræði (biochemistry), lyfjafræði lækna (pharmacology), eiturefnafræði (toxicology). Áður en reglugerðin er sett, skal leita umsagnar Lyfjafræðingafélags Íslands og Apótekarafélags Íslands. Að jafnaði skal eigi líða skemmri tími en fimm ár frá því lyfjafræðingur fékk starfsleyfi og þar til honum er veitt sérfræðingsleyfi.

□ Veiting sérfræðingsleyfa tekur ekki til aðstoðarlyfjafræðinga. Þó má víkja frá þessu ákvæði, ef aðstoðarlyfjafræðingur hefur lokið vísindavinnu, sem metin er gild til doktorsprófs.

□ Leita skal álits þeirrar deildar Háskóla Íslands, þar sem lyfjafræði lyfsala er kennd, um umsækjendur um sérfræðingsleyfi, sbr. 1. mgr.

[1)] *Rg. 449/1978.*

VII. kafli. Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

■ **17. gr.** Ráðherra getur veitt mönnum, sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, starfsleyfi samkvæmt I. og II. kafla laga þessara, ef þeir fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum, sem þar eru sett.

■ **18. gr.** Ákvæði laga þessara um veitingu starfsleyfis lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga ná ekki til þeirra, sem starfsréttindi hafa hlotið samkvæmt lyfsölulögum nr. 30/1963, þegar lögin ganga í gildi.

□ Þeir lyfjafræðingar, sem hlotið hafa sérfræðiviðurkenningu Lyfjafræðingafélags Íslands, halda henni eins og um veitingu sérfræðingsleyfis skv. 10. gr. hafi verið að ræða.

□ Önnur ákvæði þessara laga, þar á meðal ákvæðin um starfsskyldur og sviptingu leyfis, ná einnig til þeirra, sem hafa starfsréttindi lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga, þegar lögin ganga í gildi, á sama hátt og þeir hefðu öðlast starfsréttindi samkvæmt þessum lögum.

1978 Nr. 35 11. maí

Lög um meinatækna.

1980 Nr. 99 29. des.

■ **1. gr.** Rétt til þess að starfa sem meinatæknir hér á landi og kalla sig meinatækni hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

■ **2. gr.** Leyfi samkv. 1. gr. má aðeins veita þeim, sem lokið hafa prófi frá meinatæknadeild Tækniskóla Íslands.

□ Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað. Áður en leyfið er veitt skv. þessari málsgrein skal leita umsagnar Meinatæknafélags Íslands og meinatæknadeildar Tækniskóla Íslands.

■ **3. gr.** Takmarkað og/eða tímabundið starfsleyfi má einnig veita þeim, sem eru í starfi, þegar lög þessi öðlast gildi en uppfylla ekki skilyrði 2. gr. Slíkt leyfi má því aðeins veita, að fyrir liggi umsögn Meinatæknafélags Íslands. Slíku leyfi fylgir ekki réttur til þess að kallast meinatæknir.

■ **4. gr.** Óheimilt er að ráða til meinatæknastarfa aðra en þá sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

■ **5. gr.** Meinatækni ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða starfið.

■ **6. gr.** Meinatæknar skulu aðeins starfa undir handleiðslu og á ábyrgð sérfræðings á viðkomandi sviði.

■ **7. gr.** Meinatækni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

■ **8. gr.** Um meinatækna gilda, að öðru leyti og eftir því sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1968[1)] með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m. a. um sviptingu og endurfengi starfsréttinda, og um refsingu vegna brota meinatækna.

[1)] *Svo í Stjtíð. Á að vera l. 80/1969.*

■ **9. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **10. gr.** Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Lög um félagsráðgjöf.

1975 Nr. 41 27. maí

■ **1. gr.** Rétt til að kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrigðisráðherra.

■ **2. gr.** Leyfi samkv. 1. grein má aðeins veita þeim, sem lokið hefur prófi frá félagsráðgjafaskóla sem viðurkenndur er af heilbrigðisyfirvöldum að fenginni umsögn Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

■ **3. gr.** Takmörkuð og/eða tímabundin réttindi má einnig veita þeim, sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi, en uppfylla ekki skilyrði 2. gr.

□ Slíkt leyfi má því aðeins veita að fyrir liggi meðmæli þeirrar stofnunar, sem umsækjandi vinnur hjá. Jafnframt skal leita umsagnar Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

■ **4. gr.** Óheimilt er að ráða til félagsráðgjafastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. 2. grein, með þeim undantekningum, sem leiðir af ákvæðum 3. greinar.

■ **5. gr.** Félagsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku

1975 Nr. 41 27. maí

um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

■ **6. gr.** Um félagsráðgjafa gilda að öðru leyti og eftir því sem við getur átt reglur læknalaga, nr. 80 23. júní 1969, með áorðnum breytingum.

□ Reglur læknalaga gilda m. a. um viðurlög við brotum í starfi félagsráðgjafa, um sviptingu löggildingar þeirra og endurveitingu starfsréttinda.

■ **7. gr.** Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

■ **8. gr.** Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

1975 Nr. 25 22. maí

Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

I. kafli. Ráðgjöf og fræðsla.

■ **1. gr.** Gefa skal fólki kost á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

□ Landlæknir hefur á höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu slíkrar ráðgjafar og fræðslu.

■ **2. gr.** Aðstoð skal veita, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Fræðsla og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
3. Kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks.
4. Ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð, sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð.

■ **3. gr.** Ráðgjafarþjónusta þessi skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum og má vera í starfstengslum við mæðranefnd, kvensjúkdómadeildir, geðvernd, fjölskylduráðgjöf og félagsráðgjafaþjónustu.

■ **4. gr.** Að ráðgjafarþjónustunni skulu starfa læknar, félagsráðgjafar, ljósmæður, hjúkrunarfólk og kennarar, eftir því sem þörf krefur.

■ **5. gr.** Allar viðurkenndar getnaðarvarnir skulu fást hjá ráðgjafarþjónustunni. Unnið skal að því að auðvelda almenningi útvegun getnaðarvarna, m. a. með því, að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra.

■ **6. gr.** Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, tekur til þess, sem hér segir:

1. Læknishjálp.
2. Þungunarprófanir.
3. Ráðgjafar- og stuðningsviðtöl.
4. Félagsleg aðstoð.
5. Aðstoð við umsókn og tilvísun til sjúkrahúss.

■ **7. gr.** Fræðsluyfirvöld skulu í samráði við skólayfirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum.

II. kafli. Um fóstureyðingar.

■ **8. gr.** Fóstureyðing samkvæmt lögum þessum er læknisaðgerð, sem kona gengst undir í því skyni að binda endi á þungun, áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska.

■ **9. gr.** Fóstureyðing er heimil:

1. **Félagslegar ástæður:** Þegar ætla má, að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Við slíkar aðstæður skal tekið tillit til eftirfarandi:

a. Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.

b. Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.

c. Þegar konan getur ekki vegna ásku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt.

d. Annarra ástæðna, séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar aðstæður.

2. **Læknisfræðilegar ástæður:**

a. Þegar ætla má, að heilsu konu, líkamlegri eða andlegri, sé hætta búin af áframhaldandi meðgöngu og fæðingu.

b. Þegar ætla má, að barn, sem kona gengur með, eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi vegna erfða eða sköddunar í fósturlífi.

c. Þegar sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu konu eða manns til að annast og ala upp barn.

3. Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.

■ **10. gr.** Fóstureyðing skal framkvæmd eins fljótt og auðið er og helst fyrir lok 12. viku meðgöngutímans.

□ Fóstureyðing skal aldrei framkvæmd eftir 16. viku meðgöngutímans, nema fyrir hendi séu ótvíræðar læknisfræðilegar ástæður og lífi og heilsu konunnar stefnt í því meiri hættu með lengri meðgöngu og/eða fæðingu. Einnig skal fóstureyðing leyfileg eftir 16 vikur, séu miklar líkur á vansköpun, erfðagöllum eða sköddun fósturs.

□ Slíkar undanþágur eru aðeins heimilar að fenginni skriflegri heimild nefndar, skv. 28. gr.

■ **11. gr.** Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd greinargerð tveggja lækna, eða læknis og félagsráðgjafa sé eingöngu um félagslegar ástæður að ræða, enda sé hann starfandi í viðkomandi heilsugæsluumdæmi. Annar þessara lækna sé sérfræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús, þar sem aðgerðin fer fram, en hinn að jafnaði sá læknir eða félagsráðgjafi, sem ráðlagt hefur konunni að leita sjúkrahúss þessara erinda.

□ Þar sem ástæða þykir til skal viðkomandi sérfræðingur styðjast við álitsgerð geðlæknis, sé um geðræna sjúkdóma að ræða.

■ **12. gr.** Áður en fóstureyðing má fara fram, er skylt að konan, sem sækir um aðgerðina, hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerðinni og hún hafi hlotið fræðslu um, hvaða félagsleg aðstoð henni stendur til boða í þjóðfélaginu. Öll ráðgjöf og fræðsla skal veitt á óhlutdrægan hátt.

■ **13. gr.** Umsókn, greinargerð og vottorð skulu rituð á þar til gerð eyðublöð, sem landlæknir gefur út.

□ Eftirfarandi atriða skal gætt:

1. Kona skal skrifa sjálf undir greinargerð og umsókn um fóstureyðingu.

2. Sé kona vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða af öðrum ástæðum ófær um að gera sér grein

1975 Nr. 25 22. maí

fyrir nauðsyn aðgerðarinnar, þá er heimilt að veita leyfi til aðgerðarinnar skv. umsókn lögráðamanns.

3. Sé kona yngri en 16 ára eða svipt sjálfræði, skulu foreldrar eða lögráðamaður taka þátt í umsókn með henni nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

4. Sé þess kostur, skal maðurinn taka þátt í umsókn konunnar, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

5. Hætti kona við aðgerð ber henni að staðfesta þann vilja sinn skriflega. Sé konu synjað um aðgerð á sjúkrahúsi skal henni og þeim, er undir greinargerð rita, tilkynnt það strax skriflega. Getur konan þá tafarlaust leitað þeirra úrræða, sem kveðið er á um í 28. gr., og er þeim, sem undir greinargerð hefur ritað, skylt að aðstoða hana í því.

■ **14. gr.** Sjálfri aðgerðinni skal hagað eftir fyllstu viðurkenndum kröfum læknisfræðinnar til tryggingar því að konunni verði sem minnst um aðgerðina. Sama gildir og um allan aðbúnað konu er aðgerðin fer fram.

■ **15. gr.** Einungis læknar mega framkvæma fóstureyðingu. Fóstureyðingu má aðeins framkvæma í sjúkrahúsum, þar sem sérfræðingur á sviði kvenlækninga eða sérfræðingur í almennum skurðlækningum starfar og ráðherra hefur viðurkennt í þessu skyni.

■ **16. gr.** Áður en kona, sem gengist hefur undir fóstureyðingu, útskrifast af sjúkrahúsinu, skulu henni veittar leiðbeiningar um getnaðarvarnir. Ef konan er gift eða í sambúð, skal maðurinn, ef mögulegt er, einnig hljóta leiðbeiningar um getnaðarvarnir.

□ Einnig skal konunni gert að skyldu að koma í eftirrannsókn að ákveðnum tíma liðnum til læknisskoðunar og viðtals.

III. kafli. Um ófrjósemisaðgerðir.

■ **17. gr.** Ófrjósemisaðgerð er samkvæmt lögum þessum, þegar sáðgöngum karla eða eggvegum kvenna er lokað og þannig komið í veg fyrir, að viðkomandi auki kyn sitt.

■ **18. gr.** Ófrjósemisaðgerð er heimil samkvæmt þessum lögum:

I. Að ósk viðkomandi, ef hún/hann, sem er fullra 25 ára, óskar eindregið og að vel íhuguðu máli eftir því að komið verði í veg fyrir að hún/hann auki kyn sitt, og ef engar læknisfræðilegar ástæður eru til staðar, sem mæli gegn aðgerð.

II. Sé viðkomandi ekki fullra 25 ára:

1. Ef ætla má að heilsu konu sé hætta búin af meðgöngu og fæðingu.

2. Ef fæðing og forsjá barna yrði of mikið álag fyrir hana/hann með hliðsjón af lífskjörum fjölskyldunnar og af öðrum ástæðum.

3. Ef sjúkdómur, líkamlegur eða geðrænn, dregur alvarlega úr getu hennar/hans til að annast og ala upp börn.

4. Þegar ætla má að barn viðkomandi eigi á hættu að fæðast vanskapað eða haldið alvarlegum sjúkdómi, vegna erfða eða sköddunar á fósturstigi.

■ **19. gr.** Ófrjósemisaðgerð er heimil skv. 18. gr. I. ef fyrir liggur umsókn viðkomandi, undirrituð, sbr. 20. gr., á þar til gerðum eyðublöðum, sem landlæknir annast útgáfu á.

□ Ófrjósemisaðgerð er heimil skv. 18. gr. II. 1., 2., 3. og 4. þegar fyrir liggur umsókn viðkomandi, sbr. 20. gr., og rökstudd skrifleg greinargerð tveggja lækna, eða læknis og félagsráðgjafa, sé eingöngu um að ræða félagslegar ástæður fyrir aðgerð, enda sé hann starfandi í viðkomandi heilsugæsluumdæmi. Annar þessara lækna skal vera sá sérfræðingur, sem aðgerðina framkvæmir. Sé ástæða umsóknar utan hans sérsviðs, ber honum að styðjast við álitsgerð sérfræðings í viðkomandi grein.

■ **20. gr.** Umsókn skal fylgja yfirlýsing viðkomanda, undirrituð eigin hendi, að henni/honum sé ljóst í hverju aðgerðin sé fólgin, og að hún/hann fari fram á ófrjósemisaðgerð af frjálsum vilja (sbr. þó 22. gr.).

■ **21. gr.** Áður en ófrjósemisaðgerð er heimiluð samkvæmt lögum þessum, skal viðkomanda skýrt frá því í hverju aðgerðin sé fólgin og að hún geti komið varanlega í veg fyrir, að viðkomandi geti aukið kyn sitt.

■ **22. gr.** Ef ástæður til ófrjósemisaðgerðar svo sem segir í 18. gr. II. eru fyrir hendi eða ef viðkomandi er fullra 25 ára, en er vegna geðsjúkdóms, mikils greindarskorts eða annarra geðtruflana varanlega ófær um að gera sér grein fyrir afleiðingum aðgerðarinnar, er heimilt að veita leyfi til aðgerðar samkvæmt umsókn sérstaklega skipaðs lögráðamanns.

■ **23. gr.** Einungis læknar með sérfræðiviðurkenningu í almennum skurðlækningum, kvensjúkdómum og þvagfæraskurðlækningum mega framkvæma ófrjósemisaðgerðir.

□ Ráðherra getur þó í samráði við landlækni heimilað sjúkrahúslækni framkvæmd slíkrar aðgerðar.

□ Aðgerðirnar má einungis framkvæma í sjúkrahúsum er til þess hafa hlotið viðurkenningu ráðherra.

IV. kafli. Almenn ákvæði.

■ **24. gr.** Umsókn, læknisvottorð og greinargerð, sem um getur í 11. og 19. gr. laga þessara, skal leggja með sjúkraskrá sjúklingsins á sjúkrahúsinu.

□ Að aðgerð lokinni skal senda landlækni greinargerð um framkvæmd hennar á þar til gerðum eyðublöðum sem landlæknir lætur í té.

■ **25. gr.** Synjanir umsókna um fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð skulu tilkynntar landlækni og þess skal getið hvers vegna umsókn hafi verið synjað.

■ **26. gr.** Heilbrigðisyfirvöldum ber að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og sjá um, að á sjúkrahúsum ríkisins sé hægt að framkvæma þær aðgerðir, sem lögin gera ráð fyrir, sbr. þó 15. gr. Stuðla ber að samræmi í framkvæmd þeirra í öllum landshlutum. Þeim, er starfa að framkvæmd laganna, skal veitt fræðsla og leiðbeiningar í því skyni.

■ **27. gr.** Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, sem þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

■ **28. gr.** Rísi ágreiningur um hvort framkvæma skuli fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, skal málinu tafarlaust vísað til landlæknis og skal hann tafarlaust leggja málið undir úrskurð nefndar, sem skipuð skal í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

□ Í nefndinni skulu eiga sæti 3 menn og jafnmargir varamenn, einn læknir, einn lögfræðingur og einn félagsráðgjafi og skulu þeir skipaðir af heilbrigðisráðherra til 4ra ára í senn. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur.

□ Skal nefndinni búin starfsaðstaða og henni jafnframt

1975 Nr. 25 22. maí

tryggður aðgangur að þeirri sérfræðiþjónustu, sem þurfa þykir til að leysa þau verkefni sem nefndinni berast.

■ **29. gr.** Sjúkratryggingar almannatrygginga greiði sjúkrakostnað vegna fóstureyðinga og ófrjósemisaðgerða.

□ Kostnaður vegna ráðgjafar og fræðslu á þessu sviði greiðist af almannafé.

■ **30. gr.** Ákvæði þessara laga gilda ekki, ef um nauðsynlegar læknisaðgerðir á æxlunarfærum er að ræða vegna sjúkdóms í þeim, enda þótt fósturlát eða ófrjósemi hljótist af.

■ **31. gr.** 1. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð án þess að fullnægt sé skilyrðum 9., 10. eða 18. gr., skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, nema hærri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Ef ríkar málsbætur eru fyrir hendi, má beita sektum. Hafi verkið verið framið án samþykkis konunnar, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár, og allt að 12 árum.

2. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð án þess að fullnægt sé skilyrðum 11., 12., 13., 19. eða 21. gr., skal sæta sektum, nema hærri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

3. Læknir, sem framkvæmir fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð án þess að fullnægt sé skilyrðum 15. eða 23. gr., skal sæta sektum.

4. Framkvæmi aðrir en læknar aðgerðir samkvæmt lögum þessum, skulu þeir sæta fangelsi allt að 4 árum, nema hærri refsing liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum. Hafi verkið verið framið án samþykkis konunnar, skal refsing vera fangelsi ekki skemur en 2 ár, og allt að 12 árum.

5. Hlutdeildarmönnum skal refsað samkvæmt 1. og 4. tl. þessarar greinar. Gáleysisbrot eru refsilaus samkvæmt lögum þessum.

■ **32. gr.** Ákveða skal með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

■ **33. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

□ Við gildistöku þessara laga falla niður lög nr. 38/1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar, og lög nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma eiga í veg fyrir að það auki kyn sitt. Ákvæði l. nr. 16/1938 um afkynjanir halda þó gildi sínu.

1938 Nr. 16 13. jan.

Lög um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt.[1)]

[1)] *Lög 16/1938 eru úr gildi fallin, sbr. 33. gr. laga 25/1975, nema að því er varðar afkynjanir.*

■ **1. gr.** Heimilar eru aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, ef fengið er til þess sérstakt leyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda sé um aðgerðirnar fylgt þeim reglum, sem lögin að öðru leyti setja.

□ Ákvæði laga þessara ná ekki til læknisaðgerða, sem viðurkenndar eru nauðsynlegar til að ráða bót á eða til að koma í veg fyrir vanheilindi þeirra, sem aðgerðirnar eru framkvæmdar á.

■ **2. gr.** Aðgerðir, sem til greina koma samkvæmt ákvæðum laga þessara, eru þrenns konar:

1. *Afkynjanir:* Er kynkirtlar karla eða kvenna eru numdir í burtu eða þeim eytt þannig, að starfsemi þeirra ljúki að fullu.

2. *Vananir:* Ef sáðgangar karla eða eggvegir kvenna eru hlutaðir í sundur eða þeim á annan hátt lokað varanlega þannig, að slitið sé sambandi milli kynkirtlanna og hinna ytri getnaðarfæra.

3. *Fóstureyðingar* (sbr. 5. tölulið 3. gr. laga nr. 38 28. janúar 1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar).

■ **3. gr.** Leyfi til aðgerða samkvæmt lögum þessum veitir landlæknir, en þó því aðeins, að meiri hluti nefndar þeirrar, er um ræðir í 5. gr., mæli með leyfisveitingunni.

□ Leyfi veitast samkvæmt umsóknum, sem hér greinir:

1. Frá viðkomanda sjálfum, og aðeins frá honum, nema hann falli undir síðari töluliði þessarar greinar.

2. Frá foreldrum eða lögráðamanni, ef viðkomandi er undir 16 ára aldri eða hefur verið sviptur sjálfræði.

3. Frá tilsjónarmanni, skipuðum samkvæmt ákvæðum 4. greinar, ef viðkomandi er geðveikur eða fáviti og svo ástatt um hann, sem þar segir.

4. Frá lögreglustjóra, ef hann telur óeðlilegar kynhvatir viðkomanda munu geta leitt til glæpaverka, enda hafi hann fellt úrskurð um. Að því leyti sem slíkur úrskurður er ekki felldur í sambandi við sakamál, skal rannsókn sú, sem úrskurðurinn er byggður á, fara að hætti almennra lögreglumála. Úrskurði lögreglustjóra má áfrýja til æðri réttar.

□ Umsóknir skal rita á eyðublöð, er landlæknir gefur út og héraðslæknar láta í té. Skal hver umsókn árituð umsögn læknis, er hefur kynnt sér ástæður fyrir umsókninni og ástand viðkomanda. Ef viðkomandi lifir hjúskaparlífi, skal makinn rita umsögn sína á umsóknina, ella skal honum, ef unnt er, gefast kostur á að láta á annan hátt í ljós vilja sinn í málinu.

■ **4. gr.** Ef borið er upp fyrir landlækni, að nauðsyn beri til aðgerðar samkv. lögum þessum á geðveikum manni eða fávita, sem er sjálfráða, getur landlæknir, ef honum þykir ástæða til, krafizt þess, að viðkomanda sé á varnarþingi hans af héraðsdómara skipaður tilsjónarmaður. Um skipun tilsjónarmanns fer eftir sömu reglum og um skipun lögráðamanns, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn. Tilsjónarmaður hefur sömu afstöðu til viðkomanda, að því er snertir ákvæði þessara laga, og lögráðamaður, ef viðkomandi væri ósjálfráða.

■ **5. gr.** Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd landlækni til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Af nefndarmönnum skal einn vera læknir, helzt sérfróður um geðsjúkdóma, og annar lögfræðingur, helzt í dómarastöðu.

□ Um úrskurði leyfa til aðgerða samkvæmt lögum þessum skal nefndin og landlæknir fylgja eftirfarandi reglum:

1. *Afkynjun* skal því aðeins leyfa, að gild rök liggi til þess, að óeðlilegar kynhvatir viðkomanda séu líklegar til að leiða til kynferðisglæpa eða annarra hættulegra óbótaverka, enda verði ekki úr bætt á annan hátt. Leyfi til afkynjunar veitist aðeins eftir umsókn viðkomanda sjálfs eða lögreglustjóra, og þó því aðeins, að dómsúrskurður sé á undan genginn.

2. *Vönun* skal því aðeins leyfa:

a. Að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér

1938 Nr. 16 13. jan.

að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem alvarlegur vanskapnaður, hættulegur sjúkdómur, andlegur eða líkamlegur, fávitaháttur eða hneigð til glæpa, eða að afkvæmi hans sé í tilsvarandi hættu af öðrum ástæðum, enda verði þá ekki úr bætt á annan hátt.

b. Að viðkomandi sé fáviti eða varanlega geðveikur eða haldinn öðrum alvarlegum langvarandi sjúkdómi og gild rök liggi til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu.

3. *Fóstureyðingu* skal því aðeins leyfa:

a. Að gild rök liggi til þess, að burður viðkomanda sé í mikilli hættu af kynfylgjum þeim eða öðrum ástæðum, er um getur í tölulið 2. a.

b. Að viðkomandi hafi orðið þunguð við nauðgun, er hún hafi kært fyrir réttvísinni þegar í stað, enda hafi sökunautur verið fundinn sekur um brotið fyrir dómi, og er dómur undirréttar fullnægjandi í því efni.

☐ Dómsmálaráðherra er heimilt að skýra reglur þessar nánar í sérstakri reglugerð.

■ **6. gr.** Landlæknir ákveður í hverju einstöku tilfelli, í samráði við nefnd þá, er um getur í 5. gr., í hverju aðgerðin, er hann gefur út leyfi fyrir, skuli vera fólgin, hvar hún skuli framkvæmd, og ef það getur ekki orðið á opinberu sjúkrahúsi, þá af hvaða lækni. Leyfi landlæknis skal vera rökstutt, getið tilefnis, umsækjanda og afstöðu nefndarinnar til leyfisins.

☐ Nú synjar landlæknir leyfis, er meiri hluti nefndarinnar mælir með, og má þá umsækjandi leita úrskurðar dómsmálaráðherra, er þá má fela nefndinni að gefa út leyfið.

■ **7. gr.** Öllum öðrum en læknum eru óheimilar aðgerðir samkv. lögum þessum, og því aðeins eru þær heimilar læknum, að fyrir liggi skriflegt leyfi samkvæmt 6. gr., enda sé ekki fyrirsjáanlegt, að heilsu viðkomanda sé búið tjón af framkvæmd aðgerðarinnar.

☐ Ekki má framkvæma aðgerð samkvæmt lögum þessum gegn vilja viðkomanda, eða, ef hann hefur á engan hátt vit fyrir sjálfum sér vegna æsku, geðveiki eða fávitaháttar, þá ekki gegn vilja lögráðamanns hans eða tilsjónarmanns. Þó er heimil aðgerð samkvæmt 1. tölulið 5. greinar gegn vilja viðkomanda, þegar hennar hefur verið leitað af lögreglustjóra samkvæmt dómsúrskurði (sbr. 4. tölulið 3. gr.).

☐ Nú framkvæmir læknir aðgerð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá í einu og öllu haga aðgerðinni samkvæmt fyrirmælum í leyfi fyrir aðgerðinni samkvæmt 6. gr., auk þess sem hann skal í hvívetna fylgja ýtrustu kröfum læknisfræðinnar til tryggingar tilætluðum árangri af aðgerðinni, minnstri hættu viðkomanda af henni og því, að hann verði sem skjótast heill.

☐ Um hverja aðgerð, sem læknir framkvæmir samkvæmt lögum þessum, skal hann þegar senda landlækni skýrslu, svo úr garði gerða sem landlæknir segir fyrir um.

■ **8. gr.** Allir þeir, sem starfa á einn eða annan hátt að framkvæmd laga þessara, eru bundnir þagnarskyldu um öll persónuleg málefni, er þeir í því sambandi kunna að fá vitneskju um.

■ **9. gr.** Brot á ákvæðum laga þessara varða sektum, 100—10 000 krónum, nema þyngri refsing varði samkvæmt öðrum lögum.

Lög um dánarvottorð.

1962 Nr. 64 25. apríl

■ **1. gr.** Dánarvottorð samkvæmt ákvæðum laga þessara skal rita fyrir hvern mann, er deyr hér á landi, sbr. þó ákvæði 10. gr.

☐ Landlæknir semur leiðbeiningar um ritun dánarvottorða, er ráðherra staðfestir.

☐ Dánarvottorð ritar löggiltur læknir á eyðublað, er landlæknir gerir úr garði og lætur í té.

■ **2. gr.** Þá er maður deyr í kaupstað eða kauptúni, þar sem læknir situr, eða í næsta nágrenni læknis, þó að utan kaupstaðar sé eða kauptúns, og læknir hefur stundað hinn látna í banalegunni, skoðar sá hinn sami læknir líkið og ritar að því búnu dánarvottorð.

☐ Nú er ekki auðið að ná til læknis þess, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, og skal þá innan sólarhrings sækja lækni til að skoða líkið og rita dánarvottorð.

■ **3. gr.** Þá er maður deyr utan kaupstaðar eða kauptúns, þar sem læknir situr, eða utan næsta nágrennis læknis (sbr. 2. gr.), og læknir hefur stundað hinn látna í banalegunni, ritar sá hinn sami læknir dánarvottorð.

☐ Nú er ekki auðið að ná til læknis þess, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, og skal þá, svo fljótt sem við verður komið, tilkynna hlutaðeigandi héraðslækni mannslátið og skýra honum nákvæmlega frá tildrögum þess. Ritar héraðslæknir síðan dánarvottorð samkvæmt þeim upplýsingum.

■ **4. gr.** Þá er maður deyr erlendis eða á höfum úti eða í lofti og líkið er flutt hingað til lands til að gera hér útför hans, fer um ritun og skil dánarvottorðs hins látna eins og hann hefði andazt á þeim stað, þar sem líkið er flutt á land.

■ **5. gr.** Dánarvottorð skal ávallt afhenda sóknarpresti eða safnaðarstjóra í því prestakalli, þar sem látið bar að, samkvæmt nánari fyrirmælum 2.—7. málsgr. þessarar gr. Nú er jarðsettur hér á landi maður, sem dáið hefur erlendis, og skal þá dánarvottorð það, er fylgir líkinu, afhent þeim sóknarpresti eða safnaðarstjóra, sem annast útfararathöfn hans. Sama gildir, þá er sóknarprestur eða safnaðarstjóri aðstoðar við jarðsetningu eða hliðstæða ráðstöfun á ósku látins manns, sem brenndur hefur verið erlendis.

☐ Nú fer útför látins manns fram í prestakallinu, þar sem hann dó, og skal þá dánarvottorð hans afhent þeim sóknarpresti eða safnaðarstjóra, sem annast útfararathöfnina.

☐ Nú annast útfararathöfn prestvígður maður annar en hlutaðeigandi sóknarprestur (safnaðarstjóri), og skal hann þá fullvissa sig um það, áður en athöfnin fer fram, að dánarvottorð hins látna sé fyrir hendi. Hann skal enn fremur annast um, að dánarvottorðið sé, áður en athöfnin fer fram, afhent sóknarpresti þess prestakalls, þar sem dánarheimili hins látna var, og gildir þetta hvort sem hinn látni var í þjóðkirkjunni eða utan hennar. Loks skal hann tilkynna útförina bæði sóknarpresti prestakallsins og Hagstofunni innan þriggja daga.

☐ Ákvæði 2. málsliðs þessarar málsgr. eiga ekki við, þegar hinn látni hefur dáið í öðru prestakalli en hann er jarðsettur í, en í þess stað skal hlutaðeigandi annast um, að staðfesting samkvæmt 6. gr. komist í hendur sóknarpresti prestakallsins.

1962 Nr. 64 25. apríl

□ Nú er ekki presti eða safnaðarstjóra ætlað að aðstoða við útför manns, og skal þá afhenda dánarvottorðið sóknarpresti þess prestakalls, þar sem dánarheimili hins látna var, og kvittar prestur fyrir viðtöku. Gildir þetta hvort sem hinn látni var í þjóðkirkjunni eða utan hennar. Er slík útför óheimil, nema fyrir hendi sé vottorð hlutaðeigandi sóknarprests til staðfestingar því, að í vörzlu hans sé dánarvottorð hins látna.

□ Nú er lík látins manns flutt úr því prestakalli, þar sem hann dó, í annað prestakall til útfarar, og skal þá afhenda dánarvottorð hans sóknarpresti þess prestakalls, þar sem dánarheimili hans var, hvort sem hinn látni var í þjóðkirkjunni eða utan hennar. Sama gildir, þegar lík er flutt úr landi. Skal þá enn fremur afhenda viðkomandi skipaútgerð eða flugfélagi staðfest eftirrit hlutaðeigandi sóknarprests af dánarvottorði hins látna, og fylgi eftirritið líkinu til viðtakanda þess erlendis. Má ekki taka við líki til útflutnings til útlanda, nema þessum fyrirmælum sé fylgt.

□ Ef fleiri en einn sóknarprestur aðstoða við útför, skal afhenda dánarvottorðið þeim sóknarpresti, sem kastar rekum við athöfnina, enda sé um að ræða þau atvik, er um ræðir í 2. málsgr. og í 2. og 3. málslið 1. málsgr. þessarar gr.

□ Reykjavíkurprófastsdæmi skoðast sem eitt prestakall við framkvæmd á ákvæðum 2. málsgr. og 1. málsliðs 5. málsgr. þessarar gr. Heimilt er að ákveða, að sama skuli gilda um tvö eða fleiri prestaköll, sem liggja hvert að öðru.

■ **6. gr.** Þá er lík er flutt úr einu prestakalli í annað til útfarar, skal sóknarprestur sá, er veitir dánarvottorðinu viðtöku samkvæmt 1. málslið 5. málsgr. 5. gr., láta í té skriflega staðfestingu þess, að hann hafi fengið það í hendur. Má enginn taka lík til flutnings milli prestakalla, nema því fylgi slík staðfesting, og skal hún fest við fylgibréfið, þegar um það er að ræða. Sá, er annast líkflutninginn, ber ábyrgð á því, að staðfestingarskjali þessu sé skilað með líkinu, og skal það afhent þeim, er annast útfararathöfn hins látna.

■ **7. gr.** Nú annast útfararstjóri undirbúning að flutningi líks úr einu prestakalli í annað til útfarar, og skal hann þá sjá um öflun staðfestingar þeirrar, er um ræðir í 6. gr., og hann skal jafnframt gera ráðstafanir til, að hún fylgi líkinu til móttakanda. Útfararstjóri, sem annast móttöku líks frá útlöndum (sbr. 2. málslið 1. málsgr. 5. gr.) eða undirbýr flutning líks til útlanda (sbr. 2. málslið 5. málsgr. 5. gr.), skal sömuleiðis sjá svo um, að hlutaðeigandi sóknarpresti sé afhent dánarvottorð hins látna.

■ **8. gr.** Ekki má gera útför manns, nema sá, sem hana annast, hafi áður fengið í hendur dánarvottorð hins látna samkvæmt 5. gr. eða staðfestingu um móttöku dánarvottorðs samkvæmt 6. gr.

□ Þá er sérstök vandkvæði eru á því vegna fjarlægðar eða samgönguerfiðleika, að hlutaðeiganda geti borizt dánarvottorð samkvæmt 5. gr., áður en útför er gerð, má í þess stað koma tilkynning (símleiðis eða á annan hátt) frá héraðslækni um, að hann hafi ritað og eigi í sínum vörzlum dánarvottorð hins látna.

■ **9. gr.** Sóknarprestar (safnaðarstjórar) tölusetja og árita dánarvottorð, er þeim berast, og láta þeirra getið við nöfn hinna látnu í dánarskrá ministerialbókar (safnaðarbókar). Sóknarprestar og safnaðarstjórar láta einnig getið á sama hátt staðfestinga samkvæmt 6. gr., er þeir veita viðtöku. **1962** Nr. 64 25. apríl

□ Sóknarprestar (safnaðarstjórar) skulu senda Hagstofunni dánarvottorð, er þeir veita viðtöku, á sömu tímum og með sömu frestum og þessir aðilar senda Hagstofunni aðrar skýrslur samkvæmt ákvörðun hennar.

□ Hagstofan semur upp úr dánarvottorðum skýrslur um dánarorsakir hér á landi, í samræmi við alþjóðareglur, sem Ísland hefur gerzt aðili að.

■ **10. gr.** Í mannskaðaskýrslur samkvæmt ákvæðum laga nr. 42 1913 sækir Hagstofan m. a. vitneskju um mannskaða, er verða, án þess að lík finnist, og fyrirmæli um dánarvottorð samkvæmt lögum þessum taka ekki til.

□ Fyrir andvana fædd börn eru ekki rituð dánarvottorð, en prestar og ljósmæður tilkynna þau Hagstofunni með lifandi fæddum börnum.

□ Óheimilt er að setja lík andvana fædds barns eða látins ungbarns í kistu með öðru líki, nema hlutaðeigandi presti (safnaðarstjóra) hafi áður verið tilkynnt það. Útfararstjóri ber ábyrgð á því, að þessu ákvæði sé fylgt.

■ **11. gr.** Í viðurkenndum sjúkrahúsum er heimilt að fela sérfræðingi að rannsaka lík látinna sjúklinga í því skyni að leiða ítarlega í ljós banamein þeirra, sbr. einnig ákvæði 6. gr. laga nr. 66 1933, varðandi rannsókn banameina í sambandi við framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana.[1] Þá er slík rannsókn fer fram, skal ekki rita dánarvottorð fyrr en niðurstöður hennar eru kunnar.

[1] *Sjá l. 34/1954.*

■ **12. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, allt að 1000 krónum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt almennum lögum.

Heilsuverndarlög.[1]

1955 Nr. 44 18. maí

[1] *Sjá l. 59/1983, ákvæði til bráðabirgða.*

Lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

1981 Nr. 50 29. maí

I. kafli. Hlutverk.

■ **1. gr.**

□ 1.1. Lögum þessum er ætlað að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem á hverjum tíma eru tök á að veita.

□ 1.2. Með markvissum aðgerðum skal vinna að þessu, m. a. með því að tryggja sem best eftirlit með umhverfi, húsnæði og öðrum vistarverum, almennri hollustu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara og vernda þau lífsskilyrði, sem felast í ómenguðu umhverfi, hreinu lofti, úti og inni, og ómenguðu vatni. Ennfremur með því að veita alhliða fræðslu og upplýsingar um þessi mál fyrir almenning.

□ 1.3. Lög þessi ná yfir alla starfsemi og framkvæmd, sem hefur eða haft getur í för með sér mengun lofts, láðs eða lagar, að svo miklu leyti, sem það er ekki falið öðrum með sérlögum eða alþjóðasamþykktum.

□ 1.4. Með mengun er átt við þegar örverur, efni og efnasambönd geta valdið óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða

óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

■ **2. gr.**

□ 2.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð um atriði, sem sérlög ná ekki yfir, sem gildir fyrir allt landið, landhelgi og lofthelgi.

□ 2.2. Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Hreinlæti og þrifnað utan húss.
2. Neysluvatn, vatnsból, vatnsveitur og baðvatn.
3. Salerni og frárennsli.
4. Meðferð og eyðingu sorps og annars úrgangs.
5. Meindýr og eyðingu þeirra svo og ónytjadýr, vargfugla og aflífun þeirra.
6. Íbúðarhúsnæði.
7. Gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.
8. Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur svo og húsakynni, tæki og allt er snertir matvælaframleiðslu og matvælaiðnað, þar með talin notkun aukaefna í matvæli, matvörugeymslur og matvæladreifing, sbr. og reglug. nr. 250/1976 ásamt síðari breytingum.
9. Matvælaeftirlit og efna- og gerlafræðilegar rannsóknir vegna þess.
10. Meðferð og notkun matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, sem ekki uppfylla settar reglur.
11. Skóla og aðra kennslustaði.
12. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur.
13. Barnaheimili, upptökuheimili og leikvelli.
14. Heilbrigðisstofnanir, stofnanir fyrir þroskahefta, drykkjusjúka og tilsvarandi, lækningastofur, dvalarheimili fyrir aldraða skv. lögum þar um o. þ. u. l.
15. Íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, sundlaugar, baðhús, gufubaðstofur og almenna baðstaði o. þ. u. l.
16. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
17. Samkomuhús, þ. á m. kirkjur.
18. Kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka.
19. Báta og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar o. þ. u. l.
20. Gripahús og alifuglabú.
21. Hávaða og titring, m. a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum.
22. Starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem ekki fellur að öllu leyti undir mengunarvarnareglugerð skv. 3. gr.
23. Þátttöku heilbrigðisnefnda í sóttvörnum og framkvæmd þeirra.
24. Önnur sambærileg atriði.

Ennfremur skal setja ákvæði um:

25. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.
26. Viðmiðunarreglur og staðla um efna- og gerlainnihald matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.
27. Reglur um töku sýna og úrvinnslu þeirra.
28. Undanþágur og heimildir til slíks og hvaða takmörkun slíkt skuli háð, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.

■ **3. gr.**

□ 3.1. Til þess að stuðla sem best að framkvæmd mengunarvarna setur ráðherra mengunarvarnareglugerð að höfðu samráði við önnur ráðuneyti, sem fara með einstaka málaflokka, er snerta umhverfismál.

□ 3.2. Í mengunarvarnareglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Starfsleyfi fyrir allan atvinnurekstur, sem haft getur í för með sér mengun, þar sem m. a. skulu vera ákvæði um staðarval, mengunarvarnir í einstökum atvinnugreinum og um rekstur og viðhald mengunarvarnaútbúnaðar.
2. Eftirlit, skráningu og tilkynningarskyldu.
3. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
4. Meðferð vatns og sjávar í iðnaði.
5. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
6. Frárennsli og skolp.
7. Varnir gegn loftmengun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilega loftmengun.
8. Hávaða og titring, þar sem fram koma viðmiðunarreglur fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
9. Geislun, þar sem fram skulu koma viðmiðunarreglur um takmörkun geislunar.
10. Varmamengun, þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
11. Önnur sambærileg atriði.

Ennfremur skal setja ákvæði um:

12. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkun slíkt skuli háð, jafnframt viðurlög og málsmeðferð.
13. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins svo og dagsektir.

II. kafli. Stjórn og skipan.

■ **4. gr.**

□ 4.1. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

□ 4.2. Landlæknir er ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt er að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti lýtur.

■ **5. gr.**

□ 5.1. Sveitarfélög annast og standa undir kostnaði við heilbrigðiseftirlit í héruðum, að svo miklu leyti sem ekki gilda hér um sérstök lög.

□ 5.2. Ekkert sveitarfélag skal vera án viðhlítandi heilbrigðiseftirlits og þjónustu heilbrigðisfulltrúa.

□ 5.3. Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. okt. ár hvert gera fjárhagsáætlun og áætlun um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga í umdæminu, sem miðast við íbúatölu 1. des. árið á undan. Skulu þessar áætlanir lagðar fyrir viðkomandi sveitarstjórnir til endanlegrar ákvörðunar.

□ 5.4. Heilbrigðisnefndir skulu gera fyrir fram áætlanir um allar fjárfrekar framkvæmdir innan umdæmisins í samræmi við 3. tl. þessarar greinar.

■ **6. gr.**

□ 6.1. Í landinu skulu starfa 47 heilbrigðisnefndir kosnar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Um skipan heilbrigðisnefnda og kosningar í þær fer sem hér segir:

□ 6.2. **Reykjavíkursvæði.**

Þar starfa 2 nefndir:

1. **Reykjavík,** skipuð sjö fulltrúum kosnum af borgarstjórn.

Starfssvæði: Reykjavíkurborg.

2. **Seltjarnarnes,** skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður.

☐ 6.3. **Vesturlandssvæði.**

Þar starfa 5 nefndir:

1. **Akranes,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Leirár- og Melahreppur. Akraneskaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2. **Borgarnes,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Borgarneshreppur, Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundareykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Borgarneshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn, en hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

3. **Ólafsvík,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Ólafsvíkurhreppur, Fróðárhreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppur og Neshreppur. Ólafsvíkurhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Neshreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4. **Stykkishólmur,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur, Miklaholtshreppur, Eyrarsveit og Flateyjarhreppur. Stykkishólmshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Eyrarsveit einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

5. **Búðardalur,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Laxárdalshreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um fjóra.

☐ 6.4. **Vestfjarðasvæði.**

Þar starfa 6 nefndir:

1. **Austur-Barðastrandarsýsla,** skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur og Múlahreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.

2. **Patreksfjörður,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur, Tálknafjarðarhreppur, Ketildalahreppur og Suðurfjarðahreppur. Patrekshreppur skal eiga tvo fulltrúa, Tálknafjarðarhreppur einn og Suðurfjarðahreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

3. **Vestur-Ísafjarðarsýsla,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Þingeyrarhreppur, Mýrahreppur, Auðkúluhreppur, Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Þingeyrarhreppur á einn fulltrúa, Flateyrarhreppur einn og Suðureyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4. **Bolungarvík,** skipuð þrem fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Bolungarvíkurkaupstaður.

5. **Ísafjörður,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur og Snæfjallahreppur. Ísafjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

6. **Hólmavík,** skipuð þrem fulltrúum.

Starfssvæði: Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Hólmavíkurhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

☐ 6.5. **Norðurlandssvæði vestra.**

Þar starfa 4 nefndir:

1. **Hvammstangi,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur, Þorkelshólshreppur og Bæjarhreppur. Hvammstangahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa komi sér saman um þrjá.

2. **Blönduós,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur, Vindhælishreppur, Höfðahreppur og Skagahreppur. Blönduóshreppur skal eiga tvo fulltrúa og Höfðahreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3. **Sauðárkrókur,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur, Rípurhreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur og Fellshreppur. Sauðárkrókskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.

4. **Siglufjörður,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Siglufjarðarkaupstaður, Haganeshreppur og Holtshreppur. Siglufjarðarkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Haganeshreppur einn og Holtshreppur einn kosna af sveitarstjórnum.

☐ 6.6. **Eyjafjarðarsvæði.**

Þar starfa 3 nefndir:

1. **Ólafsfjörður,** skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.

Starfssvæði: Ólafsfjarðarkaupstaður.

2. **Dalvík,** skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Dalvíkurkaupstaður, Svarfaðardalshreppur, Árskógshreppur og Hríseyjarhreppur. Dalvíkurkaupstaður skal eiga tvo fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

3. **Akureyri,** skipuð sjö fulltrúum.

Starfssvæði: Akureyrarkaupstaður, Grímseyjarhreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Akureyri skal eiga fimm fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

☐ 6.7. **Norðurlandssvæði eystra.**

Þar starfa 4 nefndir:

1. **Húsavík,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Aðaldælahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur, Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Reykjahreppur, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur. Húsavíkurkaupstaður skal eiga þrjá fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2. **Kópasker,** skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Presthólahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

3. **Þórshöfn,** skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur. Þórshafnarhreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

4. **Raufarhöfn,** skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.

Starfssvæði: Raufarhafnarhreppur.

☐ 6.8. **Austurlandssvæði.**

Þar starfa 9 nefndir:

1. **Vopnafjörður,** skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur. Vopnafjarðarhreppur skal eiga tvo fulltrúa og Skeggjastaðahreppur einn kosna af sveitarstjórnum.

2. **Seyðisfjörður,** skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn Seyðisfjarðar.

Starfssvæði: Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur.

3. **Egilsstaðir,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Tunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Egilsstaðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um þrjá.

4. **Neskaupstaður,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur. Neskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

5. **Eskifjörður,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Eskifjarðarkaupstaður og Helgustaðahreppur. Eskifjarðarkaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Helgustaðahreppur einn kosinn af sveitarstjórn.

6. **Reyðarfjörður,** skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.

Starfssvæði: Reyðarfjarðarhreppur.

7. **Fáskrúðsfjörður,** skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Búðahreppur skal eiga tvo fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

8. **Djúpivogur,** skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geithellnahreppur og Breiðdalshreppur. Búlandshreppur skal eiga einn fulltrúa og Breiðdalshreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir hinna hreppanna á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

9. **Höfn Hornafirði,** skipuð fimm fulltrúum.

Starfssvæði: Bæjarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Hafnarhreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Hafnarhreppur skal eiga þrjá fulltrúa kosna af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

☐ 6.9. **Suðurlandssvæði.**

Þar starfa 9 nefndir:

1. **Kirkjubæjarklaustur,** skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur. Kirkjubæjarhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

2. **Vík í Mýrdal,** skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.

Hver hreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af hreppsnefnd.

3. **Hvolsvöllur,** skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur,[1)] Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Hvolhreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

4. **Hella,** skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Rangárvallahreppur skal eiga einn fulltrúa kosinn af sveitarstjórn. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um tvo.

5. **Laugarás,** skipuð þremur fulltrúum.

Starfssvæði: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur. Hreppsnefndir á starfssvæðinu komi sér saman um alla fulltrúana.

6. **Selfoss,** skipuð sjö fulltrúum.

Starfssvæði: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosskaupstaður, Grafningshreppur, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur og Þingvallahreppur. Selfosskaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn, Eyrarbakkahreppur einn og Stokkseyrarhreppur einn kosna af sveitarstjórnum. Hreppsnefndir annarra hreppa á starfssvæðinu komi sér saman um einn.

7. **Hveragerði,** skipuð þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn.

Starfssvæði: Hveragerðishreppur.

8. **Þorlákshöfn,** skipuð þremur fulltrúum kosnum af Ölfushreppi.

Starfssvæði: Ölfushreppur og Selvogshreppur.

9. **Vestmannaeyjar,** skipuð þremur fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Vestmannaeyjar.

[1]) *Svo í Stjtíð. en á bersýnilega að vera Austur-Landeyjahreppur.*

☐ 6.10. **Suðurnesjasvæði.**
Þar starfar ein nefnd skipuð sjö fulltrúum.
Starfssvæði: Keflavíkurkaupstaður, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurkaupstaður, Hafnahreppur, Vatnsleysustrandarhreppur og Grindavíkurkaupstaður. Hvert sveitarfélag kýs einn fulltrúa.

☐ 6.11. **Hafnarfjarðarsvæði.**
Þar starfa 2 nefndir:
1. **Hafnarfjörður,** skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Hafnarfjarðarkaupstaður.
2. **Garðabær,** skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Garðakaupstaður og Bessastaðahreppur. Garðakaupstaður skal eiga fjóra fulltrúa kosna af bæjarstjórn og Bessastaðahreppur einn kosinn af hreppsnefnd.

☐ 6.12. **Kópavogssvæði.**
Þar starfa 2 nefndir:
1. **Kópavogur,** skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn.
Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.
2. **Mosfellssveit,** skipuð fimm fulltrúum.
Starfssvæði: Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Mosfellshreppur skal eiga þrjá fulltrúa, Kjalarneshreppur einn og Kjósarhreppur einn kosna af sveitarstjórnum.

☐ 6.13. Ráðherra getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og að fengnu áliti Hollustuverndar ríkisins ákveðið með reglugerð breytingar á skipan sveitarfélaga í heilbrigðisnefndir og um kosningar fulltrúa í þær.

☐ 6.14. Þau sveitarfélög, sem eiga ekki fulltrúa í heilbrigðisnefnd, skulu eiga rétt til að sitja fundi og koma á framfæri sjónarmiðum sínum í nefndum sé fjallað um málefni er snerta þau.

☐ 6.15. Heimilt er að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda innan hvers svæðis. Í slíkum tilvikum skulu viðkomandi sveitarfélög gera með sér samning um stofnun einnar nefndar. Skal þar m. a. kveða á um tölu nefndarmanna, sem aldrei mega þó vera fleiri en níu, um kosningu þeirra svo og skiptingu kostnaðar af störfum nefndarinnar, sbr. 5. gr.

☐ 6.16. Heilbrigðisnefnd skiptir með sér störfum.

☐ 6.17. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sér um að kosningar í heilbrigðisnefndir fari fram.

■ **7. gr.**

☐ 7.1. Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum þessara laga, heilbrigðisreglugerðar, mengunarreglugerðar, heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga, sömuleiðis ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum, sem heilbrigðisnefndum er eða kann að vera falið að annast um framkvæmd á. Heilbrigðisnefndir skulu sérstaklega vinna að:
1. Bættri heilbrigðisvernd í héraðinu.
2. Bættum mengunarvörnum í héraðinu.
3. Fræðslu um hollustuháttamál.
4. Samvinnu við önnur yfirvöld og aðila er vinna að þessum málum beint eða óbeint.

■ **8. gr.**

☐ 8.1. Sveitarstjórnir, bygginganefndir og önnur yfirvöld héraðanna skulu leita álits heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir og framkvæmdir, sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og samþykktir sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum taka til.

■ **9. gr.**

☐ 9.1. Heilsugæslulæknar (yfirlæknar) skulu vera faglegir ráðunautar heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir, þegar þeim þykir þörf, og að þar verði tekin fyrir tiltekin mál.

☐ 9.2. Héraðslæknar, hver í sínu læknishéraði, segja fyrir um og skipuleggja þjónustu heilsugæslulækna við heilbrigðisnefndir.

☐ 9.3. Heilbrigðisnefndum og svæðisnefndum ber að senda viðkomandi sveitarstjórnum og héraðslæknum afrit fundargerða þegar að loknum fundum.

☐ 9.4. Heilbrigðisfulltrúar (framkvæmdastjórar) skulu sitja fundi heilbrigðisnefnda og svæðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og tekin verði þar fyrir tiltekin mál.

☐ 9.5. Héraðsdýralæknum er heimilt að sitja fundi heilbrigðisnefnda með málfrelsi og tillögurétti. Þeir geta krafist þess, að fundir verði haldnir og að tiltekin mál verði tekin fyrir.

☐ 9.6. Heilbrigðisnefnd getur leitað þeirrar sérfræðiaðstoðar og kvatt á sinn fund þá aðila, sem hún telur þörf á.

☐ 9.7. Formaður heilbrigðisnefndar skal sjá um að nefndarmenn og aðrir, sem sækja eiga fundi nefndarinnar, séu boðaðir.

■ **10. gr.**

☐ 10.1. Heilbrigðisnefndir skulu halda fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

☐ 10.2. Afgreiðsla í heilbrigðisnefnd telst fullnægjandi sé helmingur nefndarmanna viðstaddur.

☐ 10.3. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður afgreiðslu máls.

☐ 10.4. Um vanhæfni heilbrigðisnefndarmanna til afgreiðslu mála gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga.

■ **11. gr.**

☐ 11.1. Á hverju heilbrigðiseftirlitssvæði, sbr. 23. gr., skal starfa svæðisnefnd skipuð formönnum heilbrigðisnefnda á svæðinu auk héraðslæknis (borgarlæknis í Reykjavík), sem er formaður. Á Reykjavíkursvæði tilnefnir heilbrigðisráð 3 fulltrúa og heilbrigðisnefnd Seltjarnarneskaupstaðar 1 fulltrúa. Á Suðurnesjasvæði fer heilbrigðisnefnd með störf svæðisnefndar auk héraðslæknis, sem er formaður.

☐ 11.2. Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

☐ 11.3. Verkefni svæðisnefnda er að skipuleggja og samræma heilbrigðiseftirlit á svæðinu í samræmi við 24. og 26. gr. laga þessara og ákvæði reglugerða sem settar verða.

■ **12. gr.**

☐ 12.1. Svæðisnefndir skulu fyrir 1. júní ár hvert senda Hollustuvernd ríkisins skýrslu varðandi starfsemi nefndarinnar næsta almanaksár á undan og um áformaða starfsemi. Skýrslur þessar skulu gerðar á þar til gerð eyðublöð, sem Hollustuvernd ríkisins lætur útbúa.

III. kafli. Hollustuvernd ríkisins.

■ 13. gr.

□ 13.1. Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Hollustuvernd ríkisins.

□ 13.2. Stofnunin hefur yfirumsjón með almennu heilbrigðiseftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdu og sér um framkvæmd þess í samræmi við lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og ákvæði annarra laga og reglna, er þessi mál snerta og heilbrigðisyfirvöldum er falið að sjá um framkvæmd á.

□ 13.3. Stofnunin skal vinna að samræmingu alls heilbrigðiseftirlits í landinu, m. a. á þann hátt að koma á samvinnu allra þeirra stofnana, er að málum þessum starfa. Skal stofnunin sérstaklega gæta hagkvæmni í öllu eftirliti á sviði hollustuháttamála, m. a. með því að fyrirbyggja tvíverknað og skörun eftir því sem frekast er unnt.

□ 13.4. Stofnunin fer því aðeins með beint heilbrigðiseftirlit að um sérhæfð verkefni sé að ræða og lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það, og að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir.

□ 13.5. Stofnunin er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum, sem með opinbert heilbrigðiseftirlit fara.

□ 13.6. Stofnunin skal sjá um að haldið sé uppi skipulegri fræðslu fyrir almenning um mál, er varða hollustuhætti.

□ 13.7. Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila, er að þessum málum starfa í landinu.

□ 13.8. Stofnunin skal sjá um að menntun og fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa verði komið á og hefur um það samráð við þær deildir Háskóla Íslands, sem annast kennslu, er því tengist, og aðra sérfróða aðila.

□ 13.9. Stofnunin skal hafa sem nánasta samvinnu við heilbrigðisnefndir og heilbrigðisfulltrúa sveitarfélaganna og veita þeim alla þá þjónustu um hollustuháttamál, sem hún getur og aðstæður gera nauðsynlegar.

□ 13.10. Stofnunin gefur árlega út skýrslu um starfsemi sína á liðnu ári ásamt upplýsingum um ástand hollustuháttamála í landinu.

□ 13.11. Stofnunin annast upplýsingar og tilkynningar til fjölmiðla. Skulu þær vera efnislega rökstuddar og þess gætt að einstakar atvinnugreinar, stofnanir eða fyrirtæki líði ekki tjón og álitshnekki að óþörfu.

■ 14. gr.

□ 14.1. Stofnuninni skal skipuð sérstök stjórn sem í eiga sæti sjö menn. Sameinað Alþingi kýs tvo, landlæknir tilnefnir einn, Samband íslenskra sveitarfélaga einn, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands einn og Samtök heilbrigðisstétta einn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartími stjórnar er fjögur ár.

□ 14.2. Stjórn stofnunarinnar hefur undir yfirstjórn ráðherra æðsta vald í málefnum stofnunarinnar.

■ 15. gr.

□ 15.1. Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar að fengnum tillögum stjórnar. Einungis má skipa mann sem hefur menntun og/eða reynslu á sviði hollustuháttamála og í stjórnun.

□ 15.2. Forstjóri annast daglega stjórnun stofnunarinnar. Hann situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti. Hann undirbýr fundi stjórnar og sér um framkvæmd ákvarðana hennar.

■ 16. gr.

□ 16.1. Í tengslum við almenna skrifstofu skal unnið að áætlanagerð, útgáfu upplýsinga og fræðsluefnis í samráði við deildir stofnunarinnar.

□ 16.2. Þar skal vera bókasafn stofnunarinnar með sem fullkomnustum bókakosti.

■ 17. gr.

□ 17.1. Stofnuninni skal skipt í þrjár deildir, heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu og mengunarvarnir og skal starfa forstöðumaður yfir hverri.

□ 17.2. Heilbrigðiseftirlit hefur yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum heilbrigðisreglugerðar, sbr. 2. gr. 2. tl., að svo miklu leyti sem slíkt er ekki falið öðrum deildum stofnunarinnar, sbr. 17. gr. 3. og 4. tl.

Heilbrigðiseftirlit annast ennfremur framkvæmd laga nr. 27/1977 um aðgerðir til þess að draga úr tóbaksreykingum.

□ 17.3. Rannsóknastofa annast þær efna- og gerlafræðilegar rannsóknir, sem lög þessi gera ráð fyrir á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar. Ennfremur annast rannsóknastofa sérstök rannsóknaverkefni, eftir því sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.

□ 17.4. Mengunarvarnir hafa yfirumsjón með því að framfylgt sé ákvæðum í mengunarreglugerð, sbr. 3. gr. 2. tl.

Mengunarvarnir annast ennfremur:

1. Tillögur að starfsleyfum og úrvinnslu gagna hvað snertir mengunarvarnir.

2. Starfsemi geislavarna skv. reglug. nr. 5/1968, sbr. lög nr. 95/1962.

3. Skipulagningu og umsjón með framkvæmd mengunarrannsókna í samræmi við lög þessi svo og annarra mengunarrannsókna, eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

■ 18. gr.

□ 18.1. Ráðherra setur stofnuninni starfsreglur að fengnum tillögum stjórnar hennar.

■ 19. gr.

□ 19.1. Við stofnunina starfa þrír forstöðumenn.

1. Forstöðumaður heilbrigðiseftirlits skal hafa háskólamenntun og viðhlítandi sérþekkingu í heilbrigðisvernd og hafa reynslu á því sviði.

2. Forstöðumaður rannsóknastofu skal hafa háskólamenntun á sviði gerla- eða efnafræði og sérþekkingu og starfsreynslu á því sviði.

3. Forstöðumaður mengunarvarna skal hafa háskólamenntun á sviði verk- eða efnafræði og sérþekkingu og reynslu á sviði mengunarvarna.

□ 19.2. Ráðherra skipar forstöðumenn að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

□ 19.3. Forstöðumenn skulu sitja stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

■ 20. gr.

□ 20.1. Forstjóri ræður starfsfólk á skrifstofu.

□ 20.2. Stjórnin ræður menn með sérþekkingu að deildum stofnunarinnar að fengnum tillögum viðkomandi forstöðumanna.

□ 20.3. Forstöðumenn ráða annað starfsfólk hinna einstöku deilda.

■ **21. gr.**

□ 21.1. Eiturefnanefnd, skv. lögum nr. 85/1968, Áfengisvarnaráði, skv. lögum nr. 82/1969, og Manneldisráði, skv. lögum nr. 45/1978, skal sköpuð aðstaða innan stofnunarinnar og vinna í nánu samstarfi við hana, en halda fullu sjálfstæði skv. fyrrgreindum lögum.

□ 21.2. Stofnunin skal, eftir því sem við á, hafa samvinnu við Náttúruverndarráð, Vinnueftirlit og Siglingamálastofnun um öll mál, er varða mengunarvarnir við atvinnurekstur, skipulag mengunarvarna og skyld málefni.

IV. kafli. Samþykktir sveitarfélaga.

■ **22. gr.**

□ 22.1. Sveitarfélög geta sett sér eigin heilbrigðissamþykktir um þætti, sem ekki er fjallað um í heilbrigðisreglugerð, sbr. 2. gr., eða til þess að gera um einstök atriði ítarlegri kröfur en þar er gert.

□ 22.2. Heimilt er auk annars að setja í slíkar samþykktir ákvæði um:

1. Bann eða takmörkun hundahalds.
2. Meðferð og eyðingu sorps og skolps.
3. Gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu.
4. Sérstakar ábyrgðartryggingar.

□ 22.3. Upphæð gjalda samkv. þessum kafla skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir. Skulu slík gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga, sé leyfi, leiga eða þjónusta tengd notkun fasteignar.

□ 22.4. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd semur drög að slíkum samþykktum og breytingum þar á og leggur fyrir viðkomandi sveitarstjórn, sem afgreiðir þau til ráðherra í formi samþykktar. Synji ráðherra staðfestingar endursendir hann samþykktina til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um, hvað þurfi til að til staðfestingar komi.

□ 22.5. Samþykktir og gjaldskrár samkvæmt þessum kafla skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

V. kafli. Heilbrigðiseftirlitssvæði og heilbrigðisfulltrúar.

■ **23. gr.**

□ 23.1. Landið skiptist í heilbrigðiseftirlitssvæði í samræmi við svæðisskiptingu 6. gr. 2.—12. tl.

■ **24. gr.**

□ 24.1. Svæðisnefnd viðkomandi svæðis, sbr. 11. gr., ákveður aðsetur heilbrigðisfulltrúa innan svæðisins.

□ 24.2. Sé aðsetur heilbrigðisfulltrúa ákveðið þar sem heilsugæslustöð er skal heilbrigðiseftirlit starfrækt frá stöðinni.

□ 24.3. Um skiptingu kostnaðar milli viðkomandi sveitarfélaga á eftirlitssvæði fer samkvæmt íbúafjölda.

□ 24.4. Starf heilbrigðisfulltrúa telst fullt starf. Að jafnaði skulu ekki koma fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama fulltrúa.

□ 24.5. Einn heilbrigðisfulltrúi hvers svæðis skal vera framkvæmdastjóri eftirlitsins á svæðinu.

■ **25. gr.**

□ 25.1. Ráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og að ósk viðkomandi sveitarfélaga, kveðið á um aðra skiptingu heilbrigðiseftirlitssvæða en gert er í 23. gr. Skal þá tekið tillit til þess að ekki komi að jafnaði fleiri en 10 000 íbúar á einn og sama heilbrigðisfulltrúa. Ennfremur skal taka tillit til umfangs og nauðsynjar á heilbrigðiseftirliti stærðar svæða og samgangna.

■ **26. gr.**

□ 26.1. Svæðisnefndir hinna einstöku eftirlitssvæða skipuleggja heilbrigðiseftirlit innan svæðisins í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins.

□ 26.2. Svæðisnefndir viðkomandi eftirlitssvæða ráða heilbrigðisfulltrúa að fengnum tillögum heilbrigðisnefnda svæðisins. Skal áður leita umsagnar Hollustuverndar ríkisins um hæfni þeirra.

□ 26.3. Svæðisnefndir setja heilbrigðisfulltrúum erindisbréf að höfðu samráði við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir og Hollustuvernd ríkisins.

□ 26.4. Eingöngu má ráða sem heilbrigðisfulltrúa menn með sérmenntun á sviði heilbrigðiseftirlits.

□ 26.5. Ef ekki er völ á sérmenntuðum manni, getur Hollustuvernd ríkisins heimilað að ráðinn sé annar maður til bráðabirgða, en hafa skal hann reynslu á þessu sviði.

□ 26.6. Ráðherra setur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, reglugerð um sérmenntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

VI. kafli. Valdsvið og þvingunarúrræði.

■ **27. gr. A. Heilbrigðisnefndir.**

□ 27.1. Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum skv. þessum ákvæðum, getur heilbrigðisnefnd beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. Veitt áminningu.
2. Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.
3. Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

□ 27.2. Stöðvun skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekuð sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slíkt brot að ræða, getur heilbrigðisnefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi rekstrar teljist rík ástæða til.

□ 27.3. Þar sem innsiglun er beitt við stöðvun skulu heilbrigðisnefndir nota sérstök innsigli, er auðkenni þær.

□ 27.4. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Hámark dagsekta skal ákveðið í heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.

□ 27.5. Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað í samræmi við þessi lög og reglur, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Kostnaður skal til bráðabirgða greiddur úr sveitarsjóði en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi.

□ 27.6. Kostnað og dagsektir skv. 27. gr. 4. og 5. tl. má innheimta með lögtaki.

□ 27.7. Sé vinna sú, sem heilbrigðisnefnd lætur framkvæma skv. 27. gr. 5. tl., til komin vegna vanhirðu, óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki, er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í

viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

☐ 27.8. Heilbrigðisnefndum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þ. á m. sýna- og myndatöku, að öllum þeim stöðum, sem lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir ná yfir, og geta leitað aðstoðar lögreglu ef með þarf.

☐ 27.9. Heilbrigðisnefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra vara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt.

☐ 27.10. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita heilbrigðisnefndum allar nauðsynlegar upplýsingar, sem krafist er vegna heilbrigðiseftirlitsins.

☐ 27.11. Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að afhenda heilbrigðisnefndum nauðsynleg sýni vegna heilbrigðiseftirlitsins endurgjaldslaust.

■ **28. gr. B. Heilbrigðisfulltrúar.**

☐ 28.1. Heilbrigðisfulltrúar hafa sama rétt til skoðunar og eftirlits innan síns eftirlitssvæðis og viðkomandi heilbrigðisnefndir, sbr. 27. gr. 8. tl.—11. tl.

☐ 28.2. Heilbrigðisfulltrúi getur beitt sömu aðgerðum til þess að knýja fram úrbætur og greinir frá í 27. gr. 1. tl. Meti hann ástandið svo alvarlegt að beita verði stöðvun, sbr. 27. gr. 1. tl. 3., skal hann tilkynna það viðkomandi heilbrigðisnefnd og leita staðfestingar hennar eins fljótt og við verður komið.

■ **29. gr. C. Hollustuvernd ríkisins.**

☐ 29.1. Telji stjórn stofnunarinnar nauðsyn ráðstöfunar skv. lögum þessum, sem varðar almenningsheill og viðkomandi heilbrigðisnefnd lætur ekki málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum, þrátt fyrir ábendingar stofnunarinnar, skal hún gera tillögur til ráðherra um framkvæmd ráðstöfunarinnar.

☐ 29.2. Telji stofnunin svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi eða notkunina þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir, en tilkynna skal hún það tafarlaust hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Fallist heilbrigðisnefnd ekki á ráðstöfunina skal stofnunin að fenginni greinargerð heilbrigðisnefndar, sem skal vera skrifleg, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Málskotsfrestur stofnunarinnar er tvær vikur eftir að greinargerð heilbrigðisnefndar berst og frestur heilbrigðisnefndar til þess að tilkynna um ágreining er tvær vikur.

☐ 29.3. Ráðherra getur heimilað rýmri frest til málskots en kveðið er á um í 29. gr. 2. tl. sé sótt um slíkt og mæli ríkar ástæður með.

☐ 29.4. Málskot frestar ekki upphaflegri ákvörðun stofnunarinnar.

☐ 29.5. Fulltrúar stofnunarinnar eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda og annarra opinberra nefnda, sem um mál skv. lögum þessum fara, með tillögurétti og málfrelsi.

☐ 29.6. Fulltrúum stofnunarinnar er heimilt, sbr. 13. gr. 4. tl., í samráði við heilbrigðisnefndir að taka sýni þar sem starfræksla og notkun fer fram og lög þessi, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð og heilbrigðissamþykktir sveitarfélaga ná til, sbr. 27. gr., 8., 10. og 11. tl.

VII. kafli. Málsmeðferð, úrskurðir og viðurlög.

■ **30. gr.**

☐ 30.1. Rísi upp ágreiningur um framkvæmd laga þessara, heilbrigðisreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, heilbrigðissamþykkta sveitarfélaga og ákvarðana heilbrigðisyfirvalda, annar en skv. 29. gr. 1.—2. tl. og 31. gr., er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins til úrskurðar. Séu aðilar ekki sáttir við úrskurð stjórnarinnar er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar, er starfar skv. lögum þessum, sbr. 30. gr. 2. tl. Málskot skv. þessum tölulið frestar ekki upphaflegri ákvörðun.

☐ 30.2. Í úrskurðarnefnd eiga sæti þrír menn:

Embættisgengur lögfræðingur, tilnefndur af Hæstarétti og er hann jafnframt formaður. Einn skal tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn af landlækni.

☐ 30.3. Ráðherra skipar nefndina til fjögurra ára í senn.

☐ 30.4. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

☐ 30.5. Nefndinni er heimilt að kveðja tvo sérfróða menn til ráðgjafar telji hún þörf á við úrlausn einstakra mála.

■ **31. gr.**

☐ 31.1. Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlögum eftirlit með starfsemi, sem lög þessi taka til, og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 108/1974, um framleiðslueftirlit sjávarafurða og lögum nr. 31/1970,[1] um dýralækna.

☐ 31.2. Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980, lög nr. 108/1974 og lög nr. 31/1970,[1] skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti forstjórar Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða og yfirdýralæknir. Skal samstarfsnefndin koma sér saman um framkvæmd heilbrigðiseftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess, að þessir aðilar fari ekki inn á annars svið né mismunandi kröfur séu gerðar um sömu atriði. Rísi upp ágreiningur í nefndinni og verði hann ekki jafnaður sker heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra úr. Samstarfsnefndinni er ennfremur heimilt að gera tillögur til stjórnar viðkomandi stofnana eða ráðuneyta um samnýtingu hinna einstöku eftirlitsaðila þar sem slíku verður við komið. Skal nefndin koma saman eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

☐ 31.3. Rísi upp ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um tillögur eða framkvæmd hollustuháttaráðstafana skulu aðilar vísa málinu til Hollustuverndar ríkisins til málamiðlunar. Takist málamiðlun ekki skal leita fullnaðarúrskurðar ráðherra.

[1] *Nú l. 77/1981.*

■ **32. gr.**

☐ 32.1. Fyrir brot gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð, heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga svo og fyrirmælum heilbrigðisnefnda og annarra rétthæfra aðila, gefnum skv. ákvæð-

1981 Nr. 50 29. maí

um í nefndum lögum og reglum, skal refsa með sektum, en með varðhaldi, séu sakir miklar.

■ **33. gr.**

□ 33.1. Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, heilbrigðisreglugerð, mengunarvarnareglugerð eða heilbrigðissamþykktum sveitarfélaga, skal farið að hætti opinberra mála.

VIII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **34. gr.**

□ 34.1. Hollustuvernd ríkisins getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu, að svo miklu leyti sem Hollustuvernd ríkisins annar því ekki.

■ **35. gr.**

□ 35.1. Ráðherra getur að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

IX. kafli. Gildistaka.

■ **36. gr.**

□ 36.1. Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1982. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 74/1977, um matvælarannsóknir ríkisins svo og ósamrýmanleg ákvæði laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, laga nr. 27/1977, um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum, laga nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, og laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Þegar í stað skal hefjast handa við að undirbúa gildistöku laga þessara. Skal ráðherra í þeim tilgangi skipa fimm manna framkvæmdanefnd, sem í eiga sæti: Einn fulltrúi landlæknis, einn frá Matvælarannsóknum ríkisins, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn frá Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands og einn fulltrúi án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður. Skal nefnd þessi starfa þar til stjórn Hollustuverndar ríkisins hefur tekið til starfa.

2. Reglugerðir samkvæmt lögum þessum skal setja svo fljótt sem kostur er. Þar til þær hafa verið staðfestar skulu þær reglugerðir, sem nú gilda um þau mál er lög þessi taka til, vera í fullu gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.

3. Þar til reglugerð um mengunarvarnir hefur verið staðfest gilda ákvæði reglugerðar nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, og eins skulu fyrirtæki, sem hafa starfsleyfi skv. þeim ákvæðum, halda óbreyttu starfsleyfi.

4. Samþykktir sveitarfélaga, staðfestar af ráðherra, skv. lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, halda gildi sínu fari þær ekki í bága við ákvæði laga þessara.

5. Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna, sem eru í starfi við gildistöku laganna, skulu að fullu halda réttindum sínum þrátt fyrir ákvæði 26. gr. 4. tl. um menntun, enda hafi þeir verið ráðnir til starfa í samræmi við gildandi lög.

6. Stefnt skal að því á næstu fimm árum að fella starfsemi eiturefnanefndar og manneldisráðs, sbr. 21. gr. 1. tl., undir starfsemi Hollustuverndar ríkisins með breytingum á gildandi lögum þar um.

7. Hollustuvernd ríkisins skal þegar eftir gildistöku laganna standa fyrir námskeiði fyrir heilbrigðisfulltrúa, sem hafa ekki tilskilda sérmenntun skv. lögum þessum.

8. Hollustuvernd ríkisins skipuleggur þegar í stað í samvinnu við heilbrigðis- og fræðsluyfirvöld nám heilbrigðisfulltrúa.

9. Ríkisstjórnin láti fara fram athugun á hvort sameina eða samræma megi frekar en gert er með lögum þessum starfsemi aðila, sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Jafnframt fari fram könnun á möguleikum til frekari samræmingar löggjafar um þessi mál. Skal könnun þessari lokið innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara.

10. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

1981 Nr. 50 29. maí

Lög um manneldisráð.

1978 Nr. 45 11. maí

■ **1. gr.** Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist manneldisráð. Manneldisráð skal undir stjórn heilbrigðismálaráðherra vinna að samræmingu rannsókna og fræðslu á sviði manneldisfræði, nánara samstarfi milli framleiðenda og neytenda og vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðuneytis um manneldismál.

■ **2. gr.** Manneldisráð getur annast ráðgjöf til annarra aðila samkvæmt sérstakri gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

■ **3. gr.** Í manneldisráði eiga sæti fimm menn er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn ráðsmanna samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, annan samkvæmt tilnefningu verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, en hina þrjá án tilnefningar. Skipa skal fimm varamenn með sama hætti.

□ Til setu í ráðinu skal skipa menn með sérþekkingu á manneldismálum.

□ Ráðherra skipar einn ráðsmanna formann manneldisráðs.

■ **4. gr.** Manneldisráð getur, að fenginni heimild ráðherra, sett á fót samstarfshópa um mikilvæg málefni, jafnframt því, sem það getur kallað sérfræðinga sér til ráðuneytis.

□ Manneldisráð getur kallað saman manneldisþing eftir því sem tilefni gefst til.

■ **5. gr.** Manneldisráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun á því fé, sem til þess er veitt á fjárlögum eða það fær til ráðstöfunar á annan hátt.

□ Manneldisráð sendir ráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf ráðsins.

■ **6. gr.** Ráðherra setur manneldisráði starfsreglur.

1947 Nr. 30 22. apríl

Lög um að tryggja manneldisgildi hveitis.

■ **1. gr.** Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum manneldisráðs að skipa fyrir með reglugerð um ráðstafanir til að tryggja sem bezt manneldisgildi hveitis, sem selt er á íslenzkum markaði. Má í því skyni krefjast sérstakrar tilhögunar við mölun hveitisins, svo og að það skuli blandað viðeigandi næringar- og hollustuefnum, annars hvors eða hvors tveggja í senn.

1947 Nr. 30 22. apríl

■ **2. gr.** Brot gegn ákvæðum reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, skulu varða ...[1] sekt, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

[1] *L. 10/1983, 22. gr.*

1936 Nr. 24 1. febr.

Lög um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.[1]

[1] *Ath. l. 50/1981, 36. gr.*

■ **1. gr.** Lög þessi ná yfir hvers konar matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur, og er tilgangur þeirra að vernda menn gegn tjóni, sem stafað getur af því ef slíkar vörur skortir eðlilega hollustu, eða ef þær eru skaðlegar heilbrigði manna, eða ef menn eru gabbaðir til að afla sér þeirra, neyta þeirra eða nota þær í þeirri trú, að þær séu annars efnis eða eðlis en þær eru í raun og veru.

■ **2. gr.** *Matvæli eða neyzluvörur* eru samkv. lögum þessum efni, sem ætluð eru mönnum til neyzlu sem matur eða drykkur, þar á meðal neyzluvatn, svo og efni í mat eða drykk, þar með talið hvers konar krydd, svo og önnur efni, sem notuð eru við tilbúning matvæla og drykkja, þó að þau séu að jafnaði ekki í matvælunum eða drykkjunum, að þeim fullgerðum. Neyzluvörur teljast meðal annars hvers konar nautnavörur, svo sem áfengi, tóbak, kaffi, te o. s. frv.

□ Um efni, sem eingöngu eru ætluð til lækninga sem lyf og aðeins eru látin úti af lyfsölum eða læknum, fer eftir sérstökum lögum.

■ **3. gr.** *Nauðsynjavörur* aðrar en matvæli og neyzluvörur (sbr. 2. gr.) eru samkvæmt lögum þessum:

1. Búsáhöld, svo sem ílát og umbúðir, eldhúsáhöld, borðbúnaður og aðrir þeir hlutir, sem notaðir eru við tilbúning, geymslu eða framreiðslu matvæla eða annarrar neyzluvöru.

2. Tilsvarandi áhöld þeim, sem getur í 1. tölulið þessarar greinar og eru viðhöfð í verksmiðjum, verzlunum, skipum og öðrum flutningatækjum eða á geymslustöðum og þar annars staðar, sem farið er með matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, þar á meðal hvers konar vélar til matvæla- eða annarrar neyzlu- eða nauðsynjavörugerðar eða við umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu eða aðra meðferð á slíkum vörum, einnig vogir og mælitæki.

3. Hreinlætis- og snyrtivörur, hverju nafni sem nefnast. Með snyrtivörum teljast grímur, gervihár og hvers konar vörur eða efni, sem leikarar einkum nota til að breyta útliti sínu, enn fremur hvers konar hreinlætis- og snyrtitæki, þar á meðal hvers konar áhöld og efni, sem notuð eru í rakarastofum og snyrtistofum.

4. Klæðnaður og hvers konar efni í klæðnað, þar á meðal rúmfatnaður og efni í rúmfatnað.

5. Húsgögn, þar á meðal upphitunar- og lýsingartæki, veggfóður og húsgagnafóður, gólfdúkar og ábreiður, málningarvörur og aðrir litir, sem ekki teljast matvæli eða neyzluvörur (sbr. 2. gr.), stofuplöntur og plöntueftirlíkingar.

6. Eldiviður og ljósmeti, þar á meðal steinolía, brennsluvínandi, benzín, kerti, eldspýtur og önnur kveikingartæki.

7. Lækningaáhöld, þar á meðal gervilimir og sjúklingaumbúðir, sáraumbúðir og hvers konar sjúkragögn og hjúkrunarvörur, enn fremur áhöld og efni til getnaðarvarna.

8. Leikföng.

9. Aðrir hlutir, sem ráðherra tiltekur nánar í samræmi við tilgang þessara laga.

1936 Nr. 24 1. febr.

■ **4. gr.** Óheimilt er:

1. Að búa til eða flytja inn í landið í því skyni að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem ætla má, að skorti eðlilega hollustu eða séu skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt.

2. Að haga umbúnaði, geymslu, flutningi, afgreiðslu eða annarri meðferð á matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum, sem ætla má, að verði hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi, þannig, að ætla megi, að þær fyrir það skorti eðlilega hollustu eða verði skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt.

3. Að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi, hvort sem er innanlands eða til útflutnings úr landinu, matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem ætla má, að skorti eðlilega hollustu eða séu skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt.

□ Ef um venjulegar nautnavörur er að ræða, sem að vísu eru viðurkenndar skaðlegar heilbrigði manna, og eins þó að þeirra sé aðeins neytt á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt, eða um venjuleg matvæli eða um aðrar venjulegar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem álitamál getur verið um að þessu leyti, verða menn ekki sakfelldir samkvæmt þessari grein, nema ætla megi, að vörurnar séu annarlega eða óvenjulega skaðlegar heilbrigði manna, ef þeirra er neytt eða þær notaðar á tilætlaðan eða tíðkanlegan hátt, enda sé ekki bann á slíkum vörum eða þær gerðar óheimilar samkv. 6. gr.

■ **5. gr.** Óheimilar eru eftirlíkingar eftir matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum í blekkingarskyni í verzlun eða viðskiptum, jafnt og hvers konar fölsun slíkrar vöru.

□ Um verzlun með matvæli og aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, og þar á meðal um auglýsingar um og auðkenni á slíkum vörum, fer almennt eftir lögum nr. 84 19. júní 1933,[1] um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, en í einstökum atriðum eftir reglugerðum, er ráðherra kann að setja, eða auglýsingum, er hann kann að birta samkvæmt þessum lögum. Um brot gegn hinum tilvitnuðu lögum, þegar um er að ræða matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, fer eftir þessum lögum.

[1] *Nú l. 56/1978.*

■ **6. gr.** Ráðherra er heimilt í samræmi við tilgang þessara laga:

1. Að banna eða takmarka tilbúning í landinu og þá jafnframt innflutning í landið á matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum, sem tilbúnar eru á ákveðinn hátt.

2. Að banna eða takmarka, að um matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur sé búið eða þær geymdar, fluttar, afgreiddar eða að öðru leyti með þær farið á ákveðinn hátt.

1936 Nr. 24 1. febr.

3. Að banna eða takmarka, að matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur, sem tilbúnar eru, um er búið, geymdar eru, fluttar, afgreiddar eða að öðru leyti með farið á ákveðinn hátt, séu hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi.

4. Að banna eða takmarka, að áhöld eða efni, sem ætluð eru til ólöglegra eftirlíkinga eða fölsunar á matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum, séu búin til í landinu eða flutt inn í landið, höfð á boðstólum, seld eða látin á annan hátt af hendi.

5. Að skipa fyrir, að á umbúðir, matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur eða á vörurnar sjálfar séu skráðar réttar upplýsingar um, hvar og af hverjum og hvenær þær séu tilbúnar, hver hafi selt þær eða látið þær af hendi, hverrar tegundar eða efnis eða eðlis þær séu, og ef um samsettar vörur er að ræða, hve mikið sé af hverju efni fyrir sig, svo og að segja fyrir um, hvernig að öðru leyti skuli gengið frá þessum áletrunum.

6. Að ákveða með reglugerðum eða auglýsingum, hvernig einstakar tegundir af matvælum eða öðrum neyzlu- eða nauðsynjavörum skuli gerðar til þess að verða ekki taldar skorta eðlilega hollustu eða vera skaðlegar heilbrigði manna, óheimilar eftirlíkingar eða falsaðar samkv. ákvæðum laga þessara, eða til þess að mega auðkennast á ákveðinn hátt. Í þessum reglugerðum eða auglýsingum má ákveða, hverjum þrifnaðar- og heilbrigðisreglum skuli fylgja við tilbúning, umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu og aðra meðferð hinna einstöku tegunda af matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, að húsakynni og áhöld séu viðunandi, og þegar um framleiðslu eða aðra vandasama meðferð á slíkum vörum er að ræða, að næg kunnátta sé fyrir hendi til að annast allt, er að slíku lýtur.

■ **7. gr.** Almennt eftirlit með framkvæmd laga þessara hafa lögreglustjórar, hver á sínum stað, með aðstoð héraðslækna, heilbrigðisnefnda og tollvörzlumanna.

□ ...[1] Hlutaðeigendum skal jafnan skylt að leyfa eftirlitsmönnum óhindraðan aðgang til eftirlits á þeim stöðum, þar sem matvæli eða aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur eru búnar til, eða þar sem um slíkar vörur er búið, þær geymdar, fluttar eða á annan hátt með þær farið, eða þar sem slíkar vörur eru hafðar á boðstólum, seldar eða látnar á annan hátt af hendi, svo og að láta eftirlitsmönnum ókeypis í té nauðsynleg sýnishorn til rannsóknar, gefa þeim, eftir því sem þörf krefur vegna eftirlitsins, upplýsingar um aðferðir við tilbúning, umbúnað, geymslu, flutning, afgreiðslu og aðra meðferð á slíkum vörum, heimila þeim aðgang að innkaupareikningum og öðrum skjölum, er máli skipta fyrir starf þeirra, og að aðstoða þá í öllum greinum við framkvæmd eftirlitsins.

□ Ráðherra er heimilt að ákveða nánar í reglugerð um tilhögun eftirlitsins. Í reglugerðinni má ákveða, hverjar aðferðir skuli viðhafðar við rannsóknir á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, til að sannreyna vörurnar. Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði. Heimilt skal þó með reglugerðarákvæði að leggja gjald á vörur þær, sem eftirlitinu eru háðar, til greiðslu á þeim kostnaði, og skal það gjald miðað við verðmæti framleiðslunnar eða innflutnings.

[1] *L. 12/1969, 19. gr.*

■ **8. gr.** Áður en reglugerðir eru settar samkvæmt 9. tölulið 3. greinar og 6. og 7. grein, skal gefa hlutaðeigandi framleiðendum eða kaupmönnum kost á að láta sérfræðinga, er þeir nefna til, athuga málið og segja álit sitt um það. **1936** Nr. 24 1. febr.

□ Í reglugerðum samkvæmt lögum þessum má aldrei gera minni kröfur til erlendrar vöru en sams konar vöru innlendrar.

■ **9. gr.** Þeir, sem hafa á hendi eftirlit með framkvæmd laga þessara, skulu, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum hinna almennu hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, bundnir þagnarskyldu um öll framleiðslu- og verzlunarleyndarmál, er þeir kunna að komast að við framkvæmd eftirlitsins, og mega hvorki færa sér þau í nyt sjálfir né verða þess valdandi, að aðrir geri það.

■ **10. gr.** Lögreglustjóra er heimilt, með ráði héraðslæknis eða sérstaklega skipaðs eftirlitsmanns, að taka í sínar vörzlur eða umsjá matvæli og aðrar neyzlu- og nauðsynjavörur, sem ástæða er til að ætla, að séu skaðlegar heilbrigði manna, óheimilar eftirlíkingar eða falsaðar samkvæmt ákvæðum þessara laga, og hindra þannig, að þær verði hafðar á boðstólum, seldar eða á annan hátt látnar af hendi, svo lengi sem hann telur ástæðu til, og ef mál er höfðað, þangað til dómur er genginn.

■ **11. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál, nema um brot á hinum almennu hegningarlögum sé að ræða.

□ Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—10 000 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

□ Ætíð skal sá, er sekur hefur fundizt við ákvæði þessara laga, greiða allan þann kostnað, sem leitt hefur af útvegun sýnishorna og rannsókna á þeim, er nauðsynlegar voru til að sanna sekt hans.

□ Nú hefur sá, sem sekur hefur fundizt um vörusvik samkvæmt þessum lögum, sannanlega grætt á svikunum, og má þá, auk sektar þeirrar, sem greind er í 2. málsgrein þessarar greinar, eða annarrar refsingar, dæma hann til að greiða viðbótarsekt, jafnháa upphæð sem hagnaðurinn sannanlega nemur. Hinar sviknu vörur skulu jafnan dæmdar upptækar á kostnað hins seka, svo og áhöld þau og efni, sem notuð hafa verið við vörusvikin og sérstaklega eru til slíks ætluð.

□ Fyrir ítrekuð brot eða mikilsháttar, og einkum ef tjón hefur hlotizt af, má með dómi svipta hinn seka leyfi til að fást áfram við framleiðslu eða verzlun með matvæli og aðrar neyzlu- eða nauðsynjavörur um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef sakir eru mjög miklar.

■ **12. gr.** Í dómi, uppkveðnum samkvæmt 11. gr., má kveða svo á, að hann skuli birtur almenningi á kostnað hins seka. Sé hinn kærði sýknaður, má eftir kröfu hans kveða svo á í dóminum, að hann skuli birtur almenningi, og greiðir ríkissjóður þá kostnaðinn. Í dóminum skal ákveðið, hvernig slík birting skuli fram fara.

Lög um eyðing á rottum. **1945**

■ **1. gr.** Bæjar- og sveitarstjórnir skulu gangast fyrir því undir yfirstjórn heilbrigðisstjórnarinnar, að rottum sé eytt. Nr. 27 12. febr.

■ **2. gr.** Eyðing á rottum skal fara fram tvisvar á ári, haust og vor, í öllum sveitarfélögum á landinu, þar sem

1945 Nr. 27 12. febr.

þeirra verður vart. Bæjar- og sveitarstjórnir láta framkvæma eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarsjóðs ...[1)]

□ Á öðrum tímum árs skal eyðing fara fram eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar eða fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar. Fer þá um greiðslu kostnaðar svo sem segir í 1. mgr.

[1)] *L. 5/1968, 10. gr.*

■ **3. gr.** Rottum skal eyða með eitrun eða á annan hátt, er heilbrigðisstjórnin ákveður. Við eitrun skal aðeins nota þær eiturtegundir, sem óskaðlegar eru mönnum og skepnum, sem þyngri eru en eitt kílógramm. Þó getur heilbrigðisstjórnin leyft notkun sterkari eiturtegunda, þar sem rottufaraldur er mjög mikill eða erfiður viðfangs, svo sem í skipum, sorphaugum og afgirtum geymslusvæðum.

■ **4. gr.** Þær einar eiturtegundir má nota og hafa til sölu, er heilbrigðisstjórnin hefur leyft. Um meðferð og notkun eiturs skal fara eftir þeim reglum, er nú gilda eða settar kunna að verða.

□ Rottueitur skal vera til sölu í lyfjabúðum og hjá héraðslæknum, þar sem ekki eru lyfjabúðir.

■ **5. gr.** Bæjar- og sveitarstjórnir skulu árlega senda stjórnarráðinu skýrslu um eyðingu á rottum í sveitarfélaginu. Skal þar lýst eyðingarstarfinu, getið eiturtegunda og eiturmagns, kostnaðar og árangurs, ef kostur er.

■ **6. gr.** Nú vanrækir bæjar- eða sveitarfélag að láta framkvæma eyðingu á rottum þrátt fyrir skipun heilbrigðisstjórnarinnar, og er heilbrigðisstjórninni þá heimilt að láta framkvæma eyðinguna á kostnað bæjar- eða sveitarfélagsins eingöngu.

1953 Nr. 7 3. febr.

Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki.[1)]

[1)] *Ath. l. 50/1981, 36. gr.*

■ **1. gr.** Bæjarstjórnum og hreppsnefndum er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrigðismálaráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í sveitarfélaginu.

■ **2. gr.** Sérhver skattgreiðandi skal á skattaframtali gera grein fyrir þeim hundum, sem hann eða aðrir, er hann hefur á framfæri sínu, eiga um áramót.

□ Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri eða skattanefnd í hverjum kaupstað, skulu gera skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda hana sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík tollstjóra) í aprílmánuði ár hvert.

■ **3. gr.** [Af hundum búfjáreigenda skal greiða 30 króna skatt árlega. Einnig af minkahundum, dýrhundum og sporhundum, enda hafi verið veitt sérstakt leyfi til slíks hundahalds og þeir hundar hafðir í öruggri gæzlu. Af öðrum hundum greiðist 300 króna skattur árlega.

□ Skatturinn rennur í bæjar- eða sýslusjóð og innheimtist á manntalsþingi.][1)]

[1)] *L. 41/1965, 1. gr.*

■ **4. gr.** Skyldur er hver sá, sem lætur slátra skepnum, er sullur finnst í, að grafa þegar í stað það slátur, sem sollið er, svo og hausa af höfuðsóttarkindum, það djúpt í jörð niður, að hundar geti eigi náð því, eða brenna það. ...[1)]

[1)] *L. 75/1982, 10. gr. A.*

■ **5. gr.** Bæjarstjórnir, eða hreppsnefndir undir umsjón sýslunefnda, skulu sjá um hreinsun hunda til útrýmingar bandormum, hver í sínu umdæmi.

□ Kostnaður greiðist úr bæjar- eða sýslusjóði.

1953 Nr. 7 3. febr.

■ **6. gr.** Heilbrigðismálaráðuneytið setur, í samráði við landlækni og yfirdýralækni, reglugerð um hreinsun hunda vegna bandorma, meðferð sulla úr sláturfé, svo og annað, er þurfa þykir, til útrýmingar sullaveiki.

■ **7. gr.** [Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum.][1)]

[1)] *L. 75/1982, 10. gr. B.*

■ **8. gr.** Með mál gegn brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

1977 Nr. 27 11. maí

Lög um ráðstafanir til að draga úr tóbaksreykingum.[1)]

[1)] *Ath. l. 50/1981, 36. gr.*

■ **1. gr.** Hvers konar auglýsingar á tóbaki og tóbaksvarningi eru bannaðar hér á landi.

■ **2. gr.** Bannað er enn fremur að nota neyslu eða hvers konar meðferð tóbaks og tóbaksvarnings í auglýsingum eða upplýsingum um annars konar vörur eða þjónustu.

■ **3. gr.** Ráðherra er heimilt að leggja bann við tóbaksreykingum í húsakynnum, sem eru til almenningsnota.

□ Jafnan skal haft samráð við hlutaðeigandi forráðamenn, eigendur eða stjórnendur, áður en slíkt bann er sett á, en ekki er það skilyrði að þeir samþykki bannið.

□ Við veitingu heimildar til rekstrar langferðabifreiða, flugvéla, farþegaskipa, leigubifreiða og hvers konar annarra farartækja, sem rekin eru gegn gjaldtöku, er heimilt að setja skilyrði um reykingabann að nokkru eða öllu í farartækinu.

■ **4. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

■ **5. gr.** Ráðherra er heimilt að skipa nefnd, sem fær það hlutverk að annast framkvæmd þessara laga svo og aðrar aðgerðir til þess að hamla gegn tóbaksreykingum.

□ Ákveða skal á fjárlögum ár hvert framlag úr ríkissjóði til reykingavarna.

□ Heilbrigðisráðherra ákveður um ráðstöfun fjárins.

■ **6. gr.** Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

■ **7. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 500 þús. kr. nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1977. Jafnframt falla þá úr gildi 2. og 3. málsliður 1. mgr. og öll 2. mgr. 7. gr. laga nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sbr. lög nr. 59/1971.

II. i. Samgöngur.

1977 Vegalög.
Nr. 6 **I. kafli. Almenn ákvæði.**
25. mars ■ **1. gr.** Orðið vegur merkir í lögum þessum akbraut, land og mannvirki, sem að staðaldri eru nauðsynleg, til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

□ Til vegar teljast því, auk vegarstæðis og vegar, vegbekkir, skurðir, sneiðingar, fyllingar, ræsi, öryggisgrindur, biðstæði og umferðarljós.

□ Til vega teljast enn fremur brýr, jarðgöng og ferjubryggjur, svo og vetrarvegir.

■ **2. gr.** Opinber vegur er hver sá vegur, sem ætlaður er almenningi til frjálsrar umferðar og kostaður er af fé ríkis eða sýsluvegasjóðs.

■ **3. gr.** Veghald merkir vegagerð og viðhald vega.

□ Veghaldari er sá aðili, er sér að öllu leyti um veghald.

■ **4. gr.** Ákvæði laga þessara um vegagerð gilda einnig um breikkun, breytingar og umbætur vega, nema annað sé ákveðið í lögum eða leiði af eðli málsins.

■ **5. gr.** Þegar vegagerð er ákveðin samkvæmt mældri veglínu og fé veitt til hennar, skulu ákvæði laga þessara taka gildi um vegalagninguna, að svo miklu leyti sem við á.

■ **6. gr.** Lög þessi gilda ekki um götur í kaupstöðum eða kauptúnum, nema sérstaklega sé ákveðið í lögunum.

II. kafli. Um stjórn vegamála og veghald.

■ **7. gr.** Ráðherra sá, er fer með samgöngumál, hefur yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar forseti Íslands vegamálastjóra, er veitir Vegagerð ríkisins forstöðu, en ráðherra skipar honum verkfræðinga og aðra starfsmenn eftir þörfum, að fengnum tillögum hans.

■ **8. gr.** Vegagerð ríkisins er veghaldari allra opinberra vega samkvæmt lögum þessum.

■ **9. gr.** Heimilt er Vegagerð ríkisins að fela hlutaðeigandi sveitarstjórn að nokkru eða öllu leyti lagningu og viðhald þeirra gatna í borgum, kaupstöðum eða kauptúnum, sem teljast þjóðvegir, samkv. reglugerð, sbr. 30. gr., svo og sýslunefndum að annast sýsluvegi á sama hátt.

□ Nú er heimild 1. mgr. notuð, og skal þá Vegagerð ríkisins hafa eftirlit með, að lagning og viðhald vega þeirra eða gatna, sem um er að ræða, sé framkvæmt á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðar ríkisins, skal hún gefa sveitarstjórn fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests.

III. kafli. Um vegáætlun.

■ **10. gr.** Samgönguráðherra leggur að fengnum tillögum vegamálastjóra tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir Alþingi. Í tillögunni skal gerð grein fyrir fjáröflun þeirri, sem fyrirhuguð er á áætlunartímabilinu, og útgjöld sundurliðuð eftir helstu framkvæmdaflokkum skv. lögum þessum. Við meðferð tillögunnar fyrir Alþingi skal ákveða skiptingu útgjalda til einstakra framkvæmdaliða og tillagan afgreidd í endanlegu formi sem þingsályktun um vegáætlun fyrir fjögurra ára tímabil.

□ Sé fé veitt til þjóðvegagerðar eftir öðrum leiðum en getið er um í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun, svo sem í landshlutaáætlunum, með sérstakri fjáröflun eða á annan slíkan hátt, skal fjalla um skiptingu þess innan ramma vegáætlunarinnar á sama hátt og að framan getur. **1977** Nr. 6 25. mars

□ Er þingsályktun um vegáætlun hefur gilt í tvö ár, skal hún tekin til endurskoðunar og jafnframt samin áætlun fyrir tvö ár til viðbótar, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

■ **11. gr.** Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir, svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda. Enn fremur áætlaður kostnaður við vegaviðhald og annar kostnaður Vegagerðar ríkisins á sama tímabili.

□ Í vegáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðun um heildarkostnað hvers mannvirkis þrjú fyrstu ár áætlunartímabilsins.

□ Hálfum hundraðshluta af tekjum samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 79/1974, skal varið til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn vegamálastjóra.

■ **12. gr.** Í þingsályktun um vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir eftirfarandi reglum:

Stofnbrautir: Vegir, sem ná til 1000 íbúa svæðis og mynda eðlilegt samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Víkja má frá reglunni um íbúafjölda, ef um er að ræða tengingu kaupstaða eða kauptúna, sem mynda samræmda heild frá atvinnulegu eða félagslegu sjónarmiði. Sama gildir um tengivegi, sem hafa mikla árstíðabundna umferð eða þar sem innan 10 ára má búast við 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. [Við það stofnbrautakerfi, sem þannig fæst, skal tengja með stofnbraut öll þéttbýli, sem hafa 400 íbúa eða fleiri, enda sé tengingin ekki lengri en 20 km, svo og þéttbýli með 200—400 íbúa, ef tenging þeirra er ekki lengri en sem svarar 1 km fyrir hverja 100 íbúa í þéttbýlinu.][1)]

Þjóðbrautir: Vegir, sem eru minnst 2 km langir frá vegamótum og ná til a. m. k. þriggja býla, þannig að þeir nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kauptúni. Sömuleiðis má, þar sem aðalfjallvegur liggur úr byggð, telja þjóðbraut að innsta býli.

Heimilt er að taka í tölu þjóðbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkvæmt leyfi samgönguráðuneytisins í eitt ár eða lengur. Enn fremur er heimilt að taka í tölu þjóðbrauta vegi að skólastöðum og öðrum hliðstæðum stöðum, þar sem vísir að þorpi hefur myndast vegna þeirrar starfsemi, sem þar fer fram.

Við skiptingu fjárveitinga til þjóðbrauta á milli kjördæma skal hafa hliðsjón af ástandi þeirra, notkun og lengd í hverju kjördæmi.

[1)] *L. 38/1983, 1. gr.*

■ **13. gr.** Stefnt skal að því að leggja bundið slitlag á þá vegarkafla, þar sem innan 10 ára má búast við 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina. Um það atriði, breidd vega, fjarlægð skurða og girðinga, burðarþol og önnur tæknileg efni varðandi gerð þjóðvega í hverjum flokki skal setja reglugerð.

■ **14. gr.** Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun, samkv. 10. gr., svo fljótt

eftir þingsetningu sem auðið er.

□ Vegáætlun öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

■ **15. gr.** Ráðherra skal leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

■ **16. gr.** Heimilt skal ráðherra að ákveða, að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðist skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, ef til hefur komið tjón á vegum, t. d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara.

■ **17. gr.** Vegamálastjóri semur, í samráði við sýslunefndir, framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi, til fjögurra ára í senn.

□ Er sýsluvegaáætlun hefur gilt í tvö ár, skal samin ný áætlun fyrir næstu fjögur ár, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

□ Sýsluvegaáætlun öðlast gildi, er sýslunefnd hefur samþykkt hana og samgönguráðherra staðfest hana.

■ **18. gr.** Ákvæði þessa kafla gilda, eftir því sem við getur átt, um sýsluvegi.

IV. kafli. Um sýsluvegi.

■ **19. gr.** Í hverri sýslu skal vera sýsluvegasjóður. Sýslunefndir gera samþykktir[1)] fyrir sýsluvegasjóði, og öðlast þær gildi, er ráðherra hefur staðfest þær.

□ Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Í tölu sýsluvega skulu vera:

a. Vegir að öllum býlum, sem ekki hafa beint vegasamband við þjóðvegi.

b. Vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum.

c. Vegir í þorpum með undir 200 íbúum.

d. Heimilt er sýslunefnd að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum orkuverum, sumarbústöðum, eyðibýlum, fjallskilaréttum, bryggjum, sjúkraflugvöllum og skipbrotsmannaskýlum.

e. Heimilt er í sýsluvegaáætlun að veita fé til fjallvega, sem nauðsynlegir teljast vegna nýtingar afréttar- og beitilanda.

□ Sýsluvegur samkvæmt a-lið þessarar greinar skal aldrei teljast ná nær býli en 50 m, ef hann endar þar.

[1)] *T. d. samþ.: 233, sbr. 277/1969; 234, sbr. 174/1966 og 280/1969; 235, sbr. 208/1966; 236, sbr. 133/1966 og 247/1969; 122, sbr. 278/1969; 125, sbr. 173/1966 og 305/1969; 212, sbr. 8/1970 og 10/1972; 303; 304, sbr. 479/1974, 138/1979 og 253/1982; 303/1977; 341/1978; 164, 474–476, 493, 527/1979; 451, 452/1980; 619/1982.*

■ **20. gr.** Kostnaður við lagningu og viðhald sýsluvega greiðist af fé sýsluvegasjóðs, sbr. þó 52. gr.

□ Heimilt er að styrkja af fé sýsluvegasjóðs lagningu og viðhald vega að sumarbústaðahverfum, enda náist samkomulag um mótframlag af hálfu eigenda og um afnot vegarins.

■ **21. gr.** Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar a. m. k. andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

□ Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald sitt til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

■ **22. gr.** Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

■ **23. gr.** Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

□ Vegaskattur skal nema 3,0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7000. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein.

□ Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

■ **24. gr.** [Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili, vitar, orlofsheimili og sumarbústaðir.][1)] Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

[1)] *L. 30/1983, 1. gr.*

■ **25. gr.** Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

■ **26. gr.** Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu ¾ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

■ **27. gr.** Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt ákvörðun 17. gr. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

□ Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

■ **28. gr.** Af tekjum vegamála samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tveimur og hálfum sinnum heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan viðkomandi fjárlagaári. Frá því dregst þó mótframlag ríkissjóðs, sem þegar hefur verið greitt skv. síðustu málsgrein þessarar greinar.

□ Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkisframlagið miðast við. Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu, sem falla undir a–c-lið 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær.

□ Framlag, sem hreppur kann að hafa greitt umfram lágmark samkvæmt 21. gr., skal, ásamt mótframlagi

ríkissjóðs, sem heimilt er að greiða á sama ári og framlag hrepps er innheimt, renna óskipt til sýsluvega í viðkomandi hreppi, án tillits til 2. mgr. 28. gr.

V. kafli. Um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

■ **29. gr.** Í kaupstöðum skulu götur og vegir lagðir þar sem ákveðið er í skipulagsuppdrætti. Í kauptúnum gildir sama, ef skipulagsuppdráttur hefur verið gerður, ella ákveður hreppsnefnd, hvar götur og vegir skuli liggja innan kauptúnsins.

□ Sveitarstjórn ákveður um gerð gatna og vega.

■ **30. gr.** Ráðherra ákveður með reglugerð,[1)] að fengnum tillögum vegamálastjóra, að svo miklu leyti sem vegáætlun mælir ekki fyrir um, hvaða vegir í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, skuli teljast þjóðvegir. Við samningu tillagna sinna skal vegamálastjóri leita álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar og skipulagsnefndar ríkisins.

□ Við ákvörðun á því, hvaða vegir skuli teljast þjóðvegir samkvæmt þessum kafla, skal miðað við eftirfarandi:

1. Eðlilegt samhengi vegakerfisins sé ekki rofið.
2. Um sé að ræða helstu umferðarleið um viðkomandi byggðarlag, sé um margar leiðir að velja.
3. Greið leið fáist að þeim stöðum byggðarlagsins, sem mikilvægastir eru fyrir athafnalíf staðarins, ef vegurinn endar þar.

[1)] *Rg. 82/1981.*

■ **31. gr.** Áður en vegagerð hefst, skal sveitarstjórn láta gera tæknilega og fjárhagslega áætlun um verkið, og er hún háð samþykki vegamálastjóra.

■ **32. gr.** Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 200 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda. ...[1)]

□ Nú hefur verið ákveðið í reglugerð, hvaða götur teljist þjóðvegir innan kaupstaða eða kauptúna, og skal þá hluta viðkomandi sveitarfélags samkv. 1. mgr. eingöngu varið til lagningar þeirra og viðhalds.

□ Greiða má af hluta sveitarfélags kostnað vegna kaupa á fasteignum í þágu þjóðvegar samkv. þessum kafla laganna.

□ Kostnað við holræsi, færslur á leiðslum, gangstéttir, umferðarljós, götulýsingu og því um líkt greiðir hlutaðeigandi sveitarfélag.

□ Þegar lagningu vega samkv. 2. mgr. er lokið að dómi vegamálastjóra, skal sveitarstjórn verja sínum hluta fjárframlags samkv. 1. mgr., að frádregnum viðhaldskostnaði þjóðveganna, til annarrar varanlegrar gatnagerðar.

[1)] *L. 38/1983, 2. gr.*

■ **33. gr.** Vegagerð ríkisins lítur eftir viðhaldi þjóðvega samkvæmt þessum kafla.

□ Nú telur vegagerðin, að viðhald þjóðvegar sé vanrækt, og ekki fæst úr því bætt, og getur þá vegagerðin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald, sem kostað skal af ríkisframlagi til byggðarlagsins.

■ **34. gr.** Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25 af hundraði, og skal því fé ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis að fengnum tillögum vegamálastjóra til að flýta gerð vega og gatna með bundnu slitlagi, þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Heimilt er að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með færri en 200 íbúa.

1977 Nr. 6 25. mars

■ **35. gr.** Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um eftirlit með því, að fé því, sem sveitarfélögum er veitt samkv. 32. gr., sé varið á þann hátt, sem lögin gera ráð fyrir.

■ **36. gr.** Kostnaður við vegagerð og vegaviðhald, annarra vega en þjóðvega, í kaupstöðum, greiðist úr bæjarsjóði, en í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

VI. kafli. Um einkavegi.

■ **37. gr.** Einkavegir eru þeir vegir, sem ekki teljast þjóðvegir, sýsluvegir eða fjallvegir, liggja utan skipulagsskyldra svæða og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

□ Skylt er að leita samráðs við vegamálastjóra áður en framkvæmdir eru hafnar við lagningu einkavega utan landareigna lögbýla.

■ **38. gr.** Ráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna einkavega, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum X. kafla.

□ Ráðherra getur bundið eignarnámsheimild fyrir einkavegi samkv. 1. mgr. vissum skilyrðum, svo sem um gerð og frágang vegarins, umferðarrétt um hann, viðhald og tengingar við opinbera vegi.

■ **39. gr.** Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta samkv. 38. gr., en getur krafið þann, sem bætur á að greiða, um tryggingar, sem gildar eru metnar, þar á meðal fyrir matskostnaði.

■ **40. gr.** Þegar einkavegur er notaður sem umferðarleið að fleiri eignum en einni, eru allir eigendurnir skyldir að halda veginum við, í hlutfalli við not þeirra af honum. Ákvæði þetta breytir í engu áunnum réttindum eða ákvörðunum um viðhald vegarins. Viðhaldsskyldu geta eigendur uppfyllt með því að láta í té efni eða vinnu eða með fjárframlögum.

□ Það er hér hefur verið ákveðið um viðhald einkavega, skal við sömu aðstæður gilda um endurbætur og endurbyggingu vegar.

■ **41. gr.** Nú verða þeir, sem einkaveg nota, ekki á eitt sáttir um, hverjir hafi rétt til nota af veginum eða um greiðslu viðhaldskostnaðar, og getur þá hver þeirra krafist mats samkvæmt reglum 60. gr.

□ Þegar ⅔ þeirra, sem afnotarétt hafa af veginum, eru sammála um, hvernig mæta skuli sameiginlegum útgjöldum, eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hina, þar á meðal að kostnaður skuli að einhverju eða öllu leyti greiðast af umferðargjaldi.

□ Þegar skipting kostnaðar hefur verið ákveðin með samkomulagi eða mati, getur endurskoðun ekki farið fram, fyrr en liðin eru 5 ár frá síðustu ákvörðun, nema rétthafar séu sammála um annað.

□ Útgjöldum, sem einn eða fleiri rétthafar hafa haft af viðhaldi og ekki hefur verið skipt, er ekki hægt að krefjast skipt með matsgjörð, eftir að liðin eru 3 ár frá því að stofnað var til þeirra.

■ **42. gr.** Meiri hluti rétthafa getur ákveðið, að rétthafar velji stjórn eða eftirlitsmann með veginum, til þriggja ára í senn.

□ Stjórn vegarins eða eftirlitsmaður skal sjá um, að

viðhaldsskyldu sé fullnægt, eins og til er tekið í mati eða samkomulagi, og sker úr ágreiningi í því sambandi.

□ Stjórn eða eftirlitsmaður getur bannað umferð um veginn til að forða veginum frá skemmdum. Vanræki einhver, sem til þess er skyldur, að halda veginum við að sínum hluta, getur stjórnin látið framkvæma viðhald á hans kostnað.

■ **43. gr.** Einkavegir, sem opnir eru fyrir almenna umferð, eru háðir eftirliti Vegagerðar ríkisins, bæði að því er varðar gerð og viðhald. Virðist vegagerðinni vegi áfátt í því efni, þannig að hætta geti stafað af, skal tafarlaust tilkynna það viðkomandi lögreglustjóra og gera tillögur til úrbóta. Lögreglustjóri getur skyldað eiganda að framkvæma úrbætur og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn, þar til bót hefur verið á ráðin.

VII. kafli. Um fjallvegi, ferjuhald, sæluhús o. fl.

■ **44. gr.** Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem vegamálastjóri ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

□ Fjallvegir, sem tengja saman landshluta, nefnast aðalfjallvegir. Skulu þeir, þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum, taldir sérstaklega í vegáætlun samkv. 10. gr.

■ **45. gr.** Kostnaður við fjallvegi greiðist úr ríkissjóði, samkvæmt vegáætlun.

■ **46. gr.** Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkv. vegáætlun eða á annan hátt.

■ **47. gr.** Kostnað við bifreiðaferjur til flutnings yfir vötn eða firði og við lendingarbætur og bryggjur í sambandi við þær er heimilt að greiða úr ríkissjóði og telja með öðrum kostnaði vegamála.

■ **48. gr.** Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er. Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum vel við og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

□ Ekki má sýslunefnd hækka lögferjugjöld né afnema lögferju, nema með samþykki vegamálastjóra.

□ Nú samþykkir sýslunefnd að lækka lögferjugjöld, en lögferjumaður vill ekki hlíta samþykkt sýslunefndar, og skal þá málinu skotið til úrskurðar vegamálastjóra.

■ **49. gr.** Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafist þess, að ferjan sé lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöld skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

■ **50. gr.** Nú verða ábúendaskipti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sé metið álag á ferjuna.

■ **51. gr.** Sæluhús skal gera á fjallvegum og annars staðar þar, er þurfa þykir, og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með viðhaldskostnaði.

VIII. kafli. Um greiðslu brúargerðarkostnaðar á sýslu-, einka- og fjallvegum.

■ **52. gr.** Kostnaður við brýr á sýsluvegum greiðist þannig:

1. Kostnaður við brýr styttri en 4 m telst með vegagerðarkostnaði.
2. Kostnað við brýr yfir 4—10 m haf má greiða úr ríkissjóði að ¼ hluta og úr sýsluvegasjóði að ¾ hlutum.
3. Kostnað við brýr yfir 10 m haf eða lengra má greiða að fullu úr ríkissjóði.
4. Kostnaður við viðhald brúa á sýsluvegum greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

■ **53. gr.** Kostnað við brýr á einkavegum yfir 4 m haf og lengra má greiða allt að hálfu úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

■ **54. gr.** Kostnað við brýr á fjallvegum má greiða að öllu leyti úr ríkissjóði.

IX. kafli. Um bráðabirgðaafnot lands.

■ **55. gr.** Vegagerð ríkisins er heimilt að framkvæma rannsóknir og byrjunarathuganir, sem nauðsynlegar eru við undirbúning vegagerðar, á hvaða landi sem er. Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem vegagerðin hefur sett til að marka mælda veglínu, má ekki nema burt án leyfis hennar. Leit að efni til vegagerðar má vegagerðin gera hvar sem vera skal.

■ **56. gr.** Vegagerð ríkisins eru heimil afnot lands fyrir geymslu efnis og fyrir bækistöðvar vinnuflokka við lagningu eða viðhald vegar.

■ **57. gr.** Skylt er landeiganda að leyfa, að vatni, sem veita þarf frá vegi, sé gerð framrás um land hans.

□ Til framkvæmdar vetrarviðhaldi má vegagerðin ryðja snjó af vegi út fyrir veginn, ef með þarf.

■ **58. gr.** Um bætur fyrir bráðabirgðaafnot lands fer eftir ákvæðum X. kafla, eftir því sem við á.

X. kafli. Um eignarnám, jarðrask, átroðning o. fl.

■ **59. gr.** Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa, að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sé krafist og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

□ Bætur fyrir jarðrask og eignarnám vegna vegar teljast með kostnaði vegarins.

□ Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við vegagerð og græða upp sár, sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir.

□ Vegagerðin skal leitast við að rykbinda þjóðvegi, þar sem þeir liggja um hlöð eða næsta nágrenni íbúðarhúsa, eftir því sem fé er veitt til á vegáætlun.

■ **60. gr.** Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeigenda og umboðsmanns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

■ **61. gr.** Mat skal fara fram á vettvangi, þá er jörð er snjólaus. Við matið skal taka tillit til árlegs afrakstrar af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja, og athuga vandlega allt það, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal. Sérstaklega skal taka tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagerðina. Nú leggst eldri stígur eða vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgerðina meta sér-

staklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir eignarnám lands fyrir hinn nýja veg eða jarðrask, er leiðir af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri vegi eða stíg.

■ **62. gr.** Landeigandi á bætur allar fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 5 af hundraði árlega af skaðabótaupphæðinni, meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var, þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemmdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sérstaklega.

■ **63. gr.** Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiðir, skal krefjast innan árs frá því er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

XI. kafli. Um viðhald og reglur fyrir umferð á opinberum vegum.

■ **64. gr.** Þegar vegur er fullgerður eða almenn umferð hefur verið leyfð um hann, skal honum haldið við, eftir því, sem aðstæður leyfa, þannig að hann gegni sem best hlutverki sínu.

■ **65. gr.** Vegagerðin skal, svo fljótt sem við verður komið, eftir að hún hefur fengið vitneskju um vegaskemmdir, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði, þar til viðgerð hefur farið fram.

□ Vegagerð ríkisins er ekki ábyrg fyrir tjóni, sem hljótast kann af slysum á opinberum vegum, nema um sé að ræða stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna hennar og sannað sé, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, þótt ökumaður hefði sýnt ýtrustu varkárni.

■ **66. gr.** Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri, og skal þá telja þann kostnað með öðru viðhaldi vegarins. Heimilt er vegamálastjóra að binda slíkt vetrarviðhald því skilyrði, að allur slíkur kostnaður eða nokkur hluti hans verði endurgreiddur með framlagi úr héraði, sé um þjóðveg að ræða. Sömu heimild hefur sýslunefnd, að því er sýsluvegi snertir.

■ **67. gr.** Vegamálastjóri getur sett þær reglur fyrir umferð, sem nauðsynlegar eru, til þess að girða fyrir skemmdir á vegum eða til þess að greiða fyrir umferð, svo sem um hámarksþunga bifreiða, er fara mega um ákveðna vegarkafla.

□ Vegamálastjóri getur enn fremur bannað umferð ökutækja þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á vegum. Einnig getur vegamálastjóri bannað alla umferð ökutækja um vegi, sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum, þar til viðgerð er lokið.

XII. kafli. Um öryggi vega o. fl.

■ **68. gr.** Heimilt er vegamálastjóra að banna, að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar, sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi í allt að 3 árum hverju sinni.

■ **69. gr.** Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu þjóðbrauta og 30 m frá miðlínu stofnbrauta. Nánar skal kveðið á um þessi atriði í reglugerð skv. 13. gr.

□ Verði ágreiningur um, hvar miðlína vegar muni verða, sker vegamálastjóri úr. Þar sem þjóðvegur liggur um skipulagt svæði, skal fjarlægð bygginga frá vegi ákveðin í samræmi við skipulag.

□ Vörupalla eða vöruskýli vegna mjólkurflutninga skal heimilt að setja nær vegi en um getur í 1. mgr., þó ekki nær en svo, að bifreið geti staðnæmst við skýlið utan akbrautar.

□ Loftlínur má ekki strengja yfir veg, nema lægsti hluti línu sé a. m. k. 5 metra frá yfirborði vegar.

■ **70. gr.** Vegamálastjóri getur ákveðið, að fjarlægð mannvirkja frá vegi, samkvæmt 69. gr., skuli aukin. Enn fremur getur vegamálastjóri leyft, að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda sé ekki um varanleg mannvirki að ræða, en slík leyfi eru þó ætíð afturkallanleg.

■ **71. gr.** Óheimilt er að reisa mannvirki, nema með leyfi vegamálastjóra, við vegamót á svæði, sem takmarkast af beinum línum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Vegamálastjóri getur, ef sérstaklega stendur á, fært út mörk þessi, allt að 150 m.

■ **72. gr.** Óheimilt er að grafa framræsluskurði, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu þjóðbrautar og 30 m frá miðlínu stofnbrautar. Nánar skal kveðið á um þetta atriði í reglugerð samkvæmt 13. gr. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi vegagerðarinnar.

■ **73. gr.** Óheimilt er að gera skurði eða önnur mannvirki, sem aukið geta vatnsrennsli í vegskurðum, án leyfis vegagerðarinnar. Enn fremur er óheimilt að leiða holræsi úr íbúðarhúsum, verksmiðjum eða þess háttar í vegskurði. Bannað er og að kasta sorpi eða hvers konar úrgangi á vegi, í vegskurði eða svo nærri vegum, að til lýta sé eða óþæginda.

■ **74. gr.** Girðingar má ekki setja nær vegi en ákveðið er í reglugerð samkvæmt 13. gr. laga þessara.

■ **75. gr.** Um grjótgarða, torfgarða og skíðgarða gilda ákvæði 69. gr.

■ **76. gr.** Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á veginum án leyfis vegamálastjóra, nema um einkaveg sé að ræða. Sama bann gildir þar sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hefur verið.

■ **77. gr.** Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 4 metrar á breidd, þannig gerð, að hún haldist opin af sjálfu sér, meðan ekið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

□ Vegamálstjóra er heimilt að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum.

■ **78. gr.** Skylt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt, er vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess, sem að réttu ber að halda girðingunni við.

□ Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður, ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri.

■ **79. gr.** Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur

1977 Nr. 6 25. mars

yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema sveitarstjórn leyfi.

□ Ákvörðun sveitarstjórnar, samkv. 1. mgr., má leggja undir úrskurð vegamálastjóra.

■ **80. gr.** Nú er lagður vegur gegnum land manns, og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum, a. m. k. á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa í veginn, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og skal hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minnsta kosti 3 metra breiða. Landeigandi skal birta vegagerðinni kröfu sína í þessu efni, áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal aðgangur gerður þar eða svo nálægt, sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

□ Nú birtir landeigandi vegagerðinni eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleiri stöðum í landi sínu en þeim eina, sbr. þó 81. gr.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um hraðbrautir.

■ **81. gr.** Óheimilt er að tengja einkavegi þjóðvegum, nema leyfi vegamálastjóra komi til.

XIII. kafli. Um skemmdir á mannvirkjum o. fl.

■ **82. gr.** Enginn má stífla skurði meðfram vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það, er hindrað getur eða aukið eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi, eða veita vatni á veg.

■ **83. gr.** Enginn má skemma nein mannvirki, sem til vegarins teljast, svo sem brýr, ferjur, háskamerki eða önnur leiðbeiningarmerki, vörður eða sæluhús.

□ Skemmist eitthvert slíkt mannvirki við árekstur bifreiðar, er bifreiðarstjóra skylt að tilkynna það þegar vegamálastjóra eða umsjónarmanni vegarins eða lögreglustjóra. Skal sá, er valdið hefur árekstrinum, skyldur að bæta áorðnar skemmdir.

■ **84. gr.** Hver sá, sem notar sæluhús, skal ganga þriflega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum, svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið á móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

XIV. kafli. Um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

■ **85. gr.** Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða sektum ...[1], nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

[1] *L. 75/1982, 11. gr.*

■ **86. gr.** Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

XV. kafli. Niðurlagsákvæði.

■ **87. gr.** Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin lög: Vegalög, nr. 23 16. apríl 1970, með síðari breytingum, nr. 98 28. desember 1970 og nr. 99 28. desember 1972, brúalög, nr. 37 14. apríl 1954, og lög um samþykktir um sýsluvegasjóði, nr. 102 19. júní 1933, með áorðnum breytingum nr. 50 17. maí 1947 og nr. 37 23. maí 1959, lög um Austurveg, nr. 32 23. apríl 1946, l. nr. 68 25. maí 1949, um bifreiðaskatt o. fl., með áorðnum breytingum, nr. 65 5. desember 1958 og 17. gr. l. nr. 4 20. febrúar 1960, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

1977 Nr. 6 25. mars

Lög um fjáröflun til vegagerðar. **1974** Nr. 79 6. sept.

■ **1. gr.** [Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 1. janúar 1978 nema 36,50 kr. af hverjum lítra.][1]

[1] *L. 78/1977, 1. gr.*

■ **2. gr.** Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema kr. 45,00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, sem fluttar eru til landsins.

■ **3. gr.** Gjöld skv. ákvæðum 1. og 2. gr. skulu innheimt til ríkissjóðs. Tekjum skv. lögum þessum skal einungis varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun.

■ **4. gr.** Heimilt er að ákveða með reglugerð, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af bensíni, er miðist við sölu birgða. Sömuleiðis má með reglugerð setja ákvæði um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af bensíni, er sönnur eru færðar á, að hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 250 lítrum hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

■ **5. gr.** [Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín, skal frá og með árinu 1978 greiða árlega þungaskatt[1] til ríkissjóðs svo sem hér segir:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 2000 kg að eigin þyngd, skal greiða fast árgjald — 170 600 kr. Sé eigin þyngd bifreiðar 2000 kg eða meiri skal gjaldið hækka um 9750 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd bifreiðar er meiri en 2000 kg.

□ Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir.

□ Bensíngjald[2] skv. 1. gr. og árgjald þungaskatts skv. þessari grein skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 31. desember 1975. Grunntaxtar bensíngjalds og árgjalds þungaskatts eru miðaðir við vísitölu 1. október 1977, þ. e. 159 stig.

□ Heimilt er ráðherra að láta hækkun, er hann kann að ákveða á bensíngjaldi skv. 3. mgr. þessarar greinar, ná til bensínbirgða sem til eru í landinu þegar hækkunin tekur gildi. Getur ráðherra ákveðið að þeir, sem hafa bensín til umráða er hækkun tekur gildi, séu skyldir til að tilkynna það innheimtumanni og aðstoða innheimtumann við könnun birgða sé þess óskað.][3]

[1] *Sjá t. d. rg. 775/1982.* [2] *Sjá t. d. rg. 263/1982.* [3] *L. 78/1977, 2. gr.*

■ **6. gr.** Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en bensín, skal talin vera slík, hvað skatti

viðvíkur, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti), að hún noti þar eftir bensín fyrir eldsneyti.

☐ Eigandi eða umráðamaður bensínbifreiðar, sem setur í bifreið sína hreyfil, er notar annað eldsneyti en bensín, skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

☐ Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en bensín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík og skal þá, hvað skattinn snertir, telja, að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun, nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

■ **7. gr.** [Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að ökumælar skuli settir á kostnað eigenda í bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín, svo og festi- og tengivagna, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar og festi- og tengivagna sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Kemur gjald þetta í stað árlegs þungaskatts skv. 5. gr. þegar bifreiðar eiga í hlut. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar. Í reglugerð getur ráðherra ákveðið að skyldu til að hafa ökumæla megi takmarka við bifreiðar og vagna af ákveðinni þyngd (leyfðri heildarþyngd eða eigin þyngd) og/eða bifreiðar til tiltekinna nota. Sé bifreið, festi- eða tengivagn eingöngu notuð við flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldskyldan miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd.

☐ Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga á ári fyrir þungaskatt samkvæmt ökumælum svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, innsiglun, álestur og viðgerðir. Þá getur ráðherra ákveðið með reglugerð að það varði eiganda eða umráðamann viðurlögum ef eigi er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma og að slík viðurlög falli á án tilkynningar til hvers einstaks eiganda eða umráðamanns. Skulu viðurlög þessi vera tiltekin fjárhæð á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þessara viðurlaga ekki falla niður enda þótt álestur fari síðar fram. Á sama hátt getur ráðherra kveðið á um, að eigandi og/eða umráðamaður skuli greiða viðurlög er samsvara tilteknum akstri á mánuði sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Ráðherra getur og heimilað að bifreið eða vagn sé tekin úr umferð sé mælir ekki settur í á tilskildum tíma eða ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma.

☐ Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

☐ Ráðherra er heimilt að ákveða að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt ökumæli sem til fellur umfram 30 000 km aksturs og að 45 000 km akstri á ári, en 25% umfram 45 000 km aksturs á ári.

☐ Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker ráðherra úr.

☐ Sé ökumælir misnotaður, innsigli á honum rofið eða önnur brot framin gegn reglugerð, sem ráðherra kann að setja samkvæmt þessari grein, varðar það sektum allt að 500 000 kr. auk viðurlaga og dagsekta skv. 2. mgr. nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.][1]

[1] *L. 78/1977, 3. gr.*

■ **8. gr.** Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í a- og b-lið 5. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skráð í ársbyrjun, sbr. þó ákv. 2. mgr. 7. gr. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði þannig, að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt.

☐ Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

☐ Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að réttri tiltölu, hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a. m. k. 30 daga samfellt.

☐ Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. 5. gr., sanni þeir með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra, að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi því yfir, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

■ **9. gr.** Innheimtu bensíngjalds, gúmmígjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensíngjald og gúmmígjald skulu innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

■ **10. gr.** Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni allur sá þungaskattur, sem gjaldfallinn er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skráningarmerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

☐ Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema þungaskattur af bifreiðinni skv. a- og b-lið 5. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningardags, sé um að ræða þungaskatt samkv. ökumæli.

☐ Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

☐ [Sé þungaskattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

1974 Nr. 79 6. sept.

□ Þungaskattur, dagsektir og viðurlög hafa lögtaksrétt. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.][1)]

[1)] *L. 78/1977, 4. gr.*

■ **11. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald til ríkissjóðs af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr.

■ **12. gr.** Til greiðslu kostnaðar samkvæmt vegalögum skal auk þeirra tekna, sem aflað verður skv. ákvæðum laga þessara, veita árlega sérstakt framlag á fjárlögum.

□ Eftir því sem ákveðið er í fjárlögum ár hvert, skal ríkissjóður gefa út happdrættisskuldabréf í því skyni að afla fjár til hringvegar um landið. Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þessi með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu. Um framtals- og skattfrelsi þessara bréfa fer eftir ákvæðum laga nr. 7/1974, sbr. lög nr. 99/1971.

■ **13. gr.** Með lögum þessum eru úr gildi felld ákvæði XIV. kafla laga nr. 80/1973.

1971 Nr. 99 28. des.

Lög um happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

■ **1. gr.** Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 250 milljónir króna. Happdrættisskuldabréfin skulu gefin út í allt að 5 flokkum á árunum 1971 til 1975, og ákveður fjármálaráðuneytið lánsfjárhæð hvers bréfaflokks.

■ **2. gr.** Happdrættisskuldabréfin, sem eru útgefin til handhafa og hvert að fjárhæð a. m. k. 1000 krónur, falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

■ **3. gr.** Heimilt er að verðtryggja skuldabréfin, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu.

■ **4. gr.** Af skuldabréfunum eru ekki greiddir vextir, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 6. gr.

■ **5. gr.** Skuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegin tekjuskatti og tekjuútsvari.

■ **6. gr.** Árleg fjárhæð vinninga í hverjum flokki skal nema 7% af heildarfjárhæð skuldabréfa hvers flokks og ber að draga um þá einu sinni á ári. Fjármálaráðuneytið ákveður tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag.

□ Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur.

■ **7. gr.** Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt lögum þessum.

■ **8. gr.** Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar af vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

□ Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

■ **9. gr.** Fjármálaráðherra setur reglugerðir[1)] um einstaka flokka lánsins með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd laga þessara.

[1)] *Rg. 26/1973 og 256/1973.*

Lög um happdrættislán ríkissjóðs til að fullgera Djúpveg og opna þannig hringveg um Vestfirði.

1974 Nr. 48 16. maí

■ **1. gr.** [Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 milljónir króna. Happdrættisskuldabréfin skulu gefin út í allt að 3 flokkum á árunum 1974 og 1975 og ákveður fjármálaráðuneytið lánsfjárhæð hvers bréfaflokks.][1)]

[1)] *L. 86/1974, 1. gr.*

■ **2. gr.** Happdrættisskuldabréfin, sem eru gefin út til handhafa og hvert að fjárhæð a. m. k. 1000 krónur, falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

■ **3. gr.** Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu.

■ **4. gr.** Af skuldabréfunum eru ekki greiddir vextir, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 6. gr.

■ **5. gr.** Skuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar, svo og verðbætur, undanþegin tekjuskatti og tekjuútsvari.

■ **6. gr.** [Fjármálaráðuneytið ákveður tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag, en draga ber um þá einu sinni á ári.][1)]

□ Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur.

[1)] *L. 86/1974, 2. gr.*

■ **7. gr.** Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt lögum þessum.

■ **8. gr.** Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar við að ljúka Djúpvegi og opna þannig hringveg um Vestfirði.

□ Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluverði skuldabréfanna.

■ **9. gr.** Fjármálaráðherra setur reglugerð[1)] um lánið með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd laga þessara.

[1)] *Rg. 271/1974.*

Lög um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.

1975 Nr. 36 23. maí

■ **1. gr.** [Ríkissjóði er heimilt að gefa út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 2000 milljónum króna árlega næstu fjögur ár til sölu innanlands. Skal fénu varið til viðbótar fjárframlögum skv. vegáætlun til framkvæmda við Norðurveg og Austurveg.][1)]

[1)] *L. 28/1979, 1. gr.*

■ **2. gr.** Happdrættisskuldabréfin eru á handhafa og falla í gjalddaga eigi síðar en að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

■ **3. gr.** Af skuldabréfunum eru ýmist greiddir vextir eða vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 5. gr.

■ **4. gr.** [Skuldabréfin eru verðtryggð eða gengistryggð og undanþegin framtalsskyldu, vextir og vinningar eru skattfrjálsir.][1)]

[1)] *L. 28/1979, 1. gr.*

■ **5. gr.** Ráðherra setur að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands reglugerð[1)] um framkvæmd útboðs-

1975 Nr. 36 23. maí

ins, vaxta- og vinningskjör, flokkun bréfanna og útdráttardaga. Skal við ákvörðun kjaranna hafa hliðsjón af almennum vaxtakjörum á hverjum tíma.

[1)] *Rg. 60/1976, 398/1976, 148/1977 og 152/1981.*

■ **6. gr.** Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf skv. lögum þessum.

■ **7. gr.** Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs, og skal þeim varið að ⅔ hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að ⅓ hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða, um Suðurland. Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

1919 Nr. 38 28. nóv.

Lög um samþykktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

■ **1. gr.** Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir, fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um akfæra sýslu- og hreppavegi.

■ **2. gr.** Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, samkvæmt áliti og tillögum vegamálastjóra, að gera samþykktir fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún, með nægum fyrirvara, kveðja til fundar á svæði því, sem ætlazt er til að samþykktin nái yfir. Eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrétt hafa til Alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefur kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við höndina.

■ **3. gr.** Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefur verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

□ Frumvarp til samþykktar, er eigi hefur náð ⅔ hlutum atkvæða á samþykktarfundi, er fallið og má eigi koma fram að nýju í sýslunefnd fyrr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

■ **4. gr.** Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráð samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

□ Samþykkt, er stjórnarráðið hefur staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

■ **5. gr.** Í samþykkt skulu vera ákvæði um stjórn vegamála á samþykktarsvæðinu og hreppsvegagjöld, sem eigi þurfa að vera bundin við hámark vegalaganna. Heimilt er að áskilja í samþykkt framlög til vega eftir jarðardýrleika eða lausafjáreign, eða hvorutveggja, eftir því sem hentast þykir.

□ [Sömuleiðis má greiða framlög þessi úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum á samþykktarsvæðinu, sé það samþykkt með ⅔ atkvæða á lögmætum sveitarfundi eða sveitarfundum. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþykktin er úr gildi felld með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd eða hreppsnefndir skattinum niður með aukaútsvörum.][1)]

[1)] *L. 31/1927.*

1919 Nr. 38 28. nóv.

■ **6. gr.** Gjöldum til vega samkv. samþykktum fylgir lögtaksréttur eftir lögum nr. 29 16. des. 1885.

■ **7. gr.** Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir, allt að 200 kr., er renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

1968 Nr. 40 23. apríl

Umferðarlög.

I. Inngangur.

■ **1. gr.** Ákvæði laga þessara gilda um umferð á vegum.

□ Þar, sem vegir eru fyrir sérstaka umferð, gilda reglur laga þessara um þá, eftir því sem við á.

□ Ákvæði laganna gilda einnig, eftir því sem við á, um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

■ **2. gr.** Í lögum þessum merkir: *Vegur:* Vegur, gata, götuslóði, torg, brú, húsasund, stígur eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar. *Akbraut:* Sá hluti vegar, sem ætlaður er ökutækjum. *Akreinar:* Samhliða reinar, sem skipta má akbraut í að endilöngu, hæfilega breiðar, hver um sig, fyrir eina röð ökutækja. *Vegfarandi:* Hver, sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi. *Vegamót:* Þar, sem tveir eða fleiri vegir mætast. *Ökutæki:* Tæki, sem aka má á hjólum, beltum, völtum eða meiðum og eigi rennur á spori. *Vélknúið ökutæki:* Sérhvert ökutæki með aflvél til að knýja það áfram. *Bifreið:* Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga, svo og til annarra nota, ef það er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því. *Bifhjól:* Vélknúið ökutæki með 2 hjólum. Einnig vélknúið ökutæki með 3 hjólum, ef eigin þungi þess er 400 kg eða minni. *Létt bifhjól:* Bifhjól, sem í er aflvél, eigi stærri en 2,5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetra að slagrúmmáli, enda sé það eigi gert til hraðari aksturs en 50 km á klst. án verulegra breytinga á því. [*Beltabifhjól:* Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum hjólum eða meiðum og er 400 kg eða minna að eigin þyngd.][1)] *Dráttarvél:* Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki eða vinnutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því. *Vinnuvél:* Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til nota sem vinnutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því. *Tengivagn:* Ökutæki, sem vélknúið ökutæki dregur og ætlað er til fólks- eða vöruflutninga, þó að undanteknum festivögnum. *Festivagn:* Ökutæki, sem fest er við vélknúið ökutæki þannig, að ökutækið eða farmur þess hvílir að nokkru leyti á

dráttartækinu, og ætlað er til fólks- eða vöruflutninga. Vélknúið ökutæki, sem annað ökutæki dregur, telst þó ekki tengi- eða festivagn. *Hliðarvagn:* Ökutæki á einu hjóli, sem fest er á hlið bifhjóls og ætlað er til fólks- eða vöruflutninga. *Tengitæki:* Önnur ökutæki, sem tengd eru eða fest við vélknúin ökutæki. *Eigin þyngd:* Þyngd ökutækis, sem tilbúið er til notkunar, að meðtöldum öllum tækjum, sem nauðsynleg eru til notkunar þess. Þyngd eldsneytis, smurningsolíu og kælivatns, svo og ökumanns, telst ekki til eigin þyngdar ökutækis. *Heildarþyngd:* Eigin þyngd ökutækis að viðbættu eldsneyti, smurningsolíum og kælivatni, svo og ökumanni, farþegum og farmi. *Leyfð heildarþyngd:* Heildarþyngd ökutækis, sem leyfð er við skráningu þess. *Öxulþungi:* Sá hluti þyngdar ökutækis, með eða án farms, sem kemur á hvern öxul. *Ljósatími:* Tíminn frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás. Ákvæði laganna um ljósatíma gilda einnig, þótt á öðrum tíma sé, í þoku og við önnur svipuð birtuskilyrði.

[1] *L. 62/1976, 1. gr.*

■ **3. gr.** Nú rís ágreiningur um það, til hverrar tegundar, samkvæmt 2. gr., ökutæki skuli teljast, og sker dómsmálaráðherra þá úr til fullnaðar.

□ Ef ágreiningsefnið varðar gjaldskyldu, skal leita álits fjármálaráðherra, áður en úrskurðað er.

II. Ákvæði um ökutæki.

A. *Gerð og búnaður ökutækja.*

■ **4. gr.** Sérhvert ökutæki skal svo gert og haldið þannig við, að af notkun þess leiði hvorki óþarfa hættu né óþægindi, þar með talinn hávaði, reykur eða óþefur eða hætta á skemmdum á vegi.

□ Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á, að ökutæki sé í lögmætu ástandi. Sérstaklega skal þess gætt, að stjórntæki og hemlar verki vel og örugglega og að skráningarmerki og merkjatæki séu í lagi.

■ **5. gr.** Í hverri bifreið skal vera:

a. Stýris- og hemlabúnaður.

b. Ljósker, er lýsi fram fyrir bifreiðina, a. m. k. eitt rautt ljós, er lýsi aftur fyrir hana, og ljósker til lýsingar á aftara skráningarmerki hennar. Enn fremur rauðlitað glitauga aftan á bifreiðinni. Þó skulu vera rauð glitaugu á báðum pallhornum vörubifreiðar að aftan. Sama gildir, þótt pallurinn sé yfirbyggður.

c. Tæki til þess að gefa með hljóðmerki og stefnumerki.

d. Hraðamælir.

e. Búnaður, er tryggi nauðsynlega útsýn ökumanns.

f. Gúmbarðar á hjólum.

g. Ef hált er, skal hafa snjókeðjur á hjólum eða annan búnað, sem bifreiðaeftirlit ríkisins viðurkennir.

h. Búnaður til aksturs aftur á bak, sé eigin þyngd bifreiðar yfir 400 kg.

i. Merki, er sýni framleiðsluverksmiðju og framleiðslunúmer bifreiðarinnar.

j. Á útblásturspípum hreyfla skulu vera tæki, er dragi úr hávaða.

□ Í fólksbifreiðum, sem flytja mega 8 farþega eða færri, og vörubifreiðum, sem skráðar eru fyrir allt að 1000 kg farm (sendiferðabifreiðum) og skráðar eru í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1969, skulu vera öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framsæti. Ákvæði þetta gildir frá sama tíma um allar kennslubifreiðar og bifreiðar, sem leigðar eru án ökumanns. Óheimilt er að nota önnur öryggisbelti en þau, sem bifreiðaeftirlit ríkisins hefur viðurkennt.

[□ Í þeim bifreiðum, sem búnar eru öryggisbeltum skv. þessari grein, skulu og vera hnakkapúðar af viðurkenndri gerð í framsætum. Ákvæði þetta gildir um bifreiðar sem fluttar eru til landsins eftir 1. jan. 1983.][1] ...[2]

□ Bifhjól skal búið sömu tækjum og bifreið, þó ekki tækjum til að gefa með stefnumerki.

[1] *L. 55/1981, 1. gr.* [2] *L. 66/1978, 1. gr.*

■ **6. gr.** [Dráttarvélar og beltabifhjól skulu búin öruggum tengibúnaði og tækjum þeim, sem um getur í 5. gr., eftir því sem við á og nánar skal ákveðið í reglugerð.][1]

[1] *L. 62/1976, 2. gr.*

■ **7. gr.** Í hverri vinnuvél skal vera:

a. Stýris- og hemlabúnaður.

b. Rauðlitað glitauga aftan á vinnuvélinni og hvítt að framan, ef þar er ekki ljósker.

c. Ljósker, ef vinnuvélin er notuð á ljósatíma. Skal annað lýsa fram fyrir, en hitt aftur fyrir vélina.

■ **8. gr.** Á hverju reiðhjóli skal vera:

a. Hæfilega traustur hemill.

b. Ljósker, er sýni hvítt eða daufgult ljós í hæfilegri fjarlægð framan frá, þegar reiðhjólið er notað á ljósatíma.

c. Rauðlitað glitauga eða ljósker aftan á reiðhjólinu.

d. Bjalla. Eigi má nota annað hljóðmerkjatæki á reiðhjóli.

e. Lás.

□ Ákvæði 1. mgr. gilda einnig um létt bifhjól með þeirri viðbót: Að á þeim skulu vera tveir hemlar, sem verka sjálfstætt, hvor um sig, og rafmagnsljós, tengt við rafal. Í stað bjöllu má nota eintóna horn.

■ **9. gr.** Við notkun hestvagna skal örugglega búið um aktygi og festingar.

□ Aftan á hestvögnum, sem notaðir eru á ljósatíma á vegum, skal vera rauðlitað glitauga.

■ **10. gr.** [Dómsmálaráðherra getur með reglugerð sett frekari ákvæði um gerð ökutækja, búnað o. fl. Hann getur og veitt nauðsynlegar undanþágur fyrir ökutæki, sem ætluð eru til sérstakra nota, og enn fremur kveðið á um áritanir og merki, sem nauðsynlegt er að setja á ökutæki til eftirlits.

□ Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að óheimilt sé að nota tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni, farþegum eða öðrum vegfarendum, sem eigi hafa hlotið viðurkenningu bifreiðaeftirlits ríkisins. Hann getur og bannað viðskipti með hluti eða búnað, sem ekki hefur verið viðurkenndur.][1]

[1] *L. 62/1976, 3. gr.*

B. *Skráning ökutækja og eftirlit með þeim.*

■ **11. gr.** [Áður en bifreið, bifhjól, létt bifhjól, beltabifhjól eða dráttarvél er tekin í notkun skal eigandi ökutækisins eða umráðamaður senda lögreglustjóra þess umdæmis, sem hann er búsettur í, tilkynningu um það. Sama er um tengi- eða festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira.

□ Fullnægi ökutækið settum reglum, skráir lögreglustjóri það í ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett skrán-

ingarmerki á ökutækið. Á bifreiðum skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Á öðrum skráningarskyldum ökutækjum skal vera eitt skráningarmerki.][1)]

☐ Á hverjum ársfjórðungi ber forstöðumanni bifreiðastöðvar að senda hlutaðeigandi lögreglustjóra skrá um allar bifreiðar og bifreiðastjóra á stöðinni.

☐ Lögreglustjóri gefur út skráningarskírteini ökutækis, og skal það ávallt fylgja því.

[1)] *L. 62/1976, 4. gr.*

■ **12. gr.** Lögreglustjóri lætur í té skráningarmerki af þeirri gerð og gegn því gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður. Merkin skulu ávallt vera vel læsileg, og má eigi hylja þau.

☐ Nú glatast skráningarmerki eða verður ónothæft, og skal það þegar tilkynnt lögreglustjóra í því umdæmi, sem ökutækið er skrásett í, en ef það er í öðru umdæmi, þá jafnframt lögreglunni þar.

■ **13. gr.** Lögreglustjóri getur, er sérstaklega stendur á, heimilað, samkv. reglum, sem dómsmálaráðherra setur, akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar. Skal í þessum reglum ákveða, að gjald komi fyrir leyfið.

■ **14. gr.** Nú verða eigendaskipti að skráðu ökutæki, og skal þá bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra í því umdæmi, sem ökutækið er skráð í. Ef nýi eigandinn er búsettur í öðru umdæmi, skal hann jafnframt tilkynna lögreglustjóra þar eigendaskiptin, og skal ökutækið þá skráð af nýju, en afskráð í umdæminu, sem það fluttist frá.

☐ Nú flyzt eigandi ökutækis búferlum með ökutæki sitt í annað lögsagnarumdæmi, og skal hann þá senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal ökutækið þá afskráð í umdæmi því, er það fluttist frá, en skráð af nýju í umdæmi því, sem það flyzt í, og fá þar ný skráningarmerki. Ef aðeins er um að ræða 6 mánaða eða skemmri dvöl í öðru umdæmi, er umskráning ekki nauðsynleg.

☐ Um leið og ökutæki er afskráð, skal afhenda lögreglustjóra skráningarmerkin endurgjaldslaust.

■ **15. gr.** Sérstök stofnun, bifreiðaeftirlit ríkisins, er lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra, annast skoðun og eftirlit ökutækja.

☐ Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, og skal veita þeim lögregluvald á starfssviði sínu. Hann ákveður umdæmi þeirra og starfssvið. Eftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög þau og reglur, er um þau gilda. Engan má skipa eftirlitsmann, nema hann hafi lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfsins. Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfniskilyrði eftirlitsmanna, svo og reglur um starfsemi bifreiðaeftirlits ríkisins.

■ **16. gr.** Innflytjendum skráningarskyldra, vélknúinna ökutækja er skylt að senda bifreiðaeftirliti ríkisins nákvæma lýsingu og myndir af nýjum gerðum vélknúinna ökutækja, sem þeir ætla að flytja til landsins. Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða skráningarskylt, vélknúið ökutæki, nema bifreiðaeftirlit ríkisins hafi gefið yfirlýsingar um, að sú gerð ökutækja fullnægi ákvæðum íslenzkra laga.

■ **17. gr.** Þegar lögreglustjóri hefur fengið tilkynningu um ökutæki, samkv. 11. gr., lætur hann eftirlitsmann skoða það, og sker hann úr um, hvort ökutækið fullnægi kröfum laga og reglugerða.

☐ Eftirlitsmaður ákveður, hve marga farþega ökutækið má flytja, meðal annars, hve marga í sætum við hlið ökumanns. Hann ákveður og, hve mikla þyngd vörubifreið má flytja. Aldrei má hlaða ökutæki meira né flytja á því fleiri farþega en heimilað er. Leyfð farþegatala og farmsþyngd skal skráð í skráningarskírteini.

☐ Eftirlitsmaður ákveður, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, hvort heimilt sé að nota vörubifreið til flutnings farþega á palli. Skal það skráð í skráningarskírteini.

■ **18. gr.** Lögreglustjórar eða eftirlitsmenn geta, hvenær sem er, krafizt þess, að öll ökutæki, sem skráð eru eða notuð í umdæmi þeirra, séu færð til skoðunar á tiltekna staði í umdæminu, svo að ganga megi úr skugga um, hvort þau séu í lögmæltu ástandi. Dómsmálaráðherra ákveður, hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram. Hann getur ákveðið í reglugerð, að fengnum tillögum bifreiðaeftirlits ríkisins, að tilteknar gerðir ökutækja séu skoðaðar á skemmra fresti en almennt er boðið. Lögreglustjóri ákveður, hvenær og hvar í umdæmi hans skoðun ökutækja fer fram. Eftirlitsmenn rita vottorð um skoðun ökutækja í skráningarskírteini.

■ **19. gr.** Lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður getur, hvenær sem er, krafizt þess, að skráningarskylt ökutæki, sem skráð er eða notað í umdæmi hans, sé fært til sérstakrar skoðunar á þann stað, er hann ákveður.

☐ Eftirlitsmönnum og öðrum lögreglumönnum er heimilt, hvenær sem er, að stöðva ökutæki, skoða það samstundis og athuga ökuskírteini.

☐ Ávallt skal skoða ökutæki, er umskráning þess fer fram.

☐ Verði starfsmaður viðgerðarverkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins aðvart og síðan tilkynna það bifreiðaeftirlitsmanni eða lögreglustjóra, ef eigi verður úr bætt.

■ **20. gr.** Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki fullnægir ekki lögum og reglum eða er eigi fært til skoðunar, þegar krafizt er, og getur þá lögreglustjóri bannað notkun þess og tekið af því skráningarmerki, unz bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá eftirlitsmaður skoða ökutækið, áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

☐ Heimilt er lögreglustjóra að afskrá ökutæki án samþykkis eiganda, ef það er ónýtt að dómi eftirlitsmanns. Tilkynna skal nafnskráðum rétthöfum ökutækisins um afskráninguna með hæfilegum fyrirvara.

☐ Nú vill eigandi ökutækis fá það afskráð, og skal þá því aðeins sinna þeirri beiðni, að telja megi ökutækið ónýtt.

■ **21. gr.** Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um ökutækjaskrá, skráningu og afskráningu ökutækja. Hann getur og fyrirskipað skráningu á reiðhjólum og ákveðnum tegundum vinnuvéla og tengitækja.

■ **22. gr.** Eigendur skráningarskyldra ökutækja greiða

skoðunargjald í ríkissjóð eftir reglum,[1] er dómsmálaráðherra setur.

[1] *Rg. 783/1982.*

C. *Erlend ökutæki.*

■ **23. gr.** Erlend ökutæki, sem nota má hér á landi um stundarsakir samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, skulu fullnægja ákvæðum 5.—10. gr. Ökutæki, sem eru skráningarskyld samkvæmt 11. gr., má nota án skráningar hér á landi, ef þau eru löglega skráð í heimalandi, enda sé á þeim þjóðernismerki, auk skráningarmerkis, sbr. þó 3. mgr.

□ Í reglugerð skal kveðið á um eftirlit með erlendum ökutækjum, hve lengi þau mega vera hér á landi, tilkynningu þeirra og skráningu.

□ Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða afhenda honum skráningarmerki þess innan hálfs mánaðar, eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálfs mánaðar.

III. Um ökumenn.

■ **24. gr.** Sérhver ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því, sem hann fer með.

□ Enginn má aka eða reyna að aka ökutæki, ef hann, vegna veikinda, ofreynslu, svefnleysis, undanfarandi neyzlu áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja eða annarra slíkra orsaka, er haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að hann geti eigi stjórnað ökutækinu á tryggilegan hátt. Það telst til þyngingar við ákvörðun refsingar, ef maður hefur í slíku ástandi ekið leigubifreið til mannflutninga.

□ Enginn má neyta æsandi eða deyfandi lyfja við akstur vélknúins ökutækis.

□ Tóbaksreykingar eru bannaðar við akstur leigubifreiða til mannflutninga.

□ Eigi má fela manni, sem er í því ástandi, sem um ræðir í 2. mgr., stjórn ökutækis.

□ Ákveða má í reglugerð lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir ökumenn, og skal þá höfð hliðsjón af hættu, sem stafað getur af ofþreytu eða svefnleysi.

■ **25. gr.** Enginn má neyta áfengis við akstur vélknúins ökutækis.

□ Enginn má aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki, ef hann vegna áfengisneyzlu verður eigi talinn geta stjórnað því örugglega.

□ Ef vínandamagn í blóði manns er 0,50‰ til 1,20‰ eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

□ Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20‰ eða meira, telst hann óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki.

□ Enginn má stjórna eða reyna að stjórna hestvagni eða reiðhjóli, ef hann er með svo miklum áfengisáhrifum, að hann geti ekki með fullu öryggi stjórnað hestvagninum eða reiðhjólinu.

□ Bannað er að fela manni, sem er í því ástandi, sem um getur í 2.—5. mgr., stjórn vélknúins ökutækis, reiðhjóls eða hestvagns.

□ Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um þessi efni.

□ Það leysir ekki undan sök, þótt maður ætli vínandamagn í blóði sínu vera minna en greinir í 2. og 3. mgr.

□ Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann, þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á, sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

□ Þegar maður hefur neytt áfengis á opinberum veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita, eða hafa ástæðu til að ætla, að hann muni verða brotlegur við framangreind ákvæði, ber þeim að gera það, sem unnt er, til að hindra brotið, þar á meðal að gera lögreglunni viðvart.

□ Bannað er að selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað, sem þarf til aksturs, ef hann er með áhrifum áfengis.

■ **26. gr.** Ökumanni er skylt að sýna prúðmennsku og varkárni gagnvart farþegum og öðrum vegfarendum.

□ Ökumaður skal hafa góða útsýn úr sæti sínu framefti r vegi og til hliðar. Hann skal ávallt gæta þess, að ökutæki og búnaður þess, einkum stjórntæki, hemlar, ljósker og merkjatæki séu í fullkomnu lagi.

□ Ökumaður vélknúins ökutækis skal hafa gát á, að notkun þess valdi ekki óþarfa hávaða, reyk, gufu eða óþef.

■ **27. gr.** Enginn má stýra bifreið, nema hann hafi fengið til þess ökuskírteini hjá lögreglustjóra. Bifreiðarstjóri skal ávallt hafa skírteinið meðferðis, er hann ekur bifreið, og sýna það, er löggæzlumaður krefst þess.

□ Skilyrði til þess að öðlast ökuskírteini eru þau, að umsækjandi sé fullra 17 ára, sé áreiðanlegur, samvizkusamur og reglusamur, hafi góða sjón og sé að öðru leyti nógu hraustur andlega og líkamlega. Enginn má fá ökuskírteini, ef ástæða er til að ætla, að hann geti misst meðvitund snögglega vegna flogaveiki eða annars sjúkdóms. Umsækjandi skal hafa notið kennslu löggilts ökukennara og staðizt próf í umferðarlöggjöf, akstri bifreiðar og meðferð hennar. Lögreglustjóri getur neitað um ökuskírteini, ef varhugavert þykir vegna fyrri hegðunar umsækjanda að veita honum það. Ef óskað er eftir ökuskírteini hjá lögreglustjóra utan heimilissveitar umsækjanda, skal hann láta beiðninni fylgja samþykki lögreglustjóra í heimilissveit sinni.

□ Enginn getur fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga né vörubifreið, sem skráð er fyrir 5 smálesta farm eða meira, nema hann sé fullra 20 ára, hafi staðizt viðbótarpróf og fullnægi frekari skilyrðum, sem ákveðin eru í reglugerð. Heimilt er og að setja með reglugerð sérstök skilyrði til að öðlast ökuskírteini til aksturs fólksbifreiða, er flytja mega fleiri en 16 farþega.

□ Ökuskírteini til aksturs bifreiða, sem notaðar eru til farþegaflutninga í atvinnuskyni, skal eigi veita þeim, sem hafa flekkað mannorð, samkvæmt dómi.

□ Ef leigubifreiðarstjóri brýtur af sér í starfi sínu, svo sem með því að eiga við fólk viðskipti, er varða við lög, eða gætir á annan hátt eigi fulls velsæmis, má svipta

hann réttindum leigubifreiðarstjóra, svo og atvinnuleyfi um lengri eða skemmri tíma og ævilangt, ef um ítrekað brot er að ræða. Skal dómsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi bifreiðastjórafélaga, setja í reglugerð nánari ákvæði um starf atvinnubifreiðastjóra.

□ Ökuskírteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini. Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskírteini gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskírteini þeirra, sem náð hafa 60 ára aldri, og ökuskírteini skv. 3. mgr. skulu þó gilda í 5 ár. Ef sérstakar ástæður þykja til, getur lögreglustjóri þó gefið út ökuskírteini til skemmri tíma en að framan greinir. Áður en fullnaðarskírteini er gefið út, skal lögreglustjóri kanna sérstaklega ökumannsferil hlutaðeiganda, og er heimilt að ákveða, að hann skuli þá ganga undir og standast próf í umferðarreglum og akstri bifreiða, svo og sæta rannsókn sérfræðinga um líkamlega og andlega heilbrigði. Þegar fullnaðarskírteini er endurnýjað, verður hlutaðeigandi að sanna að nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskírteini. Heimilt er að ákveða, að hlutaðeigandi skuli þá ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Lögreglustjóri getur og ákveðið, að hlutaðeigandi skuli að nýju ganga undir bifreiðastjórapróf.

□ Lögreglustjóri getur, hvenær sem er, svipt mann ökuskírteini, ef það vitnast, að hann fullnægi ekki settum skilyrðum. Skírteinishafa er skylt að sæta nauðsynlegum rannsóknum til úrskurðar samkvæmt þessari málsgrein.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um bifhjól, eftir því sem við á.

■ **28. gr.** Enginn má stýra dráttarvél, nema hann hafi fengið skírteini til bifreiðaaksturs eða sérstakt skírteini til aksturs dráttarvéla. Slík skírteini má ekki veita yngri mönnum en 16 ára. Eigi þarf ökuskírteini til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkjustörf utan alfaravegar.

□ Enginn má stýra vinnuvél, fyrr en hann er orðinn 17 ára. Sé vinnuvél ekið um vegi, skal ökumaður þó hafa skírteini til bifreiðaaksturs.

□ Enginn má stýra léttu bifhjóli, nema hann sé orðinn 15 ára.

[□ Enginn má stýra beltabifhjóli nema hann hafi skírteini til aksturs bifreiða, bifhjóla, dráttarvéla eða léttra bifhjóla.][1)]

□ Ákvæði 7. mgr. 27. gr. gilda og um stjórnendur ökutækja þeirra, sem grein þessi fjallar um.

□ Dómsmálaráðherra setur reglur um skilyrði til að öðlast réttindi til aksturs dráttarvéla og léttra bifhjóla og ákveður gjald fyrir.

[1)] *L. 62/1976, 5. gr.*

■ **29. gr.** Dómsmálaráðherra getur leyft, að sérstök ökuskírteini séu veitt mönnum, enda þótt þeir fullnægi ekki almennum kröfum um líkamshreysti, og setur þá hverju sinni nánari reglur um efni skírteinisins. Hann getur og leyft að fatlaðir menn, sem eru orðnir 16 ára, fái ökuskírteini til aksturs hægfara, vélknúinna ökutækja fyrir sjúklinga.

■ **30. gr.** Lögreglustjórar skulu halda skrá um öll veitt ökuskírteini samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

■ **31. gr.** Rétt til að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifhjóla og bifreiða hafa þeir einir, sem hlotið hafa til þess löggildingu dómsmálaráðherra, en hann ákveður gjald fyrir hana og framlengingu hennar. Engum má veita slíka löggildingu, nema hann sé 25 ára að aldri, hafi óflekkað mannorð, hafi ekki gerzt sekur um alvarleg eða ítrekuð brot á lögum þessum eða alvarleg brot á áfengislögum, hafi leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga, hafi frá útgáfu þess leyfis stundað akstur að staðaldri þann tíma, sem dómsmálaráðherra ákveður í reglugerð, og hafi staðizt sérstakt próf fyrir ökukennara. Í reglugerð skal nánar kveðið á um prófgreinar og tilhögun prófsins, svo og um, til hve langs tíma löggilding veitir rétt til ökukennslu. Dómsmálaráðherra getur, hvenær sem er, svipt mann ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.

■ **32. gr.** Enginn má æfa sig í bifreiðaakstri, nema við hlið hans sitji löggiltur ökukennari, og telst ökukennarinn þá stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandinn telst þó stjórnandi, er prófakstur fer fram. Nú óskar maður, sem áður hefur fengið ökuskírteini, að æfa sig í akstri af nýju í viðurkenndri kennslubifreið hjá löggiltum ökukennara, og telst þá ökukennari stjórnandi bifreiðarinnar. Ákvæði 24. og 25. gr. gilda þó ávallt einnig um nemandann.

□ Enginn má æfa sig í akstri bifhjóls, nema undir stjórn og umsjón löggilts ökukennara.

□ Ökukennari ber ábyrgð á, að æfingarakstur fari fram á þeim stöðum og þannig, að eigi stafi hætta af.

□ Engum má veita tilsögn í akstri, fyrr en 3 mánuðum áður en hann hefur aldur til að fá ökuskírteini, og engum, sem sviptur hefur verið rétti til að fá ökuskírteini, fyrr en 1 mánuði áður en hann öðlast þau réttindi aftur.

■ **33. gr.** Dómsmálaráðherra löggildir prófdómendur og setur reglur um kennslu, próf, prófgjald og gerð ökuskírteina. Í ökuskírteini skal vera mynd af skírteinishafa.

□ Ákveða má með reglugerð hámarksgjald fyrir ökukennslu.

■ **34. gr.** Þeir, sem dveljast hér á landi um stundarsakir og hafa eigi íslenzk ökuskírteini, mega stjórna ökutækjum hér sem í heimalandi sínu samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að. Að öðru leyti ákveður lögreglustjóri, með hvaða skilyrðum þeir, sem útlend ökuskírteini hafa, mega aka bifreið hér á landi, eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

■ **35. gr.** Enginn má fela stjórn ökutækis manni, sem ekki hefur réttindi til aksturs þess konar ökutækis.

□ Þegar lögreglan krefst þess, er eiganda (umráðamanni) ökutækis skylt að gera grein fyrir, hver hafi stjórnað ökutæki hans á tilteknum tíma.

IV. Umferðarreglur.

A. *Almenn ákvæði.*

■ **36. gr.** Ákvæði þessa kafla um ökutæki, akstur og ökumenn, gilda einnig um hjólreiðar, akstur handvagna og hestvagna og umferð ríðandi manna, eftir því sem við á.

□ Ákvæði um fótgangandi vegfarendur gilda einnig um þá, sem leiða reiðhjól eða aka barnavagni. Ökutæki fatlaðra manna, önnur en vélknúin, mega fara um gangstéttir þar, sem aðstæður leyfa.

■ **37. gr.** Vegfarendum er skylt að sýna varúð í umferð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi þeim eða öðrum, sem búa eða staddir eru við umferðarleið, hættu eða óþægindum.

□ Sérstaka varúð skal sýna í nánd við skóla, leikvelli og aðra staði, þar sem vænta má, að börn séu að leik. Sömuleiðis skal skylt að sýna sérstaka varúð gagnvart þeim, sem eru á ferð og bera merki fatlaðs fólks. Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð slíkra merkja.

■ **38. gr.** Vegfarendum er skylt að hlýða leiðbeiningum eða fyrirmælum, sem lögregluyfirvöld eða vegamálastjórn gefa með umferðarmerkjum, sem sett eru samkvæmt heimild í lögum þessum.

□ Stjórnendur lögreglubifreiða, sjúkrabifreiða og slökkvibifreiða eru þó eigi háðir ákvæðum þessum, ef brýna nauðsyn ber til, enda gæti þeir sérstakrar varúðar.

□ Vegfarendum ber að fara eftir fyrirmælum lögreglunnar og merkjum, sem hún notar við umferðarstjórn, og nema staðar, þegar lögreglan gefur bendingar um það.

□ Bannað er að nema á brott eða skemma umferðarmerki.

■ **39. gr.** Vegfarendum er skylt að víkja fyrir líkfylgdum, hópgöngum skólabarna og öðrum lögmætum hópgöngum.

■ **40. gr.** Þegar ökumaður lögreglubifreiðar, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur hljóð- og ljósmerki, skal vegfarendum skylt að víkja úr vegi í tæka tíð. Stjórnendum annarra ökutækja er skylt að aka til hliðar eða nema staðar.

□ Dómsmálaráðherra ákveður, hvernig merkjum sbr. 1. mgr. skuli háttað. Þau má eingöngu nota, þegar nauðsyn ber til, og er stjórnendum ökutækjanna skylt að taka fullt tillit til annarra vegfarenda.

□ Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um vélknúin ökutæki, sem í einstök skipti eru notuð í þjónustu lögreglu, slökkviliðs, eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúkra manna eða slasaðra. Þegar ökutæki er notað þannig, skal það auðkennt greinilega með hvítri veifu. Ökumaður skal tilkynna lögreglunni innan sólarhrings um aksturinn.

□ Framangreind ökutæki eru, þegar brýna nauðsyn ber til, undanþegin ákvæðum laga þessara um hámarkshraða og um takmarkanir, sem settar kunna að vera um akstur á ákveðnum vegum, enda séu þá notuð merki þau, er um ræðir í 1. og 3. mgr.

[□ Þegar ökumaður auðkennds almenningsvagns á áætlunarleið í þéttbýli gefur merki um akstur frá auðkenndri biðstöð skal stjórnendum annarra ökutækja skylt að draga úr hraða, eða nema staðar, til þess að hinn auðkenndi almenningsvagn eigi greiða leið út í umferðina. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um auðkenni þessara vagna og önnur framkvæmdaatriði. Ákvæði þetta leysir þó eigi ökumann almenningsvagnsins undan öðrum ákvæðum þessara laga né því að sýna ýtrustu varúð við akstur frá biðstöð.][1)]

[1)] *L. 48/1977, 1. gr.*

■ **41. gr.** Nú verður umferðarslys, sem vegfarandi á hlut að, og skal hann þá þegar nema staðar, hvort sem hann á nokkra sök á eða ekki. Veita skal hann hverja þá hjálp og aðstoð, sem þörf er á.

□ Hver sá, sem hlut á að umferðarslysi eða hefur verið sjónarvottur að því, skal, ef þess er óskað, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi. Eigi má hann hverfa af vettvangi, fyrr en þær ráðstafanir hafa verið gerðar, sem slysið gefur efni til. Ef meiðsl hefur orðið á mönnum eða dýrum eða skemmdir á ökutækjum, munum eða mannvirkjum, skal hann svo fljótt sem verða má, sjá um, að lögreglunni verði skýrt frá slysinu.

□ Nú hefur umferðarmerki eða varúðarmerki laskazt eða færzt til við umferðarslys, og skal þá hver sá, sem hlut á að því slysi, skyldur til að lagfæra merkið tafarlaust, svo sem honum er unnt, og tilkynna síðan lögreglunni hið fyrsta. Sama skylda hvílir á hverjum þeim, er verður þess var, að umferðar- eða varúðarmerki er verulega laskað, numið brott eða fært úr stað.

■ **42. gr.** Bannað er að stökkva af eða upp í ökutæki, hanga í því, standa á aurhlífum þess eða annars staðar utan á því, þegar það er á ferð. Bannað er að tengja vagn eða sleða aftan í ökutæki, sbr. þó 57. og 58. gr.

□ Sleða-, skíða- eða rennibrautir má eigi gera á alfaravegi, nema lögreglustjóri leyfi. Eigi má heldur vera að leikjum á vegum, þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotizt af, nema á vegum, sem merktir eru sem leikgötur. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum til þeirra. Á leikgötum skal gæta ýtrustu varúðar og tillitssemi gagnvart börnum.

■ **43. gr.** Eigi má án leyfis lögreglunnar skilja eftir eða geyma á alfaravegum muni eða tæki, sem geta orðið til trafala fyrir umferð, nema sérstakar ástæður geri bráðabirgðageymslu nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka hluti eða tæki út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir svo utarlega á henni, sem unnt er. Ef talið verður, að umferðarhætta geti stafað af slíkum hlutum eða tækjum, skal vörður gæta þeirra eða staðurinn merktur viðvörunarmerkjum. Þetta gildir einnig um vegagerðarefni.

□ Muni, sem eru á vegi og 1. mgr. fjallar um, skal á ljósatíma merkja greinilega með ljóskerum með ólituðu gleri eða á annan hátt, er sýni, hve langt hluturinn nær inn á veginn.

□ Eigi má fleygja eða skilja eftir á vegi neitt það, sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, svo sem steina, glerbrot, nagla, ávaxtahýði eða olíu.

B. *Ákvæði um akstur og ökutæki.*

■ **44. gr.** Þar, sem vegi er skipt í sérstakar brautir fyrir ýmsar tegundir umferðar, skal vegfarandi nota þá braut, sem honum er ætluð.

■ **45. gr.** Ökumenn skulu halda ökutækjum sínum hægra megin á akbraut eftir því, sem við verður komið og þörf er á vegna annarrar umferðar.

□ Þar, sem útsýn er slæm, svo sem í beygjum, við hæðarbrúnir, eða ef skyggni er lélegt, skal ávallt aka við hægri brún akbrautar, nema þar sem einstefnuakstur er.

□ Aka skal hægra megin við umferðarmerki, sem sett eru á akbraut, nema önnur fyrirmæli séu skráð á merkið.

□ Skylt er ökumönnum að gæta þess sérstaklega, er þeir beygja á vegi eða aka af stað frá brún akbrautar, að það valdi ekki hættu eða verulegum óþægindum fyrir þá, sem á eftir eða á móti koma.

□ Ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skal vera í svo mikilli fjarlægð frá því, að eigi sé hætta á árekstri, þótt ökutækið, sem á undan er, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Gæta skal þess, þegar stórar bifreiðar, eða bifreiðar með tengivagna, eru á ferð utan þéttbýlis, að hæfileg fjarlægð sé á milli þeirra, þannig að eigi verði erfiðleikum bundið að komast fram fyrir þær. Ef heildarþyngd ökutækis er yfir 10 smálestir, skal fjarlægð milli þess og næsta ökutækis eigi vera minni en 30 m, þegar ekið er yfir brýr. Víkja má frá framangreindum reglum við vegagerð, ef nauðsyn ber til, en gæta skal þá ávallt ýtrustu varúðar.

■ **46. gr.** Ökumaður skal aðgæta vandlega, áður en hann beygir, að unnt sé að gera það án hættu fyrir þá, sem á eftir koma.

□ Ökutækjum, sem stefna til hægri á vegamótum, skal í hæfilegri fjarlægð frá þeim ekið út á hægri brún akbrautar. Ef beygja á til vinstri, skal, ef aðstæður leyfa, ekið að miðlínu vegar, eða ef um einstefnuakstur er að ræða, yfir að vinstri brún akbrautar. Nú eru tvær eða fleiri akreinar fyrir sömu akstursstefnu á vegi, og skal þá ökumaður í tæka tíð, áður en komið er að vegamótum, færa ökutækið á þá rein, sem heppilegust er, miðað við fyrirhugaða akstursstefnu.

□ Þegar komið er á vegamót og beygt til hægri, ber að aka eins nálægt hægri brún akbrautar og unnt er. Þegar beygt er til vinstri, skal ökutæki, þegar það er komið yfir vegamót, vera hægra megin á akbraut þeirri, sem ekið er inn á. Þetta gildir þó ekki um akstur inn á einstefnubraut. Ekki má taka beygju til vinstri, fyrr en nálæg ökutæki, sem á móti koma, hafa farið fram hjá.

□ Ekki má snúa ökutækjum á vegi eða aka þeim aftur á bak, nema unnt sé að gera það án áhættu eða óþæginda fyrir aðra umferð.

■ **47. gr.** Þegar ökutæki mætast, skulu stjórnendur þeirra aka út að hægri brún akbrautar í tæka tíð og draga úr hraða, ef nauðsyn krefur. Ef hindrun er á vegi, skal ökumaður, sem ekur á þeim vegarhelmingi, þar sem hún er, nema staðar, ef nauðsynlegt er.

□ Ef ökutæki mætast, þar sem vegur er svo mjór, að hvorugt kemst fram hjá öðru, áhættulaust, skal sá ökumaður, sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak.

□ Ökumenn skulu hleypa fram fyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja. Eigi má aka fram úr ökutæki, nema unnt sé án áhættu eða óþæginda fyrir aðra umferð, enda sé útsýn yfir akbraut góð. Eigi má aka fram úr ökutæki á vegamótum, beygjum, ef þær eru brattar eða þröngar, né við eða á afmörkuðum brautum fyrir gangandi fólk.

□ Aka skal fram fyrir ökutæki vinstra megin við það. Skal sá, sem fram hjá ætlar, gefa þeim, sem á undan fer, merki, þannig að hann megi vita um þá ætlan. Sá, sem á undan er, skal þá, er hann verður var við þann, sem á eftir kemur, víkja til hægri og draga úr hraða eða nema staðar, þannig að áhættulaust sé að aka fram hjá. Sá, sem fram fyrir hefur ekið, má ekki aka að hægri brún akbrautar, fyrr en hann er kominn svo langt, að hinu ökutækinu geti ekki stafað hætta eða veruleg óþægindi af.

□ Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. má við vegamót, ef aðstæður leyfa, aka hægra megin fram hjá ökutæki, sem á undan fer, ef ökumaður þess gefur greinilega merki um, að hann ætli að aka til vinstri.

□ Þar sem akbraut er skipt í tvær eða fleiri merktar akreinar með sömu akstursstefnu, má aka hægra megin fram úr ökutæki, en gæta skal þá sérstakrar varúðar.

□ Aka má fram hjá vegagerðartæki með þeim hætti, sem hagkvæmastur er, miðað við aðstæður, enda sé gætt sérstakrar varúðar.

■ **48. gr.** Þegar tveir ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast, skal sá víkja, sem hefur hinn á hægri hönd. Sá, sem kemur frá hægri, skal þó gæta fyllstu varúðar.

□ Vegur nýtur aðalbrautarréttar, ef vegur, sem að honum liggur, er við vegamótin merktur biðskyldu- eða stöðvunarmerkjum, sbr. 65. og 66. gr.

□ Þar sem sett hefur verið biðskyldumerki, skal sá, sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inn á eða yfir, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki. Hann skal í tæka tíð draga úr hraða og nema staðar, ef nauðsyn krefur. Skylt er að nema staðar, þegar ekki er fullkomin útsýn yfir veginn.

□ Þar sem sett hefur verið stöðvunarmerki, ber ökumanni skilyrðislaust að nema staðar. Þegar ekið er af stað aftur, er skylt að sýna ýtrustu varúð og víkja fyrir umferð frá báðum hliðum, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki.

□ Þeir, sem aka frá brún akbrautar, einkavegum, löndum, lóðum, bifreiðastæðum eða aka yfir gangstétt, skulu víkja fyrir umferð á vegi þeim, sem ekið er inn á.

□ Ökumönnum ber að draga úr hraða eða nema staðar, ef nauðsyn krefur vegna fótgangandi vegfarenda á merktum gangbrautum.

■ **49. gr.** Ökuhraða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækis, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur né geri þeim óþarfa tálmanir.

□ Hraðinn má aldrei vera meiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á ökutæki og stöðvað það á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem auð er og hindrunarlaus framundan og ökumaður hefur útsýn yfir.

□ Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka hægt og sýna ýtrustu varkárni:

a. Í þéttbýli.
b. Þegar skuggsýnt er eða skyggni lélegt.
c. Við vegamót.
d. Í beygjum.
e. Við hæðarbrúnir.
f. Þar sem útsýn er takmörkuð að öðru leyti.
g. Þar sem hætta er á, að ljós blindi ökumann.
h. Þegar mæta þarf öðru ökutæki á mjóum vegi eða brú, eða þegar farmur stendur út af ökutæki.
i. Þegar hált er.
j. Við gangbrautir.
k. Þar sem almenningsvagn hefur numið staðar eða er um það bil að stöðvast við biðstöð.
l. Þar sem börn eru á eða við veg eða gera má ráð fyrir, að börn séu að leik.
m. Þar sem búfé stafar hætta af umferð ökutækja.
n. Þar sem unnið er að vegagerð.
o. Þegar ökutæki dregur annað ökutæki.

☐ Þegar bleyta er á vegum, skal aka þannig, að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum að óþörfu.
☐ Um ökuhraða gilda enn fremur reglur um hámarkshraða samkvæmt 50. gr.

■ **50. gr.** [Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 50 km á klukkustund.][1)]
☐ Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km á klukkustund.
☐ Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3,5 smál. eða meira að heildarþyngd, má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- eða festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.
☐ Dómsmálaráðherra getur að fenginni tillögu umferðarlaganefndar sett nánari reglur[2)] um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Dómsmálaráðherra getur á sama hátt ákveðið hærri hámarkshraða en að framan greinir, allt að 90 km á klukkustund á einstökum vegum (hraðbrautum), og bundið þá heimild við ákveðna árstíma. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

[1)] *L. 16/1977, 1. gr.* [2)] *Rg. 203/1980.*

■ [**50. gr. a.** Óheimilt er að efna til akstursíþrótta án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kaupstaða og kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.
☐ Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um akstursíþróttir. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá hámarkshraða samkvæmt 50. gr.][1)]

[1)] *L. 64/1978, 1. gr.*

■ **51. gr.** Ökutæki má ekki stöðva né leggja á þeim stað eða þannig, að hættu geti valdið fyrir aðra eða ónauðsynlegum óþægindum fyrir umferðina.
☐ Leggja ber ökutæki utan vegar, ef aðstæður leyfa, en annars við brún akbrautar og samhliða henni, nema annað sé sérstaklega ákveðið.
☐ Í þéttbýli má eingöngu stöðva eða leggja ökutæki á vegi við hægri brún akbrautar. Þar sem einstefnuakstur er, getur lögreglustjóri þó sett aðrar reglur.
☐ Flytja ber bilað ökutæki tafarlaust af akbrautum.
☐ Bannað er að stöðva ökutæki eða leggja því:
a. Í eða við beygjur, þar sem útsýn er takmörkuð eða vegur brattur, í eða við hæðarbrún og þar sem útsýn er takmörkuð af öðrum ástæðum.
b. Við vegamót, ef staða ökutækis tálmar útsýn yfir veg, eða nær vegamótum en 10 metra miðað við næstu brún þvervegar. Heimilt er þó að ákveða í lögreglusamþykkt, að stöðva megi ökutæki nær vegamótum í þéttbýli.
c. Við umferðarmerki, þannig að það sjáist illa.
d. Á merktri gangbraut.
e. Á merktri akrein, eða svo nálægt henni, að torveldi akstur inn á hana eða aðra akrein.
f. Á 20 metra svæði við merkta biðstöð almenningsvagna.
g. Á hringtorgum.
h. Á merktum stæðum fyrir leigubifreiðar.
☐ Einnig er bannað að leggja ökutæki:
a. Á brúm.
b. Við akbrautir að húsum eða lóðum, eða svo nálægt þeim, að akstur um þær verði verulegum örðugleikum bundinn.
c. Fyrir framan vatnshana slökkviliðs.
d. Hjá merktum bifreiðastæðum.
☐ Þegar ökumaður yfirgefur vélknúið ökutæki, skal stöðva vél þess og ganga svo tryggilega frá því, að það geti ekki runnið sjálfkrafa né óviðkomandi menn flutt það úr stað.
☐ Þess skal gætt vandlega, þegar dyr ökutækis eru opnaðar, að eigi valdi hættu né óþarfa óþægindum fyrir umferðina. Sama gildir og, er fólk fer í eða úr ökutæki og við fermingu eða affermingu.

■ **52. gr.** Þegar hætta er á ferðum, skal ökumaður gefa hljóðmerki, ljósmerki eða aðrar bendingar til þess að vekja athygli vegfaranda á hættunni. Slíkar bendingar skal ætíð gefa þannig, að sem minnstum óþægindum valdi, og bannað er að gefa þær að nauðsynjalausu.
☐ Skylt er að gefa merki um breytta akstursstefnu, þegar þörf er á, til leiðbeiningar fyrir aðra umferð. Merki þessi skal einkum gefa, þegar breytt er um akstursstefnu á vegi eða vegamótum eða ekið er af stað frá brún akbrautar. Merki skal gefa með stefnuljósum á þeim ökutækjum, er hafa skulu slík tæki. Annars skulu þau gefin með því að rétta út hægri eða vinstri hönd, eftir því, sem við á, eða á annan greinilegan, ótvíræðan hátt. Ökumanni er skylt að hætta merkjabendingum, þegar þær eiga ekki lengur við.
☐ Ökumaður, sem ætlar að nema staðar eða draga snögglega úr hraða, skal gefa þeim, sem á eftir koma, greinilegt merki um þá ætlan sína. Skal það gert með hemlaljósmerki á þeim ökutækjum, sem hafa skulu hemlaljós, en annars með því að rétta upp hönd eða á annan greinilegan og ótvíræðan hátt.
☐ Ökumanni er skylt að gæta þess vandlega, áður en merki er gefið, að breyting á akstursstefnu eða hraða valdi ekki hættu eða verulegum óþægindum fyrir aðra. Merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu.
■ **53. gr.** Þegar ekið er á ljósatíma, skulu vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Þegar ökutæki er fest eða tengt aftan í annað, nægir, að afturljós séu tendruð á því ökutæki, er síðar fer. Á ökutækjum mega ljós, sem lýsa fram, aðeins vera hvít eða daufgul.
☐ Þegar ekið er um vel lýstan veg, skal nota lágan ljósgeisla. Þegar ekið er á móti öðru ökutæki, má ekki nota háan ljósgeisla. Skipta skal þá á lágan ljósgeisla í tæka tíð.
☐ Ef bifreið, dráttarvél eða annað ökutæki, sem hefur stöðuljósabúnað, er stöðvað eða lagt á dimmri akbraut á ljósatíma, skal það hafa tendruð stöðuljós. Önnur ökutæki, sem skilin eru eftir á akbraut, skulu greinilega auðkennd með glitaugum að framan og aftan.
☐ Eigi má nota aðrar tegundir ljósa né glitaugna en boðnar eru eða heimilaðar í lögum þessum, eða reglum, settum samkvæmt þeim.
☐ Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um ljósabúnað ökutækja og notkun hans.
☐ Ákveða má í lögreglusamþykktum, að nota skuli eingöngu stöðuljós við akstur á tilgreindum, vel lýstum vegum.
■ **54. gr.** Við hleðslu ökutækis skal þess gætt, að

hvorki farþegar né farmur byrgi nauðsynlega útsýn ökumanns fram eða til hliðar eða í baksýnisspegli, né tálmi notkun stjórntækja eða valdi annarri umferð hættu eða truflun.

☐ Ganga skal svo frá farmi, að hann raskist ekki né valdi óþrifnaði né óþarfa hávaða.

☐ Ökutæki skal þannig hlaðið, að því megi stjórna örugglega. Eigi má farmur dragast eftir vegi, nema óhjákvæmilegt sé og eigi valdi skemmdum.

☐ Ef farmur nær fram eða aftur fyrir eða út fyrir ökutæki, skal gæta sérstakrar varúðar. Þá skal og festa til viðvörunar á yztu brún farmsins greinilegt merki, og á ljósatíma hvítt glitauga, er snýr fram, og rautt, er snýr aftur. Í stað glitaugna má nota ljósker með sama lit.

☐ Lögreglumaður eða eftirlitsmaður ökutækja getur stöðvað ökutæki, ef hann telur hleðslu þess varhugaverða, og bannað akstur þess, nema úr verði bætt.

■ **55. gr.** Breidd ökutækis má hvergi vera meiri en 2,35 m. Vegamálastjóri getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði og leyft allt að 2,50 m breidd. Vegamálastjóri má binda undanþágu þessa við ákveðna vegi utan kaupstaða, en lögreglustjóri í kaupstöðum.

☐ Baksýnisspegill, stefnumerki og snjókeðjur teljast ekki með breidd ökutækis.

[☐ Lengd almenningsbifreiða til fólksflutninga má vera allt að 13 m miðað við tveggja öxla bifreið. Sé bifreið búin þremur öxlum má lengd hennar vera meiri. Dómsmálaráðherra getur með ákvæðum í reglugerð eða á annan hátt sett reglur um hámarkslengd slíkra bifreiða ef þurfa þykir.][1)]

☐ Hæð ökutækis má aldrei vera meiri en 3,8 m.

☐ Heimilt er að aka landbúnaðartæki og vinnuvél, enda þótt breiðara sé en segir í 1. og 2. mgr. Þó má breidd ekki fara fram úr 3,5 m, nema að fengnu leyfi vegamálastjóra.

☐ Ökumaður ökutækis, sem er breiðara en 2,35 m, skal sýna sérstaka varúð, víkja greiðlega fyrir öðru ökutæki og nema staðar, ef þörf gerist. Ökumaður með háfermi á ökutæki skal sýna sérstaka aðgæzlu, er farið er undir síma- eða rafmagnslínur eða yfir brýr með þverböndum efra.

☐ [Ákvæðin hér að framan um breidd, lengd og hæð ökutækis gilda einnig um farm þess.][2)]

☐ Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum greinar þessarar, þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Þó skal samþykki vegamálastjóra koma til, ef aka þarf á vegum utan kaupstaða.

[1)] *L. 66/1978, 2. gr.* [2)] *L. 62/1976, 6. gr. b.*

■ **56. gr.** Leyfileg hámarksþyngd vélknúins ökutækis á gúmhjólum, svo og tengivagns og festivagns með eða án farms, miðast við öxulþunga ökutækis, þannig:

a. Hámarksþungi á öxli er 6000 kg.

b. Hámarksþungi á tveim öxlum, sem eru nær hvor öðrum en 2,0 m, er 8000 kg.

☐ Leyfileg heildarþyngd vélknúins ökutækis á beltum er 12 000 kg.

☐ [Veghaldari][1)] getur þó bæði leyft meiri öxulþunga og heildarþyngd ökutækis á einstökum vegarköflum, svo og ákveðið minni öxulþunga eða heildarþyngd á öðrum, hvort tveggja miðað við burðarþol brúa eða vega.

☐ Þá getur [veghaldari][1)] og veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga.

[1)] *L. 62/1976, 7. gr.*

■ **57. gr.** [Við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél má aðeins tengja einn tengivagn eða festivagn. Lögreglustjóri getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessum, ef sérstök nauðsyn er, enda komi samþykki vegamálastjóra til um akstur á vegum utan kaupstaða.

☐ Skráningarskyldan tengi- eða festivagn má aðeins tengja við bifreið, beltabifhjól eða dráttarvél, sem til þess er talin hæf og hefur um það áritun í skrásetningarskírteini.][1)]

[1)] *L. 62/1976, 8. gr.*

■ **58. gr.** [Til dráttar tengitækis má nota beltabifhjól, dráttarvél eða vinnuvél. Enn fremur bifreið, sem skráð er til aksturs með tengivagn eða viðurkennd til aksturs með tengitæki. Ekki má aka með meira en eitt tengitæki.][1)]

☐ Ef tengitæki er ekki búið hæfilega öflugum hemli, sem stjórna má úr ökumannssæti, má þyngd þess ekki vera meiri en tvöföld heildarþyngd dráttartækisins.

☐ Þegar dregið er tengitæki, sem er breiðara en dráttartækið, skal sýna sérstaka varúð.

☐ Tenging skal vera örugg.

☐ Fjarlægð milli ökutækjanna má ekki vera meiri en 4 metrar. Ef fjarlægð er meiri en 2 metrar, skulu tengslin merkt greinilega.

☐ Nota má vélknúið ökutæki til dráttar annars vélknúins ökutækis, ef gætt er ákvæða 2.—4. mgr. Ekki má draga bifhjól né nota það til dráttar annars ökutækis.

[1)] *L. 62/1976, 9. gr.*

C. *Sérreglur um bifhjól.*

■ **59. gr.** Eigi má aka tveim bifhjólum eða fleiri hlið við hlið á sömu akbraut.

☐ Ökumaður bifhjóls skal leiða það, þegar farið er yfir gangstéttir og gangstíga.

☐ Þegar bifhjól er skilið eftir á almannafæri, skal því læst með lás og þannig frá því gengið, að eigi sé hætta á, að það falli, þótt við það sé komið.

[☐ Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálm við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða viðgerðarverkstæði eða þar sem svipað stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett reglur[1)] um undanþágu frá skyldu til að nota hlífðarhjálma.][2)]

[1)] *Rg. 598/1981.* [2)] *L. 30/1977, 1. gr.*

D. *Sérreglur um reiðhjól.*

■ **60. gr.** Ökumaður reiðhjóls skal ávallt hafa aðra eða báðar hendur á stýri og báða fætur á fótstigum. Honum er óheimilt að hanga aftan í öðrum ökutækjum á ferð, svo og að leiða annað reiðhjól. Eigi má aka tveim eða fleiri reiðhjólum samhliða á vegi.

☐ [Heimilt er að aka á reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn, sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða reiðhjól.][1)]

☐ Ekki má skilja reiðhjól eftir á almannafæri, nema því

sé læst og svo gengið frá því, að eigi stafi hætta eða truflun af fyrir umferð.

☐ Barni yngra en 7 ára er óheimilt að aka reiðhjóli á almannafæri.

☐ Óheimilt er að flytja farþega á reiðhjóli. Þó má vanur ökumaður, sem er orðinn 17 ára, flytja barn, yngra en 7 ára, á reiðhjóli, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið, að því stafi ekki hætta af hjólteinunum.

☐ Ekki má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo, að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið umferðarmerki, svo sem skylt er. Sömuleiðis er bannað að flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta óþægindum fyrir aðra umferð.

☐ Dómsmálaráðherra er heimilt að setja nánari reglur um hámarkslengd, breidd, hæð og þyngd hluta, sem fluttir eru á reiðhjólum, sem sérstaklega eru ætluð til vöruflutninga, svo og hliðarvagna reiðhjóla.

☐ [Reglur greinar þessarar gilda einnig um létt bifhjól. Þó má ekki aka léttu bifhjóli á gangstígum eða gangstéttum, eða flytja á því farþega. Ákvæði 4. mgr. 59. gr. gilda og um ökumann létts bifhjóls.][1]

[1] *L. 55/1981, 2. gr. Sjá og 6. gr. s. l.*

E. *Umferð gangandi manna.*

■ **61. gr.** Gangandi menn skulu nota gangstéttir og gangstíga, sem liggja með akbrautum. Skulu þeir að jafnaði ganga á hægri hluta stéttar eða stígs og víkja til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa þeim fram hjá sér á vinstri hönd, er fram úr ganga.

☐ Ef ekki er gangstétt eða gangstígur meðfram vegi skulu menn að jafnaði ganga á vinstri vegarbrún og aldrei fleiri en tveir samhliða.

☐ Þar sem merkt er gangbraut yfir veg, skulu menn nota hana, er þeir ætla yfir veginn. Ef ekki er gangbraut, skulu menn ávallt ganga þvert yfir veg með jöfnum hraða. Gangandi menn skulu gæta vel að umferð, áður en farið er yfir veg.

■ **62. gr.** Gangandi menn mega ekki safnast á akbrautum, gangstéttum eða gangstígum, þannig að þeir trufli á nokkurn hátt umferð annarra.

☐ Ekki mega gangandi menn flytja neitt það með sér á akbrautum, gangstéttum eða gangstígum, sem er til hindrunar eða truflunar öðrum vegfarendum eða getur valdið þeim tjóni.

F. *Umferð ríðandi manna og hestvagna.*

■ **63. gr.** Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á hægri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.

☐ Ef vænta má umferðar ökutækja um veg, skulu aldrei fleiri en tveir menn, einhesta, ríða samhliða né ríðandi maður teyma fleiri en tvö laus hross. Má þá enginn annar ríða honum samhliða.

☐ Taglhnýting hesta og stórgripa er bönnuð á vegum.

☐ Ef farið er með hestvagna um veg í þéttbýli, skal maður stjórna hverjum vagni. Utan þéttbýlis má einn maður stjórna tveim vögnum.

☐ Bannað er að skilja eftir á vegi lausa hesta eða fyrir vagni eða sleða.

G. *Um rekstur búfjár.*

■ **64. gr.** Óheimilt er að reka hópa búfjár á vegum í þéttbýli, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til.

☐ Utan þéttbýlis má reka slíka búfjárhópa eftir vegum en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæzlumenn, og ef vænta má umferðar ökutækja um veginn, skal einn gæzlumaður ætíð fara fyrir.

1968 Nr. 40 23. apríl

☐ Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum, ef þess er þörf vegna annarrar umferðar.

[H. *Um notkun öryggisbelta í bifreiðum.*

■ **64. gr. a.** Hver sá, er situr í framsæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skal nota það við akstur á vegum. Eigi er skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak. Sama gildir um akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða við svipaðar aðstæður.

☐ Dómsmálaráðherra getur sett reglur[1] um undanþágu frá notkun öryggisbelta, ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna.

☐ Eigi er skylt að nota öryggisbelti í leigubifreiðum til mannflutninga. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta við annan sérstakan akstur, eða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.][2]

[1] *Rg. 489/1981.* [2] *L. 55/1981, 3. gr. Sjá og 6. gr. s. l. um að eigi skuli refsa fyrir brot gegn 64. gr. a fyrr en lokið er heildarendurskoðun umferðarlaga.*

V. Umferðarstjórn og umferðarmerki.

■ **65. gr.** Lögreglan stjórnar umferð, þar sem hún telur þess þörf og með þeim hætti, er hún telur henta.

☐ Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum vegamálastjóra, hvaða vegir skulu teljast aðalbrautir og njóta réttar samkv. 2.—4. mgr. 48. gr. Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum bæjar- og sveitarstjórna, ákveðið hið sama um vegi í kaupstað eða kauptúni. Sömu reglur gilda um önnur varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar, svo sem bann gegn stöðvun eða stöðu ökutækja á vegi, bifreiðastæði, einstefnuakstur, leikgötur eða aðrar takmarkanir á akstri um veg.[1]

☐ Í kauptúni eða kaupstað er sveitar- eða bæjarstjórn heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

☐ Lögreglustjóri getur sett bráðabirgðaákvæði um akstur á vegi í öryggisskyni eða til þess að halda uppi greiðri umferð. [Við samkomustaði, þar sem meiri háttar útisamkomur fara fram, getur lögreglustjóri sett ákvæði um takmörkun umferðar um vegi á samkomusvæðinu, sem hann telur nauðsyn á, m. a. vegna gjaldtöku á leyfðri samkomu, enda annist lögreglumenn eftirlit með framkvæmd slíkrar takmörkunar.][2]

☐ Vegamálastjóri getur takmarkað eða bannað um stundarsakir umferð um veg, ef nauðsynlegt er vegna vegavinnu, til hlífðar vegi eða vegna umferðaröryggis. Í kaupstað eða kauptúni geta yfirvöld bæjar eða sveitar gert sömu ráðstafanir að fengnu samþykki lögreglustjóra.

[1] *Augl. um umferð, sjá t. d.: 530/1980 (Reykjavík), 664/1980 (Bolungarvík) og 446/1980 (Húsavík).* [2] *L. 55/1970, 1. gr.*

■ **66. gr.** Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa og annarra merkja á vegi eða við veg til stjórnar, viðvörunar eða leiðbeiningar fyrir umferð.

☐ Í kaupstöðum skal lögreglustjóri sjá um, að greinileg umferðarmerki séu sett á eða við veg, þar sem sérreglur

eiga að gilda um umferð. Það er þó ekki nauðsynlegt, ef lögreglumaður stjórnar umferð.

☐ Vegamálastjóri skal sjá um, að umferðarmerki séu sett á eða við veg utan kaupstaða.

☐ Óheimilt er að setja umferðarmerki á eða við veg, nema með leyfi lögreglustjóra eða vegamálastjóra.

☐ Lögreglustjóri getur bannað auglýsingaspjöld, ljósaauglýsingar, glitaugu og annað, sem valdið getur hættu eða óþægindum fyrir umferð.

☐ Þar sem unnið er að vegagerð eða vegi raskað af öðrum ástæðum þannig að hætta stafi af, er þeim, sem stjórnar verki, skylt að sjá um, að sett verði upp greinileg viðvörunarmerki.

☐ Kostnað vegna umferðarmerkja skal sá greiða, sem kostar viðhald vegar.

VI. Um fébótaábyrgð og vátryggingu.

■ **67. gr.** Nú hlýst slys eða tjón á mönnum eða munum af skráningarskyldu, vélknúnu ökutæki í notkun, og er þá þeim, sem ábyrgð ber á ökutækinu, skylt að bæta það fé, enda þótt slysið eða tjónið verði eigi rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ef vélknúið, skráningarskylt ökutæki dregur annað tæki og tjón hlýst af, er eigandi dráttartækisins ábyrgur.

☐ Ábyrgðarreglan gildir þó ekki um slys eða tjón á mönnum eða munum, er ökutækið flytur, nema flutt sé gegn gjaldi.

☐ Lækka má fébætur og jafnvel láta þær alveg niður falla, ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur. [Vanræksla á notkun öryggisbúnaðar, sbr. 4. mgr. 59. gr., 8. mgr. 60. gr. og 64. gr. a, leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.][1]

[1] *55/1981, 4. gr. Sjá og 6. gr. s. l.*

■ **68. gr.** Ef tjón hlýst eða slys af árekstri skráningarskyldra ökutækja, skiptist tjónið á þau sín á milli, að tiltölu við sök þeirra, sem hlut eiga að máli, og með hliðsjón af atvikum öllum.

■ **69. gr.** Skráður eða skráningarskyldur eigandi vélknúins ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur samkvæmt 67. gr.

☐ Fébótaskyldan færist þó yfir á þann, sem ökutækið notar í algjöru heimildarleysi.

☐ Hver sá, sem á sök á tjóni eða slysi, er hlýst af notkun skráningarskylds, vélknúins ökutækis, ber, auk ábyrgðar samkvæmt 1. og 2. mgr., fébótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

☐ Kröfum samkvæmt 1. mgr. fylgir lögveð í ökutækinu. Lögveð þetta gengur fyrir öðrum skuldum, sem á því kunna að hvíla, að fráskildum opinberum gjöldum.

■ **70. gr.** [Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 180 000 000.

☐ Fyrir vélknúin ökutæki, sem flytja mega fleiri farþega en tíu, skal vátryggingarfjárhæðin þó vera kr. 360 000 000.][1]

[☐ Heimilt er dómsmálaráðherra að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins að hækka vátryggingarfjárhæðir samkv. 1. og 2. mgr. í samræmi við verðlagsbreytingar.][2][3]

☐ Með fyrrgreindri vátryggingu skal vera tryggð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri bótakröfu, sem falla kann á þann, er ábyrgð ber á tjóni samkvæmt lögum þessum eða almennum skaðabótareglum.

☐ Hverjum þeim, sem notar erlent ökutæki hér á landi samkvæmt 23. gr., er skylt að vátryggja það eftir þeim reglum, sem að framan greinir.

☐ Undanþegnir vátryggingarskyldu eru ríkissjóður, forseti Íslands og erlendir þjóðhöfðingjar.

[1] *L. 31/1980, 1. gr.* [2] *L. 65/1978, 1. gr. c-liður.* [3] *Augl. 156/1982.*

■ **71. gr.** Skráður eigandi vélknúins ökutækis skal tryggja ökumann þess, og gildir sú trygging fyrir hvern ökumann, sem tækinu stjórnar. Tryggingin er fyrir bótum vegna slyss, sem ökumaðurinn kann að verða fyrir við starfa sinn. Tryggt skal hjá Tryggingastofnun ríkisins og eftir þeim reglum, sem henni eru settar.

■ **72. gr.** Iðgjöld, er tryggingartaki, samkv. 70. gr., skuldar vátryggingarfélagi, eru lögtakskræf.

☐ Nú verður tryggingartaki gjaldþrota, og skulu þá iðgjöld þau, sem í gjalddaga eru fallin, njóta forgangsréttar í búi hans, samkvæmt 3. tl. 83. gr. skiptalaganna, og gildir það, þó að tryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

■ **73. gr.** [Nú hefur viðurkennt vátryggingarfélag, sbr. 70. gr., greitt bætur samkvæmt framangreindu, og skal þá sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr., endurgreiða vátryggingarfélaginu fjárhæð, sem dómsmálaráðherra ákveður með auglýsingu,[1] að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella að fullu. Fjárhæð þessi má þó aldrei vera hærri en 1,25‰ af lögboðinni vátryggingarfjárhæð ökutækis. Endurkröfurétti þessum fylgir lögveð í ökutækinu á sama hátt og greinir í 4. mgr. 69. gr., þó þannig að veðband það, er þar greinir, gangi fyrir.][2]

☐ [Auk þess, sem í 1. mgr. getur, á vátryggingafélag endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur slysi eða tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfuna með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum.

☐ Bannað er að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélags.][3] [Þó er eiganda skrásetts dráttartækis, sbr. 1. mgr. 67. gr., heimilt að kaupa tryggingu gegn endurkröfu vátryggingarfélags skv. 1. mgr., þegar endurkrafan er sprottin af tjóni vegna dráttar á öðru ökutæki.][4]

[1] *Augl. 226/1982.* [2] *L. 16/1982, 1. gr.* [3] *L. 23/1972, 1. gr.* [4] *L. 25/1974, 2. gr.*

■ **74. gr.** Nú er höfðað einkamál gegn manni til heimtu bóta samkvæmt 67. og 68. gr., og skal þá gera félagi því, er vátryggt hefur ökutækið, kost á að gæta réttar síns í málinu.

☐ Höfða má slíkt mál jafnframt gegn vátryggingarfélaginu, og er þá dómur í því bindandi fyrir félagið og aðfararhæfur gagnvart því.

☐ Nú er bótakrafa samkv. ákvæðum 67. og 68. gr. höfð uppi í refsimáli samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 82 frá 1961,[1] og skal þá tilkynna vátryggingarfélagi því, er vátryggt hefur ökutækið, um kröfuna. Hefur félagið þá sama rétt og sökunautur sjálfur til að koma að vörnum í skaðabótamálinu, enda er þá áfellisdómur bindandi fyrir vátryggingarfélagið og aðfararhæfur gagnvart því.

[1] *Nú l. 74/1974.*

■ **75. gr.** Nú eru bætur vegna sama slyss ákveðnar hærri samtals en vátryggingarfjárhæðinni nemur, og skal þá skipta henni að tiltölu á milli þeirra, sem kröfur eiga vegna slyssins. Þetta ákvæði gildir einnig, þótt vátryggingarfjárhæðin sé hærri en lögboðið er.

□ Ef einhver þeirra, sem bótarétt eiga samkvæmt framangreindu, hefur eigi tilkynnt félaginu um kröfu sína innan sex mánaða frá slysdegi, má vátryggingarfélagið vítalaust greiða vátryggingarféð að fullu öðrum þeim, er bótarétt eiga.

■ **76. gr.** Vátryggingarfélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 70. gr., og landssamband bifreiðaeigenda, ef til er, skulu hvert nefna einn mann í nefnd, en dómsmálaráðherra skal skipa einn mann, og er hann formaður hennar. Nefnd þessari skulu vátryggingarfélög senda gögn, er þau hafa reist á bótagreiðslur sínar samkvæmt lögum þessum. [Nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti samkvæmt 2. mgr. 73. gr. skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök.][1] Í meðferð hvers máls taka þátt formaður og tveir aðrir nefndarmenn, er hann kveður til. Skal annar þeirra vera sá, sem félag það, er hlut á að máli, hefur kjörið í nefndina. Hinn skal vera fulltrúi sá, er landssamband bifreiðaeigenda hefur tilnefnt. Sé slíkt landssamband ekki til, nefnir Félag íslenzkra bifreiðaeigenda mann í nefndina eða það félag bifreiðaeigenda, sem sá er félagsmaður í, er krafa beinist gegn.

□ Kostnað af störfum nefndarinnar greiða vátryggingarfélögin eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Hann setur og nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar.

[1] *L. 23/1972, 2. gr.*

■ **77. gr.** ...[1]

[1] *L. 26/1973, 58. gr.*

■ **78. gr.** [Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgur er, og vátryggingarfélagi, svo og endurkröfur vátryggingarfélags samkvæmt 2. mgr. 73. gr., fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Endurkröfur vátryggingarfélags samkvæmt 1. mgr. 73. gr. fyrnast á einu ári frá lokum þess almanaksárs, sem félagið innti greiðslu af hendi. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að tjónsatburðurinn varð.][1]

[1] *L. 23/1972, 3. gr.*

■ **79. gr.** Dómsmálaráðherra setur nánari reglur[1] um vátryggingarskyldu, viðurkenningu á vátryggingarfélögum, gerð reikninga, endurskoðun þeirra og birtingu.

[1] *Rg. 153/1973.*

VII. Refsingar o. fl.

■ **80. gr.** [Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum. Sektir samkvæmt lögum þessum renna til ríkissjóðs.

□ Ef brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja bifreiðareigandans eða stjórnanda í starfi, skal honum einnig refsað fyrir brotið.][1]

[1] *L. 54/1976, 1. gr.*

■ **81. gr.** Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi.

1968 Nr. 40 23. apríl

□ Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það. Ef sérstakar málsbætur eru og kærði hefur eigi áður orðið sekur um sams konar eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem bifreiðarstjóri, má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á 1. og 2. sbr. 3. mgr. 25. gr.

□ Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 1 mánuð, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot að ræða. Réttindasvipting vegna brota gegn ákvæðum 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. skal þó eigi skemmri en 1 ár. Ef kærði hefur verið sviptur réttindum um stundarsakir samkv. ákvæðum 6. mgr. hér á eftir, skal ákveðið í dómi, hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

□ Nú hefur maður verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfi að nýju eða réttur til að öðlast það, enda sé sannað, að hann hafi ekki gerzt brotlegur við áfengislöggjöf um þriggja ára skeið að undanförnu. Umsókn um endurveitingu ökuleyfis samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna um reglusemi og góða hegðun umsækjanda í næstliðin 3 ár. Leita skal umsagnar áfengisvarnarnefndar í heimilissveit umsækjanda, áður en ökuleyfi er veitt af nýju, ef brot gegn 25. gr. hefur valdið ökuleyfissviptingu. Slíkt leyfi má þó eigi veita sama manni oftar en einu sinni, nema 6 ár séu liðin frá síðustu réttindasviptingu.

□ Svipting ökuleyfis eða réttar til að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi, sbr. þó 112. gr. laga nr. 82/1961.[1] Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

□ Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og skal hann þá svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða. Lögreglustjóri skal tilkynna viðkomandi dómara ákvörðun sína innan viku. Aðili getur krafizt úrskurðar dómara um ákvörðun lögreglustjóra. Dómari getur og af sjálfsdáðum, ef efni standa til, fellt ákvörðun lögreglustjóra niður. Úrskurð dómara um bráðabirgðasviptingu getur aðili kært til æðra dóms samkv. XXI. kafla laga nr. 82/1961.[1]

□ Hver, sem sviptur hefur verið ökuleyfi samkv. þessari grein eða hefur misst það samkvæmt 7. sbr. 8. mgr. 27. gr., skal afhenda lögreglunni ökuskírteini sitt.

□ Ef maður hefur með dómi verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það, skal dómari þegar tilkynna það öllum lögreglustjórum á landinu.

□ Ef íslenzkur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi hefur sætt ökuleyfissviptingu eða refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað missi ökuleyfis eða réttar til að öðlast það, má svipta hann þeim réttindum með dómi í opinberu máli, sem höfðað er gegn honum í þessu skyni, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæðin hér að framan.

[1] *Nú l. 74/1974.*

[VIII. Um Umferðarráð, umferðarfræðslu o. fl.][1]

[1] *L. 55/1970, 4. gr.*

■ [**82. gr.** Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, er stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu.][1)]

[1)] *L. 55/1970, 5. gr. a.*

■ [**83. gr.** [Dómsmálaráðherra skipar 19 menn í Umferðarráð til þriggja ára í senn.][1)]

□ Eftirtaldir aðilar skulu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara í ráðið: Bandalag íslenzkra leigubifreiðastjóra, Bifreiðaeftirlit ríkisins, [Bílgreinasambandið,][2)] Bindindisfélag ökumanna, Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Félag íslenzkra bifreiðaeigenda, Fræðslumálastjórn, [Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti,][3)] Landssamband vörubifreiðastjóra, Landssamtök klúbbanna „Öruggur akstur", Reykjavíkurborg, Ríkislögregla, Samband íslenzkra sveitarfélaga, Samband íslenzkra tryggingarfélaga, Slysavarnafélag Íslands, Vegagerð ríkisins, Ökukennarafélag Íslands, [Öryrkjabandalag Íslands].[4)]

□ Dómsmálaráðherra skipar formann Umferðarráðs án tilnefningar, en varaformann skipar hann úr hópi ráðsmanna.][5)]

[1)] *L. 55/1981, 5. gr. a.* [2)] *L. 62/1976, 12. gr.* [3)] *L. 55/1981, 5. gr. b.* [4)] *L. 55/1981, 5. gr. c.* [5)] *L. 55/1970, 5. gr. b.*

■ [**84. gr.** Hlutverk Umferðarráðs skal vera sem hér segir:

1. Að beita sér fyrir því, að haldið sé uppi umferðarfræðslu í landinu.

2. Að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis, eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa.

3. Að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi.

4. Að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í Ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlunartækjum.

5. Að beita sér fyrir bættum umferðarháttum.

6. Að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu.

7. Að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál.

8. Að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði.

9. Að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

□ Umferðarráði ber að hafa samvinnu við fræðsluyfirvöld, lögregluyfirvöld, umferðaryfirvöld sveitarfélaga, Slysavarnafélag Íslands, samtök bifreiðaeigenda og bifreiðastjóra, vátryggingarfélög, svo og öll önnur félög og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi skipta.][1)]

[1)] *L. 55/ 1970, 5. gr. c.*

■ [**85. gr.** Innan Umferðarráðs skal starfa þriggja manna framkvæmdanefnd, sem dómsmálaráðherra skipar til eins árs í senn, og skiptir ráðherra störfum með framkvæmdanefndarmönnum, eftir því sem þurfa þykir.

□ Framkvæmdanefnd skal vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála, sem Umferðarráð fjallar um. Hún hefur einnig eftirlit með starfsemi þeirri, sem unnin er á vegum þess.][1)]

[1)] *L. 55/1970, 5. gr. d.*

■ [**86. gr.** Dómsmálaráðherra ákveður þóknun formanns og framkvæmdanefndar, en að öðru leyti eru störf í Umferðarráði ólaunuð. Framkvæmdanefnd ræður starfsfólk að fenginni heimild ráðherra.

□ Um kostnað af störfum Umferðarráðs skal gera áætlun, sem sendist ráðuneytinu til staðfestingar, svo og árleg reikningsskil.][1)]

[1)] *L. 55/1970, 5. gr. e.*

■ [**87. gr.** Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf Umferðarráðs.][1)]

[1)] *L. 55/1970, 5. gr. f.*

■ [**88. gr.** Sveitarstjórnum ber að fræða almenning um umferðarmál, eftir því sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

□ Sveitarstjórn getur skipað umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu. Sveitarstjórnum er og heimilt að stofna sameiginlega umferðarnefnd, er hafi með höndum framangreind verkefni.

□ Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja nánari reglur um skipun og starfssvið slíkra umferðarnefnda.][1)]

[1)] *L. 55/1970, 5. gr. g.*

■ [**89. gr.** Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í barna- og unglingaskólum. Menntamálaráðherra setur að fenginni umsögn Umferðarráðs reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur.][1)]

[1)] *L. 55/1970, 5. gr. h.*

■ [**90. gr.** Skólastjórum er skylt í samráði við lögreglustjóra og sveitarstjórn að gera ráðstafanir til þess að vernda skólabörn gegn hættu, er stafar af umferð í næstu grennd við skóla.][1)]

[1)] *L. 55/1970, 5. gr. i.*

IX. Ýmis ákvæði.

■ [**91. gr.**][1)] Enginn má selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannflutninga án ökumanns, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Heimilt er að ákveða gjald[2)] fyrir slíkt leyfi.

[1)] *L. 55/1970, 5. gr.* [2)] *Rg. 115/1979.*

■ [**92. gr.**][1)] Samgöngumálaráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga og flutningsgjöld sendibifreiða. Hann getur og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum.

[1)] *L. 55/1970, 5. gr.*

■ [**93. gr.**][1)] Þeir, sem fyrir gildistöku laga þessara hafa öðlazt rétt til starfa, sem nú er krafizt sérstakrar löggildingar til, halda þeim rétti sínum, enda fullnægi þeir almennum skilyrðum til starfans.

□ Nota má ökutæki, sem stærra er eða þyngra en leyft er í lögum þessum, ef notkun þess var heimil samkvæmt eldri lögum.

[1)] *L. 55/1970, 5. gr.*

■ [**94. gr.**][1)] Dómsmálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, nema annað sé tekið fram. Honum er heimilt að setja nánari reglur um einstök ákvæði laganna og framkvæmd þeirra.

□ Reglugerðir, sem settar hafa verið samkvæmt áður gildandi bifreiðalögum og umferðarlögum, skulu gilda þar til nýjar reglugerðir hafa verið settar, að því leyti, sem samrýmist lögum þessum.

[1)] *L. 55/1970, 5. gr.*

1966 Nr. 65 13. maí

Lög um hægri handar umferð.

I. kafli.

■ **1. gr.** ...[1]

[1] *Fellt inn í umferðarlög, 40/1968.*

II. kafli.

■ **2. gr.** Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna framkvæmdanefnd, er hafi á hendi undirbúning og stjórn framkvæmda við breytingu úr vinstri í hægri handar umferð. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

□ Framkvæmdanefndin ræður sér framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið að þörfum með samþykki nefndarinnar.

■ **3. gr.** Starfssvið framkvæmdanefndar skal meðal annars vera þetta:

1. Að kanna og sannreyna, eftir því sem unnt er, áætlanir um framkvæmdir og kostnað, sem leiðir af breytingu umferðarreglnanna, sbr. 1. gr., og bæta ber samkvæmt 6. gr.

2. Að stuðla að því, að nýtt verði svo sem unnt er afkastageta fyrirtækja til að framkvæma nauðsynlegar breytingar á bifreiðum.

3. Að fylgjast með, að framkvæmdar verði nauðsynlegar breytingar á vega- og gatnakerfi landsins, þar með taldar breytingar á umferðarljósum og umferðarmerkjum.

4. Að undirbúa og framkvæma í samráði við yfirvöld, félög og stofnanir þá fræðslu og upplýsingastarfsemi, sem telja má nauðsynlega, svo og stuðla að því, að ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir umferðarslys í sambandi við breytingu umferðarreglnanna.

5. Að ákveða greiðslur samkvæmt 6. gr.

6. Að gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar stjórnvaldsráðstafanir í sambandi við breytingu umferðarreglnanna.

■ **4. gr.** Framkvæmdanefndinni ber að leita aðstoðar þeirra embættismanna, stofnana og félagasamtaka, sem að liði geta orðið við úrlausn einstakra viðfangsefna í sambandi við breytingu úr vinstri í hægri handar umferð.

□ Ráðherra getur, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar, kvatt henni til ráðuneytis ráðgjafarnefnd, sem skipuð verði fulltrúum þeirra aðila, sem breytingin varðar sérstaklega, eða stuðlað geta að farsælli framkvæmd hennar.

III. kafli.

■ **5. gr.** Kostnaður, sem leiðir af breytingu úr vinstri í hægri handar umferð, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt því, sem nánar segir í lögum þessum.

■ **6. gr.** Bæta skal kostnað vegna eftirtalinna framkvæmda:

1. Kostnað við nauðsynlegar breytingar á vega- og gatnakerfi landsins, þar með taldar breytingar á umferðarljósum og umferðarmerkjum.

2. Kostnað við nauðsynlegar breytingar á bifreiðum og öðrum vélknúnum ökutækjum.

3. Annan óhjákvæmilegan beinan kostnað, sem leiðir af breytingu umferðarreglnanna.

□ Eigi skal bæta annað en beinan kostnað. Eigi skal heldur bæta fyrstu kr. 1000,00 af kostnaði við breytingu á hverju ökutæki.

■ **7. gr.** Bótarétt samkvæmt 6. gr. eiga veghaldarar, skráðir eigendur ökutækja, svo og aðrir þeir, sem eins stendur á um.

■ **8. gr.** Hver sá, sem telur sig eiga rétt til bóta samkv. 6. gr., skal, áður en framkvæmdir hefjast, senda framkvæmdanefnd nákvæma greinargerð um þær breytingar, er framkvæma skal, ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun.

□ Eigi skal bæta kostnað, nema framkvæmdanefnd hafi fallizt á nauðsyn breytingar og kostnaðaráætlun, áður en ráðizt er í framkvæmd.

■ **9. gr.** Bætur skal að jafnaði greiða eftir á, þegar framkvæmd er að fullu lokið. Heimilt er þó að greiða bætur að nokkru eða öllu leyti fyrr, ef um meiri háttar framkvæmd er að ræða, gegn tryggingu, sem framkvæmdanefnd tekur gilda.

■ **10. gr.** Greinargerðir og áætlanir samkvæmt 8. gr. skulu hafa borizt framkvæmdanefnd eigi síðar en 1. janúar 1968.

□ Kröfur um greiðslu bóta skulu hafa borizt framkvæmdanefnd innan þriggja mánaða frá því er verki lauk.

□ Framkvæmdanefnd getur þó í einstökum tilvikum veitt undanþágu frá ofangreindum frestum, þannig að frestur samkvæmt 1. mgr. geti orðið til ársloka 1968, en frestur samkvæmt 2. mgr. lengist í allt að sex mánuði frá því verki lauk.

□ Kröfur, sem berast síðar en að framan getur, verða eigi teknar til greina.

■ **11. gr.** Ákvörðun framkvæmdanefndar um það, hvort bæta skuli kostnað vegna framkvæmdar, og um bótafjárhæð má skjóta til dómnefndar innan þriggja mánaða frá því ákvörðun barst aðila.

□ Dómsmálaráðherra skipar tvo menn í dómnefnd þessa. Skal annar þeirra vera lögfræðingur, er fullnægi almennum dómaraskilyrðum, og skal hann vera forseti dómsins. Við meðferð hvers máls skulu dómendur kveðja til hinn þriðja dómara, og skal hann vera sérfróður á því sviði, sem um er fjallað.

□ Um meðferð mála fyrir dómi þessum gilda almennar reglur um meðferð einkamála í héraði eftir því, sem við á.

□ Úrskurður dómnefndar skal vera fullnaðarúrskurður í málinu.

IV. kafli.

■ **12. gr.** [Á árunum 1967—1971 skal greiða í ríkissjóð sérstakan skatt (umferðarbreytingargjald) af bifreiðum sem hér segir:

a. Af fólksbifreiðum, 1—8 farþega: 240,00 kr. árið 1967, en 360,00 kr. árin 1968—1971 hvert ár.

b. Af öðrum bifreiðum: 420,00 kr. árið 1967, en 660,00 kr. árin 1968—1971 hvert ár.

□ Skatti þessum skal varið til að greiða kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, svo og kostnað vegna starfsemi Umferðarráðs til ársloka 1970.][1]

[1] *L. 54/1970, 1. gr.*

■ **13. gr.** Skattur þessi skal innheimtur með bifreiðagjöldum, og skulu gilda um innheimtu hans sömu reglur sem um bifreiðaskatt, þar á meðal ákvæðin um frádrátt á gjaldi vegna innilegu skráningarmerkis, lögtaksrétt og lögveð.

■ **14. gr.** Undanþegnar skatti þessum eru þær bif-

1966 Nr. 65 13. maí

reiðir, sem taldar eru í 1. málsgr. 88. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963.[1)]

[1)] *Nú lög 79/1974.*

V. kafli.

■ **15. gr.** Kostnaður, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, greiðist úr ríkissjóði.

■ **16. gr.** Dómsmálaráðherra getur sett bráðabirgðareglur um umferð, svo og önnur nánari ákvæði um skipan mála samkvæmt lögum þessum.

□ Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.[1)]

[1)] *Nú l. 40/1968.*

■ **17. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

□ Ákvæði 1. gr. koma þó eigi til framkvæmda fyrr en á þeim degi apríl-, maí- eða júnímánaðar 1968, sem dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar.[1)]

[1)] *Augl. 128/1967.*

1982 Nr. 24 31. mars

Lög um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi.

I. kafli. Gildissvið.

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um vöruflutninga á landi með bifreiðum, enda annist vöruflytjandi að jafnaði flutning fyrir fleiri en einn aðila í sömu ferð og gegn gjaldi.

■ **2. gr.** Lög þessi gilda einnig um vöruflutninga með vögnum, sem tengdir eru eða festir við bifreið, en ganga ekki fyrir eigin vélarafli.

■ **3. gr.** Sé ökutæki samkvæmt 1. og 2. gr. flutt hluta leiðar á skipi án þess það sé jafnframt losað, gilda þessi lög engu að síður.

□ Þurfi að skipta um ökutæki á leiðinni, eða áður en varan er komin á endanlegan ákvörðunarstað, telst samt vera um einn flutning að ræða.

■ **4. gr.** Flutningur samkvæmt lögum þessum er talinn hefjast, er flytjandi tekur við vöru til flutnings, og lýkur við afhendingu hennar til móttakanda.

■ **5. gr.** Ákvæði laga þessara um réttaráhrif aðgerða eða aðgerðaleysis sendanda, flytjanda eða móttakanda taka einnig til þess háttar athæfis umboðsmanna þeirra eða starfsmanna, sem viðkomandi aðilar ábyrgjast.

II. kafli. Flutningssamningar.

■ **6. gr.** Fyrir sérhverja vörusendingu skal sendandi, sé ei um annað samið, útfylla fylgibréf á þar til gerð eyðublöð, sem flytjandi útvegar. Í því skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn og heimilisfang sendanda.
2. Nafn og heimilisfang móttakanda.
3. Dagsetning á móttöku flytjanda á vörunni.
4. Fjöldi pakka, tilgreining vöru, pökkun, mál og vigt.
5. Merking vöru.
6. Greiðsluskilmálar.
7. Kröfuupphæðir, sem innheimta á hjá móttakanda sé um slíkt að ræða.
8. Tilgreining á verðmæti vörunnar, ef sérstakar ástæður eru til.
9. Sérstök tilgreining, ef geyma á vöruna við ákveðið hitastig.

□ Í fylgibréfi skal flytjandi tilgreina:

1. Flutningsgjald.
2. Tryggingariðgjald, ef við á.

□ Hlutaðeigendur geta bætt í fylgibréfið öðrum upplýsingum, sem þeir telja nauðsynlegar.

□ Flytjandi staðfestir móttöku vörunnar með undirskrift sinni á fylgibréfið.

□ Sendanda ber að merkja vöruna greinilega með nafni, heimilisfangi og síma móttakanda, svo og með öðrum nauðsynlegum upplýsingum.

■ **7. gr.** Nú er fylgibréf eigi gefið út eða er ekki þess efnis, sem áskilið er, eða það hefur glatast og gilda þá ákvæði laga þessara engu að síður.

■ **8. gr.** Ef ákveðin bifreið er tilgreind í fylgibréfi, er flytjanda óheimilt að flytja vöruna með annarri bifreið, nema um það sé samið sérstaklega.

■ **9. gr.** Við móttöku vöru skal flytjandi kanna, hvort upplýsingar í fylgibréfi séu réttar.

□ Flytjandi getur gert fyrirvara um tilgreiningu sendanda í fylgibréfi, enda sé slíkur fyrirvari rökstuddur.

■ **10. gr.** Sé hættuleg vara afhent til flutnings, skal sendandi gefa nákvæmar upplýsingar um, í hverju hættan sé fólgin, og ef nauðsynlegt er, hvaða varúðarráðstafanir verði að viðhafa.

■ **11. gr.** Sendandi hefur umráðarétt yfir vörunni meðan á flutningi stendur. Hann getur því óskað eftir stöðvun flutnings, breytingu á ákvörðunarstað eða móttakanda, enda ber honum að greiða kostnað sem slíkar breytingar hafa í för með sér.

■ **12. gr.** Þegar vara er komin á ákvörðunarstað, getur móttakandi krafist afhendingar vörunnar gegn kvittun.

□ Móttakandi, sem vill nýta þennan rétt sinn, er skyldur að greiða þá upphæð, sem í skuld stendur samkvæmt fylgibréfi, og framvísa frumriti sé þess krafist af sendanda.

□ Verði ágreiningur um upphæðina, er flytjanda ekki skylt að afhenda vöruna nema gegn tryggingu.

■ **13. gr.** Komi í ljós áður en varan er komin til ákvörðunarstaðar, að flytjandi geti ekki fullnægt skilmálum fylgibréfs, skal hann leita fyrirmæla sendanda. Sé unnt að framkvæma flutninginn á annan hátt en ákveðinn er í flutningssamningi og hafi flytjandi ekki innan eðlilegs tíma fengið fyrirmæli frá sendanda, skal hann gera þær ráðstafanir, sem ætla verður, að séu sendanda hagstæðastar, þar á meðal selja vöruna, ef eigi er annars kostur.

■ **14. gr.** Séu vandkvæði á afhendingu vöru eftir að hún er komin á ákvörðunarstað, skal flytjandi leita fyrirmæla sendanda á sama hátt og mælt er fyrir um í 13. gr.

■ **15. gr.** Hafi ekki verið samið um fjárhæð flutningsgjalds, skal greiða það gjald, sem almennt var notað, þegar flytjandi tók við vörunni.

□ Hafi verið flutt meira vörumagn en fylgibréf getur um, skal greiða flutningsgjald fyrir það, sem umfram er.

III. kafli. Ábyrgð flytjanda.

■ **16. gr.** Flytjandi er ábyrgur fyrir tjóni, sem verður á vörunni meðan á flutningi stendur, svo og hvarfi hennar á sama tímabili, og er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Á sama hátt ber flytjandi ábyrgð á tjóni af völdum óeðlilegs dráttar á að flytja móttekna vöru til ákvörðunarstaðar.

■ **17. gr.** Flytjandi er undanþeginn ábyrgð á tjóni, sem orsakast af eftirgreindum ástæðum:

1982 Nr. 24 31. mars

a. Vanrækslu eða mistökum sendanda eða móttakanda eða umboðsmanna þeirra.

b. Skemmdum vegna ófullnægjandi ytri eða innri umbúða, eða vegna sérstakra eiginleika vörunnar, sem flytjanda var ekki kunnugt um eða gat ekki varast.

c. Hvarfi, rýrnun eða skemmdum á vörunni sem rekja má til lestunar, röðunar eða losunar, sem sendandi eða móttakandi hafa annast að öllu leyti eða að hluta.

d. Röngum eða ófullnægjandi upplýsingum um vöruna í fylgibréfi.

e. Alvarlegum, ófyrirsjáanlegum atburðum (force majeure), svo sem ófriði, geislavirkni, uppþotum, verkföllum, verkbönnum, náttúruhamförum o. þ. h.

■ **18. gr.** Skaðabætur fyrir skemmda eða glataða vöru skulu ákvarðast af því verðgildi, sem varan hefði haft ósködduð við afhendingu til flytjanda. Að auki skal flutningskostnaður bættur, svo og annar kostnaður vegna flutnings á vörunni, sem tapast hefur.

■ **19. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 18. gr. verður flytjanda aldrei gert að greiða hærri skaðabætur en sem nemur kr. 150,00 fyrir hvert brúttókílógramm í vörusendingu, nema tjónið megi rekja til ásetnings eða stórfellds gáleysis flytjanda eða manna, sem hann ábyrgist. Hámarksupphæð þessi skal breytast í samræmi við breytingar á vísitölu vöru og þjónustu frá því sem hún er, þegar lög þessi taka gildi.

■ **20. gr.** Hafi sendandi gefið upp í fylgibréfi hærra verðmæti vöru en kveðið er á um í 19. gr., og greitt flutningsgjald í samræmi við það, gildir það verðmæti við ákvörðun skaðabóta.

IV. kafli. Ábyrgð sendanda.

■ **21. gr.** Sendandi ber ábyrgð á, að þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í fylgibréfi og merkingu vöru, séu réttar. Hann er ábyrgur fyrir kostnaði eða tjóni sem hlýst af því, að upplýsingarnar eru rangar, ónákvæmar, ógreinilegar eða að öðru leyti ófullkomnar.

■ **22. gr.** Sendandi er ábyrgur gagnvart flytjanda vegna tjóns sem vörusending hans veldur á mönnum, efni eða annarri vöru vegna þess að umbúðir eru lélegar eða ófullnægjandi. Þetta gildir þó ekki, ef framangreint ástand umbúðanna er sýnilegt eða flytjanda kunnugt um það, og hann tekur við vörunni án fyrirvara um ástand umbúða.

■ **23. gr.** Sendandi skal sjá um, að vara, sem hefur í för með sér bruna- eða sprengihættu, svo og sýrur eða önnur fljótandi efni, sem skemmt geta út frá sér, skuli vera í fullnægjandi umbúðum. Jafnframt skal varan merkt þannig, að varast megi hættuna.

■ **24. gr.** Nú hefur vara, sem um getur í 23. gr., verið afhent til flutnings án þess að flytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika hennar, og er honum þá heimilt að skilja vöruna eftir, þar sem hann er staddur, og gera hana óskaðlega eða eyðileggja hana með þeim hætti að ekki valdi öðrum tjóni, enda er hann þá ekki skaðabótaskyldur. Þess skal ávallt gætt í slíkum tilvikum, að sendandi verði fyrir sem minnstum skaða.

V. kafli. Ábyrgð móttakanda.

■ **25. gr.** Móttakandi skal sækja vöru, eins fljótt og verða má, eftir að honum er kunnugt um, að varan sé tilbúin til afhendingar á ákvörðunarstað. Með móttöku vöru skuldbindur móttakandi sig til að greiða flutningsgjald og aðrar kröfur, sem flytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt fylgibréfi.

1982 Nr. 24 31. mars

■ **26. gr.** Flytjandi hefur handveð í vörunni, þar til flutningsgjald, kröfur og annar kostnaður, sem af flutningi stafar, hefur verið greiddur.

■ **27. gr.** Taki móttakandi við vöru, sem hætt er við skemmdum, án þess að gera fyrirvara, skal talið, að varan hafi verið óskemmd og í samræmi við flutningssamninginn, þar til annað sannast.

■ **28. gr.** Vilji móttakandi krefjast bóta fyrir hvarf eða skemmdir á vöru ber honum að tilkynna flytjanda það án tafar. Tilkynningin skal skráð í fylgibréfi eða send bréflega.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **29. gr.** Kröfur, sem rísa kunna á grundvelli þessara laga, fyrnast á einu ári frá því móttakandi kvittar fyrir móttöku vörunnar, eða á einu ári og tveimur mánuðum frá því að vara var afhent til flutnings, sé ekki um kvittun móttakanda að ræða.

■ **30. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1982.

Lög um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum.

1983 Nr. 29 23. mars

■ **1. gr.** Leyfi samgönguráðuneytisins þarf til að hafa með höndum í atvinnuskyni fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri eru en svo að þær rúmi 8 farþega.

☐ Leyfi þarf og til að hafa á hendi reglubundna fólksflutninga með bifreiðum, sem rúma 3 til 8 farþega.

☐ Með reglubundnum fólksflutningum er í lögum þessum átt við fastar ferðir á ákveðinni leið samkvæmt fyrir fram birtri áætlun einu sinni eða oftar í viku allt árið eða hluta þess.

☐ Með óreglubundnum fólksflutningum er átt við aðra fólksflutninga en reglubundna.

■ **2. gr.** Leyfi samkvæmt 1. gr. eru þrenns konar:

1. Sérleyfi felur í sér leyfi til reglubundinna fólksflutninga.

2. Leyfi til hópferða felur í sér leyfi til óreglubundinna fólksflutninga, þar sem greitt er ákveðið heildargjald fyrir þjónustu ökutækisins án tillits til nýtingar þess.

3. Leyfi til sætaferða felur í sér leyfi til óreglubundinna fólksflutninga á ákveðinni leið, þar sem seld eru einstök sæti.

■ **3. gr.** Leyfi þarf ekki til ferða með starfsfólk að og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda með eigin bifreiðum hans og til aksturs skólabarna úr og í skóla.

■ **4. gr.** Sjö manna nefnd, Skipulagsnefnd fólksflutninga, skal skipuð til að vera samgönguráðherra til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál, sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð eða ráðherra óskar eftir áliti nefndarinnar á.

☐ Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Félagi hópferðaleyfishafa, tveimur fulltrúum tilnefndum af Félagi sérleyfishafa og einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sjöunda nefndarmanninn skipar samgönguráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður.

☐ Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

☐ Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

1983 Nr. 29 23. mars

□ Nefndin kýs sér sjálf varaformann og ritara. Þóknun fyrir störf hennar greiðist úr ríkissjóði.

■ **5. gr.** Umferðarmáladeild hefur með höndum yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd þessara laga í nánu samstarfi við Skipulagsnefnd og undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

■ **6. gr.** Sérleyfi til fólksflutninga er háð eftirgreindum skilyrðum:

a. Að sérleyfið gildi í fimm ár á tiltekinni leið og sé óframseljanlegt.

b. Að sérleyfið gildi fyrir ákveðinn fjölda og stærð bifreiða á leiðinni.

c. Að ferðatíðni og gjaldskrá sé samþykkt af ráðuneytinu.

□ Leysa má sérleyfishafa frá skilyrðum samkv. a-lið, séu til þess rökstuddar ástæður, að mati Skipulagsnefndar fólksflutninga og ráðuneytisins.

□ Enn fremur er heimil endurskoðun b- og c-liða, svo oft sem þurfa þykir.

□ Sérleyfin skulu gefin út af samgönguráðuneytinu.

□ Þeir sérleyfishafar, er sérleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum, ef þeir aðilar sækja um þau og hafa að undanförnu rækt sérleyfisakstur vel að dómi Skipulagsnefndar fólksflutninga.

□ Við veitingu sérleyfis til nýs aðila er ráðherra heimilt, að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga, að binda sérleyfið því skilyrði, að hinn nýi sérleyfishafi skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi sérleyfisleið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð, skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna.

■ **7. gr.** Sveitarfélög skulu hafa forgangsrétt til sérleyfa, þegar þau eru veitt og þessir aðilar sækja um þau, enda standi meiri hluti sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga, sem sérleyfisleiðin aðallega þjónar, að umsókninni og ekki sé um endurveitingu að ræða, enda hafi viðkomandi sveitarfélag/sveitarfélög sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

■ **8. gr.** Skipulagsnefnd skal gera tillögur til samgönguráðherra um veitingu réttinda til hópferðaaksturs.

□ Réttindin skulu hljóða á nafn eiganda bifreiðar eða bifreiða. Tilgreina skal skráningarnúmer, stærð, gerð og aldur bifreiðar. Bifreið, sem hópferðaleyfi hefur verið gefið út fyrir, má eingöngu nota til fólksflutninga meðan leyfið gildir.

□ Við veitingu slíkra leyfa í fyrsta sinn skulu þau gilda í eitt ár. Við endurveitingu mega leyfin gilda í allt að fimm ár.

□ Samgönguráðuneytinu er heimilt eftir beiðni frá heildarsamtökum eigenda hópferðabifreiða og/eða sérleyfishafa að setja með reglugerð ákvæði um starfsemi og fjölda slíkra bifreiða til hópferðaflutninga, enda liggi fyrir rökstutt álit Skipulagsnefndar fólksflutninga.

□ Hópferðaleyfi skulu gefin út af samgönguráðuneytinu og eru óframseljanleg.

□ Þeir hópferðaleyfishafar, er hópferðaleyfi hafa áður haft, skulu að jafnaði fá endurveitingu, ef þeir sækja um hana og hafa áður rækt hópferðastarfsemi sína vel að dómi Skipulagsnefndar fólksflutninga.

1983 Nr. 29 23. mars

■ **9. gr.** Að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga getur ráðuneytið veitt ferðafélögum, ferðaskrifstofum eða öðrum aðilum, sem hafa með höndum þjónustu við ferðafólk, leyfi til að auglýsa og starfrækja sætaferðir, þar sem seld eru einstök sæti í alla ferðina eða meginhluta hennar, þó að ekki sé um sérleyfisferðir að ræða. Um gildistíma slíkra leyfa skal ráðuneytið taka sérstaka ákvörðun hverju sinni í samráði við Skipulagsnefnd.

□ Umsóknir um slík leyfi skulu vera skriflegar, þar sem tilgreind er starfsemi þess, sem sækir um leyfið, og rökstudd nauðsyn slíkra ferða í tengslum við hana. Enn fremur skal tilgreina fyrirhugaðar leiðir, brottfararstaði, brottfarartíma, ferðatíðni og annað er máli skiptir.

□ Setja skal reglur um hvaða skyldur slíkir leyfishafar skulu uppfylla.

□ Við umfjöllun beiðnanna skal Skipulagsnefnd eftir föngum meta áhrif þessarar starfsemi á sérleyfisferðir um sömu svæði.

□ Auk ofangreindra sætaferða er heimilt að veita leyfi til einstakra ferða, og gilda sömu reglur um slíkar leyfisveitingar, eftir því sem við á. Þessi leyfi skulu veitt af Umferðarmáladeild.

■ **10. gr.** Sérleyfi til fólksflutninga með strætisvögnum í kaupstöðum skal veitt að fengnum tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

□ Nú ákveður bæjarstjórn, að bærinn taki í sínar hendur rekstur strætisvagna innan lögsagnarumdæmisins, sem áður hefur verið veitt sérleyfi til, og er þá skylt að veita bæjarstjórn einkaleyfi til þess, þegar tímabil sérleyfishafa er útrunnið, enda hafi bæjarstjórn sótt um það eigi síðar en sex mánuðum áður en sérleyfið fellur úr gildi.

□ Við veitingu einkaleyfis er ráðherra heimilt að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga að binda einkaleyfið því skilyrði, að einkaleyfishafinn skuli skuldbundinn að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar höfðu verið til reksturs á viðkomandi leið og teljast nauðsynlegar til hans, á verði sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna.

■ **11. gr.** Til að standa straum af kostnaði við rekstur Skipulagsnefndar fólksflutninga og Umferðarmáladeildar skal greiða gjald af hverju farþegasæti í leyfisskyldum bifreiðum eða annað sambærilegt gjald samkvæmt tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga. Gjald þetta skal aðeins heimilt að nota í áðurnefndum tilgangi. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.

□ Gjaldið skal ákveðið í reglugerð að fengnum tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga, svo og annað það er snertir innheimtu gjaldsins.

■ **12. gr.** Nánari ákvæði um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum skulu sett með reglugerð að fengnum tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga.

□ Í reglugerðinni skal m. a. kveðið á um eftirlit með framkvæmd þessara laga, svo og um merkingu bifreiða.

□ Reglugerðin skal gefin út eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

1983 Nr. 29 23. mars

■ **13. gr.** Brjóti leyfishafar á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, er ráðherra heimilt, samkvæmt tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga, að svipta þá viðkomandi réttindum þegar í stað.

■ **14. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

■ **15. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1983. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 83 15. ágúst 1966 um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, lög nr. 90 5. júní 1947 um áætlunarbifreiðar, og lög nr. 35 23. október 1903 um áfangastaði.

■ **Ákvæði til bráðabirgða I.** Gildistími leyfa, sem gefin hafa verið út samkvæmt lögum nr. 83 15. ágúst 1966, helst óbreyttur.

■ **Ákvæði til bráðabirgða II.** Fulltrúar Félags hópferðaleyfishafa og Sambands íslenskra sveitarfélaga í Skipulagsnefnd fólksflutninga skulu í fyrsta sinn skipaðir til ársloka 1986.

□ Að öðru leyti skulu skipunarbréf annarra nefndarmanna, sem skipaðir voru samkvæmt lögum nr. 83 15. ágúst 1966, og út voru gefin 31. desember 1981, halda gildi sínu.

1970 Nr. 36 9. maí Lög um leigubifreiðar.

■ **1. gr.** Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags fólksbifreiðastjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga í kaupstaðnum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum, sem fengið hafa viðurkenningu bæjarstjórnar.[1] Á sama hátt er sýslunefnd heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga í sýslunni eða tilteknum hluta hennar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum, sem hlotið hafa viðurkenningu sýslunefndar. Nú tekur félagssvæði stéttarfélags fólksbifreiðastjóra til tveggja sýslna eða hluta úr þeim, en stéttarfélagið rekur fólksbifreiðastöð fyrir allt félagssvæðið, og er þá sýslunefndunum heimilt að ákveða, að allar fólksbifreiðar á svæðinu skuli hafa afgreiðslu á stöð félagsins.

□ Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar fólksbifreiðastöðvar eru starfandi, er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á fólksbifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd.

[1] *T. d. rg. 320/1983 (Reykjavík) og 17/1978, sbr. 23/1983 (Hafnarfj.).*

■ **2. gr.** Samgöngumálaráðuneytinu er heimilt, eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélags fólksbifreiðastjóra, að takmarka fjölda leigubifreiða til fólksflutninga á félagssvæðinu, ef fjöldi íbúa á svæðinu er 700 eða fleiri, enda komi til meðmæli þeirra bæjarstjórna og sýslunefnda, er félagssvæðið fellur undir, sbr. þó 7. gr. Þar sem takmörkun er heimiluð, skal hún ákveðin af ráðuneytinu með sérstakri reglugerð fyrir hvert svæði.

■ **3. gr.** Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags sendiferðabifreiðastjóra, að ákveða, að allar sendiferðabifreiðar í kaupstaðnum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum, sem hlotið hafa viðurkenningu bæjarstjórnar. Á sama hátt er sýslunefnd heimilt að ákveða, að allar sendiferðabifreiðar í sýslunni eða tilteknum hluta hennar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöðvum, sem hlotið hafa viðurkenningu sýslunefndar. Nú tekur félagssvæði stéttarfélags sendiferðabifreiðastjóra til tveggja sýslna eða hluta úr þeim, en stéttarfélagið rekur sendiferðabifreiðastöð fyrir allt félagssvæðið, og er þá sýslunefndunum heimilt að ákveða, að allar sendiferðabifreiðar á svæðinu skuli hafa afgreiðslu á stöð félagsins.

□ Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkenndar sendiferðabifreiðastöðvar eru starfandi, skal öllum óheimilt að stunda leiguakstur á sendiferðabifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd.

■ **4. gr.** Samgöngumálaráðuneytinu er heimilt, eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélags sendiferðabifreiðastjóra, að takmarka fjölda leigubifreiða til sendiferðabifreiðaaksturs á félagssvæðinu, ef fjöldi íbúa á svæðinu er 700 eða fleiri, enda komi til meðmæli þeirra bæjarstjórna og sýslunefnda, er félagssvæðið fellur undir, sbr. þó 7. gr. Þar sem takmörkun er heimiluð, skal hún ákveðin af ráðuneytinu með sérstakri reglugerð fyrir hvert svæði.

■ **5. gr.** Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar til vöruflutninga í kaupstaðnum skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar.[1] Á sama hátt er sýslunefnd heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar til vöruflutninga í sýslunni eða tilteknum hluta hennar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem hlotið hefur viðurkenningu sýslunefndar. Nú tekur félagssvæði stéttarfélags vörubifreiðastjóra til tveggja sýslna eða hluta úr þeim, en stéttarfélagið rekur vörubifreiðastöð fyrir allt félagssvæðið, og er þá sýslunefndunum heimilt að ákveða, að allar vörubifreiðar á svæðinu skuli hafa afgreiðslu á stöð félagsins.

□ Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

[1] *T. d. rg. 244/1970 (Rvík og nágrenni); 34/1971 (Snæf.); 181/1971 (A-Hún.); 9/1972 (Vestm.).*

■ **6. gr.** Samgöngumálaráðuneytinu er heimilt, eftir beiðni hlutaðeigandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra, að takmarka fjölda leigubifreiða til vöruflutninga innan félagssvæðisins, ef íbúafjöldi á félagssvæðinu er 700 eða fleiri, enda komi til meðmæli þeirra bæjarstjórna og sýslunefnda, er félagssvæðið fellur undir, sbr. þó 7. gr.

□ Áður en heimild til takmörkunar er veitt, skal leita álits vinnuveitendasamtaka þeirra, sem eru samningsaðilar viðkomandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra.

□ Þar sem takmörkun er heimiluð, skal hún ákveðin af ráðuneytinu með sérstakri reglugerð fyrir hvert svæði.[1]

□ Takmörkunina skal ávallt miða við allt félagssvæði viðkomandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra og er óheimilt að miða takmörkun við hluta svæðisins.

[1] *T. d. rg. 244/1970 (Rvík og nágrenni); 34/1971 (Snæf.); 181/1971 (A-Hún.); 9/1972 (Vestm.).*

■ **7. gr.** Verði bæjarstjórnir og sýslunefndir, sem félagssvæði bifreiðastjórafélags fellur undir, sbr. 2. gr., 4. gr. og 1. mgr. 6. gr., eigi sammála um, hvort mæla

1970 Nr. 36 9. maí

1970 Nr. 36 9. maí

skuli með takmörkun eða ekki, eða þær greini á um, við hvaða bifreiðafjölda takmörkun skuli miða, og skal þá ráðuneytið skera úr.

■ **8. gr.** Þegar heimild til takmörkunar á fjölda leigubifreiða er veitt, sbr. 2. gr., 4. gr. og 6. gr., er óheimilt að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þá er takmörkunin hefst.

■ **9. gr.** Strætisvagnar og sérleyfishafar falla ekki undir ákvæði þessara laga.

■ **10. gr.** Samgöngumálaráðuneytið setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðstöfun leyfa til leigubifreiðaaksturs, enda verði fyrir það girt, að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara.

■ **11. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem samkvæmt þeim verða settar, varða sektum ...,[1] nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum, og skal farið með mál út af brotum á lögum þessum að hætti opinberra mála.

[1] *L. 75/1982, 13. gr.*

■ **12. gr.** ... Við gildistöku laga þessara falla úr gildi heimilaðar takmarkanir á fjölda leigubifreiða eftir eldri lagareglum, sem ekki eru í samræmi við lög þessi.

1913 Nr. 53 10. nóv.

Lög um strandferðir.

■ **1. gr.** Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa hluti í „Eimskipafélagi Íslands" fyrir [allt að 500 000 kr.][1] gegn því að félagið taki að sér að halda uppi strandferðum umhverfis landið með tveimur eða fleiri strandferðaskipum. Ferðir þessar skal félagið hefja svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en í apríl 1916. Um hluttöku fyrir landssjóðs hönd í stjórn félagsins, stærð strandferðaskipanna, gerð þeirra og hraða, fyrirkomulag ferðanna, ferðaáætlanir og taxta fer eftir samningi milli félagsins og stjórnarráðsins.

[1] *L. 41/1914, 1. gr.*

■ **2. gr.** Náist ekki samningar við „Eimskipafélag Íslands" samkv. 1. gr., veitist landsstjórninni heimild til að kaupa tvö strandferðaskip, hafi annað þeirra að minnsta kosti jafnmikið farþega- og lestarúm og sé að minnsta kosti jafn örskreitt og strandferðaskip þau, sem hér voru í förum árin 1910—1912, og enn fremur heimild til að halda þeim út á kostnað landssjóðs, bæði til strandferða og annarra ferða, eftir því sem haganlegast þykir, þegar strandferðum lýkur hvert ár.

■ **3. gr.** Stjórnarráðið semur áætlun fyrir strandferðaskip landssjóðs og ákveður fargjöld og farmgjöld þeirra. Það ræður og afgreiðslumann skipanna, sem jafnframt er reikningshaldari, og ákveður þóknun hans, og stjórnar hann útgerðinni að öllu leyti undir yfirumsjón þess, samkvæmt erindisbréfi, er það setur.

■ **4. gr.** Útgerð landssjóðs skal, ef til kemur, hefjast eigi síðar en í apríl 1916, og skal stjórninni heimilt að leigja skip til strandferðanna til bráðabirgða, hafi eigi tekist að ná hentugum skipakaupum fyrir þann tíma, og fer þá um rekstur leiguskipanna samkvæmt 3. gr.

■ **5. gr.** [Landsstjórninni veitist heimild til að taka lán allt að 500 000 kr. til að fullnægja ákvæðum 1. greinar.][1]

[1] *L. 41/1914, 2. gr.*

1964 Nr. 34 21. maí

Lög um loftferðir.

I. kafli. Upphafsákvæði.

■ **1. gr.** Loftfar nefnist í lögum þessum hvert það tæki, sem lagað er til að hefja sig á loft eða haldast og hreyfast á lofti og telst að eðlisrökum loftfar.

■ **2. gr.** Loftferðir um íslenzkt yfirráðasvæði (lofthelgi Íslands) eru háðar þeim skilyrðum og takmörkunum, er segir í lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

■ **3. gr.** Loftfari er rétt að fljúga um íslenzkt yfirráðasvæði, enda hafi það:

a. íslenzkt þjóðerni eða

b. þjóðerni erlends ríkis, sem hefur með sáttmála verið veittur réttur til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði.

c. Þá er sérstakar ástæður eru til, er ríkisstjórninni rétt að veita loftfari, sem eigi er svo farið sem í 1. mgr. segir, heimild til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði með því skilorði, er telja má nauðsynlegt, svo sem til öryggis. Slíkt leyfi má afturkalla, er vill.

■ **4. gr.** Rétt er forseta Íslands að takmarka eða banna loftferðir um tiltekna hluta íslenzks yfirráðasvæðis, enda horfi slík ráðstöfun eindregið til almannaöryggis eða allsherjarreglu.

□ Þá er brýna nauðsyn ber til, svo sem vegna almannaöryggis, er forseta Íslands rétt að takmarka eða banna loftferðir almennt um íslenzkt yfirráðasvæði.

■ **5. gr.** Lög þessi taka einnig yfir loftferðir íslenzkra loftfara utan íslenzks yfirráðasvæðis, enda mæli hvorki lögin öðruvísi né skipan þessi fari í bág við erlend lög, sem beita skal samkvæmt samningi við erlent ríki eða annars samkvæmt almennum grundvallarreglum laga.

□ Flugmálaráðherra ákveður, að hve miklu leyti reglur,[1] sem samdar eru samkvæmt lögum þessum, skuli gilda utan íslenzks yfirráðasvæðis.

□ Ákvæðum IX. kafla skal einnig beita um loftferðir erlends loftfars utan íslenzks yfirráðasvæðis, að því leyti sem það leiðir af milliríkjasamningi eða almennum réttarreglum.

[1] *Augl. um setningu flugreglna, 415/1975, sbr. 409/1976 og 342/1978.*

II. kafli. Skrásetning, þjóðerni og merking.

Þjóðernisskrásetning.

■ **6. gr.** Flugmálastjórnin skal halda skrá um loftför (þjóðernisskráning).

□ Um skráning réttinda í loftförum gilda sérstök lög.

■ **7. gr.** Rétt er að skrásetja loftfar hér á landi, þá er íslenzkir aðilar eiga það. Íslenzkir aðilar teljast:

a. Íslenzka ríkið og stofnanir, sem hlíta stjórn þess.

b. Íslenzk sveitarfélög.

c. Íslenzkir ríkisborgarar.

d. Mannúðarstofnanir, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, er þeir hafa aðsetur á Íslandi.

e. Samtök, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, er þeir hafa aðsetur á Íslandi, enda séu a. m. k. ⅔ samtakamanna íslenzkir ríkisborgarar.

f. Hlutafélög, sem hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara einna, er aðsetur hafa á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðrir, sem verða samkvæmt grein þessari settir á bekk með þeim, hlutabréf, er samsvari tveimur þriðju hlutafjár, og fari á aðalfundum hlutafélaga með a. m. k. tvo þriðju allra atkvæða.

g. Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, enda séu

tveir þriðju hlutar félaga íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim, félagið eigi heimilisfang á Íslandi og hlíti stjórn íslenzkra ríkisborgara, búsettra þar.

h. Félög með ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu félagar allir íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim.

□ Flugmálaráðherra er rétt, þá er mjög mikilvægar ástæður eru til, að leyfa, að loftfar, sem heimastöð hefur á Íslandi og er í stöðugri notkun, megi skrá hér á landi, þótt eigandi þess fullnægi eigi skilyrðum 1. mgr. a–g.

■ **8. gr.** Loftfar, sem skrásett er erlendis, verður eigi skrásett hér á landi, fyrr en það hefur verið strikað af erlendri skrá.

□ Nú hvíla á loftfari skráð réttindi, sem meta skal gild hér á landi samkvæmt samningi við erlent ríki, og verður loftfarið eigi tekið á íslenzka skrá, nema rétthöfum hafi verið gerð full skil, þeir samþykki flutninginn eða réttindin séu niður fallin við nauðungarsölu.

■ **9. gr.** Loftfar skal eigi skrásetja, nema það hafi lofthæfisskírteini, sem stjórn loftferðamála hefur gefið út eða metið gilt.

■ **10. gr.** Skrásetja skal loftfar samkvæmt skriflegri umsókn eiganda þess. Umsókn skal geyma skýrslur, sem nauðsynlegar eru til skrásetningar, og henni skulu fylgja skilríki fyrir því, að umsækjandi sé eigandi loftfarsins, hvenær og af hverjum það er smíðað og svo að skilyrðum 7.—9. gr. sé fullnægt. Nú er eignarréttur umsækjanda bundinn skilyrðum eða takmörkunum, sem leitt geta til þess, að eignarrétturinn flytjist til annars aðila, og skal geta þess í umsókn.

□ Nú gerir umsækjandi sennilegt, að hann sé eigandi, en tekst eigi að leiða fullnægjandi sönnur að eignarheimild sinni, og er skrásetjara rétt að beiðni hans að birta opinberlega áskorun til þess, er kann að telja sig eiganda, að gefa sig fram, áður en liðinn er frestur, er eigi má vera styttri en tveir mánuðir. Ef enginn gefur sig fram, er skrásetjara rétt að viðurkenna eignarheimild umsækjanda.

■ **11. gr.** Nú eru að dómi skrásetjara skilyrði skrásetningar fyrir hendi, og skrásetur hann loftfar og lætur því í té skrásetningarmerki.

□ Á skrá skal setja:

a. Þjóðernismerki og skrásetningarmerki loftfars.

b. Nauðsynlega skýrslu um annað það, er einkennir loftfar.

c. Skýrslu um eiganda og eignartöku hans á loftfari og, sé því að skipta, skilyrði og hömlur, sem greindar eru í 1. mgr. 10. gr.

d. Tilvísun til lofthæfisskírteinis handa loftfari.

e. Dag og ár skrásetningar.

f. Aðrar skýrslur eftir ákvörðun flugmálaráðherra.

■ **12. gr.** Nú verða eftir skrásetningu eigandaskipti að loftfari að nokkru eða öllu, eigandi þess breytir þjóðerni sínu eða gerð er breyting á loftfarinu, sem máli skiptir um kennsl á því, og skal eigandi tafarlaust tilkynna skrásetjara breytinguna ásamt nauðsynlegum skýrslum og skilríkjum. Með sama hætti skal með fara, þá er eigandi fullnægir eigi lengur skilyrðum 7. gr.

□ Nú verða með samningi eigandaskipti að loftfari að nokkru eða öllu, og hvílir tilkynningarskylda einnig á afseljanda. Nú fer eignartaka á loftfari fram fyrir nauðungarsölu, beina fógetaaðgerð, gjaldþrot eða opinber skipti, og hvílir slík skylda á fógeta eða skiptaráðanda (skiptaforstjóra).

□ Skrásetjari skal skrá breytingu og geta, eftir því sem þörf er, ákvæða 10. og 11. gr. eða, beri atvik undir 13. og 14. gr., strika loftfar af skrá eða gera athugasemd á blað þess.

■ **13. gr.** Loftfar skal strika af skrá, þá er:

a. þess er krafizt af þeim, sem skráður er eigandi þess;

b. skilyrðum 7. gr. er eigi lengur fullnægt, enda veiti flugmálaráðherra eigi leyfi til, að skráning loftfarsins haldist;

c. loftfar er rifið eða það hefur eyðilagzt;

d. loftfar er horfið. Loftfar telst horfið, þá er liðnir eru þrír mánuðir frá því síðasta flug hófst, og eigi er vitað, að það sé enn óskaddað.

□ Nú hefur að hendi borið eitthvert þeirra tilvika, sem nefnd eru í b–d þessarar greinar, og skal eigandi loftfars tafarlaust tilkynna það skráningaryfirvöldum, enda sé það eigi þegar gert samkvæmt 12. gr.

□ Nú hefur loftfar í þrjú ár eigi haft gilt lofthæfisskírteini, og má strika það af skrá enda afli eigandi eigi slíks skírteinis, áður en liðinn er frestur, sem skrásetningaryfirvöld setja honum.

■ **14. gr.** Nú er skráð haft á loftfari, og skal eigi fella loftfar niður af þjóðernisskrá, nema rétthafi samþykki. Í þess stað skal gera í skránni athugasemd um það tilvik, sem leiða hefði átt til niðurfellingar af skrá. Slík athugasemd hefur engin áhrif á haftið, en hefur að öðru sömu verkun sem afskráning.

□ Nú er loftfar fellt af þjóðernisskrá eða í hana er skráð slík athugasemd, sem í 1. mgr. getur, og skal tilkynna það til réttindaskrár.

■ **15. gr.** Nú er skráð loftfar selt gegn afborgun og eignarréttarfyrirvara, og skal tilkynna skrásetjara tafarlaust samninginn. Tilkynningarskylda hvílir bæði á eiganda og kaupanda.

□ Skrásetjari skal skrá málavexti.

□ Nú er loftfar, sem skráð er hér á landi, látið um óákveðinn tíma eða eigi skemmri tíma en 14 daga í forræði leigutaka eða annars, sem notar það á sinn kostnað, og er hvorum samningsaðila rétt að tilkynna þetta skrásetjara, sem skráir umráðin.

■ **16. gr.** Nú lætur íslenzkur aðili smíða á sinn kostnað loftfar erlendis eða fær þar eignarheimild í loftfari og fullnægt er skilyrðum 7. og 8. gr. til skrásetningar, og má samkvæmt umsókn hans skrá loftfarið til bráðabirgða í sérstakri deild loftfaraskrárinnar eftir nánari reglum, sem flugmálaráðherra setur.

■ **17. gr.** Nú er loftfar í smíðum hér á landi, og má skrá það að beiðni eiganda þess til bráðabirgða í sérstakri deild loftfaraskrár, enda sé smíði þess komin á það stig, að þekkja má deili á því og eigandi fullnægir skilyrðum 7. gr.

■ **18. gr.** Nú hefur loftfar verið skráð til bráðabirgða samkvæmt 16. eða 17. gr., og taka þá ákvæði 12.—15. gr. yfir það, eftir því sem við á. Nú verður slíkt loftfar skráð fullnaðarskráningu, og skal fella niður skráningu þess í hinni sérstöku deild, og höft, er getið var, skulu skráð að nýju á blaði þess í skránni.

Þjóðerni loftfara.

■ **19. gr.** Nú er loftfar skráð samkvæmt 11. gr., og hlýtur það íslenzkt þjóðerni.

□ Skrásetjari gefur út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa loftfarinu.

■ **20. gr.** Nú er loftfar fellt niður af skrá eða athugasemd gerð eftir 14. gr., og skal eigandi loftfarsins eða fyrri eigandi þess, sé það komið í eigu erlends aðila, tafarlaust senda skrásetjara þjóðernis- og skrásetningarskírteinið. Nú er annars færð á skrána einhver breyting á þeim atriðum, sem getur í skírteininu, og skal eigandinn án tafar senda skrásetjara skírteinið, sem getur breytingarinnar á skírteininu eða gefur út nýtt skírteini í stað hins.

■ **21. gr.** Nú hefur loftfar verið skrásett til bráðabirgða samkvæmt 16. og 17. gr., og skal gefa út handa því bráðabirgða þjóðernis- og skrásetningarskírteini eftir nánari reglum, sem flugmálaráðherra setur.

□ Loftfarið hefur íslenzkt þjóðerni, meðan skírteinið heldur gildi sínu.

■ **22. gr.** Í íslenzku loftfari, sem er í flugferðum samkvæmt lögum þessum, skal vera þjóðernis- og skrásetningarskírteini þess, er fullnægi reglum þessa kafla. Í erlendu loftfari skal, þá er það er á íslenzku yfirráðasvæði, vera þjóðernis- og skrásetningarskírteini þess eða samsvarandi skilríki frá erlendu ríki, sem samið hefur um rétt til flugferða um íslenzkt yfirráðasvæði.

□ Nú er loftfari samkvæmt c-lið 3. gr. veitt sérstakt leyfi til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði, og gilda um það reglur, er flugmálaráðherra setur.

Merking loftfara.

■ **23. gr.** Nú hefur loftfar verið tekið á þjóðernisskrá samkv. 11., 16. eða 17. gr., og skal merkja það íslenzku þjóðernismerki og svo skrásetningarmerki því, sem því er úthlutað. Merki þessi skal loftfarið bera, meðan skrásetning þess er í gildi.

□ Nú á loftfar heima í erlendu ríki, sem samið hefur um rétt til flugferða á íslenzku yfirráðasvæði, og skal loftfarið í slíkum flugferðum vera merkt samkvæmt þeim reglum, er gilda í heimalandi þess.

□ Loftfar, sem leyfð er notkun þess samkvæmt c-lið 3. gr., skal merkja eftir reglum, sem flugmálaráðherra setur.[1)]

[1)] *Rg. 146/1967.*

III. kafli. Um lofthæfi.[1)]

[1)] *Rg. 443/1976, sbr. 433/1979 og 478/1982.*

■ **24. gr.** Loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal vera lofthæft.

□ Loftfar er einungis þá lofthæft, er það er þannig saman sett, smíðað, útbúið og því við haldið og það hefur þá flugkosti, að kröfum um öryggi er fullnægt.

■ **25. gr.** Flugmálastjórnin framkvæmir skoðun á loftförum og hefur eftirlit með því, að loftför, sem notuð eru til flugferða eftir lögum þessum, séu lofthæf.

□ Flugmálastjórninni er rétt að láta íslenzkan eða erlendan kunnáttumann, er hún skipar til þess, og svo erlent stjórnvald framkvæma skoðun og eftirlit.

■ **26. gr.** Nú er með skoðun eða á annan hátt sannreynt, að loftfar sé lofthæft, og gefur flugmálastjórnin út lofthæfisskírteini handa loftfarinu. Gefa má skírteini út til tiltekins tíma, og takmarka má það við loftferðir tiltekinnar tegundar eða á tilteknu svæði. Rétt er flugmálaráðherra að kveða svo á, að taka skuli upp í skírteinið eða sérstakt skjal, er skírteininu fylgi, leiðbeiningar um notkun loftfarsins, enda teljist það einungis þá lofthæft, er leiðbeiningunum er fylgt.

□ Lofthæfisskírteini skal samkvæmt umsókn endurnýja, enda sé loftfarið lofthæft samkvæmt gildandi ákvæðum, þá er endurnýja skal. Nú framkvæmir íslenzkur eða erlendur kunnáttumaður skoðun eða erlend yfirvöld samkvæmt 2. mgr. 25. gr., og er flugmálastjórninni rétt að fela aðila þeim, er skoðun framkvæmir, að endurnýja lofthæfisskírteini.

[1)] *Rg. 281/1980, um flokkun loftfara.*

■ **27. gr.** Íslenzkt loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal til sannindamerkis um lofthæfi sitt hafa lofthæfisskírteini, sem sé gefið út eða staðfest af flugmálastjórninni.

□ Erlent loftfar skal í loftferðum um íslenzkt yfirráðasvæði hafa annað tveggja slíkt skírteini eða lofthæfisskírteini, sem hefur verið út gefið eða staðfest í erlendu ríki, sem samið hefur verið við um viðurkenningu þess háttar skírteinis hér á landi.

□ Flugmálaráðherra er rétt að veita loftfari, sem eigi hefur lofthæfisskírteini samkvæmt 1. eða 2. mgr., sérstakt leyfi til loftferða á íslenzku yfirráðasvæði. Slíkt leyfi má taka aftur, ef vill.

■ **28. gr.** Nú lætur flugmálaráðherra eigi öðruvísi mælt, og verður íslenzkt lofthæfisskírteini ógilt:

a. Þá er eigi hefur verið framkvæmd fyrirskipuð skoðun á loftfari.

b. Þá er gerð hefur verið slík breyting á loftfari og búnaði þess, að máli getur skipt um lofthæfi þess.

c. Þá er loftfar eða búnaður þess hefur orðið fyrir spjöllum, sem einsýnt er, að máli skiptir um lofthæfi þess.

□ Flugmálaráðherra er annars rétt að ógilda lofthæfisskírteini, þá er einhver þau atvik verða, sem skipta að dómi hans máli um lofthæfi loftfars.

□ Í tilviki því, er í stafl. c greinir, helzt ógildingin, unz flugmálastjórnin lýsir loftfar lofthæft.

□ Nú er lofthæfisskírteini ógilt, og er flugmálastjórninni rétt að heimta það til sín.

■ **29. gr.** Ákvæði 26. og 28. gr. um íslenzkt lofthæfisskírteini skulu með tilsvarandi hætti eiga við um staðfestingu flugmálastjórnar á erlendu lofthæfisskírteini og svo um endurnýjun og ógildingu slíkrar staðfestingar.

■ **30. gr.** Eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars, sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum, ber ábyrgð á því, að loftfarið sé lofthæft og að því fylgi gilt lofthæfisskírteini.

□ Nú ber við eitthvað það, sem máli skiptir um lofthæfi, og skal eigandi eða umráðandi loftfars samkvæmt reglum,[1)] er flugmálaráðherra setur, tilkynna það, svo fljótt sem verða má, flugmálastjórninni og veita henni alla þá vitneskju, sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu.

[1)] *Rg. 441/1976.*

■ **31. gr.** Flugmálastjórninni og svo kunnáttumanni þeim eða yfirvaldi, er í 26. gr. getur, er heimill aðgangur að hverju því loftfari, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, og rétt er nefndum aðilum að framkvæma hverja þá rannsókn á loftfarinu og búnaði

þess, sem þeir telja nauðsynlega við skoðun og eftirlit. Sömu aðilum er í þessu skyni rétt að krefja eiganda, umráðanda (notanda) og áhöfn loftfars þeirrar aðstoðar, sem þörf er. Þeim er þannig rétt að krefjast þess, að loftfarið sé haft tiltækt til skoðunar, það afhermt og prófflug og önnur próf framkvæmd.

☐ Rannsókn samkvæmt grein þessari skal framkvæma með þeirri nærgætni, sem kostur er.

■ **32. gr.** Nú þykir rétt að prófa kosti loftfars eða séu aðrar sérstakar ástæður til, og er flugmálastjórninni rétt eftir nánari reglum, er flugmálaráðherra setur, að veita undanþágu frá ákvæðum þessa kafla og reglum, settum samkvæmt þeim.

■ **33. gr.** Rétt er flugmálaráðherra að ákveða, að smíði loftfara, búnaðar, tækja og varahluta þeirra og svo nánar tiltekin störf við viðhald, viðgerðir og breytingar á loftförum, búnaði, tækjum og varahlutum þeirra skuli einungis falin sérfróðum mönnum, sem sérstaklega eru til slíks starfs löggiltir, eða fyrirtækjum, sem til starfans setja sérfróða og löggilta menn.

IV. kafli. Áhöfn.[1)]

[1)] *Rg. 301/1978, sbr. 524/1980 og 159/1982.*

■ **34. gr.** Hvert það loftfar, sem notað er til loftferða lögum þessum samkvæmt skal hafa áhöfn, svo að tryggilegt sé.

☐ Flugmálaráðherra setur nánari reglur um áhöfn.

☐ Eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars ábyrgist, að það sé réttilega áhöfn skipað.

■ **35. gr.** Flugmálastjórnin hefur eftirlit með því, að ákvæðin um áhöfn séu haldin. Rétt er henni að láta íslenzkan eða erlendan kunnáttumann og svo erlent yfirvald framkvæma eftirlitið.

■ **36. gr.** Flugmálaráðherra ákveður, hverjum skilyrðum flugverjar, er í loftfari starfa, skuli fullnægja um ríkisfang, aldur, líkamlegt og andlegt hæfi, reglusemi, menntun og þjálfun.

■ **37. gr.** Flugmálastjórnin gefur út skírteini flugstjóra og þeirra annarra flugverja, sem flugmálaráðherra kveður á um, enda leiði sá, er í hlut á, sönnur að því, að hann fullnægi skilyrðum til að rækja starfann.

☐ Skírteini má binda við loftferðir loftfara tiltekinnar tegundar eða loftferðir á tilteknu svæði.

☐ Skírteini skal gefa út til tiltekins tíma, og það skal eftir umsókn endurnýja til tiltekins tíma, enda fullnægi handhafi þess lögmæltum skilyrðum til starfans á endurnýjunarstundu.

☐ Rétt er að synja skírteinis þeim manni, sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun, er veitir ástæðu til að ætla, að hann misfari með skírteinið.

■ **38. gr.** Nú hefur maður á hendi starfa í loftfari, slíkan sem greinir í 37. gr., og skal hann sanna heimild sína til hans með skírteini, sem flugmálastjórnin hefur gefið út eða staðfest, eða skírteini, sem út er gefið eða staðfest af erlendu ríki, sem samið hefur verið við um viðurkenningu á þess háttar skírteini.

☐ Nú hefur maður á hendi starfa á íslenzku loftfari í milliríkjaflugi, og skal hann hafa skírteini, sem út er gefið eða staðfest af flugmálastjórninni.

☐ Flugmálastjórninni er rétt að synja viðurkenningar á skírteini, sem annað ríki hefur veitt íslenzkum ríkisborgara, að því er tekur til loftferða yfir íslenzku yfirráðasvæði.

☐ Flugmálastjórninni er, án tillits til ákvæða 1. mgr., rétt að veita sérstakt leyfi til starfa í loftfari. Afturkalla má slíkt leyfi hvenær sem er.

1964 Nr. 34 21. maí

■ **39. gr.** Flugmálastjórninni er rétt að ógilda íslenzkt skírteini fyrir óliðinn gildistíma þess eða hluta hans, þá er skírteinishafi fullnægir eigi lengur skilyrðum til þess starfa, sem skírteinið varðar.

☐ Nú þykir flugmálastjórninni ástæða til að ætla, að efni séu til þess að ógilda skírteini samkvæmt 1. mgr., og er henni rétt að fella skírteinið úr gildi um stundarsakir, unz útkljáð er, hvort skírteinið skuli ógilda að fullu.

☐ Nú er skírteini ógilt eða fellt úr gildi um stundarsakir samkvæmt ákvæðum greinar þessarar, og skal skila flugmálastjórninni skírteininu.

■ **40. gr.** Ákvæði 37. og 39. gr. um útgáfu, endurnýjun og ógildingu skírteinis skulu með samsvarandi hætti taka yfir staðfestingu flugmálastjórnarinnar á erlendum skírteinum og svo endurnýjun og ógildingu slíkrar staðfestingar.

■ **41. gr.** Nú hefur maður skírteini, sem flugmálastjórnin hefur gefið út eða gilt metið, og skal hann, svo fljótt sem verða má, tilkynna henni atriði, sem máli skipta, er meta skal, hvort hann fullnægi áfram skilyrðum til starfans. Honum er skylt, hvenær sem er, að gangast undir þá rannsókn og þau próf, sem flugmálastjórnin telur nauðsynleg.

☐ Nú verður læknir þess vís, að flugverji er haldinn slíkri heilsubilun, að hætta stafi af starfa hans í loftfari, og ber lækninum að vara hann við, og stoði viðvörun eigi, tilkynna vitneskju sína flugmálastjórn eftir reglum, er flugmálaráðherra setur.

■ **42. gr.** Flugmálastjórninni er rétt að leyfa, að loftfar sé notað til loftferða í æfingarskyni eða annars, séu sérstakar ástæður til, þótt það sé eigi áhöfn skipað samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

V. kafli. Um flugstjóra og flugstarfa.

■ **43. gr.** Flugstjóri skal vera á hverju því íslenzku loftfari, sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum.

☐ Flugstjóri hefur æðsta vald í loftfari.

■ **44. gr.** Flugstjóri skal annast um, að loftfar sé lofthæft og tilhlýðilega búið, áhöfn skipað og fermt og að flug sé annars undirbúið og framkvæmt samkvæmt gildandi ákvæðum.

☐ Flugstjóri skal hlíta ákvæðum 30. gr. um skyldu til að tilkynna[1)] flugmálastjórninni atriði, sem máli skipta um lofthæfi, og til að láta henni í té skýrslur, sem nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu. Honum er skylt samkvæmt reglum, er flugmálaráðherra setur, að gefa flugmálastjórninni skýrslur um atriði, sem máli skipta, er meta skal starfshæfni flugverja.

[1)] *Rg. 441/1976.*

■ **45. gr.** Flugstjóri hefur undir sinni forsjá loftfar, áhöfn, farþega og farm.

☐ Honum er rétt, þá er hann telur nauðsyn til bera, að setja flugverja um stundarsakir til annarrar þjónustu en þeirrar, sem þeir eru ráðnir til.

☐ Farþegum er skylt að fara eftir þeim fyrirmælum, sem flugstjóri setur um góða hegðun og reglu í loftfari.

☐ Flugstjóra er rétt, er nauðsyn ber til, að synja við-

töku í loftfari eða vísa úr því flugverjum, farþegum eða varningi og farangri.

■ **46. gr.** Rétt er flugstjóra að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig, enda sé það nauðsynlegt til uppihalds á góðri hegðun og reglu í loftfari.

□ Nú er loftfar í hættu statt eða annars konar neyðarástand er fyrir hendi, og er flugstjóra rétt að beita hverri þeirri aðferð, sem nauðsynleg er til að koma á reglu og hlýðni.[1)] Flugverja hverjum er skylt, og það án þess að á hann sé skorað, að veita flugstjóra aðstoð.

□ Nú er manni, er hlýðni neitar, veittur áverki eða ákoma, og má hann þá einungis koma fram ábyrgð af þeim sökum, að harðari aðferðum sé beitt en efni voru til.

[1)] *Rg. 441/1976.*

■ **47. gr.** Nú er í loftfari framið stórfellt lögbrot, og ber flugstjóra að gera, eftir því sem kostur er, þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til öflunar réttrar vitneskju um málið og eigi má að meinalausu fresta.

□ Flugstjóri skal, svo sem kostur er, annast um, að hinn seki komist eigi undan, og er flugstjóra rétt, ef nauðsyn ber til, að setja hann í gæzlu, unz hann verður afhentur lögreglu á Íslandi eða yfirvöldum, er í hlut eiga, erlendis.

□ Rétt er flugstjóra að taka í sína umsjá hluti, sem ætla má, að séu sönnunargögn, unz þeir verða afhentir lögreglu eða yfirvöldum, svo sem í 2. mgr. segir.

■ **48. gr.** Flugstjóri skal gæta þess, að lögmæltar dagbækur og önnur flugskjöl séu í loftfari og að skráð sé í bækur þessar og skjöl, svo sem lög mæla.

■ **49. gr.** Nú lendir loftfar í háska, og skal flugstjóri gera allt, sem honum er unnt, til bjargar loftfari, mönnum og varningi, sem í því eru. Nú ber nauðsyn til að yfirgefa loftfarið, og skal hann eftir megni annast um, að flugskjölum sé komið á óhultan stað.

■ **50. gr.** Nú verður flugslys, sem af hlýzt mannslát, stórfelld meiðsl á mönnum, stórfelld spjöll á loftfari eða eignum utan þess, og ber flugstjóra tafarlaust að sjá um, að flugmálastjórninni sé sagt til slyssins,[1)] og gefa skal hann síðan skýrslu um það, svo fljótt er verða má. Sama gildir, ef alvarleg hætta á slíku slysi hefur vofað yfir eða eitthvað hefur að hendi borið, sem til þess bendir, að meiri háttar löstur sé á loftfari, flugvirkjum eða flugtækjum á jörðu niðri eða rekstri þeirra.

□ Nú er flugstjóra eigi unnt að gefa hina lögmæltu tilkynningu eða skýrslu, og hvílir skylda til þess á eiganda loftfars eða umráðanda (notanda).

□ Flugmálaráðherra er rétt að setja reglur um takmörkun tilkynningarskyldu, að skylda þessi taki til fleiri flugverja en flugstjóra eða tilkynna skuli fleirum en flugmálastjórninni.

[1)] *Rg. 441/1976.*

■ **51. gr.** Flugverji hver skal hlýða skipunum yfirmanna sinna í starfa sínum, vera umhyggjusamur um loftfar, menn og varning, sem í því eru, og rækja starfsskyldur sínar af samvizkusemi.

■ **52. gr.** Enginn flugverji má hafa á hendi starfa í loftfari, sé hann vegna neyzlu áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja, vegna sjúkdóms eða þreytu eða annarrar líkrar orsakar óhæfur til að rækja starfann á tryggilegan hátt. Nú er vínandamagn í blóði flugstjóra eða annars flugverja yfir 0,4‰ eða áfengi er í líkama hans, sem leitt getur til slíks vínandamagns í blóðinu, og telst hann með áhrifum áfengis og eigi hæfur til að starfa í loftfari. Eigi leysir það aðila undan sök, þótt hann ætli vínanda í blóði sínu minni.

□ Flugstjóri og flugverjar, sem teljast til áhafnar loftfara, svo og flugumferðarstjórar, mega ekki neyta áfengis síðustu 18 klukkustundir, áður en störf eru hafin, né heldur meðan þeir eru að starfi. Varðar það að jafnaði missi skírteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

□ Sá, sem starfað hefur í loftfari, má eigi neyta áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja næstu 6 klukkutíma, eftir að starfa hans í loftfari lauk, enda hafi hann ástæðu til að ætla, að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann.

□ Rétt er lögreglumönnum, þá er ástæða er til, að flytja aðila til læknis til rannsóknar, þ. á m. til blóð- og þvagrannsóknar, og er honum skylt að hlíta nauðsynlegri meðferð læknis.

□ Bannað er að fela manni starfa í loftfari, þá er hann er haldinn þeim meinbug, sem í 1. og 3. mgr. getur.

□ Nú neytir flugstjóri eða annar flugverji áfengis á opinberum veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann muni verða brotlegur við 1. og 3. mgr., og ber þeim að gera allt, sem unnt er, til að afstýra broti, þar á meðal að gera lögreglu viðvart. Lögreglustjórar skulu, hver í sínu umdæmi, brýna ákvæði þessarar greinar fyrir veitingamönnum.

□ Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvíldartíma flugmanna til að tryggja fyllsta öryggi, að fengnum tillögum félagssamtaka flugverja, flugfélaga og flugmálastjórnar.

■ **53. gr.** Nú veikist eða slasast flugverji fjarri heimili sínu og fjarvistin er vegna starfs hans. Ber þá vinnuveitanda að greiða allan kostnað við læknishjálp, sjúkrahúsvist og flutning sjúklings til heimilis hans.

■ **54. gr.** Flugmálaráðherra kveður á, að hve miklu leyti ákvæði þessa kafla skuli taka til erlends loftfars á íslenzku yfirráðasvæði.

VI. kafli. Flugvellir og önnur flugvirki.

Almenn ákvæði.[1)]

[1)] *Rg. um umferð, öryggi o. fl.: 53/1949, sbr. 128/1961 (Rvík); 297/1964 (Keflav.).*

■ **55. gr.** Flugvellir og önnur flugvirki skulu fullnægja þeim kröfum, sem flugmálaráðherra setur, enda mæli lög eigi öðruvísi.

□ Rétt er flugmálaráðherra að ákveða í reglugerð, hverjum skilyrðum flugvellir skuli fullnægja, er þeir hafa eigi verið sérstaklega til flugs gerðir.

□ Flugmálaráðherra setur reglur um rekstur og viðhald flugvalla og flugvirkja og um eftirlit með þeim. Sá handhafi stjórnvalds, sem hefur umsjón með flugvirkjum, skal einnig annast um, að haldin séu önnur þau ákvæði, sem kafli þessi geymir, og reglur, settar samkvæmt þeim. Rétt er honum að krefjast, hvenær sem er, aðgangs að flugvirkjum og öðrum stöðum, eftir því sem nauðsynlegt er til framkvæmdar á verki sínu.

■ **56. gr.** Flugmálaráðherra er rétt að kveða á, að loftferðir á tilteknum leiðum eða yfir tilteknum svæðum skuli háðar sérstakri skipan.

■ **57. gr.** Flugöryggisþjónustu skal veita loftferðum til

öryggis og léttis. Flugmálaráðherra setur reglur um hana og ákveður, að hve miklu leyti aðrir en ríkisstofnanir skuli hafa hana á hendi.

Sérleyfi.

■ **58. gr.** Sá, sem gera vill og starfrækja flugvöll, sem sé almenningi til afnota, þarf sérleyfi flugmálaráðherra auk viðurkenningar samkvæmt 63. gr. Ríkið þarfnast þó eigi sérleyfis.

□ Rétt er flugmálaráðherra að ákveða, að gera megi og starfrækja flugvöll án sérleyfis, þá er ásigkomulag flugvallarins, magn og tíðleiki umferðar eða aðrar sérstakar ástæður gera slíka skipan eðlilega.

■ **59. gr.** Sérleyfi skal því aðeins veita, að almenn sjónarmið leiði til þess. Áður en sérleyfi er veitt, skal leita umsagnar sveitarstjórnar þeirrar, sem í hlut á.

■ **60. gr.** Sérleyfi skal vera tímabundið og svo bundið slíkum skilyrðum, sem nauðsynleg teljast.

□ Í sérleyfi má áskilja ríkinu rétt til að leysa til sín flugvöll, önnur flugvirki og útbúnað sérleyfishafa. Um endurgjald fer samkvæmt ákvæðum laga um eignarnám.

■ **61. gr.** Sérleyfi má taka aftur, ef sérleyfishafi brýtur í rekstri sínum í mikilvægum atriðum ákvæði laga, sérleyfisskilmála eða reglur, sem slíkan rekstur varða.

□ Nú má ætla, að sérleyfishafi sé eigi fær um að gera flugvirkin á fullnægjandi hátt eða halda rekstri uppi, og má afturkalla sérleyfið.

■ **62. gr.** Flugmálaráðherra er rétt að ákveða, að leyfi hans þurfi til gerðar eða rekstrar á flugvelli, sem eigi er til almennrar notkunar, eða til annars flugvirkis. Hann setur reglur um slíkt leyfi.

Viðurkenning.

■ **63. gr.** Flugvellir, sem ætlaðir eru til almennrar notkunar, þarfnast viðurkenningar flugmálaráðherra. Hann ákveður, að hve miklu leyti krefjast skuli slíkrar viðurkenningar um aðra flugvelli og önnur flugvirki.

□ Flugmálaráðherra bindur viðurkenningu sína þeim skilyrðum, sem nauðsynleg má telja.

□ Nú fullnægir flugvöllur eða annað flugvirki eigi lengur þeim kröfum, sem viðurkenning slíks flugvirkis er háð, eða sett skilyrði eru vanhaldin í mikilvægum atriðum, og er flugmálaráðherra rétt að afturkalla viðurkenningu sína.

□ Nú ber eitthvað við, sem í för með sér hefur, að flugvirki fullnægir eigi lengur settum kröfum, og er eiganda þess eða umráðanda skylt, undir eins og hann verður þess vís, að tilkynna það flugmálastjórninni.

□ Nú liggja atvik til þess, að hættulegt er að nota flugvirkið, og skal eigandi eða umráðandi þess stanza rekstur þess, án þess að bíða ákvörðunar flugmálastjórnarinnar.

Eignarnám og loftferðatálmanir.

■ **64. gr.** [Heimilt er flugmálaráðherra að framkvæma eignarnám á hvers kyns fasteignaréttindum vegna gerðar og reksturs flugvalla eða annars flugvirkis. Um framkvæmd eignarnámsins fer samkvæmt lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms.][1)]

[1)] *L. 17/1982, 1. gr.*

■ **65. gr.** Aðflug að flugvelli, sem almenningi er heimil notkun hans til loftferða, skal vera tryggt samkvæmt þeim reglum, sem hér segir, en rétt er þó flugmálaráðherra að víkja frá þeim, þá er sérstaklega stendur á.

■ **66. gr.** Flugmálaráðherra ber að setja skipulagsreglur fyrir flugvelli, þá er í 65. gr. getur, nema sérstök undantekning sé gerð samkvæmt þeirri grein.

□ Skipulagsreglur skulu m. a. geyma fyrirmæli um það svæði utan sjálfs flugvallarins, þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta, t. d. húsa, stanga, trjáa o. s. frv., eða takmörkun á meðferð fasteigna eða hluta, t. d. að því er varðar leiðslur, atvinnurekstur o. s. frv., enda séu slíkar kvaðir nauðsynlegar í þágu almenns öryggis. Kveða skal glöggt á um mörk þess svæðis, sem skipulagið tekur yfir.

□ Með sama hætti skal setja skipulagsreglur, eftir því sem þurfa þykir, um hafnarsvæði og vatnasvæði, þar sem loftför lenda á sjó eða vatni.

□ Innan skipulagssvæðis skal greina hinar mismunandi takmarkanir á mannvirkjahæð, sem nauðsynlegar eru til öruggrar lendingar og öruggs flugtaks.

□ Rétt er, að skipulagsreglur kveði á um tiltekna geira fyrir aðflug og fráflug, er séu breytilegir eftir því, hvort veður er gott eða skyggni slæmt.

□ Setja má reglur um tímabundið skipulag.

□ Uppkast að fyrirhuguðum skipulagsreglum skal liggja frammi mönnum til sýnis á hentugum stað, og skal auglýsa framlagningu í Lögbirtingablaði og skora á fasteignaeigendur og aðra, sem í hlut eiga, að gera athugasemdir við það, áður en liðinn er frestur, sem eigi má vera styttri en 4 vikur.

□ Flugmálastjórnin skal taka til gaumgæfilegrar athugunar þær athugasemdir, sem fram kunna að koma, og gefa þeim, sem í hlut eiga, færi á því að kynna sér breytingar, áður en gengið er frá skipulagi til fullnaðar. Fullnaðarskipulag skal birta með sama hætti og uppkastið.

□ Þinglýsa skal kvöð, sem lögð er á fasteignir vegna flugvalla, enda skipti kvöð máli.

■ **67. gr.** Eigi má víkja frá hæðartakmörkun eða öðrum takmörkunum um forræði eigna, sem í skipulagsreglum segir, án samþykkis flugmálaráðherra. Fyrir slíku samþykki má setja skilyrði, svo sem um breytingu eða merkingu þeirra bygginga, sem máli skipta.

□ Nú er takmörkun eigi hlítt, án þess að fyrir liggi samþykki, og skal flugmálastjórnin setja þeim, er í hlut á, frest til að ganga löglega frá málum. Sama gildir, ef eigi eru haldin skilyrði fyrir samþykki eftir 1. mgr.

□ Nú líður frestur, án þess að úr sé bætt, og er flugmálastjórn rétt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir með atbeina fógeta og á kostnað þess, sem í hlut á. Nú fær ríkið kostnað sinn eigi bættan úr hendi hans, og er rétt að krefjast kostnaðar úr hendi eiganda flugvallar.

■ **68. gr.** Nú er fyrir hendi, er skipulagsreglur taka gildi, loftferðatálmi, sem fer í bága við skipulagið, og skal ryðja honum úr vegi, enda samþykki flugmálaráðherra eigi, að hann haldist. Ákvæði 67. gr. eiga hér við. Útgjöld af framkvæmdum skal eigandi flugvallar þó bera, enda sé eigi til að dreifa tilviki því, er greinir í 2. mgr. 67. gr.

■ **69. gr.** Nú er kvöð lögð á eign manns eða forræðisskerðing vegna flugvallar, og á eigandi hennar eða réttindahafi kröfu til skaðabóta úr hendi eiganda flugvallar, enda hafi kvöð eða forræðisskerðing í för með sér, að eignin verði eigi hagnýtt til fulls, miðað við stærð hennar, legu og allar aðstæður, eða eigandi hennar

verður fyrir fjárhagstjóni, sem hann á að fá bætt eftir meginreglum laga.

□ Bóta má og krefja úr hendi eiganda flugvallar, er aðili verður fyrir skaða vegna framkvæmda, er getur í 68. gr.

□ Skilyrði skaðabóta er, að leitað hafi verið heimildar til undanþágu samkvæmt 67. gr.

□ Ríkið ábyrgist, að skaðabætur séu af hendi inntar.

■ **70. gr.** Skaðabætur skal ákveða eftir reglum laga nr. 61/1917.[1)]

□ Rétt er krefjanda skaðabóta að beiðast mats innan þess frests, sem ákveðinn er í skipulagsreglum. Frestur má eigi styttri vera en 2 ár frá birtingu skipulagsreglna. Rétt er flugmálaráðherra að veita uppreisn um 6 mánaða tímabil frá lokum frests.

[1)] *Nú l. 11/1973.*

■ **71. gr.** Eigandi eða umráðamaður (notandi) flugvallar skal annast um, að hinni fyrirskipuðu forræðisskerðingu á eignum og mannvirkjum sé hlítt. Nú er út af þessu brugðið, og ber honum að tilkynna flugmálastjórninni það tafarlaust.

■ **72. gr.** Við breytingu á skipulagsreglum skal beita sömu aðferð og við setningu nýrra. Veita má tilslökun á forræðisskerðingu, án þess að uppkast liggi áður frammi til sýnis.

■ **73. gr.** Skipulagsreglur skulu halda gildi sínu, unz flugmálaráðherra fellir þær úr gildi eða gildistími þeirra er útrunninn.

□ Nú eru skipulagsreglur úr gildi felldar, og taka ákvæði 6. og 7. mgr. 66. gr. til þess með tilsvarandi hætti.

■ **74. gr.** Rétt er flugmálaráðherra að krefjast þess, að brott séu numdir eða merktir tálmar, sem eru utan svæðis, sem skipulag tekur yfir, en vegna hæðar mega teljast hættulegir flugumferð. Beitt skal eignarnámi, ef því er að skipta. Kostnaður, þar með taldar skaðabætur handa eiganda eða notanda, greiðist úr ríkissjóði.

■ **75. gr.** Rétt er flugmálaráðherra að kveða svo á, að eigi skuli setja upp eða nota og, sé því að skipta, að brott skuli nema eða færa í annað horf merki, ljós eða hljóðvirki, tæki er senda frá sér útvarpsbylgjur, eða önnur tilfæri, sem telja má flugumferð stafa hættu af.

□ Um skaðabætur fer eftir almennum reglum laga, ef því er að skipta.

Önnur ákvæði.

■ **76. gr.** Flugmálaráðherra er rétt að kveða á um flugvelli þá, er loftför mega nota, þá er þau hefja sig til flugs eða lenda, enda segi eigi öðruvísi í sérlögum.

■ **77. gr.** Rétt er flugmálaráðherra að setja reglur[1)] um aðgang að flugvöllum, umferð um þá og dvöl loftfara á þeim og svo, beri nauðsyn til, banna í samráði við samgöngumálaráðherra siglingu eða vist á vatna- eða sjóleiðum, sem notaðar eru um stundarsakir eða til frambúðar sem flugstöðvar.

[1)] *Rg. 76/1982.*

■ **78. gr.** Heimta má afgjöld fyrir not flugvallar eða annars mannvirkis í þágu loftferða, sem eru til almennra nota, eftir reglum,[1)] sem flugmálaráðherra setur. Taka má afgjöld lögtaki.

[□ Enn fremur er heimilt að heimta afgjöld til afgreiðslu á kostnaði við gerð og rekstur annarra hjálpartækja til nota í þágu loftferða eftir reglum,[2)] sem settar eru af flugmálaráðherra. Gjaldskyldan hvílir á eigendum eða notendum íslenskra loftfara og erlendra vegna ferða um svæðið, þar sem nota má þessi hjálpartæki. Gjald þetta er kræft vegna loftferða yfir íslensk yfirráðasvæði, svo og yfir úthafið og erlend yfirráðasvæði, þegar um það hefur verið samið milli Íslands og viðkomandi erlends ríkis. Gjöld þessi eru lögtakskræf.

□ Heimilt er flugmálaráðherra að semja við stjórnvöld annarra ríkja um, að þau taki að sér innheimtu á þessum gjöldum erlendis.][3)]

[1)] *Gjskr. 686/1981, 161/1982.* [2)] *Gjskr. 475/1982.* [3)] *L. 71/1974, 1. gr.*

■ **79. gr.** Flugvelli og önnur mannvirki í þágu loftferða, sem eru til almennra nota, mega erlend loftför einnig nota með sömu skilyrðum og íslenzk loftför í þvílíkum milliríkjaförum, enda sé fyrir hendi samningur um þetta við það erlenda ríki, sem í hlut á.

■ **80. gr.** Flugmálaráðherra er rétt að kveða á, hverjum kostum þeir skulu búnir vera, sem starfa á flugvelli, í öðru flugvirki eða hafa á hendi annað það starf utan loftfars, sem mikilsvert er um öryggi loftferða. Ráðherra setur reglur um starfsskírteini fyrir slíkum starfa.

■ **81. gr.** Ákvæði 52. gr. taka með viðeigandi hætti til þeirra, sem hafa eftirlit með loftförum og loftferðum, hafa á hendi tæknistörf við loftfar eða önnur störf mikilsverð fyrir öryggi loftferða að dómi flugmálaráðherra.

VII. kafli. Leyfi til loftferðastarfsemi.[1)]

[1)] *T. d. augl. um leyfi til áætlunarflugs: 62/1979, 349/1979, 358/1979, 487/1979 og 597/1980.*

■ **82. gr.** Leyfi flugmálaráðherra þarf til rekstrar reglubundinna loftferða í fjáraflaskyni yfir íslenzku yfirráðasvæði.

□ Leyfi flugmálaráðherra þarf einnig til rekstrar annarra loftferða til fjáröflunar yfir nefndu yfirráðasvæði, enda mæli ráðherra eigi öðruvísi.

□ Rétt er flugmálaráðherra að láta svo mælt, að kennsluflug,[1)] sýningarflug, samkeppnisflug[2)] og önnur loftferðastarfsemi sérstakrar tegundar þurfi leyfis, enda þótt starfsemin sé eigi rekin til fjáröflunar.

□ [Heimilt er flugmálaráðherra að setja reglur um flugferðir innlendra flugfélaga og, ef nauðsyn krefur, veita einu eða fleiri félögum sérleyfi til fastra áætlunarferða á ákveðnum leiðum innanlands og utan.][3)]

[1)] *Rg. 503/1979 (um flugskóla).* [2)] *Rg. 442/1976.* [3)] *L. 17/1982, 2. gr.*

■ **83. gr.** Leyfi má því aðeins veita, að almenn sjónarmið styðji það.

■ **84. gr.** Nú er einungis um að tefla loftferðir milli staða á íslenzku yfirráðasvæði, og má veita leyfi samkvæmt 82. gr. þeim einum, er fullnægir skilyrðum til skrásetningar á loftfari, þeim er í 7. gr. getur.

□ Nú fullnægir leyfishafi eigi skilyrðum leyfis, og gengur leyfi úr gildi, nema úr sé bætt, áður en liðinn er frestur, sem flugmálaráðherra setur.

□ Þá er alveg sérstaklega stendur á, er flugmálaráðherra rétt að veita leyfi samkv. 82. gr., þótt skilyrðum þessarar greinar sé eigi fullnægt.

■ **85. gr.** Veita skal leyfi um tiltekinn tíma og binda þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um farm- og fargjöld.

□ Rétt er í leyfi að áskilja ríkinu heimild til innlausnar.

■ **86. gr.** Nú brýtur leyfishafi í hinni leyfðu starfsemi í mikilvægum atriðum lagaboð, skilyrði leyfis, önnur fyrirmæli um starfsemina, eða hann reynist ófær til að reka starfsemina, og er rétt að svipta hann leyfi.

■ **87. gr.** Rétt er að víkja frá ákvæðum þessa kafla, þá er leyfi er veitt, að því leyti sem sáttmáli við erlent ríki gerir það nauðsynlegt.

■ **88. gr.** Flugmálaráðherra er rétt að setja reglur um, með hverju skilorði afhenda megi loftfar eða flugvirki þess eða varahluti í hendur annars aðila til nota á sjálfs hans kostnað.

VIII. kafli. Um umferð í lofti.

■ **89. gr.** Flugmálaráðherra setur reglur[1)] um verndarráðstafanir, sem gerðar skulu til að afstýra árekstri loftfara, öðrum flugslysum, hættum og óhagræði af loftferðum.[2)]

[1)]*Rg. 117/1977. Augl. um setningu flugreglna, 415/1975, sbr. 409/1976 og 342/1978.* [2)]*Rg. 442/1976, 447/1982.*

■ **90. gr.** Rétt er flugmálaráðherra að setja reglur um flugleiðir loftfara inn á íslenzkt yfirráðasvæði og yfir því og hverja flugvelli nota megi í millilandaflugi.

■ **91. gr.** Rétt er þeim handhafa stjórnvalds, er í hlut á, að skipa loftfari að lenda, enda miði sú skipan til uppihalds á allsherjarreglu og öryggi. Lenda skal þá, svo skjótt sem kostur er. Nú er eigi gefin skipun annars efnis, og skal loftfar lenda á næsta flugvelli hér á landi, sem er til almennra flugnota og lenda má á.

□ Nú flýgur loftfar inn á svæði, þar sem loftferðir eru bannaðar, og skal loftfarið tafarlaust fljúga út fyrir svæðið og tilkynna þetta þeim handhafa stjórnvalds, sem í hlut á, og mæli hann eigi annað, lenda á næsta flugvelli hér á landi, sem er til almennra flugnota og lenda má á.

□ Nú fer stjórnandi loftfars eigi eftir fyrirmælum þessarar greinar, og er handhafa stjórnvaldsins rétt með viðeigandi ráðum að hindra áframhaldandi flug loftfarsins.

■ **92. gr.** Hergögn má eigi flytja í loftförum án leyfis flugmálaráðherra. Flugmálaráðherra setur í samráði við dómsmálaráðherra fyrirmæli um, hvað hergögn merkja. Flugmálaráðherra er rétt, í samráði við dómsmálaráðherra, að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

□ Rétt er flugmálaráðherra til uppihalds á allsherjarreglu og öryggi að banna eða setja reglur um flutning annars varnings en hergagna.

□ Rétt er flugmálaráðherra að banna eða setja reglur um heimild manna til að hafa meðferðis og nota ljósmyndatæki í loftfari.

■ **93. gr.** Nú er eigi öðruvísi mælt í sérstökum lögum, og setur flugmálaráðherra reglur um dagbækur og önnur loftfarsskjöl, vist þeirra í loftfari, ef þurfa þykir, gerð þeirra, ritun og geymslu.

■ **94. gr.** Hver, er það varðar hag hans að lögum, hefur rétt til að kynna sér efni dagbóka og annarra loftfarsskjala.

■ **95. gr.** Flugmálaráðherra kveður á, að hverju ráði flugverjar skulu hafa meðferðis skírteini og önnur skjöl.

■ **96. gr.** Flugmálastjórn, lögreglu og tollyfirvöldum er rétt að rannsaka loftfar og sannkanna þau skjöl, sem loftfar og flugverjar skulu vera búnir.

IX. kafli. Um loftflutninga.[1)]

[1)]*Rg. um fyrirtæki, er starfa að loftflutningum, 91/1973, sbr. 49/1975, 205/1976, 405/1977 og 476/1982. Rg. um vátryggingu vegna loftferða, 116/1965.*

Gildissvið.

■ **97. gr.** Ákvæði þessa kafla taka yfir flutninga í loftfari á farþegum, farangri eða varningi, enda sé flutningur inntur af hendi gegn endurgjaldi. Nú framkvæmir loftferðafyrirtæki flutninga, og gilda ákvæði laganna, enda þótt flutningur sé ókeypis.

■ **98. gr.** Ákvæði kafla þessa gilda eigi um póstflutninga.

□ Ákvæðin um flutningaskjöl í 99.—105. gr. taka eigi til flutninga, sem inntir eru af hendi við óvenjulegar aðstæður og falla utan venjulegrar loftferðastarfsemi.

Flutningaskjöl.

■ **99. gr.** Nú eru farþegar fluttir, og skal flytjandi afhenda farseðil, þar sem greina skal:

a. Brottfararstað og ákvörðunarstað.

b. Að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður eru í sama ríki og samið er um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki.

c. Að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans eða lögum, sem til líka við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á mannskaða og glötun eða tjóni á farangri.

□ Nú eru eigi færðar sönnur á annað, og telst farseðill sönnun um gerð flutningssamnings og flutningskjör.

□ Nú er farseðill eigi gefinn út eða efni hans er eigi það, er mælt var, eða hann hefur glatazt, og er flutningssamningur engu að síður gildur. Nú er farþegi með samþykki flytjanda í loftfari, án þess að farmiði sé afhentur, eða farmiði geymir eigi þá vitneskju, sem í c greinir, og getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði 118. gr. um takmörkun ábyrgðar.

■ **100. gr.** Nú er innrituðum farangri veitt viðtaka til flutnings, og skal gefa út farangursmiða. Nú er farangursmiði eigi festur við eða felldur inn í farseðil farþega, sem fullnægir kröfum 1. mgr. 99. gr., og skal í farangursmiða greina:

a. Brottfararstað og ákvörðunarstað.

b. Að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður eru í sama ríki og samið er um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki.

c. Að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans eða lögum, sem til líka við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á farangri.

□ Nú eru eigi færðar sönnur á annað, og telst farangursmiði sönnun um innritun og viðtöku farangurs til flutnings og um flutningskjörin.

□ Nú er farangursmiði eigi gefinn út eða efni hans er eigi það, sem mælt var, eða hann hefur glatazt, og er flutningssamningurinn eigi að síður gildur.

□ Nú hefur flytjandi tekið við farangri, án þess að afhenda farangursmiða eða farangursmiði geymir eigi þá vitneskju, sem í c greinir, og hann er eigi heldur festur við eða felldur inn í farmiða, sem geymir vitneskju þá, sem segir í 1. mgr. c 99. gr., og getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði 2. mgr. 118. gr. um takmörkun ábyrgðar.

■ **101. gr.** Nú er varningur fluttur, og getur flytjandi krafizt, að sendandi gefi út og afhendi honum skjal, sem nefnist flugfarmbréf. Sendandi getur og krafizt, að flytjandi taki við skjali þessu.

□ Nú er flugfarmbréf eigi gefið út, eða það geymir eigi

efni það, er mælt var, eða það hefur glatazt, og er flutningssamningurinn eigi að síður gildur.

■ **102. gr.** Sendandi skal gefa flugfarmbréf út í þremur eintökum og afhenda þau flytjanda ásamt varningi. Á fyrsta eintakið skal rita „Handa flytjanda", og skal sendandi undirrita það. Á annað eintakið skal rita „Handa viðtakanda" og skulu bæði sendandi og flytjandi undirrita það. Skal það fylgja varningnum. Þriðja eintakið skal flytjandi undirrita og skila því sendanda, þá er varningnum hefur verið veitt viðtaka.

□ Flytjandi skal undirrita flugfarmbréf, áður en varningur er færður í loftfar. Undirritun má rita með stimpli. Rétt er, að undirritun sendanda sé prentuð eða letruð með stimpli.

□ Nú hefur flytjandi gefið út flugfarmbréf eftir beiðni sendanda, og skal talið, að hann hafi gert það fyrir hönd sendanda, nema annað sannist.

■ **103. gr.** Nú eru fleiri en einn hlutir varnings fluttir, og skal sendandi gefa út sérstök flugfarmbréf, enda krefjist flytjandi þess.

■ **104. gr.** Í flugfarmbréfi skal greina:

a. Brottfararstað og ákvörðunarstað.

b. Að minnsta kosti einn umsaminn viðkomustað á leiðinni, svo fremi brottfararstaður og ákvörðunarstaður eru í sama ríki og samið er um einn eða fleiri viðkomustaði í öðru ríki.

c. Að flutningurinn megi hlíta ákvæðum Varsjársáttmálans að lögum,[1] sem til líka við sáttmálann takmarka að jafnaði ábyrgð flytjanda á glötun eða tjóni á varningi.

[1] *„að lögum" á sennilega að vera „eða lögum", sbr. 99. gr. 1. mgr. c og 100. gr. 1. mgr. c.*

■ **105. gr.** Nú er varningur með samþykki flytjanda færður í loftfar, án þess að flugfarmbréf sé gefið út, eða flugfarmbréf geymir eigi vitneskju þá, sem mælt var í 104. gr. c, og getur flytjandi eigi borið fyrir sig ákvæði 2. mgr. 118. gr. um takmörkun ábyrgðar.

■ **106. gr.** Sendandi er ábyrgur fyrir tjóni, sem flytjandi eða einhver, sem flytjandi ber ábyrgð gegnt, bíður vegna þess, að frásögn sendanda í flugfarmbréfi um varning geymir eigi þau atriði, sem mælt var, eða er annars röng eða ófullkomin.

■ **107. gr.** Flugfarmbréf er gild sönnun fyrir gerð flutningssamnings, viðtöku varnings og flutningsskilmálum, enda séu eigi leiddar sönnur að öðru.

□ Frásögn flugfarmbréfs um þyngd varnings, umtak, umbúðir og hlutatölu telst rétt, enda séu eigi sönnur leiddar að öðru. Aðrar skýrslur í flugfarmbréfi um magn varnings eða rúmtak eða ástand gilda hins vegar eigi sem sönnun gegn flytjanda, nema hann hafi í viðurvist sendanda kannað réttleik þeirra og staðfest það með áritun á flugfarmbréfið eða skýrslurnar varða sýnilegt ástand vöru.

Réttur til að ráðstafa varningi og afhending hans.

■ **108. gr.** Nú fullnægir sendandi skuldbindingum sínum samkvæmt flutningssamningi, og er honum, flytjanda eða öðrum sendendum að meinfangalausu, rétt að ráðstafa varningi þann veg, að hann endurheimtir hann á brottfarar- eða ákvörðunarflugvelli, stöðvar flutning hans, þá er lent er á leiðinni, lætur afhenda hann á ákvörðunarstað eða á leiðinni öðrum aðila en þeim, sem tilgreindur er í flugfarmbréfi sem viðtakandi, eða krefst þess, að hann sé fluttur aftur til brottfararflugvallar. Sendandi skal þó greiða kostnað af þessum ráðstöfunum. Nú er eigi unnt að framkvæma fyrirmæli sendanda, og skal flytjandi tilkynna honum það þegar í stað.

□ Nú fer flytjandi eftir fyrirmælum sendanda, án þess að lagt sé fram eintak það af farmbréfi, sem sendanda var skilað, og er flytjandi ábyrgur fyrir tjóni, sem réttur handhafi flugfarmbréfs bíður við það, en framkröfur á flytjandi þó á hendur sendanda.

□ Réttur sendanda fellur niður, um leið og réttur viðtakanda hefst samkvæmt 109. gr. Nú neitar viðtakandi að taka við flugfarmbréfi eða varningi eða verður fundi hans eigi náð, og öðlast þá sendandi á ný ráðstöfunarrétt á varningnum.

■ **109. gr.** Nú er varningurinn kominn á ákvörðunarstað, og getur viðtakandi, sé eigi tilvikum 108. gr. til að dreifa, krafizt, að flytjandi láti af hendi við hann flugfarmbréfið og varninginn gegn greiðslu þess, sem ógoldið er, og gegn efndum á flutningsskilmálum þeim, sem í flugfarmbréfi greinir.

□ Flytjandi skal, þegar er varningur er kominn á leiðarenda, tilkynna það viðtakanda, enda sé eigi öðruvísi samið.

■ **110. gr.** Nú viðurkennir flytjandi, að varningur hafi glatazt, eða hann er eigi kominn á leiðarenda í síðasta lagi sjö dögum eftir áætlun, og er viðkomanda rétt að neyta þess réttar, er flutningssamningurinn veitir honum, gegn flytjanda.

■ **111. gr.** Samningur, sem geymir frávik frá ákvæðum 108.—110. gr., er ógildur, nema hann sé tilfærður í flugfarmbréfi.

■ **112. gr.** Sendanda er skylt að gefa þær skýrslur og láta fylgja flugfarmbréfi þau skjöl, sem nauðsynleg eru til fullnægju toll- og lögregluákvæðum, áður en varningur verður afhentur viðtakanda. Sendandi ber gagnvart flytjanda ábyrgð á því tjóni, sem hljótast kann af því, að þessar skýrslur eða skjöl vantar eða þau eru ófullkomin eða eigi í samræmi við settar reglur, nema flytjandi eða starfsmenn hans hafi gerzt sekir um yfirsjón eða vanrækslu.

□ Flytjanda er eigi skylt að rannsaka, hvort þessar skýrslur og skjöl séu rétt eða alger.

Ábyrgð flytjanda.

■ **113. gr.** Nú lætur farþegi lífið eða hlýtur líkamsmeiðsl eða heilsutjón af völdum atburðar, sem gerist í loftfari eða þá er farið er upp í loftfar eða úr því, og ber flytjandi ábyrgð á því.

■ **114. gr.** Nú spillist eða týnist innritaður farangur eða varningur af völdum atburðar, sem gerist á þeim tíma, er farangurinn eða varningurinn er í vörzlum flytjanda, hvort heldur það er á flugvelli, í loftfari eða á hverjum stað öðrum, þá er lent er utan flugvallar, og ber flytjandi ábyrgð á því.

□ Nú tekur flutningssamningur einnig til flutninga á láði eða legi utan flugvallar við fermingu, afhendingu eða endurfermingu, og skal hvers konar tjón, sem verður á farangri eða varningi talið hafa orðið á þeim tíma, er í 1. mgr. getur, unz annað sannast.

■ **115. gr.** Flytjandi ber ábyrgð á tjóni, sem verður af völdum dráttar við loftflutning farþega, innritaðs farangurs eða varnings.

■ **116. gr.** Flytjandi losnar undan ábyrgð, ef hann leiðir sönnur að því, að hann sjálfur og starfsmenn hans

hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að afstýra tjóni eða það hafi eigi verið á þeirra valdi.

■ **117. gr.** Nú sannar flytjandi, að sá, sem fyrir tjóninu varð, hafi sjálfur verið valdur eða samvaldur þess, og má færa skaðabætur niður eða fella þær niður.

■ **118. gr.** Nú eru farþegar fluttir, og skal hámark á ábyrgð flytjanda vegna hvers einstaks farþega vera kr. 36 500,00. Semja má þó um hærra hámark ábyrgðar.

□ Nú er innritaður farangur eða varningur fluttur, og skal hámark á ábyrgð flytjanda vera kr. 37,00 á kg. Nú hefur farþegi eða sendandi, þá er farangur eða varningur er afhentur flytjanda, tilgreint sérstaklega þá hagsmuni, sem tengdir eru við afhendingu farangurs eða varnings á ákvörðunarstað, og greitt það aukafarmgjald, sem kveðið kann að vera á um, og gildir þá hin tiltekna fjárhæð sem hámark á ábyrgð flytjanda, nema hann sanni, að raunverulegir hagsmunir farþega eða sendanda hafi verið minni. Nú er um að tefla glötun, spjöll eða seinkun á hluta hins innritaða farangurs eða varnings eða einhvers, sem í farangri eða varningi kann að felast, og skal einungis leggja heildarþunga þess varnings, sem þannig stendur á um, til grundvallar við ákvörðun á hámarksábyrgð flytjanda. Ef glötun, spjöll eða seinkun lækkar verðmæti annarra hluta varnings, sem sami farangursmiði eða sama flugfarmbréf tekur til, skal einnig taka heildarþunga þessara varningshluta við ákvörðun á hámarksábyrgð.

□ Hámarksábyrgð flytjanda á varningi, sem farþegar halda í vörzlum sínum, skal vera kr. 730,00 til hvers farþega.

□ Rétt er dómara að dæma sækjanda málskostnað án tillits til hámarksábyrgðar samkvæmt grein þessari. Þetta gildir þó eigi, ef flytjandi hefur áður en 6 mánuðir eru liðnir, frá því er atburður sá gerðist, er tjónið hlauzt af, eða áður mál sé höfðað, boðið sækjanda skriflega skaðabætur, sem eigi eru lægri en dæmd fjárhæð að undanskildum málskostnaði.

□ Skaðabætur samkvæmt grein þessari skal reikna eftir gullgildi. Nú verða breytingar á gullgildi íslenzkrar krónu, því sem skráð er hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum við gildistöku laga þessara, og breytast tilgreindar hámarksbætur í samræmi við hið nýja gullgildi. Í dómsmáli skal reikna eftir gullgildi til íslenzks gjaldeyris á dómsuppsögudegi.

■ **119. gr.** Ógildur er áskilnaður, sem miðar að því að leysa flytjanda undan ábyrgð eða kveða á um lægri hámarksábyrgð en í 118. gr. segir.

□ Nú er varningur fluttur, og er leyfilegt að gera áskilnað um tjón eða spjöll, sem leiðir af eðli varnings eða eðlislægum galla á honum.

■ **120. gr.** Nú sannast, að flytjandi eða starfsmenn hans hafa við framkvæmd starfa síns valdið tjóninu, annaðhvort af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi samfara vitneskju um, að tjón myndi sennilega af hljótast, og skal eigi beita ákvæðum 118. gr. um hámarksábyrgð.

■ **121. gr.** Nú eru starfsmenn flytjanda sóttir til fébóta fyrir skaða, sem þeir hafa við framkvæmd starfa síns valdið af minni háttar gáleysi en því, sem í 120. gr. getur, og má heildarfjárhæð þeirra skaðabóta, sem þeim og flytjanda er gert að greiða, eigi fara fram úr hámarksábyrgð flytjanda.

■ **122. gr.** Nú er tekið við innrituðum farangri eða varningi án fyrirvara af hálfu viðtakanda, og skal telja, að farangurinn eða varningurinn hafi verið afhentur í góðu lagi og í samræmi við flutningsskírteini, enda sannist eigi annað.

□ Nú hefur farangur eða varningur orðið fyrir spjöllum eða eitthvað af honum glatazt, og skal tilkynna það flytjanda, jafnskjótt sem tjónsins verður vart, og í síðasta lagi áður en liðnir eru frá viðtöku sjö dagar, að því er varðar farangur, en fjórtán dagar, að því er til annars varnings tekur. Tilkynningu um seinkun skal gefa, áður en liðinn er tuttugu og einn dagur frá þeim degi að telja, er farangur eða varningur var boðinn viðtakanda til umráða.

□ Tilkynningu skal skrá á flutningsskírteini eða senda bréflega, áður en frestur er liðinn.

■ **123. gr.** Nú er tjón eigi tilkynnt, áður liðnir séu frestir þeir, sem í 122. gr. getur, og fellur niður sérhver krafa á hendur flytjanda, nema hann hafi farið sviksamlega að ráði sínu.

■ **124. gr.** Skaðabótamál skal höfða annaðhvort fyrir dómi á þeim stað, þar sem flytjandi býr eða hefur aðalskrifstofu sína eða útibú það, sem gerði flutningssamninginn, eða á ákvörðunarstaðnum.

□ Nú tekur Varsjársáttmálinn yfir flutninginn, og verður skaðabótamál einungis höfðað fyrir íslenzkum dómstól eða dómstól í ríki, sem gerzt hefur aðili að nefndum sáttmála.

■ **125. gr.** Réttur til skaðabóta eftir ákvæðum þessa kafla fellur niður, ef mál er eigi höfðað, áður en tvö ár eru liðin frá því er loftfar kom á ákvörðunarstað eða frá þeim degi, er loftfar skyldi koma þangað, eða frá því er flutningur stöðvaðist.

■ **126. gr.** Nú eiga fleiri en einn flytjandi, hver á eftir öðrum, að annast flutning, sem ber samkvæmt flutningssamningi eða flutningssamningum að telja einn og sama flutning, og er hver þeirra, þá er hann tekur við farþegum, innrituðum farangri eða varningi, ábyrgur fyrir þeim hluta flutningsstarfans, sem hann á að inna af hendi.

□ Nú er um að tefla flutning á innrituðum farangri eða varningi, og getur sendandi einnig beint kröfum sínum gegn fyrsta flytjanda, og sá, sem á rétt til afhendingar, gegn síðasta flytjanda, þótt tjón eða seinkun hafi orðið, meðan varningurinn var í vörzlu annars flytjanda.

□ Ef fleiri flytjendur eru ábyrgir samkvæmt þessu, bera þeir óskipta ábyrgð.

Flutningur með fleiri en eins konar flutningstækjum.

■ **127. gr.** Nú fer flutningur að nokkru fram með loftfari og að nokkru með öðru flutningstæki, og taka ákvæði laga þessara einungis til loftflutningsins.

□ Taka má upp í loftflutningsskjalið skilmálana fyrir hinum greinum flutningsins.

Önnur ákvæði.

■ **128. gr.** Ógildir skulu vera fyrirvarar í flutningssamningi og samningar, gerðir áður en tjón verður, þar sem aðilar víkja frá ákvæðunum um þau lög, sem fara skal eftir, eða ákvæðum um varnarþing.

□ Gerðardómssamningar, gerðir áður en tjón verður, eru einungis gildir, að því er varðar flutning á munum, enda sé gerðardómur háður á einhverjum þeim stað, sem er löglegt varnarþing eftir 124. gr., og sé málið

útkljáð samkvæmt ákvæðum Varsjársáttmálans, að því leyti sem ákvæði hans taka til þess.

■ **129. gr.** Nú er loftflutningaskjal gert utan Íslands eða varðar loftflutninga milli ríkja, og er viðvörun samkvæmt 99. gr. 1 c, 100. gr. 1 c og 104. gr. c nægilega framkvæmd, ef skjalið ber það greinilega með sér, að flutningurinn geti hlítt Varsjársáttmálanum og að hann takmarki að jafnaði ábyrgð flytjanda í þeim tilvikum, sem viðkomandi ákvæði tekur til.

□ Nú er um að tefla loftflutning milli ríkja, sem Varsjársáttmálinn tekur eigi yfir, og getur flytjandi borið fyrir sig takmörkun ábyrgðar samkvæmt 118. gr., jafnvel þótt flutningsskjalið geymi eigi viðvörun þá, sem í 1. málsgrein getur.

■ **130. gr.** Nú er um að tefla loftferðir innanlands og eigi samið um viðkomu utan lands, og er flugmálaráðherra rétt að gera undantekning frá ákvæðum 1. mgr. 99. gr., 1. mgr. 100. gr. og 1. mgr 104. gr. um farseðla, farangursmiða og flugfarmbréf.

■ **131. gr.** Þá er rætt er um Varsjársáttmálann í lögum þessum, er átt við sáttmála þann um alþjóðaloftflutninga, sem gerður var í Varsjá 12. október 1929, með þeim breytingum, sem á honum urðu samkvæmt sáttmálaauka, undirrituðum í Haag 28. september 1955.

□ Ákvæði kafla þessa skal eigi beita um milliríkja loftflutninga, sem framkvæmdir eru samkvæmt áskilnaði, gerðum með heimild í viðbótar-bókun við 2. gr. Varsjársáttmálans frá 12. október 1929 eða XXVI. gr. Haagsáttmálaaukans frá 28. september 1955.

■ **132. gr.** Ákvæði laga þessara hrófla eigi við Varsjársáttmálanum frá 12. október 1929, að svo miklu leyti sem hann heldur gildi sínu í milliríkjaskiptum Íslands og annarra ríkja, sem eigi hafa fullgilt eða játazt undir sáttmálaaukann, sem gerður var í Haag 28. september 1955.

X. kafli. Skaðabætur.

■ **133. gr.** Nú hlýzt af notkun loftfars skaði á mönnum eða hlutum, sem eru utan loftfarsins, og er eigandi þess eða, eftir því sem við á, aðili sá, sem það er rekið á kostnað hans, skyldur að bæta skaðann fé.

□ Skaðabótaskyldan fellur niður, ef sannað er, að sá, sem fyrir skaða verður, hefur valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

□ Nú verður maður fyrir meiðslum eða heilsutjóni, og er rétt að krefjast fébóta fyrir þjáningar og lýti. Ef sá, sem á rétt til bóta, hefur að nokkru eða öllu misst starfskrafta sína, á hann rétt á skaðabótum fyrir varanlegan missi á starfshæfni. Nú andast sá, sem fyrir slysi verður, af völdum þess, og getur sá, sem misst hefur vegna dauða hans framfæranda, krafizt fébóta fyrir það tjón, sem ætla má, að hann hafi beðið.

□ Sá, sem kostað hefur útförina, getur krafið kostnaðinn af henni bættan, að svo miklu leyti sem hann fer eigi fram úr því, sem hæfilegt má teljast.

■ **134. gr.** Nú er um að tefla tjón, sem verða á mönnum eða hlutum innan marka viðurkennds flugvallar, og skal eigi beita ákvæðum 1. mgr. 133. gr.

□ Nú verður tjón á loftfari eða farmi við árekstur loftfara, og skal beita ákvæðum siglingalaga um árekstur skipa.

□ Nú verður við árekstur tveggja eða fleiri loftfara tjón, sem hver þeirra, er bera kostnaðinn af rekstri loftfaranna, á að greiða samkvæmt ákvæði 1. mgr. 133. gr., og eru þeir allir samskulda. Dómstólar skera úr með hliðsjón af ástæðum, hversu mikinn hluta goldinna skaðabóta hver þeirra megi framkrefja úr hendi þess eða þeirra, sem samábyrgir eru.

■ **135. gr.** Ákvæði 133. og 134. gr. takmarka að engu þann rétt til skaðabóta, sem leiðir af almennum reglum.

■ **136. gr.** Nú verður maður, sem starf hefur á hendi í loftfari, skaðabótaskyldur fyrir tjón, sem verður við loftferðir og er af völdum mistaka eða vanrækslu hans við starfann, og geta dómstólar fært skaðabótafjárhæð niður með hliðsjón af sök hans, stærð tjónsins og aðstæðum að öðru leyti. Ákvæði þessu má einnig beita um skaðabótaverk manna, sem inna af hendi utan loftfars starf, sem mikilvægt er fyrir flugöryggi.

■ **137. gr.** Eigandi loftfars, sem nota skal til loftferða samkvæmt lögum þessum, skal taka og halda við vátryggingu eða tryggingu, er örugg telst, til greiðslu skaðabóta, sem falla kunna á hann eða umráðanda loftfarsins vegna tjóns, er verður á mönnum og hlutum utan loftfarsins og stafar af notkun þess. Leita skal viðurkenningar flugmálaráðherra á vátryggingarfélagi og tryggingu.

□ Nú fellur vátrygging úr gildi, og ber vátryggingarfélag gagnvart þriðja aðilja ábyrgð á tjóni samkvæmt hljóðan vátryggingarskírteinis í tvo mánuði, frá því er það tilkynnti flugmálaráðherra, að vátryggingin væri niður fallin, enda hafi loftfarið eigi á þeim tíma verið strikað af skrá eða flugleyfi samkvæmt 3. gr. c afturkallað. Rétt er flugmálaráðherra að kveða á um vátryggingu eða aðra tryggingu gegn tjóni á mönnum eða hlutum í loftfari eða við för eða flutning þeirra í loftfar eða úr því og svo gegn tjóni á innrituðum farangri og varningi, meðan flytjandi ber ábyrgð á honum samkvæmt IX. kafla.

□ Flugmálaráðherra er rétt að setja nánari reglur um vátryggingu eða tryggingu, þar á meðal um afleiðingar þess, að vátryggingu eða tryggingu er eigi haldið í gildi.

XI. kafli. Flugslys.

Bjargþjónusta.

■ **138. gr.** Flugmálaráðherra setur reglur um leit og bjargráð, þau er viðhafa skal, þá er loftfars er saknað, því hlekkist á eða það ferst, þar á meðal um aðstoð þá, sem einstaklingum og fyrirtækjum er skylt að veita við leit og bjargstörf, og um þóknun fyrir slíka aðstoð.

□ Kostnað, sem ríkissjóður hefur af leit að loftfari, sem er saknað, er flugmálaráðherra rétt að leggja að nokkru eða öllu leyti á eiganda eða umráðanda loftfarsins, enda hnígi rök til þess og það fari eigi í bág við milliríkjasamninga. Sama gildir um kostnað af bjargstarfa, að því leyti, sem hann greiðist eigi með bjarglaunum.

Björgun loftfara.

■ **139. gr.** Nú bjargar maður eða stuðlar að björgun á loftfari, sem hlekkzt hefur á eða er statt í háska, farangri eða varningi, sem í því er, eða nokkru því, sem telst til slíks loftfars, farangurs eða varnings, og á hann, hvort heldur bjargað er í lofti, á láði eða legi, rétt til bjarglauna samkvæmt gildandi reglum um björgun skipa og varnings, sem til þeirra telst. Nú bjargar maður eða stuðlar að björgun á mannslífum úr þeim háska, sem tilefni til björgunar varð, og á hann kröfu til hlutdeildar í bjarglaununum.

□ Nú hefur maður stofnað til óvenjulegra útgjalda, sem nauðsynleg voru til varðveizlu á loftfari eða varningi úr því, og á hann rétt til, að honum séu endurgreidd nefnd útgjöld, enda hafi hann eigi breytt gegn beinu og réttmætu banni flugstjóra þess, sem í hlut á.

□ Krafa um bjarglaun eða endurgjald fyrir téð óvenjuleg útgjöld má eigi fara fram úr verðmæti því, sem bjargað var, svo sem loftfari ásamt flutningsgjaldi fyrir farangur, varning og farþega.

■ **140. gr.** Eigandi bjargaðs varnings ábyrgist einungis með verðmæti þess, sem bjargað var. Krafa um bjarglaun er tryggð með veði í loftfari, farangri og varningi, sem gengur fyrir öllum öðrum veðböndum. Veðkrafa, sem stafar af síðari atburði, gengur fyrir veðkröfu, sem stafar af fyrri atburði.

□ Nú er farangur eða varningur af hendi látinn, og fellur þá veðrétturinn niður. Veðréttur í loftfari fellur niður eftir þrjá mánuði, ef hann er eigi þinglesinn og fjárhæð hans samþykkt eða mál höfðað til staðfestu veðrétti. Mál má höfða þar sem bjargstarfa lauk eða þar sem loftfar og varningur er.

Rannsókn á flugslysum.

■ **141. gr.** Nú ferst maður, sem staddur er í loftfari eða utan þess, í flugslysi eða hlýtur mikil meiðsl, eða loftfar eða hlutir utan þess verða fyrir miklum spjöllum, og skal flugmálastjórnin láta fara fram rannsókn á flugslysinu.

□ Slíka rannsókn skal og hefja, þá er legið hefur við flugslysi eða ástæða er til að ætla, að loftfari, flugmannvirkjum á jörðu eða rekstri þeirra sé eða hafi verið áfátt til muna.

□ [Flugmálaráðherra skal skipa 5 kunnáttumenn til 4 ára í senn í flugslysanefnd. Nefndin skal kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum eða miklu tjóni á munum. Nefndin ákveður sjálf hvaða mál hún kannar. Nefndin skal einnig gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins, eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til.

□ Flugslysanefndin skal starfa sjálfstætt og óháð. Henni er heimilt að leita til flugmálastjórnar og lögreglu um aðstoð og upplýsingar eftir því sem tilefni gefst til.

□ Nefndarmenn skulu víkja sæti og ráðherra skipa aðra í þeirra stað, ef könnunin beinist að slysi er varðar þá sjálfa, vandamenn þeirra eða skyldmenni svo og fyrirtæki sem þeir starfa hjá eða eiga hlut í.

□ Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.[1)]

□ Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.][2)]

[1)] *Stjtíð. B 324/1983.* [2)] *L. 8/1983, 1. gr.*

■ **142. gr.** Nú verður maður þess vís, að flugslys er orðið, og skal hann tafarlaust tilkynna það næsta lögreglustjóra eða flugmálastjórn, enda sé honum eigi rétt að ætla, að yfirvöld viti þegar um slysið. Sama gildir um þann, sem finnur loftfar eða aðra hluti við aðstæður, er benda til þess, að flugslys hafi orðið.

■ **143. gr.** Nú hefur flugslys orðið á íslenzku yfirráðasvæði, og má hvorki hreyfa né nema á brott loftfarið, hluta þess, innihald þess né verksummerki slyssins, unz rannsókn er lokið, enda hafi lögregla í samráði við rannsóknaraðilja eigi leyft það.

□ Án slíks leyfis má þó hreyfa, flytja til eða nema á brott loftfarið, hluta þess eða innihald, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt reynist til að frelsa menn eða dýr, ná pósti úr loftfari, afstýra spjöllum af eldi eða öðrum orsökum eða koma í veg fyrir, að loftfarið, hlutar þess eða innihald valdi háska eða almenningi miklum baga.

■ **144. gr.** Starfsmönnum flugmálastjórnar er heimilt að fara á slysstað til rannsóknar á loftfari eða flaki þess, jafnvel þótt um stað í einkaeign sé að tefla, og svo að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru í því skyni.

□ Rétt er starfsmönnum flugmálastjórnar að krefjast framlagningar á bókum og öðrum skjölum, er varða flugfarið og áhöfn þess, taka skýrslur af eiganda eða umráðanda (notanda) loftfarsins, áhöfn þess og hverjum öðrum, sem ætla má, að kunni að geta veitt vitneskju, er stuðli að því að leiða í ljós orsök slyssins.

□ Krefja má lögreglu um aðstoð við rannsóknina, eftir því sem þurfa þykir. Nú er ástæða til, og getur lögregla þá framkvæmt þá eftirgrennslan, sem ákæruvaldið telur nauðsynlega, og krafizt við hana aðstoðar flugmálastjórnar. Rétt er flugmálaráðherra í samráði við dómsmálaráðherra að setja nánari reglur um samstarf og verkaskiptingu lögreglu og flugmálastjórnar.

□ Eiganda loftfars, umráðanda (notanda) og öðrum, sem í hlut eiga, skal kynna það, sem rannsóknin leiðir í ljós, og veita skal þeim færi á því að krefjast framhaldsrannsóknar. Rétt er aðiljum þessum að vera við rannsóknina, ef flugmálastjórnin leyfir.

■ **145. gr.** Þá er rannsókn er lokið, skal, svo fljótt sem verða má, semja skýrslu um niðurstöðu rannsóknarinnar og senda hana flugmálaráðherra, saksóknara og dómsmálaráðherra. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir orsök eða sennilegri orsök slyssins, auk þess sem þar skulu gerðar tillögur um þær varúðarráðstafanir, sem gera má til þess að afstýra áframhaldandi slysum af sömu eða líkum orsökum.

□ Með skýrslunni skal einnig fylgja yfirlýsing um, hvort ástæða sé til að ætla, að brotnar hafi verið réttarreglur eða starfsreglur.

□ Nú telur flugmálastjórnin, að rannsókn flugslyss leiði í ljós, að skírteinishafi hafi í sambandi við slysið orðið sekur um atferli, er veiti tilefni til að svipta hann skírteininu, og skal hún gera tillögur þess efnis.

□ Flugmálaráðherra er rétt að kveða svo á, að birta skuli skýrslu um rannsókn á flugslysi.

■ **146. gr.** Um rannsókn á flugslysum fer annars samkvæmt lögum nr. 82/1961,[1)] um meðferð opinberra mála.

[1)] *Nú l. 74/1974.*

■ **147. gr.** Flugmálaráðherra er rétt í samráði við dómsmálaráðherra að setja nánari reglur um vörzlu og brottnám loftfars, sem í slysi hefur lent. Nema má brott á kostnað eiganda eða umráðanda flak loftfars, sem er til trafala umferð eða baga, enda hafi aðili eigi orðið við kröfu yfirvalds um brottnám innan hæfilegs frests.

XII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **148. gr.** Nú er ástæða til að ætla, þá er loftfar ætlar á loft, að það sé eigi lofthæft eða tilhlýðilega áhöfn skipað eða það muni verða notað andstætt ákvæðum laga þessara eða reglum, settum samkvæmt þeim, og er þeim handhafa valds, sem í hlut á, rétt að leggja bann við för

loftfarsins og, beri nauðsyn til, aftra, að það hefji sig upp af flugvelli, unz úr er bætt. Flugmálastjórnin eða sá, sem hún til þess veitir vald, tekur ákvörðun í þessu efni. Ákvörðun skal tafarlaust leggja fyrir flugmálastjórnina, ef hún sjálf hefur eigi tekið hana.

■ **149. gr.** Réttum umráðanda flugvallar, sem er heimill almenningi, er rétt að aftra för loftfars af flugvellinum, unz eftirgjald eftir síðustu lendingu og notkun loftfarsins af vellinum er greitt eða trygging sett fyrir greiðslu þess.

■ **150. gr.** Rétt er flugmálaráðherra til aukins öryggis við loftferðir að setja reglur um meðferð, geymslu og afhending eldsneytis[1] og annars, sem til búnaðar loftfara þarf, og um eftirlit með því, að reglurnar séu haldnar.

[1] *Rg. 282/1980 um eldsneytisáfyllingu loftfara.*

■ **151. gr.** Eigandi eða notandi loftfars og réttur umráðandi viðurkennds flugvallar eða annars loftferðavirkis er skyldur að láta í té þá vitneskju, sem flugmálastjórnin krefst til að geta rækt störf sín. Sömu skyldu hefur forráðandi viðurkenndrar starfsemi samkvæmt 33. gr. eða annarrar starfsemi, sem rekin er samkvæmt viðurkenningu eftir lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

□ Rétt er flugmálastjórninni að skýra þriðja aðilja frá vitneskju, sem hún hefur fengið með framangreindum hætti, að því leyti sem það er nauðsynlegt samkvæmt alþjóðasamningi. Að öðru leyti er rétt að skýra frá slíkri vitneskju eða birta hana almenningi, enda sé eigi um að tefla trúnaðarmál. Nú hefur sá, sem telur sig eiga rétt til launungar, mótmælt því, að vitneskja fari lengra eða sé birt, og verður það einungis samkvæmt úrskurði flugmálaráðherra.

□ Nú hefur maður fengið greinda vitneskju í starfa sínum, og hefur hann þagnarskyldu, að því leyti sem vitneskjan eigi má fara lengra eða hana má eigi birta.

■ **152. gr.** Flugmálaráðherra kveður á um gjöld, sem inna ber af hendi fyrir stjórnvaldsgerðir, sem framkvæmdar eru eftir lögum þessum.

□ Rétt er flugmálaráðherra að ákveða, að sá, sem hefur hag af gerðum þeim, sem í 1. mgr. segir, greiði kostnað af þeim.

□ Gjöld samkvæmt grein þessari má heimta með lögtaki.

XIII. kafli. Refsiákvæði.

■ **153. gr.** Nú notar eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars, sem eigi er íslenzkt og eigi hefur erlent þjóðerni með þeim hætti, er í b-lið 3. gr. segir, loftfarið án sérstaks leyfis til loftferða yfir íslenzku yfirráðasvæði eða skeytir eigi skilyrðum fyrir veittu leyfi, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

■ **154. gr.** Nú veitir maður rangar eða ófullnægjandi skýrslur, þá er hann:

a. tilkynnir loftfar til skrásetningar,

b. æskir þess, að það sé af skrá strikað,

c. sækir um leyfi samkvæmt síðustu mgr. 7. gr. eða b-lið 13. gr., og skal hann sæta sektum eða varðhaldi. Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem leiðir hjá sér að tilkynna skrásetningarstjóra eitthvert það atriði, sem boðið er í lögum þessum, eða tilkynnir eitthvert atriði ranglega eða ófullnægjandi.

■ **155. gr.** Nú nemur maður ranglega af loftfari þjóðernismerki eða skrásetningar eða annað lögmælt merki eða setur rangt merki á loftfar, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

□ Sömu refsingu skal eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars sæta, ef hann notar loftfar til loftferða, þótt það vanti þjóðernismerki eða skrásetningar eða hafi röng merki.

■ **156. gr.** Nú notar eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars það til loftferða, þótt það sé eigi lofthæft eða tilhlýðilega áhöfn skipað, tygjað eða fermt til þeirrar farar, sem því er ætlað að fara, eða það er af öðrum ástæðum eigi þannig búið, að það fullnægi nauðsynlegum öryggiskröfum, og eigi er veitt leyfi til notkunarinnar samkvæmt lögum þessum, og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

■ **157. gr.** Ef maður hefur í frammi óhæfilegt atferli við smíð loftfars, fylgitækja þess og varahluta eða við viðhald þess, viðgerð eða breytingar á því, og veldur með því, hættu á því, að loftfarið verði tekið í notkun, án þess að fullnægt sé kröfum til öryggis, skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

□ Sömu refsingu skal sá sæta, sem viðhefur með nefndum hætti óhæfilegt atferli við búnað loftfars, fermingu eða aðra tygjun.

■ **158. gr.** Nú notar eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars það til loftferða, þótt eigi sé fyrir hendi lögmælt vátrygging eða önnur trygging, er það varðar samkv. 137. gr., og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

□ Nú notar hann loftfarið, án þess að fyrir hendi séu flugskjöl, sem boðin eru í lögum þessum eða reglum, settum samkv. þeim, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 8 mánuðum.

■ **159. gr.** Flugstjóri, sem hefur á hendi stjórn loftfars í loftferð, þá er svo stendur á sem segir í 153. gr., 2. mgr. 155. gr., 156. gr. eða 158. gr., skal sæta sömu refsingu sem eigandi eða umráðandi (notandi).

■ **160. gr.** Nú innir maður af hendi starfa í loftfari, án þess hann hafi gilt skírteini eða leyfi, sem lög þessi mæla, eða sé slíks skírteinis eigi krafizt, án þess að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um starfann, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

■ **161. gr.** Ef flugverji hlýðir eigi við starfann skipunum yfirboðara síns, skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum.

□ Nú hefur hann með neitun sinni um hlýðni stofnað loftfari eða mannslífi í hættu eða hann neitar að hlýða, þrátt fyrir það þótt skipan sé endurtekin, eða séu sakir mjög miklar, og má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

■ **162. gr.** Nú innir maður af hendi starfa í loftfari eða reynir það andstætt ákvæðum 1. mgr. 52. gr., og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Ef hann framkvæmir starfa með áhrifum áfengis eða annars æsandi eða deyfandi lyfs eða hann hefur brotið gegn ákvæði 3. mgr. 52. gr., skal beita varðhaldi eða fangelsi.

■ **163. gr.** Nú brýtur maður gegn reglum, sem flugmálaráðherra hefur sett til að afstýra árekstri milli loftfara eða öðrum flugslysum eða til að tryggja fólk gegn hættum og trafala af loftferðum, og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

□ Nú víkur maður af flugleið, sem ákveðin er samkvæmt 90. gr. eða brýtur gegn reglum, sem flugmálaráðherra setur loftförum, er fljúga inn á íslenzkt yfirráðasvæði, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.[1)]

[1)] *Rg. 477/1982, um lágmarksafkastagetu flugvéla.*

■ **164. gr.** Nú hefur maður á hendi stjórn loftfars á loftbraut eða öðru svæði, þar sem flugumferð hlítir sérstakri skipan, en fer eigi eftir eða brýtur gegn leiðbeiningum flugumferðarstjórnar, sem honum er skylt að hlýða, og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

□ Sömu refsingu skal sá flugstjóri sæta, sem brýtur gegn ákvæðum 91. gr. um lendingarskyldu.

■ **165. gr.** Ef eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars brýtur gegn ákvæðum 1. mgr. 92. gr. um flutning hergagna eða reglum, sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. sömu greinar um flutning annars varnings, skal hann sæta sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

□ Sömu refsingu skal flugstjóri sæta, sem stjórnar loftfari, þá er það er notað til ólöglegra flutninga, þeirra er í 1. mgr. þessarar greinar getur.

■ **166. gr.** Nú brýtur maður gegn boði forseta Íslands samkvæmt 4. gr., og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

■ **167. gr.** Nú lendir loftfar í háska, og flugstjóri gerir eigi allt, sem honum er unnt til að bjarga loftfari, mönnum og varningi, sem í því er, eða gerir eigi annað það, sem honum er skylt samkvæmt 49. gr., og skal hann sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

■ **168. gr.** Nú veldur flugverji því með smygli eða með öðru athæfi, sem brýtur í bág við starfsskyldur hans, að yfir loftfari eða varningi vofir kyrrsetning eða hald af hendi íslenzkra eða erlendra yfirvalda, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári.

■ **169. gr.** Ef flugstjóri eða annar flugverji lætur fyrir farast að gera skyldu sína um gerð, íritun eða geymslu flugskjala eða um vist flugskjala, skírteina eða annarra skjala í loftfari, skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 5 mánuðum.

□ Nú framkvæmir hann ranga íritun í flugskjöl eða veldur því á annan hátt, að efni slíks skjals er rangt, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

■ **170. gr.** Nú vanrækir flugstjóri eða flugverji starfsskyldur sínar með ítrekuðum eða óhæfilegum hætti eða fremur annars konar óhæfu í starfa sínum, án þess þó að ákvæði 153. til 169. gr. taki til, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

■ **171. gr.** Ef umráðandi flugvallar eða annars flugvirkis lætur það vera í notkun, þótt það fullnægi eigi settum skilyrðum eða hafi eigi viðurkenningu flugmálastjórnar, þá er slíkrar viðurkenningar er krafizt, skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

□ Nú brýtur hann gegn ákvæðum 79. gr., og skal hann sæta sektum.

■ **172. gr.** Nú hlítir sá, sem í hlut á, eigi forræðisskerðingu samkvæmt 66., 67., 71., 72., 73., 74. og 75. gr., og skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 1 ári. Refsa skal fyrir tilraun sem fullframið brot.

■ **173. gr.** Nú stundar maður loftferðastarfsemi eða aðra starfsemi án sérleyfis, leyfis eða viðurkenningar, sem krafizt er í lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

■ **174. gr.** Ef maður brýtur bann samkvæmt 148. gr. við för loftfars af flugvelli, skal hann sæta sektum eða varðhaldi. Refsa skal fyrir tilraun sem fullframið brot.

■ **175. gr.** Ef maður tálmar framkvæmd skoðunar, eftirlits eða annarrar rannsóknar samkvæmt lögum þessum, eða reglum settum samkvæmt þeim, eða veitir eigi aðstoð við slíka rannsókn, þá er þess er krafizt með heimild í lögum eða reglunum, skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

□ Sömu refsingu skal sá sæta, sem andstætt ákvæðum 143. gr. hróflar við loftfari, flaki af því eða öðru eftir flugslys. Fyrir tilraun skal refsa sem fullframið brot.

■ **176. gr.** Nú er manni boðið samkvæmt 138. gr. að veita aðstoð sína við leit og bjargstörf, en hann veitir eigi þá þjónustu eða rækir annars eigi skyldur sínar, og skal hann sæta sektum.

■ **177. gr.** Nú lætur maður í öðrum tilvikum en í 154. gr. getur farast fyrir að veita tilkynningu, sem boðin er í lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, eða hann veitir ranga eða ófullnægjandi tilkynningu eða skýrslur, og skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

□ Brot gegn ákvæðum IX. kafla varðar eigi refsingu samkvæmt þessari grein.

■ **178. gr.** Nú vanrækir maður að afhenda þjóðernis- eða skrásetningarskírteini, lofthæfnisskírteini eða annað skírteini eða skjal, sem afhenda skal samkvæmt lögum þessum eða reglum, settum eftir þeim, og skal hann sæta sektum.

■ **179. gr.** Ef maður brýtur gegn reglum, settum samkvæmt lögum þessum, skal hann sæta sektum eða varðhaldi allt að 6 mánuðum, enda taki eigi önnur refsiákvæði þessa kafla yfir atferlið.

■ **180. gr.** Nú hlýzt af broti, sem lýst er í 156., 157., 159., 161.—164., 167. og 170.—172. gr., mannslát eða tjón til mikilla muna á líkama manns, heilsu eða eign, og má beita fangelsi allt að 5 árum.

□ Þessari auknu refsingu má einnig beita fyrir brot gegn 158. gr., ef maður verður fyrir fjártjóni til mikilla muna, sökum þess að eigi hefur verið fyrir hendi lögmælt vátrygging eða önnur trygging.

■ **181. gr.** Ef brot, sem lýst er í 153.—179. gr., er framið af gáleysi, skal beita sektum eða varðhaldi allt að 1 ári, þó þannig, að aldrei má beita þyngri refsingu en fyrir ásetningsbrot.

■ **182. gr.** Ákvæðum almennra hegningarlaga um hlutdeild skal beita.

□ Nú taka hegningarákvæði þessa kafla til eiganda eða umráðanda (notanda) loftfars, umráðanda flugvallar eða annars flugvirkis eða til starfsherra samkvæmt 173. gr., og skulu undirmenn látnir sæta refsingu samkvæmt þeim, þá er þeir gerast brotlegir með þeim hætti, er í hegningarákvæðunum segir. Hegningarákvæðin taka með samsvarandi hætti yfir stjórnarmenn og aðra trúnaðarmenn félaga og annarra lögaðilja.

■ **183. gr.** Nú hefur maður, sem er í fyrirsvari félags, stofnunar, samtaka eða annars lögaðilja, framið athæfi, sem refsivert er samkvæmt kafla þessum, og er rétt að dæma nefndum lögaðilja fésekt og missi starfsréttinda,

1964 Nr. 34 21. maí

enda sé brotið drýgt til hagsbóta lögaðiljanum eða hann hafi haft ágóða til muna af brotinu.

Um sviptingu réttinda.

■ **184. gr.** Svipta skal flugstjóra eða flugverja með dómi rétti til að starfa í loftfari, þá er hann hefur rækt starfa sinn á mjög vítaverðan hátt eða telja verður með hliðsjón af eðli mistaka hans eða atferli við starfann varhugavert af öryggisástæðum, að hann starfi í loftfari.

□ Nú brýtur maður gegn ákvæðum 52. gr. og starfar síðan eða reynir að starfa í loftfari, og skal svipta hann með dómi rétti til slíkra starfa.

□ Svipting réttar skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 6 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Svipting réttar samkvæmt 2. mgr. skal þó að jafnaði eigi vera styttri en 1 ár. Nú hefur maður verið sviptur rétti um stundarsakir samkvæmt ákvæðum 5. mgr. hér á eftir, og skal ákveða í dómi, hvort sá tími dragist frá endanlegum sviptingartíma.

□ Nú hefur maður verið sviptur rétti til að starfa í loftfari eða til að öðlast hann um lengri tíma en 3 ár, og má bera undir þann dómstól, sem dæmt hafði til fullnaðar sviptingu réttar, kröfu um endurheimtu hans, þótt sviptingartíminn sé eigi runninn út. Mál skal reka að hætti opinberra mála, þó þannig, að hinn dómfelldi er sóknaraðili, en ákæruvaldið varnaraðili. Slíkt málskot má í fyrsta lagi verða, þá er 3 ár eru liðin frá uppsögu fullnaðardóms um sviptingu réttar. Réttur verður einungis endurheimtur, þá er sérstakar ástæður mæla með því. Nú hefur sóknaraðili áður verið sviptur með dómi rétti til að starfa í loftfari, og verður rétturinn í undantekningartilvikum einungis dæmdur honum aftur og í fyrsta lagi, þá er 6 ár eru liðin frá uppsögu þess dóms, er svipti hann réttindum.

□ Nú telur flugmálastjórnin, að efni séu til að svipta mann rétti til að starfa í loftfari, og er henni rétt að svipta hann réttinum til bráðabirgða, þó svo að dómari sá, sem málið ber undir, getur, hvenær sem er og áður málið er dæmt til fullnaðar, ógilt ákvörðun flugmálastjórnar.

□ Nú er kveðinn upp sýknudómur í héraði og ákæruvaldið áfrýjar honum, og er því rétt í kærumáli að æskja dóms Hæstaréttar, að ákærði sé sviptur réttindum, meðan á áfrýjun stendur, enda séu gildar ástæður til.

□ Nú er maður sviptur rétti til starfa í loftfari til bráðabirgða eða með dómi til fullnaðar, og skal flugmálastjórnin taka skírteini hans í sínar vörzlur.

□ Nú hefur manni, sem hefur íslenzkt ríkisfang eða íslenzkt heimilisfang, verið refsað erlendis fyrir atferli, sem leitt hefði samkvæmt grein þessari til sviptingar á rétti til að starfa í loftfari, ef mál hefði dæmt verið eftir lögum þessum, og er rétt að krefjast slíkrar sviptingar á réttindum í opinberu máli hér á landi. Ákvæðum greinar þessarar skal þá beita með samsvarandi hætti.

□ Ákvæðum 1.—7. mgr. skal með samsvarandi hætti beita um menn, sem starfa þann hafa á hendi, er í 81. gr. getur.

XIV. kafli. Sérreglur.

■ **185. gr.** Flugmálaráðherra er rétt að undanþiggja ákvæðum laga þessara eða setja sérreglur um loftför, sem eigi hafa stjórnanda innan borðs eða eigi eru knúin fram af hreyfli eða eru annars sérstakrar tegundar, enda sé öryggi loftferða eigi teflt í tvísýnu né gildar ástæður standi í vegi. Þó verður eigi með þessum hætti gerð breyting á ákvæðum einkaréttarlegs eðlis né refsiákvæðum.

1964 Nr. 34 21. maí

□ Flugmálaráðherra er og rétt að setja reglur um tæki, sem ætluð eru til að hreyfast um loftið, en eru eigi loftför.

■ **186. gr.** Flugmálaráðherra er rétt að ákveða, að erlend loftför, sem íslenzkur aðili notar eða ræður yfir, skuli lúta tilteknum ákvæðum í lögum þessum og reglum, settum samkv. þeim, sem varða íslenzk loftför.[1)]

□ Rétt er ráðherra, þá er skilyrðum 1. mgr. er fullnægt, að ákveða, að loftfarið skuli teljast íslenzkt eftir 2. tl. 4. gr. laga nr. 19/1940.

[1)] *Rg. um vöruflutninga með loftförum, 51/1976, sbr. 468/1979. Rg. um meðalþunga o. fl., 52/1976. Rg. um mannflutninga í loftförum, 53/1976, sbr. 239/1979 og 443/1979. Rg. um flutninga hreyfiskerts fólks með stórum flugvélum, 442/1979. Rg. um flutning á hættulegum efnum o. fl., 472/1979. Rg. um lágmarksafkastagetu flugvéla, 477/1982.*

■ **187. gr.** Flugmálaráðherra ákveður, hverjir fari með vald flugmálastjórnar eftir lögum þessum, að því leyti sem sérlög skipa eigi því efni.

■ **188. gr.** Flugmálaráðherra er rétt að setja reglugerð til nánari fyllingar lögum þessum.[1)]

[1)] *Rg. um vöruflutninga með loftförum, 51/1976, sbr. 468/1979. Rg. um meðalþunga o. fl., 52/1976. Rg. um mannflutninga í loftförum, 53/1976, sbr. 239/1979 og 443/1979. Rg. um fallhlífastökk, 440/1976. Rg. um flutning hreyfiskerts fólks með stórum flugvélum, 442/1979. Rg. um flutning á hættulegum efnum o. fl., 472/1979. Rg. um heimasmíði loftfara, 216/1982. Rg. um Flugmálastjórn Íslands, 276/1983.*

XV. kafli.

■ **189. gr.** Ákvæði 137. gr. taka eigi til loftfara íslenzka ríkisins.

□ Flugmálaráðherra er rétt að undanþiggja loftför þessi öðrum ákvæðum laganna, þó hvorki ákvæðum einkaréttarlegs eðlis né refsiákvæðum.

■ **190. gr.** Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32/1929 ... Þó skulu halda gildi sínu 1. mgr.[1)] 27. gr., 30. gr., 36. gr. og 40. gr. laga nr. 32/1929 ...

[1)] *Væntanlega 1. málsl.*

Lög um loftferðir.

1929 Nr. 32 14. júní

■ **1.—26. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 34/1964, 190. gr.*

■ **27. gr.** Loftför þurfa leyfis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til þess að hafa og nota áhöld til þráðlausrar firðritunar og firðtals. ...[1)]

[1)] *L. 34/1964, 190. gr.*

■ **28.—29. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 34/1964, 190. gr.*

■ **30. gr.** Loftför, er koma frá útlöndum eða fljúga þangað, enn fremur varningur og farangur, er þau flytja með sér inn eða út, eru háð sömu ákvæðum sem önnur farartæki um almenna tolla, heilbrigðisráðstafanir o. a., nema atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hafi ákveðið öðruvísi.

□ Fólk, er ferðast með loftförum til eða frá útlöndum, hlítir almennum ákvæðum um vegabréf og heilbrigði, nema atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipi öðruvísi fyrir.

■ **31.—35. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 34/1964, 190. gr.*

■ **36. gr.** Loftför, fluglið, farþegar og farmur hlíta íslenzkum lögum og reglugerðum þeim, er á hverjum

1929 Nr. 32 14. júní

tíma gilda um loftferðir, tolla, gjöld og flutninga á fólki og farangri.

□ ...[1)]

[1)] *L. 27/1957, 5. gr.*

■ **37.—39. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 34/1964, 190. gr.*

■ **40. gr.** Atvinnumálaráðherra er heimilt, ef styrjöld skyldi brjótast út í nágrannalöndunum á leyfistímabilinu, að banna um stundarsakir leyfishöfum allar loftferðir innanlands og á milli landa, eða að taka loftferðirnar og flugáhöldin að öllu leyti í ríkisstjórnarinnar hönd gegn leigu, er dómkvaddir menn meta, ef ekki semst um leiguna á annan hátt.

■ **41.—42. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 34/1964, 190. gr.*

1966 Nr. 21 16. apríl

Lög um skrásetningu réttinda í loftförum.

I. kafli.

■ **1. gr.** Réttindi í loftfari, sem skráð er í þjóðernisskrá samkvæmt lögum um loftferðir, skulu skrásett til þess að njóta verndar gegn samningum um loftfarið og gegn lögsókn. Skrásetja ber í réttindaskrá, sem gilda skal fyrir allt landið og halda ber við borgarfógetaembættið í Reykjavík.

□ Skilyrði þess, að réttindi geti rýmt burt óskrásettum réttindum, er, að þau séu sjálf skrásett og aflandi þeirra samkvæmt samningi hafi öðlazt þau í grandleysi.

□ Nú er eigandi skrásettra réttinda í loftfari sviptur lögræði, og skal skrásetja athugasemd um það, til þess að lögræðisvöntunina megi hafa uppi gegn samningi um loftfarið, sem maður gerir í grandleysi við hinn lögræðissvipta mann. Sama gildir, þá er réttindahafi hlítir meðráðamennsku.

■ **2. gr.** Skrásetja má einkaskjal, ef það eftir efni sínu kveður á um, stofnar, breytir eða fellir niður einhver eftirtalinna réttinda:

1. eignarrétt, hvort heldur hann er óskilyrtur eða bundinn skilyrði um greiðslu kaupverðs eða öðrum skildögum,

2. leiguréttindi, þá er þau eru veitt fyrir sex mánaða tímabil eða lengri tíma,

3. veðréttindi og áþekk tryggingarréttindi í loftförum, sem samkvæmt samningi skulu tryggja greiðslu skuldar, enda sé fjárhæð hennar eða hámarksfjárhæð fastákveðin. Veðréttindi og tryggingarréttindi, sem hafa eigi áður verið viðurkennd í íslenzkum rétti, má því aðeins skrásetja, að þau fullnægi framangreindum skilyrðum og flugmálaráðherra samþykki skrásetninguna.

■ **3. gr.** Nú er veðréttur eða áþekkur tryggingarréttur skrásettur, og er endurnýjuð skrásetning óþörf, þótt aðiljaskipti verði að réttinum.

■ **4. gr.** Forgangsréttur krafna um opinber gjöld af loftförum, sem skrásett eru hér á landi, er gildur gegnt þriðja manni án skrásetningar, enda sé kveðið á um hann í íslenzkum lögum.

■ **5. gr.** Kröfur um bjarglaun samkvæmt lögum um loftferðir og endurgjald fyrir útgjöld til varðveizlu loftfars eru tryggð með veði í loftfarinu.

□ Slíkur veðréttur gengur fyrir öllum öðrum réttindum í loftfari. Veðrétturinn fellur niður, ef hann er ekki skrásettur, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því krafan varð til.

□ Nú er um að tefla fleiri en ein réttindi nefndrar tegundar, og skal fullnægja þeim í öfugri röð við þá atburði, sem leiddu til réttindanna.

■ **6. gr.** Önnur lögákveðin tryggingarréttindi en þau, sem greinir í 5. gr., verða eigi skrásett.

■ **7. gr.** Skjöl, sem berast til skrásetningar, skal samdægurs rita í dagbók, þar sem m. a. sé tilgreint loftfar það, sem tilkynningin varðar, skráningarmerki þess, hvers konar réttindi um er að tefla, og svo nafn tilkynnanda og heimilisfang. Vísa skal frá skjölum, sem eigi fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru samkvæmt 16. gr. fyrir skrásetningu. Árita skal skjal um, hvenær það var ritað í dagbók.

■ **8. gr.** Nú hefur skjal verið ritað í dagbók, og skal kanna, hvort skjal megi skrásetja. Ef skjalið varðar réttindi, sem eigi má skrásetja samkvæmt ofantöldum ákvæðum, eða tilkynnandi færir eigi fram nauðsynleg skilríki fyrir rétti sínum til að krefjast skrásetningar, ber að vísa skjali frá skrásetningu og strika það út í dagbók. Rétt er skrásetjara þó að setja frest til öflunar nefndra skilríkja, enda skal frávísa skjali að útrunnum þeim fresti, ef skilríkin hafa þá enn eigi verið lögð fram. Skrásetja skal þá skjalið og tilgreina hinn ákveðna frest.

□ Skrásetning í réttindaskrá eða frávísun skjalsins skal fara fram, svo fljótt sem kostur er, og eigi síðar en 10 dögum eftir tilkynningu til skrásetningar.

■ **9. gr.** Nú er loftfar skrásett í réttindaskrá eða samsvarandi skrá í ríki, sem er aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og er rétt að skrásetja eignarrétt á því samkvæmt:

1. afsali, sem tjáist útgefið af réttbærum aðilja til að ráðstafa loftfarinu eftir réttindaskrá þeirri, sem um er að tefla, eða afsalið er gefið út með samþykki þess aðilja, eða

2. vottorði skiptaréttar, sem lýsir því, að aðili, er beiðzt er skrásetningar á rétti hans, hafi fengið bú hins skrásetta eiganda framselt til setu í því óskiptu eða til einkaskipta, eða

3. endurriti af dómi eða annarri opinberri réttarathöfn, sem veitir aðilja, er beiðzt er skrásetningar á rétti hans, eignarrétt til loftfarsins eða kveður á um eignarrétt hans gegnt hinum skrásetta eiganda.

□ Nú stendur loftfar eigi á réttindaskrá eða samsvarandi skrá í erlendu sáttmálaríki, og er rétt að skrásetja eignarrétt samkvæmt skilríki um, að aðili, er beiðzt er skrásetningar á rétti hans, hafi á sjálfs sín spýtur látið smíða loftfarið eða hafi hann eignazt loftfarið á annan hátt, samkvæmt skilríki, er dómari metur gilt, að hann hafi eignazt loftfarið með tilgreindum hætti.

■ **10. gr.** Rétt er, að skrásetning annarra réttinda fari fram samkvæmt:

1. skjali, er varðar réttindin og tjáist vera útgefið af réttbærum aðilja eftir réttindaskránni til að ráðstafa réttinum, eða framsali hans, sé um veðrétt að tefla, eða það er gefið út með samþykki nefnds aðilja, eða

2. endurriti dóms, aðfarargerðar eða annarrar opinberrar réttarathafnar, sem veitir aðilja, er beiðzt er skrásetningar á rétti hans, réttindin eða kveður á um aðild hans að réttindunum gegnt þeim, sem umráð þeirra hefur eftir ákvæði 1. tl.

□ Nú hefur eigi verið kveðið á um veðréttindi þau, sem

í 5. gr. getur, né fjárhæð þeirra í dómi né samningi, og er rétt að skrásetja þau samkvæmt fullnægjandi skilríkjum um, að lögsókn sé hafin gegn hinum skrásetta eiganda til heimtu þeirra. Skilríki skulu greina glöggt, til hverrar fjárhæðar lögsóknin tekur.

■ **11. gr.** Nú er loftfar, sem skrásett er í þjóðernisskrána, selt á nauðungaruppboði eða tekið með beinni fógetagerð, og ber fógeta að senda skrásetjara tilkynningu um það til skrásetningar í réttindaskrá.

□ Nú er bú eiganda loftfars tekið til gjaldþrotaskipta eða annarrar opinberrar skiptameðferðar, og ber skiptaráðanda (skiptaforstjóra) að láta skrásetja þetta í réttindaskrá.

□ Nú eignast ólögráða maður loftfar fyrir arf eða á annan hátt, og ber lögráðamanni að tilkynna það til skrásetningar.

□ Í tilkynningu skal tilgreina fæðingardag hins ólögráða manns.

■ **12. gr.** Nú tálmar ekkert skrásetningu hins tilkynnta skjals, og skal skrásetja það í réttindaskrá og árita um skrásetninguna.

□ Nú greinir skjal eigi stöðu rétthafa í réttindastiga eða greinir hana þannig, að í bága fer við efni réttindaskrár, eða eigi ber saman í einhverjum minni háttar atriðum efni skjalsins, efni framlagðra skilríkja eða efni réttindaskrár, og skal rita athugasemd á skjalið um þetta og svo skrá athugasemdina í réttindaskrána.

■ **13. gr.** Loftfar hvert skal í réttindaskrá hafa blað í þeirri röð, sem skrásetningartala loftfars í þjóðernisskrá segir til um. Blað loftfars skal greina í þrjá dálka, sem í skal skrá sundurgreint:

1. eignarheimildir;
2. veðréttindi og önnur tryggingarréttindi, þar með eignarréttarfyrirvara;
3. forkaupsrétt, leiguréttindi og önnur réttindi.

□ Í réttindaskrá skal skrá stuttlega efni skjals. Greina skal útgáfudag þess og tilkynningarstund, nafn og heimili útgefanda þess og nafn og heimili rétthafa, tegund réttinda þeirra, sem um er að tefla, ásamt skilyrðum og frestum, sem þau eru bundin. Tilgreina ber fjárhæð eða hámarksfjárhæð skuldar, sem tryggð er með veði eða öðrum tryggingarrétti í loftfari, stöðu veðbréfs í veðstiga og hvort veðréttur tekur yfir varahluti, sbr. 24. gr.

■ **14. gr.** Ákvörðun borgarfógeta, er varðar skrásetningu, má kæra til Hæstaréttar innan tveggja vikna, frá því að sá, er í hlut á hefur fengið tilkynningu um ákvörðunina. Rétt er dómsmálaráðherra, þá er sérstakar ástæður mæla með því, að veita leyfi til kæru á 6 mánaða tíma frá tilkynningu, enda sé þá kært innan tveggja vikna frá viðtöku leyfis. Nú er kært, og ber að skrásetja þegar um það athugasemd í dagbók eða réttindaskrá.

■ **15. gr.** Leggja skal í skjalasafn borgarfógeta endurrit af skrásettu skjali með sömu áritun, sem er á hinu skrásetta skjali.

■ **16. gr.** Rétt er flugmálaráðherra að setja reglur um ritun réttindaskrár og um birtingu hins skrásetta efnis, hverjar skýrslur um loftför skal í té láta, áður en skrásetning er framkvæmd, og hver skilríki skuli fylgja skjali, sem afhent er til skrásetningar. Flugmálaráðherra er einnig rétt að setja reglur um form skjalanna og með hverjum hætti útgefandi skuli sanna deili á sér og lögræði sitt og svo hvernig sanna skuli falsleysi skjalsins og framlagðra skilríkja.

■ **17. gr.** Útstrikun skrásetts réttar úr réttindaskrá fer fram skv. samþykki skrásetts rétthafa eða sönnun um, að rétturinn sé niður fallinn eftir efni sínu eða samkvæmt dómi eða annarri réttargerð.

□ Skilyrði fyrir útstrikun veðbréfs er framlagning þess með áritaðri kvittun eða sönnun fyrir því, að veðrétturinn sé niður fallinn samkvæmt dómsákvæði.

□ Útstrikun skal framkvæma með þeim hætti, að strika ber yfir það, sem skrásett er í réttindaskrá, þó þannig að það sé áfram læsilegt.

■ **18. gr.** Borgarfógeti skal láta að beiðni í té endurrit úr réttindaskránni og dagbókinni eða endurrit skrásettra og tilkynntra skjala gegn gjaldi, sem flugmálaráðherra ákveður. Staðfesta skal borgarfógeti með undirskrift sinni, að endurrit séu rétt, og er undirritun hans sönnun fyrir réttleik endurrits, unz annað sannast.

■ **19. gr.** Nú er loftfar strikað af þjóðernisskrá, og skal þá einnig strika það af réttindaskrá.

□ Nú er rituð í þjóðernisskrá athugasemd um tilvik, sem leitt hefði til útstrikunar, ef eigi hefðu hvílt skrásett réttindi á loftfarinu, og skal rita samsvarandi athugasemd í réttindaskrána.

■ **20. gr.** Réttarverkanir skrásetningar teljast frá þeim degi, er skjalið er tilkynnt til skrásetningar, enda sé eigi öðruvísi mælt. Skjöl, sem tilkynnt eru sama dag, eru jafnrétthá.

□ Nú hafa réttindi í loftfari, þeirrar tegundar, sem í 2. gr. getur, hingað til verið skrásett í ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og halda þau stöðu sinni í réttindastiga, þá er loftfarið er fært yfir á réttindaskrá hér á landi. Skrásetja skal nefnd réttindi í réttindaskrá samtímis því, að eignarheimildin er skrásett.

■ **21. gr.** Nú hefur skjal verið skrásett í réttindaskrá, og verður engin mótbára höfð uppi um gildi þess gegn grandlausum manni, sem öðlazt hefur það samkvæmt skrásettum samningi. Þó á rétt á sér sú mótbára, að skjalið sé falsað að nokkru eða öllu eða útgáfa þess hafi verið knúin fram með líkamlegu ofbeldi eða ógnun um beiting slíks ofbeldis þegar í stað eða útgefandi þess hafi verið ólögráða, þá er hann gaf það út. Nú hefur loftfarið áður verið skrásett í réttindaskrá ríkis, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og hefur skrásetning loftfarsins í hina íslenzku réttindaskrá eigi í för með sér, að ónýtist mótbára sú, er áður mátti hafa uppi gegn grandlausum manni, er öðlaðist loftfarið eða skrásett réttindi í því.

■ **22. gr.** Réttindi þau, sem greinir í 2. og 5. gr., taka einnig yfir búnað, sem komið er fyrir í loftfari, þ. á m. hreyfla, skrúfur, útvarpsbúnað, tæki og svo slíkan loftfarsbúnað, sem einungis um stundarsakir er skilinn frá loftfarinu.

□ Sérstök réttindi verða eigi stofnuð eða áskilin, að því er varðar slíkan búnað eða slíka hluta loftfars, er getur í 1. mgr.

■ **23. gr.** Nú eru tvö loftför eða fleiri sett í einu að tryggingu fyrir sömu kröfu, og er hvert þeirra að veði fyrir allri veðskuldinni.

□ Nú er hluti loftfars settur að veði eða til tryggingar, og verður slík setning veðs eða tryggingar eigi skrásett.

■ **24. gr.** Skrásetja má veðrétt eða áþekkan tryggingarrétt, sem einnig tekur yfir varahluti í eigu eiganda loftfars, enda séu þeir eigi áður sérstaklega veðbundnir, þeir séu í birgðageymslu hér á landi eða í ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og tegund þeirra, tala þeirra hér um bil og geymslustaður sé tilgreint í skjalinu eða í fylgiskjali þess. Við hverja slíka birgðastöð skal vera uppfest auglýsing, sem greini haftið, nafn lánardrottins og svo hvar rétturinn er skrásettur.

□ Nú hefur slík veðsetning farið fram, og er veðsala skylt að sjá um, að magn birgðanna skerðist ekki að mun. Eigi verður beint lögsókn gegn hluta birgðanna, nema til komi samþykki rétthafa, sem ofar standa í réttindastiga.

□ Tryggingarréttur í varahlutabirgðum fellur niður í síðasta lagi, þremur mánuðum eftir að hann er fallinn niður í loftfari því, sem um er að tefla, nema handhafi tryggingarréttarins hafi fyrir lok nefnds tímabils hafið lögsókn til heimtu kröfu sinnar og leiðir hana til lykta án tafar til öflunar fullnustu.

□ Til varahluta teljast hlutar loftfars, hreyflar, skrúfur, útvarpstæki, önnur tæki og aðrir hlutir, sem geymt er og ætlað er til setningar í loftför í staðinn fyrir hluta eða búnað, sem tekinn er úr notkun.

■ **25. gr.** Að öðru ber að beita reglum þeim, sem gilda um veðréttindi í fasteignum, um rétt veðhafa og handhafa áþekkra tryggingarréttinda í loftförum til fullnustu á undan öðrum kröfuhöfum með þeim tilslökunum, sem leiðir af séreðli slíkra tryggingarréttinda.

II. kafli. Sérstakar reglur um erlend loftför.

■ **26. gr.** Um réttindi í loftförum, sem eru skrásett í ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, gilda ákvæði 22., 27.—30. og 33.—35. gr.[1)]

[1)] *Samn. 19/6 1948; augl. C 5/1967.*

■ **27. gr.** Nú eru réttindi þau, sem um er að tefla, stofnuð samkvæmt þeim reglum, er um það gilda í ríki, er loftfarið þá var skrásett í þjóðernisskrá þess, og réttindin eru löglega skrásett í opinberri skrá í ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og njóta réttindi, sem hér á eftir eru talin, verndar á Íslandi:

1. eignarréttur til loftfars;
2. réttur vörzluhafa loftfars til að kaupa það;
3. leiguréttur til loftfars, svo fremi hann er veittur fyrir eigi styttri tíma en sex mánuði, og
4. veðréttindi og önnur áþekk tryggingarréttindi í loftfari, sem samkvæmt samningi eiga að tryggja efnd skuldbindingar, er fjárhæð hennar eða hámarksfjárhæð er fastákveðin. Verndin tekur einungis til vaxta, sem fallið hafa á í allt að þrjú ár fyrir upphaf lögsóknar eða meðan á lögsókn stendur.

□ Efni réttarverndar ákveðst, að því er varðar loftför þau, sem í 26. gr. getur, samkvæmt reglum þeim, er um það gilda í ríki því, þar sem réttindin eru skrásett, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum þessum eða réttarfarslögum.

□ Nú eru réttindi þeirrar tegundar, er getur í 1. mgr. 1.—4. tl. þessarar gr., skrásett í sama loftfari í fleiri ríkjum en einu, sem hafa gerzt aðiljar að Genfsáttmálanum frá 1948, og skal meta lögmæti hverrar einstakrar skrásetningar samkvæmt lögum þess ríkis, er loftfarið var þá skrásett í þjóðernisskrá þess.

□ Nú eru birgðir af varahlutum, sem geymdar eru hér á landi, settar til tryggingar ásamt loftfari eða loftförum, sem tekin eru á þjóðernisskrá í ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og ber að gæta reglna 1. mgr. 24. gr.

■ **28. gr.** Nú hefur eigandi loftfars selt það eða stofnað í því einhver þau réttindi, sem greinir í 2.—4. tl. 1. mgr. 27. gr., eða handhafi einhverra þessara réttinda hefur framselt þau þriðja manni, þótt eigandi loftfars eða framseljandi réttinda vissi, að framkvæmd hefði verið kyrrsetning, fjárnám eða nauðungarsala á loftfarinu eða nefndum réttindum, og nýtur kaupunautur eigi réttarverndar gegn lánardrottni þeim, sem framkvæmir lögsóknina, né gegn kaupanda við nauðungarsölu.

■ **29. gr.** Nú hefur stofnazt krafa um bjarglaun eða endurgjald fyrir óvenjuleg útgjöld, sem hafa verið algerlega nauðsynleg til þess að varðveita loftfar, og þessar aðgerðir hafa verið til lykta leiddar í ríki, sem aðili hefur gerzt að Genfsáttmálanum frá 1948, og krafan er samkvæmt reglum þeim, sem gilda í ríki þessu, tryggð með veði í loftfarinu, og gengur slíkur veðréttur fyrir réttindum þeim, sem greinir í 27. gr.

□ Nú eru fleiri en ein slík réttindi í loftfari og skal fullnægja þeim í öfugri röð við þá atburði, sem leiddu til þeirra.

□ Nú eru liðnir þrír mánuðir frá aðgerðum þeim, sem getur í 1. mgr., og fellur rétturinn niður, nema hann sé skráður í réttindaskrána og fjárhæð kröfunnar fastákveðin í samningi aðilja eða lögsókn sé hafin. Það fer eftir lögum þess lands, þar sem lögsókn er hafin, hvort rjúfa má nefndan tveggja mánaða frest, eða láta hann hætta að líða um stundarsakir.

■ **30. gr.** Nú er annars einhver réttur, tryggður í loftfari, skrásettur í ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og víkur hann fyrir réttindum þeim, sem greinir í 27. gr., jafnvel þótt hann gangi í ríki því, sem í hlut á, fyrir nefndum réttindum. Nú veldur erlent loftfar tjóni á mönnum eða munum hér á landi, og gilda ákvæði sérlaga um lögsókn til heimtu skaðabóta fyrir tjónið.

III. kafli.

■ **31. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 79/1975, 25. gr.*

■ **32. gr.** Gjald er kræft við tilkynningu. Gjaldið má heimta fyrirfram. Nú er skjali vísað frá, og ber að endurgreiða gjaldið.

□ Ábyrgur fyrir greiðslu gjaldsins er sá, sem krefst skrásetningar, hvort sem hann kemur fram í sjálfs sín þágu eða þágu annars aðilja. Í síðara tilvikinu er einnig sá, sem í hlut á, ábyrgur.

IV. kafli.

■ **33. gr.** Í lögum þessum merkir ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, ríki, er hefur gerzt aðili að sáttmála þeim, sem samþykktur var í Genf 19. júní 1948 um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum, eða landsvæði, er slíkt ríki fer með málefni þess gegnt öðrum ríkjum, enda hafi ríkið eigi undanskilið nefnt landsvæði reglum sáttmálans.

■ **34. gr.** Ákvæði laga þessara skulu eigi vera til fyrirstöðu breytingu þeirra lagaaðgerða, sem heimilaðar eru

1966 Nr. 21 16. apríl

í lögum um toll og loftferðir og svo komu manna hingað til lands.

■ **35. gr.** Lögin gilda eigi um loftför hers, tollyfirvalda né lögreglu.

■ **36. gr.** ...

V. kafli.

■ **37. gr.** Þegar eftir gildistöku laga þessara skulu þinglýsingardómarar utan Reykjavíkur senda borgarfógetanum í Reykjavík frumrit eða staðfest eftirrit af öllum skjölum, er þinglýst hefur verið um loftför í umdæmum þeirra.

□ Eftir viðtöku skjalanna kannar borgarfógeti eftir föngum, hvort hin þinglesnu réttindi verði skrásett eftir lögum þessum. Ber borgarfógeta, ef því er að skipta, að kveðja í ábyrgðarbréfi þá, sem hlut eiga, fyrir sig til að sanna rétt sinn. Rétt er borgarfógeta einnig að kveðja þá, er í hlut eiga, með áskorun í Lögbirtingablaði, er sé birt þrisvar, að sanna rétt sinn innan tveggja mánaða frá síðustu birtingu áskorunar að viðlagðri niðurfellingu af skrá.

□ Um málsskot fer sem segir í 14. gr.

1949 Nr. 41 25. maí

Lög um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.[1)]

[1)] *Sjá augl. A 66/1949 og C 9/1963.*

■ **1. gr.** [Meðan Ísland er aðili að alþjóðasamningnum um loftflutninga, er undirritaður var í Varsjá hinn 12. október 1929, eins og honum hefur verið breytt með viðbótarsamningi gerðum í Haag 28. september 1955, og birtur er sem fylgiskjal með lögum þessum, skulu ákvæði Varsjársamningsins með breytingum í Haag 1955 hafa lagagildi hér á landi.][1)]

[1)] *L. 46/1956, 1. gr.*

Fylgiskjal.

Samningur um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.

I. kafli. Gildissvið og skýringar.

■ **1. gr.** 1. Samningur þessi gildir um allan flutning milli landa á mönnum, farangri og vörum flugleiðis gegn greiðslu. Hann gildir og um ókeypis flutning flugleiðis, enda annist flugfélag flutninginn.

2. [Í samningi þessum skal flutningur vera talinn *milli landa,* þegar brottfararstaður og ákvörðunarstaður samkvæmt flutningssamningi eru innan tveggja samningsríkja, og gildir það einnig þótt hlé verði á flutningnum eða skipt sé um loftfar. Séu brottfararstaður og ákvörðunarstaður innan landsvæða sama samningsríkis, skal flutningurinn talinn vera milli landa, ef lenda þarf innan annars ríkis á leiðinni, enda þótt það ríki sé eigi aðili að samningi þessum. Eigi skal flutningur án slíkrar viðkomu milli landsvæða sama samningsríkis teljast millilandaflutningur í samningi þessum.

3. Nú tekur eitt flugfélag við flutningi af öðru, og skal sá flutningur vera talinn óslitinn, ef aðilar flutningssamnings eru sammála um, að um einn og sama flutning sé að ræða, hvort sem einn eða fleiri samningar hafa verið um það gerðir. Skal slíkur flutningur teljast millilandaflutningur, enda þótt einum samningi eða mörgum beri að fullnægja algerlega innan landsvæðis sama ríkis.][1)]

[1)] *Viðbótarsamningur, sbr. l. 46/1956.*

■ **2. gr.** 1. Samningur þessi skal einnig gilda um flutning, sem framkvæmdur er af ríki, bæjarfélagi eða öðrum opinberum stofnunum með þeim kjörum, sem um ræðir í 1. gr. **1949** Nr. 41 25. maí

2. [Samningur þessi skal eigi gilda um flutning bréfa og póstböggla.][1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

II. kafli. Flutningsgjöld.

1. hluti. Farmiðar.

■ **3. gr.** 1. [Þegar farþegar eru fluttir, skal afhenda farseðil og tilgreina í honum:

a. brottfararstað og ákvörðunarstað;

b. ef brottfarar- og ákvörðunarstaður eru innan landsvæðis sama ríkis, en einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan landsvæðis annars ríkis, skal geta um a. m. k. einn slíkan stað;

c. ákvæði þess efnis, að sé ferð farþega heitið til annars lands eða af henni leiði dvöl í öðru landi, þá komi ákvæði Varsjársamningsins til framkvæmda, og að sá samningur gildi um og að jafnaði takmarki bótaskyldu flytjenda vegna dauða, slysa eða tjóns eða skaða á farangri.

2. Farseðill skal, ef hið gagnstæða sannast ekki, gilda sem sönnun á því, að flutningssamningur hafi verið gerður, svo og á ákvæðum hans.

□ Nú er farseðill eigi fyrir hendi eða hann er með óreglulegri gerð eða hann hefur glatazt, og breytir það engu um, hvort flutningssamningur sé fyrir hendi né um gildi hans, en háður skal hann engu að síður ákvæðum samnings þessa. Nú hefur farþegi samt sem áður með samþykki flytjanda farið um borð án þess að farseðill hafi verið út gefinn eða án þess að í farseðlinum sé ákvæði það, sem getur í c-lið 1. töluliðs þessarar greinar, og er flytjanda þá óheimilt að notfæra sér ákvæði 22. gr.][1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

2. hluti. Farangursskírteini.

■ **4. gr.** 1. [Þegar fluttur er skráður farangur, skal gefa út farangursseðil. Ef hann er ekki í sambandi við farseðil eða innifalinn í farseðli, sem gerður er í samræmi við ákvæði 1. töluliðs 3. gr., skal á honum tilgreina:

a. brottfarar- og ákvörðunarstað;

b. ef brottfarar- og ákvörðunarstaður eru innan landsvæðis sama ríkis, en einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan landsvæðis annars ríkis, skal geta um a. m. k. einn slíkan stað;

c. ákvæði þess efnis, að sé ferð farþega heitið til annars lands eða af henni leiði dvöl í öðru landi, þá komi ákvæði Varsjársamningsins til framkvæmda, og að sá samningur gildi um og að jafnaði takmarki bótaskyldu flytjanda vegna tjóns eða skaða á farangri.

2. Farangursseðill skal, ef hið gagnstæða sannast ekki, gilda sem sönnun á skrásetningu farangurs og ákvæðum flutningssamnings. Nú er farangursseðill eigi fyrir hendi eða hann er með óreglulegri gerð eða hefur glatazt, og breytir það engu um, hvort flutningssamningur sé fyrir hendi né um gildi hans, en háður skal hann engu að síður ákvæðum samnings þessa. Nú tekur flytjandi samt sem áður við farangri, án þess að farangursseðill hafi verið afhentur, eða farangursseðillinn (nema hann sé í sambandi við eða innifalinn í farseðli,

sem gerður er í samræmi við ákvæði 3. greinar, 1. töluliðs c) inniheldur ekki ákvæði það, sem greinir í c-lið þessarar greinar, og er flugfélaginu þá óheimilt að notfæra sér ákvæði 22. greinar, 2. töluliðs.][1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

3. hluti. Flugfarmskírteini.

■ **5. gr.** 1. Þegar fluttar eru vörur getur flytjandi krafizt þess, að sendandi gefi út og afhendi honum skjal, sem nefnt sé flugfarmskírteini og sendandi getur krafizt þess að flytjandi taki við því.

2. Nú er flugfarmskírteini eigi gefið út eða er eigi þess efnis, er áskilið er, eða það hefur týnzt, og skal þá farmsamningurinn eigi að síður talinn gildur og háður ákvæðum samnings þessa, sbr. þó 9. gr.

■ **6. gr.** 1. Flugfarmskírteini er gefið út af sendanda í þrem eintökum og skal afhent um leið og vörurnar.

2. Á fyrsta eintakið skal skrifa „handa flytjanda" og skal það undirritað af sendanda. Á annað eintakið skal skrifa „handa viðtakanda", og skal það undirritað af sendanda og flytjanda. Skal það fylgja vörunum. Þriðja eintakið skal undirritað af flytjanda, og skal því skilað sendanda, þegar tekið hefur verið við vörunum.

3. [Flytjandi skal skrifa undir skírteinið áður en vörunum er skipað um borð í loftfarið.][1)]

4. Í stað undirskriftar flytjanda skal heimilt að nota stimpil; undirskrift sendanda má vera prentuð eða stimpluð.

5. Nú hefur flytjandi gefið út farmskírteini samkvæmt beiðni sendanda og skal þá talið að hann hafi gefið það í umboði sendanda, nema annað sannist.

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

■ **7. gr.** Flytjandi getur krafizt þess, að sendandi gefi út sérstök flugfarmskírteini ef um fleiri en eitt stykki er að ræða.

■ **8. gr.** [Í flugfarmskírteini skal greina:

a. brottfararstað og ákvörðunarstað;

b. ef brottfarar- og ákvörðunarstaður eru innan landsvæðis sama ríkis, en einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan landsvæðis annars ríkis, skal geta um a. m. k. einn slíkan viðkomustað;

c. aðvörun til sendanda, þess efnis að sé flutningi endanlega heitið til annars lands en brottfararlands, komi ákvæði Varsjársamningsins til framkvæmda, og að sá samningur gildi um og að jafnaði takmarki bótaskyldu flytjenda vegna tjóns eða skaða á farmi.][1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. 1. 46/1956.*

■ **9. gr.** [Nú hefur farmi verið skipað um borð í loftfar með samþykki flytjanda, án þess að flugfarmskírteini hafi verið gefið út eða í flugfarmskírteininu greinir ekki aðvörun þá, sem tilskilin er í c-lið 8. greinar, og skal flytjanda þá óheimilt að notfæra sér ákvæði 2. liðar 22. greinar.][1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

■ **10. gr.** 1. Sendandi ber ábyrgð á, að upplýsingar þær, sem greindar eru í flugfarmskírteininu varðandi vörurnar, séu réttar.

2. [Hann ber ábyrgð á hvers konar tjóni, sem flytjandi kann að bíða eða aðrir þeir, sem flytjandi ber ábyrgð gagnvart, sakir þess að upplýsingar, er hann hefur gefið, eru óreglulegar, ónákvæmar eða ófullkomnar.][1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

■ **11. gr.** 1. Flugfarmskírteini gildir sem sönnun fyrir samningsgerð, móttöku vöru og skilmálum fyrir flutningi, unz annað sannast.

2. Upplýsingar í flugfarmskírteini varðandi þyngd vöru, rúmtak, umbúðir og stykkjatölu skulu taldar réttar þar til annað sannast. Aðrar upplýsingar um magn eða rúmtak vöru eða ástand gilda hins vegar ekki sem sönnun gegn flytjanda, nema hann hafi í viðurvist sendanda athugað þær og staðfest það með áritun á flugfarmskírteini eða upplýsingarnar snerta sýnilegt ástand vöru.

■ **12. gr.** 1. Nú hefur sendandi fullnægt öllum skuldbindingum sínum samkvæmt farmsamningi, og hefur hann þá þann ráðstöfunarrétt yfir vörunni, að hann getur endurheimt hana á brottfarar- eða ákvörðunarstað, að hann getur stöðvað flutninginn, ef lent er á leiðinni, að hann getur látið afhenda vöruna á ákvörðunarstaðnum eða á leiðinni öðrum en þeim, sem tilgreindur er í flugfarmskírteini sem viðtakandi, eða hann getur krafizt þess að varan verði flutt aftur til brottfararstöðvar. Ráðstafanir þessar getur sendandi þó því aðeins gert, að þær hafi eigi í för með sér tjón fyrir flytjanda eða aðra sendendur og að endurgreiddur sé kostnaður, sem af flutningnum leiðir.

2. Sé eigi hægt að framkvæma fyrirmæli sendanda, skal flytjandi tilkynna honum það þegar í stað.

3. Nú fer flytjandi eftir fyrirmælum sendanda um ráðstöfun vöru, án þess að lagt sé fram eintak sendanda af flugfarmskírteini og er flytjandi þá ábyrgur fyrir tjóni, sem sá aðili kann að verða fyrir, er hefur eintakið löglega í sínum vörzlum; halda skal þó flytjandi rétti sínum til að krefjast bóta af sendanda.

4. Réttur sendanda fellur niður um leið og réttur viðtakanda samkv. 13. gr. byrjar. Nú neitar viðtakandi að taka við skírteini eða vöru eða ekki er hægt að ná sambandi við hann, og getur þá sendandi haldið ráðstöfunarrétti sínum.

■ **13. gr.** 1. Með þeirri undantekningu er um ræðir í næstu málsgrein á undan getur viðtakandi þegar varan er komin á ákvörðunarstað krafizt þess, að flytjandi láti af hendi við hann flugfarmskírteinið og vöruna gegn greiðslu þeirrar upphæðar, er hvílir á vörunni, enda uppfylli hann öll þau flutningsskilyrði, sem um ræðir í flugfarmskírteininu.

2. Ef eigi er annað tiltekið, skal flytjandi tilkynna viðtakanda án tafar um komu vörunnar.

3. Nú viðurkennir flytjandi að varan hafi glatazt eða varan er ekki komin fram í síðasta lagi 7 dögum eftir áætlun og getur viðtakandi þá beitt ákvæðum samningsins gegn flytjanda.

■ **14. gr.** Sendandi og viðtakandi geta hvor um sig notað sér öll þau réttindi sem þeir hafa samkv. 12. og 13. gr., gegn því að uppfylla þær skuldbindingar, sem samningurinn leggur þeim á herðar. Gildir það hvort sem þeir koma fram fyrir hönd sjálfs sín eða annarra.

■ **15. gr.** 1. Ákvæði 12., 13. og 14. gr. snerta hvorki sambandið milli sendanda og viðtakanda né sambandið við þriðja aðila, sem byggir rétt sinn á öðrum hvorum hinna.

2. Ákvæðum 12., 13. og 14. gr. verður aðeins breytt sé um það getið í flugfarmskírteini.

[3. Ekkert ákvæði samnings þessa skal skilið svo, að

það geti hindrað útgáfu framseljanlegs flugfarmskírteinis.][1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

■ **16. gr.** 1. Sendanda er skylt að gefa þær upplýsingar og að láta fylgja flugfarmskírteini þau skjöl, sem nauðsynleg teljast til þess að fyrirskipaðar athuganir af hendi tollyfirvalda og lögreglu geti fram farið áður en varan er afhent viðtakanda. Sendandi ber gagnvart flytjanda ábyrgð á tjóni, sem hljótast kann af því, að slíkar upplýsingar eða skjöl vantar eða eru ófullkomin og ekki samkvæmt settum reglum, nema því aðeins, að flytjandi eða starfsmenn hans eigi sök á því.

2. Á flytjandanum hvílir ekki skylda til að rannsaka hvort þessar upplýsingar eða skjöl eru réttar eða tæmandi.

III. kafli. Ábyrgð flytjanda.

■ **17. gr.** Nú lætur farþegi lífið eða verður fyrir líkamsmeiðslum eða heilsutjóni vegna slyss, sem orðið hefur í loftfari eða þegar farið var í loftfar eða úr, og skal þá flytjandi ábyrgur.

■ **18. gr.** 1. Ef farangur eða vara eyðileggst, skemmist eða týnist meðan á loftflutningum stendur, ber flytjandi ábyrgð á tjóninu.

2. Með hugtakinu „loftflutningi" í 1. mgr. er átt við tímabilið meðan farangur eða vara er í vörzlum flytjanda á flugvelli, um borð í loftfari eða við lendingu utan flugvallar annars staðar.

3. Loftflutningur tekur ekki til flutnings á láði eða legi utan flugvallar. Fari slíkur flutningur fram samkv. flutningssamningnum með útskipun, afhendingu eða umhleðslu skal gert ráð fyrir að hvers konar tjón sem af hlýzt hafi orðið meðan á loftflutningi stóð, unz annað sannast.

■ **19. gr.** Flytjandi ber ábyrgð á tjóni, sem verður vegna dráttar við loftflutning farþega, móttekins farangurs eða vöru.

■ **20. gr.** 1. Flytjandi losnar undan ábyrgð, ef hann sannar, að hann sjálfur og starfsmenn hans hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni eða að það hafi eigi staðið í þeirra valdi að gera slíkar ráðstafanir.

2. ...[1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

■ **21. gr.** Nú sannar flytjandi að sá, sem fyrir tjóninu varð, hafi sjálfur verið valdur að því eða hafi átt þátt í því, og getur rétturinn í samræmi við lög viðkomandi lands sýknað flytjanda eða lækkað skaðabæturnar.

■ **22. gr.** 1. [Við flutning farþega í lofti skal bótaábyrgð flytjanda fyrir hvern farþega eigi fara fram úr tvö hundruð og fimmtíu þúsund frönkum. Geri lög lands þess, er skaðabótamál er höfðað í, ráð fyrir greiðslu með afborgunum, skal heildarupphæðin (höfuðstóll) eigi fara fram úr þessu hámarki. Heimilt er þó flytjanda og farþega að gera með sér sérstakan samning um hærra hámark ábyrgðar.

2. a. Við flutning skráðs farangurs og farms skal bótaábyrgð flytjanda eigi fara fram úr tvö hundruð og fimmtíu frönkum fyrir hvert kíló. Hámark þetta gildir þó eigi, ef sendandi hefur við afhendingu vara til flytjanda gefið sérstaka yfirlýsingu um þá hagsmuni, sem við afhendingu á ákvörðunarstað eru tengdir, og greitt aukagjald, ef á þarf að halda. Hin tilgreinda upphæð skal þá vera hámark bótaskyldu flytjanda, nema hann sanni að raunverulegir hagsmunir sendanda eða farþega hafi verið minni.

b. Nú verður tjón, skaði eða töf á hluta skráðs farangurs eða farms eða á einhverjum grip þar í, og skal eigi taka meiri þunga til greina við ákvörðun þeirrar upphæðar, sem ábyrgð flytjanda takmarkast við, en samanlagðan þunga bögguls eða böggla þeirra, er um er að ræða. Nú snertir tjón, skaði eða töf hluta hins skráða farangurs eða farms eða gripa þar í, verðmæti annarra böggla, sem sami farangursseðill eða flugfarmskírteini nær til, og skal þá einnig tekinn til greina samanlagður þungi slíks bögguls eða böggla, þegar ákvarða skal hámark bótaskyldu.

3. Að því er snertir farangur, sem farþegi hefur í sínum vörzlum, er hámark bótaskyldu flytjanda takmarkað við fimm þúsund franka fyrir hvern farþega.

4. Þó að hér sé greint hámark bótaskyldu, er dómstólum þó heimilt í samræmi við landslög að dæma aukalega til greiðslu hluta af málskostnaði eða málskostnaðar alls og til greiðslu annars kostnaðar við málssókn, sem kærandi kann að hafa orðið að greiða. Eigi gildir þó þetta ákvæði, ef bótaupphæðin, sem dæmd er, auk málskostnaðar og annars kostnaðar við málssókn, fer eigi fram úr þeirri upphæð, sem flytjandi hefur skriflega boðizt til að greiða innan sex mánaða frá því er atburður sá varð, sem skaðanum olli, eða áður en málssókn var hafin, ef síðar varð.

5. Upphæðir þær, sem greindar eru í frönkum í þessari grein, skulu miðast við gjaldeyriseiningu, er sé sextíu og fimm og hálft milligramm gulls, sem er níu hundruð þúsundustu að skírleika. Þegar breyta þarf slíkum upphæðum í mynt viðkomandi lands, má láta standa á jafnri mynteiningu. Umreikning umræddra upphæða í mynt viðkomandi lands, nema gullmynt sé, skal fara fram eftir skráðu gullgengi umræddrar myntar á þeim degi, er dómur er upp kveðinn, ef um málssókn verður að ræða.][1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

■ **23. gr.** 1. Hver sá samningur, sem miðar að því að leysa flytjanda undan ábyrgð eða ákveða minni upphæð en þá, sem ákveðin er í samningi þessum, er ógildur, en flutningssamningurinn skal halda gildi sínu og vera háður ákvæðum samnings þessa.

[2. Eigi gildir 1. töluliður þessarar greinar um ákvæði varðandi tjón eða skaða, sem stafar af eðli eða ágalla í farmi þeim, sem fluttur er.][1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

■ **24. gr.** 1. Í tilvikum þeim, er um ræðir í 18. og 19. gr., skal skaðabótamál án tillits til málavaxta, einungis rekið á þeim grundvelli og með þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í samningi þessum.

2. Hið sama gildir um tilvik þau, er um ræðir í 17. gr. Samningur þessi tekur eigi afstöðu til þess, hver eigi rétt á skaðabótum né hvaða tjón sé skaðabótaskylt.

■ **25. gr.** [Takmarkanir þær á bótaskyldu, sem í 22. grein eru upp taldar, skulu eigi gilda, ef það sannast, að tjónið hafi orðið af völdum eða aðgerðaleysi flytjanda, starfsmanna hans eða umboðsmanna, hvort sem gert var í þeim tilgangi að valda tjóni eða af kæruleysi, meðvitandi þess að tjón myndi geta af hlotizt. Þó skal í slíkum tilfellum sanna, að slíkur verknaður eða að-

gerðaleysi starfsmanns eða umboðsmanns hafi gerzt innan verksviðs þeirra.][1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

■ **[25. gr. A.** 1. Nú er mál höfðað gegn starfsmanni eða umboðsmanni flytjanda út af tjóni, sem samningur þessi nær til, og skal honum heimilt, ef hann sannar að hann hafi haldið sér við verksvið sitt, að hagnýta sér takmörkun þá á bótaskyldu, sem flytjanda er sjálfum heimilt að hagnýta sér samkvæmt 22. grein.

2. Í slíku tilfelli skal samanlögð bótafjárhæð sú, er flytjandi, starfsmenn hans eða umboðsmenn eiga að greiða, ekki fara fram úr greindu hámarki.

3. Ákvæði 1. og 2. töluliðs þessarar greinar skulu eigi gilda, ef það sannast, að tjónið hefur orðið af völdum eða aðgerðaleysi starfsmanns eða umboðsmanns, gert í þeim tilgangi að valda tjóni eða af kæruleysi, meðvitandi þess, að tjón myndi geta af hlotizt.][1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

■ **26. gr.** 1. Ef tekið er við skráðum farangri eða vöru án fyrirvara af hálfu viðtakanda, skal talið að munirnir hafi verið óskemmdir og í samræmi við flutningssamninginn unz annað sannast.

2. [Verði um tjón að ræða, ber móttakanda að tilkynna flytjanda það jafnskjótt og þess verður vart, í síðasta lagi sjö dögum eftir móttökudag, ef um farangur er að ræða, og fjórtán dögum, ef um farm er að ræða. Ef um tafir er að ræða, ber að senda slíka kvörtun í síðasta lagi tuttugu og einum degi eftir að afhending hefur farið fram.][1)]

3. Tilkynning skal skráð á flutningsskírteini eða send bréflega áður en frestur er liðinn.

4. Sé tjón eigi tilkynnt innan hinna tilskildu tímamarka falla niður kröfur á hendur flytjanda, enda sé eigi um svik að ræða af hans hálfu.

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

■ **27. gr.** Nú er skuldari látinn og skal þá heimilt að beina skaðabótakröfum samkv. samningi þessum gegn þeim sem tekið hafa við réttindum hans og skyldum.

■ **28. gr.** 1. Skaðabótamál skal höfða í því samningsríki, sem sækjandi ákveður, annað hvort þar sem flytjandi á heima eða hefur aðalskrifstofu sína eða útibú það, sem gerði flutningssamninginn eða loks á ákvörðunarstaðnum.

2. Réttarfarsákvæði fara eftir lögum þess lands, sem mál er höfðað í.

■ **29. gr.** 1. Réttur til að höfða skaðabótamál fellur niður, ef mál er eigi höfðað innan tveggja ára frá því að loftfar kom á ákvörðunarstað eða frá þeim degi að loftfar skyldi koma þangað eða frá því að flutningur stöðvaðist.

2. Ákvörðun frests fer eftir lögum þess lands, sem mál er höfðað í.

■ **30. gr.** 1. Ef fleiri en einn flytjandi eiga hver á eftir öðrum að sjá um flutning þann, er um ræðir í 1. gr. 3. mgr., skal hver þeirra hlíta ákvæðum samnings þessa, ef hann tekur við farþegum, skráðum farangri eða vörum, og skal hlutaðeigandi flytjandi talinn aðili flutningssamnings að svo miklu leyti sem þann hluta flutningsins snertir, sem honum ber að sjá um.

2. Farþegi eða þeir, er taka við réttindum hans, geta einungis beint kröfum sínum til þess flytjanda, sem hefur séð um þann hluta flutningsins, sem tjón eða dráttur varð í sambandi við, enda hafi fyrsti flytjandi eigi samkvæmt beinum samningi tekið að sér ábyrgð á öllum flutningnum.

3. Þegar um er að ræða flutning á skráðum farangri eða vörum, getur sendandi beint kröfum sínum til fyrsta flytjanda, en sá sem rétt á á afhendingu getur beint sínum kröfum til síðasta flytjanda. Hvor um sig getur þar að auki snúið sér að þeim flytjanda, sem sá um flutninginn, þegar eyðilegging, glötun, tjón eða dráttur varð. Flytjendur þessir eru ábyrgir in solidum gagnvart sendanda og þeim, sem afhenda ber vöruna.

IV. kafli. Flutningur með ýmislegum farartækjum.

■ **31. gr.** 1. Nú fer flutningur sumpart fram með loftfari, en sumpart með einhverju öðru farartæki, og gilda þá ákvæði samnings þessa einungis að því er snertir loftflutninginn og því að hann uppfylli skilyrði 1. gr.

2. Samningur þessi skal eigi vera því til fyrirstöðu, að aðilar flutningssamnings taki skilmála þess flutnings, sem eigi fer fram í lofti, upp í loftfarmskírteini, enda sé farið eftir ákvæðum samnings þessa varðandi loftflutninginn.

V. kafli. Lokaákvæði.

■ **32. gr.** Ógildir skulu vera hvers konar fyrirvarar í flutningssamningi og hvers konar sérstakir samningar, sem gerðir eru áður en tjón verður, og miða að því að ganga fram hjá reglum samnings þessa varðandi þau lög, sem fara skal eftir, eða varðandi varnarþing. Þegar um er að ræða flutning á vörum, skal þó heimilt að semja um gerðardómsákvæði, enda skal gerðin fara fram á einhverjum stað, sem er löglegt varnarþing samkv. 28. gr. 1. mgr. og skal málið útkljáð samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

■ **33. gr.** Ekkert ákvæði samnings þessa skal vera því til fyrirstöðu, að flytjandi neiti að gera flutningssamning eða ákveði flutningsskilmála, sem eigi brjóta í bága við samning þennan.

■ **34. gr.** [Ákvæði 3.—9. greinar að báðum meðtöldum, sem ná til flutningsskilríkja, skulu eigi gilda, þegar flutningur fer fram undir óvenjulegum kringumstæðum, utan venjulegs flugrekstrar.][1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

■ **35. gr.** Með hugtakinu dagur í samningi þessum er átt við vikudag en ekki vinnudag.

■ **36. gr.** Samningur þessi er gerður á frönsku í einu eintaki, sem geymt skal í skjalasafni utanríkisráðuneytis Póllands. Staðfest afrit samningsins skal ríkisstjórn Póllands láta hverjum samningsaðila í té.

■ **37. gr.** 1. Samning þennan skal fullgilda. Fullgildingarskjöl skal varðveita í skjalasafni utanríkisráðuneytis Póllands, sem skal tilkynna afhendingu fullgildingarskjala öllum samningsaðilum.

2. Þegar fimm aðilar hafa fullgilt samning þennan skal hann ganga í gildi þeirra í milli á nítugasta degi eftir að fimmta fullgildingarskjalið var afhent. Hann skal ganga í gildi milli ríkja, sem hafa fullgilt hann, og ríkis, sem síðar afhendir fullgildingarskjal sitt, á nítugasta degi eftir þá afhendingu.

3. Ríkisstjórn lýðveldisins Póllands skal tilkynna ríkisstjórn hvers aðila hvenær samningur gengur í gildi og hvenær hvert fullgildingarskjal er afhent.

1949 Nr. 41 25. maí

■ **38. gr.** 1. Þegar samningur þessi er genginn í gildi, skal hverju ríki heimilt að gerast aðili að honum.

2. Aðild fer fram með tilkynningu til ríkisstjórnar lýðveldisins Póllands, er skal skýra öðrum aðilum frá aðildinni.

3. Aðild tekur gildi á nítugasta degi eftir að ríkisstjórn lýðveldisins Póllands hefur verið tilkynnt um hana.

■ **39. gr.** 1. Sérhver aðili samnings þessa getur sagt honum upp með því að tilkynna uppsögnina ríkisstjórn lýðveldisins Póllands, en hún skal án tafar skýra öllum aðilum frá uppsögninni.

2. Uppsögnin gengur í gildi sex mánuðum eftir að tilkynning um uppsögn hefur farið fram, en einungis að því er varðar þann aðila, sem uppsögn hefur tilkynnt.

■ **40. gr.** 1. Samningsaðilar geta við undirritun, afhendingu fullgildingarskjals eða um leið og þeir gerast aðilar að samningi þessum lýst yfir því, að þeir undanskilji ákvæðum samnings þessa allar eða nokkrar nýlendna sinna, verndarlönd, gæzlusvæði eða aðrar lendur, er lúta þeirra fullveldi, yfirráðum eða umráðum.

2. Aðilar geta og síðar staðfest samninginn sérstaklega að því er varðar allar eða nokkrar af nýlendum þeirra, verndarlöndum, gæzlusvæðum eða öðrum lendum, er lúta þeirra fullveldi, yfirráðum eða umráðum og voru undanskildar ákvæðum samningsins í hinni upphaflegu yfirlýsingu þeirra.

3. Loks geta aðilar samkvæmt ákvæðum þessum sagt upp samningi þessum sérstaklega, að því er varðar allar eða nokkrar af nýlendum sínum, verndarlöndum, gæzlusvæðum eða öðrum lendum, er lúta fullveldi þeirra, yfirráðum eða umráðum.

■ [**40. gr. A.** 1. Í 2. tölulið 37. greinar og 1. tölulið 40. greinar skal orðið *aðili (samningsaðili)* (Haute Partie Contractante) merkja *ríki*. Í öllum öðrum tilvikum skal orðið *aðili* merkja ríki, sem fullgilt hefur samninginn eða gerzt aðili að honum með virkum hætti, eða ríki, sem sagt hefur samningnum upp, ef uppsögn þess hefur ekki gengið í gildi.

2. Að því er samning þennan snertir, merkir orðið *landsvæði* (territoire) ekki einungis heimaland ríkis, heldur einnig öll önnur landsvæði, sem ríkið fer með utanríkismál fyrir.][1)]

[1)] *Viðbótarsamn., sbr. l. 46/1956.*

■ **41. gr.** Hver samningsaðili getur, þegar tvö ár eru liðin frá gildistöku samnings þessa, óskað eftir því að ný alþjóðaráðstefna verði kölluð saman til þess að rannsaka á hvern hátt muni hægt að endurbæta samning þennan. Hlutaðeigandi aðili skal í þessu skyni snúa sér til ríkisstjórnar Frakklands, sem skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að undirbúa ráðstefnuna.

□ Samningur þessi, sem gerður er í Varsjá hinn 12. október 1929, skal liggja frammi til undirskriftar til 31. janúar 1930.

□ (Undirskriftir.)

Viðbótarbókun.

Við 2. gr. Samningsaðilar áskilja sér rétt til þess að lýsa því yfir við fullgildingu eða staðfestingu samningsins, að ákvæði 1. mgr. 2. gr. hans taki ekki til loftflutninga milli landa, sem framkvæmdir eru beinlínis af ríkinu, nýlendum þess, verndarlendum, gæzlulendum eða öðrum lendum, sem eru undir fullveldi þess, vernd eða yfirráðum.

1949 Nr. 41 25. maí

□ (Undirskriftir.)

[II. kafli. Gildi samningsins svo sem honum hefur verið breytt.

■ **XVIII. gr.** Svo sem samningnum hefur verið breytt með viðbótarsamningi þessum, skal hann gilda um flutninga landa í milli, svo sem þeim er lýst í 1. grein hans, ef brottfarar- og ákvörðunarstaður, sem tilteknir eru í þessari grein, eru annaðhvort í löndum tveggja aðila að samningnum eða innan landsvæðis sama aðila, ef umsaminn viðkomustaður er innan landsvæðis annars ríkis.][1)]

[1)] *Viðbótarsamningur, sbr. l. 46/1956. Tók gildi 1. ágúst 1963. Stjtíð. C 9/1963.*

Lög um stjórn flugmála.

1950 Nr. 119 28. des.

■ **1. gr.** Flugráð, skipað fimm mönnum, hefur á hendi stjórn flugmála undir yfirstjórn ráðherra.[1)] Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar í ráðið tvo menn með sérþekkingu á flugmálum, annan til 8 ára og hinn til 4 ára, og sé hinn fyrrtaldi formaður ráðsins. Með sama hætti skulu kosnir og skipaðir 5 varamenn í flugráð.

□ Þóknun til flugráðsmanna skal ákveðin af ráðherra, og greiðist hún úr ríkissjóði.

[1)] *Rg. 235/1976.*

■ **2. gr.** Ráðherra skipar [flugmálastjóra],[1)] að fengnum tillögum flugráðs. Hann skal annast rekstur og viðhald flugvalla ríkisins og öll önnur störf, sem flugið varða, svo sem nýbyggingu flugvalla, loftferðaeftirlit og öryggisþjónustu, undir stjórn flugráðs.

□ Í erindisbréfi [flugmálastjóra],[1)] er ráðherra setur, að fengnum tillögum flugráðs, skal nánar kveðið á um störf hans.

□ Ráðherra ræður og skipar fasta starfsmenn [flugmálastjóra][1)] til aðstoðar, eftir því sem þörf krefur, að fengnum tillögum flugráðs.

□ Þar til laun [flugmálastjóra][1)] og annarra fastra starfsmanna verða ákveðin í launalögum,[2)] skulu þau ákveðin af ráðherra og greiðast úr ríkissjóði.[3)]

[1)] *L. 26/1954.* [2)] *Nú l. 46/1973 og l. 29/1976.* [3)] *Rg. 204/1952, sbr. 46/1953.*

■ **3. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 17/1982.*

■ **4. gr.** Ráðherra setur reglur,[1)] eftir því sem þurfa þykir, um afnot og rekstur þeirra flugvalla og lendingarstaða, sem um getur í lögum nr. 24 12. febrúar 1945,[2)] þar á meðal um hvers konar umferð um flugvelli og flugvallasvæði, svo og um alla framkvæmd laga þessara. Brot gegn slíkum reglum varða sektum, allt að 30 000 krónum, varðhaldi eða fangelsi. ...

[1)] *Rg. 94/1957. Rg. 53/1949, sbr. 128/1961.* [2)] *Nú l. 34/1964.*

Lög um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands h. f. og Loftleiða h. f.

1974 Nr. 30 27. mars

■ **1. gr.** Flugfélagi Íslands h. f. og Loftleiðum h. f. skal, þrátt fyrir ákvæði 1. ml. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921,[1)] sameiginlega heimilt að stofna hlutafélag, sem tekur við yfirstjórn allra eigna og rekstrar hlutafélaganna.

[1)] *Nú l. 32/1978.*

■ **2. gr.** Hinu nýja hlutafélagi skal heimilt að eiga öll

1974 Nr. 30 27. mars

hlutabréf í Flugfélagi Íslands h. f. og Loftleiðum h. f., og skal þess ekki krafist, að stjórnarmenn Flugfélags Íslands h. f. eða Loftleiða h. f. séu hluthafar í þeim félögum.

■ **3. gr.** Ákvæði 2. ml. 2. mgr. 31. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, skulu ekki gilda um Flugfélag Íslands h. f. og Loftleiðir h. f.

■ **4. gr.** Hið nýja félag, Flugfélag Íslands h. f. og Loftleiðir h. f. skulu, að því er varðar álagningu opinberra gjalda, teljast einn skattaðili.

■ **5. gr.** Árin 1974—1980, að báðum árum meðtöldum, skulu hlutabréf í hinu nýja félagi því aðeins teljast eignarskattskyld eign í hendi hluthafa, að arður, sem úthlutað var til greiðslu á skattárinu, hafi numið 3% eða meiru.

■ **6. gr.** Tímatakmörkun sú á heimild til úthlutunar jöfnunarhlutabréfa, sem ákveðin er með IV. lið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. tl. 22. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á þeim lögum, skal ekki taka til úthlutunar hlutabréfa vegna hlutabréfaskipta í tengslum við aðild Flugfélags Íslands h. f. og Loftleiða h. f. að hinu nýja sameiginlega félagi.

1980 Nr. 74 26. nóv.

Lög um málefni Flugleiða hf.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á láni sem nemur allt að 3 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum og tekið er til eins árs í því skyni að mæta rekstrarhalla, ef verður, á flugi félagsins milli Luxemborgar og Bandaríkjanna frá 1. okt. 1980 til 30. sept. 1981. Ríkissjóði er jafnframt heimilt að standa undir vöxtum af láni þessu.

□ Lendingargjöld, leigugjöld vegna aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, svo og tekju- og eignarskatt og launaskatt og önnur gjöld ber félaginu að greiða á réttum gjalddögum, en þann hluta þessara gjalda sem rekja má til Norður-Atlantshafsflugsins fær félagið endurgreiddan við skuldauppgjör, sbr. 3. mgr.

□ Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1982 skal tillaga gerð um hlutdeild ríkissjóðs í uppgjöri þessa láns með hliðsjón af rekstrarafkomu fyrirtækisins á ofangreindri flugleið umrætt tímabil, að teknu tilliti til þeirrar endurgreiðslu sem um er rætt í 2. mgr., og miðað við þær tekjur sem telja má að ríki og sveitarfélög hafi haft undanfarin ár af flugi á umræddri flugleið.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að auka hlutafjáreign ríkissjóðs í Flugleiðum hf. í allt að 20% hlutafjár.

■ **3. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á lánum sem nema allt að 12 milljónum bandaríkjadala til að bæta rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins.

■ **4. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að fella niður ógreidd lendingargjöld Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli af Atlantshafsfluginu fram til 1. október 1980. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að semja um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, sérstöku vörugjaldi og söluskatti af tölvubúnaði til farþegabókhalds fyrirtækisins. Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að fella niður stimpilgjöld af lánsskjölum sem gefin voru út vegna kaupa Flugleiða hf. á flugvél af gerðinni Boeing 727-200 á árinu 1980.

1980 Nr. 74 26. nóv.

■ **5. gr.** Við veitingu ríkisábyrgða skv. 1. og 3. gr. er ríkisstjórninni heimilt að setja þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg, þ. á m. að fyrirtækið standi skil á opinberum gjöldum og aukin verði áhrif starfsfólks á stjórn fyrirtækisins með sölu hlutabréfa.

1981 Nr. 8 9. apríl

Lög um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf.

■ **1. gr.** Takist ekki samkomulag um sameiningu starfsaldurslista þeirra félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Félags Loftleiðaflugmanna, sem starfa hjá Flugleiðum hf., fyrir milligöngu sérstakrar sáttanefndar samkvæmt 3. gr. laga nr. 33 16. maí 1978, tilnefnir Hæstiréttur Íslands þrjá menn sem úrskurðaraðila um það efni.

□ Hæstiréttur Íslands kveður á um hver hinna þriggja úrskurðaraðila skuli vera formaður.

□ Úrskurðaraðilar setja sér starfsreglur og afla sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum, sem og fyrirsvarsmönnum Flugleiða hf. og stéttarfélaga þeirra, sem hlut eiga að máli.

■ **2. gr.** Úrskurðaraðilar skulu hefja störf ef starf sáttanefndarinnar ber ekki árangur, þó ekki síðar en innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara.

■ **3. gr.** Vinnustöðvun sú, sem boðuð er frá og með 10. apríl 1981, vegna deilu um starfsaldurslista er óheimil, svo og aðrar vinnustöðvanir í því skyni að knýja fram aðra skipan mála en lög þessi gera ráð fyrir.

■ **4. gr.** Ákvarðanir úrskurðaraðila skulu vera bindandi fyrir hlutaðeigandi frá 15. mars 1981.

■ **5. gr.** Laun úrskurðaraðila greiðist úr ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra.

■ **6. gr.** Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

1977 Nr. 36 13. maí

Lög um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

■ **1. gr.** Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn póst-, síma- og annarra fjarskiptamála.

■ **2. gr.** Póst- og símamálastofnun fer með framkvæmd póst- og símamála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum og reglum, sem gilda um póstmál og fjarskipti.

■ **3. gr.** Starfsemi póst- og símamálastofnunar skal beinast að því að tryggja sem best, að hér á landi sé kostur á hagkvæmri og fullkominni póst- og símaþjónustu.

□ Póst- og símamálastofnun hefur einkarétt á að stofna til og starfrækja hvers konar póst-, síma- og aðra fjarskiptaþjónustu, bæði innan hins íslenska ríkis og í samskiptum við önnur ríki, svo og hafa eftirlit með innflutningi og viðurkenningu á búnaði í því sambandi. Nánar skal kveðið á um framkvæmd einkaréttar stofnunarinnar í póstlögum og lögum um fjarskipti, svo og í reglugerðum, sem ráðherra setur, og í fjölþjóðlegum samningum, sem Ísland er aðili að.

■ **4. gr.** Forseti Íslands skipar póst- og símamálastjóra, sem veitir póst- og símamálastofnun forstöðu.

☐ Samgönguráðherra skipar annað starfsfólk stofnunarinnar, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra og starfsmannaráðs póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr. Ráðherra getur þó falið póst- og símamálastjóra að auglýsa lausar stöður og ganga frá skipunarbréfum í stöður hjá póst- og símamálastofnun.

■ **5. gr.** Starfsemi póst- og símamálastofnunar greinist í meginatriðum í stjórnunarhluta stofnunarinnar og rekstrarhluta.

☐ Stjórnunarhluti stofnunarinnar skiptist í fjórar aðaldeildir, fjármáladeild, tæknideild, umsýsludeild og viðskiptadeild.

☐ Rekstrarhluti stofnunarinnar skiptist í fjögur póst- og símaumdæmi.

☐ Hverri aðaldeild stjórnar framkvæmdastjóri, en umdæmisstjóri hverju umdæmi. Framkvæmdastjórar og umdæmisstjórar heyra beint undir póst- og símamálastjóra.

■ **6. gr.** Aðaldeildir vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum, sem varða stofnunina.

☐ Helstu verkefni hverrar aðaldeildar eru m. a. sem hér segir:

1. **Fjármáladeild:** fjárhagsáætlanir stofnunarinnar, þ. m. t. allar almennar áætlanir vegna rekstrar og framkvæmda, reikningshald stofnunarinnar og aðalbókhald, fjárreiður og gerð greiðsluáætlana, endurskoðun undir yfirumsjón ríkisendurskoðunar, rekstraryfirlit, hagkvæmnisútreikningar, innkaup, aðalbirgðavarsla og gjaldskrármál.

2. **Tæknideild:** tæknileg áætlanagerð varðandi síma og önnur fjarskiptamál, uppsetning á sjálfvirkum stöðvum, sambandabúnaður, radíósambönd stofnunarinnar, radíóeftirlit, tíðnieftirlit, fjölþjóðasamskipti um síma- og fjarskiptamál.

3. **Umsýsludeild:** skipulags- og hagræðingarmál, starfsmannamál, fræðslumál stofnunarinnar, bygging og umsýsla fasteigna og almenn þjónustumál innan stofnunar, skipulag skjalasafna og umsjón mötuneyta.

4. **Viðskiptadeild:** mál sem lúta að þjónustu stofnunarinnar við notendur almennt, bæði að því er varðar póstmál og símamál, skipulag póst- og símaþjónustu, póstþjónustu og póstdreifingar, póstgíró, umferðarmáladeild, frímerkjaútgáfa og -varsla, símaskrá, almannatengsl og upplýsingaþjónusta, útgáfa reglna og fyrirmæla um framkvæmd póst- og símaþjónustu og eftirlit með því, að þeim sé fylgt, kvartanir og skaðabótamál. Nánar skal kveðið á um starfsemi aðaldeilda í reglugerð, sem ráðherra setur.

■ **7. gr.** Póst- og símaumdæmin skulu annast allan rekstur stofnunarinnar hvert á sínu svæði.

☐ Umdæmi I nær af Skeiðarársandi í Gilsfjarðarbotn, umdæmi II þaðan að mörkum Strandasýslu og Vestur-Húnavatnssýslu, umdæmi III þaðan að mörkum Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, umdæmi IV þaðan á Skeiðarársand.

☐ Umdæmisstjórar hafa hver í sínu umdæmi yfirstjórn og eftirlit með rekstri póst- og símastöðva, verkstæða, birgðastöðva og öðrum rekstri á vegum póst- og símamálastofnunar í umdæminu, í samræmi við rekstraráætlanir og önnur þau fyrirmæli, er gilda um rekstur stofnunarinnar. Umdæmisstjóri skal hafa eftirlit með fjárreiðum og birgðum hjá póst- og símastöðvum og öðrum þeim, sem fara með fjárreiður eða eignir stofnunarinnar í umdæminu. Hann skal eiga frumkvæði að tillögugerð um framkvæmdir stofnunarinnar og bættan rekstur.

☐ Nánar skal kveðið á um starfssvið og skyldur umdæmisstjóra og starfsskiptingu innan umdæmisins í reglugerð, sem ráðherra setur.

■ **8. gr.** Póst- og símamálastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega kalla saman fund með framkvæmdastjórum aðaldeilda og umdæmisstjórum stofnunarinnar. Á þeim fundum skal póst- og símamálastjóri leggja fram rekstrar- og framkvæmdaáætlanir, sbr. 9. gr., til umræðu, ásamt öðrum þeim málum, sem á dagskrá eru hverju sinni, og skulu þar rædd meginstefnumál og verkefni stofnunarinnar. Ár hvert skal a. m. k. einn þessara funda vera sameiginlegur með starfsmannaráði póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr.

■ **9. gr.** Póst- og símamálastjóri lætur gera, til fjögurra ára í senn, áætlun um framkvæmdir stofnunarinnar. Skal áætlunin taka mið af 1. mgr. 3. gr. laga þessara, byggja á raunhæfum fjárhagsforsendum og skal framkvæmdum raðað eftir forgangsröð.

☐ Áætlun þessa skal endurskoða árlega, þannig að ávallt liggi fyrir áætlun til fjögurra ára.

☐ Áætlunin skal greina markmið stofnunarinnar á einstökum þjónustusviðum og hafa að geyma yfirlit um æskilegar þjónustubreytingar á áætlunartímanum. Þá skal áætlunin innihalda rekstraráætlun í meginatriðum og fjármögnunaráætlun fyrir sama tímabil.

☐ Póst- og símamálastofnun skal senda samgönguráðuneytinu framkvæmdaáætlunina eigi síðar en 31. maí á undan fyrsta ári áætlunartímabilsins. Samgönguráðherra leggur framkvæmdaáætlunina fyrir Alþingi og skal hún höfð til hliðsjónar við afgreiðslu fjárlaga. Endurskoðaða áætlunin skal lögð fyrir Alþingi á sama hátt, en árleg töluleg endurreiknun skal fylgja fjárlagatillögum stofnunarinnar.

■ **10. gr.** Komið skal á fót starfsmannaráði póst- og símamálastofnunar, skipuðu fulltrúum samtaka starfsmanna stofnunarinnar og forstöðumönnum tiltekinna þátta í stofnuninni.

☐ Ráðherra setur reglur[1] um skipan og starfssvið starfsmannaráðs, þar sem leitast skal við að tryggja gott samstarf og samheldni milli starfsfólksins og stjórnenda stofnunarinnar.

[1] *Rg. 5/1983.*

■ **11. gr.** Ráðherra ákveður í gjaldskrá[1] gjöld þau, sem greiða ber póst- og símamálastofnun fyrir þjónustu þá, sem hún veitir, þ. á m. fyrir póstgíró og uppsetningu, leigu og viðhald hvers konar fjarskiptatækja.

☐ Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð, hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á.

☐ Ráðherra er heimilt að ákveða, að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu.

☐ Að því skal stefnt, að tekjur samkvæmt gjaldskrá nægi til að rekstrarjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.

[1] *Gjskr. og reglur, 29/1983.*

1977 Nr. 36 13. maí

■ **12. gr.** Starfsmaður sá, sem skipaður hefur verið í stöðu hjá póst- og símamálastjórn samkvæmt eldri lögum, skal við gildistöku laga þessara talinn skipaður til hliðstæðs starfs hjá póst- og símamálastofnun, en þó skal honum skylt að hlíta breyttri starfstilhögun og verkaskiptingu, sem leiða kann af lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

■ **13. gr.** Ráðherra er rétt að setja nánari ákvæði um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

■ **14. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

□ Jafnframt falla úr gildi lög nr. 8 9. jan. 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, lög nr. 11 14. júní 1929, um einkasíma í sveitum o. fl., svo og önnur ákvæði, sem í bága kunna að fara við lög þessi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Áætlanir þær, sem um er fjallað í 9. gr., skulu gerðar í fyrsta skipti til tveggja ára og sendar samgönguráðuneytinu eigi síðar en 31. maí 1977, og ná til áranna 1978 og 1979.

□ Á árinu 1978 skal póst- og símamálastofnun gera áætlun til fjögurra ára fyrir tímabilið 1979—1983 í samræmi við 9. gr.

1940 Nr. 31 12. febr.

Póstlög.

I. kafli. Umönnun og skil póstsendinga.

■ **1. gr.** Póststjórnin veitir viðtöku til flutnings, umönnunar og skila:

a. *Bréfasendingum* með utanáskrift. Þar til teljast bréf, spjaldbréf, bréfspjöld (einföld og með fyrirframgreiddu svari), verzlunarskjöl, prent, sýnishorn af vöru og blandaðar sendingar (verzlunarskjöl, prent, sýnishorn af vöru eða tvennt af þessum tegundum í sömu umbúðum). Bréf, verzlunarskjöl og prent mega vega allt að 2000 g, sýnishorn af vöru allt að 500 g og blandaðar sendingar allt að 2000 g, ef ekki er í þeim sýnishorn af vöru, annars 500 g. Prentað mál með upphleyptu letri fyrir blinda menn má vega allt að 7000 g hver sending.

b. *Bögglum* með áletraðri utanáskrift.

c. *Skrásettum bréfapóstsendingum.* Öll þau bréf skulu vera skrásett, sem gjaldgeng mynt er lögð í, handhafaskuldabréf eða aðrar skuldajátningar, sem eru nýtar handhafa, án þess að verðupphæð sé tilgreind. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, sbr. 22. gr.

d. *Bréfapóstsendingum og bögglum með tilgreindu verði* með áletraðri utanáskrift. Tilgreint verð má ekki vera hærra en sannvirði innihaldsins. Fullt verð sendingar þarf ekki að tilgreina, nema beðizt sé talningar, þegar sendingin er látin í póst.

e. *Póstávísunum.*

f. *Póstkröfum* á bréfapóstsendingum og bögglum.

g. *Póstinnheimtum.*

h. *Blöðum og tímaritum,* sem menn skrifa sig fyrir. Til blaða og tímarita skal telja sérhvert blað eða rit, sem prentað er eða margfaldað, þegar það á að koma út einu sinni eða oftar á ári í heftum, sem hafa sameiginlegan titil og hvert fyrir sig vegur ekki yfir 500 g.

□ Póststjórnin setur með reglugerð (sbr. 26. gr.) ákvæði um nánari skilyrði fyrir því, að sendingar þær, sem taldar eru undir liðunum a—h, séu teknar til póstflutnings, meðal annars um stærð sendinganna, þyngd böggla, hámarksupphæð póstávísana, póstkrafna og póstinnheimtusendinga, svo og gerð eyðublaða og notkun.

1940 Nr. 31 12. febr.

■ **2. gr.** Fyrir utan þau störf, sem nefnd eru í 1. gr., hefur póststjórnin heimild til að taka að sér önnur störf, sem samrýmanleg eru ætlunarverki hennar, og gera ákvarðanir, svo sem:

a. Að ákveða, hve langt frá pósthúsinu staðartaxti megi gilda.

Þó getur staðartaxti eigi gilt fyrir lengri veg en 7 kílómetra frá pósthúsi, nema innansveitar sé, og venjulega aðeins fyrir umdæmi hvers einstaks pósthúss, eða fyrir sendingar, sem eigi eru fluttar með pósti út úr pósthúsinu sjálfu. Staðartaxti má þó gilda um póstflutning milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

b. Að ákveða, hvort útburður póstsendinga skuli framkvæmdur á kostnað póstsjóðs á vissum svæðum.

c. Útburð póstsendinga með hraðboða.

d. Blaðaáskriftir, sendingu útgefandaprents og póstáritun blaða og tímarita.

e. Útgáfu ferðapóstávísana.

f. Pósttékka- og póstfærslu-starfsemi (póstgíró).

g. Staðfestingu á innihaldi póstsendinga.

h. Vátryggingu fram yfir áritað verð.

i. Útgáfu skilríkisspjalda.

j. Útbýtingu á utanáskriftarlausum sendingum.

k. Flutning á farþegum og póstbögglum með bifreiðum.

l. Að ákveða aukagjald fyrir flutning póstsendinga loftleiðis.

m. Innheimtu á opinberum gjöldum, svo sem tollum og afnotagjöldum útvarps.

n. Sölu greiðslumerkja.

□ Nánari ákvæði um framkvæmd þessara starfa, svo og gjaldskrá fyrir þau, setur póststjórnin með reglugerð (sbr. 26. gr.).

■ **3. gr.** Með póstum má ekki flytja:

a. Hluti, sem bannað er að dreifa út, eða hluti, sem að ytra útliti bera með sér eitthvað ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi.

b. Hluti, sem hætta er búin af að flytja, svo sem hluti, er auðveldlega getur kviknað í við núning, loftaðstreymi eða á annan hátt, sprengihætta og ætandi hluti, og hluti, sem sýkingarhætta getur stafað af, svo og daunilla hluti og hluti, sem sérstakir erfiðleikar eru á að flytja vegna þyngdar, lögunar eða ófullnægjandi umbúnaðar. Póststjórninni skal þó heimilt að veita undanþágu fyrir slíka hluti, ef komið er í veg fyrir hættu eða óhagræði af flutningi þeirra eins og frekast er unnt, með sérstökum ráðstöfunum, og ástæður að öðru leyti mæla með flutningnum.

c. Hluti þá til útlanda, sem bannaður er flutningur á samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, eða sérsamningum við önnur ríki.

□ Leiki grunur á, að sendingu beri að útiloka frá póstflutningi, getur póststjórnin krafizt þess að sendingin sé opnuð í viðurvist póstmanns af sendanda eða viðtakanda, ef svo ber undir. Sé kröfunni ekki sinnt, má póststjórnin neita sendingunni viðtöku eða, sé hún komin í hennar vörzlur, fara með hana eins og sendingu, sem eigi verður komið til skila.

□ Sé þagað um innihald þess konar sendinga eða rangt frá skýrt, á póststjórnin heimtingu á bótum frá sendanda

fyrir skaða þann, sem kann að hljótast af flutningi sendinganna, auk þess sem sendandi skal sæta sektum samkv. 22. gr., nema þyngri refsing liggi við.

■ **4. gr.** Umönnun og skil póstsendinga, sem getið er um í 1. grein, nær til flutnings þeirra milli pósthúsa, til að safna þeim saman úr bréfakössum, láta þær í pósthólf, gera aðvart um þær og að bera þær út til viðtakenda á þeim stöðum, þar sem slíkum útburði er komið á (sbr. 2. gr. b).

□ [Í Reykjavík og annars staðar í landinu, þar sem daglegur bréfaútburður fer fram og slíkt þykir henta, getur póstmeistari með samþykki póst- og símamálastjórnar, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem póst- og símamálaráðherra setur, gert húseigendum skylt að setja upp bréfakassa í eða við hús sín, á þeim stað, sem póstmeistari samþykkir, undir þann póst, sem í húsið á að fara. Skal gerð kassanna háð samþykki póstmeistara, og er húseigendum skylt að halda þeim við.

□ Nú lætur húseigandi undir höfuð leggjast að sinna fyrirmælum póstmeistara, og varðar það sektum samkvæmt 22. gr., og heimilast þá póstmeistara, ef svo ber undir, að útvega, setja upp og halda við bréfakössum á kostnað húseiganda. Kostnað þennan má krefja með lögtaki.][1)]

[1)] *L. 73/1954, 1. gr.*

II. kafli. Einkaréttur póststjórnarinnar, þagnarskylda póstmanna, póstleynd m. m.

■ **5. gr.** Póststjórnin hefur, með þeim undantekningum, sem nefndar verða í þessari grein, einkarétt til flutnings innanlands og til útlanda á:

1. Lokuðum bréfum, hvert sem innihald þeirra kann að vera.

2. Öðrum lokuðum sendingum, er fullnægja skilyrðum til þess að vera veitt viðtaka í póst, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prent útfyllt með skrift.

3. Spjöldum með rituðum orðsendingum eða prentuðum og útfylltum með skrift.

Slíkar sendingar, sem koma frá útlöndum og eiga að fara til viðtakanda í landinu eða flytjast áfram í transit yfir íslenzkt póstsvæði eða með íslenzku póstskipi, skulu þegar í stað afhentar póststjórninni.

4. Í bæjum, þar sem komið hefur verið á daglegum útburði póstbréfa, má enginn reka það sem atvinnu að safna saman, flytja eða bera út bréfapóstsendingar, sem nefndar eru í 1. gr. a, c og d.

□ Póstar, fylgdarmenn eða samferðamenn þeirra, yfirmenn, starfsmenn, skipverjar eða farþegar á póstskipum, vagnstjórar eða farþegar á sérleyfisbifreiðum og bifreiðum, sem hafa undanþágu frá sérleyfi, mega ekki flytja sjálfir eða hafa meðferðis utan pósttösku sendingar, sem nefndar eru í 1. gr. a, c og d.

□ Þó eru þessar undanþágur:

a. Þegar sendingarnar eru frímerktar samkvæmt töxtum póststjórnarinnar og frímerkin síðan gerð ógild þannig, að póststjórnin verður ekki fyrir neinum tekjumissi, þótt sendingarnar séu sendar utan pósts.

b. Þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða fyrir mann, sem hann er háður.

c. Útgerðarmenn póstskipa, póstvagna og annarra sérleyfisbifreiða og bifreiða með undanþágu frá sérleyfi mega nota þessi flutningatæki sín til þess að flytja bréf og peningasendingar í þágu útgerðarinnar einnar milli stjórnenda og starfsmanna sín á milli.

□ Öllum óviðkomandi er óheimilt að nota merki póst- og símamálastjórnarinnar, póstlúður með stjörnu og örvum í gegn með kórónu yfir.

□ Sömuleiðis er einstaklingum og stofnunum óheimilt að hengja upp á almannafæri kassa, er að lit, lögun og gerð eru áberandi líkir bréfakössum póststjórnarinnar.

■ **6. gr.** a. Enginn, sem er í þjónustu póststjórnarinnar, má gefa nokkrum óviðkomandi manni neina vísbendingu um það, hvernig aðrir noti póstinn, né heldur veita neinum tækifæri til þess að útvega sér slíka vitneskju. Eigi má heldur neitt af því, sem látið er á póst til flutnings, opna né lesa af óviðkomandi mönnum. Þagnarskylda hvílir áfram á viðkomanda, þótt hann fari úr þjónustunni.

b. Sendingar, sem ekki verður komið til skila, má póststjórnin opna eingöngu í því skyni að komast eftir, hver sendandi sé, svo auðið sé að afhenda honum sendinguna. Skal þetta gert samkv. reglum, er póststjórnin setur. Póststjórninni er og heimilt að leyfa opnun sendinga á fyllilega tryggan hátt í öðrum tilfellum, þegar það er nauðsynlegt vegna flutnings þeirra eða til þess að rannsaka og koma í veg fyrir skemmdir, sem sending kann að verða fyrir í pósti.

c. Vald það, sem dómendum og lögreglustjórum er veitt að lögum til þess að krefjast í sérstökum tilfellum upplýsinga um notkun póstsins, opna póstsendingar til annarra m. m., má eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar veita öðrum hliðstæðum yfirvöldum, einkum tollyfirvöldum, þegar nauðsynlegt þykir til framkvæmda á ákvæðum gildandi laga um eftirlit með inn- og útflutningi.

III. kafli. Um póstferðir og póstflutning.

■ **7. gr.** Póststjórnin skal sjá um, að póstflutningur komist reglulega áfram, annaðhvort með þeim fargögnum, sem hún á sjálf, eða með öðrum farkosti, eftir því, sem hentast þykir, miðað við stærð og gildi sendinganna.

■ **8. gr.** a. Hver sá, sem heldur uppi reglubundnum fólksflutningum á landi með sérleyfi eða sérstöku leyfi, er skyldur til, er þess er krafizt, að flytja póst milli endastöðvanna og póststöðvanna á leiðinni.

b. Póstflutninginn skal geyma á óhultum stað, þar sem óviðkomandi menn komast ekki að, og er útgerðarmanni eða félagi skylt að sjá um, að póstflutningnum sé skilað á rétta staði á réttum tíma.

c. Samkvæmt hinni almennu löggjöf um skaðabótaskyldu ber útgerðarmaður eða félag ábyrgð gagnvart póststjórninni á póstflutningnum, á meðan hann er í vörzlum hans.

■ **9. gr.** a. Hvert skip, sem er íslenzk eign, eða skip, sem menn, búsettir hér á landi, hafa á leigu, er skyldugt til, þegar það er afgreitt frá höfn í útlöndum til Íslands, að láta pósthús þar á staðnum vita um för sína og taka bréfa- og blaðapóst til flutnings, ef þess er óskað.

Útgerðarmenn og skipstjóri bera ábyrgð á að þessu sé hlýtt.

b. Hvert skip, sem fer frá höfn á Íslandi til útlendra eða innlendra hafna, er skyldugt að taka til flutnings bréfa- og blaðapóst, ef þess er krafizt.

c. Sé skip í reglubundnum flutningaferðum, er það

skyldugt til þess að taka til flutnings alls konar póstsendingar, og skal póststjórninni heimilt að hengja upp í skipum þessum læsta póstbréfakassa, þar sem hentugast þykir, og krefjast þess, að fyrir verðbréfa- og bögglapóst sé haldið auðu plássi allt að 3 teningsmetrum.

d. Útgerðarmenn, útgerðarfélög og skipstjórar skipa, sem starfrækja reglubundnar flutningaferðir, skulu skyldir til í tæka tíð að senda póststjórninni áætlun um ferðir skipa sinna, svo og tilkynna henni tafarlaust allar þær breytingar, sem kunna að verða á áætluninni síðar.

e. Útgerðarmenn, skipstjórar og afgreiðslumenn skipa þeirra, er sigla úr íslenzkri höfn eða milli íslenzkra hafna og eigi eru í áætlunarferðum (reglubundnum flutningaferðum), skulu skýra pósthúsinu á höfnum þeim, er skip hefur viðkomu á, frá ferð þess, hvaða dag og stund það ætli að halda burtu, og skal taka póst til flutnings, ef þess er óskað. Hafi hlutaðeigandi pósthús krafizt þess, að póstflutningur verði fluttur með skipinu, má það ekki fara fyrir þann tíma, sem ákveðinn hefur verið, nema póstflutningurinn sé áður kominn á skip.

f. Póstflutninginn skal geyma á óhultum stað, þar sem óviðkomandi menn komast ekki að honum. Verði skip fyrir áföllum eða strandi, ber skipstjóra og skipshöfn að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til bjargar póstflutningnum og koma honum áleiðis til næsta pósthúss.

g. Neyðist skipstjóri til þess að leita annarrar hafnar en þeirrar, er ferðinni var heitið til, skal hann tilkynna pósthúsinu á staðnum, eða ef ekkert pósthús er, lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, að hann hafi póstflutning meðferðis, og fara eftir ráðstöfunum þeim, sem þá kunna að verða gerðar og honum verður frá skýrt.

h. Þegar skipstjóri kemur á ákvörðunarstað, skilar hann tafarlaust póstflutningi og bréfakössum á pósthúsinu á staðnum.

i. Samkvæmt hinni almennu löggjöf um skaðabótaskyldu ber útgerðarmaður eða útgerðarfélag ábyrgð gagnvart póststjórninni á póstflutningnum frá því við honum er tekið til útskipunar og þar til hlutaðeigandi pósthús hefur tekið við honum gegn kvittun án athugasemda.

■ **10. gr.** Loftför eru skyldug til, eftir áskorun póststjórnarinnar, að taka til flutnings bréfa- og blaðapóst, eftir því sem rúm og burðarmagn leyfir.

■ **11. gr.** Verði landpóstur eða fargögn þau, sem póstur er fluttur með, fyrir slysum á leiðinni, eða þurfi þeir af öðrum ástæðum aðstoðar við til að halda áfram ferð sinni, skal hver og einn skyldur til þess þegar í stað, gegn sanngjarnri borgun, að veita alla þá hjálp og aðstoð, sem hann getur í té látið.

□ Skyldir eru menn að víkja úr vegi fyrir póstlest eða póstbifreiðum, þegar merki er gefið í hæfilegri fjarlægð.

■ **12. gr.** Póststjórnin greiðir fyrir flutning sendinga þeirra, er hér um ræðir, sanngjarna borgun, miðað við flutningsgjald á öðrum vörum, þó ekki hærri en 10 aura fyrir hvert kílógramm, nema sérstaklega sé um samið.

IV. kafli. Um burðargjöld og aðrar póstgreiðslur.

■ **13. gr.** Ráðherra sá, er með póstmál fer, ákveður í gjaldskrá,[1)] að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra, ríkisburðargjaldið fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 1. gr. a–h.

□ Staðartaxta, burðargjald fyrir innansveitar- og innanbæjarsendingar, ákveður póststjórnin, sbr. 2. gr. a, svo og aukagjald, er taka skal fyrir verðsendingar og böggla, sem eigi hafa farið úr vörzlu póststjórnarinnar, en eiga að sendast lengri veg en utanáskrift segir, eða endursendast til upprunastaðar. Fyrir áfram- eða endursendingu annarra sendinga en verðsendinga og böggla skal ekki greiða aukagjald. Fyrir bréf, sem eftir utanáskriftinni eiga aðeins að fara um svæði, sem staðartaxti gildir um, skal þó greiða viðbótargjald, ef bréfið á að fara út fyrir það svæði, og nemur viðbótargjaldið mismun burðargjaldanna, ef bréfið er fullfrímerkt fyrir staðartaxta. Sé slíkt bréf vanfrímerkt eða ófrímerkt, reiknast burðargjaldið samkvæmt ríkistaxta.

□ Burðargjöld þau, sem ákveðin eru samkvæmt þessari grein, skulu greidd fyrirfram fyrir: skrásett bréf, bréf með tilgreindu verði, böggla, póstávísanir, póstkröfur, móttökukvittanir, prent, sýnishorn af vörum, verzlunarskjöl, blindraprent, blöð og tímarit samkvæmt h-lið 1. gr., bréfspjöld og bréf, sem eru opin, eða utan á þau ritað, svo að móttakandi getur ráðið af því, hvað þau hafi inni að halda, sendingar til konungs og konungsættingja, sendingar til stjórnarvalda og sveitar- eða bæjarstjórna að undanskildum almennum bréfum, sem eru frá öðrum en þessum aðilum, þegar þau eru aðeins umbeðnar eða krafðar skýrslur eða umsagnir og sendandi hefur með eiginhandar undirskrift vottað það á sendingunni.

□ Sendendur eru skyldir til að greiða eftir á bæði burðargjald, sem af vangá kann að hafa láðst að krefja um, þegar sendingin er póstlögð, svo og burðargjald fyrir þær sendingar, sem eigi eru leystar út af viðtakendum, ef póststjórnin krefst þess.

□ Samkvæmt samningi við póststjórnina geta viðtakendur fengið sendar til sín óborgaðar bréfasendingar, og sendingar, sem annars eiga að vera fullborgaðar fyrirfram, gegn því að borga undir þær einfalt burðargjald. Póststjórnin getur, þegar svo ber undir, heimtað tryggingu fyrir greiðslu burðargjaldsins.

[1)] *Gjskr. 56/1983.*

■ **14. gr.** Gjaldfrjálsar innan hins íslenzka póstsvæðis skulu vera allar þær sendingar, sem samkvæmt alþjóðasamningum eru frígengar í alþjóðapóstþjónustunni. Enn fremur allar póst- og símaembættissendingar innan póst- og símastofnunarinnar.

□ Að öðru leyti er engin undantekning frá burðargjaldsskyldu.

□ Til þess að borga undir sendingar, sem ríkissjóður endurgreiðir burðargjaldið fyrir eftir reikningi, má nota þjónustufrímerki. Nánari reglur um þetta, svo og um reikningsskilin, skal setja í reglugerð þeirri, sem um getur í 26. gr.

■ **15. gr.** Fyrir störf þau, sem nefnd eru hér á eftir, skal sendandi greiða gjöld, sem póststjórnin ákveður: fyrir að leggja til lakk til innsiglis á sendingu; fyrir að setja á merki, sem þörf er á; fyrir að búa um peningabréf (þar með talið lakk til innsiglis); fyrir að skrifa utan á sendingu; fyrir að fylla út fylgibréf eða póstávísun.

□ Enn fremur er póststjórninni heimilt að ákveða og taka gjöld fyrir að annast, eftir beiðni viðtakanda,

leiðréttingu á utanáskrift sendinga til þeirra, er þeir t. d. hafa bústaðaskipti um stundarsakir (í sumardvöl eða fríum), og fyrir að geyma böggla fram yfir tilsettan tíma.

■ **16. gr.** Pósthúsin skulu láta sendendum ókeypis í té kvittanir fyrir skrásettum sendingum, sendingum með tilgreindu verði, póstávísunum, póstinnheimtubréfum, sendingum með þjónustufrímerkjum, og fyrir blöðum og tímaritum samkvæmt h-lið 1. greinar.

□ Kvittanir skulu látnar í té annaðhvort í póstkvittunarbækur, sem póststjórnin býr til og eiga að vera til sölu á pósthúsunum fyrir ákveðið verð, sem póststjórnin setur, eða á eyðublöð, sem póststjórnin gefur út.

□ Sé kvittað í póstkvittunarbók ber sendanda sjálfum að færa sendingarnar inn í hana í rétta dálka. Einnig má krefjast þess af sendanda, að hann fylli sjálfur út kvittanaeyðublað eins og texti þess segir til um.

□ Séu margar sendingar frá sama sendanda til sama viðtakanda settar á póst samtímis, má póstmaður setja þær allar á sömu kvittun.

□ Fyrir almenn bréf og aðrar sendingar, sem ekki eru skrásettar eða engin ábyrgð er á, verða eigi heimtaðar kvittanir.

■ **17. gr.** Burðargjald greiðist fyrirfram með því að nota gildandi frímerki, þar í talin álímd og áprentuð almenn frímerki og þjónustufrímerki og ástimplanir frímerkjavéla, sem póststjórnin löggildir.

□ Burðargjald fyrir blöð og tímarit samkvæmt 1. gr. h skal greiða í peningum.

□ Sendendum ber sjálfum að frímerkja sendingar sínar.

□ Póststjórninni er heimilt að búa til eða láta búa til frímerki, spjaldbréf, bréfspjöld, umslög og því um líkt, með áprentuðum frímerkjum með þeim verðupphæðum, sem hún álítur haganlegt, og skulu þau vera til sölu á öllum pósthúsum.

□ Enn fremur er póststjórninni heimilt að láta prenta frímerki á umslög og bréfspjöld, sem búin eru til af einkafyrirtækjum, svo og að stimpla sendingar með frímerkjastimplum fyrir burðargjaldinu eða öðrum stimplum, er sýni, að það sé greitt.

□ Póststjórnin lætur búa til eyðublöð undir póstávísanir, póstkröfur, póstinnheimtur, fylgibréf, póstkvittanabækur m. m., og tiltekur verðið á þeim.

□ Fyrir bréfspjöld og önnur eyðublöð með áprentuðum frímerkjum er póststjórninni heimilt að bæta við hæfilegu álagi fyrir kostnaði.

□ Fyrir sölu á frímerkjum og eyðublöðum með áprentuðum frímerkjum greiðast samkvæmt reglum, er póststjórnin setur, 4 af hundraði.

□ Eyðublöð, sem keypt eru, verða ásamt frímerkjunum fyrir burðargjaldi sendingarinnar eign póststjórnarinnar um leið og þeim er skilað til flutnings, og eiga sendandi og viðtakandi aðeins rétt á að fá afklippingana við þessi eyðublöð.

□ Öllum er óheimilt að nota í öðrum viðskiptum en póstviðskiptum eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út og selur.

V. kafli. Afhending póstsendinga.

■ **18. gr.** Sendandi hefur ráðstöfunarrétt yfir sendingu þeirri, sem hann hefur látið á póst, þangað til henni er skilað til viðtakanda, og getur hann þangað til krafizt þess, að hún sé endursend, afhent öðrum en þeim, sem utanáskriftin segir til um, eða ráðstafað henni á annan hátt.

■ **19. gr.** a. Póstsendingar skal afhenda þeim, sem utanáskriftin segir til um, eða þeim, er viðtakandi hefur gefið umboð til þess að taka við sendingunni.

Um afhendingu póstsendinga til ópersónulegra viðtakenda, svo sem firma, hlutafélaga, stofnana o. s. frv., setur póststjórnin nánari fyrirmæli.

Fyrir afhendingu skrásettra sendinga, sendinga með tilgreindu verði, svo og fyrir útborgaðar póstávísanir, póstkröfu- og póstinnheimtuávísanir, skal póststjórnin krefjast löggildrar kvittunar.

b. Þessar sendingar má afhenda öðrum en þeim, er utanáskriftin segir til um:

1. Sendingar frá eða til manna, sem eru í fangelsi, skal afhenda eftir því, sem reglugerð fangelsisins mælir fyrir, eða til rannsóknardómarans.

2. Sendingar, sem dómarar eða lögreglustjórar eða önnur yfirvöld, er með sérstökum lögum hafa öðlazt slíkt vald, úrskurða að skuli afhentar sér, skal afhenda samkvæmt úrskurðunum.

3. Sendingar til manna, sem eiga bú sín undir skiptum, má afhenda skiptaráðendum, að undanteknum almennum bréfum, sem eru áritað „einkabréf" eða á annan hátt bera með sér, að þau séu einkabréf.

4. Sendingar til ómyndugra má afhenda þeim, sem að lögum hafa foreldra- eða fjárhaldsrétt yfir þeim.

5. Um sendingar þær, sem ekki skal afhenda gegn kvittun, setur póststjórnin nánari reglur um, hvernig megi afhenda þær öðrum en viðtakanda og á hvaða hátt, t. d. láta þær í bréfakassa.

6. Póststjórnin setur einnig reglur um afhendingu sendinga, sem kvittun á að taka fyrir, þegar ekki næst til viðtakanda sjálfs til að gefa kvittunina, vegna einangrunar eða sóttnæmi.

c. Sendingar til manna, sem látnir eru, skal afhenda þeim, er búin hafa til meðferðar, nema sendandi með sérstakri ráðstöfun eða áritun á sendinguna, t. d. „persónulega", hafi tilkynnt, að sendingin skuli endursendast.

VI. kafli. Um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar.

■ **20. gr.** Glatist skrásett bréf í vörzlum póststjórnarinnar, skal greiða sendanda allt að 60 kr. í skaðabætur.

□ Sé innihaldið glatað að nokkru eða öllu leyti og fullnægt hefur verið nánari skilyrðum, sem póststjórnin setur, má greiða skaðabætur, er samsvari tjóninu. Skaðabæturnar mega þó aldrei fara fram úr 60 krónum.

□ Glatist bréf með tilgreindu verði eða innihaldi þess að nokkru eða öllu leyti, meðan það er í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin skaðann, þó ekki fram yfir það, sem tilgreint var á bréfinu. Hafi innihaldið verið verðskjöl, sem hægt er að ógilda, getur póststjórnin sett það skilyrði fyrir skaðabótagreiðslu, að eignarrétturinn að samsvarandi upphæð verðskjalanna sé framseldur henni.

□ Komist það upp, að verð póstsendingar sé í sviksamlegum tilgangi talið hærra en það er í raun og veru, skal engar skaðabætur greiða.

□ Þegar póstávísanir, póstkröfur og póstinnheimtur hafa verið borgaðar póstmanni eftir settum reglum, ber póststjórnin ábyrgð á upphæðum þeirra, og hafi þær verið útborgaðar skökkum viðtakendum og póstmaður

eigi sök á því, skal bæta fjárhæðina að fullu samkvæmt reglum þeim, sem gefnar verða í reglugerð þeirri, sem getur um í 26. gr.

☐ Hafi póstkröfusendingin glatazt eða skaddazt, eða þá innihaldið glatazt allt eða eitthvað af því í vörzlum póststjórnarinnar, er eigi hægt að heimta upphæð póstkröfunnar, en skaðabæturnar verða að ákveðast eftir reglum þeim, sem settar eru í þessari grein um þá tegund sendinga, sem hún telst til.

☐ Sé póstkröfusending afhent viðtakanda án þess að póstkrafan hafi verið innheimt, hefur sendandi rétt til að heimta, að póstkröfuupphæðin sé borguð sér af póststjórninni.

☐ Týnist böggulsending eða skemmist eða glatist eitthvað af innihaldi hennar, meðan hún er í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin sendanda skaðann, þó ekki fram yfir 1 kr. fyrir hvert ½ kílógramm af þyngd sendingarinnar með umbúðum. En hafi verð verið tilgreint, má heimta skaðabætur eins og fyrr er sagt um bréf með tilgreindu verði.

☐ Sé sending týnd með öllu, skal og borga aftur burðargjald það, sem greitt hefur verið.

☐ Sendingar eru í vörzlum póststjórnarinnar frá því að þeim er veitt viðtaka á pósthúsinu og þar til þær eru afhentar eftir því sem utanáskriftin segir, eða sé staður sá, sem sendingin á að fara til, fyrir utan póstsvæði Íslands, þá þangað til hún er afhent hlutaðeigandi póststjórn erlendis til frekari fyrirgreiðslu. Glatist póstsending eða skemmist á erlendu póstsvæði, er póststjórninni skylt að bæta sendanda skaðann eftir því sem alþjóðasamningar segja, eða sérsamningar þeir, sem gerðir hafa verið við hlutaðeigandi land.

☐ Skaðabætur greiðast ekki:

a. Þegar skaðinn kemur eingöngu af eðli þess, sem sent er, eða orsakast af illum umbúðum.

b. Þegar sending hefur eigi skaddazt að utan á umbúðum eða innsigli, svo að því verði kennt um, að sendingin sjálf hafi skemmzt eða aflagazt; þó skal bæta þann skaða, sem verður á peningum og verðbréfum, hvort sem umbúðir eða innsigli eru ósködduð eða ekki, ef það fé var talið á pósthúsinu, þegar því var skilað þar.

c. Þegar skaðinn stafar af óviðráðanlegum atburðum, hernaði eða borgarastyrjöld (vis major).

☐ Ráðherra getur gert undantekning frá þessu ákvæði með reglugerð.

☐ Bætur þær, sem póststjórnin á að gjalda, eftir því sem nú er sagt, ná aðeins til verðs þess hlutar, sem glatazt hefur, eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemmdu munir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi eða peningaverðfall eða yfir höfuð neinar óbeinar afleiðingar skaðans, og skal eigi skylt að greiða bæturnar fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá því að póststjórnin fékk tilkynningu um vanskilin.

☐ Bæturnar greiðast viðtakanda, þegar hann tekur við sendingunni, annars sendanda.

☐ Póststjórnin er ekki skyldug til að greiða skaðabætur fyrir týndar sendingar eða peningaupphæðir, sem ekki er hægt að sýna póstkvittun fyrir, nema það komi í ljós af bókum póststjórnarinnar eða sannist á annan óyggjandi hátt, að sendingin hafi verið látin á póst.

☐ Fyrir aðrar sendingar en þær, sem taldar eru í þessari grein, skal engar skaðabætur greiða.

■ **21. gr.** Skylda til greiðslu skaðabóta fellur burtu, ef þeirra er eigi krafizt hjá póststjórninni eða pósthúsi innan árs frá því, er sendingin var látin í póstinn eða peningaupphæðin innborguð.

1940 Nr. 31 12. febr.

VII. kafli. Um brot gegn póstlögunum.

■ **22. gr.** [Brot gegn ákvæðum 3., 4., 5., 8., 9., 10. og 11. greinar][1] varða sektum ...[2], nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

☐ Fyrir brot á 5. gr., um einkarétt póststjórnarinnar, skal auk sekta greiða venjulegt burðargjald fyrir hverja sendingu, sem flutt hefur verið ólöglega.

☐ Þegar ákveða skal sekt á hendur sendanda, kemur mjög til greina, hvort hann sjálfur eða sá, sem flutti sendinguna, er í þjónustu póststjórnarinnar.

☐ Valdi misferli af hálfu þeirra, sem annast póstflutninga á landi eða sjó, póststjórninni ábyrgðar til skaðabóta, skal hlutaðeigandi auk sektarinnar endurgjalda henni skaðabætur þær, sem hún á að inna af hendi.

☐ Embættismenn eða sýslunarmenn, sem baka ríkissjóði meiri útgjöld fyrir burðargjöld en þeim ber, skulu sæta ...[2] sektum.

☐ Fyrir brot gegn ákvæðum 1. greinar c skal greiða sekt, er sé fimmtungur af verði því, er leynt er ...[2]

[1] *L. 73/1954, 2. gr.* [2] *L. 10/1983, 23. gr.*

■ **23. gr.** Póststjórnin ákveður sektir samkvæmt 22. gr., nema hún æski þess, að dómur gangi um málið án úrskurðar af hennar hálfu.

☐ Fyrir brot á ákvæðum 5. greinar má ákveða sektina eftir atvikum á hendur sendanda eða þeim, sem flutt hefur sendinguna, eða þeim báðum.

☐ Ef maður vill eigi una sekt, er póststjórnin hefur úrskurðað honum að greiða, getur hann krafizt innan hálfs mánaðar frá því að honum var birtur úrskurðurinn, að málið gangi til dómstólanna, og skal þá fara með það að hætti opinberra mála.

☐ Póststjórninni er heimilt, ef ástæður mæla með, í einstökum tilfellum, að færa ofangreindar sektir niður, eða gefa þær upp með öllu.

☐ Ofangreindar sektir má fimmfalda, þegar miklar sakir eru, auk þess sem póststjórninni er heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá póstsambandi um óákveðinn tíma, þannig að hvorki séu fluttar til þeirra póstsendingar eða frá þeim meðan sá tími stendur yfir.

☐ Á sama hátt skal og póststjórninni heimilt að svipta menn póstsambandi, er gera sig seka í megnum vanskilum gagnvart henni.

☐ Allar sektir og undandregið burðargjald má innheimta með aðför, og rennur hvorttveggja í póstsjóð.

VIII. kafli. Ýmisleg ákvæði.

■ **24. gr.** Póstsendingar þær, sem eigi er hægt að skila viðtakanda né endursenda sendanda, skal selja póstsjóði í hag, og setur póstmálaráðherra um það nánari fyrirmæli. Segi réttur eigandi til sín innan 3 mánaða, eftir að salan hefur farið fram, fær hann andvirðið vaxtalaust að frádregnum kostnaði.

☐ Þegar greiða skal sekt, burðargjald eða skaðabætur út af einhverjum hlut, sem er í vörzlum póststjórnarinnar, er henni heimilt að halda honum eftir, eða því, sem hann hefur inni að halda, unz borgað er, og verði eigi borgað, að ráða með öllu yfir hlutnum, eða því, sem hann hefur inni að halda.

1940 Nr. 31 12. febr.

■ **25. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að gera undanþágur frá ákvæðum þessara laga um innanríkissendingar, ef ákvæði um slíka undanþágu er tekið upp í alþjóðapóstsamninga eða sérsamninga, sem Ísland hefur undirskrifað.

■ **26. gr.** Reglugerðir[1] um framkvæmd á lögum þessum setur póststjórnin eftir þörfum.

[1] *Rg. fyrir póstþjónustu, 138/1982. Rg. 55/1971.*

1941 Nr. 30 27. júní

Lög um fjarskipti.

I. kafli. Orðaskýringar.

■ **1. gr.** Í lögum þessum merkja orðin:

Fjarskipti: það, sem nefnt er „Télécommunication" í alþjóðafjarskiptasamningnum (Convention Internationale des Télécommunicationes, Madrid 1932), og þýðir hvers konar fjarflutning tákna, merkja, skriftar, mynda og alls konar hljóða eftir vírum, rafgeislum (radio) eða með öðrum kerfum eða aðferðum, hvort sem eru rafmagns eða sjónmerkja (semafor).

Fjarskiptavirki: hvers konar taugar, tæki, tækjahluti, búnað o. þvl., sem er sérstaklega ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar, viðtöku eða til þess að flytja aðkomin merki áfram.

II. kafli. Einkaréttur ríkisins.

■ **2. gr.** Ríkið hefur einkarétt á:

1. Að stofna og reka á Íslandi og í íslenzkri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti með rafstraum eða raföldum, þar á meðal ljósöldum, er ná til sendingar, flutnings og móttöku skeyta, tals, tóna, mynda eða annarra slíkra merkja, hvort heldur er eftir vírum, gegnum loft, sjó eða land eða á annan hátt.

2. Að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki (tæki, taugar, búnað o. þvl.) eða hluta þeirra, sem notaðir eru til þess, er í 1. tölulið segir, á Íslandi eða í íslenzkum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum, hvort heldur eru til viðtöku, sendingar eða flutnings.

3. Að gefa út nafnskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja.

■ **3. gr.** Ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál ríkisins, getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki eða að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp fjarskiptavirki þau eða hluta þeirra, sem í 2. gr. getur. Leyfið skal veitt um ákveðinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til í hvert skipti. Enn fremur getur ráðherra með reglugerð veitt almennt leyfi til tiltekinna minni háttar framkvæmda, sem ekki er hætta á, að valdi truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins.

■ **4. gr.** Nú eiga einstakir menn, félög eða stofnanir fjarskiptavirki, sem ráðherra hefur áður heimilað að stofna eða reka, og skulu þau leyfi þá haldast, sem hafa verið gefin út eftir 31. desember 1936, nema annað sé ákveðið í leyfisbréfi, sbr. þó 7. gr. Eldri leyfisbréf eru ógild. Leyfishafar skulu að öllu leyti fylgja reglum þeim og fyrirmælum um fjarskiptavirki, sem um þau gilda á hverjum tíma.

■ **5. gr.** Ráðherra getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem ekki eru í notkun, eða hluta þeirra, eða fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli. Innsiglið má ekki brjóta án heimildar ráðherra.

1941 Nr. 30 27. júní

■ **6. gr.** Fjarskiptavirki í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenzkrar landhelgi eða lofthelgi, má aðeins nota samkvæmt þeim ákvæðum sem ráðherra setur í reglugerð. Ráðherra getur bannað öll fjarskipti innan íslenzkrar landhelgi og lofthelgi og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja til þess að banninu verði hlýtt.

■ **7. gr.** Nú vill ríkisstjórnin fá ríkinu til handa tiltekin fjarskiptavirki, sem einstakir menn, félög eða stofnanir eiga, án þess að svo sé ástatt, er í 3. gr. getur, og má þá, ef samkomulag næst ekki, taka þau eignarnámi gegn endurgjaldi, er ákveðið skal af matsnefnd, sem til þess sé kvödd. Miða skal matsupphæðina við þá fjárhæð, er ætla má, að slík fjarskiptavirki mundu kosta af nýju, þegar afhending fer fram, en þó með fullu tilliti til aldurs fjarskiptavirkjanna og þess slits, sem á þeim er orðið. Í matsnefnd skulu vera 3 menn. Hæstiréttur nefnir formann nefndarinnar. Annan hinna nefnir héraðsdómari, þar sem leyfishafi á varnarþing, en hinn þriðja nefnir Verkfræðingafélag Íslands. Eignarnám skal ná til allra tækja og búnaðar sama fjarskiptakerfis, nema eigandi samþykki, að einungis nokkur hluti þess sé tekinn.

■ **8. gr.** Eigendur fjarskiptavirkja eru skyldir til, hvenær sem þess er krafizt, að láta póst- og símamálastjórninni í té skýrslur um fyrirtækið og leyfa eftirlit með því. Séu slíkar skýrslur eigi gefnar innan hæfilegs frests, sem póst- og símamálastjórnin setur, má knýja þær fram með dagsektum, er renna í ríkissjóð.

III. kafli. Skylda skipa til að hafa radíóstöð.

■ **9. gr.** Ráðherra getur mælt svo fyrir, að hvert íslenzkt þilskip, sem siglir meira en 3 sjómílur frá landi, skuli hafa loftskeytastöð eða radíótalstöð með ákveðnu lágmarksafli og ákveðnu öldusviði og að minnsta kosti einn skipverja, er hafi starfræksluskírteini fyrir slíka stöð samkvæmt gildandi alþjóðareglugerð (Kairo 1938). Sé skipið í förum milli Íslands og útlanda og hafi minnst 12 manna áhöfn, eða sé það farþegaskip yfir 200 rúmlestir að stærð, sem sigli með ströndum fram, má skylda það til að hafa loftskeytastöð með minnst 75 watta afli í loftneti á 600 metra öldulengd og að minnsta kosti einn skipverja með loftskeytaprófi. Ef siglingaleið farþegaskipsins er að jafnaði í nánd við strandarstöð, þar sem haldinn er hlustvörður á neyðarbylgju talstöðvanna allan sólarhringinn, má þó í stað loftskeytastöðvar láta nægja, að skipið hafi talstöð með ákveðnu lágmarksafli, er svari til fjarlægðar venjulegrar siglingaleiðar frá strandarstöðinni.[1]

[1] *Augl. 191/1947.*

IV. kafli. Stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.[1]

[1] *Rg. 70/1942 (augl. 144/1971), rg. 106/1970.*

■ **10. gr.** Póst- og símamálastjórnin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins, sem í öðrum kafla getur, og hefur eftirlit með því, að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkjasamningum, lögum, reglugerðum og fyrirmælum um fjarskiptamál sé fylgt, þar á meðal gildandi fyrirmælum til öryggis mannslífa á sjó, að því er snertir radíótæki í íslenzkum skipum og rekstur þeirra. Þó er undanskilin framkvæmd þeirra mála, sem ríkisútvarp-

inu, vitamálastjórninni og skipaskoðun ríkisins eru falin með sérstökum lögum.

■ **11. gr.** Póst- og símamálastjórninni er heimilt að láta framkvæma þær breytingar og endurbætur á núverandi fjarskiptavirkjum ríkisins og gera aðrar ráðstafanir, sem reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegar eru góðum og öruggum rekstri, eða alþjóðafyrirmæli eða milliríkjasamningar krefjast. Enn fremur að reisa minni háttar fjarskiptastöðvar, svo og að setja upp notendasíma og stofna til annarra minni háttar framkvæmda.

■ **12. gr.** Ráðherra setur gjaldskrár[1] fyrir uppsetningu og notkun fjarskiptavirkja og breytir þeim, þegar þörf krefur. Hann setur í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála, rekstur og viðhald fjarskiptavirkja, eftirlit með þeim og annað, er þar að lýtur.[2] [Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar frá 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma.][3]

[1] *Gjskr. og reglur fyrir símaþjónustu, 279/1983.* [2] *Rg. 118/1917, 113/1945, 1/1952.* [3] *L. 24/1975, 1. gr.*

V. kafli. Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja o. fl.

■ **13. gr.** Sérhver eigandi eða umráðamaður fasteignar er skyldur að leyfa póst- og símamálastjórninni að leggja víra og taugar fjarskiptavirkja um land sitt, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Heimilt skal að taka efni það, sem þarf til lagningar víra eða tauga, svo sem grjót, möl eða grassvörð, þar sem hentast er. Þó skal taka tillit til þess, ef því verður við komið, hvar eigendur eða umráðamenn mannvirkja æskja eftir, að vírar eða taugar, sem snerta eign þeirra, séu lagðar, eða efni tekið, enda hafi það engan verulegan kostnaðarauka eða önnur vandkvæði í för með sér.

□ Mönnum, sem í þágu póst- og símamálastjórnar eru að starfa að þessum fjarskiptavirkjum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna eða hús, svo framarlega sem það að dómi póst- og símamálastjórnar telst nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara nema frá kl. 8 að morgni til kl. 10 að kvöldi, nema samkvæmt skriflegum úrskurði póst- og símamálastjórnar, enda forðist þeir að valda íbúunum meiri óþægindum en brýnasta nauðsyn krefur.

■ **14. gr.** Þar, sem fjarskiptavirki ríkisins eru, má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur eða raftaugar, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir, er af geta hlotizt skemmdir á fjarskiptavirkjunum eða truflun á rekstri þeirra, nema áður hafi fengizt samkomulag við póst- og símamálastjórnina um, hvernig það skuli gert og hvenær. Sá, er óskar að gera þessar ráðstafanir, ber allan kostnað, sem af þeim leiðir, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi. Ef óvæntur atburður hefur gert það nauðsynlegt að framkvæma áðurnefndar ráðstafanir fyrirvaralaust eða þær hafa verið framkvæmdar í ógáti, skal sá, er þær gerir, þegar í stað tilkynna það póst- og símamálastjórninni, og skal hann greiða allan kostnað, sem af þeim leiðir, bæði beinan og óbeinan, t. d. viðskiptatap, nema annað verði að samkomulagi.

□ Nú hefur einhver einhvers konar mannvirki, tæki, pípur, raftaugar o. þvl., sem geta valdið truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins, og skal póst- og símamálastjórninni þá heimilt að gera á kostnað eiganda nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir baga þann, sem af þessu hlýzt eða getur hlotizt fyrir fjarskiptavirkin.

□ Ef ekki næst samningar um þessi mál við póst- og símamálastjórnina, er heimilt að skjóta málunum til úrskurðar ráðherra.

■ **15. gr.** Þegar skip er innan eða utan landhelgi að starfa að lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki, er gefa starf þetta til kynna, þá skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sér eigi skemmra en mílufjórðung frá aðgerðarskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Bátar skulu þó hafa 24 stunda frest til þess að taka burtu veiðarfæri, sem í sjó liggja.

□ Nú hefur dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng fjarskiptavirkja, og skulu skip þá halda sér og veiðarfærum sínum eigi skemmra en ¼ úr mílufjórðung frá duflinu.

■ **16. gr.** Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi fjarskiptavirkja, enda hafi skipið sjálft ekki stofnað til hættunnar með gálauslegu atferli, þá á það kröfu til skaðabóta frá eiganda strengjanna. Ef unnt er, skal þegar færa til bókar skýrslu um tjónið, staðfesta af skipverjum. Svo skal og skipstjóri gefa sjóferðaskýrslu um tjónið í fyrstu höfn, sem því verður við komið. Formaður sjódóms, er við sjóferðaskýrslu tekur, skal þegar tilkynna eiganda sæstrengjanna um tjónið.

■ **17. gr.** Ef afla þarf lóðar eða annarrar eignar í sambandi við lagningu eða rekstur fjarskiptavirkja ríkisins, og samningum um kaup verður ekki við komið má eftir ráðstöfun ráðherra taka eignina eignarnámi gegn endurgjaldi, sem metið sé eftir eignarnámslögum.

□ Ríkissjóður skal og bæta tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum, sem hlotizt hefur af lagningu eða viðhaldi fjarskiptavirkja ríkisins. Verði samningum ekki komið við, skulu bæturnar fara eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna.

■ **18. gr.** Í leyfisbréfum, sem gefin verða út samkvæmt 3. gr. laga þessara, má ákveða, að fyrirmæli 13., 14. og 17. gr. skuli að öllu eða nokkru leyti og með þeim afbrigðum, er þurfa þykir, ná til þeirra fjarskiptavirkja, sem leyfisbréf hljóðar um.

VI. kafli. Leynd og vernd fjarskipta.

■ **19. gr.** Allir starfsmenn, þar með taldir nemendur, fjarskiptavirkja ríkisins skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir öllum út í frá efni skeyta, sem koma eða fara, svo og að þau hafi komið eða farið og hver hafi fengið þau eða sent. Þeir skulu og halda leyndu fyrir öllum út í frá efni samtala um fjarskiptavirki ríkisins, svo og að samtöl hafi farið fram og hverjir hafi átt tal saman. Má ekki án undangengins dómsúrskurðar veita óviðkomandi mönnum aðgang að því að sjá skeyti eða önnur starfræksluskjöl, sem almenningi er ekki ætlað að sjá, eða aðgang að því að hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Ráðherra ákveður, hvort slíkum úrskurði skuli áfrýjað. Sams konar leyndarskylda skal á þeim hvíla um myndir eða merki, sem flutt hafa verið um

1941 Nr. 30 27. júní

fjarskiptavirkin og ekki eru fyrir almenning. Þeim er og stranglega bannað að notfæra sér á nokkurn hátt persónulega innihald slíkra skeyta, samtala, mynda, merkja eða starfræksluskjala. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um þagnarskyldu starfsmanna fjarskiptavirkja.

□ ...[1]

[1] *L. 27/1951, 202. gr.*

■ **20. gr.** Ef nokkur starfsmaður, þar með taldir nemendur, fjarskiptavirkja ríkisins ónýtir, aflagar eða skýtur undan skeytum, myndum eða öðrum merkjum, sem afhent eru til flutnings um fjarskiptavirkin, eða ef hann liðsinnir öðrum í þess konar athæfi, þá varðar það viðurlögum samkvæmt 4. tölulið 27. gr.

■ **21. gr.** Í leyfisbréfum, er ríkisstjórnin gefur út samkvæmt 3. og 4. gr. laga þessara, má leggja á starfsmenn fjarskiptavirkja, sem leyfisbréfið hljóðar um, sams konar skyldur sem á starfsmönnum fjarskiptavirkja ríkisins hvíla eftir 19. og 20. gr., enda varða þá brot á þeim skyldum sömu viðurlögum sem brot starfsmanna fjarskiptavirkja ríkisins.

■ **22. gr.** Enginn má, án heimildar, taka við fjarskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlusta á fjarskiptasamtöl. Ekki má heldur skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.

VII. kafli. Stöðvun fjarskipta.

■ **23. gr.** Ríkisstjórnin á rétt til að stöðva hvert skeyti eða samtal eða önnur fjarskipti, sem teljast hættuleg öryggi ríkisins eða koma í bága við lög landsins, opinbera reglu eða siðferði. Þegar eins stendur á, getur hún sömuleiðis stöðvað rekstur fjarskiptaþjónustunnar um skemmri eða lengri tíma og að nokkru eða öllu leyti.

VIII. kafli. Fjarskiptavirki á hættulegum tímum.

■ **24. gr.** Á ófriðartímum og þegar það telst nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins, getur ráðherra fyrirskipað, að engir aðrir en þeir, sem heimild hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, megi eiga eða hafa í vörzlum sínum tilteknar tegundir fjarskiptavirkja eða hluti, sem eru sérstaklega ætlaðir í þau, og ekki heldur aðrar tilteknar tegundir tækja, sem nota má til þess að koma á fjarskiptum. Ráðherra getur einnig bannað að aðstoða menn við að setja saman þess konar fjarskiptavirki eða tæki án heimildar eða að afla hluta til þeirra eða að hvetja menn beint eða óbeint til þessa.

■ **25. gr.** Nú á maður eða hefur í vörzlum sínum einhver slík fjarskiptavirki eða tæki, sem nefnd eru í fyrirmælum ráðherra samkvæmt 24. gr., og skal hann þá þegar í stað tilkynna póst- og símamálastjórninni það og afhenda henni fjarskiptavirkin eða tækin eða hluta þeirra eftir því, sem hún þá mælir fyrir um. Komi endurgjald til greina, fer það eftir mati póst- og símamálastjórnar.

IX. kafli. Milliríkjasamningar.

■ **26. gr.** Alþjóðasamningar og aðrir milliríkjasamningar um fjarskiptamál, sem ríkisstjórn Íslands fullgildir, ásamt þar að lútandi reglugerðum, sem ríkisstjórnin viðurkennir, skulu gilda sem lög, og varða brot gegn ákvæðum þeirra refsingu samkvæmt 1. lið 27. gr.

X. kafli. Viðurlög við brotum á lögum þessum o. fl.

■ **27. gr.** 1. Brot gegn 2.—6. gr., 1. mgr. 14. gr. og 15. gr. varða sektum ...,[1] eða varðhaldi, ef miklar sakir eru. Upptæk skal gera tæki þau og hluti, sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt.

1941 Nr. 30 27. júní

2. Valdi maður af ásettu ráði eða gáleysi truflun eða skemmdum á fjarskiptavirkjum, þá varðar það sektum, nema verki sé svo varið, að það eigi að varða refsingu eftir því sem í 176. gr. almennra hegningarlaga segir. Sá, sem skemmdum eða truflun hefur valdið, skal bæta allt tjón, sem af því hefur hlotizt, þar með talið viðskiptatap.

3. Brot gegn 19. gr. (sbr. og 21. gr.) varðar refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Víkja skal þá starfsmanni þeim, sem brotlegur hefur gerzt, frá starfi. Sé brotið framið af starfsmanni stofnunar, sem í 3. eða 4. gr. getur, sbr. 21. gr., skal honum vikið úr þjónustu stofnunarinnar, ef ríkisstjórnin krefst þess.

Hafi brot gegn 19. gr. (sbr. og 21. gr.) verið framið af gáleysi, varðar það sektum.

4. Brot gegn 20. gr. (sbr. og 21. gr.) varðar refsingu samkvæmt 137. gr. almennra hegningarlaga, sé það framið af ásetningi. Ákvæði 3. töluliðs hér á undan um brottvikningu starfsmanns þess, er sekur hefur gerzt, koma hér einnig til greina. Sé brotið framið af gáleysi, varðar það sektum.

5. Brot gegn 22. gr. varðar sektum samkvæmt 1. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga.

6. Brot gegn 24. og 25. gr. og fyrirmælum, er ráðherra setur samkvæmt þeim, varða varðhaldi eða fangelsi. Þó má beita sektum, ef sök er smávægileg eða sérstakar málsbætur eru fyrir hendi.

7. Þann, sem ekki stendur skil á áföllnum gjöldum á réttum gjalddaga fyrir fjarskipti eða afnot fjarskiptavirkja, má útiloka algerlega frá öllum fjarskiptum, hvort heldur er til hans eða frá honum, um óákveðinn tíma, þar til hann hefur greitt skuld sína að fullu.

8. Ákveða má í reglugerðum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, að brot gegn ákvæðum þeirra varði refsingum samkvæmt lögunum.

[1] *L. 75/1982, 14. gr.*

Lög um lagningu sjálfvirks síma.

1981 Nr. 32 26. maí

■ **1. gr.** Póst- og símamálastjóri skal láta gera sérstaka 5 ára áætlun um lagningu sjálfvirks símakerfis til sem flestra símnotenda og skal þeim framkvæmdum raðað í forgangsröð, sbr. 9. gr. laga nr. 36/1977.

□ Í áætluninni um lagningu sjálfvirks síma skal að því stefnt að símnotendur eigi kost á sjálfvirkum síma innan 5 ára frá 1. janúar 1982.

■ **2. gr.** Tæki og búnaður til lagningar og uppsetningar sjálfvirks símasambands, samkvæmt áætlun þeirri sem gerð verður, sbr. 1. gr., skulu undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning.

□ Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.

■ **3. gr.** Póst- og símamálastofnun er heimilt að taka lán, allt að 20 millj. kr. árlega í 5 ár, til fjármögnunar framkvæmda skv. 1. gr.

□ Lántökuheimild þessi skal breytast í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og halda gildi sínu þar til framkvæmdum skv. 1. gr. er lokið.

1940 Nr. 95 14. maí

Lög um lántöku fyrir ríkissjóð til talstöðva í fiskiskip o. fl.

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 225 þús. kr. lán handa landssímanum.

□ Skal láni þessu varið til þess að gera landssímanum fært að selja öllum íslenzkum þilskipum, sem eru að stærð um 10 rúmlestir eða meira og enn vantar talstöð eða fullnægjandi viðtæki, slík tæki á leigu, innan ársloka 1942.

□ Af láni þessu má landssíminn verja allt að 25 þús. kr. gegn svipaðri fjárhæð annars staðar að til þess að koma upp talbrú á Siglufirði vegna talstöðvarþjónustunnar.

■ **2. gr.** Atvinnumálaráðherra setur gjaldskrá um leigu talstöðva og viðtækja þeirra, er landssíminn selur skipum á leigu.

1976 Nr. 60 31. maí

Lög um skipulag ferðamála.

I. kafli. Tilgangur og yfirstjórn.

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.

■ **2. gr.** Samgönguráðuneytið fer með yfirstjórn mála þeirra, sem lög þessi taka til.

II. kafli. Ferðamálaráð Íslands.

■ **3. gr.** Ferðamálaráð Íslands fer með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins.

■ **4. gr.** Samgönguráðherra skipar menn í Ferðamálaráð til fjögurra ára í senn.

□ Skulu þrír skipaðir án tilnefningar, og skal einn þeirra vera formaður ráðsins og annar varaformaður.

□ Aðra fulltrúa í Ferðamálaráð skipar ráðherra eftir tilnefningu, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Félag hópferðamanna.
2. Félag íslenskra ferðaskrifstofa.
3. Félag leiðsögumanna.
4. Félag sérleyfishafa.
5. Ferðafélag Íslands.
6. Flugleiðir hf.
7. Náttúruverndarráð.
8. Samband íslenskra sveitarfélaga.
9. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda.
10. Önnur flugfélög en Flugleiðir hf.

[11. Stéttarsamband bænda.][1)]

□ Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

□ Ferðamálaráð skal koma saman til fundar ekki sjaldnar en 10 sinnum á ári.

□ Þóknun ráðsmanna greiðist af þeim aðilum, sem hafa tilnefnt þá.

[1)] *L. 45/1980, 1. gr.*

■ **5. gr.** Ferðamálaráði er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflokkum, svo og sérstaka framkvæmdanefnd.

□ Ráðherra setur nánari ákvæði um starfsemi ráðsins í reglugerð.

■ **6. gr.** Að fenginni umsögn Ferðamálaráðs ræður samgönguráðherra ferðamálastjóra, sem annast daglega stjórn Ferðamálaráðs, samkvæmt því sem ráðið ákveður. Ráðningartími ferðamálastjóra skal vera 4 ár í senn. Heimilt er að endurráða ferðamálastjóra svo oft sem vera vill.

□ Ferðamálastjóri situr fundi Ferðamálaráðs með málfrelsi og tillögurétti.

■ **7. gr.** Verkefni ferðamálaráðs eru:

1. Skipulagning og áætlanagerð um íslensk ferðamál.
2. Landkynning.
3. Þátttaka í fjölþjóðlegu samstarfi um ferðamál.
4. Aðstoð við einstök ferðamálafélög og starfsemi þeirra.
5. Skipulagning náms og þjálfunar fyrir leiðsögumenn skv. sérstakri reglugerð þar að lútandi.
6. Forganga um hvers konar þjónustu- og upplýsingastarfsemi fyrir ferðamenn.
7. Samstarf við náttúruverndarráð og aðra hlutaðeigandi aðila um að umhverfi, náttúru- og menningarverðmæti spillist ekki af starfsemi þeirri, sem lög þessi taka til.
8. Frumkvæði um fegrun umhverfis og snyrtilega umgengni á viðkomu- og dvalarstöðum ferðafólks.
9. Könnun á réttmæti kvartana um misbresti á þjónustu við ferðamenn.
10. Undirbúningur og stjórn almennra ráðstefna um ferðamál, sem haldnar skulu eigi sjaldnar en annað hvert ár.
11. Önnur þau verkefni, sem Ferðamálaráði eru falin með lögum þessum eða á annan hátt.

■ **8. gr.** Lagt skal sérstakt gjald á vörusölu Fríhafnarinnar í Keflavík, og skal það nema 10% af árlegu söluverðmæti. Skal því ráðstafað á eftirfarandi hátt:

a. Til landkynningarverkefna á vegum Ferðamálaráðs.

b. Til Ferðamálasjóðs til styrkveitinga, sbr. 24. gr.

c. Til að veita einka- og opinberum aðilum styrki til að koma upp eða endurbæta aðstöðu fyrir ferðamenn á stöðum, sem fjölsóttir eru.

□ Ferðamálaráð gerir tillögur til ráðherra um skiptingu fjárins, og tekur hann endanlega ákvörðun.

□ Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal að öðru leyti greiddur úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

III. kafli. Ferðaskrifstofa ríkisins.[1)]

[1)] *Rg. 30/1936.*

■ **9. gr.** Ríkisstjórnin skal láta starfrækja ferðaskrifstofu. Nefnist hún Ferðaskrifstofa ríkisins og fer samgönguráðuneytið með yfirstjórn hennar.

■ **10. gr.** Ferðaskrifstofa ríkisins skal annast alla þá starfsemi, sem um er fjallað í 14. gr. laga þessara, svo og annað er fellur undir almennan ferðaskrifstofurekstur.

□ Starfsemi hennar skal einkum beinast að fyrirgreiðslu og skipulagningu ferða fyrir íslenska og erlenda ferðamenn um Ísland.

■ **11. gr.** Ferðaskrifstofa ríkisins skal starfrækja sumarhótel í húsnæði heimavistarskóla, eftir því sem um semst við forráðaaðila skólanna.

□ Við þessa starfrækslu skal þess gætt að ekki sé efnt til óæskilegrar samkeppni við hótel á viðkomandi stöðum, sem rekin eru allt árið.

■ **12. gr.** Ráðherra ræður forstjóra fyrir Ferðaskrifstofu ríkisins. Forstjóri ræður annað starfsfólk skrifstof-

1976 Nr. 60 31. maí

unnar og stjórnar allri starfsemi hennar og ber ábyrgð gagnvart ráðherra.

■ **13. gr.** Ferðaskrifstofa ríkisins greiðir fasteignaskatt samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga, landsútsvar samkvæmt III. kafla sömu laga, svo og aðstöðugjald samkvæmt V. kafla sömu laga.

IV. kafli. Almennar ferðaskrifstofur.[1)]

[1)] *Rg. 266/1978.*

■ **14. gr.** Ferðaskrifstofa merkir í lögum þessum fyrirtæki, sem tekur að sér að veita í atvinnuskyni, að einhverju eða öllu leyti, eftirgreinda þjónustu fyrir almenning:

a. Upplýsingar um ferðir innanlands eða erlendis.

b. Hvers konar umboðssölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.

c. Útvegun gistihúsnæðis.

d. Skipulagningu og sölu hópferða, innanlands eða erlendis, og móttöku erlendra ferðamanna.

□ Samgönguráðuneytið sker úr, ef ágreiningur verður um hvort starfsemi telst falla undir a—d-lið hér að framan, svo og um það, hvort um ferðaskrifstofustarfsemi sé að ræða í skilningi laga þessara.

■ **15. gr.** Óheimilt er að stunda störf þau, er greind eru í 14. gr., svo og að nota í nafni eða auglýsingum einstaklinga, félaga eða fyrirtækja orðið ferðaskrifstofa eða hliðstæð erlend heiti, nema hafa til þess leyfi samgönguráðuneytisins.

■ **16. gr.** Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leitað skal umsagnar Ferðamálaráðs Íslands um allar slíkar umsóknir.

■ **17. gr.** Skilyrði til að geta öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er, að forstöðumaður hennar uppfylli eftirtalin skilyrði:

a. Fjárræði og forræði á búi sínu.

b. Búseta á Íslandi.

□ Enn fremur skal einn eða fleiri af starfsmönnum ferðaskrifstofunnar á hverjum tíma hafa að baki staðgóða reynslu við almenn ferðaskrifstofustörf.

□ Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórnin innlend og aðsetur hér á landi, og gilda um slíka ferðaskrifstofu sömu ákvæði og að ofan greinir.

□ Nú telur ráðuneytið að málavöxtum athuguðum, að ekki sé unnt að reka starfsemi þá, sem sótt er um leyfi fyrir samkvæmt lögum þessum, á viðunandi hátt, og skal þá umsókninni synjað.

■ **18. gr.** Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu má því aðeins veita, að umsækjandi setji bankatryggingu, sem eigi sé lægri en 7,0 millj. kr.

□ Fjárhæð tryggingar skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti og breytt í samræmi við almennar verðlagsbreytingar.[1)]

□ Ferðaskrifstofur skulu árlega senda ráðuneytinu ársreikninga sína, endurskoðaða af löggiltum endurskoðanda.

[1)] *Augl. 573/1982.*

■ **19. gr.** Ekki má greiða af tryggingarfé samkv. 18. gr. aðrar kröfur en þær, sem aðfararhæfur dómur er fenginn fyrir eða viðurkenning skiptaréttar, enda séu kröfurnar sprottnar af ferðaskrifstofurekstri tryggingarfjáreiganda.

□ Þó má víkja frá skilyrði 1. mgr. komi það í ljós að ferðaskrifstofa geti vegna fjárhagsörðugleika ekki annast heimflutning viðskiptavina sinna. Getur ráðuneytið þá annast eða falið öðrum að annast þennan flutning, og greiðist kostnaður við hann af tryggingarfénu, og hefur kostnaður af slíkum flutningi forgang fram yfir aðrar kröfur.

■ **20. gr.** Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður:

a. Ef leyfishafi verður gjaldþrota eða er sviptur fjárræði.

b. Ef trygging sú, sem sett er samkvæmt 18. gr., rýrnar, fellur niður eða fullnægir ekki þeim reglum, sem ráðuneytið setur.

c. Ef leyfishafi hættir að hafa búsetu hér á landi.

□ Ef félag er leyfishafi eða annar en leyfishafi veitir daglegum rekstri ferðaskrifstofunnar forstöðu, fellur leyfið niður, ef einhverra þeirra skilyrða er misst, sem uppfylla ber samkvæmt lögum þessum, eða ef forstöðumaður andast, enda sé ekki ráðinn nýr forstöðumaður, sem uppfylli skilyrði laga þessara, innan þess frests, sem ráðuneytið setur.

■ **21. gr.** Nú andast leyfishafi og er þá eftirlifandi maka hans, ef hann situr í óskiptu búi, heimilt að halda áfram rekstrinum í eitt ár, enda sé fullnægt hinum almennu skilyrðum um ábyrgð og ekki ástæða til afturköllunar leyfis samkvæmt 20. gr.

■ **22. gr.** Ákvæði þessa kafla taka ekki til Ferðaskrifstofu ríkisins. Ráðuneytið setur reglur um á hvern hátt eigendum og umráðamönnum samgöngutækja er heimilt að skipuleggja og selja farseðla í ferðir með slíkum samgöngutækjum, þannig að fæði eða næturgisting fylgi. Binda má slíka heimild tilteknum skilyrðum um hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað, svo og tryggingarfé.

□ Ráðuneytið ákveður einnig, hvaða íslensk ferðafélög eru undanþegin ákvæðum laga þessara, að því er lýtur að ferðum innanlands.

V. kafli. Ferðamálasjóður.[1)]

[1)] *Rg. 265/1978.*

■ **23. gr.** Ferðamálasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn samgönguráðherra.

□ Ferðamálasjóður er stofnlánasjóður þeirra starfsgreina, sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánveitingum.

■ **24. gr.** Fé Ferðamálaráðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir einka- og opinberum aðilum lán til framkvæmda við gisti- og veitingastaði gegn fullnægjandi tryggingum.

2. Sjóðnum er heimilt að veita einka- og opinberum aðilum, gegn fullnægjandi tryggingum, lán til annarra þátta ferðamála en í 1. lið greinir, svo framarlega sem með lánveitingunni er stuðlað að þróun íslenskra ferðamála.

3. Sjóðnum er heimilt að veita óafturkræf framlög til byggingar gistirýmis, eða gerast eignaraðili að gistiaðstöðu, hvar sem rekstri er haldið uppi allt árið. Framlag þetta má aldrei nema meira en 30% af byggingarkostnaði.

■ **25. gr.** Tekjur Ferðamálasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eigi lægra en 40 millj. kr.

2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

1976 Nr. 60 31. maí

■ **26. gr.** Ferðamálasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 300 milljón króna lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

□ Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast slík lán fyrir hönd ríkissjóðs.

■ **27. gr.** Fela skal bankastofnun að annast umsjón Ferðamálasjóðs, vörslu hans, bókhald, innheimtu og útborganir.

■ **28. gr.** Umsóknir um lán og framlög úr Ferðamálasjóði skulu sendar Ferðamálaráði, sem fjallar um þær og ákveður einstakar lánveitingar og framlög.

□ Ákvarðanir Ferðamálaráðs skulu staðfestar af ráðherra.

■ **29. gr.** Til engrar einstakrar framkvæmdar má á sama ári veita hærra lán en sem nemur ⅓ hluta þess fjármagns, sem Ferðamálasjóður getur haft til umráða til útlána á árinu að lánsfé meðtöldu.

■ **30. gr.** Telji Ferðamálaráð, að heimavistarbygging í þágu skóla, sem ríkissjóður kostar að einhverju leyti, henti til starfrækslu sumargistihúss, getur það farið fram á, að byggingarteikningum sé hagað svo, að húsnæðið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru til rekstrar gistihúss, enda sé Ferðamálaráð eða viðkomandi byggingaraðili reiðubúinn að bera ábyrgð á þeim viðbótarkostnaði, sem af breytingunum leiðir. Jafnframt er heimilt í þessu skyni að veita Ferðamálaráði eða viðkomandi byggingaraðila lán úr ríkissjóði fyrir milligöngu Ferðamálasjóðs, allt að 20 millj. kr. árlega.

■ **31. gr.** Lán úr Ferðamálasjóði skulu veitt til allt að 15 ára. Lán má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin.

□ Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni.

□ Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt og heimilt er að binda greiðslur afborgana og vaxta vísitölu byggingarkostnaðar.

□ Nú tekur Ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengistryggingu.

■ **32. gr.** Við afgreiðslu lána skal þess gætt, að lánveiting valdi ekki óeðlilegri samkeppni við fyrirtæki, sem starfandi eru fyrir.

■ **33. gr.** Ferðamálasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum varðandi eigin lántökur sjóðsins, en ekki útlánsskjölum.

■ **34. gr.** Reikningar Ferðamálasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **35. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða, að þeir aðilar, sem skipuleggja hópferðir um Ísland, skuli, samkvæmt nánari reglum, sem settar yrðu þar að lútandi, kaupa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna kostnaðar, sem hljótast kynni af leit eða björgun farþega, sem ferðast á þeirra vegum.

□ Enn fremur er ráðherra heimilt að ákveða, að sömu aðilar skuli hafa í nánar tilteknum ferðum leiðsögumenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun til þessa starfa samkvæmt frekari ákvæðum í reglugerð.

■ **36. gr.** Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

1976 Nr. 60 31. maí

□ Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.

■ **37. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ Með brot gegn lögunum skal farið að hætti opinberra mála.[1)]

[1)] *L. 75/1982, 15. gr.*

■ **38. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1976.

□ Jafnframt falla úr gildi lög um ferðamál, nr. 4 14. febrúar 1969.

■ **Ákvæði til bráðabirgða I.** Við gildistöku laga þessara tekur Ferðamálaráð Íslands við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum Ferðamálaráðs þess, sem starfaði samkvæmt lögum nr. 4/1969. Jafnframt tekur Ferðamálaráð Íslands við þeim verkefnum frá Ferðaskrifstofu ríkisins, sem ráðinu ber samkvæmt þessum lögum.

□ Ferðamálasjóður samkvæmt lögum þessum kemur í stað samnefnds sjóðs samkvæmt eldri lögum og tekur við eignum hans og skuldbindingum.

■ **Ákvæði til bráðabirgða II.** Ferðaskrifstofur þær, sem fengið hafa leyfi og starfandi eru við gildistöku laga þessara, skulu fyrir árslok 1976 leggja fyrir ráðuneytið tryggingarskilríki í samræmi við 18. gr. og reglur þær, sem ráðuneytið setur, og eiga þær þá rétt til að fá útgefin ný leyfi.

□ Sé trygging samkvæmt 18. gr. laga þessara ekki sett innan tilskilins frests, falla leyfi niður.

■ **Ákvæði til bráðabirgða III.** Framlag úr ríkissjóði til Ferðamálasjóðs samkvæmt 25. gr. laga þessara verði 25 millj. kr. árið 1977.

II. j. Tryggingar.

Lög um vátryggingarsamninga. 1954
I. kapítuli. Sameiginlegar reglur um allar tegundir vátrygginga. Nr. 20 8. marz

Inngangur.

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um vátryggingarsamninga, sem gerðir eru við vátryggingarhlutafélög, gagnkvæm vátryggingarfélög eða önnur félög eða stofnanir, sem reka vátryggingarstarfsemi.

□ Lögin gilda ekki um:

a. endurtryggingar;

b. almannatryggingar samkvæmt l. nr. 50 7. maí 1946, sbr. l. nr. 1 12. jan. 1952 og l. nr. 38 27. febr. 1953[1)];

c. stríðsslysatryggingar skipshafna samkvæmt l. nr. 43 9. maí 1947, eða ófriðartryggingar, sbr. l. nr. 2 21. jan. 1944;

d. tryggingar samkvæmt l. nr. 51 27. júní 1921, l. nr. 41 27. júní 1925, l. nr. 15 7. maí 1928, l. nr. 101 30. des. 1943,[2)] sbr. l. nr. 40 15. febr. 1945,[2)] l. nr. 102 30. des. 1943,[3)] l. nr. 103 30. des. 1943[4)] og l. nr. 86 11. júní 1938, sbr. l. nr. 114 30. maí 1940;

e. samninga, þar sem stéttarfélög lofa að veita með-

limum sínum bætur fyrir tjón, er þeir bíða af atvinnuleysi eða stöðvun atvinnurekstrar;

f. samninga, þar sem vinnuveitandi heitir mönnum, er starfað hafa við atvinnurekstur hans, eftirlaunum.

[1]*Nú l. 67/1971.* [2]*Nú l. 29/1963.* [3]*Nú l. 29/1963, sbr. l. 93/1980.* [4]*Nú l. 16/1965.*

■ **2. gr.** „Félagið" merkir í lögum þessum vátryggjanda.

„Vátryggingartaki" merkir þann, er gert hefur samning um vátryggingu við félagið.

„Vátryggður" merkir þann, sem kröfu á um greiðslu bóta, er til hennar kemur.

■ **3. gr.** Ákvæði laga þessara koma því aðeins til greina, að eigi sé á annan veg áskilið berum orðum í samningi eða verði talið í honum fólgið. Þetta gildir þó ekki um þau ákvæði, er lögin sjálf berum orðum lýsa ófrávíkjanleg eða ófrávíkjanleg eru samkv. öðrum réttarreglum.

Rangar upplýsingar við samningsgerð.

■ **4. gr.** Hafi vátryggingartaki, er vátryggingin var tekin, sviksamlega gefið rangar upplýsingar um atvik, er ætla mátti að skiptu máli fyrir félagið, eða leynt slíkum atvikum sviksamlega, er samningurinn ekki skuldbindandi fyrir félagið. Sama gildir, ef framkoma hans hefur að öðru leyti verið með þeim hætti, að það mundi almennt verða talið óheiðarlegt að bera samninginn fyrir sig.

■ **5. gr.** Ef ætla má, að vátryggingartaki hafi, er vátryggingin var tekin, hvorki vitað né mátt vita, að upplýsingar, er hann gaf, voru rangar, er félagið skuldbundið svo sem engar rangar upplýsingar hefðu verið gefnar.

□ Sé um skaðatryggingu að ræða, getur félagið þó sagt vátryggingunni upp með 14 daga fyrirvara.

■ **6. gr.** Hafi vátryggingartaki gefið rangar upplýsingar, er öðruvísi stendur á en segir í 4. og 5. gr., er félagið laust mála, ef ætla má, að það hefði ekki tekið á sig vátrygginguna, hefði það haft rétta vitneskju um málavexti.

□ Ef ætla má, að félagið hefði tekið vátrygginguna á sig, en með öðrum kjörum, ábyrgist það að þeim mun, sem það mundi hafa skuldbundið sig fyrir hið umsamda iðgjald. Ef félagið mundi hafa takmarkað ábyrgð sjálfs sín enn frekar með endurtryggingu, lækka bæturnar í hlutfalli við það.

□ Sé um sjóvátryggingu eða aðra flutningatryggingu að ræða, gilda ákvæði 2. mgr. ekki. Í þess stað ábyrgist félagið þá aðeins að þeim mun, sem sannað verður, að atvik þau, er rangt var skýrt frá, hafi engin áhrif haft um það, að vátryggingaratburðurinn gerðist eða hve mikið tjónið varð.

■ **7. gr.** Láti vátryggingartaki hjá líða að skýra frá atvikum, skiptir það engu máli um ábyrgð félagsins, nema honum hafi mátt vera það ljóst, að atvik þau, er eigi var frá skýrt, skiptu máli fyrir félagið, og meta megi það atferli stórkostlegt gáleysi af hans hálfu. Ef svo er, skal það metið sem hann hefði gefið rangar upplýsingar, sbr. 6. gr.

■ **8. gr.** Vilji félagið bera fyrir sig eitthvert atvika þeirra, er ræðir um í 5.—7. gr., skal það, er það hefur fengið vitneskju um þau, skýra vátryggingartaka án ástæðulausrar tafar frá því, að hve miklu leyti það vill neyta réttar þess, er umræddar greinar veita því.

■ **9. gr.** Félagið getur eigi borið það fyrir sig, að rangt hafi verið frá skýrt eða launung viðhöfð, hafi það vitað hið rétta, er vátryggingin var tekin, eða mátt vita það, né heldur, ef atvik þau, er félaginu var ókunnugt um, skiptu það eigi máli eða skipta eigi máli framar.

■ **10. gr.** Félagið getur eigi borið fyrir sig samning, sem fer í bága við 5. gr. eða 7.—9. gr.

□ Hafi félagið undanskilið sig ábyrgð, ef svo skyldi reynast, að upplýsingar, er annar maður en vátryggingartaki gaf því, reyndust rangar, þá hefur það eigi ríkari áhrif en það mundi hafa haft, ef vátryggingartaki sjálfur hefði gefið þær upplýsingar.

□ Sama gildir, ef félagið hefur lýst einhverjum atvikum í vátryggingarskírteininu, án þess að leita um þau vitneskju hjá vátryggingartaka, og það hefur áskilið sér að vera að nokkru eða öllu undanþegið ábyrgð, ef lýsing atvika þessara reyndist að vera röng.

Upphaf ábyrgðar félagsins.

■ **11. gr.** Nú hefur vátryggingarsamningur verið gerður, en eigi á það kveðið, hvenær ábyrgð félagsins skuli hefjast, og telst hún þá hefjast, þegar félagið eða vátryggingartaki sendir frá sér orðsendingu um, að hann samþykki tilboð hins.

□ Orðsendingar þær, er ræðir um í 1. mgr., skulu taldar hafa verið sendar kl. 6 síðdegis, sé annað eigi sannað.

Iðgjaldið.

■ **12. gr.** Hið fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þegar, er samningurinn er gerður, enda sé eigi um annan gjalddaga samið.

□ Eigi iðgjaldið að greiðast með fleiri greiðslum, hverri fyrir sitt tímabil, eða sé vátryggingin framlengd með samningi eða samkvæmt 84. gr., er hinn fyrsti dagur hvers tímabils gjalddagi hinna síðari iðgjalda.

■ **13. gr.** Sé fyrsta iðgjaldið eigi greitt á réttum tíma, má félagið segja vátryggingunni upp, og fellur samningurinn þá með öllu niður, sé iðgjaldið eigi greitt innan þriggja daga. Sama gildir, sé síðara iðgjald eigi greitt innan viku eftir að félagið hefur krafið vátryggingartaka greiðslu. Þá kröfu má þó í fyrsta lagi gera viku fyrir gjalddaga.

■ **14. gr.** Verði hið fyrsta iðgjald eigi greitt, er þess er krafizt, en þá kröfu má í fyrsta lagi gera á gjalddaga, er ábyrgð félagsins lokið. Sama gildir, séu síðari iðgjöld eigi greidd innan viku frá því, að þeirra var krafizt, en krefja má þeirra í fyrsta lagi viku fyrir gjalddaga.

□ Fyrirvarar um að ábyrgð félagsins skuli þá fyrst hefjast, er hið fyrsta iðgjald er greitt eða skírteini afhent, eru ógildir.

□ Meðan samningurinn er ekki með öllu fallinn úr gildi, má vátryggingartaki greiða iðgjaldið, og hefst þá ábyrgð félagsins að nýju, frá því að greiðslan fór fram.

■ **15. gr.** Nú eru liðnir 3 mánuðir frá því að greiðslu iðgjalds var krafizt, og er það enn ógreitt, og fellur samningurinn þá úr gildi uppsagnarlaust, enda hafi félagið eigi byrjað lögsókn til heimtu iðgjaldsins. Ábyrgð félagsins hefst að nýju við byrjun þeirrar lögsóknar. Láti félagið lögsóknina niður falla eða leiði hún eigi til fullnustu kröfunnar, lýkur ábyrgð félagsins að nýju, og skal þá litið svo á, sem lögsóknarfresti þeim, sem getur í 1. málslið, hafi eigi verið slitið.

■ **16. gr.** Hafi félagið, samkvæmt ákvæðum laga þess-

ara, sagt vátryggingarsamningnum upp til slita, áður en sá tími, er hann var gerður um, var liðinn, eða falli samningurinn úr gildi samkvæmt 15. gr., og á félagið þá rétt á iðgjaldsupphæð þeirri, er greiða hefði átt, ef vátryggingin hefði aðeins verið gerð um þann tíma, sem liðinn er.

☐ Falli samningurinn úr gildi af öðrum ástæðum, á félagið rétt á þeim hluta iðgjaldsins, er samsvarar tímanum fram til þess, að samningurinn féll úr gildi.

■ **17. gr.** Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að greiðslufall á lúkningu iðgjalds hafi í för með sér harðari kosti fyrir vátryggingartaka eða vátryggðan en segir í 13.—15. gr. Ákvæði 2. og 3. málsliðar 13. gr. og 16. gr. gilda eigi um líftryggingar.

Ásetnings- eða vangáratferli, er veldur því, að vátryggingaratburðurinn gerist.

■ **18. gr.** Ef vátryggður verður þess valdur af ásettu ráði, að vátryggingaratburðurinn gerist, á hann enga kröfu á hendur félaginu.

☐ Hafi hann af vangá sinni valdið því, að vátryggingaratburðurinn gerðist, og telja má vangá hans stórkostlega eftir því, sem atvik lágu til, skal úr því skorið, hvort greiða skuli bætur og hve háar, eftir því, hversu mikil sökin er, og eftir öðrum atvikum. Þegar um er að ræða líftryggingar eða ábyrgðartryggingar, ber félagið þó fulla ábyrgð.

■ **19. gr.** Ákvæðum 18. gr. um brottfall eða takmörkun ábyrgðar félagsins skal þó eigi beitt, er vátryggður var yngri en 15 ára eða gat eigi hegðað sér skynsamlega vegna geðveiki, andlegs vanþroska, geðtruflana um stundarsakir eða annars þess konar ástands.

☐ Sama gildir, ef verknaður sá, er leiðir til þess, að vátryggingaratburðurinn gerist, er unninn í því skyni að varna því, að tjón verði á mönnum eða eignum, og með þeim atvikum, að hann verði talinn réttmætur.

■ **20. gr.** Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að félagið skuli laust úr ábyrgð, er því, að vátryggingaratburðurinn gerðist, hefur verið valdið af vangá, er ekki verður talin stórkostleg. Ákvæði þetta er því þó eigi til fyrirstöðu, að samið sé um það, bæði að félagið skuli leyst úr ábyrgð, er vátryggður hefur valdið vátryggingaratburðinum í ölæði, er honum verður sjálfum gefin sök á, og að félagið megi draga allt að 5% frá bótunum, er vátryggingaratburðurinn stafar frá vangá, sem eigi verður talin stórkostleg.

Skyldur vátryggðs, er vátryggingaratburðinn ber að höndum.

■ **21. gr.** Þegar vátryggingaratburðurinn hefur gerzt, skal vátryggður þegar í stað skýra félaginu frá því, ef hann ætlar að hafa uppi kröfur á hendur því vegna hans.

☐ Vanræki vátryggður þetta, ber félagið ekki frekari ábyrgð en það mundi hafa borið, ef slík tilkynning hefði verið gefin. Ef líkur eru að því leiddar, að félagið hafi vegna þessarar vanrækslu misst af tækifæri til að leiða sönnur að atvikum, sem mundu hafa leitt til þess, að ábyrgð þess hefði fallið niður eða orðið minni en ella, skal úr því skorið, með hliðsjón af atvikum málsins, hvort bætur skuli greiða, og ef svo er, hve háar.

☐ Ef svo er um samið, að vátryggður skuli skýra frá atburðum, sem félagið ábyrgist afleiðingar af, enda þótt þær afleiðingar séu enn eigi komnar í ljós, gilda ákvæði þau, sem sett eru hér að framan, eftir því sem við á.

☐ Eigi verður, svo gilt sé, samið um það, að vanræksla vátryggðs eða annarra á því að gefa félaginu tilkynningu svo sem hér var sagt, skuli hafa meiri afleiðingar en nú var um mælt.

1954 Nr. 20 8. marz

■ **22. gr.** Hafi vátryggður uppi kröfur á hendur félaginu, er honum skylt að veita því allar þær upplýsingar, er honum er unnt að veita, um atvik, er máli kunna að skipta, er dæma skal um vátryggingaratburðinn, eða er ákveða skal fjárhæð þá, er félaginu ber að greiða, eða endurgreiðslukröfur þær, er félagið kynni að eiga á hendur öðrum mönnum.

☐ Vanræki vátryggður að gefa þessar upplýsingar, hefur það þau áhrif, sem segir í 2. mgr. 21. gr.

■ **23. gr.** Ef svo er um samið, að vátryggður, er sviksamlega skýrir frá eða leynir atvikum, er skipta máli, þegar dæma skal um ábyrgð félagsins, skuli glata rétti þeim til bóta, er hann ella hefði átt, getur dómur, með hliðsjón af atvikunum, er svikunum var beitt, ákveðið, að bætur skuli greiða að nokkru eða öllu leyti þrátt fyrir samningsákvæði þetta.

☐ Nú hafa upplýsingar verið gefnar eða vanrækt hefur verið að gefa þær, en hvorugt hefur þetta verið gert í sviksamlegum tilgangi, og hefur það þá eigi önnur áhrif en segir í 2. mgr. 21. gr., þótt á annan veg sé um samið.

Greiðsluskylda félagsins.

■ **24. gr.** Krefja má um greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á til þess að meta vátryggingaratburðinn og ákveða upphæð bótanna.

☐ Ef augljóst er orðið, áður en endanleg ákvörðun bótanna getur átt sér stað, að félaginu beri að minnsta kosti að greiða nokkurn hluta upphæðar þeirrar, er það er krafið um, má krefjast greiðslu á þeim hluta hennar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 1. mgr. þessarar gr.

☐ Félagið skal greiða vexti af fjárhæðinni frá gjalddaga, er séu 1% p. a. lægri en vísilvextir Landsbankans.

☐ Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að gjalddagi bótanna skuli háður ákvörðun félagsins eða því, að það hafi verið skyldað til greiðslu með dómi.

Aðgangsréttur félagsins.

■ **25. gr.** Ef einhver er skaðabótaskyldur við vátryggðan fyrir atvik, er vátryggingin tekur til, þá öðlast félagið rétt vátryggðs á hendur honum, að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur. Ef þriðji maður hefur valdið tjóninu af vangá, er eigi verður talin stórkostleg, eða sé ábyrgð hans eingöngu byggð á reglunum um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna hans, má lækka skaðabótaábyrgð hans eða fella hana niður eftir atvikum.

☐ Sé um líftryggingu, slysa- eða sjúkratryggingu að ræða, á félagið enga kröfu á hendur þeim, er valdur varð að því, að vátryggingaratburðurinn gerðist. Þegar um þessar tryggingar er að ræða, hefur það og engin áhrif á kröfur vátryggðs, hvort heldur er gegn félaginu eða þeim, sem tjóninu hefur valdið, þótt hann hafi þegar fengið greiddar bætur hjá hinum. Ákvæðum 1. mgr. skal þó beitt um slysa- og sjúkratryggingar, að svo miklu leyti sem greiðsla félagsins er raunveruleg skaðabót.

☐ Félagið getur eigi áskilið sér að öðlast rétt vátryggðs

gegn þriðja manni í rýmra mæli en hér að framan segir.

Fjárþrot félagsins og vátryggingartaka.

■ **26. gr.** Ef bú félagsins er tekið til gjaldþrotaskipta, má vátryggingartaki rifta samningnum. Geri hann það ekki, fellur samningurinn þó úr gildi þrem mánuðum eftir að gjaldþrotaskiptin voru auglýst.

□ Komi það í ljós við fjárnámsgerð, að félagið skorti fé til að greiða skuldir sínar, eða hafi það stöðvað greiðslur sínar eða reynist fjárhag þess með öðrum hætti þannig varið að ætla megi, að það geti ekki fullnægt skuldbindingum sínum, má vátryggingartaki rifta samningnum, ef félagið setur eigi þegar í stað, er hann krefst þess, nægilega tryggingu fyrir efndum sínum.

□ Þegar vátryggingarsamningi er rift samkvæmt framangreindum ákvæðum, getur vátryggingartaki krafizt bóta fyrir tjón það, er hann bíður við það að vátryggingunni lýkur.

■ **27. gr.** Missi félagið rétt til að stunda vátryggingarstarfsemi hér á landi, má vátryggingartaki rifta samningnum. Sama gildir, sé félagið sameinað öðru félagi eða afhendi það öðru félagi fjármuni sína í heild sinni.

□ Ef efnt er til frjálsra skuldaskila félagsins, fellur vátryggingarsamningurinn niður, þegar ár er liðið frá upphafi skuldaskilanna. Innan þess tíma má vátryggingartaki rifta samningnum, ef félagið setur eigi þegar í stað, er hann krefst þess, nægilega tryggingu fyrir efndum sínum.

□ Ákvæði 3. mgr. 26. gr. koma hér til greina, eftir því sem við á.

■ **28. gr.** Verði bú vátryggingartaka tekið til gjaldþrotaskipta, eða boði hann til nauðasamninga án gjaldþrotaskipta, þá hefur það, enda þótt öðruvísi sé um samið, engin áhrif á vátryggingarsamninginn önnur en þau, er leiðir af almennum reglum laganna. Þegar um skaðatryggingu er að ræða, má félagið þó áskilja sér rétt til að segja samningnum upp með 14 daga fyrirvara.

Fyrning.

■ **29. gr.** Kröfur, sem rísa af vátryggingarsamningi, fyrnast á 4 árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur um greiðslu bóta eða vátryggingarfjárhæðarinnar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að vátryggingaratburðurinn gerðist. Að öðru leyti fer um fyrninguna eftir almennum reglum laganna. Ákvæði 4. mgr. 2. gr. l. nr. 14 20. okt. 1905 halda gildi sínu.

■ **30. gr.** Samningi um að vátryggður glati kröfu sinni, ef hann krefur hennar eigi með lögsókn innan skemmra frests en segir í 29. gr., verður eigi beitt, nema því aðeins að félagið hafi, með eigi skemmri fresti en 6 mánaða, skýrt vátryggðum skriflega frá því, hversu langur fresturinn sé og hvaða afleiðingar það muni hafa, ef hann er látinn líða ónotaður.

□ Samningi um að félagið skuli vera leyst úr ábyrgð, ef krafa, er rís af vátryggingaratburði, er eigi höfð uppi við félagið innan tiltekins frests, verður eigi beitt gegn þeim manni, er slíka kröfu hefur uppi innan 3 mánaða frá því hann fékk vitneskju um atvik þau, er krafan rís af.

Samningur um framlengingu vátryggingarinnar.

■ **31. gr.** Félagið getur eigi borið fyrir sig samning um það, að vátryggingin skuli talin framlengd um lengri tíma en eitt ár, hafi henni eigi verið sagt upp, nema því aðeins að það hafi minnt vátryggingartaka á það, í fyrsta lagi þremur mánuðum og síðasta lagi einum mánuði fyrir lok uppsagnartímans, að vátryggingin mundi framlengjast á þennan veg, ef henni væri ekki sagt upp.

Ákvæði um gerðardóm o. fl.

■ **32. gr.** Samningur um að vátryggður eða vátryggingartaki megi ekki njóta aðstoðar annarra manna, er þeir semja við félagið, er ógildur.

□ Samningi um að vátryggður eða vátryggingartaki skuli mæta sjálfir til slíkra samningaumleitana verður eigi beitt, ef það mundi hafa í för með sér óhæfilega mikinn kostnað eða vera óhæfilegum örðugleikum bundið, ef þess væri gætt.

□ Nú er svo um samið, að væntanleg ágreiningsefni skuli undanskilin úrskurði dómstóla, og getur þá dómur metið það að engu, ef ákvæðin um skipun og starf þeirra, er úrskurðurinn skal falinn, verða eigi talin tryggileg fyrir vátryggðan.

Um tilkynningar.

■ **33. gr.** Tilkynningar frá félaginu til vátryggingartaka eða vátryggðs hafa þá fyrst áhrif, er þeir hafa tekið á móti þeim. Nú kemur tilkynning eigi fram eða eigi á réttum tíma, og stafar það af því, að móttakandi hefur vanrækt að skýra frá því, að hann hafi flutt sig, eða af öðrum atvikum, er hann varða, og fær tilkynningin þá áhrif að lögum daginn eftir að hún undir venjulegum kringumstæðum mundi hafa komið í hendur móttakanda.

□ Þegar vátryggður hefur afhent þess konar tilkynningu, sem um ræðir í 21., 46. og 67. gr., til sendingar í símskeyti eða með pósti, eða hún hefur verið afhent til flutnings með öðru flutningatæki, er gilt þykir að nota, verður það eigi hans skaði, þótt henni seinki eða hún komi eigi til skila.

Ógildi ósanngjarnra samningsákvæða.

■ **34. gr.** Ef ákvæði í vátryggingarsamningi er í ósamræmi við lög þessi og mundi leiða til niðurstöðu, sem augljóslega væri ósanngjörn, skal meta það ógilt, svo fremi ógilding þess yrði talin vera í samræmi við góðar venjur í vátryggingarmálum.

II. kapítuli. Skaðatrygging.

A. Almenn ákvæði.

Tryggingarhagsmunir.

■ **35. gr.** Gegn skaða má vátryggja sérhverja lögmæta hagsmuni, er metnir verða til peningaverðs, hvort heldur eru hagsmunir vátryggingartaka sjálfs eða þriðja manns.

Vátryggingarverð.

■ **36. gr.** Nú er hlutur vátryggður og engir sérstakir hagsmunir tilgreindir, og telst vátryggingin þá taka til þeirra hagsmuna, að verð hlutarins sjálfs rýrni eigi við vátryggingaratburðinn, og tekur hún þá eigi til annarra hagsmuna, sem tengdir eru því, að hluturinn varðveitist. Félagið ábyrgist því ekki rekstrartap né tjón, sem hlýzt af því, að hluturinn varð ekki notaður á þeim tíma eða með þeim hætti, sem ráðgert hafði verið.

■ **37. gr.** Með undantekningum þeim, sem um getur í 38. og 75. gr., skal verð hlutarins talið nema þeirri upphæð, er þurft hefði til kaupa á hlut þeim, er fórst eða skemmdist, með því verðlagi, er síðast var á slíkum hlut áður en vátryggingaratburðurinn gerðist, að frá-

dreginni hæfilegri verðrýrnun hans vegna aldurs, brúkunar, minnkaðs notagildis og annarra atvika.

☐ Þegar um búsgögn er að ræða eða hluti til persónulegra nota og þess háttar, er verðrýrnun vegna aldurs og brúkunar því aðeins dregin frá verðinu, að telja megi, að notagildi hlutanna fyrir vátryggðan hafi minnkað svo verulegu nemi.

☐ Sé hús, sem skaðazt hefur, byggt að nýju eða við það gert, skal aðeins dreginn frá mismunur milli gamals og nýs.

■ **38. gr.** Bætur fyrir hluti, sem vátryggður hefur framleitt sjálfur til sölu, skulu ákveðnar í samræmi við verð það, er fengizt hefði fyrir þá, síðast áður en vátryggingaratburðurinn gerðist, við sölu þeirra með venjulegum skilmálum, en draga skal frá því venjulegan sölukostnað, verzlunaráhættu þá, er hjá varð komizt, og það hagræði að verðið er greitt út í hönd.

■ **39. gr.** Enda þótt umsamið sé á annan veg, er félaginu óskylt að greiða hærri bætur en með þarf til þess að bæta tjón það, sem orðið hefur.

☐ Sé kveðið á um ákveðið verð hinna vátryggðu muna í vátryggingarsamningnum, eða samið um tiltekna aðferð við mat á tjóninu, þá eru þau ákvæði skuldbindandi fyrir félagið, nema það sanni, að bæturnar mundu þá nema meiru en upphæð tjónsins.

Vátrygging undir verði.

■ **40. gr.** Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en verð hinna tryggðu hagsmuna, er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim, sem er á vátryggingarfjárhæðinni og verði hins tryggða.

Tvítrygging.

■ **41. gr.** Séu sömu hagsmunir vátryggðir gegn sömu hættu hjá fleiri félögum en einu, ábyrgist hvert þeirra með sama hætti og væri það eitt vátryggjandi.

■ **42. gr.** Ef fleiri félög en eitt bera ábyrgð á tjóni og bætur þær, er greiða skal, eru lægri en samanlagðar bótafjárhæðir þær, er félögin ábyrgjast, skal skipta ábyrgðinni milli félaganna í hlutfalli við fjárhæðir þær, er hvert þeirra um sig ábyrgist. Geti eitthvert félaganna eigi greitt sinn hluta bótanna, skal skipta því, sem á vantar fulla greiðslu, milli hinna í samsvarandi hlutfalli innan þeirra takmarka, sem sett eru í 1. málsl. þessarar greinar.

■ **43. gr.** Ef fyrirvari er um það gerður í vátryggingarsamningi, að félagið skuli að öllu eða nokkru leyti leyst úr ábyrgð, ef hinir sömu hagsmunir eru eða verða síðar vátryggðir hjá öðru félagi, þá á vátryggður þó rétt á bótum fyrir tjón, er hann fær eigi bætt samkvæmt hinni vátryggingunni. Ef fleiri félög en eitt hafa tekið á sig vátryggingu á sömu hagsmunum og öll sett það skilyrði fyrir ábyrgð sinni, að hagsmunir þessir væru eigi vátryggðir annars staðar, þá ábyrgjast öll félögin samt sem áður í hlutfalli við þá fjárhæð, sem hvert þeirra um sig hefði ábyrgzt, ef það eitt hefði tekið vátrygginguna á sig. Geti eitthvert félaganna eigi greitt sinn hluta bótanna, skal skipta því, sem á vantar fulla greiðslu, milli hinna í samsvarandi hlutfalli.

☐ Nú er ekki aðeins ábyrgðin heldur og rétturinn til iðgjalda háður því, samkvæmt samningnum, að vátrygging sé eigi tekin annars staðar, og koma þá ákvæði 1. mgr. eigi til greina.

☐ Félagið getur bundið ábyrgð sína því skilyrði, að vátryggður beri sjálfur áhættu á nokkrum hluta hagsmuna þeirra, sem tryggðir eru, svo og að hann tryggi eigi annars staðar aðra hagsmuni en þá, er ræðir um í 36. gr.

■ **44. gr.** Vátryggðum er skylt að skýra félagi því, er hann krefur bóta, frá því, hjá hvaða félögum öðrum hann einnig hefur tekið vátryggingu. Ber hann ábyrgð á tjóni því, er af því kann að leiða, að hann vanrækti að skýra frá þessu.

☐ Ef svo er um samið, að vátryggingartaki eða vátryggður skuli, áður en vátryggingaratburðinn ber að höndum, skýra félaginu frá því, ef sömu hagsmunir eru vátryggðir annars staðar, þá hefur vanræksla hans á því eigi önnur áhrif en þau, er segir í 1. mgr., og það enda þótt annað hafi verið ákveðið í samningi.

Aukin áhætta.

■ **45. gr.** Ef hætta, sem sérstaklega er nefnd í skírteininu, breytist síðar með vilja vátryggðs á þann veg, að áhætta félagsins eykst fram yfir það, sem ætla má, að haft hafi verið í huga, er samningurinn var gerður, er félagið laust úr ábyrgð, ef ætla má, að það hefði eigi tekið vátrygginguna á sig, ef aðstæður þær, er skapazt hafa við breytinguna, hefðu verið fyrir hendi, þegar samningurinn var gerður.

☐ Ef ætla má, að félagið hefði tekið vátrygginguna á sig með öðrum kjörum, verður ábyrgð þess á sömu leið, sem hún mundi hafa orðið, ef það hefði haldið vátryggingunni áfram fyrir sama iðgjald og því verið kunnugt um hina auknu hættu. Ef félagið hefði takmarkað sjálfs sín ábyrgð enn frekara með endurtryggingu, lækka bæturnar hlutfallslega.

☐ Um sjóvátryggingar og aðrar flutningatryggingar gildir sú regla, í stað þess er segir í 2. mgr., að félagið ábyrgist aðeins að því leyti til, sem aukning hættunnar hefur eigi haft áhrif um það, að vátryggingaratburðinn bar að höndum, né um það, hve mikið tjónið varð.

■ **46. gr.** Nú eykst áhættan, en ekki með vilja vátryggðs, og fær hann vitneskju um það, en vanrækir að ástæðulausu að skýra félaginu frá því, og er þá sem breytingin hefði orðið með vilja hans.

■ **47. gr.** Nú eykst áhættan svo sem segir í 45. gr., og má félagið þá segja vátryggingunni upp með viku fyrirvara, hvort sem hættan hefur aukizt með eða án vilja vátryggðs.

■ **48. gr.** Vilji félagið bera það fyrir sig, að áhættan hafi aukizt, verður það, án ástæðulausrar tafar, er það hefur fengið vitneskju um aukningu áhættunnar, að tilkynna vátryggðum, að það hyggist neyta réttar síns samkvæmt 45.—47. gr.

■ **49. gr.** Félagið getur eigi krafizt lausnar frá skyldum sínum vegna þess, að áhættan hafi aukizt, þegar sú áhættuaukning er eigi lengur fyrir hendi eða hún skiptir eigi lengur máli fyrir félagið.

☐ Sama gildir, er áhættan hefur aukizt við ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að varna því, að tjón verði á mönnum eða eignum, og ráðstafanir þessar verða taldar réttmætar.

■ **50. gr.** Félagið getur eigi borið fyrir sig samning um það, að aukning áhættunnar skuli hafa áhrif að lögum endranær eða í ríkara mæli en greinir í 45.— 49. gr. Þó má semja svo um, að reglunum í 2. mgr. 45. gr. skuli beitt í stað reglnanna í 3. mgr. sömu greinar eða öfugt.

□ Þegar hlutur er vátryggður í þágu þriðja manns og hluturinn er í varðveizlu vátryggingartaka, hefur áhættuaukning, sem hann hefur valdið viljandi, sömu áhrif, sem væri hún af völdum vátryggðs. Sama gildir um vátryggingu gegn rekstrartapi.

Varúðarreglur.

■ **51. gr.** Ef mælt er í vátryggingarsamningi fyrir um varúðarreglur, er gætt skuli, áður en vátryggingaratburðinn ber að höndum, til þess að afstýra honum eða draga úr tjóni því, er af honum kynni að leiða, og hafi vátryggður eða annar maður, sem skylt var að gæta þess, að varúð þessi sé viðhöfð, orðið sekur um vanrækslu á að gæta hennar, á vátryggður aðeins kröfu á hendur félaginu, þegar og að svo miklu leyti, sem telja má sannað, að það hafi eigi verið að kenna vanrækslu á því, að reglum þessum væri fylgt, að vátryggingaratburðurinn gerðist eða hve víðtækar afleiðingar hans urðu.

□ Nú er fyrirmæla um varúð, þeirra, er getur í 1. mgr., eigi gætt, og ber það vott um hirðuleysi, svo að ástæða er til að óttast, að einnig verði vanrækt að gæta þeirra síðar, eða sé af öðrum rökum ástæða til að óttast frekari vanrækslu, og má félagið þá segja samningnum upp með viku fyrirvara. Samningar þess efnis, að félagið skuli leyst úr ábyrgð í ríkara mæli en hér var lýst, er slíkra fyrirmæla er eigi gætt, hafa eigi gildi að lögum.

Ráðstafanir til að varna tjóni.

■ **52. gr.** Þegar vátryggingaratburðurinn hefur gerzt eða bein hætta er á því, að hann muni að höndum bera, ber vátryggðum að reyna af fremsta megni að afstýra tjóninu eða draga úr því. Eigi vátryggður rétt til bóta frá þriðja manni fyrir tjón, sem félaginu er skylt að bæta, ber honum að gera þær ráðstafanir, sem eftir atvikum eru nauðsynlegar til að tryggja endurgreiðslukröfu félagsins, þar til félagið getur gætt hagsmuna sinna sjálft. Hafi félagið gefið ákveðin fyrirmæli um þetta efni, ber vátryggðum að fara eftir þeim eftir því sem honum er unnt.

□ Vanræki hann þessa skyldu sína af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi, ábyrgist félagið eigi það tjón, sem ætla má, að af því hafi hlotizt. Eigi verður, svo gilt sé, samið um það, að vanræksla vátryggðs eða annarra á að gera áðurnefndar ráðstafanir skuli hafa ríkari áhrif en hér var sagt.

■ **53. gr.** Vátryggingin nær til tjóns og kostnaðar, er vátryggður hefur af ráðstöfunum þeim, sem ræðir um í 52. gr. og hæfilegar þykja eftir atvikum. Ákvæðum 40. gr. skal beitt um þetta efni eftir atvikum.

□ Félaginu er skylt að bæta nefndan kostnað, þótt bæturnar þá verði hærri en vátryggingarfjárhæðinni nemur.

Vátrygging hagsmuna þriðja manns.

■ **54. gr.** Sé hlutur vátryggður og eigi greint, hverjum sú trygging skuli til hagsbóta, þá telst vátryggingin vera hverjum þeim til hagsbóta, er bíða mundi tjón við það, að hluturinn skemmdist eða færi forgörðum, vegna þess að hann ætti hlutinn eða veðrétt í honum eða önnur óbein eignarréttindi, eða vegna þess, að hann bæri áhættuna af því, að hluturinn færist. Ákvæði þetta gildir þó því aðeins um sjóveðrétt, að persónuleg krafa gegn eiganda veðsins sé veðréttinum samfara.

□ Sé áskilið, að vátryggingin skuli falla úr gildi við eigandaskipti, gildir hún þó í 14 daga, — í 3 daga, er um búfjártryggingu er að ræða, — frá eigandaskiptunum, að svo miklu leyti sem hinn nýi eigandi á ekki rétt á bótum samkvæmt vátryggingu, er hann hefur aflað sér sjálfur. Ákvæði þetta gildir eigi um sjóvátryggingu á skipi.

■ **55. gr.** Vátrygging á búsmunum tekur, sé annað eigi ljóst af atvikum málsins, einnig til búsmuna maka vátryggingartaka, barna hans, sem hjá honum eru, og heimilisfólks hans, sem er í persónulegri þjónustu hans.

■ **56. gr.** Ef tekin er vátrygging á hagsmunum þriðja manns eða taki hún lögum samkvæmt til hagsmuna annarra manna, er vátryggingartaka þó heimilt, gagnvart þeim, að taka ákvarðanir um breytingar á samningnum, riftun hans eða uppsögn, og getur hann einnig, svo gilt sé, tekið við uppsögn og öðrum tilkynningum, er vátrygginguna varða. Þetta gildir þó eigi, ef annað leiðir af lögskiptum hans og þriðja manns.

□ Hafi vátryggingartaki gert slíka ráðstöfun í heimildarleysi, er hún samt skuldbindandi gagnvart félaginu, nema því aðeins, að það hafi vitað eða mátt vita, að vátryggingartaka skorti rétt til þess. Þegar um sjóvátryggingu eða aðra flutningatryggingu er að ræða, gildir þetta þó því aðeins, að vátryggingartaki sýni skírteinið, svo að athugasemdir verði ritaðar á það eftir þörfum, eða hann sanni, að eigi hafi verið gefið út farmskírteini eða farmbréf þess eðlis, að sendandi varningsins geti eigi ráðstafað honum, eftir að hann hefur látið bréfið af höndum.

■ **57. gr.** Þegar vátryggingaratburðinn ber að höndum, á sá rétt á bótum, sem á hagsmuni þá, er vátryggingin tók til, þótt honum hafi ekki verið skýrt frá vátryggingunni.

□ Þó getur vátryggingartaki, svo gilt sé, samið við félagið um bæturnar og tekið við greiðslu þeirra, nema því aðeins, að vátryggingartaki hafi nefnt til ákveðinn mann eða einhver hafi gefið sig fram við félagið sem rétthafa, eða loks að vátryggður eigi rétt til vátryggðra fasteigna, er tryggður sé með þinglýsingu. Ákvæðum síðasta málsl. 56. gr. skal beitt, eftir því sem við á.

■ **58. gr.** Taki vátrygging samtímis bæði til hagsmuna eiganda og veðhafa, má greiða eigandanum bæturnar, ef tjónið hefur þegar verið bætt, hús, er vátryggt var, byggt upp að nýju, aflað á ný annarra hluta, sem vátryggingin og veðrétturinn náðu til, eða önnur jafngóð trygging sett fyrir því, að veðhafi fái rétti sínum fullnægt. Sama gildir, ef vátryggingin tekur til hagsmuna annarra, sem rétt eiga til hlutarins.

□ Hafi viðgerð eigi farið fram eða nýrra hluta verið aflað, skal vátryggingarfénu skipt milli eigandans og annarra rétthafa, og skal þá gætt ákvæða 2. mgr. 57. gr.

B. Sjóvátrygging og önnur flutningatrygging.

1. Sjóvátrygging.

■ **59. gr.** Þegar talað er um sjóvátryggingu í lögum þessum, er átt við vátryggingu gegn hættu, sem hagsmunir vátryggðs eru lagðir í við flutninga á sjó. Taki vátryggingin einnig til annarrar hættu, er tengd er flutningunum, telst hún í heild sinni sem sjóvátrygging.

□ Vátrygging, er varðar skip, er lagt hefur verið í lægi eða er í dráttarbraut eða í skipakví, eða liggur kyrrt með öðrum hætti, telst vera sjóvátrygging. Sama gildir um tryggingu á varningi, sem er í slíku skipi.

■ **60. gr.** Sé sérstök undantekning eigi gerð í lögum eða í samningi, tekur sjóvátrygging til hvers konar hættu, sem hinir vátryggðu hagsmunir eru lagðir í.

■ **61. gr.** Þegar um húftryggingu er að ræða eða vátryggingu farmgjalds, ábyrgist félagið skaðabótaskyldu, er falla kann á vátryggðan gagnvart þriðja manni, þegar skip eða farmgjald eru í ábyrgð fyrir tjóni, er hlotizt hefur af árekstri skipa eða árekstri skips við fasta hluti eða á floti, eða þeim atvikum, sem lögð eru á borð við árekstur í 228. gr. a í siglingalögunum. Þegar vátryggt er undir verði, koma ákvæði 40. gr. til greina. Félagið svarar þó ekki til ábyrgðar útgerðarmanns á tjóni á varningi, er var í hinu vátryggða skipi og hlotizt hefur af árekstrinum.

■ **62. gr.** Félagið ábyrgist ekki tjón á skipi, er eingöngu stafar af sliti, elli eða fúa, og eigi heldur tjón á varningi, er stafar af ónógum umbúðum eða af eðli varningsins sjálfs, svo sem innri skemmdum, rýrnun, venjulegum leka, eða ef dýr deyja.

■ **63. gr.** Þegar félagið vátryggir hagsmuni útgerðarmanns, er því óskylt að bæta tjón, er stafar af því, að skipið var óhaffært, er það lét síðast úr höfn, ófullnægjanlega útbúið eða mannað, hafði eigi nauðsynleg skipsskjöl eða var eigi tryggilega hlaðið. Þetta gildir þó ekki, ef ætla má, að hvorki útgerðarmaður né skipstjóri hafi vitað eða mátt vita um það, sem áfátt var.

■ **64. gr.** Sé reikningur um niðurjöfnun sameiginlegs sjótjóns gerður á réttum stað og með löglegum hætti, skal félagið greiða framlag það til sjótjónsbóta, sem kemur í hlut hinna vátryggðu hagsmuna að greiða samkvæmt niðurjöfnun tjónsins. Sé vátryggt undir verði, koma ákvæði 40. gr. til greina.

■ **65. gr.** Ef kveðið er á um það í farmsamningi, að reikningur um niðurjöfnun sameiginlegs sjótjóns skuli gerður eftir öðrum reglum en lög mæla fyrir um, og leysir það þá eigi félagið við skuldbindingu þess, þótt eftir samningsákvæði þessu sé farið, enda séu reglur þær, sem eftir er farið, notaðar almennt í alþjóðlegum viðskiptum.

■ **66. gr.** Þótt heimta megi bætur fyrir tjón, sem orðið hefur á vátryggðum hlut, samkvæmt reglunum um sameiginlegt sjótjón, er vátryggðum þó rétt að krefjast þess, að félagið bæti sér tjónið sem einkasjótjón, og þarf hann ekki að bíða þess, að sjótjónsreikningurinn sé gerður.

□ Ef félagið greiðir slíkar bætur, öðlast það allan rétt vátryggðs á hendur öðrum hluttakendum í sjótjóninu. Sé vátryggt undir verði, koma ákvæði 40. gr. til greina.

■ **67. gr.** Ef flutt er með öðru skipi en því, er nota skyldi samkvæmt vátryggingarsamningnum, er félagið laust úr ábyrgð, ef ætla má, að það hefði eigi tekið vátrygginguna á sig, ef því hefði verið um þetta kunnugt, eða það mundi hafa áskilið sér hærra iðgjald, sett aðra skilmála eða endurtryggt meira af áhættu sinni.

□ Ef breyting þessi verður, eftir að ferðin er hafin, ber félagið þó ábyrgð, ef breytingin varð án samþykkis vátryggðs eða hún var nauðsynleg vegna atburðar, er vátryggingin tók til. Verði slík breyting án samþykkis vátryggðs, er honum þó skylt að skýra félaginu frá henni, jafnskjótt og hann fær vitneskju um hana. Vanræki hann það, er félagið laust úr ábyrgð á atburðum, er gerast að þeim tíma liðnum.

■ **68. gr.** Ef vikið er á ferðinni frá leið þeirri, er ráðgert var í samningnum að farin skyldi, eða að öðru leyti má telja rétta leið, er ábyrgð félagsins lokið, nema því aðeins, að afvik þessi séu gerð án samþykkis vátryggðs.

□ Ábyrgð félagsins lýkur þó ekki, ef afvik þessi voru nauðsynleg vegna atburðar, er vátryggingin tók til, eða þau voru gerð til þess að forðast tjón á mönnum eða eignum, en atvik lágu svo til, að telja mátti slíkt réttmætt. Félagið er þó leyst úr ábyrgð á tjóni sem verður, ef eigi er aftur horfið á rétta leið, jafnskjótt og unnt er.

□ Hafi ábyrgð félagsins lokið samkvæmt fyrirmælum 1. eða 2. mgr., ber það samt ábyrgð á vátryggingaratburðum, er gerast, eftir að skipið aftur er komið á rétta leið, ef ætla má að afvikin hafi eigi skipt máli um það, að tjónið varð eða hversu mikið það varð.

□ Samsvarandi reglur gilda, er skip kemst út fyrir siglingasvæði það, er vátryggingin tekur til.

■ **69. gr.** Verði skip eða farmur, sem útgerðarmaður á, fyrir tjóni við björgun á öðru skipi eða farmi þess, er félaginu óskylt að bæta tjón, sem ætla má að fengizt hafi bætt með greiðslu björgunarlauna. Komi það í ljós, eftir að bætur hafa verið greiddar, að tjónið hafi fengizt bætt að öllu eða nokkru leyti með greiðslu björgunarlaunanna, getur félagið auk þess krafizt endurgreiðslu á tilsvarandi hluta bótanna.

■ **70. gr.** Vátryggður á rétt á bótum, sem um algert tjón væri að ræða, ef skip, vegna þess að það hefur sokkið eða strandað eða vegna annars atburðar, er vátryggingin tekur til, er svo komið, að ekki er unnt að bjarga því með hæfilegum tilkostnaði, eða það hefur orðið fyrir svo miklum skemmdum, að það er eigi þess virði, að við það sé gert.

□ Sama gildir, er varningur, vegna atburðar, er vátryggingin tekur til, er svo kominn eða hann svo skemmdur, sem áður var sagt, eða honum hefur verið skipað upp á stað, er hann verður eigi sóttur til innan hæfilegs tíma eða með hæfilegum tilkostnaði.

■ **71. gr.** Vátryggður á rétt á bótum, sem um algert tjón væri að ræða, hafi eigi spurzt til skips á þeföldum þeim tíma, er að jafnaði fer til ferðar skipsins þaðan, sem síðast fréttist til þess, og til næsta ákvörðunarstaðar þess, þó eigi á skemmri tíma en 3 mánuðum, eða hafi áhöfnin yfirgefið skipið og sé það eigi komið undir umráð vátryggðs innan 3 mánaða, frá því að það var yfirgefið.

□ Sama gildir um varning, sem í skipinu er, þegar hvorki hann né skipið eru komin fram innan frests þess, er greinir í 1. mgr.

■ **72. gr.** Vátryggður á rétt á bótum, sem um algert tjón væri að ræða, ef erlent ríki leggur farbann á skip eða farm eða þau eru hernumin eða kyrrsett með líkum hætti og eigi látin laus innan 6 mánaða.

□ Ef vátryggður vill neyta þessa réttar, skal hann skýra félaginu frá því innan 3 mánaða frá því hann fékk vitneskju um atvik þau, er veita honum þennan rétt.

■ **73. gr.** Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir algert tjón, öðlast það rétt vátryggðs til þess, er enn kynni að vera til af munum þeim, er það hefur bætt. Félagið getur og krafizt þess, að vátryggður afhendi sér öll skjöl og sönnunargögn, er varða muni þessa og hann getur látið í té.

□ Sé um vátryggingu undir verði að ræða, á félagið þó aðeins rétt á hluta af fjármunum þessum eftir hlutfalli því, sem er á milli vátryggingarverðsins og vátryggingarfjárhæðarinnar.

■ **74. gr.** Beri tjón að höndum oftar en einu sinni á vátryggingartímabilinu, bætir félagið það, enda þótt bótagreiðslurnar samanlagðar verði hærri en vátryggingarfjárhæðin.

□ Þegar tjón hefur orðið, getur félagið þó leyst sig úr allri ábyrgð á atburðum, sem gerast, og kostnaði, sem á fellur, eftir að vátryggingartaki hefur fengið tilkynningu um að félagið vilji neyta þessa réttar síns, enda greiði það áður alla vátryggingarfjárhæðina að viðbættum kostnaði þeim, sem þegar er á fallinn. Þegar þannig stendur á, verður ákvæðum 73. gr. ekki beitt.

■ **75. gr.** Vátryggingarverð skips er verð þess á þeirri stundu, er ábyrgð félagsins hófst.

□ Ef kveðið er á um tiltekið verð á skipi, þegar vátryggingarsamningurinn er gerður (verðsett skírteini), er sú verðákvörðun skuldbindandi fyrir félagið, ef það getur eigi sannað, að hið tiltekna verð sé hærra en svo, að sanngjarnt sé að telja það vátryggingarverð skipsins.

□ Verð á vátryggðum vörum skal ákveðið — án þess að tillit sé tekið til síðari verðbreytinga — sem verð það, er greitt var á fráfararstaðnum síðast, áður en flutningarnir hófust, fyrir sams konar vörur afhentar frítt í skip eða annað flutningatæki, að viðbættum 10% svo og iðgjaldi fyrir almenna vátryggingu og farmgjaldi, eigi það að greiðast, hvort sem flutningunum verður lokið eða eigi.

■ **76. gr.** Ef vátryggingu mundi lokið, meðan skipið er á ferð sinni, hvort heldur það er samkvæmt samningnum eða fyrir uppsögn vegna annarra atvika en vanskila á greiðslu iðgjalds, fellur samningurinn þó fyrst úr gildi við lok komudags skipsins til fyrsta ákvörðunarstaðar þess. Ef vátryggingin framlengist af þessum sökum, getur félagið krafizt iðgjalds fyrir framlenginguna.

2. Önnur flutningavátrygging.

■ **77. gr.** Sé sérstök undantekning eigi gerð í lögum eða í samningi, tekur önnur flutningavátrygging en sjóvátrygging til sérhverrar hættu, sem hinir vátryggðu hagsmunir eru lagðir í við flutningana.

■ **78. gr.** Ákvæðum 62., 67., 68., 72., 73., 74. og 75. gr. skal beitt eftir því sem við á.

C. Brunatrygging.

■ **79. gr.** Brunatrygging tryggir tjón, er verður vegna eldsvoða á hlut, sem vátryggingin tekur til, jafnvel þótt eigi kvikni í honum. Tryggingin tekur ekki til tjóns, sem hlýzt af eldi, sem ekki verður talinn eldsvoði.

■ **80. gr.** Sé hlut af ásettu ráði stofnað í hættu af hita, við suðu, þurrkun, reykingu eða því um líkt, ber félagið ekki ábyrgð á tjóni, sem verður á hlutnum af þeim sökum, þótt í honum kvikni.

■ **81. gr.** Ef eigi er öðruvísi um samið, ábyrgist félagið með sama hætti og brunatjón tjón, sem hlýzt af því, að eldingu lýstur niður, þótt eigi verði af því eldsvoði.

□ Hafi félagið tekið á sig ábyrgð á tjóni, er verður við sprengingu, sem eigi er afleiðing bruna, fer um það eftir ákvæðunum um brunatryggingar.

■ **82. gr.** Ef hlutir, sem brunatryggðir eru, týnast við eldsvoða vegna þjófnaðar eða af öðrum sökum, eða skemmist þeir, er reynt er að bjarga þeim frá bruna, telst það tjón vera brunatjón. Sama gildir, ef þeir eyðileggjast eða skemmast við það, að reynt er að koma í veg fyrir eldsvoða eða hefta útbreiðslu hans, enda sé það eftir atvikum talið réttmætt að leggja þá í sölurnar. Gildir þetta, þótt engum hlut, sem tryggingin nær til, sé hætt vegna eldsvoðans.

1954 Nr. 20 8. marz

■ **83. gr.** Sé vátryggður hlutur annars staðar en greint var, er vátrygging á honum var tekin, þegar vátryggingaratburðinn ber að höndum, er félagið samt sem áður ábyrgt, nema því aðeins að ætla megi, að félagið hefði ekki tekið á sig vátrygginguna, áskilið sér hærra iðgjald eða aðra skilmála, eða endurtryggt sig frekara, ef til þess hefði verið sagt, að staður sá, þar sem vátryggingaratburðurinn gerðist, væri vátryggingarstaðurinn.

□ Þegar vátryggðir eru búsmunir, ábyrgist félagið með allt að 15% af vátryggingarfjárhæðinni, þó ekki hærri upphæð en 10 000 kr., brunatjón, er verður, er hinir vátryggðu munir til bráðabirgða eru á öðrum stað innanríkis en tilgreindur er í skírteininu, og það þótt áhættan hafi aukizt af þeim sökum.

■ **84. gr.** Ef vátrygging gildir um eins árs tíma, skal telja, að hún framlengist um ár að hverju sinni, ef eigi má ætla, að á annan veg hafi verið um samið, og hvorki vátryggingartaki né félagið hafa sagt tryggingunni upp í síðasta lagi viku fyrir lok vátryggingartímabilsins.

■ **85. gr.** Ákvæði í 18. og 19. gr. gilda einnig, er maki vátryggðs, sem samvistum er við hann, hefur valdið því, að vátryggingaratburðurinn gerðist.

■ **86. gr.** Ef veðbönd hvíla á vátryggðri fasteign og félagið leysist úr ábyrgð gagnvart eiganda hennar samkvæmt 4. eða 6. gr. eða 2. mgr. 50. gr., getur veðhafi þó krafizt fullnustu af bótum þeim, er ella hefði átt að greiða, enda geti hann hvorki fengið fullnustu af veðinu né af öðrum eignum skuldarans. Félagið öðlast rétt veðhafans gegn skuldaranum að því leyti, sem það hefur greitt veðhafanum bætur.

□ Sama gildir, ef vátryggingin tryggir hagsmuni annarra, er rétt eiga til hlutarins.

■ **87. gr.** Ef vátrygging fasteignar fellur úr gildi samkvæmt samningi eða sé vátryggingarfjárhæðin lækkuð eða ljúki ábyrgð félagsins vegna vangreiðslu iðgjalds eða eigandaskipta, þá hefur það eigi gildi að lögum gagnvart veðhafa fyrr en 14 dögum eftir að hann hefur fengið tilkynningu félagsins um það.

□ Ákvæðum 1. mgr. 51. gr. verður því aðeins beitt gagnvart veðhafa, að hann eigi sjálfur sök á því, að fyrirmælunum var eigi fylgt.

□ Að öðru leyti skulu enn í gildi ákvæði, er sett eru í sérlögum um brunatryggingar fasteigna, eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, til verndar veðhöfum eða öðrum, sem rétt eiga til eignarinnar.

□ Ákvæði þessi gilda og um fylgifé með fasteign, enda taki vátryggingin til þess.

■ **88. gr.** Félagið getur eigi borið fyrir sig ákvæði í samningi, sem hafa að geyma afvik frá reglum þeim, sem settar eru í 86. og 87. gr. veðhafa til varnar.

D. Búfjártrygging.

■ **89. gr.** Deyi dýr eða sé því slátrað innan mánaðar frá lokum vátryggingartímans vegna afleiðinga atburðar, er samningurinn tók til og gerðist á vátryggingartímanum, er félagið í ábyrgð eins og dýrið hefði dáið á vátryggingartímanum.

■ **90. gr.** Deyi dýr eða sé því slátrað vegna sjúkdóms eða slyss, skulu bæturnar ákveðnar eftir því hvers dýrið mundi hafa verið vert síðast, áður en það dó, ef það hefði eigi sýkzt eða slasazt.

E. Ábyrgðartrygging.

■ **91. gr.** Ef vátryggt er gegn bótaábyrgð, er maður kann að baka sér gagnvart þriðja manni vegna atvika, er tjón hafa í för með sér, ber félaginu að greiða bætur, ef atvik, sem samningurinn nær til, eiga sér stað á vátryggingartímanum, enda þótt skaðlegar afleiðingar þeirra verði eigi fyrr en síðar.

■ **92. gr.** Vátryggingin nær einnig til kostnaðar við vörn vátryggðs gegn kröfum þriðja manns, ef það verður talið eðlilegt eftir atvikum, að vátryggður hafi lagt í þann kostnað.

□ Ef vátryggður er dæmdur til að greiða vexti af skaðabótagreiðslu, skal farið eftir reglunum í 1. mgr., eftir því sem við á.

□ Ef kveðið er á tiltekna vátryggingarfjárhæð í samningnum, ber félaginu að greiða nefnda vexti og kostnað, þótt greiðsla þess af þeim sökum fari fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Ef vátryggingarfjárhæðin er lægri en skaðabótagreiðsla sú, sem dæmd er, ber félaginu þó aðeins skylda til að greiða þann hluta vaxtanna, er svarar til bótafjárhæðar þeirrar, er því ber að greiða.

■ **93. gr.** Þegar krafizt er kyrrsetningar fyrir kröfu, er rís af ábyrgð, er vátryggingin tekur til, er félaginu skylt að setja tryggingu þá, er á þarf að halda til að varna því, að kyrrsetning sé gerð, þó eigi hærri tryggingu en vátryggingarfjárhæðinni nemur.

■ **94. gr.** Ákvæði í samningi þess efnis, að félagið skuli leyst úr ábyrgð, ef vátryggður án samþykkis þess greiðir bætur eða viðurkennir rétta bótakröfu, sem fram er komin, eru ógild að því leyti, er telja má sannað, að vátryggður hafi aðeins gert það, sem honum var skylt að lögum, er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti hennar.

■ **95. gr.** Þegar staðreynt hefur verið, að vátryggður sé skaðabótaskyldur þeim, er tjónið beið, og upphæð bótanna ákveðin, öðlast sá, sem tjónið beið, rétt vátryggðs á hendur félaginu að því leyti til, sem kröfu hans er eigi þegar fullnægt.

[□ Nú er sakarefni skipt í skaðabótamáli út af slysi og eingöngu dæmt um skaðabótaskyldu, og getur þá dómur ákveðið, svo að bindandi sé fyrir félagið og aðfararhæft gagnvart því, að tjónvaldur greiði tjónþola ákveðna fjárhæð upp í væntanlegar skaðabætur, er komi til frádráttar, þegar bætur verða endanlega ákveðnar.][1)]

□ Eigi fleiri menn, er tjón hafa beðið, bótakröfur, er af vátryggingaratburði eru risnar, og nemi kröfur þær, er þeir hafa lýst á hendur félaginu, samanlagðar meiru en félaginu er skylt að greiða, skal þeim fullnægt að réttri tiltölu, sé eigi um annað samið.

[1)] *L. 50/1975, 1. gr.*

■ **96. gr.** Þegar félaginu er orðið kunnugt um, að vátryggingaratburður hefur gerzt, getur það eigi með samningum við vátryggðan komið því til leiðar, að réttur sá, er 95. gr. veitir þeim, er tjónið beið, sé rýrður eða honum spillt.

III. kapítuli. Líftryggingar.

Almenn ákvæði.

■ **97. gr.** Líftryggingu má miða hvort heldur er við líf vátryggingartaka eða við líf þriðja manns.

■ **98. gr.** Eigi að greiða iðgjöld fyrir ákveðin tímabil, er vátryggingartaka óskylt að halda tryggingunni við með því að greiða hin síðari iðgjöld.

■ **99. gr.** Vilji félagið takmarka ábyrgð sína, ef svo skyldi fara, að áhættan ykist, skal það tekið skýrt fram í skírteininu, bæði hvaða áhættuaukning skuli hafa þessi áhrif og hvaða áhrif hún skuli hafa.

■ **100. gr.** Hafi sá, sem tryggður er, svipt sjálfan sig lífi og vátryggingin eigi verið óslitið í gildi að minnsta kosti síðustu 2 árin, er félagið leyst úr ábyrgð, nema telja megi sannað, að tryggingin hafi verið tekin eða henni aflað gildis að nýju, án þess að sjálfsmorð hafi verið haft í huga, og að sjálfsmorðið mundi hafa verið framið jafnt fyrir því, þótt líftrygging hefði engin verið.

■ **101. gr.** Þótt félagið sé leyst úr ábyrgð eftir ákvæðum laga þessara eða samkvæmt skilmálum þeim, er um var samið, skal þó farið eftir reglum þeim um endurkaup vátryggingarinnar eða breytingu hennar í iðgjaldafrjálsa tryggingu, sem gilda samkvæmt lögum eða samningum.

Höfuðstólstrygging.

■ **102. gr.** Vátryggingartaki getur, hvort heldur er þegar vátryggingin er tekin eða síðar, tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, og skal þá vátryggingarfjárhæðin greidd beint til þess manns.

□ Vátryggingartaki getur afturkallað ákvörðun þessa, hafi hann eigi þegar afsalað sér rétti til slíkrar afturköllunar gagnvart þeim, er hann setti í sinn stað. Þessi afturköllunarréttur vátryggingartaka hverfur eigi til erfingja hans eða dánarbús.

■ **103. gr.** Ákvörðun vátryggingartaka, sem um ræðir í 102. gr., svo og afturköllun hennar eru því aðeins gildar, að félaginu sé skýrt frá þeim skriflega eða félagið hafi getið þeirra í skírteininu eða skráð á það athugasemd um þær.

■ **104. gr.** Ef greiða á vátryggingarfjárhæðina við lát vátryggingartaka og hann hefur eigi tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, skal hún renna til dánarbús hans.

□ Ef vátryggingartaki hefur tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, og sá maður er ekki skylduerfingi hans, en vátryggingartaki lætur eftir sig maka, lífserfingja, arfgeng kjörbörn eða lífserfingja þeirra, skal farið með vátryggingarfjárhæðina, að því er varðar búshluta og skylduarf þessara manna, eins og hún heyrði til dánarbúinu og vátryggingartaki hefði ánafnað þeim, er hann tilnefndi í sinn stað, hana með arfleiðsluskrá. Þetta gildir þó eigi, ef vátryggingartaki hefur afsalað sér rétti sínum til að afturkalla ánöfnunina.

□ Nú hefur vátryggingarfjárhæðin samkvæmt 102. gr. enn eigi verið greidd hinum tilnefnda rétthafa, og gefur sig einhver fram við félagið og sannar nægilega með því að sýna hjúskaparvottorð, útskrift af skiptagerð eða með einhverju þess háttar, að hann sé einn af eftirlátnum vandamönnum vátryggingartaka, þeirra er getur í 2. mgr., og ber af þeim sökum fram mótmæli gegn því, að fjárhæðin sé greidd hinum tilnefnda rétthafa, og má þá félagið eigi greiða fjárhæðina, fyrr en skorið hefur

verið úr því með sátt eða lögsókn milli aðila, hver rétt eigi á fjárhæðinni. Félaginu er þó ávallt rétt að greiða hinum tilnefnda rétthafa allt að þriðjungi vátryggingarfjárhæðarinnar eða hæfilegan útfararkostnað vátryggingartaka, hafi hann annazt um útför hans.

■ **105. gr.** Þegar greiða skal vátryggingarfjárhæðina við lát vátryggingartaka og skýra þarf ákvæði hans, er hann hefur tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, skal eftirfarandi reglum fylgt, ef atvik málsins leiða eigi til annars.

□ Sé maki vátryggingartaka tilnefndur, er það sá maki, sem hann lifði í hjúskap með er hann andaðist.

□ Ef vátryggingartaki hefur tilnefnt börn sín, teljast lífserfingjar hans, þar á meðal kjörbörn og lífserfingjar þeirra, rétthafar að þeim hluta hver, sem erfðalög segja til um.

□ Hafi vátryggingartaki tilnefnt erfingja sína, taka þeir allir sinn hlut hver vátryggingarfjárhæðarinnar í hlutfalli við erfðarétt þeirra eftir vátryggingartaka, að lögum eða samkvæmt arfleiðsluskrá.

□ Hafi vátryggingartaki tilnefnt „nánustu vandamenn" sína, telst maki hans vera rétthafi, en sé maki eigi á lífi, þá börn hans, og séu þau heldur eigi á lífi, þá erfingjar hans, allt samkvæmt reglum þeim, er áður var lýst.

■ **106. gr.** Nú lifir maður sá, er vátryggingartaki hefur tilnefnt sem rétthafa í sinn stað, skemur en hann, og fellur sú ánöfnun þá niður, enda eigi að greiða vátryggingarfjárhæðina við lát vátryggingartaka eða síðar.

■ **107. gr.** Þegar svo er um samið, að vátryggingarfjárhæðin skuli greidd, annaðhvort við lát vátryggingartaka eða þegar hann hefur náð tilteknum aldri, og vátryggingartaki hefur tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, tekur réttur þess, sem tilnefndur var, aðeins til að fá vátryggingarfjárhæðina greidda við lát vátryggingartaka.

■ **108. gr.** Þótt vátryggingartaki tilnefni annan mann sem rétthafa í sinn stað, þá skerðir það eigi rétt hans til að krefjast endurkaupsverðsins eða til að framselja réttindi þau, er vátryggingarsamningurinn veitir honum, veðsetja þau eða ráða fyrir þeim með öðrum hætti.

□ Hafi vátryggingartaki afsalað sér, gagnvart þeim manni, er hann tilnefnir, rétti sínum til að afturkalla þá ánöfnun sína, telst hann jafnframt hafa afsalað sér rétti til að ráðstafa vátryggingunni á þann veg, að réttur hins tilnefnda manns verði rýrður eða honum spillt, án þess að samþykki hans komi til.

■ **109. gr.** Sá, sem vátryggingartaki hefur tilnefnt sem rétthafa í sinn stað, má ekki framselja kröfu sína, veðsetja hana, eða ráðstafa henni með öðrum hætti, fyrr en vátryggingaratburðinn hefur að höndum borið, hvort sem vátryggingartaki hefur afsalað sér rétti til afturköllunar eða eigi.

■ **110. gr.** Ef svo er ákveðið í líftryggingarsamningi, að vátryggingarfjárhæðin skuli eigi greidd við lát vátryggingartaka, heldur síðar, eða hafi maður miðað vátryggingu við líf annars manns, og hafi vátryggingartaki tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, þá öðlast sá maður rétt þann, er samningurinn veitir vátryggingartaka, við lát hans, liggi atvik eigi til annars.

■ **111. gr.** Sá, sem fengið hefur framsal á líftryggingarskírteini að kaupi eða með öðrum hætti, öðlast þar með öll þau réttindi gegn félaginu, sem samningurinn veitir. Við framsalið fellur niður réttur þess manns, er vátryggingartaki hefur tilnefnt sem rétthafa í sinn stað, svo fremi vátryggingartaki hefur eigi afsalað sér rétti til að afturkalla þá ráðstöfun sína.

■ **112. gr.** Þótt vátryggingartaki veðsetji kröfu sína, þá fellur réttur þess manns, er hann hefur tilnefnt sem rétthafa í sinn stað, eigi niður af þeim sökum. Hafi vátryggingartaki eigi afsalað sér rétti til afturköllunar, stendur réttur hins tilnefnda manns að baki rétti veðhafans.

□ Þegar krafa veðhafa er komin í gjalddaga, má hann krefjast greiðslu af endurkaupsverði vátryggingarinnar, en skora skal hann áður, með 2 mánaða fyrirvara, á vátryggingartaka að leysa veðið með greiðslu kröfunnar af téðu verði vátryggingarinnar. Hafi vátryggingaratburðinn þegar borið að höndum, getur hann leitað sér fullnustu af vátryggingarfjárhæðinni. Veðhafa er óheimilt að framselja vátryggingarkröfuna, enda þótt svo hafi verið um samið.

□ Veðrétturinn telst ekki taka til kröfu um uppbót (bonus), sem fellur í gjalddaga, áður en veðhafinn leitar fullnustu.

■ **113. gr.** Löggerningar, er varða réttindi þau gegn félaginu, sem af líftryggingarsamningnum leiðir, og eigi er neitt skráð um á skírteinið, verða ekki bornir fram gegn þeim manni, er síðar eignast slík réttindi í grandleysi við afsalsgerning, enda hafi hann fengið skírteinið í vörzlur sínar eða rituð hafi verið á skírteinið athugasemd um rétt hans.

■ **114. gr.** Það verður eigi borið fram gegn þeim, er samkvæmt 113. gr. hefur í grandleysi öðlazt rétt yfir skírteininu, að vátryggingarfjárhæðin eða endurkaupsverðið hafi þegar verið greitt, né að ákvörðun hafi verið gerð um breytingu á gildandi samningsákvæðum, nema því aðeins, að löggerningurinn hafi verið gerður við grandlausan mann, er hafði skírteinið í höndum með formlega löglegri heimild, og skírteininu hafi annaðhvort verið skilað félaginu eða á það hafi verið rituð athugasemd um það, sem gerzt hefur.

■ **115. gr.** Nú er skírteini gefið út til handhafa eða það er síðar framselt handhafa, og verður hann allt að einu að gera félaginu grein fyrir heimild sinni, ef hann vill fá vátryggingarfjárhæðina greidda sér eða ráðstafa vátryggingunni með öðrum hætti.

□ Það nægir ekki til þess að vátryggingartaki sé talinn hafa tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, þótt svo sé ákveðið, að vátryggingarfjárhæðin skuli greidd handhafa skírteinisins.

■ **116. gr.** Skuldheimtumenn vátryggingartaka eða þess manns, er hann hefur tilnefnt sem rétthafa í sinn stað, geta eigi leitað fullnustu í rétti þeirra gegn félaginu, sbr. þó 117. gr.

□ Hafi líftryggingarskírteini verið framselt, geta skuldheimtumenn framsalshafa gengið að rétti hans, nema því aðeins að hann sé maki vátryggingartaka eða hafi öðlazt skírteinið endurgjaldslaust. Þegar þannig stendur á, koma ákvæði 117. gr. til greina, eftir því sem við á, að því er varðar iðgjöld þau, er framsalshafi hefur greitt, eða, sé um maka að ræða, að því er varðar endurgjald það, er hann kann að hafa greitt fyrir framsalið.

■ **117. gr.** Sé bú vátryggingartaka tekið til gjaldþrotaskipta og komi það í ljós, að hann hefur á síðustu 3 árum fyrir gjaldþrotið varið meira fé til iðgjaldagreiðslu en samsvarað hafi efnahag hans, er hann innti þær greiðslur af höndum, getur búið krafizt þess af félaginu, að það greiði sér það, sem ofgreitt var, svo framarlega sem hægt er að greiða það af endurkaupsverði vátryggingarinnar, hafi hún slíkt verðgildi, en að öðrum kosti af höfuðstólsverði iðgjaldsfrjálsrar tryggingar, er vátryggingartaki mundi eiga rétt á fyrir fjárgreiðslur þær, er hann þegar hefur innt af hendi.

□ Hafi vátryggingarfjárhæðin fallið í gjalddaga áður en gjaldþrotaskiptin hófust, og sé hún enn ógreidd, eða falli hún í gjalddaga meðan á búskiptunum stendur, getur búið, með skilyrðum þeim, er greinir í 1. mgr., krafizt þess, að tilsvarandi hluti hennar verði greiddur sér.

□ Reglum þessum skal einnig beita, er vátryggingartaki hefur tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, og það þótt hann hafi skuldbundið sig til að afturkalla eigi þá tilnefningu. Hafi sá, sem tilnefndur var, greitt endurgjald fyrir, má hann krefja búið um endurgreiðslu þess. Hafi vátryggingarfjárhæðin verið greidd honum, má búið beina kröfu sinni gegn honum.

Lífeyristrygging.

■ **118. gr.** Reglur þær, sem settar eru um höfuðstólstryggingu, gilda og um lífeyristryggingar. Félagið leysist þó frá skyldu sinni, ef það greiðir lífeyrisgreiðslu, sem í gjalddaga er komin, þeim manni, sem talinn er vera lífeyrisþegi, meðan það eigi hefur fengið vitneskju um, að rétturinn til hennar hafi verið framseldur öðrum. Þetta gildir, enda þótt eigi hafi verið ritað á skírteinið, að greiðsla hafi farið fram.

□ Ef greiða á lífeyrinn í lífstíð annars manns en vátryggingartaka, skal litið svo á, að vátryggingartaki hafi tilnefnt hann sem rétthafa í sinn stað.

IV. kapítuli. Slysa- og sjúkratryggingar.

■ **119. gr.** Vátryggingu má taka gegn slysum og sjúkdómum, hvort heldur er vátryggjanda sjálfs eða þriðja manns.

■ **120. gr.** Beri slys eða sjúkdóm, er vátryggingin tekur til, að höndum á vátryggingartímabilinu, ábyrgist félagið einnig þær skaðlegu afleiðingar þess, er eigi koma í ljós fyrr en síðar.

■ **121. gr.** Ef einhver þau atvik ber að höndum á vátryggingartímabilinu, sem sagt er um í skírteininu skýrt og greinilega, að hafi aukna hættu í för með sér, og er þeim manni, er líf hans eða heilbrigði er tryggt, um þetta kunnugt, er félagið laust úr ábyrgð meðan aukin hætta stafar af þeim, ef það mundi eigi hafa tekið vátrygginguna á sig, ef ástand það, er af breytingunni leiðir, hefði verið fyrir hendi, er vátryggingin var tekin.

□ Ef ætla má, að félagið hefði tekið á sig vátrygginguna, verður það ábyrgt í þeim mæli og með þeim skilmálum, sem það mundi hafa sett fyrir áframhaldandi vátryggingu fyrir iðgjald það, er um var samið, og hefði því þá verið kunnugt um aukningu hættunnar. Ef félagið mundi hafa takmarkað ábyrgð sjálfs sín í ríkara mæli, með endurtryggingu, lækka bæturnar í því hlutfalli.

□ Ákvæði 48. og 2. mgr. 49. gr. gilda um þetta efni eftir því, sem við á.

□ Samningur um, að aukning hættunnar leysi félagið úr ábyrgð að meira mun en nú var sagt, hefur eigi gildi að lögum. Þó má semja svo um, að sú regla skuli gilda, í stað ákvæða 2. mgr., að félagið beri ábyrgð aðeins að því leyti, sem aukning hættunnar hefur verið áhrifalaus um það, að vátryggingaratburðinn bar að höndum, eða um það, hve mikið tjónið varð.

■ **122. gr.** Ákvæði 102.—106. gr. gilda um slysatryggingar og sjúkratryggingar, eftir því sem við á.

■ **123. gr.** Skuldheimtumenn vátryggingartaka eða vátryggðs geta hvorugir gengið með lögsókn að rétti vátryggðs gegn félaginu.

■ **124. gr.** Hafi sá maður, er líf hans eða heilbrigði hefur verið tryggt, af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi látið hjá líða að gera þær ráðstafanir, sem sanngjarnlega mátti ætlast til, að hann gerði eftir atvikum, til þess að varna því, að vátryggingaratburðurinn gerðist eða til þess að draga úr afleiðingum hans, eða hafi hann, án þess að gildar ástæður væru fyrir hendi, ekki farið eftir þeim fyrirmælum, sem félagið hefur gefið honum um það efni, þá ábyrgist það ekki tjón það, sem ætla má að af því hafi leitt. Þetta gildir þó ekki, ef það hefði leitt til óhæfilegrar skerðingar á sjálfsákvörðunarrétti hans, ef hann hefði fullnægt fyrirmælum félagsins.

□ Um það verður eigi samið, svo gilt sé, að vanrækslan skuli endranær en nú var sagt hafa áhrif að lögum eða víðtækari áhrif.

V. kapítuli. Gildistöku- og bráðabirgðaákvæði.

■ **125. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1954.

■ **126. gr.** Nú hefur vátryggingarsamningur verið gerður fyrir gildistöku laga þessara og gilda þau þá um hann frá fyrsta degi eftir það, að félagið hefði getað slitið samningnum með umsömdum fyrirvara, eða hann hefði endurnýjazt samkvæmt 84. gr.

■ **127. gr.** Ákvæðum 26. og 27. gr. skal beitt jafnan, ef atvik þau, er hafa þau réttaráhrif, er þar greinir, gerast eftir gildistöku laganna.

■ **128. gr.** Ákvæðum 29. gr. skal beitt um vátryggingarsamninga, sem gerðir eru áður en lögin öðlast gildi, þó svo að frestir þeir, er settir eru í 29. gr., skuli taldir frá gildistöku laganna, enda hafi fyrning eigi fullnazt fyrr eftir lögum þeim, er gilt hafa hingað til.

■ **129. gr.** Ákvæðum 34. gr. skal jafnan beitt, er vátryggingaratburður sá, sem talinn er heimila að þeim sé beitt, gerist, eftir að lögin hafa tekið gildi.

■ **130. gr.** Ákvæði laganna um þá, er vátryggingartaki hefur tilnefnt í sinn stað sem rétthafa, þegar um er að ræða líf-, slysa- eða sjúkratryggingar, gilda jafnan, er ráðstöfun þessi er gerð eftir gildistöku laganna.

■ **131. gr.** Ákvæðum 115. gr. skal beitt, er líftryggingarskírteini, sem út var gefið áður en lögin tóku gildi, er framselt handhafa eftir þann dag.

■ **132. gr.** Ákvæði 116. og 123. gr. gilda jafnan, er lögsókn var ekki byrjuð áður en lögin tóku gildi. Ákvæði 117. gr. gilda, ef gjaldþrotin hefjast eftir nefndan tíma.

■ **133. gr.** Ákvæði þau í öðrum lögum, er leiða til víðtækara öryggis réttar vátryggingartaka eða vátryggðs en samsvarandi ákvæði laga þessara, skulu halda gildi sínu.

1978 Nr. 50 16. maí

Lög um vátryggingarstarfsemi.

I. kafli. Gildissvið o. fl.

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um hvers konar vátryggingarstarfsemi, sem rekin er á viðskiptagrundvelli, nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum þessum.

■ **2. gr.** Lögin gilda ekki um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði einstakra atvinnustétta, starfshópa og fyrirtækja.

□ Þá gilda lögin ekki um Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóð og hliðstæðar stofnanir, sem reknar eru samkvæmt sérstökum lögum, nema að því leyti, er þær kunna að hafa með höndum vátryggingarstarfsemi, sem rekin er á viðskiptalegum grundvelli.

□ Lögin gilda um þau vátryggingarfélög, sem stofnuð eru og rekin samkvæmt sérlögum, nema að því leyti, sem á annan hátt er fyrir mælt í sérlögunum.

□ Rísi deilur um, hvort starfsemi falli undir ákvæði laga þessara, skal tryggingamálaráðherra skera úr.

■ **3. gr.** Eftirtaldir aðiljar mega einir reka vátryggingarstarfsemi hér á landi:

1. Innlend félög og stofnanir, sem starfa samkvæmt sérlögum.
2. Innlend hlutafélög og gagnkvæm vátryggingarfélög, sem leyfi hafa fengið til slíkrar starfsemi, sbr. 34. gr.
3. Erlend félög, sem fengið hafa leyfi til slíkrar starfsemi, sbr. 14. gr.

■ **4. gr.** Vátryggingarfélag má ekki hafa á hendi aðra starfsemi en vátryggingar, vátryggingarumboð og tjónauppgjör. Vátryggingarfélagi er þó heimilt að reka fasteignir, sem það á.

□ Fari vátryggingarfélag með meirihluta atkvæða í félagi, telst það félag dótturfélag vátryggingarfélags. Dótturfélög vátryggingarfélaga mega ekki hafa á hendi aðra starfsemi en vátryggingarstarfsemi og rekstur eigin fasteigna, sbr. 1. mgr. Fari vátryggingarfélag og dótturfélag þess, sem hefur á hendi vátryggingarstarfsemi eða rekstur eigin fasteigna, sameiginlega með meirihluta atkvæða í félagi, telst það félag einnig dótturfélag vátryggingarfélags.

□ Líftryggingar (frumtryggingar) má ekki reka með öðrum tegundum vátryggingarstarfsemi. Þó má tryggingamálaráðherra heimila líftryggingarfélagi að hafa með höndum sjúkra- og slysatryggingar.

□ Vátryggingarfélag má ekki taka á sig ábyrgðir né skuldbindingar, sem ekki eru vátryggingar, nema í sambandi við eðlilegan rekstur félags.

■ **5. gr.** Vátryggingarfélag má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur fengið leyfi til hennar, sbr. 14. og 34. gr., og verið skráð í vátryggingarfélagaskrá og í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

II. kafli. Um stofnun vátryggingarfélaga o. fl.

Hlutafélög.

■ **6. gr.** Stofnendur hlutafélags, sem ætlað er að reka vátryggingarstarfsemi, skulu hið fæsta vera fimm, íslenskir ríkisborgarar búsettir á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- eða sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög eða samvinnufélagasambönd, skráð á Íslandi.

□ Innborgað hlutafé skal nema minnst kr. 65 000 000. Til innborgaðs hlutafjár teljast eingöngu peningagreiðslur. Eigið hlutafé telst ekki til innborgaðs hlutafjár við stofnun vátryggingarfélags.

□ Stjórn slíks hlutafélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingarstarfsemi, skal a. m. k. einn valinn með það fyrir augum að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hinna tryggðu. Í samþykktum félagsins skal skýrt fram tekið, hvernig sá stjórnarmaður skuli valinn.

□ Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn til að endurskoða reikninga félagsins.

■ **7. gr.** Hlutafélag, sem hefur vátryggingar að starfsemi, má aldrei eiga meira en 10% eigin hlutafé. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum, sem vátryggingarhlutafélag á sjálft.

■ **8. gr.** Vátryggingarhlutafélag má aldrei greiða arð til hluthafa, nema hagnaður hafi orðið á rekstri félagsins, sem meira fé nemi en arðgreiðslum, eða nægilegt fé sé fyrir hendi í arðjöfnunarsjóði, enda hafi þess verið gætt að leggja til hliðar hæfilegt fé í bótasjóð, í áhættusjóð, í iðgjaldasjóð, svo og eignir fyrndar á venjulegan hátt.

■ **9. gr.** Um vátryggingarhlutafélög gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög, nema annað leiði af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Gagnkvæm vátryggingarfélög.

■ **10. gr.** Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu hið fæsta vera fimm, íslenskir ríkisborgarar með búsetu á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- og sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutafélög, samvinnufélög og samvinnufélagasambönd, sem skráð eru á Íslandi.

□ Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu leggja fram stofnfé, sem nema skal hið minnsta kr. 45 000 000. Fé þetta má ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

□ Heimilt er tryggingamálaráðherra að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits að leyfa, að stofnfé sé minna en um ræðir í 2. mgr.

□ Stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Í samþykktum slíks félags skal skýrt fram tekið, hvernig háttað skuli aðild vátryggingartaka að stjórn þess og hvernig kjöri stjórnar skuli hagað.

□ Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn til þess að endurskoða reikninga félagsins. Um hæfnisskilyrði endurskoðenda skulu gilda sömu reglur og um endurskoðendur í hlutafélögum.

■ **11. gr.** Hver sá, sem tryggir hjá gagnkvæmu vátryggingarfélagi, er sameigandi þess. Um ábyrgð vátryggingartaka á skuldbindingum félagsins skulu settar reglur í samþykktum þess.

□ Ábyrgð hvers vátryggingartaka má eigi nema lægri fjárhæð en kr. 500. Þó er heimilt að undanþiggja endurtryggingartaka slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöld, sem undanþegin eru, eigi meira en 20% af heildariðgjaldatekjum félagsins.

□ Ábyrgð vátryggingartaka skal miða við almanaksár og fellur niður miðað við hver áramót, ef eigi er krafa gerð á hendur vátryggingartaka innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs, er vátrygging féll úr gildi.

□ Einungis þrotabú, skilanefnd eða skilastjórn gagnkvæms vátryggingarfélags geta krafið vátryggingartaka um greiðslu samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum

1978 Nr. 50 16. maí

þeirra, en ekki einstakir kröfuhafar félagsins. Þó er tryggingamálaráðherra heimilt að leyfa stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags að krefja vátryggingartaka um slíka greiðslu enda sé slíks þörf til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar. Slíkt leyfi má þó einungis veita til eins árs í einu.

☐ Ákvæði laga um einstök vátryggingarfélög varðandi ábyrgð félagsmanna og vátryggingartaka halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

☐ Á hverju vátryggingarskírteini, sem gagnkvæmt vátryggingarfélag gefur út, skal koma skýrt fram, hvernig ábyrgð vátryggingartaka er háttað. Ákvæði þetta gildir einnig um þau vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt sérlögum.

■ **12. gr.** Heimilt er að greiða stofnendum arð af stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags. Arður þessi má þó eigi vera hærri á ári en 10% af innborguðu stofnfé. Aldrei má greiða slíkan arð, nema hagnaður hafi orðið á rekstri félagsins meiri en arðgreiðslu nemur, enda hafi þess verið gætt að leggja til hliðar hæfilegt fé í bótasjóð, í áhættusjóð, í iðgjaldasjóð, svo og eignir fyrndar á venjulegan hátt.

■ **13. gr.** Í samþykktum gagnkvæms vátryggingarfélags skal skýrt fram tekið, hvernig félagsslitum skuli háttað, sérstaklega hversu fara skuli um hreina eign félagsins við félagsslit.

Erlend vátryggingarfélög.

■ **14. gr.** Erlend vátryggingarfélög geta fengið leyfi tryggingamálaráðherra til starfsemi hér á landi.

☐ Slíkt leyfi má því aðeins veita, að félagið hafi heimild til að reka vátryggingarstarfsemi í heimalandi sínu og hafi starfað þar á því tryggingasviði í a. m. k. 5 ár.

■ **15. gr.** Erlent vátryggingarfélag, sem hér hyggst starfa, skal sanna, að eignir þess hér á landi nemi eigi minna fé en kr. 35 000 000.

☐ Skal félagið árlega sanna, að eignir þess hér á landi nemi framangreindri upphæð.

☐ Eigin tryggingasjóður erlends vátryggingarfélags, sem starfar hér á landi á sviði skaða- og endurtrygginga, skal ávaxtaður sem hér segir:

1. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
2. Í ríkisskuldabréfum.
3. Í skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
4. Í bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum útgefnum af þeim bönkum, sem eru eign ríkissjóðs.
5. Í veðskuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum allt að 60% af brunabótamatsverði húseigna og mannvirkja.
6. Í fasteignum, sem félagið á allt að 60% af brunabótamatsverði.

☐ Að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra hverju sinni, er erlendu vátryggingarfélagi þó heimilt að ávaxta fé tryggingasjóðs á annan hátt.

☐ Félagið skal sjá til þess, að á hverjum tíma séu fyrir hendi hjá því eignir af því tagi, sem hér greinir, og nemi minnst upphæð eigin tryggingasjóðs samanlagt.

■ **16. gr.** Erlent vátryggingarfélag, sem hér rekur vátryggingarstarfsemi, skal skráð hér á landi, hafa hér fasta atvinnustöð og aðalumboðsaðilja, sem hefur heimild til að skuldbinda félagið vegna starfsemi þess hér á landi. Aðalumboðsmaður skal vera einn hér á landi. Íslensku vátryggingarfélagi er heimilt að hafa á hendi aðalumboð fyrir erlent vátryggingarfélag.

☐ Félagið skal hafa varnarþing hér á landi, að því er varðar starfsemi þess hér, og má lögsækja það fyrir dómstólum á Íslandi til fullnustu á kröfum, sem stofnast hafa vegna starfsemi þess hér.

☐ Í reglugerð skal ráðherra ákveða, hvaða skýrslum og gögnum slíkt félag skuli árlega skila tryggingaeftirlitinu um starfsemi sína.

Almenn ákvæði.

■ **17. gr.** Ársreikningar vátryggingarfélags skulu gerðir í því formi, sem tryggingamálaráðherra ákveður.

☐ Ársreikningar skulu endurskoðaðir af að minnsta kosti einum löggiltum endurskoðanda. Vottorð löggilts endurskoðanda eða skýrsla skal fylgja reikningum og skýrsla um starfsemi og rekstur félagsins á árinu.

☐ Ársreikninga skal birta í ársskýrslu tryggingaeftirlitsins, en að auki skal birta meginniðurstöður þeirra í Lögbirtingablaði í því formi, sem tryggingaeftirlitið ákveður í samráði við tryggingamálaráðherra.

☐ Í reglugerð skal tryggingamálaráðherra setja nánari ákvæði um endurskoðun hjá vátryggingarfélögum.

☐ Ef ársreikningur vátryggingarfélags er ekki í samræmi við lög og reglugerðir eða samþykktir félags, getur tryggingaeftirlitið krafist þess, að nýr ársreikningur verði saminn og hann lagður fyrir félagsfund.

■ **18. gr.** Erlend vátryggingarfélög, sem hér starfa, skulu gera reikninga og skýrslur um starfsemi sína hér á landi eftir þeim reglum, sem greinir í 17. gr.

■ **19. gr.** Vátryggingarfélag skal leggja hluta af hagnaði sínum ár hvert í áhættusjóð. Framlag í áhættusjóð ár hvert skal að lágmarki nema 10% en að hámarki 25% af hagnaði ársins. Verði áhættusjóður hærri en nemur 25% af iðgjaldstekjum einhvers árs, mega framlög lækka eða falla niður það ár.

☐ Áhættusjóði má einungis verja til að mæta tapi vegna óvenjulegra tjónagreiðslna eitthvert ár. Áhættusjóð má þó einungis skerða að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra, eftir meðmælum tryggingaeftirlits.

■ **20. gr.** Óski vátryggingarfélag eftir að flytja tryggingastofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags, skulu bæði félögin senda tryggingaeftirlitinu umsókn um færsluna ásamt þeim gögnum, sem eftirlitið óskar.

☐ Tryggingaeftirlitið skal kanna umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla að færslan geti á nokkurn hátt skaðað vátryggingartaka og vátryggða hjá félögunum.

☐ Tryggingaeftirlitið skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum vátryggingartaka og vátryggðra vegna yfirfærslubeiðninnar.

☐ Mæli tryggingaeftirlitið með umsókninni, veitir ráðherra leyfi til færslunnar.

■ **21. gr.** Óski tvö eða fleiri vátryggingarfélög eftir því að sameinast og mynda eitt vátryggingarfélag, sem taki við öllum skuldbindingum félaganna gagnvart vátryggingartökum þeirra, skulu þau senda um það umsókn til tryggingaeftirlitsins ásamt þeim gögnum, sem eftirlitið óskar.

☐ Tryggingaeftirlitið skal kanna umsóknina og gæta þess, hvort hið nýja félag fullnægir skilyrðum laga þessara og hvort samruninn geti á nokkurn hátt skaðað

hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra. Mæli tryggingaeftirlitið með umsókninni, veitir tryggingamálaráðherra hinu nýja félagi starfsleyfi og heimild til yfirfærslu tryggingastofnanna enda sé gætt reglna 2. og 3. mgr. 20. gr.

■ **22. gr.** Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því, að aðiljar hér á landi, íslensk skip eða eignir á Íslandi séu vátryggð annars staðar en hjá íslenskum vátryggingarfélögum eða erlendum vátryggingarfélögum, sem hér hafa leyfi til að reka vátryggingarstarfsemi.

□ Aðiljar hér á landi, sem hyggjast tryggja erlendis verðmæti, sem eru eign viðkomandi að einhverju eða öllu leyti, án milligöngu vátryggingarfélags sem hefur starfsleyfi á Íslandi skv. lögum þessum, skulu sækja um leyfi til tryggingamálaráðherra, sem að fenginni umsögn tryggingaeftirlitsins getur veitt slíkt leyfi til eins árs í senn. Þeir, sem skv. leyfi tryggingamálaráðherra tryggja erlendis án milligöngu íslensks tryggingafélags, skulu árlega senda tryggingaeftirlitinu skýrslu um tryggingar sínar, svo sem um væri að ræða íslenskt vátryggingarfélag, sbr. 42. gr. laga þessara. Þeir eru og gjaldskyldir til tryggingaeftirlitsins á sama hátt og íslensk tryggingafélög, sbr. 46. gr. laganna.

■ **23. gr.** Í nafni vátryggingarfélags skal koma fram að félagið reki vátryggingarstarfsemi. Aðrir en þeir, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi, mega ekki bera heiti, sem kunna að benda til eða gefa í skyn að vátryggingarstarfsemi sé rekin. Nafn vátryggingarfélagsins, eða skrásett firmamerki þess, skal koma skýrt fram í tilkynningum og öllu prentuðu máli, sem frá félaginu fer. Starfi félag eða annar aðili sem umboðsaðili fyrir vátryggingarfélag, skal koma fram, að um umboð sé að ræða. Erlent vátryggingarfélag, sem hér starfar, má nota nafn aðalumboðsaðilja og komi þá jafnframt fram, að um umboð sé að ræða og nafn hins erlenda vátryggingarfélags.

□ Sérhver umboðsmaður eða sölumaður, sem hefur með höndum sölu vátrygginga hér á landi, skal bera skilríki útgefin og undirrituð af stjórn eða framkvæmdastjóra þess vátryggingarfélags, sem hann starfar fyrir, er sanni, að hann starfi á þess vegum.

□ Þegar um erlent vátryggingarfélag er að ræða, skulu skilríkin undirrituð af aðalumboðsmanni félagsins hér á landi.

Um líftryggingarfélög.

■ **24. gr.** Vátryggingarfélag, sem hyggst reka líftryggingarstarfsemi, skal auk gagna þeirra, sem um ræðir í 34. gr., senda tryggingaeftirlitinu þessi gögn:

1. Almenna tryggingaskilmála, er félagið hyggst nota.
2. Skýrslur um reiknigrundvöll iðgjalda og iðgjaldasjóðs, svo og reglur um ákvörðun endurkaupsverðs og verð gjaldfrjálsra trygginga.
3. Skýrslu um reikningsgrundvöll ágóðaúthlutunar (bónus) til tryggingartaka.
4. Gögn um endurtryggingu og hámark eigin áhættu í hverri einstakri áhættu.
5. Tilkynningar um, hver sé tryggingastærðfræðingur (aktúar) félagsins, sbr. 25. gr.

■ **25. gr.** Líftryggingarfélag skal tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings (aktúars), sem hefur á hendi nauðsynlega tryggingatæknilega reikninga og athuganir fyrir félagið.

□ Sá einn má taka að sér slíkt starf fyrir líftryggingarfélag, sem fengið hefur til þess sérstakt starfsleyfi tryggingamálaráðherra.

■ **26. gr.** Tryggingastærðfræðingur líftryggingarfélags ber ábyrgð á því, að félag það, er hann veitir þjónustu sína, fari eftir tilkynntum reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar og fylgi tilkynntum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og fjárhæða gjaldfrjálsra trygginga. Hann skal fylgjast með starfsemi félagsins að þessu leyti og getur krafist allra gagna og upplýsinga af félaginu til að geta innt starf sitt af hendi.

□ Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu, að félagið fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði, skal hann tilkynna það tryggingaeftirliti án óeðlilegrar tafar.

■ **27. gr.** Eigi er líftryggingarfélagi heimilt að breyta reiknigrundvelli iðgjaldasjóðs, nema með leyfi tryggingamálaráðherra að fengnum meðmælum tryggingaeftirlitsins.

□ Hafi breyting í för með sér lækkun iðgjaldasjóðs, skal leggja þann hluta sjóðsins, sem fram yfir er, í ágóðasjóð.

□ Hafi breyting í för með sér hækkun iðgjaldasjóðs fyrir eldri líftryggingar, skal félagið færa af óbundnum höfuðstól í iðgjaldasjóð það fé, er hækkuninni nemur. Tryggingamálaráðherra getur þó, að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, veitt félaginu leyfi til að fresta fjárfærslu í sjóðinn, þannig að um ákveðið árabil verði færð í sjóðinn tiltekin fjárhæð á ári hverju uns jöfnuði er náð. Skal þetta gert samkvæmt fyrirframgerðri áætlun og ekki má frestur þessi vera lengri en 10 ár.

■ **28. gr.** Í ársreikningum líftryggingarfélags skal færa sérstaklega líftryggingasjóð. Líftryggingasjóður skiptist í tvennt:

1. Bótasjóð, en þar skal færa allar gjaldfallnar en ógreiddar tryggingafjárhæðir og ágóðafjárhæðir.
2. Iðgjaldasjóð, en hann nær til heildarverðmætis allra gildandi trygginga reiknað samkvæmt samþykktum reiknigrundvelli, sbr. 2. tl. 24. gr.

■ **29. gr.** Líftryggingasjóður skv. 28. gr. skal ávaxtaður þannig:

1. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
2. Í ríkisskuldabréfum.
3. Í skuldabréfum, tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
4. Í bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum útgefnum af þeim bönkum, sem eru eign ríkissjóðs.
5. Í lánum tryggðum með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverðmæti þeirra.
6. Í veðskuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum allt að 60% af brunabótamatsverði húseigna og mannvirkja og 60% af fasteignamatsverði eignarlanda og lóða, svo og eign leigutaka í leigulóð, enda sé leigutími lóðar eigi skemmri en lánstími.
7. Í fasteignum, sem líftryggingarfélagið á. Aldrei má þó eign að þessu leyti teljast líftryggingasjóði frekar en um ræðir í 6. tl.

□ Líftryggingarfélagi er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að ávaxta fé líftryggingasjóðs á annan hátt, að

fengnu samþykki tryggingamálaráðherra hverju sinni, þó ekki í hlutabréfum.

☐ Eigi má selja né veðsetja eignir líftryggingasjóðs nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

☐ Erlend líftryggingarfélög, sem fengið hafa leyfi til starfsemi hér á landi, skulu ávaxta líftryggingasjóð á Íslandi í samræmi við reglur þessarar greinar.

■ **30. gr.** Verðbréf líftryggingasjóðs skulu árituð um, að þau séu eign líftryggingasjóðs félagsins og þau megi ekki veðsetja né selja, nema að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra.

☐ Þegar líftryggingasjóður er ávaxtaður eins og segir í 1. tl. 1. mgr. 29. gr., skal féð lagt á sérstaka bankabók, sem árituð er sem eign líftryggingasjóðs. Skal með hana farið eins og um verðbréf sé að ræða, sbr. 1. mgr., eftir því sem við getur átt. Óheimilt er að gera aðför í verðbréfum eða bankabókum, sem eru eign líftryggingasjóðs, nema til tryggingar eða fullnustu líftryggingakröfum.

☐ Ávaxti líftryggingarfélag fé í eigin fasteign, sbr. 7. tl. 1. mgr. 29. gr., skal þinglýsa á eignina yfirlýsingu um rétt líftryggingasjóðs og að eigi megi veðsetja hana, svo að réttur líftryggingasjóðs skerðist, og eigi selja hana nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

■ **31. gr.** Ef skipuð er skilastjórn í líftryggingarfélagi samkvæmt 43. gr. skal hún þegar í stað taka í sínar vörslur eignir líftryggingasjóðs.

☐ Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á búi líftryggingarfélagsins, skal ekki telja eignir líftryggingasjóðs með eignum þrotabúsins og heldur eigi skuldbindingar hans með skuldum þess.

☐ Skilastjórn skal hafa á hendi rekstur líftryggingastofnsins og láta endurreikna skuldbindingar líftryggingasjóðs.

■ **32. gr.** Innan sex mánaða frá því, að skilastjórn hefur tekið við rekstri líftryggingasjóðs samkvæmt 31. gr., skal tryggingaeftirlitið leita til annarra íslenskra líftryggingarfélaga um yfirtöku líftryggingastofns og líftryggingasjóðs. Tryggingaeftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það, er hún telur hagkvæmast fyrir vátryggða. Síðan skal skilastjórn auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum frá vátryggingartökum og vátryggðum.

☐ Að fengnum athugasemdum getur tryggingamálaráðherra framselt líftryggingarfélagi því, er tryggingaeftirlitið valdi, líftryggingastofninn og eignir líftryggingasjóðs, enda tekur þá viðtakandi við öllum skuldbindingum hins gjaldþrota félags, að því er líftryggingar varðar.

☐ Þeir vátryggingartakar eða vátryggðir, sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykkja yfirfærsluna, eiga þó rétt á því að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna, að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign í líftryggingasjóðnum hrekkur til.

☐ Berist ekki tilboð í líftryggingastofn eða ekki koma fram þau tilboð, er tryggingaeftirlitið vill mæla með, skal líftryggingasjóðurinn greiddur vátryggðum í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra í sjóðnum.

III. kafli. Um skráningu og tilkynningaskyldu vátryggingarfélaga.

■ **33. gr.** Halda skal skrá, vátryggingarfélagaskrá, um öll þau félög og stofnanir, sem heimild hafa til að selja vátryggingar hér á landi, og skal hún vera í vörslu tryggingaeftirlitsins.

■ **34. gr.** Hvert félag eða stofnun, sem hyggst reka vátryggingarstarfsemi, skal senda tryggingaeftirlitinu gögn í því formi, sem eftirlitið ákveður, um væntanlega starfsemi, samþykktir sínar, stofnfundargerð og svo tilkynningu um, hverjir séu í sjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda það, og vottorð löggilts endurskoðanda um innborgað hlutafé eða stofnfé. Tryggingaeftirlitið kannar síðan, hvort félagið fullnægi skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

☐ Ráðherra veitir félagi starfsleyfi, og að því fengnu má skrá félagið í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

☐ Hvert það félag eða stofnun, sem leyfi hefur til að reka vátryggingarstarfsemi og hyggst taka upp nýja grein vátrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi fyrir hinni nýju starfsemi og senda tryggingaeftirlitinu þau gögn, sem nauðsynleg eru, til þess að tryggingaeftirlitið geti metið umsóknina.

■ **35. gr.** Allar breytingar á samþykktum, hlutafé, stofnfé, stjórn, endurskoðendum og þeim, er skuldbinda mega vátryggingarfélag, skal strax tilkynna til vátryggingarfélagaskrár, og má eigi skrá þær í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá fyrr en slíkt hefur verið gert.

■ **36. gr.** Missi félag rétt til að reka vátryggingarstarfsemi hér á landi, verði gjaldþrota eða því slitið, skal þegar í stað má nafn þess úr vátryggingarfélagaskrá.

■ **37. gr.** Birta skal árlega í Lögbirtingablaðinu skrá um félög þau, sem heimild hafa til að reka vátryggingarstarfsemi.

IV. kafli. Eftirlit með vátryggingarfélögum.

■ **38. gr.** Sérstök stofnun, tryggingaeftirlitið, hefur eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og rekstri þeirra samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

☐ Ráðherra skipar forstöðumann tryggingaeftirlitsins en forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Forstöðumaður annast stjórn stofnunarinnar og gætir þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma, allt undir yfirstjórn tryggingamálaráðuneytis og ráðherra.

☐ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um verksvið og skyldur tryggingaeftirlitsins.

■ **39. gr.** Tryggingaeftirlitið lætur fara fram könnun á hverjum þeim þætti í rekstri vátryggingarfélaga, sem það telur ástæðu til á hverjum tíma. Löggiltum endurskoðendum vátryggingarfélaga er skylt að veita eftirlitinu þær upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar hjá félögunum, sem það óskar eftir.

☐ Vátryggingarfélög, stofnanir þær, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar þann hluta starfsemi þeirra, sem rekinn er á viðskiptalegum grundvelli, svo og vátryggingarfélög þau, er um ræðir í 3. mgr. 2. gr., skulu senda tryggingaeftirliti ársreikninga sína innan mánaðar frá því, að þeir voru samþykktir á félagsfundi, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningar skulu undirritaðir af stjórn félags, og þeim skal fylgja skýrsla endurskoðanda og endurrit úr fund-

argerðarbók félags um samþykktir þeirra, svo og skýrsla um starf og rekstur, sbr. 17. gr.

□ Ársreikningum skal fylgja nákvæm skýrsla um fasteignir félagsins, bifreiðar, skip og verðbréfaeign. Enn fremur skrá um inneignir hjá viðskiptamönnum eða umboðsmönnum og skal nafngreina þá aðilja, er skulda yfir kr. 500 000. Þá skal fylgja skrá um skuldheimtumenn, aðra en þá, sem eiga vátryggingarkröfur á félagið, og skulu skuldheimtumenn, sem eiga inni yfir kr. 500 000, nafngreindir. Að lokum skal fylgja skýrsla um, á hvern hátt áfallnar en ógreiddar vátryggingarkröfur séu áætlaðar og hvernig iðgjaldsyfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar.

□ Ársreikningum líftryggingarfélags skal einnig fylgja skýrsla tryggingastærðfræðings um uppgjör líftryggingasjóðs og skýrsla endurskoðanda um ávöxtun líftryggingasjóðs.

■ **40. gr.** Félög, sem fá leyfi til vátryggingarstarfsemi eftir gildistöku laga þessara, skulu þegar í stað senda tryggingaeftirlitinu endurrit allra þeirra tryggingaskilmála, er þau ætla að nota.

□ Hyggist þeir, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi, breyta vátryggingarskilmálum sínum eða semja nýja skilmála, skulu þeir senda tryggingaeftirlitinu fyrirhugaða skilmála svo fljótt sem auðið er til athugunar. Endurrit breytinganna og hina nýju skilmála í endanlegu formi skal senda tryggingaeftirlitinu þegar í stað.

□ Tryggingaeftirlitið skal kanna almenna skilmála vátryggingarfélaga og gæta þess, að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptaháttu í vátryggingarviðskiptum. Reynist svo ekki vera, skal nema brott það, sem tryggingaeftirlitið telur sig ekki geta samþykkt.

□ Það, sem hér segir um tryggingaskilmála, gildir einnig um iðgjöld og iðgjaldagrundvöll. Tryggingaeftirlitinu ber að athuga hvort iðgjöld vátrygginga séu í samræmi við þá áhættu, sem vátryggingarfélagið tekur á sig, og í samræmi við eðlilegan kostnað við rekstur félagsins.

□ Vátryggingarfélag, sem starfar hér á landi, skal sjá um, að starfsemi sölumanna félagsins sé í anda góðra viðskiptahátta í vátryggingum og að öflun vátrygginga fari fram með hag vátryggingartaka og vátryggðra fyrir augum. Félagið skal sérstaklega sjá um að réttar upplýsingar séu gefnar um þær vátryggingar, sem á boðstólum eru hjá félaginu. Tryggingamálaráðherra hefur heimild til að fela tryggingaeftirlitinu könnun á þessum þætti starfseminnar og að setja sérstaka reglugerð um það efni.

■ **41. gr.** Tryggingaeftirlitið skal árlega kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi vátryggingarfélags á grundvelli ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og annarra gagna og upplýsinga um starfsemi þess, sem nauðsynleg eru til þess að slík könnun geti farið fram.

□ Eigið fé starfandi vátryggingarfélags skal á hverjum tíma nema minnst tilteknu lágmarki, sem reiknað er út eftir nánari reglum, sem tryggingamálaráðherra setur með reglugerð. Í reglugerðinni skal kveðið á um lágmarksgjaldþol vátryggingarfélaga, hvernig það skuli reiknað og að hve miklu leyti hlutafé, stofnfé, varasjóðir og annað eigið fé skuli tekið með til útreiknings á gjaldþoli.

□ Tryggingaeftirlitið skal tilkynna vátryggingarfélagi niðurstöður sínar þegar að lokinni könnun og gefa því kost á að koma að skýringum og athugasemdum við niðurstöðurnar. Að þeim athuguðum skal tryggingaeftirlitið gera tillögur um úrbætur, ef þörf krefur.

■ **42. gr.** Tryggingaeftirlitið getur krafið þá, er vátryggingarstarfsemi reka, um hvers konar gögn og upplýsingar, sem því þykir þurfa. Þá getur það rannsakað eða látið rannsaka alla starfsemi þessara aðilja og á rétt á að fá óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi og skjölum þeirra, að jafnaði á venjulegum skrifstofutíma.

■ **43. gr.** Sinni vátryggingarfélag ekki tilmælum tryggingaeftirlits um breytingar á skilmálum eða iðgjöldum, sbr. 40. gr., sé ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft að mati tryggingaeftirlitsins, sbr. 41. gr., eða brjóti lög eða reglugerðir um vátryggingarstarfsemi, skal tryggingaeftirlit þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera tillögur um, hvað gera skuli. Ráðherra skal setja félaginu hæfilegan frest til að bæta úr því, sem úrskeiðis hefur farið.

□ Hafi félagið ekki gert nauðsynlegar úrbætur innan tilskilins frests, getur ráðherra afturkallað starfsleyfi félagsins. Afturkalli ráðherra starfsleyfi skal hann skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar, og jafnframt falla niður heimildir hennar.

□ Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum, hvernig komið er.

□ Skilastjórn skal taka ákvörðun um, hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram um skeið og viðskiptum lokið án gjaldþrotaskipta. Skal við mat á því, hvað gera skuli, aðallega litið til hagsmuna vátryggðra.

□ Ef um er að ræða vátryggingarfélag eða líftryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, skal ráðherra, áður en hann sviptir félagið starfsleyfi, skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag og rekstur félagsins og gera tillögur um, hvað gera skuli.

■ **44. gr.** Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skal greiðast af eignum hlutaðeigandi vátryggingarfélags sem krafa utan skuldaraðar og af eignum líftryggingasjóðs, ef um það tilvik er að ræða, sbr. 31. gr.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **45. gr.** Tryggingaeftirlitið skal árlega láta birta opinberlega skýrslu um starfsemi sína og tölfræðilegt yfirlit yfir afkomu hinna ýmsu vátryggingargreina.

■ **46. gr.** [Fyrir 1. desember ár hvert skal tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár og um iðgjaldatekjur vátryggingarfélaganna á líðandi reikningsári sem álagningarstofn næsta fjárlagaárs.

□ Kostnaði tryggingaeftirlitsins skal jafna á vátryggingarfélög þau, sem starfsleyfi hafa hér á landi skv. lögum þessum, í hlutfalli við áætlun tryggingaeftirlitsins skv. 1. mgr.

□ Þegar endanlegir reikningar liggja fyrir um iðgjaldatekjur vátryggingarfélaganna skal álagning skv. 2. mgr. leiðrétt til lækkunar eða hækkunar.

□ Gera má vátryggingarfélögum að greiða allt að 2,5‰ af frumtryggingariðgjöldum og 0,6‰ af fengnum endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu vátryggingarfélög greiða ársfjórðungslega fyrir fram. Tryggingamála-

1978 Nr. 50 16. maí

ráðherra skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

□ Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi tryggingaeftirlitsins, skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði.

□ Tryggingaeftirlitið skal senda kostnaðaráætlanir og yfirlit um álagningu til Sambands íslenskra tryggingafélaga, svo og ársreikninga þegar þeir liggja fyrir.][1)]

[1)] *L. 56/1982, 1. gr.*

■ **47. gr.** Starfsmönnum tryggingaeftirlitsins er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi aðiljum frá því, er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur vátryggingarfélags. Þagnarskylda þessi og ábyrgð hennar helst, þótt starfsmenn þessir hafi látið af störfum.

□ Starfsmenn tryggingaeftirlitsins mega ekki vera stjórnarmenn, starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar vátryggingarfélags.

■ **48. gr.** Nú rís ágreiningur milli tryggingaeftirlitsins og vátryggingarfélags um framkvæmd á lögum þessum, og er þá unnt að skjóta þeim ágreiningi til umsagnar nefndar, sem skipuð er af tryggingaráherra.

□ Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra tryggingafélaga eða viðkomandi vátryggingarfélags, hagstofustjóri og er hann formaður nefndarinnar og einn án tilnefningar.

■ **49. gr.** Tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um þau efni, sem í lögum þessum greinir.

■ **50. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

1978 Nr. 37 11. maí Lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, í lögum þessum nefnd „Samábyrgðin", skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík.

■ **2. gr.** Samábyrgðin tekst á hendur:

a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum.

b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.

c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögum.

d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á. Skylt er að vátryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingakjörin séu ekki lakari en hjá öðrum tryggingafélögum að dómi ríkisstjórnarinnar.

e. Allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar sjómanna. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.

f. Aðra fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgerðar, sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar.

g. Rekstur Aldurslagasjóðs fiskiskipa.

□ Samábyrgðin skal hafa eftirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um rekstur.

■ **3. gr.** Í stjórn Samábyrgðarinnar eru fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í varastjórn. Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

□ Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður, tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

□ Stjórnin velur sér formann og varaformann.

□ Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.

■ **4. gr.** Stjórnarfundi skal halda þegar formaður telur þess þörf eða tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaður, ef formaður mætir eigi.

□ Stjórnarfundur er löglegur, ef þrír stjórnarmenn mæta, þar á meðal formaður eða varaformaður.

□ Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls, en ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði fundarstjóra.

□ Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir Samábyrgðina og ákveður verksvið hans. Framkvæmdastjóri má ekki eiga sæti í stjórn félagsins.

■ **5. gr.** Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

□ Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein trygginga fyrir sig, enda skulu þeir vera í samræmi við þær reglur, sem Tryggingaeftirlitið setur.

□ Aldurslagasjóður fiskiskipa skal vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi, og ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

□ Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

□ Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júnílok ár hvert senda ráðuneytinu og Tryggingaeftirlitinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár.

■ **6. gr.** Samábyrgðin skal eigi sjaldnar en þriðja hvert ár boða til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögum þeim, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni. Til aukafulltrúafundar skal boða ef þrjú eða fleiri bátaábyrgðarfélög óska þess.

□ Hvert félag hefur rétt til að senda tvo fulltrúa á fundinn. Formaður og framkvæmdastjóri félags eru sjálfkjörnir fulltrúar, en ef þeir geta ekki mætt, ákveður stjórn félagsins, hverjir skuli mæta af þess hálfu.

□ Stjórn Samábyrgðarinnar og framkvæmdastjóri hafa rétt til að sitja fulltrúafundi.

□ Á fulltrúafundi skal kjósa tvo menn í stjórn Samábyrgðarinnar og tvo til vara, sbr. 3. gr. Við þá kosningu hefur hvert félag eitt atkvæði. Þá skal ræða og gera ályktanir um málefni tryggginganna.

□ Að afloknum fulltrúafundi skal Samábyrgðin senda ráðuneytinu afrit af fundargerðinni.

II. kafli. Aldurslagasjóður fiskiskipa.

■ **7. gr.** Tilgangur Aldurslagasjóðs fiskiskipa er aðallega að greiða fyrir því, með bótagreiðslum, að gömul og óhentug fiskiskip verði tekin úr notkun og eyðilögð.

■ **8. gr.** Við gildistöku laganna yfirtekur Aldurslaga-

1978 Nr. 37 11. maí

sjóður fiskiskipa allar eignir og skuldbindingar Bráðafúadeildar Samábyrgðarinnar.

■ **9. gr.** Bætur úr Aldurslagasjóði skulu ákveðnar af stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

□ Það er skilyrði fyrir bótum, að ekki sé lengra liðið en 12 mánuðir frá því að viðkomandi skipi var haldið til veiða með eðlilegum hætti, þegar óskað er bóta.

□ Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 100 þús. kr. á rúmlest í skipi. Ef skip er yngra en 15 ára hækkar hámarkið um 10 þús. kr. á rúmlest fyrir hvert ár upp í 200 þús. kr. á rúmlest í 5 ára gömlu skipi.

□ Bætur skulu aldrei vera hærri en 30 millj. kr. vegna eins skips. Bætur frá tryggingafélagi og Aldurslagasjóði geta aldrei orðið hærri samanlagt en vátryggingarverð skipsins.

□ Heimilt er að veita bætur til viðgerða á bolskemmdum af bráðafúa eða skyldum orsökum. Slíkar bætur fara aldrei fram úr 60% viðgerðarkostnaðar, og eigi heldur fram úr þeim fjárhæðum, sem nefndar eru í 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

□ Þegar bætur eru greiddar til þess að skip verði tekið úr notkun, skal skipseigandi sjá um að eyða bol skipsins. Bætur verða ekki greiddar að fullu fyrr en bolnum hefur verið eytt. Vélar og tæki úr skipinu eru eign skipseiganda.

■ **10. gr.** Allir eigendur stálfiskiskipa stærri en 12 rúmlestir og tréfiskiskipa með þilfari annarra en súðbyrtra skipa eru skyldir að vera aðilar að Aldurslagasjóði fiskiskipa og greiða árgjöld til hans.

□ Árgjöld skulu vera 3000 kr. á rúmlest af tréskipum, en 1000 kr. á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera hærra en 400 þús. kr. af einu skipi.

□ Árgjöld falla í gjalddaga 1. janúar ár hvert.

□ Árgjöld endurgreiðast ekki þótt skip liggi í höfn eða standi uppi.

■ **11. gr.** Ráðherra getur ákveðið, að Tryggingasjóður fiskiskipa leggi Aldurslagasjóði til fé að fengnum tillögum stjórnarnefndar Tryggingasjóðs.

■ **12. gr.** Aldurslagasjóður hefur lögveð í skipum og lögtaksrétt fyrir árgjöldum, þó eigi lengur en 2 ár frá gjalddaga.

■ **13. gr.** Reikningar Aldurslagasjóðs skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

□ Aldurslagasjóður er undanþeginn eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur, nema fasteignagjöldum.

■ **14. gr.** Fjárhæðum, sem greindar eru í þessum kafla, getur ráðherra breytt með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðarinnar.

□ Á sama hátt getur ráðherra sett nánari reglur um starfsemi sjóðsins.

III. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **15. gr.** Samábyrgðin hefur lögveð í skipum og lögtaksrétt fyrir vátryggingariðgjöldum og skoðunarkostnaði, þó eigi í lengri tíma en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

□ Þegar Samábyrgðinni hefur verið tilkynnt, að vátryggt skip sé í veði fyrir láni, má eigi fella skipið úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjaldið.

□ Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðréttur-inn einnig til vátryggingarfjárins.

■ **16. gr.** Ágreiningur milli vátryggða og vátryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

■ **17. gr.** Samábyrgðin er undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi skv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

□ Vátryggingarskírteini, sem Samábyrgðin gefur út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

■ **18. gr.** Ráðherra setur með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 19/1976 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sbr. l. nr. 47/1967 og nr. 92/1975.

1978 Nr. 37 11. maí

Lög um bátaábyrgðarfélög.

1976 Nr. 18 23. apríl

■ **1. gr.** Skip merkir í lögum þessum öll fljótandi för, stór og smá, sem sigla undir íslenskum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

■ **2. gr.** Allir skipaeigendur, sem eiga vélskip með þilfari 100,49 rúmlestir brúttó að stærð eða minni, sem aðallega eru ætluð til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir að vátryggja þau hjá bátaábyrgðarfélagi, sem starfar samkvæmt lögum þessum innan þess svæðis, sem skipið er skrásett í, og með þeim skilmálum, sem settir eru í lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim.

□ Neiti einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags og vátryggt sem önnur tryggingarskyld skip og iðgjaldið innheimt með lögtaki skv. 17. gr. ef þörf krefur.

□ Heimilt er bátaábyrgðarfélögunum að vátryggja fiskiskip, sem eru yfir 100 rúml. brúttó, en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en slík skip eru tekin í tryggingu og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina. Einnig er félögunum heimilt að taka til tryggingar opna vélbáta, að fengnu samþykki Samábyrgðarinnar, og samkvæmt þeim skilmálum sem hún setur.

■ **3. gr.** Eigi er skylt að vátryggja skip, sem vegna ágalla hefur ekki haft haffærisskírteini í eitt ár. Þegar svo stendur á, skal bátaábyrgðarfélag segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

■ **4. gr.** Ráðherra getur heimilað bátaábyrgðarfélagi að taka að sér endurtryggingu á hluta þeirrar áhættu, sem Samábyrgðin yfirtekur frá öðrum bátaábyrgðarfélögum.

■ **5. gr.** Ráðherra getur heimilað, að bátaábyrgðarfélögin taki að sér allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar á sjómönnum.

☐ Slíka heimild skal því aðeins veita, að löglegur félagsfundur, þar sem mætt er með a. m. k. helming allra atkvæða í félaginu, hafi samþykkt að óska heimildarinnar, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að málið yrði á dagskrá.

☐ Heimild skal binda þeim skilyrðum, sem þurfa þykir, til þess að fjárhag félaganna verði ekki stofnað í hættu, og skal leita álits Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en heimildin er veitt.

☐ Í reikningum félaganna skal tilgreina sérstaklega tekjur og gjöld vegna þeirra trygginga, sem um ræðir í þessari grein, og skulu þeir vera í samræmi við reglugerð um ársreikninga vátryggingarfélaga.

■ **6. gr.** Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja fiskiskip, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð ákvæðum 14. gr. laganna um aðstoð.

■ **7. gr.** Landinu skal skipt í vátryggingarsvæði. Ráðherra ákveður takmörk þeirra í samráði við Samábyrgðina.

☐ Á hverju vátryggingarsvæði skal vera eitt bátaábyrgðarfélag. Allir eigendur vátryggingarskyldra fiskiskipa á hverju vátryggingarsvæði eru skyldir að vera í félagi því, sem þar starfar. Þó skal með samþykki hlutaðeigandi bátaábyrgðarfélaga og Samábyrgðarinnar heimilt að vátryggja skip hjá öðru bátaábyrgðarfélagi, er starfar samkvæmt lögum þessum.

☐ Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi, skrásetningarstjóri og bátaábyrgðarfélag á því svæði, er skipið flyst frá, tilkynna það bátaábyrgðarfélagi á því svæði, sem skipið flyst á, og Samábyrgðinni. Vanræksla á tilkynningu varðar sektum frá 1000—25 000 krónum. Sömu viðurlögum varðar það eiganda, ef hann vanrækir að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði. Ábyrgð fyrra félags fellur niður, jafnskjótt og skip hefur verið skrásett á öðru félagssvæði, enda hafi viðtakandi bátaábyrgðarfélag látið skoða skipið strax eftir að því barst flutningstilkynning, og samþykkt flutninginn.

☐ Sé skip, sem tryggt er samkvæmt lögum þessum, svipt haffærisskírteini, skal Siglingamálastofnun ríkisins þegar í stað tilkynna það viðkomandi bátaábyrgðarfélagi eða Samábyrgðinni.

■ **8. gr.** Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna, hámark þeirrar áhættu, sem hvert bátaábyrgðarfélag tekur á eigin reikning í hverju skipi.

☐ Félögin skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni þann hluta áhættunnar í hinum vátryggðu skipum, sem þau bera ekki sjálf, og getur hún ekki undan því skorast.

☐ Verði ágreiningur milli bátaábyrgðarfélags og Samábyrgðarinnar um endurtryggingariðgjöld, sker ráðherra úr.

■ **9. gr.** Stjórn bátaábyrgðarfélags skal skipuð minnst þremur og mest fimm mönnum, og skal fjöldi þeirra ákveðinn á aðalfundi.

☐ Samábyrgðin skipar einn af stjórnarmönnum, en hinir eru kosnir á aðalfundi. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Val stjórnarinnar gildir í tvö ár í senn.

☐ Aðalfundur ákveður þóknun stjórnarinnar.

☐ Stjórnin kýs sér formann og varaformann.

☐ Stjórnarfundi skal halda, þegar formaður telur þess þörf eða þegar tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaðurinn, ef formaður er ekki mættur. Stjórnin er ályktunarfær ef meiri hluti stjórnarmanna er mættur, þar á meðal formaður eða varaformaður. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum mála.

☐ Stjórnarmaður má ekki taka þátt í afgreiðslu máls, sem snertir hann sjálfan fjárhagslega.

☐ Stjórnin skal halda fundarbók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

☐ Stjórnin hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún úrskurðar skaðabótagreiðslur, en þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef bótaupphæðin nemur 200 000 kr. eða meiru.

☐ Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir félagið og ákveður starfssvið hans og laun. Einnig ræður stjórnin annað starfsfólk eftir því, sem þörf er á.

■ **10. gr.** Reikningar bátaábyrgðarfélaganna skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og af tveimur endurskoðendum, sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Aðalfundur ákveður þóknun kjörinna endurskoðenda.

☐ Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar viðkomandi félags liggja frammi hjá framkvæmdastjóra eða formanni frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

■ **11. gr.** Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund, þegar stjórnin telur þess þörf eða ⅕ hluti skipaeigenda fer þess á leit.

☐ Til aðalfundar skal boðað með auglýsingum í blöðum og útvarpi eða á annan öruggan hátt eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er, eftir að stjórnin hefur fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

☐ Á aukafundi[1)] skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og kosin stjórn og endurskoðendur skv. 9. og 10. gr.

☐ Atkvæðisrétt á fundum og kjörgengi til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa hafa allir skipaeigendur, eða fulltrúar þeirra, sem eiga skip í frumtryggingu hjá félaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 2 000 000 kr. eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu.

☐ Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum umboðsmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins.

☐ Félagsmaður getur farið með atkvæðisrétt fyrir aðra félagsmenn, enda hafi hann fengið til þess skriflegt umboð. Þó má enginn fara með meira atkvæðismagn en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

☐ Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða í félaginu. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði er mætt á þeim fundi.

☐ Senda skal ráðuneytinu, Tryggingaeftirlitinu og

1976 Nr. 18 23. apríl

Samábyrgðinni afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert.

[1] *Svo í Stjtíð., en á bersýnilega að vera „aðalfundi".*

■ **12. gr.** Eignum félaganna má eingöngu verja skv. tilgangi þeirra og samkv. lögum um vátryggingarstarfsemi.

■ **13. gr.** Stjórn bátaábyrgðarfélags og Samábyrgðin skipa hvor um sig einn skoðunar- og virðingarmann fyrir hvert félag og einn til vara til að framkvæma skoðunar- og virðingargerðir samkvæmt fyrirmælum þessara laga. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um matið.

☐ Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

☐ Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er aðilum heimilt að krefjast þess, að skoðun og mat fari fram, hvenær sem þeim þykir ástæða til.

☐ Stjórn félagsins ákveður þóknun skoðunarmanna, og greiðist hún af eiganda skipsins.

☐ Bátaábyrgðarfélag, vátryggður og Samábyrgðin geta hvert um sig krafist yfirmats, og skal það framkvæmt af þremur dómkvöddum, sérfróðum mönnum.

☐ Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, getur félagið fellt það úr tryggingu, og skal bætt úr ágöllum þeim, sem skoðunarmenn telja á skipinu, áður en það er tekið í tryggingu á ný. Sé skipið fellt úr tryggingu vegna framangreindra orsaka, skal það tilkynnt veðhöfum með 14 daga fyrirvara áður en niðurfelling tryggingar tekur gildi.

☐ Vátryggingarverð skipanna skal miða við matsverð eftir nánari fyrirmælum, sem sett verða í reglugerð.

☐ Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða hvert það tjón, sem vátryggt skip verður fyrir, áður en viðgerð á skipinu hefst og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um tjónið. Þeir skulu síðan fylgjast með viðgerð á skipinu, og að henni lokinni leggja fram skriflega matsgjörð á tjóninu og skýrslu um, hvort skipið sé komið í samt lag eftir viðgerðina.

■ **14. gr.** Öll skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum eða af Samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem ríkisstofnanir eða ríkissjóður gera út eða sjá um útgerð á, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafist eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti, og aldrei getur greiðslan orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skipsins, sem hjálpina þáði. Ákvæði laga nr. 25/1967 og 66/1963 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breytist í samræmi við ákvæði greinar þessarar.

■ **15. gr.** Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af ráðherra, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og umsögn Tryggingaeftirlitsins. Samábyrgðin skal hafa samráð við bátaábyrgðarfélögin um iðgjaldatillögur.

■ **16. gr.** Ef fjárhagur félags telst ekki sæmilega traustur, getur ráðherra ákveðið, að lagt skuli aukaiðgjald á vátryggðu. Gjald þetta má eigi vera hærra en 20% af iðgjöldum af vátryggðum skipum og 100% af iðgjöldum trygginga skv. 5. gr. Gjald þetta renni í sjóð félaganna.

☐ Aukaiðgjald verður eigi lagt á iðgjöld tiltekins árs, nema ákvörðun um það hafi verið tekin áður en 2 mánuðir eru liðnir frá lokum ársins.

■ **17. gr.** Bátaábyrgðarfélag hefur lögveð í skipi og lögtaksrétt fyrir skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum af skipum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja. Sama gildir um aukaiðgjöld, sem reiknuð eru af vátryggingariðgjöldum skipa.

■ **18. gr.** Nú hefur bátaábyrgðarfélag ekki innheimt vátryggingariðgjöld og stendur jafnframt ekki í skilum við Samábyrgðina með endurtryggingariðgjöldin og skal þá ráðuneytinu heimilt að leggja félagið niður og ráðstafa tryggingunum yfir á annað félagssvæði eða beint til Samábyrgðarinnar. Öðlast þá sá aðili, sem tekur við tryggingunum, allar eignir félagsins, kröfur og réttindi.

■ **19. gr.** Ágreining milli félags og skipseiganda, milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, annan en þann, sem um ræðir í 8. gr. laga þessara, skal leggja í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

☐ Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

☐ Í gerðardómnum skal ákveðið hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila, eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðila.

☐ Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

■ **20. gr.** Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingafjárins. Þegar vátryggingafé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafi þinglesin veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

■ **21. gr.** Bátaábyrgðarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þó skulu endurtryggingariðgjöld, sem greidd eru samkv. 8. gr., ekki teljast til aðstöðugjaldsskyldra útgjalda.

■ **22. gr.** Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, þar á meðal um vátryggingarskilmála, að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og umsögn Tryggingaeftirlitsins.

Lög um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa.

1976 Nr. 17 19. mars

■ **1. gr.** Viðskiptabanka útgerðarmanns skal skylt að halda eftir fjárhæð, sem nemi 5% af heildarsöluverðmæti (bráttósöluverðmæti) afla, sem landað er hérlendis, en 4% af heildarsöluverðmæti (bráttósöluverðmæti) afla, sem landað er erlendis. Skal fjárhæð þessi renna til greiðslu iðgjalda af vátryggingum fiskiskipa.

■ **2. gr.** Viðskiptabankarnir skulu skila andvirði þessu á reikning Landssambands ísl. útvegsmanna hjá viðkomandi banka, þegar greiðsla til bankans hefur farið fram.

☐ Landssamband ísl. útvegsmanna skal mánaðarlega skila andvirði þessu til viðkomandi vátryggingarfélaga, að þeim hluta, sem þarf til greiðslu vátryggingariðgjalds hvers skips, enda liggi fyrir samkomulag milli Lands-

1976 Nr. 17 9. mars

sambands ísl. útvegsmanna og vátryggingarfélaganna um vátryggingar fiskiskipa, sbr. þó ákvæði laga um bátaábyrgðarfélög, nr. 41/1967,[1] með síðari breytingum, og laga nr. 47/1967,[2] um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, með síðari breytingum.

[1] *Nú l. 18/1976.* [2] *Nú l. 37/1978.*

■ **3. gr.** Við árslok skal endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins, er kann að verða umfram greiðslu vátryggingariðgjalda. Þó er heimilt að endurgreiða skipseiganda innistæðu skipsins fyrr, séu vátryggingariðgjöld skipsins að fullu greidd.

■ **4. gr.** Vextir af innistæðum á bankareikningum Landssambands ísl. útvegsmanna skulu renna til greiðslu kostnaðar við innheimtu og skil iðgjaldagreiðslna skv. lögum þessum, að svo miklu leyti, sem þeir hrökkva til.

■ **5. gr.** Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

■ **6. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til afla, sem landað er eftir 15. febrúar 1976.

1947 Nr. 43 9. maí

Lög um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

I. kafli.

■ **1. gr.** Félag, er nefnist Íslenzk endurtrygging, skal hafa á hendi starfsemi þá, sem lög þessi kveða á um.

□ Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

■ **2. gr.** Hlutverk félagsins er:

1. Að annast endurtryggingu fyrir íslenzk vátryggingarfélög, einkum á sviði sjótrygginga, en heimilt er því að taka að sér endurtryggingar á hvaða sviði vátrygginga sem er.

2. Að annast stríðsslysatryggingar íslenzkra skipshafna samkvæmt lögum, er um þær gilda á hverjum tíma, svo og stríðsslysatryggingar og aðrar skyldar slysatryggingar íslenzkra skipshafna samkvæmt samningum, að því leyti sem félagsstjórn ákveður.

3. Að taka að sér endurtryggingar fyrir erlend vátryggingarfélög, eftir því sem stjórn félagsins telur hentugt.

□ Skylt er að kaupa hjá félaginu stríðsslysatryggingar samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.

□ Heimilt er félaginu að taka sams konar tryggingar á erlendum skipum í íslenzkri þjónustu.

■ **3. gr.*** [Áhættufé félagsins er:

□ Að fengnu samþykki ráðherra má með einróma samþykki allrar félagsstjórnarinnar auka framlagt áhættufé með útgáfu jöfnunarskírteina skv. 8. gr. Aukning áhættufjár með þessum hætti telst ekki arður eða til skattskyldra tekna við álagningu tekjuskatts eða útsvars.][1]

[1] *L. 29/1977, 1. gr.*

1947 Nr. 43 9. maí

■ **4. gr.** Sjóðir félagsins eru:

I. Varasjóður.
II. Arðjöfnunarsjóður.
III. Almennur endurtryggingasjóður.
IV. Bónussjóður. Hann er séreignarsjóður.

■ **5. gr.** [Nú semur innlent vátryggingarfélag, sem ekki á áhættufé í félaginu, svo um að tryggja hjá félaginu minnst 1/10 hluta af þeim endurtryggingum sínum, sem samrýmast endurtryggingarstarfsemi félagsins, og getur stjórn Endurtryggingarinnar þá samið þannig við slíkt félag, að það leggi fram áhættufé til jafns við önnur félög, er það hafa gert skv. þessari heimild, sbr. 3. gr. 4. tölulið. Nýtur það áhættufé þá sömu réttinda og ber sömu skyldur og eldra áhættufé, sbr. þó 11. gr.][1]

[1] *L. 29/1977, 2. gr.*

■ **6. gr.** Fé það, ábyrgðir og sjóðir, er um ræðir í 3. og 4. gr., er til tryggingar skuldbindingum félagsins, þannig að fyrst er varasjóður (4. gr. I), næst arðjöfnunarsjóður (4. gr. II), þá áhættufé (3. gr. A og B hlutfallslega), þá hinn almenni endurtryggingasjóður (4. gr. III) og loks bónussjóður (4. gr. IV).

■ **7. gr.** Engir þeirra, sem taka þátt í félaginu, ábyrgjast skuldbindingar þess umfram áhættufé, sbr. 3. gr., sjóði, sbr. 4. gr., og tekjuafgang, sem er í vörzlu félagsins á hverjum tíma.

■ **8. gr.** Sérhverjum eiganda áhættufjárins, sbr. 3. gr., ber að afhenda skírteini, er greinir:

1. Nafn eiganda og heimilisfang.
2. Upphæð eignar.
3. Númer skírteinis.

□ Um skírteinin gilda reglur þær, er hér greinir, og sé þeirra getið á skírteininu:

1. Eigandi er háður lögum, sem um félagið eru sett á hverjum tíma.

2. Skírteini veitir atkvæðisrétt við kosningar í stjórn félagsins, sbr. 9. gr., samkvæmt reglum, er ráðherra setur um þá kosningu, en ekki annan rétt til afskipta af málum þess.

3. Féð er óuppsegjanlegt.

1. Frá ríkissjóði		kr. 12 950 000
2. Frá útgerðarmönnum og öðrum		— 18 942 000
3. Frá eftirtöldum vátryggingarfélögum:		
Tryggingastofnun ríkisins	kr. 952 000	
Brunabótafélagi Íslands	— 952 000	
Sjóvátryggingarfélagi	— 952 000	
		— 2 856 000
4. Frá öðrum vátryggingarfélögum, sbr. 5. gr.		
Samvinnutryggingum g. t.	kr. 208 000	
Almennum Tryggingum hf.	— 181 000	
Tryggingamiðstöðinni hf.	— 164 000	
Tryggingu hf.	— 139 000	
		— 692 000
	Samtals	kr. 35 440 000

* Taflan heyrir til 1. mgr. 3. gr.

4. Skírteinið verður ekki framselt né veðsett eða látið af hendi á annan hátt, nema félagsstjórn samþykki, og á hún fyrir félagsins hönd innlausnarrétt á því fyrir matsverð dómkvaddra manna.

5. [Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, sbr. 2. tl. og 2. mgr. 3. tl. 10. gr.][1)]

6. Skírteinum fylgir skattfrelsi samkvæmt 11. gr.

[1)] *L. 5/1964, 1. gr.*

■ **9. gr.** Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og fimm til vara.

□ Ríkisstjórnin tilnefnir tvo aðalmenn og tvo til vara. Úr hópi þessara manna tilnefnir hún formann og varaformann félagsstjórnarinnar.

□ [Tryggingarfélög þau, sem áhættufé eiga í félaginu, sbr. 3. gr. tölul. 3 og 4, tilnefna einn aðalmann og einn til vara. Verði þau ekki sammála, tilnefnir ríkisstjórnin mennina úr hópi þeirra, sem tryggingarfélögin hafa stungið upp á.

□ Eigendur áhættufjár þess, er um getur í 3. gr. 2. tölulið, tilnefna tvo aðalmenn og tvo til vara. Farist tilnefning af þeirra hálfu fyrir, tilnefnir ríkisstjórnin mennina.][1)]

□ Varamenn taka sæti í forföllum þeirra aðalmanna, sem tilnefndir eru af sama aðila, og í þeirri röð, sem tilnefning eða kosning segir til um.

□ Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, sbr. þó 1. mgr., og ákveður starfstilhögun félagsins. Ráðherra ákveður laun hennar.

□ Stjórnin er tilnefnd til þriggja ára í senn.

[1)] *L. 29/1977, 3. gr.*

■ **10 gr.** Tekjuafgangi félagsins skal ráðstafað þannig:

1. Í varasjóð skal fyrst leggja allt að 10%.

2. [Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%. Nú hafa innlánsvextir sparisjóðsdeildar Landsbanka Íslands af sparifé á almennum innlánsbókum án sérstaks uppsagnarfrests verið hærri en 4% yfir árið á því ári, sem arður er miðaður við, og er þá heimilt að greiða arð, er sé 2% — tveimur af hundraði — hærri en innlánsvextirnir voru.][1)]

3. Heimilt er stjórn félagsins að mynda arðjöfnunarsjóð og leggja í hann allt að 4% af innborguðu áhættufé á ári hverju. Sjóður þessi má þó aldrei nema meiru en 25% af innborguðu áhættufé.

[Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunarsjóði, getur stjórn félagsins ákveðið, að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að arðurinn nái því hámarki, sem leyft er samkv. 2. tölulið þessarar greinar.][1)]

4. Sá hluti tekjuafgangs, sem eftir er, skal lagður í hinn almenna endurtryggingasjóð, að því leyti sem stjórn félagsins telur eigi þörf á að yfirfæra hann til næsta árs.

[1)] *L. 5/1964, 2. gr.*

■ **11. gr.** Allt framlagt áhættufé félagsins, hvaðan sem það er runnið, og skírteinin, sem um það verða gefin, eru undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga, öðrum en eignarskatti til ríkis, en útborgaður arður, í hverri mynd sem er, er skattskyldur samkvæmt almennum skattalögum á hverjum tíma. Þetta ákvæði gildir þó ekki um fé, sem greitt er inn samkvæmt ákvæðum 5. gr., nema viðkomandi aðili hafi skattfrelsi samkvæmt öðrum lögum.

□ Á sama hátt er fé í bónussjóði undanþegið öllum sköttum, meðan það er eigi af hendi greitt.

□ Ákvæði þessarar greinar raska ekki skatthlunnindum, er einstakir þátttakendur í félaginu kunna að njóta að lögum.

■ **12. gr.** Stjórn félagsins sér um ávöxtun á fé þess.

□ Að svo miklu leyti sem féð þarf ekki að vera handbært, skal jafnan ávaxta upphæð, er nemi jafnmiklu og innborgað áhættufé, í ríkistryggðum verðbréfum eða öðrum verðbréfum, sem skráð eru á opinberu gengi, þó ekki hlutabréfum. Einnig má ávaxta þetta fé að einum fimmta hluta í fasteignum félagsins sjálfs.

□ Að öðru leyti er félagsstjórn heimilt að ávaxta féð á þann hátt, er hún telur öruggt, svo sem með því að veita lán gegn veði í fasteignum og lán gegn ábyrgð ríkisins eða bæjar- og sýslufélaga.

■ **13. gr.** Reikningsár félagsins er almanaksárið.

□ Reikningar þess skulu endurskoðaðir af tveim endurskoðendum, öðrum tilnefndum af ráðherra, hinum af skírteiniseigendum þeim, er kosningarrétt hafa á tveim mönnum í félagsstjórn samkv. 8. gr.

■ **14. gr.** [Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkvæmt II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.][1)]

□ Skírteini þess og önnur skjöl, er það gefur út, eru ekki stimpilskyld.

[1)] *L. 61/1962, 1. gr.*

II. kafli. [Um stríðsslysatryggingar.][1)]

[1)] *L. 29/1977, 4. gr.*

■ **15. gr.** [Ráðherra getur ákveðið, að skylt sé að tryggja fyrir stríðsslysum skipshafnir á öllum íslenskum skipum og bátum. Vátryggingarskylda hvílir á útgerðarmanni skipsins og má ekki færa þeim, sem vátryggðir eru, iðgjöldin til útgjalda. Gildir það jafnt, þótt skipverji taki aflahlut í stað kaups.][1)]

[1)] *L. 29/1977, 5. gr.*

■ **16. gr.** Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraóeirða, þar sem vopnum er beitt. Ef styrjaldaraðgerðir eru aðeins meðvaldandi að slysinu, má lækka skaðabætur um þriðjung eða tvo þriðju hluta eða fella þær alveg niður, eftir því hve mikinn þátt aðrar orsakir teljast eiga í slysinu.

□ Trygging samkvæmt lögum þessum tekur til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess til þess spyrjist, hversu týnzt hefur.

■ **17. gr.** Lögboðin trygging skipshafna samkvæmt lögum þessum fær gildi, þótt farizt hafi fyrir að tryggja.

□ Nú eru samningar gerðir milli stéttarfélaga útgerðarmanna og stéttarfélaga sjómanna um víðtækari tryggingar í sambandi við stríðsslysaáhættu en ákveðið er í lögum þessum, og skulu aðilar þá tilkynna það félaginu í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti. Gengur tryggingin þá þegar í gildi, sbr. 23. gr. Séu slíkir samningar gerðir milli annarra en fyrrgreindra stéttarfélaga, fær hin víðtækari trygging ekki gildi fyrr en félagið gefur út iðgjaldakvittun eða tryggingarskírteini.

■ **18. gr.** Ákveða skal með reglugerð hámark þeirra

1947 Nr. 43 9. maí

dánartrygginga, sem félagið má taka að sér í eigin áhættu á hverju skipi í einni og sömu ferð.

☐ Ef sú upphæð nægir ekki til lögboðinnar eða umsaminnar tryggingar á skipshöfninni, skal félagið þó taka það, sem á vantar, enda sé endurtrygging fáanleg hjá öruggu vátryggingarfélagi, að dómi félagsstjórnar.

☐ Sé slík endurtrygging ekki fáanleg, eða ef hún ferst fyrir vegna vanrækslu þess, sem tryggingarskyldan hvílir á samkv. 15. gr., ábyrgist ríkissjóður, gegn iðgjaldi, er ráðherra ákveður eftir tillögum félagsstjórnar, þann hluta hinnar lögboðnu tryggingar, sem umfram er eigin áhættu félagsins.

■ **19. gr.** Útgerðarmanni ber hverju sinni að tilkynna félaginu eða umboðsmanni þess, fyrir hvaða upphæð hann þarf að tryggja skipshöfn sína, og veita aðrar þær upplýsingar, er þýðingu hafa fyrir áhættuna.

☐ Nú rennur trygging út, og skal hún þá endurnýjuð óbreytt á kostnað útgerðarmanns, ef hann hefur ekki tilkynnt félaginu í tæka tíð, að henni skuli breytt eða hún falla niður. Útgerðarmaður ber ábyrgð á því, að vátryggingarupphæðir séu nægilega háar.

☐ Ef vanrækt hefur verið að tryggja þá, sem tryggja ber, á félagið engu að síður kröfu á iðgjaldi fyrir áhættuhluta sinn, samkvæmt almennum reglum sínum.

☐ Útgerðarmönnum ber að bæta félaginu, eða eftir atvikum ríkissjóði, allt tjón, er hlýzt af röngum eða villandi upplýsingum þeirra eða annarri vanrækslu á tryggingum, er þeim ber að sjá um.

■ **20. gr.** Iðgjöld ákveður stjórn félagsins fyrir ákveðna ferð eða ákveðinn tíma, í samræmi við áhættuna, þegar trygging hefst eða er endurnýjuð, og með hliðsjón af því, hvað sams konar tryggingar kosta erlendis. Iðgjöldin hafa lögtaksrétt og hvíla sem lögveð á skipinu eða vátryggingarbótum þess.

■ **21. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 29/1977, 6. gr.*

■ **22. gr.** Skráningarstjórar skipshafna skulu senda félaginu afrit af skráningu skipshafna á tryggingarskyld skip.

☐ Þeir skulu og annast innheimtu iðgjalda og umboðsmennsku, eftir því sem félagsstjórn ákveður, gegn þóknun, er um semst við hana.

☐ Verði ágreiningur, sker ráðherra úr.

III. kafli. Um stríðsslysabætur.

■ **23. gr.** [Bætur fyrir stríðsslys skal greiða eftir reglum sem ráðherra setur nema um annað semjist í kjarasamningum útgerðarmanna og sjómanna.][1)]

[1)] *L. 29/1977, 7. gr.*

■ **24. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 29/1977, 8. gr.*

■ **25. gr.** Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

■ **26. gr.** Eigi hinn tryggði eða bú hans skaðabótarétt gegn þriðja aðila út af atviki því, er olli greiðsluskyldu félagsins, öðlast félagið þann bótarétt, er það greiðir bæturnar, að því leyti er með þarf, til þess að það verði skaðlaust.

IV. kafli. Almenn ákvæði.[1)]

[1)] *Sjá 9. gr. l. 29/1977.*

■ **27. gr.** [Brot á lögum þessum varða sektum og skal farið með mál út af brotum á lögunum að hætti opinberra mála.][1)]

1947 Nr. 43 9. maí

[1)] *L. 10/1983, 24. gr.*

■ **28. gr.** Nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess, réttindi og skyldur þátttakenda í félaginu, hinna tryggðu og hinna tryggingarskyldu, skulu sett með reglugerð, er stjórn félagsins semur, en ráðherra staðfestir.

☐ [Í reglugerðina má setja ákvæði um, að brot gegn henni varði sektum.][1)]

☐ Þar til ný reglugerð hefur verið staðfest, gilda ákvæði reglugerðar nr. 61 6. maí 1944, eftir því sem við á.

[1)] *L. 10/1983, 24. gr.*

Lög um Brunabótafélag Íslands.

1955 Nr. 9 23. marz

■ **1. gr.** Brunabótafélag Íslands er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda, eftir því sem lög þessi ákveða, og starfar einnig í samræmi við þær almennu reglur, sem ákveðnar eru í lögum nr. 20 frá 8. marz 1954, um vátryggingarsamninga.

■ **2. gr.** Tilgangur og starfssvið félagsins er einkum:

1. Að taka að sér brunatryggingar á húsum og lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglur setja.

2. Að fylgjast með og afla upplýsinga um nýjungar í slökkvitækni, sem komið gætu hér að notum, og útvega eða útbúa hentug slökkvitæki, sem bæjar- eða sveitarfélögum og einstökum heimilum væri gefinn kostur á að eignast með hagkvæmum greiðsluskilmálum.

3. Að lána fé til vatnsveitna, hitaveitna og sjóveitna, eftir því sem ástæður félagsins leyfa.

4. Að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar um brunamál og annast, ef ríkisstjórnin óskar, eftirlit með brunavörnum og að hús, sem skylt er að vátryggja, séu tryggð lögum samkvæmt.

■ **3. gr.** Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Brunabótafélags Íslands og setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

■ **4. gr.** Forstjóri, skipaður af ráðherra, stjórnar félaginu í samræmi við lög og reglugerðir og í samráði við framkvæmdastjórn, kosna af fulltrúaráði samkvæmt 5. og 6. gr.

■ **5. gr.** Félagið skiptist í deildir, og er hvert bæjar- og hreppsfélag sérstök deild í félaginu.

☐ Þegar að afstöðnum hverjum reglulegum bæjar- og sýslunefndarkosningum skal hvert bæjarfélag utan Reykjavíkur og öll sýslufélög landsins tilnefna einn mann hvert og annan til vara í fulltrúaráð fyrir félagið. Réttur bæjar- og sýslufélaga til tilnefningar í fulltrúaráð og þátttöku í starfsemi þess fellur niður, er bæjarfélag eða öll hreppsfélög í einhverri sýslu hafa sagt upp tryggingu hjá félaginu. Atkvæðisréttur sýslunefndarmanna á sýslufundi við tilnefningu manns í fulltrúaráð er við það bundinn, að hreppur sá, er hann er fulltrúi fyrir, hafi ekki sagt upp tryggingum hjá félaginu.

☐ Ef Brunabótafélagið, samkvæmt heimild í 1. málsgr. 8. gr. laga félagsins, tekur að sér brunatryggingar á húsum í Reykjavík, skal bæjarstjórn einnig velja aðalmann og varamann af sinni hálfu til fulltrúaráðsins.

■ **6. gr.** Brunabótafélagið kallar fulltrúaráðið saman

til aðalfundar fjórða hvert ár, strax eftir að bæjar- og sýslufélög hafa haft hæfilegan frest til að tilnefna fulltrúaráðsmenn. Fulltrúaráð skal auk þess kallað saman til aukafunda, hvenær sem framkvæmdastjórn ákveður og ætíð, ef eigi færri en ⅓ fulltrúaráðsmanna óska þess. Fyrsta aðalfund félagsins skal halda þegar eftir að lög þessi koma til framkvæmda.

□ Á aðalfundi fulltrúaráðs skal kjósa þrjá menn í framkvæmdastjórn fyrir félagið og þrjá til vara, alla úr hópi fulltrúaráðsmanna. Þar skal ræða um rekstur félagsins, afkomu og framtíðarhorfur og taka til athugunar, hvað unnt er að gera til hagkvæmra brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og brunavarnir og einnig um aðrar tryggingar, er félagið kynni að takast á hendur.

□ Eftirlitsmenn brunavarna skulu mæta á fulltrúaráðsfundum og gefa skýrslu um störf sín.

□ Brunabótafélagið greiðir kostnað við fulltrúaráðsfundi og framkvæmdastjórn.

■ **7. gr.** Skylt er, sbr. þó ákvæði 20. gr., að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt að tryggja í félaginu öll hús utan kaupstaða og kauptúna, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim.

■ **8. gr.** Félaginu er heimilt, með samþykki ráðherra, að taka að sér brunatryggingar húsa í Reykjavík með sérstökum samningi við bæjarstjórn og að taka þátt í tryggingu húseigna í Reykjavík með öðrum vátryggingarfélögum.

□ Félaginu er og heimilt að taka í brunatryggingu hvers konar lausafé, hvar sem er á landinu, þar með taldar allar afurðir í vörzlu framleiðenda.

■ **9. gr.** Vátryggingarupphæð húsa ákveðst með virðingargerð, og vátryggir félagið allt verð húsanna. Þó má tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda. Lausafé skal tekið í vátryggingu eftir skrá, er eigandi semur með áætluðu sanngjörnu verði munanna.

□ Heimilt er félaginu og vátryggjendum skylt að breyta árlega vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar, miðað við 1939.

□ Hagstofan reiknar byggingarvísitölu fyrir kaupstaði og kauptún, en teiknistofa landbúnaðarins fyrir sveitir. Vísitölur hvers árs skulu tilbúnar og auglýstar fyrir janúarlok hvert ár.

□ Eftir hinni auglýstu vísitölu undanfarins vísitöluárs skal teljast vátryggingarupphæð næstkomandi vátryggingarárs, þó þannig, að vátryggingarupphæðin miðist við heil hundruð króna. Þegar ætla má, að komin sé stöðvun á húsbyggingarkostnað, er félaginu heimilt að láta fara fram endurvirðingu á öllum fasteignum, sem vátryggðar eru hjá félaginu.[1)]

[1)] *Um gildi 2.—4. mgr. þessarar gr. var svohljóðandi ákvæði í 5. gr. l. 25/1957, um vísitölu byggingarkostnaðar: „... Jafnframt falla úr gildi eða breytast ákvæði eldri laga, sem eru í ósamræmi við lög þessi, ... " Um vísitölu byggingarkostnaðar gilda nú l. 18/1983.*

■ **10. gr.** Brunatryggingum félagsins skal haldið aðgreindum í 3 flokka, þannig að unnt sé að gera upp iðgjöld og tjón hvers flokks fyrir sig:

1. Tryggingarflokkur fasteigna í kaupstöðum og kauptúnum.
2. Tryggingarflokkur fasteigna í sveitum.
3. Tryggingarflokkur lausafjár.

□ Árlegur tekjuafgangur flokkanna svo og aðrar tekjur félagsins falla til sameiginlegs varasjóðs, sem er að fullu ábyrgur fyrir tjónum á vátryggingarstarfsemi félagsins.

■ **11. gr.** Félagið leitar endurtryggingar eða samtrygginga hjá öðrum tryggingarfélögum, fyrst og fremst innlendum, og getur einnig sjálft tekið að sér hluta endurtryggingar hjá öðrum vátryggingarfélögum.

□ Nánari ákvæði um endurtryggingar á áhættu félagsins má ákveða í reglugerð, þar á meðal um það, hvað félagið megi hafa í eigin áhættu, varðandi einstakar áhættueiningar í sambandi við heildaráhættu, sem félagið ber, og einnig í hlutfalli við eignir þess.

■ **12. gr.** Allir þeir, sem hafa vátryggingar hjá félaginu samkvæmt 7. gr., eru félagsmenn þess, á meðan þeir hafa tryggingarskipti við félagið. Félagsmenn ábyrgjast, að iðgjaldssjóður félagsins standi í skilum. Þó nær ábyrgðin aðeins til þeirra eigna, sem vátryggðar eru í félaginu. Sérstaks framlags má krefjast af félagsmönnum aðeins á þann hátt, að heimt sé visst aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í vátryggingarskírteini.

■ **13. gr.** Vátryggingar á húseignum og lausafé samkvæmt 7. og 8. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er í tryggingarskírteini.

□ Enga fasteign, sem er í skylduábyrgð, má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.

■ **14. gr.** Brunabótatrygging félagsins tekur ekki til þess tjóns, sem orsakast af landskjálfta eða ófriði, né heldur til þess tjóns, sem af því leiðir, að vátryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

□ Tryggingin tekur ekki heldur til tjóns, sem hlýzt af eldi, sem ekki verður talinn eldsvoði, sbr. 79. gr. laga nr. 20 1954, um vátryggingarsamninga. Félagið á auk þess rétt á að draga fjórðung af brunabótum, er vátryggjandi hefur út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum eða ef hann hefur gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

■ **15. gr.** Skaðabætur vegna brunatjóns má eigi greiða af hendi fyrr en haldin hefur verið réttarrannsókn út af brunanum. Þó má félagið gera undantekningu frá þessu, ef tjónið nemur eigi meira en 3000 kr.

■ **16. gr.** Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmzt hefur við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefur, eða þar sem félagið í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum, kauptúnum og hreppsnefndir í sveitum ákveður, og er félaginu skylt að tryggja, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið.

□ Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgr. greinar þessarar, þó svo að 15% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt, eða ástæður, sem tjónþola eru ekki sjálfrátt um.

■ **17. gr.** Þegar eignir þær, er tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðréttur einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra svo sem með þarf til að borga kröfuskuld hans

1955 Nr. 9 23. marz

með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til.

■ **18. gr.** Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu svo og skírteinisgjöld hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs. Séu gjöld eigi greidd innan 4 mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði án undanfarins dóms, sátta eða lögtaks, en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

□ Uppboð skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 4 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

□ Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

■ **19. gr.** Eindagi á öllum iðgjöldum fasteigna í skyldutryggingu skal vera 15. október. Nú eru eignir vátryggðar á öðrum tíma, og skal þá ávallt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. okt., þess er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátryggt sé til skemmri tíma.

□ Öll iðgjöld greiðast fyrir fram fyrir vátryggingartímabilið.

□ Séu gjöldin eigi greidd áður en 3 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða af þeim dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags, er nemi ½% fyrir hvern mánuð eða hluta af mánuði, sem það hefur dregizt.

■ **20. gr.** Stjórn bæjar- eða sveitarfélaga getur leitað til stjórnar Brunabótafélagsins og óskað eftir því að fá endurskoðun eða breytingar á iðgjaldagreiðslum og öðrum kjörum varðandi brunatryggingar fasteigna í bæjar- eða sveitarfélaginu. Náist ekki samkomulag um samninga innan tveggja mánaða frá því, að ósk kom fram um endurskoðun eða breytingar á tryggingarkjörum, er hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi heimilt að segja sig úr Brunabótafélaginu með 6 mánaða fyrirvara miðað við 15. okt. ár hvert.

□ Bæjar- eða sveitarfélag, sem gengið er úr félaginu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, hefur eftir það engar skyldur við félagið né nýtur þar réttinda.

□ Rétt er Brunabótafélagi Íslands, ef stjórn þess ákveður, að gera sérsamninga við einstök bæjar- eða sveitarfélög um vátryggingarkjör húseigna í umdæminu, og þá einkum í sambandi við tryggilegar brunavarnir og aðrar aðstæður í umdæminu. Heimilt er bæjar- eða hreppsfélagi, sem hefur gengið úr félaginu, að gerast aftur meðlimur þess með þeim réttindum og skyldum, er því fylgja, enda sæki það um upptöku með eigi skemmri tíma en 4 mánaða fyrirvara, miðað við 15. október.

■ **21. gr.** Þegar varasjóður Brunabótafélags Íslands er orðinn svo hár, að öruggt þykir að dómi framkvæmdastjórnar félagsins um fjárhagsafkomu þess, og í ljós kemur við lok reikningsárs, að brunatjón hafi ekki farið fram úr 80% af iðgjöldum á því ári, má af árlegum tekjuafgangi greiða félagsdeildum og/eða félagsmönnum ágóðahlut af skyldubundnum fasteignatryggingum. Á sama hátt má og ákveða um greiðslu ágóðahluta til annarra þeirra, sem tryggja hjá félaginu.

□ Upphæð ágóðahluta í hvert sinn ákveðst af framkvæmdastjórn og miðast við það, að félaginu safnist aukið fé í varasjóð, eftir því sem vátryggingarverðmætin vaxa.

1955 Nr. 9 23. marz

□ Nánari ákvæði um ágóðaúthlutun skulu sett með reglugerð, staðfestri af ráðherra.

■ **22. gr.** Nánari ákvæði um verksvið félagsins, virðingar, iðgjald tryggingargreinar, endurtryggingu, brunatjón og bætur til vátryggðra, ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á rekstri þess og starfsemi skulu sett með reglugerð, staðfestri af ráðherra.

■ **23. gr.** Sjóðir félagsins skulu geymdir og ávaxtaðir sem hér segir:

a. Handbært fé á vöxtum í peningastofnunum og þá einkum með ríkisábyrgð.

b. Að öðru leyti í tryggðum verðbréfum og þá einkum með ríkisábyrgð.

□ Rétt er að verja fé varasjóðs til einstakra útlána gegn nægum tryggingum, ef þau á einhvern hátt eru til stuðnings starfsemi félagsins.

□ Þá er og heimilt að nota fé varasjóðs, ef öruggt þykir að áliti framkvæmdastjórnar og fulltrúaráðs, til stofnunar og rekstrar nýrra tryggingargreina, sem félagið kynni að reka, enda hafi þær aðgreindan fjárhag, bókhald og reikningsfærslu.

□ Ársreikningar félagsins skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er fjármálaráðherra skipar til þess, og ákveður félagið þóknun til þeirra og greiðir hana.

■ **24. gr.** Félagið hefur umboðsmenn í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakir hreppar. Að öðru leyti ræður félagið umboðsmenn eftir því, sem þörf er á.

■ **25. gr.** Brjóti vátryggjandi á móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til tjónþola eftir málavöxtum, svo sem reglugerð nánar tiltekur.

□ Brjóti aðrir en vátryggjendur gegn lögum þessum eða reglum og ákvæðum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum, ... [1]

[1] *L. 10/1983, 25. gr.*

■ **26. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

1954 Nr. 59 24. apríl

■ **1. gr.** Bæjar- og sveitarstjórnum utan Reykjavíkur er heimilt frá 15. okt. 1955 að semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum í umdæmi sínu, sem tryggingarskyldar eru samkv. 2. gr.

□ [Tekjur vátryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélags, en félögin skulu þó gjalda fasteignaskatta og aðstöðugjald skv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.[1]][2]

[1] *L. 73/1980.* [2] *L. 43/1962, 1. gr.*

■ **2. gr.** [Skylt er að tryggja gegn eldsvoða hjá þeim, sem brunatryggingar annast samkv. 1. gr., allar húseignir utan Reykjavíkur, þar með talin öll útihús, hvort heldur eru gripahús, hlöður, geymslur eða annað, sem metið verður sem hús skv. 3. gr.][1] Hús í smíðum skal einnig tryggja, og fer um tryggingarupphæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og vátryggingarfélagsins.

[1] *L. 37/1980, 1. gr. Þar segir: „1. mgr. 2. gr. hljóði svo:" Á væntanlega að vera 1. ml.*

1954 Nr. 59 24. apríl

■ **3. gr.** Vátryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna. Bæjar- eða sveitarstjórn hver skal hafa eftirlit með virðingargerðum húsa í umdæmi sínu, og ber hún á hverjum tíma ábyrgð á, að vátryggingum sé haldið við og ný hús metin og vátryggð þegar eftir að byggingu þeirra er lokið eða þau tekin til íbúðar.

□ Breyta skal árlega vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar.

■ [**4. gr.** Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og sveitarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum, að hlutaðeigandi hús verði fjarlægt, og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín, greiðir hún þá mismun þann, sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef sveitarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt, getur hvor um sig krafizt endurmats, og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið. Yfirmatsmennirnir skulu vera þrír og dómkvaddir af viðkomandi dómara. Kostnað við yfirmatsgjörð greiða aðilar eftir reglum í 4. mgr. 6. gr. l. nr. 61/1917.[1)]][2)]

[1)] *Nú l. 11/1973.* [2)] *L. 93/1965, 1. gr.*

■ [**5. gr.**][1)] Iðgjöld af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs.

□ Séu gjöldin eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

□ Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

□ Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

[1)] *L. 93/1965, 1. gr.*

■ [**6. gr.**][1)] Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur. Nefndin kýs sér formann og skal í starfi sínu hafa samráð við forstjóra Brunabótafélags Íslands. Nefndin skal ljúka störfum það snemma, að unnt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

[1)] *L. 93/1965, 1. gr.*

1982 Nr. 74 12. maí

Lög um brunavarnir og brunamál.

I. kafli. Stjórn brunamála.

■ **1. gr.** Félagsmálaráðuneytið fer með yfirstjórn brunamála í landinu.

■ **2. gr.** Brunamálastofnun ríkisins fer með daglegan rekstur brunamála.

□ Ráðherra skipar 3ja manna stjórn brunamálastofnunar til fjögurra ára í senn. Hann skipar einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, einn mann eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga. Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi tilnefndra stjórnarmanna og ákveður þóknun til þeirra fyrir stjórnarstörf. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar.

□ Að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar skipar ráðherra brunamálastjóra. Skal hann vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa sérþekkingu á brunamálum.

□ Brunamálastjóri veitir brunamálastofnuninni forstöðu. Hann ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar og taka þeir laun samkv. kjarasamningi opinberra starfsmanna.

■ **3. gr.** Auk þess, er segir í 2. gr., er verksvið brunamálastofnunarinnar eftirfarandi:

a. Að leiðbeina sveitarstjórnum (bæjarstjórnum og hreppsnefndum) um allt það, er lýtur að brunavörnum, þar með talið eftirlit með því, að nýbyggingar, viðbætur og endurbætur á vatnsveitukerfum komi að sem mestum notum við slökkvistarf.

b. Að hafa á hendi tækniaðstoð við brunavarnaeftirlit sveitarfélaga og í öllum meiri háttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og bensín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv. í samráði við viðkomandi slökkviliðsstjóra.

c. Að yfirfara uppdrætti af nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjum, sem kveðið er á um í reglugerð, til þess að ganga úr skugga um, að lögum og reglugerðum, sem að brunamálum lúta, sé fullnægt.

d. Að vinna að samræmingu á brunahönum, slöngutengingum og öðrum slökkvibúnaði.

e. Að hafa æfingar með slökkviliðum, gangast fyrir reglubundnum námskeiðum fyrir slökkviliðsmenn og undirbúa reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

f. Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála og leiðbeina um val, uppsetningu og notkun á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.

g. Að beita sér fyrir aukinni kynningar- og fræðslustarfsemi, þar með talið að kynna hönnuðum mannvirkja nýjungar á sviði brunavarna og gangast fyrir ráðstefnum og námskeiðum fyrir hönnuði og tæknimenn sveitarfélaga.

h. Að semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða. Skulu slíkar skýrslur sendar tryggingafélögunum og aðalniðurstöður þeirra skal birta opinberlega.

i. Að undirbúa og endurskoða, eftir því sem þörf er á, reglugerðir um brunamál og sjá svo um, að þær séu ávallt í samræmi við kröfur tímans.

j. Að hafa samvinnu við samsvarandi stofnanir í nágrannalöndunum og fylgjast með framförum og nýjungum erlendis á sviði brunavarna.

■ **4. gr.** Sveitarfélög skulu halda uppi brunavörnum, þar með talið eldvarnareftirlit, í samræmi við kröfur, sem nánar skal kveða á um í reglugerð um brunavarnir og brunamál. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

□ Sveitarstjórn og slökkviliðsstjóri fara með brunavarnamál sveitarfélagsins.

□ Sá, sem telur rétti sínum hallað með ályktun sveitarstjórnar (slökkviliðsstjóra), getur skotið slíkri ályktun til félagsmálaráðherra, sem fellir fullnaðarúrskurð um málið að fenginni umsögn brunamálastjóra.

□ Félagsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn

stjórnar brunamálastofnunar, undanþegið sveitarfélag skyldu til að halda uppi sérstökum brunavörnum, berist rökstudd beiðni um slíkt frá sveitarstjórn.

II. kafli. Um slökkvilið og slökkvistarf.

■ **5. gr.** Sveitarfélögum er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og útbúnaði til slökkvistarfs og brunavarna, þar með talið nauðsynlegt húsnæði. Þeim ber að hlutast til um, að nægilegt vatn sé fyrir hendi til slökkvistarfs.

□ Í reglugerð skal kveða á um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða.

■ **6. gr.** Sveitarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri, er yfirmaður og stjórnandi slökkviliðs. Hann hefur umsjón með öllum tækjum slökkviliðsins og brunahönum.

■ **7. gr.** Allir verkfærir menn 18–60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í sveitarfélagi, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði. Þeim er skylt að koma til slökkviæfinga allt að 20 klst. á ári, og auk þess skulu þeir koma hvenær sem eldsvoða ber að höndum, skv. nánari reglum um útköll. Sveitarstjórn skipar menn í slík slökkvilið eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Um þóknun fyrir störf í slökkviliði fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar, en hafa skal hliðsjón af ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna.

■ **8. gr.** Í sveitarfélögum, þar sem slökkvilið er skipað fastráðnum starfsmönnum, má takmarka skyldur samkv. 7. gr. eða fella þær niður.

□ Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að slökkviliðsæfingar séu haldnar eins oft og áskilið er í reglugerð.

■ **9. gr.** Slökkviliðsstjóra, eða staðgengli hans, er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að kveðja til slökkvistarfa eins marga menn og hann telur nauðsynlegt, og getur enginn vinnufær maður skorast undan þeirri skyldu. Slík aðstoð skal veitt án endurgjalds.

■ **10. gr.** Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að brunavörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu slysatryggðir við æfingar og önnur störf í þágu brunavarna, samkvæmt ákvæðum í e-lið 29. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971. Þeir, sem verða fyrir tjóni við störf í þágu brunavarna, eiga rétt á að fá tjónið bætt úr sveitarsjóði, enda verði tjónið ekki bætt af vátryggingarfélagi. Náist ekki samkomulag um bætur, skal tjónið metið af dómkvöddum mönnum.

■ **11. gr.** Félagsmálaráðuneytið getur að nokkru eða öllu leyti undanþegið sveitarfélag þeirri skyldu að hafa slökkvilið, ef það hefur samið um, að slökkvilið í nærliggjandi sveitarfélagi annist slökkvistarf. Um slíka samvinnu skal gera skriflegan samning, og skal hann staðfestur af félagsmálaráðuneytinu að fenginni umsögn stjórnar brunamálastofnunarinnar.

■ **12. gr.** Verði eldur laus eða bráð hætta er á, að svo fari, þá skal sá, er þess verður vís, slökkva eldinn eða afstýra hættu, ef honum er það kleift. Geti hann það ekki, skal hann tafarlaust aðvara þá, sem kunna að vera í hættu, og kveðja til slökkvilið eða aðra tiltæka hjálp.

■ **13. gr.** Hverjum manni er skylt, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð og una því, að brotið verði niður og rutt burt því, sem til fyrirstöðu er við slökkvistarf. Heimilt er að ríf a niður byggingar, ef slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt til að stöðva útbreiðslu elds. Slökkvilið hefur rétt til að nota öll tæki og áhöld, sem til næst og að gagni mega koma við slökkvistarf, þegar eldsvoða ber að höndum.

■ **14. gr.** Fjártjón, sem hlýst af ráðstöfunum samkv. 13. gr., telst brunatjón.

■ **15. gr.** Ef lögreglustjóri býr í sveitarfélaginu, skal hann ásamt lögregluliði staðarins annast löggæslu við slökkviliðsæfingar og slökkviliðsstörf, en ella hreppstjóri eða sérstakur fulltrúi, sem lögreglustjóri skipar. Við eldsvoða er löggæslulið á brunastað undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra. Lögreglulið skal sjá slökkviliði fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf til að gegna störfum sínum, og varðveita muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum.

■ **16. gr.** Heimilt er slökkviliði, lögreglu eða þeim, sem þessir aðilar kveðja til, að fjarlægja hvern þann, er truflar slökkvistarf, og gera fullnægjandi ráðstafanir til að hann valdi ekki frekari truflun.

■ **17. gr.** Slökkviliði er heimilt að veita aðstoð við að slökkva eld utan eigin umdæmis. Slökkviliðsstjóri ákveður hverju sinni, hversu mikið af tækjum og mannafla megi senda með hliðsjón af því, að eigin umdæmi sé ekki stofnað í óeðlilega hættu.

□ Kostnaður við slíka aðstoð telst til brunavarnakostnaðar þess sveitarfélags, sem aðstoðar nýtur. Verði ágreiningur um kostnað, skal hann ákveðinn af dómkvöddum mönnum. Héraðsdómari (í Reykjavík yfirborgardómari) í því umdæmi, sem aðstoð veitir, útnefnir matsmenn.

III. kafli. Um brunavarnir og meðferð eldfimra efna.

■ **18. gr.** Félagsmálaráðuneytið skal, að fengnum tillögum brunamálastjóra, veita mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau.

□ Einungis þau kynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af brunamálastjóra.

■ **19. gr.** Eiganda eða umráðamanni fasteignar eða annars mannvirkis er skylt að leggja til og halda við nauðsynlegum tækjum og búnaði til björgunar á fólki úr eldsvoða. Hann skal, að svo miklu leyti sem eðlilegt getur talist kostnaðar vegna, sjá um, að fyrir hendi séu tæki og útbúnaður til viðvörunar svo og til að slökkva og hefta útbreiðslu elds. Einnig ber honum að leggja til nægilegan mannafla til eftirlits með brunarústum eftir eldsvoða.

□ Félagsmálaráðuneytið getur, að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar, lagt svo fyrir, að stærri fyrirtæki geri sérstakar ráðstafanir til að sporna við eldsvoða hjá sér, t. d. með útvegun sérstaks búnaðar til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í slökkvistarfi.

■ **20. gr.** Nauðsynlegum útbúnaði vegna almennra brunavarna má koma fyrir, hvar sem slíkt telst nauðsynlegt, ef það veldur ekki óeðlilegu tjóni eða óþægindum fyrir eiganda. Slökkviliðsstjóri skal tilkynna aðila fyrir fram um slíkar aðgerðir.

■ **21. gr.** Fara skal þannig með eld eða eldfim efni, að sem allra minnst hætta sé á því að eldsvoði geti af því hlotist.

IV. kafli. Um tilkynningu eldsvoða og rannsókn.

■ **22. gr.** Sá, sem verður fyrir brunatjóni, eða sé hann ekki viðstaddur, þá sá, er kemur í hans stað, er skyldur

1982 Nr. 74 12. maí

að tilkynna brunann hlutaðeigandi tryggingafélagi, svo og lögreglustjóra, fulltrúa hans, sbr. 15. gr., eða hreppstjóra, svo fljótt sem unnt er.

■ **23. gr.** Lögreglustjóri skal sjá um að lögregluranns6kn fari fram þegar eftir brunatjón. Ef kveðja þarf til sérfróða menn vegna rannsóknar á eldsvoða, skal stjórn brunamálastofnunarinnar tilnefna þá samkvæmt tillögu brunamálastjóra. Réttarrannsókn þarf hins vegar ekki að fara fram, ef brunatjón er óverulegt og eldsupptök kunn. Afrit af gögnum um hverja slíka rannsókn ber að senda viðkomandi tryggingafélagi og brunamálastofnun þegar þau liggja fyrir.

V. kafli. Um brunavarnagjald o. fl.

■ **24. gr.** a. Öll tryggingafélög og aðrir, er tryggingar annast, skulu greiða brunamálastofnuninni 1,75% af bruttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga) á fasteignum og lausafé. Sama gildir um tryggingu, sem innifelur bæði brunatryggingu og annars konar tryggingu. Viðlagatrygging Íslands skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni. Framlög þessi skulu greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör við hvert félag fer fram, þegar ársreikningar liggja fyrir.

b. Stjórn brunamálastofnunar er heimilt að semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af ráðuneytinu. Í slíkri gjaldskrá skal kveðið á um skoðunargjöld og önnur gjöld, er brunamálastofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.

c. Það, sem á kann að vanta, að framangreindir tekjustofnar nægi til þess að standa undir rekstrinum, greiðist úr ríkissjóði.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **25. gr.** Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit með því í sínu umdæmi, að farið sé eftir lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim.

□ Honum og eftirlitsmönnum hans skal heimil umferð um híbýli manna, vinnustaði og aðra þá staði, þar sem eftirlits skv. 1. mgr. er þörf.

■ **26. gr.** Nú kemur í ljós, að ákvæði laga þessara eða reglugerðar samkvæmt þeim eru brotin og skal þá slökkviliðsstjóri þegar í stað gera ráðstafanir til að úr verði bætt. Þegar svo stendur á og upp kemur ágreiningur milli hans og húsráðanda um úrbætur, ber slökkviliðsstjóra tafarlaust að vísa málinu til stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins, sem úrskurðar ágreininginn. Slökkviliðsstjóra eða brunamálastjóra ber að kæra brot til héraðsdómara sé ekki farið að úrskurði þeirra.

□ Að fengnu samþykki Brunamálastofnunar ríkisins getur slökkviliðsstjóri í samráði við lögreglustjóra eða héraðsdómara ákveðið, að framkvæmdar verði nauðsynlegar úrbætur á kostnað húsráðanda eða ákveðið dagsektir á hendur honum allt að 0,1% af brunabótamati viðkomandi byggingar á dag, uns úr verður bætt. Dagsektir renni til ríkissjóðs. Þá getur slökkviliðsstjóri eða lögreglustjóri ákveðið, ef almannahætta stafar af því, að settum reglum um brunavarnir er ekki fylgt, að stöðva rekstur í viðkomandi byggingu og loka henni, þar til úr hefur verið bætt með fullnægjandi hætti að mati þessara aðila.

■ **27. gr.** Nú telur brunamálastjóri að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skv. 26. gr., og skal brunamálastjóri þá, að höfðu samráði við stjórn brunamálastofnunar, benda slökkviliðsstjóra á misbrestina og hefur brunamálastjóri síðan rétt til að beita þeim heimildum, sem slökkviliðsstjóra eru veittar í þeirri grein, ef ekki er úr bætt.

□ Ef brunamálastjóri telur að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni skv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs, að höfðu samráði við stjórn brunamálastofnunar.

■ **28. gr.** Ráðherra setur, að fenginni tillögu stjórnar brunamálastofnunar, reglugerðir þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

■ **29. gr.** Um matsgerðir samkvæmt lögum þessum fer að almennum reglum og venjum um möt dómkvaddra matsmanna. Meta skal raunverulegt fjártjón hverju sinni.

■ **30. gr.** Gjöld og dagsektir skv. lögum þessum, svo og kostnað skv. 2. mgr. 26. og 27. gr., má innheimta með lögtaki.

■ **31. gr.** Brot á lögum þessum og reglugerð skv. þeim varða sektum, en varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar.

1982 Nr. 74 12. maí

Lög um búfjártryggingar.

1943 Nr. 20 26. febr.

■ **1. gr.** Stofna skal sérstaka deild við Brunabótafélag Íslands og undir stjórn þess, er nefnist Búfjártryggingardeild.

■ **2. gr.** Verkefni Búfjártryggingardeildar er að taka að sér vátryggingu búfjár gegn vanhöldum og slysum, allt eftir þeim nánari reglum, sem lög þessi og reglugerð setja.

■ **3. gr.** [Skylt er að tryggja í deildinni gegn hvers konar vanhöldum kynbótanaut, kynbótahesta og kynbótahrúta, sem notaðir eru í félögum eða á kynbótabúum, sem styrks njóta af opinberu fé. Vátryggingarupphæð búfjár skal fara lækkandi, er það eldist og rýrnar að verðgildi. Ákvæði þar að lútandi skulu sett með reglugerð. Tryggingartími búfjár skal minnst vera árlangt í senn.][1)]

[1)] *L. 90/1952, 1. gr.*

■ **4. gr.** [Heimilt er að tryggja í deildinni gegn venjulegum vanhöldum og slysum:

a. Einstaka gripi: Hrúta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun, naut, sem hlotið hafa fyrstu eða önnur verðlaun, og kynbótahesta, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sveitasýningum eða héraðssýningum, enda nái ekki skyldutryggingarákvæði 3. gr. til þessara gripa.

b. Ær í kynbótabúum og sauðfjárræktarfélögum, sem styrks njóta af opinberu fé.

c. Heil kúabú, en þó eigi gegn kálfleysi.

d. Heil sauðfjárbú gegn vanhöldum og slysum, er nema meiru en 5% á ári. Þar undir telst lambalát fram að sauðburðarbyrjun, en eigi önnur lambavanhöld.

□ Umboðsmönnum tryggingannna er þó ekki heimilt að taka í tryggingu búfé, sem haft er á þeim stöðum, þar sem ekki verður við komið nauðsynlegu eftirliti með líðan þess, nema stjórn Búfjártryggingardeildar leyfi það og þá gegn allt að fimmföldu tryggingargjaldi.][1)]

[1)] *L. 90/1952, 2. gr.*

■ **5. gr.** [Vátryggingarupphæð kynbótagripa, sem tryggðir eru samkv. 3. gr., ákveður vátryggjandi, en þó ekki yfir þreföldu skattmatsverði.

1943 Nr. 20 26. febr.

□ Vátryggingarupphæð gripa, sem tryggðir eru samkv. 4. gr. a-lið, ákveður vátryggjandi, og má hún vera hæst tvöfalt skattmatsverð.

□ Vátryggingarupphæð sauðfjár, sem tryggt er samkv. 4. gr. b-lið, má vera hæst eitt og hálft skattmatsverð.

□ Þeir bændur, sem tryggja allt sitt búfé og hafa ekki orðið fyrir tjóni, sem bætur hafa verið greiddar fyrir samkv. 4. gr. c- og d-lið í 2 ár samfellt, fái 10% lækkun á tryggingargjöldum og á sama hátt 20% lækkun eftir 5 ár.

□ Vátryggingarupphæð gripa og sauðfjár, sem tryggt er samkvæmt 4. gr. c- og d-lið, skal vera skattmatsverð.

□ Gjalddagi á iðgjöldum er samtímis því, er tryggingar eru skráðar.][1)]

[1)] *L. 90/1952, 3. gr.*

■ **6. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 20/1954, 133. gr.*

■ **7. gr.** Til vanhalda og slysa samkv. 3. og 4. gr. teljast dauðsföll af sjúkdómum og slysum á meðan hinir vátryggðu gripir eru í gæzlu, hvort sem er í húsi eða í heimahögum, eftir því sem nánar verður tiltekið í reglugerð.

■ **8. gr.** Allir þeir, sem vátryggja í Búfjártryggingardeild, eru félagsmenn hennar og ábyrgjast, að sjóður hennar geti staðið í skilum. Ábyrgðin er þó takmörkuð við það, að vátryggjendum það ár, er iðgjöldin hrökkva ekki til bóta, er skylt að greiða viðbótariðgjöld allt að 100%. Viðbótariðgjöldin má taka lögtaki í eignum vátryggjanda. [Nú verður eitthvert ár svo mikið tjón af slysum og vanhöldum samkv. 4. gr. c- og d-lið, að iðgjöldin hrökkva ekki til, og skal þá það, sem á vantar, greiðast að jöfnu úr Búfjártryggingarsjóði deildarinnar og ríkissjóði, og er það ekki afturkræft.][1)]

□ Ríkissjóður er í bakábyrgð fyrir Búfjártryggingarsjóð, en endurgreiða skal ríkissjóði það, sem hann á þann hátt kynni að leggja fram, þó með þeirri undantekningu, er að framan greinir.

[1)] *L. 90/1952, 5. gr.*

■ **9. gr.** Ríkissjóður leggur fram 300 þúsund krónur, er greiðast með jöfnum greiðslum á 3 árum eftir að Búfjártryggingardeildin er stofnuð, og er það varasjóður deildarinnar og nefnist Búfjártryggingarsjóður. Í Búfjártryggingarsjóð rennur árlegur tekjuafgangur deildarinnar, enda standi hann straum af útgjöldum deildarinnar, þegar tekjur hrökkva ekki til, sbr. þó 8. gr.

■ **10. gr.** Vátryggingar á búfé gilda til þess tíma, sem tiltekið er í vátryggingarskírteininu.

■ **11. gr.** Umboðsmenn Brunabótafélags Íslands skulu vera umboðsmenn Búfjártryggingardeildar. Þeir skrá tryggingarnar, gefa út vátryggingarskírteini, innheimta iðgjöld og aukaiðgjöld og gera á þessu öll skil til félagsins. Þeir skulu vera umboðsmenn deildarinnar við mál um skyldu til bóta og um upphæð bótanna.

□ Brunabótafélagið getur þó tekið sér sérstaka trúnaðarmenn fyrir Búfjártryggingardeildina.

□ Nú verður ágreiningur milli umboðsmanns og tjónþola um rétt og skyldu til bóta eða um upphæð bótanna, og skal ágreiningnum þá skotið til gerðardóms þriggja manna. Nefni til sinn mann hvor aðili, en viðkomandi dómari oddamanninn. Úrskurður gerðardómsins er fullnaðarúrskurður. Skaðabætur greiðast ekki af hendi fyrr en tjón er að fullu sannað og metið.

1943 Nr. 20 26. febr.

■ **12. gr.** Nú er búfé, sem vátryggt er samkvæmt lögum þessum, veðsett, og nær þá veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins.

■ **13. gr.** Landbúnaðarráðherra ákveður iðgjöld vegna búfjártrygginga í samráði við forstjóra Brunabótafélags Íslands og stjórn Brunabótafélags Íslands, og skal þá leggja til grundvallar vanhaldaskýrslur þær, er fyrir liggja, og aðrar upplýsingar um vanhöld og fjárskaða, er lög þessi ná til og þessir aðilar geta aflað sér á annan hátt.

■ **14. gr.** Landbúnaðarráðherra ákveður nánar með reglugerð verksvið Búfjártryggingardeildar, stjórn, reikningshald, virðingar, iðgjöld, gjalddaga, endurtryggingu, hvernig meta skuli skaða af vanhöldum, hvað telst til vanhalda, sem skylt er að bæta, ábyrgð félagsmanna og annað varðandi búfjártryggingar, er þörf krefur, að ítarlegar sé kveðið á um.

■ **15. gr.** Brjóti vátryggjandi lög þessi eða reglugerð og skilyrði, sem sett eru samkv. þeim, varðar það réttindamissi til skaðabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð tiltekur nánar. Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, ...[1)]

[1)] *L. 10/1983, 26. gr.*

■ **16. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Lög um ófriðartryggingar.

1944 Nr. 2 21. jan.

I. kafli. Stofnun tryggingarinnar.

■ **1. gr.** Setja skal á fót stofnun til að standa straum af tjóni af völdum hernaðar á fasteignum, skipum og lausafé landsmanna, sem ekki er tryggt gegn tjóni af völdum ófriðar eða fæst bætt á öðrum vettvangi. Stofnunin nefnist Ófriðartryggingin.

□ Stofnunina skal þó ekki setja á fót fyrr en eitthvert hernaðartjón hefur að höndum borið, og koma lög þessi að engu leyti til framkvæmda fyrr en slíkt tjón hefur átt sér stað.

□ Trygging sú, er lög þessi fjalla um, nær ekki til þeirra fjármuna í landinu, sem eru í eigu erlendra manna eða stofnana, nema slíkir aðilar séu heimilisfastir og greiði hér öll almenn gjöld, eða ef um umboðssölu á erlendum vörubirgðum hér á landi er að ræða, og sá aðili, sem selur þær, er heimilisfastur og greiðir öll almenn gjöld hér á landi.

■ **2. gr.** Stofnunin starfar í fjórum deildum, fasteignadeild, skipadeild, véla- og tækjadeild og lausafjártryggingadeild. Hafa þær sameiginlega stjórn og bera sameiginlega stjórnarkostnað og annan kostnað af rekstri stofnunarinnar, en að öðru leyti hafa þær aðskilinn fjárhag. Atvinnumálaráðuneytið skiptir rekstrarkostnaði stofnunarinnar á deildir hennar.

II. kafli. Fasteignatryggingin.

■ **3. gr.** Atvinnumálaráðherra ákveður, hvað telja skuli tryggingarskyld mannvirki.

□ Eigendur eða umráðamenn tryggingarskyldra mannvirkja, sem ekki eru í skyldutryggingu fyrir eldsvoða, eru skyldir til að senda Ófriðartryggingunni tilkynningar um þau, þegar er hún hefur tekið til starfa.

■ **4. gr.** Landið allt er eitt tryggingarsvæði, en ráðuneytið ákveður með reglugerð eða auglýsingu skiptingu

fasteignanna í áhættuflokka með mismunandi iðgjöldum.

■ **5. gr.** Iðgjöld reiknast af brunabótaverði. Húseignir og mannvirki, sem ekki eru virt til brunabóta, skal stjórn stofnunarinnar láta virða sérstaklega, og á sama hátt og til brunabóta væri, með aðstoð brunatryggingarfélaga húseigna, sem starfa á hverjum stað, og skal gera viðaukaskrá yfir þau við brunatryggingarskrárnar.

■ **6. gr.** Áfallnar bætur eða eftirstöðvar þeirra ávaxtast með 5% á ári frá því er tjónið varð og þangað til þær eru greiddar að fullu. Vextir þessir ganga fyrst og fremst til greiðslu vaxta af kröfum þeim, sem tryggðar eru með þinglesnum veðrétti í fasteign þeirri, er skemmzt hefur eða eyðzt, og greiðast þeir á umsömdum gjalddögum veðskuldarinnar. Jafnframt vöxtum greiðast afborganir af hinum þinglesnu veðskuldum, og skal draga þær frá bótunum, er þær verða endanlega greiddar. Þó greiðist ekki hærri árleg afborgun af neinni slíkri skuld, en sem svarar 1/20 hluta hennar, eins og hún var, þegar fasteignin skemmist eða eyðist, og eigi hærri vextir en 5%, og geta veðhafar eigi krafizt frekari greiðslu meðan fasteignin er ónothæf eða bætur eigi greiddar að fullu. Færist greiðsla skuldarinnar aftur um tilsvarandi tíma, sem þarf til að ljúka því af henni með umsömdum afborgunum, sem með þessu móti kann að hafa vangreiðzt, meðan fasteignin var ónothæf eða bætur ekki greiddar að fullu.

□ Verði eitthvað afgangs af téðum 5% vöxtum, þegar greiddir hafa verið vextir af veðkröfum samkvæmt framansögðu, greiðist það til eiganda fasteignarinnar í lok hvers árs.

■ **7. gr.** Bætur, þar með talið vextir og afborganir samkvæmt 6. gr., greiðast með iðgjöldum, sem krafin eru af öllum tryggðum húseignum og mannvirkjum, einnig þeim, sem orðið hafa fyrir ófriðartjóni.

□ Hámark iðgjaldanna samtals er 10% af þeim upphæðum, sem iðgjöld reiknast af.

□ Ef þessi takmörkun hefur í för með sér, að ekki er hægt að bæta ófriðartjónið að fullu, skulu bætur greiddar úr ríkissjóði eftir því, sem fé verður veitt til þess í fjárlögum.

■ **8. gr.** Iðgjöld skulu innheimt, þegar ófriðartjón gefur tilefni til, og geta þau numið allt að 1% á ári af matsverðinu. Innheimtumenn brunabótagjalda innheimta þau eftir sömu reglum og þessi gjöld.

□ Iðgjöld hafa lögtaksrétt og veð í fasteignum næst á eftir opinberum gjöldum.

□ Ef innheimt eru meiri iðgjöld en nægja til að bæta ófriðartjón og allan kostnað að fullu, skal endurgreiða það, sem umfram er, hlutfallslega eftir greiddum iðgjöldum.

■ **9. gr.** Bætur greiðast að jafnaði ekki fyrr en ófriðnum er lokið, sbr. þó 35. gr. og 6. gr.

□ Ráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum tryggingarstjórnarinnar, hverjar bætur skuli greiddar, þegar byggingar eða mannvirki eru ekki endurreist eða er breytt verulega.

■ **10. gr.** Bætur greiðast eigandanum, ef engar þinglýstar kröfur hvíla á eigninni eða hafa verið tilkynntar ófriðartryggingunni og viðurkenndar af eiganda.

□ Sama máli gegnir, þó að þinglýstar kröfur hvíli á eigninni eða hafi verið tilkynntar og viðurkenndar, ef byggingar eða mannvirki eru endurreist, enda sé réttur veðhafa að fullu tryggður, að dómi tryggingarstjórnarinnar. Ella skal greiða kröfuhöfum bætur á undan eiganda og í þeirri röð, sem veð þeirra segja til.

■ **11. gr.** Ef hús er endurreist, eiga leigutakar, sem voru í eldra húsinu, forgangsrétt að leigu í hinu nýja húsi með sömu kjörum og áður, þó með þeim breytingum, sem nauðsynlegar verða að teljast vegna breyttra aðstæðna. Þessa réttar er þó því aðeins hægt að neyta, að völ sé á svipuðu húsnæði og áður í húsinu.

III. kafli. Skipatryggingin.

■ **12. gr.** Skylt er að tryggja hjá Ófriðartryggingunni öll íslenzk skip, sem eingöngu stunda fiskveiðar við strendur landsins og flutninga hér við land í þágu innlendra aðila, önnur en strandferðaskip ríkisins. Eigendur og umráðamenn þeirra skipa, sem ekki eru tryggð samkv. lögum nr. 32 11. júní 1942,[1] skulu senda Ófriðartryggingunni tilkynningu um þau, þegar er hún tekur til starfa.

[1] *Nú l. 18/1976.*

■ **13. gr.** Skip skal ófriðartryggja fyrir sömu fjárhæð og þau eru vátryggð fyrir hjá vélbátaábyrgðarfélagi. Nú er skip ekki vátryggt hjá vélbátaábyrgðarfélagi, og skal það þá metið af trúnaðarmönnum Ófriðartryggingarinnar, sem eru hinir sömu og trúnaðarmenn vélbátaábyrgðarfélaganna, hver á sínu svæði, eftir því sem við getur átt. Upphæð tryggingar fer eftir sömu reglum og hjá vélbátaábyrgðarfélögunum. Stjórn Ófriðartryggingarinnar hefur sams konar rétt til yfirmats og endurmats og stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum hefur samkvæmt l. nr. 32 frá 1942.[1]

[1] *Nú l. 18/1976.*

■ **14. gr.** Vélbátaábyrgðarfélögum er skylt að hafa á hendi innheimtu iðgjalda, hverju á sínu tryggingarsvæði, undir umsjón Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Iðgjaldið getur numið allt að 1% á ári, frá því að Ófriðartryggingin tekur til starfa, en þó ekki yfir 4% af tryggingarfjárhæðinni, nema sérstaklega verði ákveðið með lögum.

■ **15. gr.** Ráðuneytið ákveður þóknun til vélbátaábyrgðarfélaganna fyrir aðstoð þá, er þau veita samkvæmt lögum þessum.

■ **16. gr.** Um bætur fyrir tjón á skipum fer eftir sömu reglum og um bætur fyrir sjótjón samkvæmt l. nr. 32 frá 1942,[1] um vátrygging vélbáta. Skal ríkissjóður leggja fram fé til bótanna, og endurgreiðist það af iðgjöldum, eftir því sem þau hrökkva til. Að öðru leyti gilda ákvæði fasteignatrygginga, sbr. II. kafla laga þessara, að svo miklu leyti sem við á.

[1] *Nú l. 18/1976.*

IV. kafli. Véla- og tækjatryggingin.

■ **17. gr.** Skylt er eigendum eða umráðamönnum að tryggja allar vélar og tæki, sem ekki eru tryggð í fasteignatryggingunni, sbr. 3. gr., og eru að minnsta kosti 2000 króna virði, á einum og sama stað.

□ Setja má nánari reglur um það, hvað telja beri tryggingarskyldar vélar og tæki samkvæmt lögum þessum.

□ Eigendur eða umráðamenn tryggingarskyldra véla og tækja eru skyldir til að senda Ófriðartryggingunni tilkynningar um slíkar vélar og tæki jafnskjótt sem hún hefur tekið til starfa.

■ **18. gr.** Tryggingarupphæð véla og tækja er brunabótaverðið, nema annað sé tiltekið af tryggingartaka og samþykkt af tryggingarstjórninni.

■ **19. gr.** Brunatryggingarfélögum er skylt að hafa á hendi innheimtu iðgjaldanna. Hámark iðgjalda er 10% af tryggingarupphæðunum og geta numið allt að 2% á ári.

■ **20. gr.** Ráðuneytið ákveður þóknun til brunatryggingarfélaga fyrir aðstoð þá, er þau veita samkvæmt lögum þessum.

■ **21. gr.** Að öðru leyti gilda ákvæðin um fasteignatrygginguna, að svo miklu leyti sem þau geta átt við.

V. kafli. Lausafjártryggingin.

■ **22. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt, ef til þess kemur, sbr. 1. gr., að tjón verði af völdum ófriðarins á vörubirgðum eða öðru lausafé í landinu, sem ekki er tryggt samkvæmt IV. kafla þessara laga, að leggja aukagjald á allar innfluttar vörur og sérstakt útflutningsgjald á allar útfluttar vörur. Gjaldi þessu, sem ekki má nema meira en 2% af verði varanna, sbr. 23. gr., skal verja til þess að bæta tjón á vörubirgðum og öðru lausafé landsmanna innan lands, sem hlýzt af hernaði í landinu, sbr. 34. gr., að því leyti, sem þessir fjármunir eru ekki tryggðir á annan hátt fyrir slíku tjóni.

■ **23. gr.** Nú verður tjón af völdum hernaðar á munum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, og ákveður þá ríkisstjórnin, sbr. 1. gr., að innheimta skuli gjöld þau, sem um ræðir í 22. gr., frá og með næsta degi eftir að henni berst tilkynning eða hún verður á annan hátt áskynja um tjónið. Ákveður hún þá jafnframt, hvert hundraðsgjald skuli greiða og hversu lengi, eða hvort það skuli innheimt um óákveðinn tíma, þangað til annað verði ákveðið. Gjöldin skulu þá lögð á verð aðfluttra og útfluttra vara eftir sömu reglum og verðtollur og útflutningsgjald, og skulu þau innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, á sama hátt og verðtollur og útflutningsgjald, og greidd ásamt þeim tollum til ríkissjóðs, sem svo greiðir þau Ófriðartryggingunni. Fjármálaráðuneytið gefur innheimtumönnum ríkissjóðs fyrirmæli um innheimtu gjaldanna, eftir því sem þörf gerist.

■ **24. gr.** Rétt til bóta á hver sá, sem hefur orðið fyrir ófriðartjóni á verðmætum þeim, sem um ræðir í þessum kafla.

□ Frá matsupphæð tjónsins dregst, þegar um lausafé, annað en vörubirgðir, er að ræða, ¼ hluti, þó svo, að frádrátturinn nemi eigi hærri upphæð en 5000 krónum hjá sama manni eða fyrirtæki, og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.

□ Frá matsupphæð vörubirgða skal draga 1/20 hluta, og greiðast bætur fyrir tjónið með þeim frádrætti.

■ **25. gr.** Tjón það, sem um ræðir í þessum kafla, skal að jafnaði ekki bætt nema að hálfu samkvæmt 24. gr. þegar er það hefur verið gert upp. Hinn helmingur tjónsins greiðist að styrjöldinni lokinni.

□ Nú færir eigandi glataðra eða skemmdra vörubirgða sönnur á, að hann muni bíða stórfelldan fjárhagslegan hnekki, ef hann fær ekki útborgaðar frekari bætur en að framan greinir, og er þá stjórn Ófriðartryggingarinnar heimilt að greiða meiri bætur og jafnvel bæta tjónið að fullu, sérstaklega ef ætla má, að ekki sé unnt með öðru móti að afla nýrra birgða nógu fljótt.

□ Sá hluti bótanna, sem ekki greiðist fyrr en að styrjöldinni lokinni, ávaxtast með 5% á ári til greiðsludags, og fer um greiðslu vaxta og afborgana af lánum, sem tryggð kunna að vera með handveði eða þinglýstu sjálfsvörzluveði í hinum skemmdu eða glötuðu munum, á sama hátt og segir í 6. gr. um fasteignaveðslán, eftir því sem við getur átt.

■ **26. gr.** Nú verður svo stórkostlegt tjón á fjármunum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, að eigi þykir fært að bæta það að fullu samkvæmt fyrirmælum 24. gr., og skal það þá bætt að því, sem á vantar, úr ríkissjóði, eftir því sem fé verður veitt til þess í fjárlögum.

VI. kafli. Stjórn Ófriðartryggingarinnar.

■ **27. gr.** Nú verður ríkisstjórnin áskynja um verulegt, sbr. 36. gr., bótaskylt tjón samkvæmt lögum þessum, og gerir hún þá þegar ráðstafanir til þess, að Ófriðartryggingin taki til starfa. Skipar atvinnumálaráðuneytið þriggja manna nefnd til að veita tryggingunni forstöðu, en Brunabótafélagi Íslands skal falið að annast daglegar framkvæmdir.

■ **28. gr.** Tryggingarstjórnin ræður matsmenn og aðra starfsmenn eftir þörfum. Skrifstofumenn til viðbótar starfsliði sínu ræður þó stjórn Brunabótafélags Íslands að því leyti, sem fast starfsfólk félagsins kemst ekki yfir hin daglegu störf, sem því eru falin.

■ **29. gr.** Atvinnumálaráðuneytið ákveður þóknun stjórnar Ófriðartryggingarinnar. Enn fremur ákveður ráðuneytið, hvað Brunabótafélagi Íslands skuli greitt fyrir störf þess í þágu Ófriðartryggingarinnar.

VII. kafli. Almenn ákvæði.

■ **30. gr.** Brunatryggingarfélögum er skylt að aðstoða við skrásetningu þeirra fasteigna, véla og tækja, sem tryggja ber samkvæmt 3. og 17. gr. Einnig ber þeim að veita Ófriðartryggingunni vitneskju um, hvort lausafé, sem um ræðir í V. kafla laga þessara og glatazt hefur eða skemmzt af völdum ófriðarins, hefur verið tryggt gegn eldsvoða hjá þeim, og þá fyrir hve háa upphæð. Enn fremur ber þeim að veita aðrar þær upplýsingar um hlutaðeigandi lausafé, sem óskað verður eftir og þau geta veitt.

■ **31. gr.** Tjón skal tilkynna Ófriðartryggingunni áður en vika er liðin frá því að það varð. Fjárkröfur eru fyrndar, ef eigandi eða umráðamaður hinna skemmdu eða glötuðu eigna hefur ekki fært sönnur á réttmæti þeirra, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því, er hann tilkynnti tjónið og bar fram kröfur um bætur.

■ **32. gr.** Þegar tryggingarstjórnin fær tilkynningu eða berst vitneskja um tjón, er ætla má, að falli undir trygginguna, skal hún strax gera ráðstafanir til þess að fá úr því skorið, hvort um ófriðartjón sé að ræða, og láta meta skaðann.

□ Um mat á tjóni og ákvörðun bótagreiðslu fer eftir þeim reglum, er gilda um brunatjón, að svo miklu leyti sem þær geta átt við.

■ **33. gr.** Ófriðartjón telst hvers konar eyðilegging eða skemmdir á hinu tryggða, sem orsakast beint eða óbeint af hernaði, þar með talin hlutleysisbrot og borgaraóeirðir meðan á ófriðnum stendur og í sambandi við hann. Þetta nær þó ekki til skemmda eða óhagræðis, sem menn kunna að verða fyrir vegna vistar hins brezka setuliðs í landinu. Ríkisstjórnin ákveður, hvenær því ástandi, sem að framan greinir, telst vera lokið.

1944 Nr. 2 21. jan.

1944 Nr. 2 21. jan.

■ **34. gr.** Að svo miklu leyti sem tryggingin bætir ófriðartjón eignast hún kröfur um bætur, sem hinn tryggði kann að eiga á hendur öðrum skaðabótaskyldum aðilum.

■ **35. gr.** Þegar sérstaklega stendur á, getur stjórn Ófriðartryggingarinnar, ef allir stjórnarmenn eru því samþykkir, ákveðið að bæta í einstökum tilfellum og að nokkru leyti tjón, sem um ræðir í II. og IV. kafla, áður en endanleg uppgerð á tjóni hefur farið fram. Þó skal að jafnaði ekki þá þegar greiða meira en hálfar bætur.

□ Skilyrði fyrir slíkri undanþágu er, að endurbætur á hinu skemmda byrji þegar í stað og sé lokið innan tiltekins tíma.

□ Ef bæta þarf tjón samkv. II. og IV. kafla eða greiða vexti og afborganir samkv. 6. gr., sbr. 21. gr., og innheimt iðgjöld hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, er Ófriðartryggingunni heimilt að taka — til bráðabirgða — lán gegn veði í iðgjöldunum.

□ Nú þarf að bæta tjón samkv. V. kafla þessara laga, og innheimt gjöld samkv. 24. gr., sbr. 22. gr., hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka lán eða veita nauðsynlegar tryggingar fyrir láni, er Ófriðartryggingin tekur, til þess að hægt sé að bæta ófriðartjón á vörubirgðum eða öðru lausafé eins fljótt og nauðsyn ber til.

□ Allur kostnaður við lán eða tryggingar samkvæmt þessari grein skal greiddur á sama hátt og tjónið sjálft.

■ **36. gr.** Nú verður svo lítið tjón, sem bæta þarf samkvæmt lögum þessum, að ríkisstjórninni þykir ekki ástæða til að stofna Ófriðartrygginguna, og greiðir þá ríkissjóður, að styrjöldinni lokinni, bætur fyrir það og kostnað allan, sem leiðir af því. Komi hins vegar verulegt tjón fyrir, skal kostnaður við Ófriðartrygginguna greiddur á sama hátt og það.

□ Verði afgangur, þegar allt tjón er bætt samkvæmt V. kafla þessara laga, af verðtolli þeim og útflutningsgjaldi, sem innheimt kann að hafa verið samkvæmt kaflanum, rennur sá afgangur í ríkissjóð.

■ **37. gr.** Heimili og varnarþing Ófriðartryggingarinnar er í Reykjavík.

■ **38. gr.** Öll skjöl varðandi ófriðartryggingar eru stimpilfrjáls. Enn fremur skal Ófriðartryggingin undanþegin sköttum og útsvörum til ríkis og bæjarfélags.

■ **39. gr.** Ráðuneytið getur sett reglugerð um framkvæmd þessara laga eftir því, sem þörf þykir.

■ **40. gr.** [Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við broti samkvæmt öðrum lögum. Skal farið með mál út af brotum á lögunum að hætti opinberra mála.][1)]

[1)] *L. 10/1983, 27. gr.*

1972 Lög um Bjargráðasjóð.

1972 Nr. 51 26. maí

■ **1. gr.** Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins, sveitarfélaganna og Stéttarsambands bænda. Eignaraðilar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins umfram árleg, óafturkræf framlög sín til hans skv. 5. gr. laga þessara.

□ Heimili og varnarþing Bjargráðasjóðs er í Reykjavík.

■ **2. gr.** Stjórn Bjargráðasjóðs er skipuð fimm mönnum, ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, sem er formaður stjórnarinnar, fiskimálastjóra, formanni Búnaðarfélags Íslands, formanni Sambands íslenzkra sveitarfélaga og formanni Stéttarsambands bænda. Sé einhver stjórnarmanna forfallaður, tekur varamaður hans í viðkomandi starfi sæti í stjórninni.

■ **3. gr.** Stjórn sjóðsins hefur á hendi stjórn hans og tekur ákvarðanir um afgreiðslu á umsóknum um fyrirgreiðslu úr deildum sjóðsins, styrk- og lánveitingar.

□ Stjórnin ræður forstjóra og annað starfslið sjóðsins og ákveður kaup þess og kjör í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna. Heimilt er þó stjórninni að semja við Lánasjóð sveitarfélaga eða aðra stofnun, sem henta þykir, um sameiginlega framkvæmdastjórn, skrifstofuhald og rekstur sjóðsins.

■ **4. gr.** Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir, almenna deild og búnaðardeild. Halda skal bókhaldi hvorrar deildar um sig aðgreindu. Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist úr almennu deild hans.

■ **5. gr.** [Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu 300 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. desember undanfarið ár. Fjárhæð þessi er miðuð við framfærsluvísitölu 1. janúar 1980 og skal síðan breytast árlega miðað við framfærsluvísitölu 1. janúar ár hvert.

b. 0,6% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

c. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun í fjárlögum ár hvert, þó eigi lægra en sameiginlegar tekjur samkvæmt a-lið og sem svarar 0,35% af söluvörum landbúnaðarins samkvæmt b-lið.

d. Vextir af fé sjóðsins.][1)]

[1)] *L. 57/1980, 1. gr. Öðlast gildi 1. jan. 1981.*

■ **6. gr.** Tekjur sjóðsins skiptast þannig milli deilda:

a. Í almennu deild sjóðsins renna 75% af framlögum sveitarfélaga skv. 5. gr. a-lið og jafnhá fjárhæð af framlagi ríkissjóðs skv. 5. gr. c-lið, svo og vaxtatekjur sjóðsins.

b. Í búnaðardeild rennur allt framlag skv. 5. gr. b-lið, 25% af framlögum sveitarfélaga skv. 5. gr. a-lið og sá hluti af framlagi ríkissjóðs skv. 5. gr. c-lið, sem ekki rennur til almennu deildar sjóðsins skv. a-lið þessarar greinar.

■ **7. gr.** Framlög sveitarfélaganna innheimtir félagsmálaráðuneytið með því að draga þau frá úthlutun til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

□ Framlag ríkissjóðs greiðist með jöfnum, mánaðarlegum greiðslum.

□ Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimtir búvörugjald skv. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945 og greiðir Bjargráðasjóði hluta hans af gjaldinu skv. 5. gr. b-lið, eftir því sem gjaldið innheimtist.

■ **8. gr.** [Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að veita einstaklingum, félögum og sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar tjón á fasteignum og lausafé af völdum náttúruhamfara, að svo miklu leyti sem ekki er unnt að tryggja gegn slíkum tjónum eða fá þau bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga nr. 52 frá 27. maí 1975, um Viðlagatryggingu Íslands.][1)]

[1)] *L. 110/1976, 2. gr.*

■ **9. gr.** Hlutverk búnaðardeildar er að veita einstaklingum eða sveitarfélögum fjárhagsaðstoð til:

a. að bæta meiri háttar tjón vegna búfjárdauða af

1972 Nr. 51 26. maí

völdum sjúkdóma eða af slysum, þegar gáleysi eiganda verður eigi um kennt;

b. fóðurkaupa vegna grasbrests af völdum kulda, kals eða óþurrka til að afstýra óeðlilega mikilli förgun búfjár;

c. að bæta uppskerubrest á garðávöxtum;

d. að veita fjárhagsaðstoð vegna verulegs afurðatjóns á sauðfé og nautgripum.

☐ Um fjárhagsaðstoð skv. grein þessari fer skv. reglum, er sjóðstjórn setur.

■ **10. gr.** [Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins skv. 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða lána, eftir reglum, sem sjóðstjórn setur. Stjórn sjóðsins ákveður kjör á lánum þ. m. t. lánstíma, vexti og hvort lán skuli bundin verðtryggingu.][1)]

☐ [Lán, sem veitt eru einstaklingum eða félögum, skulu tryggð með sjálfskuldarábyrgð sveitarfélags eða annarri tryggingu, sem stjórn sjóðsins metur gilda.

☐ Lán til sveitarfélaga skulu tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

☐ Verði vanskil á láni sveitarfélags, er ráðherra heimilt að inna greiðslu af hendi af jöfnunarsjóðsframlagi til sveitarfélagsins. Sama gildir um vanskil sveitarfélags sem ábyrgðaraðila, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, enda hafi sveitarfélag sannanlega áður verið krafið um greiðslu án árangurs.

☐ Umsóknir um aðstoð skulu að jafnaði hafa borist sjóðnum innan árs, frá því að tjón varð.][2)]

[1)] *L. 57/1980, 2. gr.* [2)] *L. 41/1977, 1. gr.*

■ **11. gr.** Nú er um að tefla almenn bótaskyld tjón í einu byggðarlagi eða fleirum, og getur þá stjórn Bjargráðasjóðs skipað nefnd til þess að rannsaka tjónin og gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðstoð vegna þeirra.

☐ Kostnaður vegna slíkra nefndarstarfa greiðist úr þeirri deild sjóðsins, sem veitir aðstoð vegna tjónanna.

■ **12. gr.** Nú hefur sveitarstjórn notið aðstoðar Bjargráðasjóðs vegna samfellds harðæris í tvö ár eða lengur, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að ákveða, að frekari aðstoð til sveitarstjórnarinnar skuli vera styrkur, ef um er að ræða áframhaldandi samfellt harðæri í sveitarfélaginu, enda verði tjón af völdum harðærisins talið nema a. m. k. þriðjungi tekna sveitarsjóðs á því ári.

■ **13. gr.** Séreignir sýslu- og bæjarfélaga við gildistöku laga þessara skulu vera í vörzlu almennu deildar sjóðsins og ávaxtast í Lánasjóði sveitarfélaga, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

☐ Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til þessarar séreignar sinnar til útbýtingar eftir reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun að fengnu áliti stjórnar sjóðsins. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda stjórn sjóðsins að úthlutun lokinni.

☐ Heimilt er stjórn Bjargráðasjóðs að veita deildum sjóðsins lán af séreignafé skv. þessari grein gegn almennum vöxtum af sparifé.

■ **14. gr.** Ársreikningar sjóðsins skulu fullgerðir fyrir febrúarlok ár hvert. Sjóðstjórn felur löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga sjóðsins, og skal endurskoðun að jafnaði lokið fyrir 30. apríl ár hvert.

☐ Að endurskoðun lokinni skal birta reikninga sjóðsins í B-deild Stjórnartíðinda.

1972 Nr. 51 26. maí

■ **15. gr.** Fé Bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað samkv. 8.—13. gr. laga þessara, skal ávaxtað í Lánasjóði sveitarfélaga og banka með ríkisábyrgð samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

☐ Nú hrekkur fé annarrar hvorrar deildar sjóðsins eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögunum og að mati sjóðstjórnar, og er þá sjóðstjórninni heimilt að lána fé milli deilda án vaxta. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir sjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði gegn veði í eignum og tekjum sjóðsins.

■ **16. gr.** Skuldabréf fyrir lánum, sem Bjargráðasjóður tekur samkvæmt 15. gr. laga þessara, skulu undanþegin stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjöldum. Einnig skulu undanþegin stimpilgjöldum skuldabréf fyrir lánum, sem sjóðurinn veitir, svo og skuldabréf til sveitarfélaga vegna endurlána til einstaklinga. [Enn fremur skulu undanþegin stimpilgjöldum skuldabréf fyrir lánum, sem sveitarfélög veita einstaklingum af fé, sem þau hafa tekið að láni hjá Bjargráðasjóði.][1)]

[1)] *L. 110/1976, 4. gr.*

■ **17. gr.** Í reglugerð, sem stjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal setja nánari reglur um sjóðinn og starfsemi hans, þ. á m. nánari skilyrði fyrir veitingu fjárhagsaðstoðar, um upplýsingar, vottorð og önnur gögn, sem fylgja skulu umsóknum, og um dráttarvexti af vanskilagreiðslum.

☐ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 82 frá 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands, lög nr. 84 frá 31. desember 1968, lög nr. 99 frá 31. desember 1969 og lög nr. 72 frá 30. apríl 1970, öll um breytingu á hinum fyrstnefndu lögum.

Lög um Viðlagatryggingu Íslands.

1982 Nr. 88 8. nóv.

■ **1. gr.** Setja skal á fót stofnun, er hafi það hlutverk að tryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara.

☐ Stofnun þessi nefnist Viðlagatrygging Íslands. Hún skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík.

■ **2. gr.** Stjórn stofnunarinnar skulu skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn valinn af þeim vátryggingarfélögum, sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. 8. gr., en tryggingaráðherra skipar einn og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn.

■ **3. gr.** Stjórn Viðlagatryggingar Íslands skal gera sérstakt samkomulag við Seðlabanka Íslands um vörslu og ávöxtun fjár og bókhald stofnunarinnar. Við ávöxtun skal leitast við að tryggja verðgildi fjárins svo sem unnt er á hverjum tíma. Óheimilt er að ráðstafa fé stofnunarinnar til almennra útlána. Reikningar stofnunarinnar skulu endurskoðaðir, samkvæmt reglum um endurskoðun reikninga Seðlabankans. Reikningarnir skulu birtir árlega í Lögbirtingablaði.

■ **4. gr.** Viðlagatrygging Íslands skal vátryggja gegn beinu tjóni af völdum eftirtalinna náttúruhamfara: eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða.

■ **5. gr.** Eftirtalin verðmæti er skylt að tryggja:

a. Allar húseignir og lausafé, þar með taldar vöru-

birgðir, vélar og tæki, enda séu þessi verðmæti brunatryggð hjá vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Tryggingarskyldan nær einnig til lausafjár, sem tryggt er almennri samsettri tryggingu, er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík trygging undir eignatryggingar samkvæmt skilgreiningu tryggingaeftirlitsins. Þó skulu þær tryggingar, er flokkast undir svonefndar „**all risks**" tryggingar eða einstakar sértryggingar ekki falla undir viðlagatrygginguna, nema með sérstöku samþykki stjórnar stofnunarinnar. Tryggja skal allt ræktað land og lóðir, sem metin eru af Fasteignamati ríkisins.

b. Neðangreind mannvirki:

Hitaveitur. Vatnsveitur. Skolpveitur. Hafnarmannvirki. Brýr. Raforkuvirki, þar með talin dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki. Síma og önnur fjarskiptakerfi, þar með talin dreifikerfi hljóðvarps, sjónvarps og flugþjónustu.

☐ Heimilt skal stjórn stofnunarinnar, að fengnu samþykki ráðherra að ákveða að stofnunin taki að sér að tryggja önnur verðmæti en þau, sem falla undir skyldutryggingar skv. a og b lið hér að framan.

■ **6. gr.** Vátryggingarfjárhæðir skulu ákveðnar þannig:

a. Öll verðmæti, sem brunatryggð eru, skulu tryggð fyrir sömu fjárhæð og brunatryggingin nemur á hverjum tíma.

b. Ræktað land og lóðir skulu tryggð fyrir þá fjárhæð, sem þau eru skráð á hjá Fasteignamati ríkisins á hverjum tíma.

c. Mannvirki, sem tryggð eru samkvæmt b lið 5. greinar skulu tryggð fyrir áætlað endurbyggingarverð.

d. Verði heimildarákvæði 5. gr. notað skulu verðmæti, sem tryggð verða, tryggjast á raunvirði.

■ **7. gr.** Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en hér segir:

a. Verðmæti, sem tryggð eru samkvæmt a lið 5. greinar, lágmarksfjárhæð kr. 5000,00.

b. Verðmæti, sem tryggð eru samkvæmt b lið 5. greinar, lágmarksfjárhæð kr. 50 000,00.

c. Verðmæti, sem tryggð verða samkvæmt heimildarákvæði 5. greinar, lágmarksfjárhæð ákveðin hverju sinni af stjórn stofnunarinnar, innan þeirra marka, sem gilda fyrir a og b lið hér að framan.

☐ Ofangreindar lágmarksfjárhæðir skulu umreiknast til samræmis við gildandi vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma.

■ **8. gr.** Árleg iðgjöld skulu vera þessi:

a. Af verðmætum, sem tryggð eru samkvæmt a lið 5. greinar, 0,25‰.

b. Af verðmætum, sem tryggð eru samkvæmt b lið 5. greinar, 0,20‰.

c. Af verðmætum, sem tryggð verða samkvæmt heimildarákvæði 5. greinar reiknast iðgjald, sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni.

☐ Nú er hrein eign stofnunarinnar meiri en 2‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs og skal þá lækka iðgjöld um helming. Verði hrein eign meiri en 3‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, skal innheimta iðgjalda falla niður. Fari eignin niður fyrir 2‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, skal hefja innheimtu fullra iðgjalda að nýju. Fari hrein eign niður fyrir 1‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs, er stjórn stofnunarinnar heimilt að innheimta iðgjöld sbr. 1. mgr. með 100% álagi þar til 2‰ markinu er náð.

☐ Vátryggingarfélög þau, er brunatryggja eignir þær sem tryggðar eru hjá stofnuninni, sbr. 5. gr. skulu innheimta iðgjöld til hennar ásamt brunatryggingariðgjöldum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga.

☐ Þeir aðilar, sem leggja á og innheimta þinggjöld skulu reikna út og innheimta iðgjöld af löndum og lóðum. Iðgjöld af öðrum verðmætum, sem tryggð eru skulu reiknuð út og innheimt á vegum stofnunarinnar. Iðgjöld af tryggingum húseignar njóta lögveðréttar í hinni tryggðu húseign ásamt lóð eða landi, er hún stendur á.

☐ Um innheimtu iðgjalda með uppboði eða lögtaki skal, eftir því sem við á, fara eftir reglum 18. gr. laga nr. 9/1955, 6. gr. laga nr. 25/1954, sbr. 2. gr. laga nr. 37/1965 og 5. gr. laga nr. 59/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1965.

☐ Ákveða skal nánar í reglugerð um bókhald og skil á iðgjöldum frá ofangreindum innheimtuaðilum.

■ **9. gr.** Telji vátryggður að gerst hafi bótaskyldur tjónsatburður, skal hann tilkynna það stjórn Viðlagatryggingarinnar eða vátryggingarfélagi því, er selt hefur honum vátrygginguna, svo fljótt sem unnt er, og í síðasta lagi innan 30 daga frá því að atburðurinn gerðist. Geri hann það ekki, er niður fallinn allur réttur hans til bóta.

☐ Vátryggingarfélag, er fær slíka tilkynningu, skal innan viku frá því, að tilkynning barst því, tilkynna stjórn Viðlagatryggingar Íslands um tjónsatburðinn. Þegar vátryggingarfélag eða stjórn Viðlagatryggingar Íslands fær tilkynningu eða vitneskju um tjón, sem ætla má að geti fallið undir tryggingu þessa, skal svo fljótt sem unnt er, gera ráðstafanir til að fá úr því skorið, hvort um sé að ræða bótaskylt tjón af völdum náttúruhamfara og láta meta skaðann.

■ **10. gr.** Rísi ágreiningur um, hvort bótaskyldur tjónsatburður hafi gerst eða að tjón sé bótaskylt, skal stjórn stofnunarinnar úrskurða málið. Vilji tjónþoli eigi sætta sig við úrskurð stjórnarinnar, skal hann innan 30 daga frá því, að honum barst tilkynning hennar, skjóta ágreiningnum til hamfaranefndar. Hamfaranefnd skal skipuð af ráðherra til 4 ára og eiga sæti í henni þrír menn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skal hann vera formaður. Annar skal skipaður eftir tilnefningu Veðurstofu Íslands og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu raunvísindadeildar Háskóla Íslands.

☐ Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

■ **11. gr.** Hafi bótaskyldur tjónsatburður gerst, skal stjórnin ákveða, hverjar séu nauðsynlegar ráðstafanir til björgunar tryggðum verðmætum og til að hindra frekara tjón á þeim. Stofnunin skal bera kostnað af slíkum aðgerðum. Aðgerðir þessar skulu, svo sem kostur er, framkvæmdar í samvinnu við Almannavarnir og aðra aðila, sem með slík mál hafa að gera.

■ **12. gr.** Stjórn Viðlagatryggingar Íslands skal setja reglur um meðferð tjóna og möt. Við uppgjör tjóna skal stjórn stofnunarinnar leita til hæfra og óvilhallra matsmanna. Heimilt er stjórn stofnunarinnar að fela við-

komandi tryggingarfélagi uppgjör minniháttar tjóna. Nánari ákvæði um skipun matsmanna, matsreglur og uppgjör tjóna skal setja með reglugerð.

■ **13. gr.** Heimilt er að lækka eða synja alveg um bætur:

a. Þegar hús, sem tjón verður á, er reist á stað, sem almennt var vitað fyrirfram, að var hættulegur með tilliti til snjóflóða, skriðufalla eða vatnsflóða. Það telst ætíð almennt vitað í þessu sambandi, ef hús á sama stað hefur oftar en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni.

b. Þegar styrkleiki húss, byggingarlag og byggingarhættir eru óforsvaranlegir miðað við þær aðstæður, sem algengar eru á byggingarstað, og ljóst er, að tjón hefur orðið meira af þessum sökum.

□ Sömu reglur gilda um önnur tryggð verðmæti eftir því sem við á.

■ **14. gr.** Nú vill tjónþoli eigi sætta sig við tjónsuppgjör og er honum þá heimilt að skjóta málinu til uppgjörsnefndar, en gera skal hann það innan fjögurra vikna frá því, að honum barst endanleg ákvörðun stofnunarinnar.

□ Uppgjörsnefnd skal skipuð af tryggingamálaráðherra til 4 ára. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír menn. Einn skal skipaður eftir tilnefningu Hæstaréttar og skal hann vera formaður, annar eftir tilnefningu lagadeildar Háskóla Íslands og hinn þriðji án tilnefningar.

□ Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

■ **15. gr.** Vátryggingarbætur skulu inntar af hendi svo fljótt sem unnt er.

□ Allar kröfur á hendur stofnuninni fyrnast á tveimur árum frá því að náttúruhamförum þeim lauk, sem orsökuðu tjónið.

■ **16. gr.** Nú eru tryggðar eignir veðsettar og nær þá veðrétturinn til tryggingarbóta.

■ **17. gr.** Bótaskylda Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers tjónsatburðar takmarkast við 5‰ af heildarvátryggingarfjárhæð í upphafi hvers árs.

□ Nemi heildarfjárhæð bótaskyldra tjóna vegna eins tjónsatburðar hærri fjárhæð skal hlutur allra tjónþola skerðast í sama hlutfalli.

■ **18. gr.** Ríkissjóður endurtryggir án iðgjalds þann hluta einstaks tjóns, sem er umfram 2‰ af samanlögðum vátryggingarfjárhæðum í upphafi hvers árs.

□ Heimilt er stofnuninni að endurtryggja frekar eigin áhættu sína innanlands eða erlendis.

□ Nú verða bótaskyld tjón það mikil á einu ári, að eignir og endurtryggingar nægja ekki til að greiða þau, sbr. 1. mgr. 17. gr. og er stjórninni þá heimilt að taka lán til að geta fullnægt skuldbindingum stofnunarinnar. Ríkissjóður skal taka sjálfsskuldarábyrgð á slíkum lánum.

■ **19. gr.** Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til rannsókna og til að styrkja framkvæmdir sem ætlað er að varna tjóni af völdum náttúruhamfara. Ennfremur er stjórninni heimilt að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi, sem viðurkennd er af Almannavörnum ríkisins.

■ **20. gr.** Viðlagatrygging Íslands skal vera undanþegin greiðslu tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs og útsvari og aðstöðugjaldi til sveitarsjóða. Skjöl stofnunarinnar skulu vera undanþegin stimpilgjaldi.

■ **21. gr.** Viðlagatrygging Íslands skal taka við eignum og skuldum Viðlagasjóðs hinn 1. janúar 1977, enda falla þann dag úr gildi lög nr. 4 frá 27. mars 1973 og lög nr. 5 28. febrúar 1975, svo og öll lög um breytingu á þeim lögum.

1982 Nr. 88 8. nóv.

□ Nemi skuldir Viðlagasjóðs þann dag meiru en eignir, skal ríkissjóður greiða þann mun.

■ **22. gr.** Stjórnin skal semja við þau vátryggingarfélög og aðra aðila, sem annast störf fyrir stofnunina skv. lögum þessum. Náist ekki samkomulag um þóknun fyrir slík störf, sker tryggingamálaráðherra úr ágreiningi.

□ Tryggingamálaráðherra skal að fengnum tillögum stjórnarinnar setja með reglugerð nánari ákvæði um allt, sem varðar framkvæmd laga þessara.

■ **23. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1983.

Lög um ávöxtun fjár tryggingafélaga.

■ **1. gr.** Með tryggingafélögum er í lögum þessum átt við þá, sem tryggingastarfsemi reka hér á landi. Lögin taka þó ekki til:

a. almannatrygginga,

b. atvinnuleysistrygginga,

c. lífeyrissjóða, sem stofnaðir eru með lögum eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt,

d. Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélaga,

e. tryggingastarfsemi, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, svo sem sjúkrasjóða stéttarfélaga o. þ. l. Leiki vafi á, hvort tryggingastarfsemi fellur undir ákvæði laga þessara, sker félagsmálaráðherra úr.

■ **2. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 26/1973, 58. gr.*

■ **3. gr.** ...[1)]

[1)] *L. 26/1973, 58. gr.*

■ **4. gr.** Árlega skal verja 25% af ráðstöfunarfé tryggingasjóðs líftrygginga til kaupa á íbúðarlánabréfum af Húsnæðismálastofnun ríkisins. Enn fremur getur félagsmálaráðherra ákveðið fyrirfram fyrir eitt ár í senn, að allt að 25% af öðrum verðbréfa- og víxlakaupum tryggingafélaga skuli vera með sama hætti.

□ Með ráðstöfunarfé samkvæmt þessari grein er átt við hreina aukningu að viðbættum afborgunum og útdregnum bréfum.

□ Kaupverð bréfa þeirra, sem tryggingafélög kaupa samkvæmt 1. málsgr., skal miðast við hæstu lögleyfða fasteignalánsvexti á þeim tíma, er kaup fara fram. Skuldabréf með vísitölutryggingu afborgana og vaxta skal þó kaupa við nafnverði.

■ **5. gr.** Félagsmálaráðuneytið setur reglur um framkvæmd skuldabréfakaupa samkvæmt 1. málsgr. 4. gr., sem eiga skulu sér stað eigi sjaldnar en missirislega, og hlutast að öðru leyti til um framkvæmd laga þessara.

□ Verði dráttur á skuldabréfakaupum umfram það, sem heimilt er samkvæmt reglum félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. málsgr., er ráðuneytinu heimilt að beita sektum, allt að 1% af þeirri fjárhæð, sem vantar á tilskilin kaup fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem drátturinn nemur.

■ **6. gr.** Nú gegna fyrirsvarsmenn tryggingafélags eigi skyldum þeim, sem á þá eru lagðar með lögum þessum, og getur félagsmálaráðherra þá lagt við dagsektir, unz skyldunni er fullnægt.

1964 Nr. 17 23. maí

■ **7. gr.** Nú eru í lögum ákvæði um ávöxtun fjár einstakra tryggingafélaga, og skulu þau þá halda gildi sínu að því leyti, sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara.

■ **8. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum, ...[1] nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

[1] *L. 10/1983, 28. gr.*

■ **9. gr.** ...

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Nú er fé tryggingafélags við gildistöku laga þessara ekki ávaxtað í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr., og skal þá félagsmálaráðherra veita félaginu frest til að koma þessum málum í lag. Lengd frestsins skal ákveða með hliðsjón af samsetningu verðbréfaeignar við gildistöku laganna, enda skuldbindi félagið sig til að fylgja ákveðinni áætlun í þessu efni. ...

II. k. Lögreglumálefni o. fl.

1890 Nr. 1 3. jan.

Lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

■ **1. gr.** Í kaupstöðum landsins má gera lögreglusamþykktir.

■ **2. gr.** Í lögreglusamþykktinni skal kveða á um það, sem þykir þurfa að skipa fyrir um, eftir því, sem hagar til á hverjum stað:

a. um reglu og velsæmi á strætum, vegum og svæðum er almenningur fer um; um allt, sem að því lýtur að gera alla umferð greiða og afstýra farartálma og öllu því, sem hættu getur valdið; um friðun og vernd á almannagripum og eignum; um reglu á veitingahúsum og skemmtistöðum, er almenningur sækir, svo og um almennar skemmtanir, svo sem leiki;

b. um almennt hreinlæti, og takmarkanir á notkun opinna eða lokaðra svæða við stundun ýmissa atvinnuvega, t. a. m. fiskverkunar, lifrarbræðslu og slátrunar, er heilbrigðis vegna eða af öðrum ástæðum mega teljast nauðsynlegar eða haganlegar o. fl.;

c. um skipun lögregluliðs, er heldur uppi reglu, þá er eldsvoða eða önnur óvenjuleg atvik ber að höndum, sem annaðhvort er sérstaklega leigt til þessa eftir ákvæðum bæjarstjórnarinnar eða á annan hátt;

d. um eftirlit, sem lýtur að því, að fyrirbyggja brunahættu og eldsvoða, þar sem eigi þegar eru sett lög og samþykktir um slíkt efni;

[e. um eftirlit með umferð eða rápi óviðkomandi eða tortryggilegs fólks út í skip, sem liggur í höfn.][1]

□ [Í lögreglusamþykktum má setja reglur um: Sölu og dreifingu hvers konar varnings utan sölubúða og að einstakar vörutegundir megi aðeins selja í búðum, sem fullnægja vissum skilyrðum; að leyfi bæjarstjórnar þurfi til þess að hafa fasta afgreiðslu bifreiða og annarra flutningatækja á tilteknum stað eða í tilteknu húsnæði; að leyfi byggingarnefndar eða fulltrúa hennar þurfi til þess að setja upp föst skilti, auglýsingar og ljósaskreytingar, sem snúa að almannafæri eða sjást þaðan.][2]

[1] *L. 111/1940.* [2] *L. 88/1938, 1. gr.*

■ **3. gr.** Hlutaðeigandi bæjarstjórn býr til frumvarp til samþykktarinnar og skulu vera í henni reglur um, hvernig greiða skuli útgjöld þau til lögreglunnar, er hin ýmsu ákvæði hafa í för með sér, er gerð eru. Frumvarpið skal senda ...[1] landshöfðingja,[2] er því næst gefur út samþykktina. Nú gerir ...[1] landshöfðingi breytingar við frumvarpið, og skal þá leggja þær fyrir bæjarstjórnina til álita. Þær breytingar, sem bæjarstjórnin fellst ekki á, má eigi setja í samþykktina. Samþykktin skal prentuð á kostnað bæjarins og birt almenningi með því að prentast í B-deild Stjórnartíðindanna. Breytingar á samþykktinni skal gera og birta á sama hátt sem hina upprunalegu samþykkt.

[1] *Sbr. tilsk. 12/1904, I. 11. Sjá og l. 73/1969.* [2] *Nú dómsmálaráðuneyti, sbr. augl. A 96/1969.*

1890 Nr. 1 3. jan.

■ **4. gr.** Samþykktin gildir að öllum jafnaði um allt lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. Ef rétt þykir vera að skipa svo fyrir, að ákvæði samþykktarinnar skuli eigi gilda á hlutum af landi því, er heyrir undir lögsagnarumdæmið, annaðhvort að nokkru eða öllu leyti, skal þess getið í samþykktinni, svo sem nauðsynlegt er.

■ **5. gr.** [Brot gegn samþykktunum varða sektum.][1]

□ [Ef kenna má yfirsjón, er barn innan 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem börnum ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.][2]

□ Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjórinn láta gera þetta, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. [Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjórinn gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktunum, greiðist af brotamanninum eða, ef hann er eigi fær um það, úr ríkissjóði.][1]

[1] *L. 75/1982, 17. gr.* [2] *L. 67/1919.*

■ **6. gr.** [Með mál sem rísa út af brotum á samþykktunum skal fara að hætti opinberra mála.].[1]

[1] *L. 75/1982, 17. gr. C.*

Lög um lögreglusamþykktir í löggiltum verzlunarstöðum. **1924** Nr. 32 4. júní

■ **1. gr.** Í löggiltum verzlunarstöðum, sem ekki eru hreppsfélög út af fyrir sig, og þannig ekki njóta heimildarlaga nr. 18 20. okt. 1905,[1] til þess að gera lögreglusamþykktir, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd leyft vera að gera samþykkt um meðferð skepna, þar með taldir alifuglar í kauptúnum, til þess að varna því, að tjón eða skemmdir hljótist af því, að skepnur gangi lausar eða í vanhirðu, með því að fyrirskipa vörzlu á þeim á ákveðnum árstímum.

□ Hreppsnefnd sendir sýslunefnd frumvarp að samþykktinni, og fallist hún á það, sendist það stjórnarráðinu, er veitir því gildi með staðfestingu sinni.

[1] *Sbr. nú l. 107/1935.*

■ **2. gr.** [Brot gegn ákvæðum samþykktanna varða sektum. Með mál sem rísa út af brotum á samþykktinni skal fara að hætti opinberra mála.][1]

[1] *L. 75/1982, 18. gr.*

Lög um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna. **1935** Nr. 107 8. maí

■ **1. gr.** Heimild sú, sem með lögum 3. jan. 1890 og lögum nr. 67 28. nóv. 1919 er veitt kaupstöðum landsins til að gera lögreglusamþykktir, skal ná til allra sýslufélaga á landinu. Viðkomandi sýslunefnd semur frumvarp til samþykktarinnar, og skulu í henni vera ákvæði um það, hvernig greiða skuli gjöld þau, er samþykktin

1935 Nr. 107 8. maí

hefur í för með sér. Sýslumaður sendir síðan frumvarpið til dómsmálaráðuneytisins, er því næst gefur samþykktina út, ef það telur hana til þess hæfa. Nú gerir ráðuneytið breytingar á frumvarpinu, og skal þá leggja þær fyrir sýslunefndina til álita. Þær breytingar, sem sýslunefnd fellst eigi á, má ekki setja í samþykktina. Að öðru leyti fer um efni samþykktarinnar, staðlegt gildi, viðurlög, birtingu og breytingar, sem segir fyrir um í framannefndum lögum.

■ **2. gr.** Samþykktir þær, sem settar hafa verið fyrir einstök hreppsfélög samkvæmt lögum nr. 18 20. okt. 1905, eða lögum nr. 26 8. sept. 1931, skulu gildi halda, unz lögreglusamþykkt hefur sett verið fyrir það sýslufélag, sem hreppurinn er í.

1966 Nr. 8 19. febr.

Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

■ **1. gr.** Bannað er að kveikja í sinu og brenna sinu innan kaupstaða eða kauptúna eða í þéttbýli, er til kauptúna má jafna. Þó getur lögreglustjóri eða hreppstjóri veitt leyfi til sinubrennslu á tilteknu svæði innan nefndra staða, ef sérstakar ástæður liggja til, enda hafi slökkviliði staðarins þá verið gert viðvart með þeim fyrirvara, er yfirvaldið ákveður.

■ **2. gr.** Í sveitum er ábúendum einstakra jarða og umráðamönnum óbyggðra jarða heimilt að brenna sinu á jörðum sínum, ef fullnægt er þessum skilyrðum:

a. að takmörk svæðis þess, er brenna skal, séu fyrir fram ákveðin,

b. að eigi séu á því svæði mannvirki, trjágróður eða önnur ræktun, er eldur getur grandað, eða nær brunasvæðinu en í 200 metra fjarlægð frá yztu mörkum þess,

c. að jarðvegur sé eigi svo þurr, að hætta sé á, að hann spillist af eldinum,

d. að eigendum eða umráðamönnum landsvæða og mannvirkja, sem liggja nær yztu mörkum lands þess, er brenna skal, en 1000 metra, hafi verið tilkynnt um fyrirhugaða sinubrennu a. m. k. 6 klst. áður en hún skal hefjast,

e. að sá, er brennu framkvæmir, hafi nægan mannafla og tæki til þess að ráða við eldinn, eða hafi áður gert fullnægjandi ráðstafanir með jarðrásum eða á annan hátt, til þess að halda sinueldinum innan þeirra marka, sem honum eru í upphafi sett, sbr. a-lið.

■ **3. gr.** Skylt er hverjum þeim, er sinubrennu framkvæmir, að sjá um, að stöðug gát sé höfð á sinueldinum og útbreiðslu hans.

■ **4. gr.** Leita skal leyfis hreppstjóra áður en sinubrenna er framkvæmd. Skal hreppstjóri gæta þess, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er í 2. gr. getur, og má hann eigi leyfa brennuna, nema svo sé. Hreppstjóri getur og um stundarsakir synjað um leyfi til sinubrennu, ef hann vegna veðurs eða annarra mikilvægra ástæðna telur sérstaka hættu samfara framkvæmd fyrirhugaðrar brennu.

■ **5. gr.** Hvarvetna skal óheimilt að brenna lyng- eða kjarrgróður, nema taka eigi land til ræktunar eða sérstakrar beitarræktunar, enda brjóti brennsla slíks gróðurs eigi í bág við ákvæði II. kafla laga nr. 3/1955, um skógrækt.

■ **6. gr.** Sinu má aðeins brenna á tímabilinu frá 1. desember til 1. maí. Þó má veita leyfi til brennslu sinu og gróðurs þess, sem í 5. gr. getur, til 15. maí á svæðinu norðan Ísafjarðardjúps og norðan heiða allt austur að Fjarðarheiði og Breiðdalsheiði, ef veðrátta hamlar því, að mati hreppstjóra, að brenna sé framkvæmd fyrr, enda mæli sérstakar ástæður eigi gegn því.

1966 Nr. 8 19. febr.

■ **7. gr.** Skylt er öllum þeim, sem ferðast um eða dvelja á jörðum eða lendum einstakra aðilja, almenningum, afréttum, þjóðgörðum eða öðrum þess konar friðuðum eða friðlýstum svæðum, að fara varlega með eld. Er óheimilt að gera eld á nefndum svæðum, nema tryggilega sé um hann búið í eldstæði eða hann kveiktur á þess konar jarðvegi, að ekki sé hætta á því, að hann breiðist út. Skal öllum skylt að gæta þess vandlega, að eldur sé að fullu kulnaður, áður en eldstæði er yfirgefið.

■ **8. gr.** Skylt er hverjum þeim, er þess verður var, að eldur er laus á þeim svæðum, er í 7. gr. getur, að tilkynna það umráðamanni lands eða því yfirvaldi, sem auðveldast er að ná til.

■ **9. gr.** Ef tjón hlýzt á eign annars manns af völdum sinubruna, fer um bótaábyrgð eftir almennum reglum.

□ Sama gildir um bótaábyrgð þeirra, sem með gálausri meðferð elds verða valdir að tjóni á svæðum þeim, er í 7. gr. getur.

■ **10. gr.** [Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum.][1)]

[1)] *L. 75/1982, 19. gr.*

1947 Nr. 120 22. des.

Lög um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma.

■ **1. gr.** Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með auglýsingu, hvenær skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagaheimilum eða veitingahúsum, skuli í síðasta lagi slitið.

□ Brot gegn reglum settum samkvæmt lögum þessum varða sektum ...[1)]

[1)] *L. 75/1982, 20. gr.*

1954 Nr. 33 8. apríl

Lög um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

■ **1. gr.** Á Keflavíkurflugvelli skal vera lögreglustjóri. Umdæmi Keflavíkurflugvallar miðast við samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins.

□ Ráðherra sá, sem fer með varnarmál, veitir embættið lögfræðingi, sem fullnægir lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

■ **2. gr.** Lögreglustjóri hefur á hendi dómarastörf, lögreglustjórn, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs og eftir því sem við getur átt önnur þau störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, gegn þeirri þóknun, er ákveðin er að lögum.

□ Lögreglustjórinn tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga, nr. 60 1945.[1)]

[1)] *Nú l. 46/1973.*

1954 Nr. 106 17. des.

Lög um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl.

■ **1. gr.** Nú leggja lög tiltekinn flokk mála til eins og sama ráðherra og skal það ekki vera því til fyrirstöðu, að við skiptingu starfa með ráðherrum sé ráðherra þeim, sem falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, er löggiltur var með lögum nr. 110 1951, fengin meðferð slíks málaflokks í lög-

1954 Nr. 106 17. des. sagnarumdæmi Keflavíkurflugvallar og á öðrum landssvæðum, er varnarliðinu eru fengin til afnota á hverjum tíma. Slík heimild gildir um dómsmál, að því er varðar brot, sem framin eru á varnarsvæðunum.

1972 Nr. 56 29. maí **Lög um lögreglumenn.**

■ **1. gr.** Ríkið heldur uppi starfsemi lögregluliðs, sem hefur það verkefni að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, stemma stigu við lögbrotum og vinna að uppljóstrun brota, sem framin eru, samkvæmt því, sem nánar greinir í V. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 82/1961.[1)]

[1)] *Nú l. 74/1974.*

■ **2. gr.** Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn lögreglunnar, en lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi.

□ Sýslumenn eru lögreglustjórar í sýslum og bæjarfógetar í kaupstöðum. Þar sem sérstakir lögreglustjórar eru skipaðir, fara þeir með lögreglustjórn í umdæmi sínu.

□ Ráðherra getur ákveðið, að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum hvar sem er á landinu. Hann setur reglur um störf þess lögregluliðs og hvernig stjórn þess skuli háttað.

■ **3. gr.** Ráðherra ákveður tölu lögreglumanna í hverju umdæmi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra, sbr. þó 3. mgr.

□ Ráðherra setur reglur um störf og starfssvið lögreglumanna og skipar þá í störf sín. Hann getur og sett reglur um starfsstig innan lögregluliðs.

□ Ekki má skipa í lögreglumannsstarf, nema fé hafi verið veitt til þess í fjárlögum, bæði að því er varðar tölu lögreglumanna og starfsstig. Þegar sérstaklega stendur á og ráðherra telur nauðsynlegt öryggis vegna, að lögreglulið sé aukið umfram hið fasta lögreglulið, getur hann bætt við varalögreglumönnum um afmarkaðan tíma. Varalögreglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur.

□ Á stöðum, þar sem þörf er á löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, svo sem á vertíðum, má ráða lögreglumenn til starfa, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum.

■ **4. gr.** Skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins. Tollverðir, sem voru í starfi fyrir gildistöku laga nr. 56/1963, verða þó ekki kvaddir til lögreglustarfa gegn vilja sínum.

□ Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri.

□ Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða, með samkomulagi við fjármálaráðherra, að lögreglumenn skuli gegna tollgæzlustörfum jafnframt öðrum löggæzlustörfum, eftir nánari fyrirmælum lögreglustjóra og eftir reglum, sem settar eru í samráði við tollgæzlustjóra. Þar sem slík starfstilhögun er ákveðin, skal þess getið við auglýsingu á lögreglumannastarfi.

■ **5. gr.** Lögreglumenn, hvort sem eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni lögreglustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

□ Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

■ **6. gr.** Ef sérstaklega stendur á, getur ráðherra mælt svo fyrir, að lögreglulið skuli gegna löggæzlustörfum utan umdæmis síns, og ákveður þá jafnframt, hver skuli fara með stjórn þess.

□ Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á þeim stað, sem lið er flutt frá.

■ **7. gr.** Að fengnum tillögum sýslunefndar er ráðherra heimilt að ákveða, að í lögsagnarumdæmi skuli vera starfandi 2—8 héraðslögreglumenn.

□ Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæzlustörfum, þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi reglu á mannfundum og skemmtunum.

□ Ráðherra setur reglur um störf héraðslögreglumanna og um greiðslu kostnaðar vegna þeirra.

□ Lögreglustjóri getur heimilað héraðslögreglumönnum að taka sér aðstoðarmenn til þess að halda uppi reglu á skemmtistöðum.

■ **8. gr.** Lögreglustjóra er heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og skal leyfishafi greiða kostnað af þeirri löggæzlu, samkvæmt reglum, sem ráðherra setur.

□ Enn fremur má í slíkum reglum kveða á um greiðslu kostnaðar af gæzlustörfum vegna framkvæmda á almannafæri, þar sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka löggæzlu.

■ **9. gr.** Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfræktur lögregluskóli, er veiti lögreglumönnum undirstöðumenntun í lögreglufræðum. Skal að jafnaði eigi skipa aðra í lögregluþjónsstöðu en þá, er staðizt hafa próf í skólanum. Framhaldsnámskeið skulu haldin svo oft sem aðstæður leyfa. Heimilt er og að efna til lögreglunámskeiða utan Reykjavíkur.

□ Ráðherra setur reglugerð um námstilhögun í lögregluskólanum og prófkröfur.

■ **10. gr.** Lögreglumenn má ekki nota til að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annars staðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

■ **11. gr.** Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann ákveður, hver skuli vera einkenni og búnaður lögreglumanna, og setur reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

■ **12. gr.** Greiða skal úr ríkissjóði kostnað við framkvæmd laga þessara, sem ekki er samkvæmt lögunum greiddur af öðrum aðilum.

■ **13. gr.** Frá 1. janúar 1972 greiðist kostnaður við starfsemi lögreglunnar, sem áður var greiddur af sveitar- eða sýslufélögum, úr ríkissjóði. Þó skulu sveitar- eða sýslufélögin annast greiðslu kostnaðar, svo sem verið hefur, gegn mánaðarlegri endurgreiðslu úr ríkissjóði allt til 31. desember 1972, að kostnaðargreiðslur færast til ríkissjóðs og umboðsmanna hans.

□ Lögreglumenn, sem verið hafa í þjónustu sveitar- eða sýslufélags, eiga kost á því til ársloka 1973 að gerast starfsmenn ríkisins með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgja. Lögreglumaður, sem ekki kýs þessa leið, skal teljast vera áfram starfsmaður sveitar- eða sýslu-

1972 Nr. 56 29. maí

félagsins með kjörum skv. gildandi kjarasamningi óbreyttum til loka gildistíma hans.

□ Sveitar- eða sýslufélagi er óheimilt að gera breytingar á þeim samningi eða gera sérsamninga við lögreglumenn, enda fer um almennar breytingar á þeim kjarasamningum eftir reglum um kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

□ Um mál þeirra lögreglumanna, sem ekki kjósa að gerast ríkisstarfsmenn fyrir 31. desember 1973, þegar gildistíma núgildandi kjarasamnings þeirra lýkur, skal farið eftir almennum reglum um niðurlagningu stöðu í 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

■ **14. gr.** Ríkið tekur við, án sérstakrar greiðslu, þeim tækjum og búnaði, sem sveitar- eða sýslufélag hefur lagt lögreglunni til.

□ Ríkið tekur við húsnæði, sem ríki og sveitar- eða sýslufélög hafa stofnað til sameiginlega, án greiðslu fyrir viðtöku þess, en sveitar- eða sýslufélög halda eignarhluta sínum í því. Ef afnotum í þágu lögreglunnar lýkur, ráðstafa eignaraðilar sameiginlega slíkum fasteignum.

□ Ríkið tekur við fullnustu leigusamninga, sem sveitar- eða sýslufélög hafa gert í þágu lögreglunnar. Um aðrar óloknar skuldbindingar sveitar- eða sýslufélags vegna ráðstafana í þágu lögreglunnar fer eftir samkomulagi aðila og má leggja ágreining undir mat dómkvaddra manna.

1965 Nr. 32 26. apríl Lög um hreppstjóra.

■ **1. gr.** Hreppstjóri skal vera einn í hverjum hreppi.

■ **2. gr.** Þá er starf hreppstjóra losnar, skal sýslunefnd kjósa hlutbundinni kosningu, ef óskað er, þrjá íbúa í hlutaðeigandi hreppi til hreppstjórastarfs, og skipar sýslumaður einn þeirra hreppstjóra.

■ **3. gr.** Engan má skipa hreppstjóra, nema hann uppfylli eftirtalin skilyrði:

1. Sé svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt stöðunni.
2. Sé 21 árs að aldri.
3. Sé lögráða og hafi forræði á fé sínu.
4. Sé íslenzkur ríkisborgari.

■ **4. gr.** [Nú uppfyllir hreppstjóri eigi lengur skilyrði 3. gr. og skal þá sýslumaður leysa hann frá störfum. Enn fremur skal leysa hreppstjóra frá störfum, þegar hann er fullra 70 ára að aldri eða hann flyst brott úr hreppnum.][1)]

[1)] *L. 13/1983, 1. gr.*

■ **5. gr.** Nú losnar starf hreppstjóra og sýslunefnd hefur eigi gert tillögur samkvæmt 2. gr. Skal sýslumaður þá setja einhvern þann, sem uppfyllir skilyrði 3. gr. sbr. 4. gr., til að gegna starfinu. Á sama hátt getur sýslumaður sett mann til að gegna hreppstjórastarfi um stundarsakir í forföllum hreppstjóra eða til að fara með einstök mál, sem hreppstjóri má eigi fara með.

■ **6. gr.** Hreppstjórar eru umboðsmenn sýslumanns, hver í sínum hreppi. Fara þeir með lögregluvald, annast innheimtu opinberra gjalda, fógetagerðir og fleiri störf í umboði sýslumanns, svo og þau önnur störf, sem nánar kann að vera kveðið á um í lögum eða reglugerðum.

■ **7. gr.** [Hreppstjórar taka laun úr ríkissjóði og skulu þau greiðast mánaðarlega.

□ Launin skulu miðast við laun almennra lögreglumanna og úrskurðar fjármálaráðherra við hvaða launaflokk skuli miða á hverjum tíma. Launin ákveðast sem hundraðshluti af viðmiðunarlaununum sem hér segir:

Í hreppum með 100 íbúa eða færri greiðast 6,5% launa.
Í hreppum með 101—200 íbúa greiðast 8,0% launa.
Í hreppum með 201—300 íbúa greiðast 9,5% launa.
Í hreppum með 301—400 íbúa greiðast 11% launa.
Í hreppum með 401—500 íbúa greiðast 12,5% launa.
Í hreppum með 501 og fleiri íbúa greiðast 14% launa.

□ Í hreppum þar sem verkefni hreppstjóra eru sérstaklega umfangsmikil eða þar sem þeim er gert að hafa opna skrifstofu tiltekinn tíma í viku hverri og hin föstu laun hrökkva eigi fyrir áætluðu vinnuframlagi getur dómsmálaráðherra ákveðið, að fengnum tillögum viðkomandi sýslumanns, að greiða hreppstjóra viðbótarlaun.

□ Auk launa skulu hreppstjórar fá greiddan útlagðan kostnað vegna hreppstjórastarfsins. Heimilt er fjármálaráðherra að ákveða að starfskostnaður reiknist sem ákveðið hlutfall af launum.][1)]

[1)] *L. 13/1983, 2. gr.*

■ **8. gr.** [Um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda af hreppstjóralaunum og um réttindi þeim tengd fer eftir reglum er fjármálaráðherra setur.][1)]

[1)] *L. 13/1983, 3. gr.*

■ **9. gr.** Auk hinna föstu launa samkvæmt 7. gr. hafa hreppstjórar þóknun fyrir einstök verk eftir því sem nánar segir í lögum og reglugerðum.

■ **10. gr.** [Dómsmálaráðherra setur í reglugerð frekari ákvæði um hreppstjóra, störf þeirra og kjör, að undanskildum þeim atriðum sem fjármálaráðherra ber að ákveða, sbr. 7. og 8. gr.][1)]

[1)] *L. 13/1983, 4. gr.*

■ [**Ákvæði til bráðabirgða.** Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. um hámarksaldur skulu þeir hreppstjórar, sem eru í starfi þegar lög þessi taka gildi og eru orðnir 70 ára fyrir 30. júní 1984, gegna starfi til 30. júní 1984 nema þeir óski að láta af starfi fyrr.

□ Nú lætur hreppstjóri af starfi vegna aldurs, sbr. 1. gr., á tímabilinu 1. júlí 1983 til 30. júní 1984 og skulu honum engu að síður greidd laun til 30. júní 1984.

□ Nú ber hreppstjóra lægri laun eftir ákvæðum laga þessara en honum hefði borið eftir eldri lögum og skal hann þá halda launum eftir hinum eldri lögum til 30. júní 1984.][1)]

[1)] *L. 13/1983. Þau tóku gildi 1. júlí 1983.*

1965 Nr. 25 21. apríl Lög um útgáfu og notkun nafnskírteina.

■ **1. gr.** [Hagstofa Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar gefur út nafnskírteini til allra einstaklinga, sem skráðir eru hér á landi, þó ekki fyrr en á því almanaksári, er þeir fylla 14 ára aldur.][1)]

□ Á nafnskírteini hvers manns skal vera:

1. Nafn, eins og það er ritað í þjóðskrá.
2. Nafnnúmer samkvæmt þjóðskrá.
3. Fæðingardagur og -ár.
4. Útgáfutími skírteinis.
5. Reitur fyrir mynd.

□ Heimilt er að ákveða, að aðrar upplýsingar skuli vera á nafnskírteininu, eftir því sem henta þykir. Enn

1965 Nr. 25 21. apríl

fremur er heimilt að ákveða, að á nafnskírteininu skuli vera nafn skírteinishafa ritað eigin hendi.

☐ ...[2]

☐ Heimilt er að ákveða, að útgáfa nafnskírteinis til útlendinga skuli ekki eiga sér stað fyrr en eftir tveggja ára samfellda dvöl þeirra hér á landi.

☐ Kostnaður við útgáfu nafnskírteina greiðist úr ríkissjóði, en ef einstaklingur óskar eftir endurútgáfu nafnskírteinis, þar eð upphaflegt nafnskírteini hans er glatað eða af öðrum ástæðum, er Hagstofunni heimilt að taka gjald fyrir það.

☐ Lögreglustjórar annast um afhendingu nafnskírteina. Hver sá, sem skírteini er gert fyrir samkv. 1. gr., skal gefa sig fram í skrifstofu lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, þar sem hann er á íbúaskrá, til þess að fá skírteinið afhent.

[1] *L. 60/1974, 1. gr.* [2] *S. l., 2. gr.*

■ **2. gr.** Nú er ákveðið í lögum, reglugerð eða lögreglusamþykkt, að menn skuli sanna aldur sinn, þegar svo ber undir, og geta þeir þá fullnægt þeirri skyldu með því að leggja fram nafnskírteini sitt. Sömuleiðis geta menn sannað aldur sinn með framlagningu nafnskírteinis, þá er þeir eru krafðir um skilríki samkvæmt ákvæðum um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða fyrir komu eða dvöl á stað.

☐ Heimilt er að ákveða með reglugerð, að menn skuli sýna nafnskírteini í skiptum sínum við opinberan aðila, sem notar [auðkennisnúmer Þjóðskrár][1] í umsýslu sinni.

☐ Nafnskírteini skal að öðru leyti notað sem sönnunargagn um, hverjir menn séu, og um aldur, eftir því sem henta þykir, og í skiptum manna á milli og á opinberum vettvangi.

[1] *L. 60/1974, 3. gr.*

■ **3. gr.** Við notkun nafnskírteinis í sambandi við fyrirmæli laga, reglugerða og lögreglusamþykkta um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða komu á stað, er nafnskírteinið því aðeins sönnunargagn um aldur, að í því sé mynd af hlutaðeiganda, með embættisstimpli lögreglustjóra og dagsetningu.

☐ Þeir, sem óska, að mynd sé á nafnskírteini sínu, skulu afhenda lögreglustjóra tvær myndir af sér. Skulu þær vera á endingargóðum pappír, 35×45 mm að stærð, og að öðru leyti fullnægjandi að dómi lögreglustjóra. Skírteinishafar greiða sjálfir kostnað við gerð mynda.

☐ Ákveða má, að nafnskírteini, sem ljósmynd hefur verið á tiltekið árabil, skuli teljast vera án myndar, þar til sett hefur verið á þau ný mynd, sem fullnægjandi er að dómi lögreglustjóra.

☐ Heimilt er að ákveða, að mynd skuli vera á öllum nafnskírteinum eða ef þau eru ætluð til nánar ákveðinna nota.

■ **4. gr.** Um leið og sóknarprestur eða safnaðarstjóri fær í hendur dánarvottorð samkvæmt 5. gr. laga nr. 64/1962, skal afhenda honum nafnskírteini hins látna til ógildingar, eftir nánari fyrirmælum Hagstofunnar.

■ **5. gr.** Heimilt er að ákveða með reglugerð, að handhafar ökuskírteinis skuli geta notað það á sama hátt og nafnskírteini er notað samkvæmt lögum og öðrum opinberum fyrirmælum, enda sé það tryggt, að nafn og aðrar upplýsingar á ökuskírteininu séu samhljóða sömu atriðum á nafnskírteini hlutaðeiganda.

[☐ Hverjum lögreglustjóra er heimilt að ákveða fyrir sitt umdæmi, að nafnskírteini einstaklinga á aldursbilinu 18–23 ár skuli ekki vera gilt sönnunargagn um aldur, nema lagt sé fram sérstaklega útgefið skírteini með öðrum lit en er á almennu nafnskírteini. Heimild þessi er bundin við notkun nafnskírteinis í sambandi við opinber fyrirmæli um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða fyrir komu eða dvöl á stað. **1965** Nr. 25 21. apríl

☐ Hagstofan gefur út nafnskírteini með sérstökum lit til einstaklinga í umdæmum, þar sem lögreglustjóri hefur ákveðið að nota heimild þá, er um ræðir í 2. málsgr. Greiða skal fyrir útgáfu slíks skírteinis samkvæmt gjaldskrá, er Hagstofan setur.][1]

[1] *L. 60/1974, 4. gr.*

■ **6. gr.** Ráðherra er heimilt að setja, með reglugerð eða á annan hátt, nánari fyrirmæli um nafnskírteini og framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

■ **7. gr.** Brot gegn ákvæðum þessara laga og gegn reglum settum samkvæmt þeim varða sektum ...[1]

[1] *L. 10/1983, 29. gr.*

Lög um Landhelgisgæzlu Íslands. **1967** Nr. 25 22. apríl

■ **1. gr.** Landhelgisgæzlan er ríkisstofnun með varnarþing í Reykjavík, og er markmið hennar:

a. Að hafa með höndum almenna löggæzlu á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi.

b. Að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi, svo og að annast aðkallandi sjúkraflutninga, ýmist á eigin spýtur eða í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands eða aðra aðila, sem að björgunarstörfum vinna.

c. Að aðstoða eða bjarga bátum eða skipum, sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland, ef þess er óskað.

d. Að veita afskekktum stöðum eða byggðarlögum nauðsynlega hjálp eða aðstoð, þegar eðlilegar samgöngur bregðast af ófyrirsjáanlegum orsökum, svo sem vegna hafíss, snjóalaga, ofviðra eða annarra náttúruhamfara.

e. Að sjá um sjómælingar og taka þátt í hafrannsóknum, fiskirannsóknum, botnrannsóknum, svo og öðrum vísindastörfum, eftir því sem ákveðið kann að verða hverju sinni.

f. Að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti, sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hætta af.

g. Að aðstoða við framkvæmd almannavarna, almennrar löggæzlu, lækna-, toll- og vitaþjónustu, eftir því sem aðstæður leyfa eða ákveðið kann að verða sérstaklega.

h. Að tilkynna tafarlaust Skipaskoðun ríkisins, ef vart verður við, að brotin eru lög um eftirlit með skipum eða brotnar reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, eða telji hún ástæðu til að ætla, að skip sé ekki haffært.

Stjórn.

■ **2. gr.** Dómsmálaráðherra hefur með höndum yfirstjórn allrar starfsemi Landhelgisgæzlunnar og gefur út nauðsynlegar reglugerðir eða fyrirmæli um almenna stjórn ýmissa þátta hennar.

■ **3. gr.** Forseti skipar forstjóra til þess að stjórna

1967 Nr. 25 22. apríl

Landhelgisgæzlunni, svo og til að vera ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að málefnum hennar.

■ **4. gr.** Forstjóri ræður starfslið Landhelgisgæzlunnar, yfirmenn svo og almenna starfsmenn, og ákveður starfssvið þeirra í samræmi við þarfir stofnunarinnar, sérþekkingu þeirra og réttindi.

□ Dómsmálaráðherra setur nánari fyrirmæli um ráðningu starfsliðs að fengnum tillögum forstjóra.

Starfsmenn.

■ **5. gr.** Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar skulu teljast til lögreglumanna ríkisins og hafa réttindi og skyldur eftir því, sbr. lög nr. 56/1963[1] og lög nr. 82/1961, V. kafli.[2]

□ Skipverjar á varðskipum Landhelgisgæzlunnar skulu lögskráðir. Þó skal heimilt að flytja skipverja milli skipa eða í önnur störf, enda sé lögskráningarstjóra tilkynnt um þær breytingar.

[1] *Nú l. 56/1972.* [2] *Nú l. 74/1974.*

■ **6. gr.** Um réttindi starfsmanna til ákveðinna starfa fer að lögum og reglugerðum, sem um þau efni fjalla, svo sem atvinnuréttindi skipherra, stýrimanna, vélstjóra og flugstjóra.

■ **7. gr.** Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum.

■ **8. gr.** Við störf sín skulu starfsmennirnir bera einkennisbúninga eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

Laun og kjör.

■ **9. gr.** Laun og kjör þeirra starfsmanna Landhelgisgæzlunnar, sem vinna að staðaldri í landi, skulu vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna.

■ **10. gr.** Laun og kjör þeirra starfsmanna, sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti, skulu vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélaga við stjórn Landhelgisgæzlunnar.

■ **11. gr.** Ef starfsmenn vinna ýmist í landi, á sjó eða í lofti, skulu laun þeirra ákveðast eftir aðalstarfi þeirra, en önnur kjör samkvæmt því starfi, sem þeir sinna hverju sinni.

■ **12. gr.**[1] Nú fær skip eða flugvél (tæki) Landhelgisgæzlunnar laun fyrir björgun verðmæta, og greiðast þá fyrst af björgunarlaunum öll útgjöld vegna björgunarinnar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður, en af afganginum ¼ — einn fjórði hluti — til áhafnar skips eða flugvélar, og skiptist í réttu hlutfalli við föst mánaðarlaun hvers og eins. Að öðru leyti renna björgunarlaun í Landhelgissjóð.

□ Yfirstjórn Landhelgisgæzlunnar skal heimilt að greiða af hluta Landhelgissjóðs ákveðna fjárhæð til þeirra, er mest hafa lagt sig fram við björgunina.

[1] *Ath. l. 18/1976, 14. gr.*

■ **13. gr.** Um tryggingar starfsmanna skal fara eftir lögum um almannatryggingar og viðkomandi kjarasamningum. Forstjóra skal heimilt að tryggja sérstaklega þá starfsmenn, sem mjög áhættusöm verk eiga að vinna.

■ **14. gr.** Sérhver starfsmaður skal ganga undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni Landhelgisgæzlunnar einu sinni á ári, eða oftar ef þörf þykir.

Varðskip, gæzluflugvélar og útbúnaður.

1967 Nr. 25 22. apríl

■ **15. gr.** Landhelgisgæzlan gerir út varðskip, gæzluflugvélar og önnur farartæki, sem nauðsynleg kunna að vera vegna gæzlu landhelginnar eða annarra þarfa, sbr. 1. gr., og geta tækin annaðhvort verið eign Landhelgissjóðs, annarra ríkisstofnana, eða tekin á leigu.

■ **16. gr.** Skip og flugvélar Landhelgisgæzlunnar skulu auðkennd með skjaldarmerki Íslands á áberandi stað. Varðskipin skulu einkennd nafni, en gæzluflugvélar með skrásetningareinkennum. Forstjóri ákveður í samráði við dómsmálaráðherra lit og önnur einkenni. Ekki skulu þau bera sérstakt heimilisfang.

Landhelgissjóður Íslands.

■ **17. gr.** Í sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands, skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni, og enn fremur björgunarlaun, svo sem segir í 12. gr. laga þessara.

■ **18. gr.** Sjóðnum skal varið til að koma upp strandgæzluskipum eða öðrum varanlegum tækjum til þarfa Landhelgisgæzlunnar. Þó getur fjárveitingavaldið ákveðið, að hluta af árlegum tekjum og vöxtum sjóðsins megi verja til rekstursútgjalda Landhelgisgæzlunnar.

■ **19. gr.** Dómsmálaráðherra hefur á hendi stjórn sjóðsins. Skal ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikningur hans skal birtur árlega með öðrum reikningum ríkisstofnana.

Lög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

1951 Nr. 110 19. des.

■ **1. gr.** Meðan í gildi er varnarsamningur sá milli Íslands og Bandaríkjanna, sem undirritaður var hinn 5. maí 1951, skulu ákvæði hans og viðbætis við hann frá 8. maí 1951, um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, hafa lagagildi hér á landi. Samningurinn og viðbótarákvæðin eru prentuð sem fylgiskjöl með lögum þessum.

Fylgiskjal.

Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins.

Þar sem Íslendingar geta ekki sjálfir varið land sitt, en reynslan hefur sýnt, að varnarleysi lands stofnar öryggi þess sjálfs og friðsamra nágranna þess í voða, og þar sem tvísýnt er um alþjóðamál, hefur Norður-Atlantshafsbandalagið farið þess á leit við Ísland og Bandaríkin, að þau geri ráðstafanir til, að látin verði í té aðstaða á Íslandi til varnar landinu og þar með einnig til varnar svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, með sameiginlega viðleitni aðila Norður-Atlantshafssamningsins til að varðveita frið og öryggi á því svæði fyrir augum. Samningur sá, sem hér fer á eftir, hefur verið gerður samkvæmt þessum tilmælum.

■ **1. gr.** Bandaríkin munu fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins og samkvæmt skuldbindingum þeim, sem þau hafa tekizt á hendur með Norður-Atlantshafssamningnum, gera ráðstafanir til varnar Íslandi með þeim skilyrðum, sem greinir í samningi þessum. Í þessu skyni og með varnir á svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, fyrir augum, lætur Ísland í té þá aðstöðu í landinu, sem báðir aðilar eru ásáttir um, að sé nauðsynleg.

1951 Nr. 110 19. des.

■ **2. gr.** Ísland mun afla heimildar á landsvæðum og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að í té verði látin aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, og ber Bandaríkjunum eigi skylda til að greiða Íslandi, íslenzkum þegnum eða öðrum mönnum gjald fyrir það.

■ **3. gr.** Það skal vera háð samþykki Íslands, hverrar þjóðar menn eru í varnarliðinu, svo og með hverjum hætti það tekur við og hagnýtir þá aðstöðu á Íslandi, sem veitt er með samningi þessum.

■ **4. gr.** Það skal háð samþykki íslenzku ríkisstjórnarinnar, hversu margir menn hafa setu á Íslandi samkvæmt samningi þessum.

■ **5. gr.** Bandaríkin skulu framkvæma skyldur sínar samkvæmt samningi þessum þannig, að stuðlað sé svo sem frekast má verða að öryggi íslenzku þjóðarinnar, og skal ávallt haft í huga, hve fámennir Íslendingar eru, svo og það, að þeir hafa ekki öldum saman vanizt vopnaburði. Ekkert ákvæði þessa samnings skal skýrt þannig, að það raski úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málefnum.

■ **6. gr.** Samningur sá, er gerður var hinn 7. október 1946 milli Íslands og Bandaríkjanna um bráðabirgðaafnot af Keflavíkurflugvelli, fellur úr gildi við gildistöku samnings þessa, og mun Ísland þá taka í sínar hendur stjórn og ábyrgð á almennri flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli. Ísland og Bandaríkin munu koma sér saman um viðeigandi ráðstafanir varðandi skipulag á rekstri flugvallarins til þess að samræma starfsemi þar því, að hann er jafnframt notaður í þágu varnar Íslands.

■ **7. gr.** Hvor ríkisstjórnin getur, hvenær sem er, að undanfarinni tilkynningu til hinnar ríkisstjórnarinnar, farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda framangreindri aðstöðu, og geri tillögur til beggja ríkisstjórnanna um það, hvort samningur þessi skuli gilda áfram. Ef slík málaleitan um endurskoðun leiðir ekki til þess, að ríkisstjórnirnar verði ásáttar innan sex mánaða, frá því að málaleitunin var borin fram, getur hvor ríkisstjórnin, hvenær sem er eftir það, sagt samningnum upp, og skal hann þá falla úr gildi tólf mánuðum síðar. Hvenær sem atburðir þeir verða, sem 5. og 6. gr. Norður-Atlantshafssamningsins tekur til, skal aðstaða sú, sem veitt er með samningi þessum, látin í té á sama hátt. Meðan aðstaðan er eigi notuð til hernaðarþarfa, mun Ísland annað hvort sjálft sjá um nauðsynlegt viðhald á mannvirkjum og útbúnaði eða heimila Bandaríkjunum að annast það.

■ **8. gr.** Samningur þessi er gerður á íslenzku, og á ensku, og eru báðir textar jafngildir. Hann gengur í gildi, er hann hefur verið undirritaður af réttum yfirvöldum Íslands og Bandaríkjanna og ríkisstjórn Íslands hefur afhent ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku tilkynningu um, að samningurinn hafi verið fullgiltur af Íslands hálfu.

Fylgiskjal.

Viðbætir um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra.

■ **1. gr.** Í viðbæti þessum taka orðin „lið Bandaríkjanna" yfir liðsmenn í herliði Bandaríkjanna og starfslið, sem herliðinu fylgir og er í þjónustu þess, enda hafi menn þessir hvorki ríkisfang né fasta búsetu á Íslandi, heldur dveljist þar vegna framkvæmda á samningi þessum.

1951 Nr. 110 19. des.

■ **2. gr.** 1. a. Herdómstólar Bandaríkjanna skulu aldrei hafa lögsögu á Íslandi yfir íslenzkum ríkisborgurum eða öðrum mönnum, sem ekki lúta herlögum Bandaríkjanna.

b. Liði Bandaríkjanna og skylduliði liðsmanna á Íslandi ber að virða íslenzk lög og hafast ekkert það að, sem fer í bága við anda þessa samnings, og einkum skulu þeir forðast að hafa nokkur afskipti af íslenzkum stjórnmálum. Bandaríkin munu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni.

2. Innan marka þessarar greinar:

a. hafa hervöld Bandaríkjanna heimild til að fara með á Íslandi hvers konar lögsögu og eftirlit, sem lög Bandaríkjanna veita þeim, yfir þeim mönnum, sem lúta herlögum Bandaríkjanna;

b. hafa íslenzk stjórnvöld lögsögu yfir mönnum í liði Bandaríkjanna, að því er varðar brot, sem framin eru á Íslandi og refsiverð eru að íslenzkum lögum.

3. a. Hervöld Bandaríkjanna skulu ein fara með lögsögu yfir mönnum, sem lúta herlögum Bandaríkjanna, að því er varðar brot gegn öryggi Bandaríkjanna, en ekki öryggi Íslands, svo og að því er varðar öll brot, sem refsiverð eru að lögum Bandaríkjanna, en ekki lögum Íslands.

b. Íslenzk stjórnvöld skulu ein fara með lögsögu yfir mönnum í liði Bandaríkjanna, að því er varðar brot gegn öryggi Íslands, en ekki öryggi Bandaríkjanna, svo og að því er varðar öll brot, sem refsiverð eru að lögum Íslands, en ekki lögum Bandaríkjanna.

c. Til brota gegn öryggi Íslands eða Bandaríkjanna teljast:

1. landráð;

2. skemmdarverk, njósnir og brot á hvers konar lögum, er varða leyndarmál íslenzka ríkisins eða Bandaríkjanna, eða leyndarmál, er varða varnir Íslands eða Bandaríkjanna.

4. Nú ber rétt til lögsögu undir bæði ríkin, og skulu þá eftirfarandi reglur gilda:

a. Hervöld Bandaríkjanna skulu hafa forrétt til lögsögu yfir mönnum í liði Bandaríkjanna, að því er varðar:

1. brot, er einungis beinast gegn eignum Bandaríkjanna eða gegn manni í liði Bandaríkjanna, skylduliði hans eða eignum þeirra;

2. brot, sem drýgð eru í sambandi við framkvæmd starfsskyldu.

b. Íslenzk stjórnvöld hafa forrétt til lögsögu í öllum málum vegna annarra brota.

c. Nú hyggst sá aðili, er forrétt til lögsögu hefur, hvort heldur er Ísland eða Bandaríkin, að fara ekki með hana, og skal þá sú niðurstaða tilkynnt hinum aðilanum, svo fljótt sem verða má. Sá aðili, er forrétt hefur, hvort heldur eru íslenzk stjórnvöld eða stjórnvöld Bandaríkjanna, skal taka til vinsamlegrar athugunar beiðni hins aðilans um, að horfið sé frá lögsögu, þegar sá aðili telur það mjög miklu máli skipta.

5. Stjórnvöld Bandaríkjanna skulu eigi framkvæma dauðadóma á Íslandi.

6. a. Íslenzk stjórnvöld og stjórnvöld Bandaríkjanna skulu veita hvor öðrum aðstoð við handtöku manna úr

liði Bandaríkjanna eða skylduliði slíkra manna, sem drýgja brot á Íslandi, svo og við afhendingu þeirra til stjórnvalda þess aðila, sem fer með lögsögu samkvæmt framanskráðum ákvæðum.

b. Íslenzk stjórnvöld skulu tilkynna hervöldum Bandaríkjanna tafarlaust, er maður í liði Bandaríkjanna hefur verið handtekinn á Íslandi eða maður úr skylduliði hans.

c. Nú er sökunautur, sem íslenzk stjórnvöld hafa lögsögu yfir, í gæzlu hjá stjórnvöldum Bandaríkjanna, og skal hann þá vera þar áfram, unz íslenzk stjórnvöld hefja saksókn gegn honum.

7. a. Nú er maður í liði Bandaríkjanna sóttur til sakar um brot, og skulu þá þau íslenzk og bandarísk stjórnvöld, er í hlut eiga, veita hvor öðrum aðstoð við nauðsynlega rannsókn á brotinu og saksókn gegn sökunaut.

b. Nú fara Bandaríkin með lögsögu í máli, og skulu þá íslenzk stjórnvöld gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að tryggð sé návist og fengnar skýrslur íslenzkra þegna og manna á Íslandi utan samningssvæðanna, annarra en manna úr liði Bandaríkjanna og skylduliði þeirra. Nú er nauðsynlegt samkvæmt lögum Bandaríkjanna, að bandarísk yfirvöld taki sjálf skýrslur af íslenzkum þegnum, og munu þá íslenzk stjórnvöld gera allar þær ráðstafanir, sem unnt er, til þess að slíkir þegnar komi til skýrslugjafar í viðurvist íslenzkra yfirvalda á þeim stöðum, sem þau kveða á um.

Nú ber brot undir lögsögu íslenzkra stjórnvalda, og munu þá hervöldin með sama hætti annast öflun sönnunargagna hjá mönnum í liði Bandaríkjanna og skylduliði þeirra.

c. Stjórnvöld Íslands og Bandaríkjanna skulu gefa hvor öðrum skýrslur um árangur hvers konar rannsóknar og saksóknar í málinu, þar sem lögsögu getur borið undir hvorn aðila sem er.

8. Nú hefur maður í liði Bandaríkjanna eða maður úr skylduliði hans verið sóttur til sakar af stjórnvöldum Bandaríkjanna og verið sýknaður eða verið sakfelldur og er að taka út refsingu eða hefur þegar tekið hana út, og skal þá íslenzkum stjórnvöldum eigi heimilt að sækja hann til sakar fyrir það brot.

9. Þegar maður í liði Bandaríkjanna eða maður úr skylduliði hans er sóttur til sakar og íslenzk stjórnvöld fara með lögsögu, á hann rétt á því:

a. að rannsókn og saksókn sé hraðað;

b. að fá vitneskju fyrir upphaf saksóknar um sakargiftir á hendur honum;

c. að hann og vitni, sem bera gegn honum, séu samspurð;

d. að vitnum, sem kunna að geta borið honum í hag og eru innan íslenzkrar lögsögu, sé gert skylt að bera vætti;

e. að hæfur málflutningsmaður sé skipaður verjandi hans, enda ráði hann vali hans, ef hann óskar þess;

f. að hæfur dómtúlkur sé tilkvaddur, ef hann telur þess þörf; og

g. að hafa samband við fulltrúa ríkisstjórnar sinnar og, ef dómreglur leyfa það, að sá fulltrúi sé viðstaddur réttarhöldin.

10. Liði Bandaríkjanna er rétt að fara með lögregluvald á samningssvæðunum og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að halda þar uppi aga, allsherjarreglu og öryggi. Utan samningssvæðanna mega menn úr liði Bandaríkjanna hafa með höndum lögreglustörf, eftir því sem um semst við íslenzk stjórnvöld, í samvinnu við þau og einungis að svo miklu leyti, sem það er nauðsynlegt til að halda uppi aga og reglu meðal manna úr liði Bandaríkjanna og manna úr skylduliði þeirra. Þegar menn úr liði Bandaríkjanna hafa slíka samvinnu við íslenzk yfirvöld, fara þau ein með yfirráð yfir íslenzkum þegnum og öðrum mönnum á Íslandi og eignum þeirra í öllum málum, er varða uppihald reglu og aga utan samningssvæðanna samkvæmt ofanskráðu. Þetta tekur þó eigi til manna úr liði Bandaríkjanna, manna úr skylduliði slíkra manna og þeirra starfsmanna verktaka Bandaríkjanna, sem ekki eru íslenzkir þegnar.

■ **3. gr.** 1. Íslenzk yfirvöld skulu gera eitt af tvennu:

a. taka gild, án þess að ökupróf fari fram eða gjald sé greitt, venjuleg ökuskírteini eða hermannaökuskírteini, sem gefin eru út af Bandaríkjunum eða fylkjum þeirra, til handa mönnum í liði Bandaríkjanna eða mönnum í skylduliði þeirra, eða

b. gefa út, án ökuprófs eða gjalds, íslenzk ökuskírteini handa mönnum í liði Bandaríkjanna, eða mönnum í skylduliði þeirra, enda hafi þeir skírteini frá Bandaríkjunum eða fylkjum þeirra.

2. Yfirvöld Bandaríkjanna munu í samvinnu við íslenzk yfirvöld gefa út rækilegar leiðbeiningar til manna í liði Bandaríkjanna og manna í skylduliði þeirra um íslenzka umferðarlöggjöf og reglur og leggja fyrir þá að hlýða þeim í einu og öllu.

■ **4. gr.** 1. Hermenn í liði Bandaríkjanna skulu að jafnaði vera einkennisklæddir.

2. Ökutæki, sem notuð eru af liði Bandaríkjanna, skulu merkt skrásetningartölu og glöggu þjóðernisauðkenni.

3. Yfirvöld Bandaríkjanna munu afhenda íslenzkum yfirvöldum skrá yfir öll ökutæki, skrásetningartölu þeirra og eigendur.

■ **5. gr.** Liði Bandaríkjanna á Íslandi er heimilt að bera vopn á samningssvæðunum, svo sem þörf krefur, til framkvæmdar á skyldustörfum. Utan samningssvæðanna má liðið einungis bera vopn við framkvæmd skyldustarfa eða vegna hernaðarþarfa, nema rétt íslenzk stjórnvöld samþykki annað.

■ **6. gr.** 1. Menn í liði Bandaríkjanna og skylduliði þeirra mega kaupa á Íslandi vörur til sjálfs sín neyzlu og þá þjónustu, sem þeir þarfnast, með sömu kjörum og íslenzkir þegnar.

2. Vörur, sem keyptar eru á Íslandi og lið Bandaríkjanna þarfnast sér til viðurværis, skulu að jafnaði keyptar fyrir atbeina þeirrar umsýslustofnunar íslenzka ríkisins, sem af Íslands hálfu er til þess nefnd, til að koma í veg fyrir, að slík kaup hafi skaðleg áhrif á hagkerfi Íslands.

3. Þar til bær íslenzk stjórnvöld munu, þegar þörf krefur, segja til, er kaup á tilteknum vörum, sem greindar eru í töluliðunum 1 og 2 að ofan, skulu takmörkuð eða bönnuð, og munu yfirvöld Bandaríkjanna taka fullt tillit til slíkrar málaleitunar.

4. Bandaríkin æskja þess að ráða hæfa íslenzka borgara, eftir því sem föng eru á, til starfa í sambandi við samning þennan. Að svo miklu leyti sem Ísland kann að

samþykkja ráðningu íslenzkra borgara til starfa hjá liði Bandaríkjanna, skal slík starfsráðning framkvæmd með aðstoð og um hendur þess eða þeirra fyrirsvarsmanna, sem af Íslands hálfu eru til þess kvaddir. Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu fara að íslenzkum lögum og venjum.

5. Ísland og Bandaríkin munu hafa samvinnu um að uppræta og koma í veg fyrir hvers konar ólöglega starfsemi, svo og afstýra athöfnum, sem óheppileg áhrif hafa á íslenzkt hagkerfi.

■ **7. gr.** 1. Nú dvelst á Íslandi maður í liði Bandaríkjanna, maður í skylduliði slíks manns eða starfsmaður, sem ekki er íslenzkur þegn, en ráðinn hefur verið til starfa vegna framkvæmda samkvæmt samningi þessum og er þar einungis vegna þess starfa, og skal þá slík dvöl um stundarsakir hvorki talin heimilisfang né búseta og skal ekki út af fyrir sig skapa honum skattskyldu á Íslandi, hvorki að því er varðar tekjur né eignir, sem hann aflar þar eða á þar vegna téðrar dvalar sinnar. Eigi skal heldur taka dánargjöld af búi slíks aðila.

2. Enginn Bandaríkjaþegn eða félag, stofnað samkvæmt lögum Bandaríkjanna, sem heimilisfang á í Bandaríkjunum, skal greiða tekjuskatt á Íslandi af tekjum, sem aflað er með samningi við Bandaríkin í sambandi við framkvæmdir samkvæmt samningi þessum.

3. Enga skatta, gjöld eða aðrar álögur skal leggja á efni, útbúnað, birgðir eða vörur, þ. á m. persónulega muni, búsmuni, bifreiðar í einkaeign og fatnað, sem flutt hefur verið til Íslands í sambandi við framkvæmdir samkvæmt samningi þessum. Engan slíkan skatt, gjöld eða álögur skal leggja á eignir, sem stjórnvöld Bandaríkjanna afla á Íslandi til afnota fyrir Bandaríkin, umsýsluaðila sína eða lið, sem dvelst á Íslandi einungis í sambandi við framkvæmdir samkvæmt samningi þessum.

■ **8. gr.** 1. Menn í liði Bandaríkjanna svo og skyldulið þeirra skulu, nema öðruvísi sé ákveðið berum orðum í samningi þessum, lúta lögum þeim og reglugerðum, sem tollyfirvöld Íslands framkvæma. Einkanlega skal íslenzkum tollyfirvöldum heimilt, samkvæmt almennum ákvæðum íslenzkra laga og reglugerða, að leita á mönnum úr liði Bandaríkjanna og skyldulið þeirra svo og á verktökum Bandaríkjanna og mönnum í þeirra þjónustu, sem ekki eru íslenzkir þegnar, skoða farangur þeirra og ökutæki og leggja hald á muni samkvæmt ákvæðum slíkra laga og reglugerða.

2. Eigi skal tollskoða innsigluð opinber skjöl. Sérstakir sendiboðar, sem flytja slík skjöl, skulu án tillits til stöðu sinnar hafa meðferðis hverju sinni fyrirmæli um ferð sína. Fyrirmæli þessi skulu sýna tölu bréfa, er þeir hafa meðferðis, og geyma vottorð þess efnis, að þau séu einungis opinber skjöl.

3. Hervöld Bandaríkjanna mega flytja inn tollfrjálst útbúnað handa liði sínu og hæfilegt magn vista, birgða og annars varnings til nota fyrir liðsmenn eina og skyldulið þeirra svo og fyrir verktaka Bandaríkjanna og menn í þeirra þjónustu, sem eigi eru íslenzkir þegnar. Þessi tollfrjálsi innflutningur skal háður því skilyrði, að afhent sé, auk tollskjalanna á tollskrifstofu á innflutningsstað, yfirlýsing, undirrituð af þar til bærum fyrirsvarsmanni liðs Bandaríkjanna. Afhenda skal íslenzkum tollyfirvöldum skrá yfir þá fyrirsvarsmenn, sem heimild hafa fengið til að undirrita slíkar yfirlýsingar, svo og sýnishorn af nafnritun þeirra og stimplum, er nota skal.

4. Menn úr liði Bandaríkjanna og skyldulið þeirra mega, þegar þeir koma fyrsta sinn til Íslands til að taka við starfa sínum þar, flytja tollfrjálst persónulega muni sína og húsgögn til afnota, meðan á starfa þeirra stendur þar.

5. Menn úr liði Bandaríkjanna og skyldulið mega flytja inn tollfrjálst einkabifreiðar og bifhjól til sjálfs sín nota, meðan þeir dveljast á Íslandi.

6. Nú flytja menn úr liði Bandaríkjanna eða skyldulið þeirra inn aðrar vörur en þær, sem greindar eru í töluliðum 4 og 5 þessarar greinar, þar með taldar sendingar fyrir atbeina pósthúsa Bandaríkjanna, og skal þá slíkur innflutningur ekki samkvæmt þessari grein undanþeginn tolli eða öðrum skilyrðum.

7. Nú hafa vörur verið fluttar inn tollfrjálst samkvæmt töluliðum 3, 4 og 5 að ofan, og skal þá með fara sem hér segir:

a. Slíkar vörur má flytja út aftur óhindrað, enda sé yfirlýsing sem gefin hefur verið út samkvæmt 3. tölulið, sýnd á tollskrifstofu, ef um er að tefla innflutning samkvæmt þeim tölulið. Tollyfirvöld mega samt ganga úr skugga um, að endurútfluttar vörur séu í samræmi við yfirlýsingu, er út kann að hafa verið gefin, og að þær hafi raunverulega verið fluttar inn með þeim hætti, er segir í töluliðunum 3, 4 og 5.

b. Slíkar vörur skulu eigi látnar af hendi á Íslandi, hvorki með sölu, að gjöf né í skiptum. Þó má, er sérstaklega stendur á, veita heimild til slíkrar afhendingar með þeim skilyrðum, er tollyfirvöld setja (t. d. um greiðslu á tolli og gjöldum og um að gætt sé fyrirmæla um eftirlit með verzlun og gjaldeyri). Yfirvöld Bandaríkjanna munu, svo sem unnt er, setja og framkvæma fyrirmæli, er miða að því að koma í veg fyrir, að einstökum mönnum í liði Bandaríkjanna, skylduliði þeirra og mönnum í þjónustu verktaka Bandaríkjanna séu seldar eða afhentar umfram persónulegar þarfir sínar vörur, sem yfirvöld Bandaríkjanna flytja tollfrjálst til Íslands, hvernig svo sem þeim innflutningi er háttað, enda sé um að tefla vörur, sem yfirvöld Bandaríkjanna í samráði við íslenzk stjórnvöld telja mest líkindi til, að verði seldar, gefnar eða látnar af hendi í skiptum á Íslandi.

8. Vörur, sem keyptar eru á Íslandi, skulu einungis fluttar út þaðan samkvæmt þeim reglum, er gilda á Íslandi.

9. Af Íslands hálfu skulu gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að látið sé af hendi án greiðslu tolla og gjalda eldsneyti, olía og smurningsolíur til afnota fyrir opinber ökutæki, flugvélar og skip liðs Bandaríkjanna og verktaka þeirra, sem eigi eru íslenzkir þegnar.

10. Í töluliðunum 1—8 í grein þessari tekur orðið „tollur“ yfir tolla og hvers konar önnur gjöld, sem greiða ber af innflutningi eða útflutningi.

11. Íslenzk tollyfirvöld og fjármála geta gert það að skilyrði fyrir hvers konar undanþágu eða tilhliðrun, að því er varðar tolla og gjöld samkvæmt samningi þessum, að gætt sé þeirra reglna, er þau telja nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir misnotkun.

■ **9. gr.** 1. Tolla- og fjármálayfirvöld Íslands og Bandaríkjanna skulu veita hvor öðrum aðstoð við rannsókn og öflun skýrslna til að koma í veg fyrir brot gegn lögum og reglugerðum um tolla og fjármál.

2. Hervöld Bandaríkjanna skulu láta í té þá aðstoð, sem þeim er unnt, til að tryggja það, að vörur, sem íslenzkum tollyfirvöldum og fjármála er rétt að leggja hald á, séu þeim afhentar.

3. Hervöld Bandaríkjanna skulu láta í té alla þá aðstoð, sem þeim er unnt, til að tryggja greiðslu tolla, gjalda, sekta og upptæks fjár úr hendi manna í liði Bandaríkjanna eða skylduliði þeirra.

4. Nú leggja íslenzk yfirvöld hald á opinber ökutæki og muni Bandaríkjaliðs vegna brots gegn íslenzkum lögum og reglugerðum um tolla og fjármál, og skulu þá ökutæki þessi og munir afhentir réttum hervöldum Bandaríkjanna.

■ **10. gr.** Lið Bandaríkjanna, menn í því, svo og skyldulið þeirra, skulu hlýða íslenzkri gjaldeyrislöggjöf. Rétt yfirvöld Íslands og Bandaríkjanna skulu koma sér saman um sérstakar ráðstafanir til að afstýra því, að laun séu greidd í bandarískum gjaldeyri, svo og ráðstafanir til að heimila liði Bandaríkjanna að afla íslenzks gjaldeyris á skráðu gengi og að fá hæfilegum fjárhæðum þess gjaldeyris breytt í erlendan gjaldeyri, er þeir hverfa af Íslandi.

■ **11. gr.** Ríkisstjórn Íslands mun veita liði hvers þess ríkis, sem aðili er að Norður-Atlantshafssamningnum og þess æskir, þegar það lið dvelst á Íslandi, þau réttindi, sem liði Bandaríkjanna eru veitt í undanfarandi greinum þessa viðbætis.

■ **12. gr.** 1. a. Bandaríkin munu eigi gera kröfu til skaðabóta á hendur ríkisstjórn Íslands fyrir tjón, sem starfsmenn íslenzku ríkisstjórnarinnar valda á eignum, sem Bandaríkin eiga og lið þeirra notar, eða á lífi og limum manna úr Bandaríkjaliði.

b. Ríkisstjórn Íslands mun ekki gera kröfu til skaðabóta á hendur Bandaríkjunum fyrir tjón á eignum íslenzka ríkisins á samningssvæðunum og mun ekki gera kröfur á hendur Bandaríkjunum, heldur bæta sjálf tjón á lífi og limum starfsmanna íslenzku ríkisstjórnarinnar, sem verða kann á samningssvæðunum, þegar slíkur starfsmaður er þar vegna starfsskyldu sinnar að áliti fulltrúa, er Ísland og Bandaríkin skipa, og slíkt tjón á eignum, lífi eða limum hefur orðið af völdum manns úr liði Bandaríkjanna. Ríkisstjórn Íslands mun ekki heldur gera kröfu til skaðabóta fyrir tjón á eign íslenzka ríkisins eða tjón á lífi eða limum starfsmanna íslenzka ríkisins, er maður úr liði Bandaríkjanna veldur utan samningssvæðanna, enda telji skipaðir fulltrúar Íslands og Bandaríkjanna, að eignin hafi, er tjónið varð, verið notuð eða starfsmaðurinn verið að verki í sambandi við framkvæmd samnings þessa.

c. Ísland og Bandaríkin munu eigi gera kröfur til skaðabóta hvort á hendur öðru fyrir tjón á skipum, sem Ísland eða Bandaríkin eiga, er slík skip eru notuð í sambandi við framkvæmdir samkvæmt samningi þessum, án tillits til þess, hvar slíkt tjón verður og hvort sem það verður af völdum manns í liði Bandaríkjanna eða starfsmanns íslenzku ríkisstjórnarinnar. Ísland og Bandaríkin munu ekki gera kröfu til björgunarlauna, ef skip það eða farmur, sem bjargað var, var í eigu Íslands eða Bandaríkjanna vegna framkvæmdar samnings þessa.

d. Í þessum tölulið taka orðin „í eigu Bandaríkjanna“, „í eigu Íslands“ og „í eigu Íslands eða Bandaríkjanna“ til skipa, sem Ísland eða Bandaríkin taka á leigu eða taka til hernota eða opinberra nota með leiguskilmálum eða Ísland eða Bandaríkin hafa önnur umráð yfir (nema að því leyti sem ábyrgð á skipunum eða áhætta á tjóni á þeim hvílir á öðrum aðila en Íslandi eða Bandaríkjunum eða vátryggjendum þeirra).

2. Ísland skal samkvæmt þeim ákvæðum, sem hér fara á eftir, úrskurða og greiða kröfur, aðrar en samningskröfur, vegna verknaða manna í liði Bandaríkjanna, sem af hlýzt tjón á eignum manna eða stofnana á Íslandi eða tjón á lífi eða limum manna þar, annað en það, er greinir í næsta tölulið hér að framan.

a. Kröfur skulu gerðar, um þær fjallað og samið eða dómur á þær lagður í samræmi við íslenzk lög og reglur um kröfur, er rísa vegna verknaðar starfsmanna íslenzka ríkisins.

b. Íslandi er rétt að kveða á um hverja slíka kröfu, og Ísland skal greiða með innlendum gjaldeyri þá fjárhæð, sem um er samið eða úrskurðuð er.

c. Slík greiðsla eða fullnaðardómur bærs íslenzks dómstóls, þar sem synjað er greiðslu, skal vera bindandi úrslit sakarefnis fyrir Ísland og Bandaríkin.

d. Sérhver krafa, sem Ísland greiðir, skal tilkynnt hervöldum Bandaríkjanna ásamt fullnægjandi skýrslum og gögnum.

e. Kostnaður af fullnægingu krafna samkvæmt stafliðunum hér á undan skal jafnað niður á Ísland og Bandaríkin, svo sem hér segir:

1. Þar sem Bandaríkin ein bera ábyrgð, skal fjárhæð þeirri, er úrskurðuð hefur verið eða dæmd, skipt í þeim hlutföllum, að Ísland greiði 15% en Bandaríkin 85%.

2. Þar sem menn í liði Bandaríkjanna og íslenzkir þegnar eiga báðir sök, þá skulu Ísland og Bandaríkin hvort um sig greiða helming hinnar úrskurðuðu eða dæmdu kröfu.

3. Bandaríkjunum skal á hálfs árs fresti send skýrsla um fjárhæðir þær, sem Ísland hefur greitt síðasta missirið vegna hvers máls ásamt kröfu um endurgreiðslu. Endurgreiðsla skal fara fram, svo fljótt sem unnt er, í íslenzkum gjaldeyri.

f. Eigi skal maður í liði Bandaríkjanna sæta lögsókn vegna kröfu, er rís af verknaði, sem þessi töluliður tekur til.

3. Grein þessi tekur eigi til krafna, sem bornar eru fram af þegnum ríkis, sem á í styrjöld við Bandaríkin eða af bandalagsríki slíks óvinaríkis, né heldur til krafna, sem eiga rót sína að rekja til styrjaldarverka óvina eða beinlínis eða óbeinlínis til athafna Bandaríkjaliðs í orustu.

4. Hervöld Bandaríkjanna og réttir íslenzkir embættismenn skulu hafa samvinnu um öflun gagna til afnota við sanngjarna dómsmeðferð og afgreiðslu krafna, sem Ísland og Bandaríkin eiga hlut að.

5. Bandaríkin munu afla nauðsynlegrar lagaheimildar til að framkvæma skyldur sínar samkvæmt þessari grein.

1939 Nr. 44 24. júlí

Tilskipun um aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja, er ekki eiga í ófriði, að íslenzku forráðasviði.

I. kafli. Erlend herskip.

■ **1. gr.** Herskipum erlendra ríkja, sem ekki eiga í ófriði er frjálst að koma á íslenzkar hafnir og í aðra íslenzka landhelgi, enda hafi koma þeirra verið fyrirfram tilkynnt opinbera boðleið, og ekki annað ákveðið í sérstökum dæmum. Þó skal ekki fleirum en þremur herskipum sama ríkis heimilt að dvelja í sömu íslenzkri höfn, og ekki má dvöl herskips í höfn vera lengri en 15 dagar.

□ Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar er hægt að gera með sérstöku leyfi, fengnu opinbera boðleið.

■ **2. gr.** Undanþegin ákvæðum 1. greinar eru:

a. herskip, sem flytur erlendan þjóðhöfðingja eða opinberan fulltrúa hans, svo og þau skip, er því fylgja, enda séu þau ekki fleiri en þrjú,

b. herskip, sem lenda í sjávarháska,

c. herskip, sem ætluð eru einungis til eftirlits með fiskveiðum eða til vísindalegra rannsókna,

d. herskip, sem sigla viðstöðulaust gegnum íslenzka landhelgi (passage inoffensif).

■ **3. gr.** Erlendu herskipi er óheimilt að framkvæma sjómælingar eða dýptarmælingar (aðrar en þær, sem nauðsynlegar eru skipinu á ferð þess) og að halda hvers konar heræfingar í íslenzkri landhelgi eða á íslenzku landi.

□ Erlendur kafbátur skal jafnan vera ofansjávar, meðan hann heldur sig innan íslenzkrar landhelgi.

■ **4. gr.** Erlendu herskipi er skylt að fylgja á íslenzku forráðasviði gildandi ákvæðum um hollustuháttu, hafnsögu og tollgæzlu.

■ **5. gr.** Erlendum herskipum er skylt að leggjast við akkerisfestar á þann stað í íslenzkri höfn, eða skipalægi, er hlutaðeigandi hafnaryfirvöld, ef til eru, benda þeim á, og er samkvæmt beiðni skylt að flytja sig til í höfn eða skipalægi, eftir nánari tilvísun.

□ Leyfi, sem gefin hafa verið erlendum herskipum til að dvelja í íslenzkri höfn eða á íslenzku skipalægi, eru afturkallanleg hvenær sem er.

■ **6. gr.** Áhöfn erlends herskips, sem liggur í íslenzkri höfn, er óheimilt að bera vopn í landi, þó skal liðsforingjum, undirforingjum og liðsforingjaefnum heimilt að bera þau vopn í landi, er tilheyra einkennisbúningi þeirra.

II. kafli. Erlend herloftför.

■ **7. gr.** Erlendum herloftförum er bannað að koma á íslenzkt forráðasvið, nema samkvæmt áður fengnu leyfi opinbera boðleið. Undanþegin ákvæðum þessarar greinar eru:

a. loftfar, sem flytur erlendan þjóðhöfðingja eða opinbera fulltrúa hans, svo og þau loftför, er því fylgja, enda séu þau ekki fleiri en þrjú,

b. loftfar, sem haft er meðferðis á erlendu herskipi, er það dvelst í eða siglir um íslenzka landhelgi,

c. loftfar, sem er í háska statt.

■ **8. gr.** Loftfari, sem haft er meðferðis á erlendu herskipi, sem dvelst í eða siglir um íslenzka landhelgi, er óheimilt að hefja sig til flugs á íslenzku forráðasviði, nema að fengnu leyfi samkvæmt undanfarandi grein, og skulu með leyfisbeiðninni fylgja þær upplýsingar, er getur í næstu grein hér á eftir.

■ **9. gr.** Beiðni um leyfi það, sem um ræðir í 7. grein, skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi atriði: 1939 Nr. 44 24. júlí

1. Tölu þeirra herloftfara, er taka eiga þátt í fluginu.
2. Tegund og einkenni loftfaranna.
3. Ráðgerða leið yfir íslenzkt forráðasvið.
4. Staði þá, sem ráðgert er að heimsækja.
5. Komu- og brottfarartíma.
6. Sé um loftfar með þráðlausum firðritunar- eða firðtalstækjum að ræða, skulu tilgreind hin ýmsu kallmerki.
7. Áhöfn og tölu hennar.
8. Vopnaútbúnað loftfaranna.
9. Myndatæki, sem loftför hafa meðferðis.

■ **10. gr.** Erlend herloftför skulu á íslenzku forráðasviði fylgja vandlega gildandi ákvæðum, sem sett eru til öryggis loftferðum.

□ Heimilt er að hafa í herloftfari vopn, án skothleðslna, svo og ljósmyndatæki án annars útbúnaðar til myndatöku.

□ Erlendum herloftförum er bannað að halda heræfingar á íslenzku forráðasviði.

Lög um almannavarnir. 1962 Nr. 94 29. des.

I. kafli. Almenn ákvæði.

■ **1. gr.** [Hlutverk almannavarna er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, náttúruhamfara eða af annarri vá, og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðila samkvæmt lögum.][1)]

[1)] *L. 30/1967, 1. gr.*

■ **2. gr.** Krefjast má aðstoðar opinberra aðilja, einstaklinga og stofnana til undirbúnings þeim ráðstöfunum, er 1. gr. fjallar um.

□ Öllum er skylt að veita trúnaðarmönnum almannavarna þær upplýsingar, sem þeir þarfnast til þess að framkvæma þau störf, sem lögin fela þeim.

■ **3. gr.** Á hættutímum er ríkisstjórninni heimilt að gefa út sérstök fyrirmæli um almenna umferð, reglur og öryggi á opinberum stöðum og svæðum, sem almenningur hefur aðgang að. Sama máli gegnir á öðrum tímum, þegar æfingar í þágu almannavarna standa yfir.

□ Ef hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri bannað að nokkru eða öllu leyti notkun samkomuhúsa og annarra samkomustaða, sem almenningur hefur aðgang að.

II. kafli. Skipulag almannavarna.

■ **4. gr.** [Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr.

□ Almannavarnaráð, sem dómsmálaráðherra skipar, stýrir starfsemi almannavarna. Í ráðinu eiga sæti: Forstjóri landhelgisgæslunnar, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri. Ráðherra skipar einn þeirra formann ráðsins, til þriggja ára í senn. Ráðherra getur sett almannavarnaráði starfsreglur með reglugerð.][1)]

[1)] *L. 55/1979, 1. gr.*

■ **5. gr.** Landlæknir fer, samkvæmt nánari fyrirmælum heilbrigðismálaráðherra, með stjórn þeirra þátta almannavarna, er varða sjúkrahúsmál, læknismeðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum.

□ Forráðamönnum sjúkrahúsa ber, samkv. fyrirmæl-

um landlæknis, að undirbúa og framkvæma ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að geta veitt sjúkum og særðum móttöku og meðferð á hættutímum. Þeim ber og að taka þátt í undirbúningi að stofnun og rekstri varasjúkrahúsa.

■ **6. gr.** [Almannavarnaráð hefur með höndum heildarskipulagningu almannavarna í landinu. Það stýrir framkvæmdum á þeim þáttum er undir ríkisvaldið falla, þ. á m. fjarskipti milli umdæma, mælingar á geislavirkni, viðvörun, fræðslustarfsemi, kennsla yfirmanna og leiðbeinenda, skipulagning og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum. Það hefur ennfremur umsjón með almannavörnum sveitarfélaga. Almannavarnaráð skal fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum, jarðskjálftum eða annarri vá.

□ Ráðherra skipar framkvæmdastjóra almannavarnaráðs, að fengnum tillögum þess. Skipunin má vera tímabundin. Almannavarnaráð setur framkvæmdastjóranum erindisbréf með samþykki dómsmálaráðherra.][1)]

[1)] *L. 55/1979, 2. gr.*

■ **7. gr.** Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi.

□ Ráðstafanir til almannavarna, sbr. 9. gr., skal hefja, þar sem ríkisstjórnin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd.

□ [Ráðherra er heimilt að ákveða, að grannhéruð, bæir eða landshlutar hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð.][1)]

[1)] *L. 30/1967, 3. gr.*

■ **8. gr.** Í kaupstöðum og annars staðar, sem ástæða þykir til, sbr. 7. gr., skipar sveitarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarstjóri, lögreglustjóri, borgarlæknir, borgarverkfræðingur, slökkviliðsstjóri og tveir menn, er borgarráð velur. Annars staðar á landinu skulu nefndirnar skipaðar bæjarstjóra (oddvita), lögreglustjóra, héraðslækni, bæjarverkfræðingi eða byggingarfulltrúa, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og slökkviliðsstjóra. Nú eru framangreindir embættismenn ekki allir heimilisfastir á stað, þar sem ástæða þykir til almannavarna, og skulu þá lögreglustjóri og héraðslæknir þess umdæmis, ásamt bæjarstjóra (oddvita) á staðnum, tilnefna í þeirra stað menn, er sveitarstjórn skipar síðan til starfsins.

□ Í Reykjavík er borgarstjóri formaður nefndarinnar, en borgarstjórn skipar nefndinni sérstakan framkvæmdastjóra. Annars staðar eru bæjarstjórar (oddvitar) formenn nefndarinnar.

■ **9. gr.** [Hlutverk almannavarnanefnda er að skipuleggja og framkvæma björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns, sem skapazt hefur vegna hernaðarátaka, náttúruhamfara eða af annarri vá. Er almannavarnanefndum þannig falin skipulagning og framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma þeirra samkvæmt nánari reglum, er ráðherra setur:][1)]

1. Viðvörunarkerfi.

2. Skipulagning hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnaður. Hjálparliðum má skipta í hverfisflokka, er gegna störfum í ákveðnu hverfi þéttbýlis, og umdæmissveitir, sem koma til aðstoðar, ef tjón er það umfangsmikið, að hverfisflokkur fær eigi við ráðið. Flokkar umdæmissveita skulu þjálfaðir í einstökum greinum almannavarna: eldvörnum, björgun og sjúkraflutningum, ruðningsstarfi, hjálparstarfi vegna tjóns af völdum geislavirkni, sýkla eða eiturefna, löggæzlu, fjarskiptaþjónustu, tækniþjónustu og félagslegu hjálparstarfi.

3. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og leiðbeiningar á því sviði.

4. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja, samkvæmt áætlun, sem ráðherra samþykkir.

5. Stjórnstöðvar.

6. Fjarskiptakerfi.

7. Birgðageymslur og birgðavarzla.

8. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings og móttöku fólks af hættusvæði.

9. Aðrar ráðstafanir, er ráðherra ákveður, að fengnum tillögum almannavarnaráðs.

[1)] *L. 30/1967, 4. gr.*

III. kafli. Hjálparlið.

■ **10. gr.** Það er borgaraleg skylda þeirra, sem eru á aldrinum 18 – 65 ára, að gegna, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi, þar sem þeir dveljast, samkvæmt fyrirmælum, er lögreglustjóri gefur, að fengnum tillögum almannavarnanefndar. Ákvörðun lögreglustjóra má skjóta til dómsmálaráðherra.

□ Kveðja má þá, sem eru á aldrinum 16 – 18 ára eða yfir 65 ára, til starfs, ef þeir óska þess sjálfir.

□ Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni starfi í þágu almannavarna.

□ Þeim, sem kvaddir hafa verið til starfs, ber að koma til læknisskoðunar, ef nauðsynlegt þykir.

■ **11. gr.** Ef hætta vofir yfir eða tjón hefur orðið, má kveðja hvern fulltíða mann, sem tiltækur er, til tafarlausrar aðstoðar við störf í þágu almannavarna.

■ **12. gr.** Þeir, sem starfa eiga í hjálparliðum, skulu taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem þeir hafa verið kvaddir til. Þeim ber að hlýða fyrirmælum og fara eftir starfsreglum. Óheimilt er að hverfa úr starfi án leyfis.

□ Ef hætta vofir yfir, má starfsmaður ekki fara úr lögsagnarumdæminu án samþykkis lögreglustjóra eða þess, er hann tilnefnir.

■ **13. gr.** Ef maður verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu, á hann rétt á bótum.

■ **14. gr.** Dómsmálaráðherra setur reglur um starfsskyldu skv. 10. gr. Skal að því stefnt, að starfskvöð komi sem réttlátast niður á borgarana. Ráðherra ákveður hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarna.

IV. kafli. Einkavarnir.

■ **15. gr.** Atvinnufyrirtækjum, sem hafa yfir 100 manns við störf á sama stað, er skylt samkvæmt fyrirmælum almannavarnanefndar að gera öryggisráðstafanir á vinnustað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns vegna hernaðaraðgerða.

□ Ráðherra getur leyst fyrirtæki undan skyldu til einkavarna. Hann getur einnig, ef sérstaklega stendur á, fyrirskipað einkavarnir á vinnustað, enda þótt færri starfi þar en segir í 1. mgr.

■ **16. gr.** Í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ástæða þykir til, getur almannavarnanefnd skipt svæðum í hverfi. Ber íbúum hvers hverfis að annast einkavarnir með gagnkvæmri hjálp í hverfinu samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.

1962 Nr. 94 29. des.

■ **17. gr.** Húseigendum er skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að hafa í húsum sínum nauðsynleg björgunar- og eldvarnartæki, eftir því sem almannavarnanefnd ákveður nánar.

□ Nú er mannvirki þannig háttað, að eyðing þess eða skemmdir á því geta haft í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið, og getur ráðherra þá fyrirskipað eiganda eða umráðamanni þess að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þá þátt í kostnaði eftir mati dómkvaddra manna, hafi eigi tekizt samkomulag um skiptingu kostnaðar.

□ Trúnaðarmönnum almannavarna er heimill aðgangur að fasteignum til eftirlits með ráðstöfunum til einkavarna.

■ **18. gr.** Ráðherra getur ákveðið, að sérstakar ráðstafanir til almannavarna séu gerðar vegna skipa, flugvéla og annarra samgöngutækja.

■ **19. gr.** Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um einkavarnir, þar sem m. a. verða ákveðnar hámarkskvaðir, sem leggja má á atvinnufyrirtæki og húseigendur.

□ Ef fyrirmælum almannavarnanefndar um ráðstafanir til einkavarna er ekki hlýtt, má framkvæma þær á kostnað eiganda eða umráðamanns. Kröfu um endurheimt fylgir lögtaksréttur.

□ Ákvörðun almannavarnanefndar um einkavarnir má skjóta til ráðherra.

V. kafli. Flutningur fólks af hættusvæðum.

■ **20. gr.** Ef brýna nauðsyn ber til, að fólk flytji af hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, getur ríkisstjórnin ákveðið brottflutning.

□ Ráðherra setur reglur um áætlun og framkvæmd brottflutnings.

■ **21. gr.** Nú hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun samkv. 1. mgr. 20. gr., og er þá öllum skylt sem um það fá fyrirmæli, að flytja á þeirri stundu, á þann hátt og til þess staðar, sem ákveðið verður.

□ Engum er heimilt án sérstaks leyfis að flytja frá þeim stað, sem honum hefur verið vísað á.

■ **22. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi skip, vélknúin ökutæki og flugvélar í því skyni að greiða fyrir brottflutningi þess fólks, sem ekki getur séð sér sjálft fyrir farkosti, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ er á, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlynningar.

□ Á neyðarstundu er heimilt að gefa eiganda eða umráðamanni húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki, sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því húsaskjól, svo og fæði, ef nauðsynlegt er.

□ Sveitarfélag sem flutt er frá, greiðir kostnað vegna húsnæðis og fæðis, sem látið er í té, samkvæmt þessari grein, en á kröfu um endurheimt á hendur þeim, sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **23. gr.** Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt að ljá til almannavarna hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

□ Ráðherra getur krafizt, að ríki eða sveitarfélagi verði fengið til afnota eða umráða lausafjármunir og fasteignir eða hluti af þeim, sem brýn þörf er á til almannavarna, enda komi sannarjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna. Heimilt er að gera þær breytingar á eignum, sem þörf er á, til þess að þær komi að tilætluðum notum. Um framkvæmd þessarar greinar skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917,[1] eftir því sem við á.

[1] *Nú l. 11/1973.*

1962 Nr. 94 29. des.

■ **24. gr.** Ákveða má með reglugerð, að í húsi af tiltekinni stærð, sem byggt er eftir gildistöku laga þessara, skuli vera gert öryggisbyrgi fyrir þá, sem í húsinu búa eða starfa. Húseigandi greiðir kostnað vegna byrgisins, og skal það fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi, sem reglugerðin kveður á um.

■ **25. gr.** Kostnaður samkv. 4. gr. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

□ Ríkissjóður greiðir kostnað samkvæmt 5. gr., en hlutaðeigandi sveitarstjórnum ber að endurgreiða þriðjung kostnaðarins. Nú hefur sveitarstjórn fyrir gildistöku laga þessara aflað sjúkrahúsgagna til almannavarna, og má þá sveitarfélagið greiða sinn hluta kostnaðarins með þeim.

□ Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna en um getur í 1. og 2. málsgr. greiðist úr ríkissjóði, en endurgreiða skulu hlutaðeigandi sveitarsjóðir ⅓ hluta kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum og helming annars kostnaðar.

■ **26. gr.** Dómsmálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

■ **27. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing varði samkvæmt öðrum lögum.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu húsnæði í sveitum og kauptúnum o. fl.

1941 Nr. 29 27. júní

■ **1. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu öll skólahús, fundahús, þinghús og annað nothæft húsnæði í sveitum og kauptúnum, til þess, ef nauðsyn krefur, að gera þessi hús að dvalarstöðum fyrir börn og mæður þeirra, þeim til öryggis. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að taka á leigu flutningatæki, sem með þarf til að koma börnunum og mæðrum þeirra að og frá ákvörðunarstað.

■ **2. gr.** Ef samkomulag næst ekki við eigendur eða leigjendur húsa og farartækja þeirra, sem um getur í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka þau leigunámi. Um framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.[1]

[1] *Nú l. 11/1973.*

Lög um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

1943 Nr. 99 16. des.

■ **1. gr.** Ríkissjóði skal skylt að bæta íslenzkum ríkisborgurum tjón, er þeir hafa beðið eða kunna að bíða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi eða af völdum manna úr herliði þeirra.

■ **2. gr.** Bótaskylda ríkissjóðs samkvæmt 1. gr. kemur því aðeins til greina, að sá, sem tjóninu hefur valdið, mundi vera bótaskyldur samkvæmt íslenzkum lögum. Um upphæð skaðabótanna, svo og um það, hvaða hagsmuni bæta skuli, fer og eftir íslenzkum lögum. Þó er hámark hverrar kröfu á hendur ríkissjóði samkvæmt lögum þessum [kr. 100 000,00].[1]

[1] *L. 65/1944, 1. gr.*

1943 Nr. 99 16. des.

■ **3. gr.** Bótakröfur samkv. lögum þessum má sækja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, og svarar fjármálaráðuneytið til sakar.

■ **4. gr.** Nú hefur sá, er tjón beið, tekið við greiðslu skaðabóta frá þeim, sem valdur var að tjóninu, og er þá ábyrgð ríkissjóðs lokið, hvort sem hann fékk fullar bætur eða eigi.

□ Bótaskylda ríkissjóðs gildir ekki gagnvart vátryggjanda, er bætur hefur greitt vegna tjónsins. Tjónþoli getur eigi heldur krafið ríkissjóð bóta að svo miklu leyti sem hann fær tjónið bætt af vátryggjanda.

□ Nú er bótakrafa eigi komin til ráðuneytisins innan eins árs frá því, að tjónið varð, og er þá bótaskylda ríkissjóðs niður fallin. Fyrningarfrestur á kröfum, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laga þessara, telst þó frá gildistökudegi þeirra.

■ **5. gr.** Nú greiðir ríkissjóður skaðabætur samkvæmt 1. gr., og öðlast hann þá bótakröfu þá, er sá, sem þær bætur fékk, kann að eiga á hendur þeim, er tjóninu hefur valdið, eða öðrum.

■ **6. gr.** Lög þessi gilda um allar skaðabótakröfur samkvæmt 1. gr., sem til hafa orðið frá 7. júlí 1941.

1940 Nr. 9 12. febr.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa.

■ **1. gr.** Ríkisstjórnin getur, er hún telur nauðsynlegt vegna yfirvofandi eða yfirstandandi ófriðar eða hliðstæðs ástands, fyrirskipað, að enginn megi láta neitt uppi við óviðkomandi menn um ferðir íslenzkra eða erlendra skipa.

□ Nú notar ríkisstjórnin heimild þá, sem henni er veitt í lögum þessum, og taka þá bannfyrirmæli hennar til allra upplýsinga um burtför skips úr höfn, um ferð þess frá einni höfn til annarrar, um það hvar skipið er statt á hverjum tíma, um ákvörðunarstað þess og komu í höfn í ferð eða að lokinni ferð, svo og til allra upplýsinga um farm skips og farþega.

■ **2. gr.** Ríkisstjórninni er heimilt að gera allar þær ráðstafanir, sem henni þykir þurfa, til þess að bannfyrirmæli þau, sem um ræðir í 1. gr., komi að haldi, þar á meðal að láta stöðva símskeyti um ferðir skipa, ef þurfa þykir.

■ **3. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10 000 krónum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

1943 Nr. 60 29. apríl

Lög um refsing fyrir óheimila för inn á bannsvæði herstjórnar og óheimila dvöl þar.

■ **1. gr.** Óheimil för inn á bannsvæði herstjórnar eða óheimil dvöl þar varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, nema þyngri refsing liggi við að lögum, enda hafi bannsvæði verið auglýst, og sé það afgirt eða för inn á það eða um það bönnuð með merkjum eða með öðrum glöggum hætti.

■ **2. gr.** Mál vegna brota á ákvæðum 1. gr. fara að hætti opinberra mála.

1962 Nr. 95 20. des.

Lög um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.[1)]

[1)] *Ath. l. 50/1981, 36. gr.*

■ **1. gr.** Enginn má eiga, framleiða, flytja til landsins, selja eða láta af hendi geislavirk efni, hvort sem þau eru ómenguð, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki, né heldur tæki, sem hæf eru til að framleiða jónandi geisla (röntgengeisla, gammageisla, betageisla, elektrónugeisla, alfageisla, nevtrónugeisla og aðra efnisgeisla), nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 3. gr.

[□ Ráðherra getur ákveðið, að fengnum meðmælum landlæknis, að ákvæði 1. mgr. nái einnig yfir geislatæki er framleiða aðra geisla en jónandi.][1)]

[1)] *L. 58/1982, 1. gr.*

■ **2. gr.** Leyfi samkvæmt 1. gr. veitir ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, að fengnum meðmælum landlæknis. Umsóknir um leyfi þessi skulu rituð á sérstök eyðublöð, er ráðherra lætur gera.

■ **3. gr.** Eigi þarf leyfi samkvæmt lögum þessum til að eiga, framleiða, flytja til landsins, selja eða láta af hendi eftirtalin geislavirk efni og tæki, enda sé geislun frá þeim eigi hærri en ákveðið er með reglugerð á hverjum tíma:

1. Úraníum og efni, sem innihalda úraníum, svo og efni, er innihalda ekki yfir tíu hundraðshluta af þóríum miðað við þunga, svo fremi að efni þessi hafi ekki með sérstakri meðferð verið auðguð að geislavirkum efnum fram yfir það, sem verður við eðlilegar kjarnabreytingar í jafnvægi.

2. Geislavirk frumefni í eðlilegu ástandi, þau sem ekki tilheyra úraníum-radíum-, úraníum-aktiníum- og þóríum-efnaflokkunum, svo og efnasambönd þessara frumefna, enda innihaldi þau ekki meira af geislavirkum ísótópum en gerist um efni þessi í náttúrunni.

3. Sjálflýsandi úr, vasaáttavita, mæla og önnur þess konar tæki, sem innihalda lítið magn af geislavirkum efnum.

4. Ratsjár, sveiflusjár, sjónvarpstæki, sendilampa og rafeindasjár og önnur slík tæki, enda séu þau eigi ætluð til að framleiða jónandi geisla.

■ **4. gr.** Ráðherra ákveður með reglugerð skoðunargjöld fyrir eftirlit samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hann setur og reglur um nauðsynlegar öryggisráðstafanir um geymslu, notkun, framleiðslu, flutning og aðra meðferð geislavirkra efna og geislatækja og um eftirlit með því að gætt sé hinna boðnu öryggisráðstafana.

■ **5. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ Nú finnast geislavirk efni eða geislatæki, sem leyfi þarf til að eiga eða hafa undir höndum, en slík leyfi skortir, skulu þá efnin og tækin vera upptæk og eign ríkissjóðs.

□ Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

1962 Nr. 95 20. des.

1819 4. ágúst

Tilskipun um skyldu manna að bjarga mönnum, sem sýnast dauðir.

■ 1) Bæði eftir hlutarins eðli og grundvallarreglum laga Vorra verður að álíta það almenna borgaraskyldu hvers þess, er býðst færi á að bjarga manni, sem er í lífsháska, að beita til þess þeim meðulum, er hann fær til náð, og sérstaklega skal það því vera skylda hvers þess, sem sér mann vera að drukkna, að gera tafarlaust sjálfur eða með tilstyrk annarra, sem hann kallar til

1819 4. ágúst hjálpar, allt það, er unnt er eftir atvikum, til þess að ná manninum upp úr og fá gerðar við hann lífgunartilraunir þær, er bezt eiga við, og má heldur enginn, þegar svo stendur á, skorast undan að veita þá hjálp, sem hann getur í té látið.

■ **2)** Það skal einnig vera almenn skylda að annast um, að hengdir menn séu teknir niður hið bráðasta, og að allra þeirra bjargarmeðala sé neytt, sem kostur er á, og yfir höfuð að gera það, sem unnt er, til að bjarga hverjum þeim, sem á voveiflegan hátt hefur slasazt eða af öðrum sökum getur enga björg sér veitt.

■ **3)** Auk þess sem það, samkvæmt 1. og 2. gr., er skylda að annast tafarlaust um, að hinum drukknaða sé komið á land, og að hinn hengdi sé niður skorinn, og að beitt sé bráðabirgðabjargráðum, skal það enn fremur vera skylda hlutaðeiganda, að leita hið fyrsta læknishjálpar, ef eigi er svo ástatt, að þeir séu fullvissir þess að geta lífgað manninn án læknishjálpar. Einnig á þegar í stað að skýra lögreglustjóranum frá atburðinum, eða til sveita sóknarpresti eða hreppstjóra, ef skemmra er til þeirra, og skal það gert sumpart til þess, að embættismenn þessir eða sýslunarmenn geti, þangað til læknir kemur, séð um rétta meðferð á hinum sjúka, og sumpart til þess að þeir geti gert ráðstafanir þær, er þörf er á, ef einhver kynni að hafa til ábyrgðar unnið.

1913 Nr. 42 10. nóv. **Lög um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.**

■ **1. gr.** Í þessum lögum hafa þau orð, sem hér fara á eftir, þá merkingu, sem tilfærð er við hvert þeirra.

„Mannskaði" er það, ef maður deyr voveiflega.

„Voveiflegur dauðdagi" er bráður bani, er hlýzt af einhverri annarri orsök en undanförnum sjúkdómi, hvort heldur um slys er að ræða, eða sjálfsmorð, eða manndráp.

„Á landi" er talið að þeir farist, sem bíða bana á þurru landi, eða í ám, eða vötnum, eða sjó, ef þeir fara af sjávarbakka í sjóinn.

„Á sjó" er talið að þeir farist, sem deyja voveiflega á skipi eða drukkna af skipi á sjó.

„Skip" merkir hvern þann farkost, er flýtur á sjó.

„Skipstjóri" er sá, er ræður fyrir skipi á sjó.

„Löggæzlumaður" er sá maður í hverri sveit, er samkvæmt þessum lögum á að rannsaka fundin lík, og dauðdaga þeirra, er deyja voveiflega.

„Sveit" merkir kaupstað eða hrepp.

■ **2. gr.** Í hverjum kaupstað skal bæjarfógeti vera löggæzlumaður. Í hverjum þeim hreppi, þar sem sýslumaður býr, skal hann vera löggæzlumaður; í öllum öðrum hreppum eru hreppstjórar löggæzlumenn.

■ **3. gr.** Ef maður deyr voveiflega á landi í annarra manna viðurvist, þá skulu þeir tafarlaust tilkynna látið löggæzlumanni í þeirri sveit, þar sem maðurinn lézt, eða í þeirri fyrstu sveit, er þeir koma í, ef mannskaðinn varð í óbyggðum. Bera þeir hver um sig ábyrgð á, að tilkynningin sé tafarlaust gerð.

□ Ef lík finnst, þá skal sá, er finnur, tilkynna næsta löggæzlumanni líkfundinn.

□ Ef maður hverfur og er talinn af, en líkið finnst ekki, þá skal húsráðandi á því heimili, er maðurinn hafði síðast næturvist, tilkynna löggæzlumanni hvarfið jafnskjótt sem líkur eru til, að maðurinn hafi farizt.

■ **4. gr.** Ef mannskaði verður á sjó, þá skal skipstjóri, ef hann er á lífi, en ella sá, er í hans stað gengur, tilkynna mannskaðann löggæzlumanni í þeirri sveit, þar sem þeir komu fyrst að landi. **1913** Nr. 42 10. nóv.

□ Ef skip ferst og kemst enginn af, þá skal sá löggæzlumaður, sem skráð hafði skipverja til vátryggingar, taka mannskaðann til rannsóknar. Nú voru skipverjar ekki vátryggðir, og heyrir þá rannsóknin undir löggæzlumann í þeirri sveit, þar sem skipið átti heima.

□ Þessi ákvæði koma ekki til greina, ef sjódómur rannsakar málið.[1)]

[1)] *Sjó- og verslunardómur var lagður niður með l. 28/1981, 42. gr.*

■ **5. gr.** Hver og einn, er fær vitneskju um, að maður hafi dáið voveiflega eða lík fundizt, og honum er kunnugt um að löggæzlumanni hafi ekki verið tilkynnt, skal skyldur að gera næsta löggæzlumanni aðvart.

□ Ef læknir er beðinn um dánarvottorð, og finnur hann sönnur eða líkur fyrir því, að dauðdaginn hafi verið voveiflegur, eða líkið fundizt, en löggæzlumanni ekki skýrt frá því, þá skal hann synja dánarvottorðs að svo stöddu, og gera löggæzlumanni aðvart.

□ Ef prestur er beðinn að jarða lík, og veit hann eða grunar, að maðurinn muni hafa dáið voveiflega, eða líkið hefur fundizt, en löggæzlumanni ekki verið tilkynnt, þá skal hann neita að jarðsyngja að svo stöddu, og gera löggæzlumanni aðvart; má prestur aldrei jarðsyngja fundið lík, eða lík manns, er dáið hefur voveiflega, fyrr en honum er afhentur úrskurður löggæzlumanns, er heimilar greftrun, og dánarvottorð frá löggiltum lækni.

■ **6. gr.** Lík, sem löggæzlumanni ber að skoða, má ekki flytja úr þeirri sveit, þar sem líkið fannst eða var fyrst til bæja flutt, fyrr en löggæzlumaður veitir skriflegt leyfi til þess.

■ **7. gr.** Ef löggæzlumanni er tilkynnt, eða honum færðar líkur fyrir því, að einhver hafi dáið voveiflega, eða lík hefur fundizt, sbr. 3. gr., þá skal hann rannsaka, svo fljótt, sem verða má, hvernig dauðann hefur borið að höndum. Hann skal grennslast eftir því, hverjir hafi síðast séð hinn látna á lífi, eða verið viðstaddir, þegar hann lét lífið, eða fundið líkið; skal hann þegar spyrja þá af þessum mönnum, sem til næst í svipinn, hvað þeir viti um hinn látna mann og dauðdaga hans.

□ Löggæzlumaður skal ráða því, hvar líkið er geymt, og hvernig um það búið. Hann skal kveðja lækni með sér, og skulu þeir báðir í senn skoða líkið, og læknir því næst kryfja það, ef þörf gerist. Löggæzlumaður ræður því, hvort líkið er krufið, en það skal hann jafnan fyrirskipa, ef nokkur minnsti vafi getur leikið á því, hvað manninum hafi orðið að bana.

□ Héraðslæknar skulu hafa á hendi réttarlæknisskoðanir á líkum, og að jafnaði sá, sem skemmst er til. Ef ekki næst til neins þeirra með hægu móti, má löggæzlumaður heimta til þess starfa hvern þann löggiltan lækni, sem völ er á.

□ Þegar líkrannsókn er lokið, skal læknir gefa út dánarvottorð, en löggæzlumaður leyfi til að jarða líkið.

■ **8. gr.** Hver löggæzlumaður skal skrá alla mannskaða og líkfundi, sem hann fær vitneskju um og rannsakar, í sérstaka bók, og skal hún heita mannskaðabók.

■ **9. gr.** Í janúarmánuði ár hvert skal hver löggæzlu-

1913 Nr. 42 10. nóv.

maður semja mannskaðaskýrslu fyrir liðna árið og senda hagstofunni.

■ **10. gr.** Stjórnarráðið setur nánari reglur um rannsókn á mannsköðum og fundnum líkum, um mannskaðabækur og skýrslur.

□ Í þeim reglum skal meðal annars tiltaka, hvenær hreppstjórar, sem eru löggæzlumenn, megi leiða rannsóknina til lykta, og hvenær þeim beri að fela málið á vald lögreglustjóra.

■ **11. gr.** Landlæknir semur reglur og leiðbeiningar um réttarlæknisskoðanir á líkum, um líkskurði og sérstök dánarvottorð fyrir þá, er deyja voveiflega.

■ **12. gr.** Brot gegn þessum lögum, eða reglum, sem settar eru eftir þeim, varða sektum, ...[1] nema hærri hegning sé við lögð í almennum lögum. Sektirnar renna í landssjóð.

[1] *L. 10/1983, 30. gr.*

■ **13. gr.** Kostnaður við rannsóknir samkvæmt lögum þessum greiðist úr landssjóði, sem kostnaður við lögreglumál.

1977 Nr. 46 13. maí

Lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

I. kafli. Um gildissvið laganna.

■ **1. gr.** Með **skotvopni** er í lögum þessum átt við vopn eða tæki, sem hægt er með sprengikrafti, samanþjöppuðu lofti eða á annan þvílíkan hátt að skjóta úr kúlum, höglum eða öðrum skeytum.

□ Með **skotfærum** er í lögum þessum átt við hvers konar skot eða skeyti (þar með taldir einstakir hlutir þeirra, svo sem hvellhettur og púður), sem gerð eru til að skjóta úr skotvopnum.

□ Með **sprengiefni** er í lögum þessum átt við fast eða fljótandi efni eða efnablöndu, sem hefur þann eiginleika að geta sprungið við högg, þrýsting eða hita, svo og kveikiefni svo sem hvellhettur og kveikiþræði.

□ Með **skoteldum** er í lögum þessum átt við flugelda, reyk-, táragas- og hvellsprengjur og ýmiss konar skrautelda.

□ Dómsmálaráðherra getur ákveðið nánar en um getur í 1. til 4. mgr., hvaða efni og tæki skuli teljast skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skoteldar. Einnig getur ráðherra ákveðið, að ákvæði laganna taki að einhverju eða öllu leyti til hluta úr efnum og tækjum, sem tilgreind eru í 1. til 4. mgr.

■ **2. gr.** Lög þessi taka eigi til vopna, tækja og efna, samkvæmt 1. gr., sem eru í eigu landhelgisgæslu og lögreglu. Dómsmálaráðherra setur um þau sérstakar reglur.

□ Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ákvæði laganna taki eigi til eftirgreindra tækja og efna, en getur sett um þau sérstakar reglur:

1. Naglabyssa og skothamra, sem ætlað er til að nota í byggingariðnaði.

2. Línubyssa og tilheyrandi skotfæra, merkjabyssa, eða annarra slíkra skotvopna og ýmissa skotelda, sem eingöngu er notað við björgunarstörf í skipum og á landi.

3. Byssa sem sérstaklega eru ætlaðar til hvalveiða og notaðar eru á hvalveiðibátum.

4. Annarra tækja og efna, sem valda óverulegri hættu.

■ **3. gr.** Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ákvæði laga þessara taki að einhverju eða öllu leyti til eftirgreindra hluta:

1. Annarra vopna en venjulegra skotvopna, svo sem hnúajárna, örvaboga, högg-, stungu- eða eggvopna.

2. Efna og tækja, sem eftir skilgreiningu 1. gr. teljast ekki til skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda, en hafa svipaða eiginleika og verkanir.

■ **4. gr.** Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi, sem upp kann að koma um gildissvið laganna.

II. kafli. Framleiðsla, innflutningur, útflutningur og verslun.

■ **5. gr.** Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er þó handhafa skotvopnaleyfis að hlaða skothylki í þau vopn, sem hann hefur leyfi fyrir.

□ Dómsmálaráðherra getur sett í reglugerð kröfur um vörslu hleðslutækja (þar með talið hvellhettur og púður). Þá getur hann sett í reglugerð kröfur um nægilega kunnáttu handhafa skotvopnaleyfis til þess að fara með hleðslutæki og ákvæði um, að til þess þurfi sérstakt leyfi lögreglustjóra.

■ **6. gr.** Leyfi samkv. 5. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem fullnægja skilyrðum í 1. málsgr. 15. gr. þessara laga.

□ Heimilt er að veita skráðu félagi eða firma leyfi samkvæmt 5. gr., enda tilnefni það einn mann eða fleiri, er uppfylli skilyrði 1. mgr., til þess að annast framleiðsluna.

□ Dómsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins, reglur um framleiðslu á greindum vörum, þar á meðal hvaða vörur megi framleiða, um búnað framleiðsluhúsnæðis, svo og setur hann nauðsynlegar öryggisreglur.

■ **7. gr.** Enginn má flytja til landsins skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er dómsmálaráðherra að fela lögreglustjórum að veita slík leyfi. Í leyfisumsókn skal nákvæmlega tilgreina tegund og magn vörunnar. Óheimilt er að tollafgreiða greindar vörur fyrr en leyfi liggur fyrir.

□ Eigi er heimilt að flytja til landsins sérstaklega hættulegar tegundir skotvopna (þar með talin sjálfvirk skotvopn), skotfæra, skotelda eða sprengiefna nema nauðsyn krefji. Dómsmálaráðherra setur frekari reglur um innflutning greindra efna og tækja, þar á meðal getur hann ákveðið nánar hvaða efni og tæki megi flytja til landsins.

■ **8. gr.** Enginn má flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er dómsmálaráðherra að fela lögreglustjórum að veita slík leyfi.

□ Eigi þarf leyfi fyrir greindum tækjum og efnum, sem flutt eru úr landi með skipum eða flugförum, ef vörur þessar teljast vera nauðsynlegur búnaður skips eða flugfars.

■ **9. gr.** Enginn má versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

□ Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjórum að veita leyfi til sölu skotelda í smásölu.

■ **10. gr.** Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem hafa verslunarleyfi, fullnægja

1977 Nr. 46 13. maí

skilyrðum 1. mgr. 15. gr. þessara laga og hafa sérþekkingu á þeim vörum, sem þar um ræðir.

□ Leyfi samkv. 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita skrásettu firma eða félagi, sem hefur verslunarleyfi, enda tilnefni firmað eða félagið mann, sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. 15. gr. og hefur sérþekkingu á umræddum vörum, og hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins.

□ Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félögum leyfi til þess að selja skotelda í smásölu, enda þótt þau hafi ekki verslunarleyfi.

□ Aðeins skal veita þeim leyfi, samkvæmt 9. gr., sem hafa til umráða fullnægjandi húsnæði til þess að geyma í þargreindar vörur. Dómsmálaráðherra setur reglur um slíkt húsnæði og um vörslu varanna.

□ Áður en leyfi samkvæmt 9. gr. er veitt, skal leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra svo og slökkviliðsstjóra eða annarra þeirra aðila, sem með brunamál fara.

□ Leyfi samkvæmt 9. gr. skal eigi veita til lengri tíma en 5 ára og til skemmri tíma, ef ástæða þykir vera til að mati dómsmálaráðuneytisins.

■ **11. gr.** Verslunareigendur, innflytjendur og framleiðendur skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda skulu jafnan gefa viðkomandi lögreglustjóra, hvenær sem hann óskar þess, nákvæmar upplýsingar um seldar vörur og óseldar vörubirgðir.

□ Lögreglustjóri getur, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar krafist þess að fá aðgang að húsnæði, þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar eða sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar.

□ Nú er húsnæði, framleiðsluháttum eða vörslu varanna ábótavant að mati lögreglustjóra og getur hann þá til bráðabirgða lagt hald á skotvopn, skotfæri, skotelda eða sprengiefni, enda geri hann dómsmálaráðuneytinu tafarlaust aðvart um þá framkvæmd.

■ **12. gr.** Óheimilt er þeim, sem hafa fengið verslunarleyfi samkvæmt 9. gr., að selja eða á annan hátt að afhenda þargreindar vörur öðrum en þeim, sem sýna skilríki fyrir því, að þeir megi kaupa eða taka á móti vörunum eftir ákvæðum laga þessara.

■ **13. gr.** Óheimilt er þeim, sem versla með skotvopn eða sprengiefni að nota það nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

III. kafli. Um meðferð skotvopna og skotfæra.

■ **14. gr.** Hver sem vill kaupa eða á annan hátt eignast og nota skotvopn verður að fá til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem umsækjandi á lögheimili. Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sérstakt gjald skv. nánari ákvörðun dómsmálaráðherra.

□ Leyfi samkvæmt 1. mgr. (skotvopnaleyfi) skulu vera skrifleg. Skal í þeim tilgreina nafn, nafnnúmer, stöðu og heimilisfang leyfishafa. Einnig skal nákvæmlega tilgreina, hvaða skotvopn eru leyfð, þar á meðal tegund, hlaupvídd og númer þess. Lögreglustjóri getur sett sérstök skilyrði í leyfið, ef hann telur þess þörf.

□ Skotvopnaleyfi skulu eigi gefin út til lengri tíma en 10 ára í senn og til skemmri tíma, ef ástæða þykir vera til þess. Þegar leyfi er endurnýjað skal handhafi skotvopnaleyfis gera grein fyrir hæfni sinni og þekkingu á því vopni, sem hann hefur leyfi til að fara með.

□ Skotvopnaleyfi gilda hvar sem er á landinu.

■ **15. gr.** Hver sem leitar leyfis til að eignast skotvopn skal gera grein fyrir því, í hverju skyni hann leitar leyfisins. Setja má reglur um fjölda leyfa, sem veitt verða hverjum einstaklingi. Aðeins getur sá einstaklingur fengið leyfi til þess að eiga skotvopn, sem uppfyllir eftirgreind skilyrði:

1. Hefur náð 20 ára aldri og hefur ekki verið sviptur sjálfræði.

2. Hefur ekki gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga eða laga, er varða meðferð skotvopna.

3. Hefur nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn, er andlega heilbrigður, og er að öðru leyti hæfur til þess að fara með skotvopn.

□ Lögreglustjóri getur veitt þeim leyfi fyrir skotvopni, þótt sá hafi brotið ákvæði laga þeirra, sem tilgreind eru í 2. tölulið, ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið að brot var framið, enda sýni umsækjandi fram á að hann hafi ríka þörf fyrir að eiga skotvopn.

□ Lögreglustjóri skal, eftir því sem tök eru á, halda námskeið í meðferð skotvopna fyrir þá, sem sækja um skotvopnaleyfi eða endurnýjun á því.

□ Dómsmálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef sérstaklega stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett nánari skilyrði en um getur í 1. mgr., þar á meðal sett sérstakar reglur varðandi vopn, er teljast vera sérstaklega hættuleg.

■ **16. gr.** Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjórum að veita félögum eða stofnunum leyfi til þess að eiga skotvopn, ef slíkir aðilar þurfa starfsemi sinnar vegna nauðsynlega á þeim að halda, enda sé tilnefndur ákveðinn aðili, er annist vörslu skotvopnanna og tilheyrandi skotfæra.

■ **17. gr.** Lögreglustjórar skulu halda skrá yfir veitt skotvopnaleyfi eftir nánari reglum, er dómsmálaráðherra setur.

■ **18. gr.** Eigendum skotvopna er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt skotvopn til eignar nema viðtakandi sýni fram á, að hann hafi leyfi lögreglustjóra, sbr. 14. gr.

□ Eigendum skotvopna er óheimilt að lána til afnota skotvopn nema þeim, sem leyfi hafa til að nota sams konar skotvopn. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um, að eiganda skotvopns sé heimilt að lána það eða láta af hendi í ákveðnum tilvikum.

■ **19. gr.** Hver sá, sem ber á sér eða notar skotvopn, skal hafa skotvopnaleyfi meðferðis og sýna það, er löggæslumaður krefst þess. Nú sýnir maður eigi skotvopnaleyfi, getur þá löggæslumaður tekið vopnið í sína vörslu til bráðabirgða, þar til viðkomandi leggur fram skilríki fyrir því, að hann hafi heimild til þess að nota vopnið.

■ **20. gr.** Þeir, sem fara með eða nota skotvopn, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

□ Óheimil er meðferð skotvopna, sé viðkomandi undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa.

□ Ef ástæða er til að ætla, að maður hafi brotið framangreind ákvæði, getur lögreglan fært hann til læknis til rannsóknar, þ. á m. blóð- og þvagrannsóknar, og er honum þá skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknirinn telur nauðsynlega vegna rannsóknarinnar.

□ Eigi má hleypa af skoti á vegum, yfir vegi, úr ökutæki á ferð, á almannafæri eða annars staðar, þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.

□ Eigi má maður hleypa af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðruvísi fyrir um. Mál út af þessari málsgrein skal því aðeins höfða, að sá krefjist, sem misgert var við.

■ **21. gr.** Aðeins má afhenda þeim skotfæri, sem hafa skotvopnaleyfi. Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um sölu skotfæra.

■ **22. gr.** Eigendur eða umráðahafar skotfæra og skotvopna skulu ábyrgjast vörslu þeirra og sjá svo um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þeirra.

□ Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun, skulu skotvopn annars vegar og skotfæri hins vegar geymd í aðskildum læstum hirslum. Dómsmálaráðherra setur reglur um vörslu skotvopna og skotfæra.

■ **23. gr.** Skotfélögum eða öðrum aðilum er óheimilt að efna til skotkeppni eða skotæfinga nema á svæði, er hlotið hefur viðurkenningu lögreglustjóra.

■ **24. gr.** Ef skotvopn eyðileggst, týnist eða því er stolið, skal eigandi þess tilkynna lögreglu þegar um það.

IV. kafli. Um meðferð sprengiefnis.

■ **25. gr.** Hver sem vill kaupa sprengiefni verður að fá til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem leyfisbeiðandi hefur lögheimili. Ef umsækjandi er ópersónulegur aðili, þá veitir sá lögreglustjóri leyfið, þar sem starfsstöð umsækjandans er.

□ Aðeins má veita þeim leyfi til þess að kaupa sprengiefni, sem sýna fram á, að þeim sé það nauðsynlegt.

□ Leyfi samkvæmt þessari grein skulu gefin út fyrir ákveðinni tegund og magni sprengiefnis.

□ Eigendur sprengiefna skulu ábyrgjast vörslu sprengiefnisins og sjá um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þess.

□ Sé leyfi samkvæmt 1. mgr. veitt ópersónulegum aðila, þá skal að jafnaði tilnefna ákveðinn mann eða menn, er annist vörslu sprengiefnisins.

□ Óheimilt er þeim, er fengið hafa leyfi til þess að kaupa sprengiefni, að afhenda það öðrum nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

■ **26. gr.** Þeir einir mega fara með sprengiefni og annast sprengingar, sem hafa fengið leyfi lögreglustjóra til þess. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem umsækjandi á lögheimili.

□ Aðeins má veita þeim leyfi samkvæmt 1. mgr., sem hafa að mati Öryggiseftirlits ríkisins næga kunnáttu til þess að fara með sprengiefni.

□ Þeir, sem fara með og nota sprengiefni, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

■ **27. gr.** Sprengiefni skal geyma í sérstökum sprengiefnageymslum.

□ Sprengiefni má geyma á öðrum stöðum í litlum mæli, ef þörf gerist vegna notkunar, enda sé það þá geymt í þar til gerðum hirslum eða kössum.

□ Dómsmálaráðherra skal setja ákvæði í reglugerð um geymslu á sprengiefni, um flutning á því og um meðferð þess að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins.

■ **28. gr.** Nú finnst sprengiefni eða hlutir, sem ætla má að hafi að geyma sprengiefni, rekið á land eða á víðavangi, skal þá finnandi, landeigandi eða ábúandi tilkynna lögreglustjóra þegar um fundinn.

V. kafli. Um meðferð skotelda.

■ **29. gr.** Skotelda má eigi selja yngri mönnum en 16 ára. Dómsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða að selja megi yngri mönnum skotelda, ef þeir valda óverulegri hættu.

■ **30. gr.** Þeir, sem fara með skotelda, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

□ Dómsmálaráðherra getur sett reglur um sölu og meðferð skotelda, þ. á m. getur hann sett reglur um að eigi megi selja almenningi ýmsar skaðlegar tegundir skotelda.

VI. kafli. Afturköllun leyfa og málskot.

■ **31. gr.** Leyfi samkvæmt lögum þessum getur leyfisveitandi afturkallað, hvenær sem er, ef eigi teljast lengur vera fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, ef leyfishafi hefur eigi farið eftir settum fyrirmælum eða ef ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni og tæki, er leyfið tekur til.

□ Þegar um er að ræða leyfi samkvæmt 14. gr. eða 26. gr., skal lögreglustjóri í því umdæmi, sem leyfishafi á lögheimili, taka ákvörðun um leyfissviptingu án tillits til þess, hvar leyfi er upphaflega gefið út. Ef sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri afturkallað leyfi án þess að færa fyrir því sérstakar ástæður.

□ Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað að afturkalla skuli leyfi, sem lögreglustjóri hefur veitt.

■ **32. gr.** Þegar leyfi samkvæmt lögum þessum er afturkallað, skal sá, sem sviptur er leyfinu, skila því til lögreglu ásamt efnum og tækjum, sem hann hefur í vörslum sínum samkvæmt leyfinu.

□ Ef eigi eru fyrir hendi skilyrði til eignarupptöku, getur lögreglustjóri, að liðnum einum mánuði frá leyfissviptingu, ákveðið að selja greindan varning. Söluandvirði, að frádregnum kostnaði, skal þá renna til eiganda.

□ Nú telur lögreglustjóri tæki eða efni svo lélegt og verðlaust, að eigi sé rétt að selja það, skal þá eyðileggja það eða gera óvirkt án greiðslu bóta til handa eiganda. Sama gildir um tæki og efni, sem mönnum er almennt óheimilt að hafa í vörslu sinni.

■ **33. gr.** Ákvörðun, sem lögreglustjóri tekur samkvæmt ákvæðum laga þessara og varðar einstakling, getur sá einstaklingur kært til dómsmálaráðuneytisins.

□ Kæra þarf að hafa borist dómsmálaráðuneytinu innan mánaðar frá því að kærandi fékk vitneskju um niðurstöðu lögreglustjóra.

□ Eigi frestar málskot leyfissviptingu eða verkun hennar.

VII. kafli. Refsingar, eignarupptaka o. fl.

■ **34. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

■ **35. gr.** Gera má upptækt til ríkissjóðs: Skotvopn, skotfæri, skotelda og sprengiefni, sem flutt hefur verið til landsins eða framleitt er í landinu án heimildar eða finnst vörslulaust eða er í vörslu manns án heimildar samkvæmt ákvæðum laga þessara.

□ Nú fremur maður brot með nefndum tækjum eða

1977 Nr. 46 13. maí

efnum og skilyrði til upptöku þeirra er fyrir hendi, og er þá heimilt, ef brot er stórfellt, að gera einnig upptæk önnur slík tæki og efni, sem sökunautur hefur leyfi fyrir.

□ Að öðru leyti skal fara um eignarupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.

■ **36. gr.** Dómsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

■ **37. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 69 frá 23. júní 1936, um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau, svo og 23. gr. og 24. gr. laga nr. 55 22. maí 1969, um brunavarnir og brunamál.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** 1. Öll skotvopnaleyfi, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1978. Fyrir þann tíma skulu þeir, sem óska eftir framlengingu leyfa, sækja um það til viðkomandi lögreglustjóra. Nú sækir maður eigi um leyfi eða er synjað um það, skal hann þá tafarlaust skila lögreglu þeim skotvopnum og skotfærum, sem hann hefur undir höndum.

Ef eigi eru skilyrði til eignarupptöku, þá skal fara um sölu sem segir í 32. gr.

2. Öll leyfi til verslunar og innflutnings efna og tækja samkvæmt 1. til 4. mgr. 1. gr., sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1978. Nú sækir leyfishafi ekki um framlengingu leyfis fyrir þennan tíma, eða er synjað um leyfi, skal dómsmálaráðuneytið þá ákveða, hvernig fara skuli með óseldar vörubirgðir greindra efna og tækja, er hann hefur undir höndum.

3. Öll leyfi, sem gefin hafa verið út til framleiðslu á efnum og tækjum samkvæmt 1. til 4. mgr. 1. gr. fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1978. Nú sækir leyfishafi eigi um framlengingu leyfis fyrir þennan tíma eða er synjað um leyfi, skal dómsmálaráðuneytið þá ákveða, hvernig fara skuli með óseldar framleiðslubirgðir.

4. Öll leyfi til manna að mega annast sprengingar, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1979.

5. Dómsmálaráðherra getur framlengt fresti þá, sem greindir eru í bráðabirgðaákvæðum þessum, svo og getur hann sett nánari reglur um aðra framkvæmd ákvæða þessara.

1960 Nr. 35 30. maí Lög um lögheimili.

■ **1. gr.** Sérhver maður, sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi lengur en 6 mánuði, skal eiga lögheimili samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Sama gildir um útlendinga, sem stunda hér atvinnu, þó að dvöl þeirra sé skemmri en 6 mánuðir.

□ Enginn getur átt lögheimili hér á landi á fleiri stöðum en einum í senn.

■ **2. gr.** Þar er lögheimili manns, sem hann á heimili.

□ Heimili manns er sá staður, þar sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði í tómstundum sínum og hefur þá hluti, sem eru honum persónulega tengdir, svo sem fatnað, húsgögn, bækur o. fl.

□ [Það telst eigi heimili, þó maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Sama gildir um dvöl í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð, og það jafnt þótt maður sé eigandi þess húsnæðis, sem hann dvelst í. Sama máli gegnir og um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni. Þegar um er að ræða dvöl á elliheimili, sérhönnuðum heimilum eða íbúðum fyrir aldraða eða öryrkja getur sveitarstjórn heimilað undanþágu frá þessu ákvæði.][1)]

□ Dvalarstaður manns á athafnasvæði varnarliðsins, meðan hann stundar vinnu á vegum þess, telst eigi heimili, nema hann tilkynni dvalarstaðinn sem lögheimili.

[1)] *L. 68/1982, 1. gr.*

■ **3. gr.** Nú á maður samtímis heimili í fleiri sveitarfélögum en einu, og skal hann þá eiga þar lögheimili, sem aðalatvinna hans er og hefur verið 2 síðastliðin ár eða lengur. Það telst aðalatvinna í þessu sambandi, sem varir lengur en 6 mánuði á ári eða hefur gefið í tekjur meira en ⅔ af hreinum árstekjum mannsins. Verði eigi þannig greint á milli um atvinnu í ýmsum sveitarfélögum, skal maðurinn sjálfur ákveða, hvert heimila hans skuli vera lögheimili, en þjóðskráin ákveður, hvert heimilanna skuli vera lögheimili hans, hafi hann sjálfur ekki tilkynnt það.

[□ Maður, sem hefur húsnæði til sumardvalar eða hliðstæðrar tímabundinnar dvalar í öðru sveitarfélagi en hann dvelst í að jafnaði, getur aldrei talist eiga heimili í fleiri sveitarfélögum en einu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar.][1)]

[1)] *L. 109/1973, 1. gr.*

■ **4. gr.** Nú á maður hvergi heimili, og á hann þá lögheimili í sveitarfélagi, þar sem hann stundar atvinnu að staðaldri.

□ Það telst atvinna að staðaldri í sama sveitarfélagi, ef maður hefur stundað þar atvinnu samtals 6 mánuði eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

■ **5. gr.** Maður, sem stundar farmennsku, fiskveiðar eða flutningastarfsemi og hefur hvergi heimili, á lögheimili þar, sem skip það, flugfar eða annað farartæki, sem hann starfar á, hefur aðalbækistöð sína.

■ **6. gr.** Nú verður eigi skorið úr um lögheimili manns samkvæmt ákvæðum 2.—5. gr. laga þessara, og skal hann þá eiga lögheimili í því sveitarfélagi, þar sem hann hefur síðast haft þriggja mánaða samfellda dvöl, sem fellur ekki undir 3. og 4. mgr. 2. gr.

■ **7. gr.** Hjón eiga sama lögheimili. Hafi þau sitt heimilið hvort samkvæmt 2. gr., skal lögheimili þeirra vera hjá því hjónanna, sem hefur börn þeirra hjá sér. Ef börn þeirra eru hjá báðum hjónanna eða þau eru barnlaus, skulu þau sjálf ákveða, á hvorum staðnum lögheimili þeirra skuli vera, ella ákveður þjóðskráin, á hvoru heimilinu telja skuli lögheimili þeirra. Sama gildir, eftir því sem við getur átt, um fólk í óvígðri sambúð, sem á barn eða börn saman.

□ Um lögheimili hjóna, sem slitið hafa samvistum að lögum eða ekki búið saman síðastliðin 2 ár eða lengur eftir vígslu, fer sem um lögheimili einstaklinga.

1960 Nr. 35 30. maí

■ **8. gr.** Börn innan 16 ára eiga sama lögheimili og foreldrar þeirra, ef þeir búa saman. Ef foreldrar eru ekki samvistum, eiga börn þeirra lögheimili hjá því foreldranna, sem foreldraráðin hefur. Nú hefur foreldraráðum ekki verið skipt á milli foreldranna, og á þá barn sama lögheimili og það foreldri, sem það dvelst hjá, eða á dvalarheimili sínu, ef það dvelst hjá hvorugu foreldranna.

□ Sama gildir um kjörbörn og kjörforeldra og fósturbörn og fósturforeldra, sem annast framfærslu fósturbarna sinna án meðgjafar.

□ Munaðarlaus börn, sem ekki eiga fósturforeldra samkvæmt 2. mgr., eiga lögheimili í sveit þeirri, þar sem þau urðu munaðarlaus. Ef þau hafa verið munaðarlaus frá fæðingu, eiga þau lögheimili þar, sem móðir þeirra átti lögheimili, er þau fæddust.

■ **9. gr.** Nú á maður, sem yngri er en 21 árs, lögheimili hjá foreldri sínu eða foreldrum, og heldur hann þá því lögheimili, unz hann verður 21 árs, nema hann eignist sjálfstætt heimili samkvæmt 2. gr., enda hafi hann þá ekki dvalizt á heimili foreldris síns eða foreldra einn mánuð eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

□ Sama gildir um mann, þótt eldri sé en 21 árs, sem stundar nám sem aðalviðfangsefni, unz náminu lýkur.

■ **10. gr.** Rétt er þeim, sem dveljast erlendis við nám, að telja lögheimili sitt í sveitarfélagi, þar sem þeir áttu lögheimili, er þeir fóru af landi brott. Sama gildir um sjúklinga, sem dveljast erlendis vegna veikinda, svo og þá, sem eru erlendis í heimsókn hjá venzlafólki sínu um lengri eða skemmri tíma.

□ [Svo skulu og íslenzkir ríkisborgarar, sem gegna störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands og taka laun úr ríkissjóði, og þeir íslenzkir ríkisborgarar, sem eru starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, eiga lögheimili á Íslandi, þar sem lögheimilið var, er þeir fóru af landi brott.][1)]

□ Þeim, sem 1. og 2. málsgr. tekur til, er þó rétt að telja lögheimili sitt hjá foreldrum sínum eða öðru venzlafólki hérlendis.

[1)] *L. 42/1966, 1. gr.*

■ **11. gr.** Þingseta alþingismanns breytir engu um lögheimili hans og ekki heldur dvöl hans vegna annarra tímabundinna trúnaðarstarfa, svo sem nefndarstarfa í þágu ríkisins. Sama gildir um ráðherra.

■ **12. gr.** Ákvæði laga nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta, skulu gilda um breytingu á lögheimili samkvæmt þessum lögum, eftir því sem við á.

□ Tilkynning um, að lögheimili sé að heimili annars manns, verður ekki tekin til greina, ef hann mótmælir því, að lögheimilið sé talið hjá honum.

■ **13. gr.** Samkvæmt tilkynningum þeim, sem berast samkv. 12. gr., og öðrum þeim gögnum, sem um er rætt í 7. gr. laga nr. 31 27. marz 1956,[1)] um þjóðskrá og almannaskráningu, skal þjóðskráin árlega gera íbúaskrá fyrir hvert sveitarfélag eftir því, hvar hver einstaklingur á lögheimili, sbr. 13. gr. laga nr. 31/1956.

[1)] *Nú l. 54/1962.*

■ **14. gr.** Nú leikur vafi á um lögheimili manns samkv. lögum þessum, og skal þá leita úrskurðar dómara.

□ Rétt er þjóðskránni, aðila sjálfum svo og sveitarfélögum, er málið varðar, að beiðast rannsóknar og úrskurðar um lögheimili, en dómari fer með málið að hætti opinberra mála. Hann skal að jafnaði leita umsagnar og upplýsinga hjá öllum framangreindum aðilum, áður en úrskurður gengur.

□ Nú velta úrslit einkamáls á því, hvar maður á lögheimili samkvæmt lögum þessum, og er þá aðilum þess máls heimilt að leita í samræmi við 2. málsgr. úrskurðar um lögheimilið.

□ Þeim aðilum öllum er og heimilt að áfrýja úrskurði dómara til hæstaréttar.

1960 Nr. 35 30. maí

Lög um íslenzk vegabréf.

1953 Nr. 18 11. febr.

■ **1. gr.** Með reglugerð getur dómsmálaráðherra ákveðið, hvort íslenzkir ríkisborgarar skuli við brottför úr landi eða komu til landsins hafa í höndum vegabréf eða önnur ferðaskilríki.

□ Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um útgáfu vegabréfa til íslenzkra ríkisborgara. Lögreglustjórar sjá um útgáfu vegabréfa hver í sínu umdæmi og útsendir fulltrúar landsins erlendis í embættisskrifstofum sínum.

□ Utanríkisráðuneytið gefur út vegabréf fyrir starfsmenn sína (diplomatisk vegabréf), svo og önnur sérstök vegabréf, samkvæmt reglum, er það setur.

■ **2. gr.** Neita má um útgáfu vegabréfs fyrir íslenzkan ríkisborgara eða ógilda vegabréf, sem þegar hefur verið gefið út, þegar svo stendur á:

1. að fram er komin kæra gegn hlutaðeiganda um refsivert brot, sem ætla má að varði refsivist, og ástæður benda til þess, að hann muni reyna að komast undan ábyrgðinni með því að fara úr landi eða dveljast áfram í útlöndum;

2. að hlutaðeigandi hefur verið dæmdur til refsivistar sem ekki hefur verið afplánuð, eða hefur sætt sektarrefsingu eða eignaupptöku, sem hefur ekki náð fram að ganga og hefur ekki verið sett trygging fyrir, og aðstæður benda til þess, að hann muni reyna að komast undan ábyrgðinni með því að fara úr landi eða dveljast áfram í útlöndum;

3. að brottför hans mundi brjóta í bága við lagaákvæði, sem eiga að tryggja nærveru manns í landinu, þar til hann hafi fullnægt skuldbindingum, sem á honum hvíla gegn almannavaldinu eða einstaklingum.

□ Sá, sem neitað hefur verið um vegabréf eða hefur sætt ógildingu vegabréfs síns, samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar, getur krafizt þess, að ágreiningi um gildi þeirrar athafnar verði skotið til dómstólanna. Ef ógilda skal vegabréf manns, sem dvelur í útlöndum, skal skjóta ákvörðun um ógildinguna til hlutaðeigandi dómstóls, áður en hún kemur til framkvæmda.

■ **3. gr.** Sá, sem:

1. með vísvitandi röngum upplýsingum eða sviksamlegu undanskoti upplýsinga gagnvart útgefendum vegabréfa aflar sér ranglega vegabréfs eða annars ferðaskilríkis eða verður þess valdandi, að vegabréf eða annað ferðaskilríki, sem gefið er út fyrir hann, hljóðar ekki á raunverulegt nafn hans og fæðingardag,

2. aflar sér í ólögmætum tilgangi fleiri en eins vegabréfs eða ferðaskilríkis, er hljóðar á nafn hans,

3. breytir eða nemur brott, í ólögmætum tilgangi, hluta af vegabréfi eða öðru ferðaskilríki eða áritanir á því,

skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6

1953 mánuðum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt
Nr. 18 hinum almennu hegningarlögum.
11. febr. ■ **4. gr.** Fyrir önnur brot gegn lögum þessum eða fyrirmælum, sem sett verða samkvæmt þeim, skal refsað með sektum. Þó má beita varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum, ef sakir eru miklar.

□ Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

□ Sektir samkvæmt lögum þessum skulu renna í ríkissjóð.

1965 **Lög um eftirlit með útlendingum.**
Nr. 45 ■ **1. gr.** Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða með
12. maí reglugerð, að útlendingar, sem koma til landsins eða fara þaðan, skuli hafa vegabréf eða önnur kennivottorð.

□ Dómsmálaráðherra getur kveðið á um, hvort í vegabréfi (kennivottorði) skuli vera áritun (visum) um heimild til að koma til landsins.

□ Samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, má gefa út sérstök ferðaskilríki handa útlendingi, sem eigi getur með öðrum hætti aflað sér vegabréfs eða annars kennivottorðs.

■ **2. gr.** Hver sá, sem kemur til landsins eða fer þaðan, er skyldur til samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, að gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið, sýna vegabréf sitt eða annað kennivottorð og veita þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru.

□ Stjórnendur skipa og loftfara eru skyldir til að fara eftir reglum um framkvæmd vegabréfaskoðunar.

■ **3. gr.** Útlending, er kemur hingað á íslenzku eða erlendu skipi eða loftfari og heyrir til áhöfn skipsins eða loftfarsins, má eigi afskrá, nema með leyfi dómsmálaráðherra. Stjórnandi farartækisins ber ábyrgð á, að afskráning fari ekki fram án leyfis. Ef ætlunin er að skrá útlending á íslenzkt eða erlent skip eða loftfar hér á landi, ber tafarlaust að tilkynna það lögreglunni. Stjórnandi farartækisins skal ganga úr skugga um, hvort útlendingurinn hafi nauðsynlegt atvinnuleyfi.

□ Skipstjóri, útgerðarmaður eða umboðsmaður hans hér á landi eru skyldir til að endurgreiða þann kostnað, sem brot á framangreindum reglum kann að valda hinu opinbera vegna ólöglegrar dvalar útlendingsins og heimsendingar hans, svo og kostnað vegna heimsendingar skipverja, sem strokið hefur í land eða orðið þar eftir, eða flutning hans um borð í skipið aftur. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um skyldur skipstjóra, útgerðarmanns eða umboðsmanns hans hér á landi til að endurgreiða kostnað, er fallið hefir á hið opinbera vegna dvalar laumufarþega hér á landi og heimsendingar þeirra.

□ Reglur 2. málsgr. gilda eftir því sem við á, um flugstjóra, flugfélög eða umboðsmenn þeirra hér á landi.

■ **4. gr.** Dómsmálaráðherra veitir leyfi þau, sem þarf til landgöngu og dvalar samkvæmt lögum þessum. Hann getur veitt lögreglustjórum heimild til útgáfu slíkra leyfa, svo og sendiherrum og ræðismönnum Íslands erlendis.

■ **5. gr.** Útlendingar, sem þurfa sérstaka heimild til landgöngu samkv. ákvæðum 2. málsgr. 1. gr. (visum), mega ekki dvelja hér lengur en vegabréfsáritun segir til um, nema sérstakt leyfi komi til.

□ Öðrum útlendingum er óheimilt án sérstaks leyfis að **1965**
dvelja lengur en þrjá mánuði í senn, frá því að þeir Nr. 45
koma til Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs eða 12. maí
Svíþjóðar frá einhverju öðru landi. Draga ber frá nefndu þriggja mánaða tímabili þann tíma, er nemur dvöl útlendingsins í framangreindum löndum á síðustu sex mánuðum fyrir seinustu komu hans hingað. Ef sá tími samanlagður er lengri en þrír mánuðir, er landganga óheimil án sérstaks leyfis.

□ Nú hefir útlendingur sem 2. málsgr. tekur til, hlotið dvalarleyfi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, og skal honum þá heimilt, meðan það leyfi er í gildi, að dvelja hér á landi án sérstaks leyfis í allt að þrjá mánuði frá komudegi að telja. Frá þriggja mánaða tímabilinu ber þó að draga þann tíma, sem útlendingur hefir dvalið hér á síðustu sex mánuðum fyrir seinustu komu hans hingað. Nemi sú dvöl meiru en þremur mánuðum, þarf útlendingurinn sérstakt leyfi til landgöngu.

■ **6. gr.** Um rétt útlendings til þess að ráða sig í vinnu, stöðu eða starf, vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki hér á landi gilda ákvæði laga nr. 39 15. marz 1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

■ **7. gr.** Í samninga við önnur ríki má setja ákvæði um gagnkvæmar undanþágur frá reglum um dvalarleyfi.

■ **8. gr.** Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða með reglugerð, að þeir, sem hýsa útlendinga gegn greiðslu eða ókeypis, skuli tilkynna það lögreglunni og veita þær upplýsingar um útlendinginn, sem nauðsynlegar eru.

□ Ráðherra getur ákveðið, að þeir, sem hýsa útlendinga gegn greiðslu, skuli, auk tilkynninga þeirra, er að framan greinir, eða í stað þeirra, halda löggilta gestabók, sem lögreglan hefir aðgang að. Bókina skal geyma a. m. k. í tvö ár, eftir að hún er fullskráð.

■ **9. gr.** Útlendingur er skyldur til að færa sönnur á, að hann sé sá, er hann segist vera, ef lögreglan krefst þess í tilefni af upplýsingum, sem veittar hafa verið samkv. 8. gr. eða af öðrum ástæðum.

□ Dómsmálaráðherra getur sett sérstakar reglur um tilkynningarskyldu útlendinga, meðan þeir dvelja hér á landi, svo og fyrirskipað, að þeir skulu ávallt bera vegabréf eða önnur kennivottorð og sýna þau lögreglunni, ef krafizt er. Í reglugerð má kveða á um skyldu þjóðskrár og sjúkrasamlaga til þess að láta lögreglunni í té upplýsingar um útlendinga.

■ **10. gr.** Meina ber útlendingi landgöngu:

1. Ef hann fullnægir ekki þeim reglum, sem settar eru samkv. 1. gr. um ferðaskilríki og vegabréfsáritun, svo og samsvarandi reglum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, ef hann ætlar að ferðast til þeirra landa.

2. Ef ætla má, að hann hafi eigi nægileg fjárráð sér til framfærslu hér á landi eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, ef hann ætlar að fara til þeirra landa, svo og til heimferðar.

3. Ef ætla má, að hann hafi í hyggju að ráða sig í vinnu hér á landi eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, án þess að hafa aflað sér leyfis til þess fyrirfram.

4. Ef ætla má, að hann muni vinna fyrir sér hér á landi, í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð á ólögmætan eða óheiðarlegan hátt.

5. Ef hann hefir verið dæmdur hér á landi eða erlendis í refsivist eða ætla má af öðrum ástæðum, að hann muni fremja refsiverðan verknað hér á landi eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

6. Ef ætla má af fyrri hegðun hans eða af öðrum ástæðum, að tilgangur hans með komu hingað til lands eða til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingastarfsemi.

7. Ef honum hefir verið vísað héðan úr landi eða úr Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, og hann reynir að koma aftur án leyfis. Heimilt er enn fremur að meina útlendingi landgöngu, ef nauðsynlegt er talið af öðrum ástæðum en þeim, er í 1. málsgr. segir.

□ Lögreglustjóri kveður upp úrskurð um synjun landgönguleyfis eins fljótt og unnt er eftir komu útlendinga til landsins.

□ Nú ber útlendingur, að hann hafi orðið að leita sér hælis sem pólitískur flóttamaður, enda teljist framburður hans sennilegur, og má lögreglan þá eigi meina honum landgöngu. Leggja ber málið án tafar fyrir dómsmálaráðherra til úrskurðar.

□ Samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra má meina útlendingi landgöngu, ef ætla má af öðrum ástæðum en um ræðir í 1. málsgr., að hann sé kominn hingað til starfa eða athafna, sem eru ólöglegar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum útlendingsins er að öðru leyti svo háttað, að vist hans hér á landi megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings. Nú telur lögreglustjóri, að meina beri útlendingi landgöngu af ástæðum, er raktar eru í þessari málsgr., og ber þá að leggja málið undir úrskurð ráðherra svo fljótt sem því verður við komið.

□ Dómsmálaráðherra getur sett sérstakar reglur um synjun landgönguleyfis fyrir laumufarþega.

■ **11. gr.** Dómsmálaráðherra er heimilt að vísa útlendingi úr landi:

1. Ef meina hefði mátt útlendingnum landgöngu af ástæðum, sem raktar eru í 1. málsgr. 10. gr., og þær ástæður eru enn fyrir hendi.

2. Ef hann, af ásettu ráði eða þrátt fyrir aðvörun lögreglunnar, vanrækir ítrekað tilkynningarskyldu samkvæmt lögum þessum.

3. Ef hann brýtur gegn reglum um vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða atvinnuleyfi eða skilyrðum, sem þau eru bundin. Sama gildir, ef hann hefir aflað sér leyfis með vísvitandi röngum upplýsingum eða með því að leyna í blekkingarskyni atvikum, er máli skipta.

4. Ef áframhaldandi dvöl hans hér á landi telst hættuleg hagsmunum ríkisins eða almennings, eða vist hans er óæskileg af öðrum ástæðum.

□ Nú er heimilt að vísa útlendingi úr landi, og getur dómsmálaráðherra þá, ef ástæður mæla með því, lagt fyrir hann að verða brott úr landi innan ákveðins frests, sem ráðherra tiltekur, enda sjái lögreglan um, að þeim fyrirmælum verði hlýtt.

■ **12. gr.** Lögreglustjóra er heimilt að vísa útlendingi úr landi:

1. Ef hann hefir komizt inn í landið án þess að gefa sig fram við íslenzka, danska, finnska, norska eða sænska vegabréfaeftirlitið.

2. Ef honum hefir áður verið vísað héðan úr landi og hann er kominn til landsins aftur án tilskilins leyfis.

□ Lögreglustjóri getur enn fremur vísað úr landi útlendingi, sem ekki er danskur, finnskur, norskur eða sænskur ríkisborgari, ef honum hefir áður verið vísað úr landi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og bannað að koma þangað aftur, en kemur til Íslands án þess að hafa fengið leyfi til komu þangað eða til þess eða þeirra landa, er að framan greinir.

□ Ef um er að ræða tilvik, er falla undir 4. málsgr. 10. gr., getur lögreglustjóri þó eigi vísað manni úr landi, en leggja ber þá málið undir úrskurð dómsmálaráðherra svo fljótt sem unnt er.

■ **13. gr.** Nú hefir útlendur maður setzt að hér á landi, og skal þá vísa honum burt, ef hann verður, áður en hann hefir dvalizt hér full fimm ár samfleytt, sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti. Skal þá tekið fram í refsidómi, að sökunautur skuli verða af landi burt, þegar hann hefir þolað refsingu samkvæmt dómnum.

■ **14. gr.** Nú hefir ákvörðun verið tekin um að vísa útlendingi úr landi, samkv. 11., 12. eða 13. gr., og má þá jafnframt ákveða, að lagt sé fyrir hann bann gegn endurkomu til landsins, annaðhvort um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Bannið skal bóka í gerðarbók um útlendinga, og skal þar getið um refsiábyrgð þá, er leiðir af broti gegn banninu.

□ Heimilt er dómsmálaráðherra að fella niður bann, samkv. 1. málsgr., ef ástæður mæla með því.

■ **15. gr.** Lögreglunni ber að tryggja návist útlendings, þar til úrskurður fellur um það, hvort meina beri honum landgöngu eða vísa úr landi, svo og til framkvæmdar slíkrar ákvörðunar. Í þeim tilgangi má leggja fyrir útlendinginn að mæta hjá lögreglunni á ákveðnum tímum eða banna honum för úr ákveðnu takmarki. Nú verður eigi talið, að ráðstafanir þessar veiti fullnægjandi öryggi fyrir návist útlendings, og er þá heimilt að færa hann í gæzlu, samkvæmt reglum IX. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 82 21. ágúst 1961,[1] með þeim tilslökunum, er leiðir af eðli málsins.

□ Ef dráttur verður á framkvæmd brottflutnings fram yfir fjórtán daga, ber lögreglustjóra án tafar að skýra ráðherra frá ástæðum fyrir því.

[1] *Nú l. 74/1974.*

■ **16. gr.** Allur kostnaður, sem leiðir af því, að útlendingi er meinuð landganga eða vísað úr landi, samkv. heimild í lögum þessum, þar á meðal kostnaður af fæði, húsnæði, nauðsynlegum fatnaði og gæzlu, greiðist af honum sjálfum. Ef fé hans hrekkur eigi fyrir kostnaði, greiðist það, sem á vantar, úr ríkissjóði.

■ **17. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að sex mánuðum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

□ Sömu refsingu skal sá hljóta, sem:

1. Aflar sér vegabréfs eða annars ferðaskilríkis á ólögmætan hátt með því að gefa yfirvaldi rangar upplýsingar eða leyna vísvitandi staðreyndum eða veldur því, að vegabréf eða annað ferðaskilríki er ekki með réttu nafni hans eða fæðingardegi.

2. Aflar sér í ólögmætum tilgangi fleiri en eins vegabréfs eða ferðaskilríkis, sem gefið er út á nafn hans.

1965 Nr. 45 12. maí

3. Breytir eða fjarlægir í ólögmætum tilgangi hluta úr vegabréfi eða ferðaskilríki eða áritanir, sem þar eru.

4. Kemst í land eða úr landi án þess að hafa samband við íslenzka, danska, finnska, norska eða sænska vegabréfaeftirlitið.

5. Á hlutdeild í að leyna útlendingi fyrir lögreglunni, ef hann veit eða á að vita, að útlendingurinn hefir komizt í land án þess að hafa samband við íslenzka, danska, finnska, norska eða sænska vegabréfaeftirlitið, eða dvelur hér á landi ólöglega af öðrum ástæðum.

6. Brýtur gegn fyrirmælum, sem gefin eru samkv. heimild í 14. gr., þessara laga eða ákvæðum eldri útlendingalöggjafar.

☐ Tilraun til brota á lögum þessum og hlutdeild í þeim er refsiverð.

☐ Sá, sem á hlutdeild í því, að útlendingur kemst inn í landið án þess að hafa samband við vegabréfaeftirlitið, skal, auk refsiábyrgðar, skyldur til að greiða þann kostnað, sem fellur á hið opinbera vegna ólöglegrar dvalar útlendingsins hér á landi og heimsendingar hans.

■ **18. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara með að hætti opinberra mála.

☐ Ef halda þarf ella dómsrannsókn um hagi útlendra manna hér vegna einhverra atriða varðandi framkvæmd laga þessara, skal hún fara að hætti opinberra mála.

☐ Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

■ **19. gr.** Enginn á kröfu á upplýsingum um yfirlýsingar, sem gefnar eru vegna umsóknar um leyfi til landgöngu, dvalar eða atvinnu, né um mál, er varða synjun um landgöngu, brottvísun eða niðurfellingu fyrirskipunar um vísan úr landi.

■ **20. gr.** Sérstök stofnun, útlendingaeftirlitið, sem lögreglustjórinn í Reykjavík veitir forstöðu og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðuneytisins, er ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laga þessara, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

☐ Lögreglustjórar fara með útlendingaeftirlit, hver í sínu umdæmi, með aðstoð löggæzlumanna. Í hverju lögsagnarumdæmi skal halda skrá yfir útlendinga, er þar dvelja. Heildarskrá yfir útlendinga skal vera í útlendingaeftirlitinu.

■ **21. gr.** Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara setur ráðherra með reglugerð.

■ **22. gr.** ... Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær ákvæði 2. og 3. málsgr. 5. gr., 1. málsgr. 10. gr., 1. og 2. málsgr. 12. gr. og 4. og 5. tölul. 2. málsgr. 17. gr. koma til framkvæmda gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

1982 Nr. 26 14. apríl

Lög um atvinnuréttindi útlendinga.

■ **1. gr.** Ákvæði laga þessara gilda um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi og í landhelgi Íslands. Í lögum þessum telst hver sá maður útlendingur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt.

■ **2. gr.** Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að taka útlendinga í þjónustu sína gegn kaupgreiðslu í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, eða hlutast til um að útlendingar flytjist til landsins í því skyni, án leyfis félagsmálaráðherra.

☐ Útlendingum er óheimilt að ráða sig í vinnu eða gegna þjónustu hjá öðrum, nema atvinnuleyfi hafi verið veitt samkvæmt lögum þessum.

1982 Nr. 26 14. apríl

■ **3. gr.** Félagsmálaráðherra veitir atvinnurekendum atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um erlenda sérfræðinga er að ræða, eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

☐ Skilyrði þess að atvinnuleyfi megi veita samkvæmt lögum þessum eru eftirfarandi:

1. Að fyrir liggi umsögn stéttarfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, eða viðkomandi landssambands ef ekki er stéttarfélag á staðnum.

2. Að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis, sem tryggi erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, ásamt tilvísun til þess kjarasamnings sem um starfið gildir.

Enn fremur skulu vera í ráðningarsamningi ákvæði um flutning viðkomandi frá Íslandi að starfstíma loknum svo og um greiðslur ferðakostnaðar og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit, sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi sé einnig tilgreint hvernig háttað sé fæði og húsnæði svo og ákveðið hvernig með skuli fara þegar atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979.

3. Í ráðningarsamningi skal vera ákvæði þess efnis að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar, sem 5. gr. laga þessara gerir ráð fyrir, áður en skrifað var undir samninginn, enda hvílir sú skylda á herðum atvinnurekanda eða umboðsmanns hans að sjá um að sú upplýsingaskylda sé rækt.

4. Að vottorð viðkomandi yfirvalda liggi fyrir um að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir erlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn erlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur.

5. Heilbrigðisvottorð viðkomandi starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins. Heimilt er ráðherra að víkja frá þessu skilyrði þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

☐ Heimilt er félagsmálaráðherra að veita nafnlaust atvinnuleyfi til bráðabirgða og gilda þá ekki ákvæði 2., 3. og 5. töluliðar 2. mgr. Fullnaðaratvinnuleyfi má ekki veita fyrr en fullnægt er skilyrðum þessarar greinar, þar með talið innlent heilbrigðisvottorð.

☐ Óheimilt er að veita atvinnuleyfi útlendingi sem hefur ekki leyfi til dvalar hér á landi skv. lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, eða hefur verið gert að fara af landi brott skv. þeim lögum.

■ **4. gr.** Með umsókn um atvinnuleyfi skulu vera upplýsingar um tegund vinnu, aðila viðkomandi kjarasamnings og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum. Í umsókn skal enn fremur færa rök fyrir nauðsyn þess að ráða erlent starfsfólk.

☐ Áður en atvinnuleyfi er veitt rannsakar vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins sjálfstætt atvinnuástand á viðkomandi stað, séu slíkar upplýsingar ekki þegar fyrir hendi. Leita skal umsagnar útlendingaeftirlitsins áður en atvinnuleyfi er veitt.

☐ Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins skal árlega leita álits vinnumarkaðarins um almenna stefnumörkun varðandi ráðningu erlends starfsfólks, sbr. 53. og

54. gr. laga nr. 13/1979 og reglugerð skv. þeim lögum.

■ **5. gr.** Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins útbýr og dreifir skriflegum upplýsingum til sendiráða Íslands og annarra sem þess óska. Í upplýsingum þessum skal greint frá reglum um dvalarleyfi, almennum launakjörum, vinnutíma, aðbúnaði við vinnu hér á landi, sköttum og opinberum gjöldum, rétti til yfirfærslu fjármuna og um réttindi og skyldur, sem erlent starfsfólk tekst á hendur við vistráðningu hérlendis. Þá skal enn fremur bent á sérreglu 3. gr. laga nr. 19/1979 um rétt atvinnurekenda til að fella niður launagreiðslur þegar atvinna stöðvast af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Einnig skal gerð grein fyrir rétti fiskverkafólks til kauptryggingarsamninga.

□ Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins fylgist með starfskjörum útlendinga hérlendis og framkvæmd á ráðningarsamningum þeirra, eftir því sem tilefni gefst til.

■ **6. gr.** Hvers konar áróður til þess fallinn að hvetja til innflutnings verkafólks til landsins er óheimill ef hann er villandi eða byggður á röngum eða ónógum upplýsingum.

■ **7. gr.** Atvinnuleyfi skv. 3. gr. skulu bundin við ákveðið starf og ákveðinn tíma. Leyfi skulu eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn.

■ **8. gr.** Þegar sérstaklega stendur á og ef sérstakar ástæður mæla með því, getur félagsmálaráðherra veitt útlendingum leyfi til að stunda atvinnu á Íslandi, án þess að leyfi sé veitt ákveðnum atvinnurekanda (sjálfstætt atvinnuleyfi), og þurfa þá atvinnurekendur þeir, sem leyfishafi vinnur hjá, ekki að sækja um atvinnuleyfi fyrir hann skv. 3. gr.

□ Við veitingu slíkra leyfa skal m. a. tekið tillit til:

1. hve lengi útlendingur hefur dvalið hér á landi,
2. hvort hann á hér lögheimili,
3. hvort hann á íslenskan maka eða náin skyldmenni hér á landi,
4. hvort hann ætlar sér að vinna sams konar störf hjá fleiri aðilum en einum, þannig að fleiri atvinnuleyfi en eitt þyrfti, ef leyfi væri veitt samkv. ákvæðum 3. gr.

□ Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að hin almennu skilyrði 3. gr. um sérþekkingu eða eftirspurn eftir vinnuafli séu fyrir hendi.

□ Atvinnuleyfi skv. þessari grein eru bundin við ákveðna starfsgrein og ákveðinn tíma, og skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en tveggja ára í senn. Eftir fimm ára samfellda búsetu má þó veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma.

■ **9. gr.** Útlendingi er óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra (atvinnurekstrarleyfi), nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnvalda lögum samkvæmt. Leita skal umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Stéttarsambands bænda, B.S.R.B. og B.H.M., eftir því sem við á í slíku máli.

□ Leyfi samkvæmt þessari grein skal því aðeins veita, að:

1. umsækjandi eigi lögheimili á Íslandi og hafi átt það síðasta árið,
2. umsækjandi sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu.

□ Heimilt er að synja manni um leyfi, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

□ Leyfi samkvæmt þessari grein er bundið við ákveðna starfrækslu og ákveðinn tíma, og skal eigi veita slíkt leyfi til lengri tíma en þriggja ára í senn.

■ **10. gr.** Leyfi samkvæmt lögum þessum má binda öllum þeim skilyrðum um löggæslu, hollustuhætti, framfærslu, iðnnám eða aðra sérmenntun og sérhvað annað sem ráðherra telur nauðsynlegt eða heppilegt ríkis eða almennings vegna.

■ **11. gr.** Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir:

1. útlendinga, sem stunda eingöngu nám í skólum, sem íslenska ríkið á eða styrkir,
2. útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja,
3. útlendinga, sem verið hafa íslenskir ríkisborgarar frá fæðingu, en misst hafa íslenskan ríkisborgararétt,
4. útlendinga, er hér höfðu aðsetur, er lög nr. 13 31. maí 1927 komu til framkvæmda, og hafa dvalið hér samfleytt síðan,
5. danska ríkisborgara, sem lög nr. 18 24. mars 1944, sbr. lög nr. 85 9. okt. 1946, taka til,
6. útlendinga, sem undanþegnir eru atvinnuleyfi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að,
7. danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara er dvalið hafa þrjú ár samfleytt eða lengur í landinu.

■ **12. gr.** Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða þann sektum, er hefur útlending í vinnu án leyfis, svo og útlending, er starfar án leyfis. Sömu refsingu varðar það ef ekki eru haldin skilyrði eða brotin ákvæði, er sett kunna að verða í leyfi, sem veitt eru samkvæmt lögum þessum. Hafi aðili hlutast til um að útlendingur, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, flytjist til landsins til að taka hann í þjónustu sína, ber þeim aðila að sjá um brottflutning slíks erlends starfsmanns, innan þess tíma sem ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

□ Heimilt er ráðherra að láta stöðva með lögbanni þær framkvæmdir, er útlendingar starfa við án leyfis, þar til þeir eru farnir úr landi eða hættir störfum og tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

□ Þegar umsókn um atvinnuleyfi er afgreidd ber jafnframt að tilkynna hinum erlendu starfsmönnum leyfisveitingar eða synjanir, er þá varða, og enn fremur útlendingaeftirlitinu.

□ Félagsmálaráðherra getur afturkallað leyfi, sem veitt eru skv. lögum þessum, ef brotin eru ákvæði laganna eða skilyrðum, sem sett eru í leyfum, er ekki fullnægt, svo og ef veruleg breyting verður á leyfistímanum á eftirspurn og framboði vinnuafls.

■ **13. gr.** Rétt er félagsmálaráðherra að láta flytja þá erlendu menn, ásamt skylduliði, af landi brott, er teknir eru að stunda atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi gagnstætt ákvæðum laga þessara, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annarra, og skal sá flutningur vera á kostnað þess er hefur ráðið þá til sín, en ella á eigin kostnað.

■ **14. gr.** Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta opinberri meðferð.

□ Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

1982 Nr. 26 14. apríl

1876 Nr. 3 14. jan.

Lög um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Um útflutningsstjóra.

■ **1. gr.** Enginn má koma fram sem útflutningastjóri, nema hann hafi fengið sérstakt leyfi til þess. Sérhver sá verður álitinn útflutningastjóri, sem á sjálfs sín eða annarra kostnað tekst á hendur að annast um flutning útfara í aðrar heimsálfur. Engir aðrir en þeir, sem eru löggildir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gera samninga við útfara um slíkan flutning, eða bjóða fram milligöngu sína, til þess að gera slíka samninga. Samt skulu þessi lög eigi eiga við flutninga beina leið frá höfnum á Íslandi, ef útfarar þeir, sem vilja fara þaðan með einhverju skipi, eru allir frá sama heimili og þar hjá eigi fleiri en 10.

■ **2. gr.** Leyfi það, sem með þarf samkvæmt 1. gr., verður aðeins veitt mönnum, sem hafa óflekkað mannorð og eru orðnir fulltíða og sem eru búsettir á Íslandi og hafa haft þar fast heimili í 5 ár. Samt getur landshöfðingi[1)] veitt undanþágur frá því, sem ákveðið er um þá tímalengd, er þeir skuli hafa verið heimilisfastir á Íslandi. Sé leyfið vanbrúkað, einkanlega til þess að tæla menn til útflutnings með ósönnum fortölum, getur yfirvald það, sem hefur veitt leyfið, tekið það aftur, hvenær sem vera skal.

□ Umboð til þess að koma fram fyrir hönd útflutningastjóra verður eigi veitt neinum, sem ekki fullnægir skilyrðum þeim, sem eftir því sem sagt er að framan, útheimtast að því leyti, er snertir útflutningastjórann sjálfan. Útflutningastjórinn hefur að öllu leyti ábyrgð á afbrotum umboðsmannsins gegn lögum þessum.

[1)] *Nú dómsmálaráðuneyti, sbr. augl. A 96/1969.*

Um flutninga beina leið.

■ **3. gr.** Landshöfðinginn einn getur veitt leyfi til þess að flytja útfara frá Íslandi beina leið í aðrar heimsálfur. Beiðninni um slíkt leyfi skal fylgja nákvæm skýrsla um nafn skipsins, sem á að hafa til flutningsins, tegund þess, stærð og fyrirkomulag, og um það, hvað marga útfara megi taka á skipið. Áður en leyfið er veitt, getur landshöfðingi sett þau skilyrði og heimtað það veð, sem hann álítur nauðsynlegt til tryggingar útförunum.

□ Landshöfðinginn skýrir lögreglustjóranum á þeim stað, er honum er sagt, að skipið eigi að leggja frá, frá leyfinu og þeim skilyrðum, sem það er bundið. Án skriflegs samþykkis lögreglustjórans má eigi afgreiða skipið til útsiglingar. Áður en samþykkið er veitt, skal lögreglustjóri ganga úr skugga um, að skilyrðunum sé nákvæmlega fullnægt, og að þeir útfarar, sem tekið er við á skipið, hafi löggilda samninga.

Um flutninga, sem eigi ganga beina leið.

■ **4. gr.** Leyfi til þess að takast á hendur flutning útfara yfir hafnir í Norðurálfunni veitir lögreglustjórinn á þeim stað, þar sem sá er búsettur, er sækir um leyfið.

□ Sá, sem sækist eftir slíku leyfi, skal segja til, hvort hann ætli að reka erindi fyrir sjálfan sig eða í umboði annarra; sé svo, skal hann sýna fram umboðsskrá sína frá útflutningafélagi því eða skipsútgerðarmönnum, sem hann kemur fram fyrir, og fá lögreglustjóra í hendur eitt exemplar af félagslögunum eða þeim reglum, er almenningi hefur verið skýrt frá, að þeir ætli að fylgja.

■ **5. gr.** Áður en leyfið er veitt, verður sá, sem í hlut á, að setja veð eftir nákvæmari ákvörðun lögreglustjóra, sem sé að minnsta kosti 6000 kr. og allt að því 20 000 kr., annaðhvort á þá leið, að annar maður, sem þykir áreiðanlegur, ábyrgist eins og hann sjálfur ætti í hlut, eða með því að láta af hendi skuldabréf sem geymslufé. Þegar tiltaka skal upphæðina, skal sérstaklega tekið tillit til þess, hvort erindsrekinn ætlar að fá leyfi til að flytja útfara lengra áleiðis en til þess staðar, þar sem lenda á skipinu í annarri heimsálfu, og ef svo er, má eigi tiltaka minni upphæð en 14 000 kr. Veðið er til tryggingar fyrir öllum þeim skyldum, sem erindsrekinn bakar sér gagnvart útförunum, eða ef brotið er gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og hvernig sem á stendur verður veðið eigi heimtað aftur, fyrr en eitt ár er liðið frá því, að erindsrekinn hætti við þessi störf.

□ Í hvert skipti, sem lögreglustjóri veitir slíkt leyfi, skal hann skýra landshöfðingja frá því, og frá hvernig veði því, sem sett er, er varið, og svo upphæð þess, og má leggja undir úrskurð hans allar þær spurningar, sem snerta veiting á leyfi því, sem verið er að ræða um.

□ Bæði landshöfðingi og lögreglustjórinn geta hve nær sem vera skal krafizt þess, að veð það, sem sett er, verði fært upp í hina hæstu upphæð, sem getið var að framan.

■ **6. gr.** Ætli útflutningastjóri að hafa um hönd störf þessi annars staðar en þar, sem hann er búsettur, skal skýra þeim lögreglustjóra frá því, sem hefur veitt leyfið, og skal þar að auki sýna það lögreglustjórunum á þeim stöðum, þar sem áformað er að nota það.

□ Umboð handa öðrum til þess að koma fram fyrir hönd erindsrekans skal vera skriflegt, og eftir að lögreglustjórinn, sem veitt hefur erindsrekanum leyfið, hefur ritað vottorð sitt á umboðsskrána, skal hún sýnd lögreglustjórunum á sérhverjum þeim stað, þar sem hana á að nota.

■ **7. gr.** Öll skip ...[1)] er fluttir eru á útfarar frá höfnum á Íslandi til hafna í Norðurálfunni, skulu vera undirgefin umsjón lögreglustjórnarinnar, og má eigi taka útfara á skip, fyrr en lögreglustjórinn á þeim stað, er skipið leggur út frá, hefur gefið skriflegt leyfi til þess.

□ Áður en leyfi þetta verður veitt, skal lögreglustjóri ganga úr skugga um, að skipið sé hentugt til þess augnamiðs, sem til er ætlazt, sumpart með því að láta menn, sem vit hafa á, undir sinni tilsögn halda skoðunargerð, sumpart með því að rannsaka skoðunarskírteini þau, sem gefin eru út á þeim stað, þar sem skipið á heima, en skírteini þessi gilda þó eigi lengur en eitt ár frá því, að þau eru gefin út.

□ Í leyfinu skal nákvæmar tiltekið, hvað marga útfara megi taka á skipið, og má setja þar þær nákvæmari reglur, sem nauðsyn þykir á að segja fyrir um að því leyti, er snertir tilhlýðilega meðferð á útförunum.

□ Útflutningastjóri sá, er í hlut á, tekur þátt í ábyrgðinni á því, að enginn útfari, sem hann hefur tekið að sér að flytja, verði látinn ganga á nokkurt skip, sem ákvörðun sú sem hér er sett, á við, fyrr en leyfi það, sem með þarf handa skipinu, er útvegað.

[1)] *L. 9/1896, 2. gr.*

■ **8. gr.** Áður en útflutningaskip leggur af stað frá Íslandi, skulu bæði skipverjar og farþegar rannsakaðir af lækni, er lögreglustjórinn fær til þess; skal hann ganga úr skugga um, að hvorugir sé veikir af neinni næmri sótt, er valda má faraldri, og enginn af farþegunum svo sjúkur eður heilsutæpur, að álíta megi, að hann

sé ekki ferðafær. Útflutningastjóri skal ábyrgjast, að allir menn á skipinu gefi sig fram til læknisrannsóknar.

■ **9. gr.** Fyrir tilsjón með útflutningum skal lögreglustjóra og lækni greiðast 20 krónur hvorum, fyrir hvert útflutninga-skip, er þeir skoða, en þurfi þeir að verja lengri tíma en einum degi til þessa, þá skulu þeim þar að auki greiðast 6 kr. um hvern dag. Hin sömu daglaun ber skoðunarmönnum þeim, er lögreglustjóri kveður til að gera skoðunina með sér, og skal útflutningastjóri greiða kostnað þann allan, er af skoðunargerðinni leiðir, og fá í hendur hlutaðeigandi lögreglustjóra.

■ **10. gr.** Rúm það, er hverjum farþega á útflutningaskipi er ætlað, má eigi minna vera en 12 □ fet, ef það er á efri miðþiljum, eður í lyfting á efstu þiljum, og eigi minna en 30 □ fet, sé það á neðri miðþiljum (Banjerdæk). Skal þetta rúm autt af öllu öðru en rekkjum farþega, fötum þeirra og öðru, er þeir nauðsynlega þurfa að hafa við hönd á ferðinni. Sérstök svefnherbergi skulu höfð fyrir ógiftar konur, og önnur fyrir ókvænta menn, og skal það ekki haft saman. Sé skipið fermt kaupvöru jafnframt og það flytur fólk, skal að minnsta kosti vera 6 feta bil frá yfirborði farmsins til yfirþilja farþegarúmsins.

■ **11. gr.** Rúm það, er farþegum er áskilið í næstu grein hér á undan, skal vera svo, að það veiti farþega nóg loft og birtu, svo og nóga hlífð fyrir vætu og kulda. Ekki má skip, er fólk flytur, taka til flutnings jafnframt neina þá vöru, er illur þefur er af, eður hættu getur valdið fyrir heilsu farþega, heldur ekki púður né eldspýtur þær, er af brennisteini eru gjörvar, nema hið minnsta sem þörf er á fyrir sjálfa skipverja.

■ **12. gr.** Ekki skal á útfaraskipum búa til rekkjupall fyrir fleiri en 3 fullorðna menn til að sofa eður hvílast í. Rekkja handa hverjum fullorðnum manni skal eigi minni vera að innanrúmi en 5,75 fets á lengd og 1,5 fets á breidd. Eigi skal hafa rekkjupalla hvern nær öðrum en svo, að í millum hverrar raðar sé tveggja feta breitt gangrúm. Ekki skal hafa fleiri en tvo rekkjupalla hvorn yfir öðrum, og skal tveggja feta bil vera frá botni hins neðra rekkjupalls upp að botni hins efra, og sömuleiðis frá botni hans upp undir þiljur tvö fet. Ætla skal ⅛ af öllum rekkjum farþega fyrir sjúka menn, og skal bilið milli botnanna í þeim vera þrjú fet, og eins frá botni hinnar efri rekkjunnar upp undir þiljur; upp að botni þeirrar rekkjunnar, sem neðar er, skal vera 4 þumlunga bil frá þiljum. Það segir sig sjálft, að jafnmörg þurfa rekkjustæði og fullorðnir menn eru með skipinu. Rétt er að telja hvern þann fullorðinn, sem er 14 ára og þaðan af eldri, tvö börn frá 1—14 ára jöfn einum fullorðnum. Börn yngri en ársgömul teljast ekki.

Almennar ákvarðanir.

■ **13. gr.** Útflutningastjóri skal gera skriflegan samning við sérhvern útfara. Skal í samningi þessum skýrt frá því, frá hverjum stað og til hvers staðar útfarinn skuli fluttur, og svo frá kaupi því, sem greitt er eða greiða skal fyrir flutninginn; en auk þessa skal samningurinn hafa inni að halda nákvæmlega og ítarlega skýrslu:

1. um tölu þeirra manna, sem fluttir skulu samkvæmt samningi þessum, fullt nafn þeirra, aldur, heimili þeirra hingað til, svo og stétt þeirra;

2. um leiðina, fargögn, og nær útfarinn eigi að leggja af stað á leið til þeirrar hafnar, þaðan sem ferðin hefst til annarrar heimsálfu, um hvort hann verði fluttur ofan skips eða undir þiljum, og um það, hvernig séð verði um, að útfaranum verði komið fyrir, og um viðurværi hans á sjálfri ferðinni, á þeim stöðum, er koma skal við á leiðinni, og þeim stað, er leggja skal út frá;

3. um skipsútgerðarmenn þá eða félag það, sem tekur að sér flutninginn frá Norðurálfunni, og að svo miklu leyti, sem unnt er, um nafn á skipi því, sem skal haft til flutningsins, en að minnsta kosti hvort það sé seglskip eða gufuskip, hvar í skipinu útfaranum skuli komið fyrir, og um hvenær leggja eigi af stað frá Norðurálfunni;

4. um það, hvort sá, sem tekur að sér flutninginn, einnig takist á hendur að veita útfaranum fæði á leiðinni, og ef svo er, að hve miklu leyti; skal ávallt áskilið, að fæðið sé látið til tilbúið;

5. um það, hvort greiða skuli sérstaka borgun fyrir flutning á munum útfarans bæði til þess staðar, er leggja skal út frá, og þaðan til hinnar heimsálfunnar, og

6. um það, hvernig séð sé um flutning útfarans lengra áleiðis, ef til þess skyldi koma, að skipinu hlekktist á og komist ekki alla leiðina.

□ Verði útfari fluttur beina leið frá Íslandi til Englands til þess að hann verði fluttur þaðan lengra áleiðis, og verði eigi landsettur í þeirri höfn á Englandi, er hann að síðustu skal fara frá, skal í samningnum gert þeim, sem flytur útfarann, að skyldu, að flytja hann lengra áleiðis til þeirrar hafnar, þar sem hann á að ganga á skip, áður en dægur sé liðið frá því að tollrannsókn á útfaranum er lokið á þeim stað, þar sem hann var settur á land, eða að minnsta kosti með hinni fyrstu venjulegu járnbrautarferð, sem fellur til þaðan eftir að tollrannsóknin er á enda.

□ Sé svo ákveðið í samningnum, að útfarar skuli vinna af sér flutningskaup það, sem samið er um, allt eða að nokkru leyti, þegar þeir eru komnir í aðra heimsálfu, er samningurinn ógildur, og sérhver samningur, sem gerður er um þetta við útfarann á annan hátt, skal eigi vera skuldbindandi fyrir hann, og bakar útflutningastjóranum hina mestu sekt, sem til tekin er í 15. gr.

□ Erindsrekinn skal fá hlutaðeiganda lögreglustjóra í hendur samninginn, sem skal vera ritaður á íslenzku og útlagður á ensku, ásamt með endurriti af honum. Eftir að lögreglustjórinn er genginn úr skugga um, að samningurinn fullnægi þeim ákvörðunum, sem þessi grein hefur inni að halda, sendir hann útfaranum frumritið, eftir að hann hefur ritað á það vottorð sitt.

□ Ákvörðununum í þessari grein má breyta, og setja ítarlegri reglur um innihald samninga þeirra, sem gerðir eru milli útfara og erindsreka, með konunglegri tilskipun.

■ **14. gr.** Hafi útfari nokkra kæru að frambera yfir því, að samningurinn hafi verið rofinn, skal það tafarlaust tilkynnt hinum næsta danska verzlunarfulltrúa erlendis. Verði eigi sætzt á málið fyrir milligöngu verzlunarfulltrúans skal hann, eftir að hafa leitað nákvæmra upplýsinga, senda skýrslu um það, og skal landshöfðinginn á Íslandi þar eftir gera út um málið, þannig, að útflutningastjóri er bundinn við þann úrskurð innan takmarka veðs þess, sem sett er, og svo framarlega sem ákveðið er í úrskurðinum, að erindsrekinn skuli greiða skaðabætur, sér landshöfðingi um, að þær einnig verði

1876 Nr. 3 14. jan.

goldnar af veðinu, að svo miklu leyti sem það hrökkur til.

■ **15. gr.** Mál, sem rísa af því, að brotið er gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál, og ef harðari hegning eigi liggur við samkvæmt almennum lögum, varðar það 20—2000 króna sektum; þó má hækka hegninguna fyrir afbrot gegn 1. grein þannig, að beitt verði einföldu fangelsi í 2 mánuði eða öðru fangelsi, í samsvarandi tíma.[1] Sektirnar renna í landssjóð.

[1] *Sjá l. 19/1940, 268. gr.*

1891 Nr. 14 18. sept.

Lög um viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

■ **1. gr.** Enginn útflutingastjóri eður umboðsmaður útflutningastjóra má taka við neinu innskriftargjaldi eða neinu fé undir nokkru öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt fargjald eður meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, né heldur nokkurri skuldbindingu um gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skriflegt loforð um flutning fyrir fastákveðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

□ Brotum gegn þessum ákvæðum hegnir landshöfðingi[1] með úrskurði til sekta allt að 2000 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tilefni þykir til.

[1] *Sbr. augl. A 96/1969.*

■ **2. gr.** Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eður umboðsmenn hans hafa um samið eður auglýst, enda sé eigi lögmætum forföllum um að kenna, og getur þá útfari hver kært útflutningastjóra fyrir landshöfðingja; en hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutningastjóri hefur sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar.

■ **3. gr.** Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hér við land taka neinn farþega um borð, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans löggiltum, áður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabréf frá lögreglustjóra umdæmisins eða löggiltum umboðsmanni hans, þar sem hann fer á skip.

□ Brotum gegn ákvæði þessu hegnir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 400 kr. fyrir hvern þann mann, sem skipstjóri tekur á skip sitt gegn banni þessu, og greiðist sektarféð af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt.

□ Nú afhendir maður öðrum vegabréf sitt, og varðar það jafnháum sektum sem áður er talið. Þau sektamál skal sækja sem almenn lögreglumál.

□ Undanskilin þessum ákvæðum eru eiginleg póstskip og seglskip þau, er eigi flytja fleiri útfara en 10.

■ **4. gr.** Allar sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð.

1896 Nr. 9 1. apríl

Lög um viðauka við og breyting á lögum 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

■ **1. gr.** Engir aðrir en þeir, sem eru löggiltir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gera samninga við útfara, hvort heldur er munnlega eða skriflega, um flutning í aðrar heimsálfur, eða á nokkurn annan hátt hafa á hendi nokkra atvinnu í þarfir slíks útflutnings. Enginn má með ósönnum fortölum tæla eða leitast við að tæla menn til útflutnings. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum 100 – 4000 kr., eða fangelsi.

■ **2. gr.** Undanþága sú frá eftirliti lögreglustjórnarinnar, er 7. gr. laga 14. jan. 1876 heimilar hinu konunglega danska póstgufuskipi, skal úr lögum numin.

■ **3. gr.** Eigi má taka útfara á skip til flutnings til útlanda, fyrr en lögreglustjórinn á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á til að taka útfara, hefur gefið því skriflegt leyfi til þess, og skal í því leyfi tiltekið, hve marga útfara megi taka á skipið. Áður en slíkt leyfi er veitt, skal lögreglustjóri rannsaka, hvort skipið er hentugt til útfararflutnings á þann hátt, er segir í 7. gr. laga 14. jan. 1876.

■ **4. gr.** Á hinni síðustu höfn, er skipið leggur af stað frá til útlanda, skal lögreglustjórinn í því umdæmi skyldur að rannsaka farbréf útfara og ganga úr skugga um, að tala útfara sé eigi hærri, en veitt er leyfi til á hinni fyrstu höfn, að taka mætti á skipið. Jafnframt skal hver útfari skyldur að afhenda lögreglustjóranum skriflegt skírteini frá lögreglustjóra í því umdæmi, eða hreppstjóra í þeim hreppi, er hann síðast var heimilisfastur í, fyrir því, að lög nr. 12 7. febr. 1890 séu för hans eigi til fyrirstöðu, og að hann sé að öðru leyti að lögum frjáls til útfarar. Skipstjóri og útflutningastjóri ber ábyrgð á, að allir útfarar á skipinu gefi sig fram til slíkrar rannsóknar, svo og til læknisrannsóknar þeirrar, sem ákveðin er í 8. gr. laga nr. 3 14. jan. 1876. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum.

1896 Nr. 9 1. apríl

1903 Nr. 49 27. nóv.

Lög um eftirlit með mannflutningum til útlanda.

■ **1. gr.** Hvert það skip, sem flytur farþega frá Íslandi til útlanda á óæðra farrúmi, skal vera háð eftirliti lögreglustjórnarinnar, en „óæðra“ er farrúmið, ef það er lakara en 2. farþega rúm á millilandaskipum þeim, er landsstjórnin notar. Skal það að minnsta kosti fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 10.—12. gr. laga um tilsjón með útflutningum frá 14. janúar 1876.

■ **2. gr.** Skipstjóri má ekki taka við farþegum í óæðra farrúm, fyrr en lögreglustjóri á þeim stað, sem skipið kemur fyrst á til að taka slíka farþega, hefir gefið skriflegt leyfi til þess, og skal í því leyfi til taka, hve marga farþega megi taka í farrúmið, enda hafi lögreglustjóri áður sannreynt á þann hátt, er 7. gr. nefndra laga frá 14. janúar 1876 til tekur, að farrúmið fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru að framan.

□ Skipstjóra ber að heimta af þeim, sem selja farbréf til flutnings á óæðra farrúmi, tvíritaða skrá yfir alla þá, sem þeir hafa selt farbréf þessi. Skráin skal vera gerð eftir fyrirmynd, sem landshöfðingi semur, og skal sá, er farbréfin seldi, rita neðan á hana æru og samvizku vottorð um, að hann hafi eigi selt fleiri farbréf en skráin greinir.

■ **3. gr.** Á síðustu höfn, sem skipstjóri leggur frá til útlanda, skal lögreglustjóri sannprófa, að ekki fari á óæðra farrúmi fleiri en veitt var leyfi til á hinni fyrstu höfn að taka mætti á skipið, enda afhendi skipstjóri lögreglustjóra í því skyni annað eintakið af skrá þeirri,

1903 Nr. 49 27. nóv.

er ræðir um í næstu grein á undan, með árituðu æru og samvizku vottorði sínu um, að farþegar séu ekki fleiri en taldir eru á skránni.

■ **4. gr.** Brot á lögum þessum varða skipstjóra allt að 500 kr. sekt, er renni í landssjóð, og skal farið með mál út af þeim, sem með almenn lögreglumál.

1700 10. apríl

Tilskipun um breytingu almanaksins á Íslandi og í Færeyjum.

Oss hefir allranáðugast þóknast að bjóða og skipa, svo sem vér og hér með bjóðum og skipum, að þegar hinn 16. nóvember yfirstandandi árs, 1700, kemur, eftir gömlu og tíðkanlegu rími, en þann dag ber á laugardag, þá skuli í löndum vorum, Íslandi og Færeyjum og eyjum þeim, er þar liggja undir, sunnudagurinn næsti á eftir vera hinn 28. nóvember og fyrsti sunnudagur í aðventu, ítem mánudagurinn næsti vera hinn 29. nóvember, þriðjudagurinn 30. nóvember og Andrésarmessa, miðvikudaginn hinn 1. desember, og að síðan skuli talið áfram, með venjulegum hætti, án nokkurrar breytingar.

...

1700 1. júlí

Alþingissamþykkt um almanaksbreytinguna.

■ **1)** Um vetrarkomu, sem hingað til hefir verið á þann föstudag, sem inn hefir fallið millum þess 9da og 18da oktobris, vill nú tilreiknast að inn falli hér eftir á þeim föstudegi, sem er á milli þess 19da og 28da oktobris ... og er þá sjálfreiknað um miðsvetrar þorrakomu, svo og um sumarkomu, þá 26 vikur eru af vetri, item fardagatíð þá sex vikur eru af sumri etc.

1700 1. júlí

■ **2)** Um vertíðarhald ... er nú svo sett, að vertíð, sem áður venjulega byrjaðist á Pálsmessu, 25. januarii, skuli nú eftir þeim nýja stíl byrjast á næstan virkan dag eftir kyndilmessu ... og nefndur er Blásíumessa, og skal þar í frá haldast um fullar 14 vikur ...

■ **3)** Vinnuhjúaskildagi, sem venjulega hefir áður verið á vorkrossmessu, 3. maii, skal nú hér eftir haldast eftir nýja stíl og verði á næstan dag fyrir Hallvarðsmessu þann 14da maii ...

■ **5)** Heyannir, sem venjulega hafa átt áður að byrjast um þingmaríumessuleyti, skuli eftir þeim nýja stíl hér eftir byrjast á Margrétarmessu, sem æfinlega inn fellur þann 13da julii og haldast ei skemur en um fullar 10 vikur.

1968 Nr. 6 5. apríl

Lög um tímareikning á Íslandi.

■ **1. gr.** Hvarvetna á Íslandi skal telja stundir árið um kring eftir miðtíma Greenwich.